Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998.)

Seinni hluti:
Lagagreinar og athugasemdir

STEINDÓRSPRENT GUTENBERG

Efnisyfirlit fyrri og seinni hluta

Fyrri hluti: Stefna og horfur

Bls.

Athugasemd.

Fyrri hluti fjárlagafrumvarpsins, stefna og horfur,
er prentaður aftast í Alþingistíðindum að þessu sinni.

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

Bls.

Efnisyfirlit fyrri- og seinni hluta 3

A-hluti Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana
1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs 5
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs 6

B-hluti Fjárreiður ríkisfyrirtækja
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja 7

C-hluti Fjárreiður lánastofnana
4. gr. Fjárreiður lánastofnana 8

Ýmis ákvæði
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 9
6. gr. Skerðingarákvæði 11
7. gr. Heimildir 12

Sundurliðanir
1. Tekjur A-hluta 18
2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta 23
3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta 188
4. Fjármál lánastofnana í C-hluta 200

Séryfirlit

1. Málaflokkar gjalda í A-hluta 213
2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta 218
3. Markaðar tekjur 219
4. Lögbundin framlög 225

Athugasemdir

Inngangur 227
1. Yfirlit ríkisfjármála 229
2. Tekjur A-hluta 232
3. Gjöld A-hluta 242
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 347
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 353
6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 363
7. Skerðingarákvæði 368
8. Heimildir 369

Fylgiskjal: Yfirlit yfir lagabreytingar 371

Atriðisorðaskrá 373

Vefsetur fjárlaga: www.stjr.is/fjr/fjarlog

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 1999 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**164.132,7**	**159.587,7**
Skattar á tekjur einstaklinga	34.280,0	32.748,0
Skattar á tekjur lögaðila	6.963,0	6.196,0
Tryggingagjöld	16.373,0	15.948,0
Eignarskattar	8.367,0	8.222,0
Virðisaukaskattur	61.471,0	60.134,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	35.391,7	35.062,7
Skattar ótaldir annars staðar	1.287,0	1.277,0
Aðrar rekstrartekjur	**13.748,8**	**11.820,8**
Arðgreiðslur	2.447,0	2.447,0
Vaxtatekjur	6.994,0	5.086,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	4.307,8	4.287,8
Sala eigna	2.416,0	2.416,0
Fjármagnstilfærslur	50,0	50,0
Fjárframlög	727,5	727,5
Tekjur samtals	**181.075,0**	**174.602,0**
Æðsta stjórn ríkisins	1.569,9	1.569,9
Forsætisráðuneyti	987,4	987,4
Menntamálaráðuneyti	19.237,1	19.237,1
Utanríkisráðuneyti	3.050,5	3.050,5
Landbúnaðarráðuneyti	8.529,6	8.529,6
Sjávarútvegsráðuneyti	2.420,2	2.420,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	9.709,0	9.709,0
Félagsmálaráðuneyti	10.791,0	10.791,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	65.353,9	65.328,9
Fjármálaráðuneyti	25.103,8	13.833,8
Samgönguráðuneyti	11.402,2	12.066,6
Iðnaðarráðuneyti	1.475,8	1.475,8
Viðskiptaráðuneyti	1.272,8	1.272,8
Hagstofa Íslands	287,3	287,3
Umhverfisráðuneyti	2.679,5	2.679,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.300,0	11.400,0
Gjöld samtals	**179.170,0**	**164.639,4**
Tekjujöfnuður	**1.905,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 1999 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	1.905
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	6.772
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-475
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-639
Handbært fé frá rekstri	**7.563**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400
Veitt löng lán	-5.225
Afborganir veittra lána	7.000
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-900
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.000
Fjármunahreyfingar samtals	**7.475**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**15.038**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	11.600
Afborganir lána	-26.600
Fjármögnun samtals	**-15.000**
Breyting á handbæru fé	**38**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 1999 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	313,0	0	5,0	0
Lyfjabúð Háskóla Íslands	0	0	0	0
Ríkisútvarpið	11,0	0	630,0	400,0
Þjóðleikhúsið	-33,0	0	0	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-47,0	0	0	0
Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli	470,0	410,0	40,0	0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	163,0	0	609,0	525,0
Ratsjárstofnun	0	0	10,0	0
Umsýslustofnun varnarmála	5,0	6,0	0	0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.611,0	2.826,0	25,0	0
Alþjóðaflugþjónustan	0	0	30,0	50,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-20,0	194,0	748,0	0
Samtals	**3.473,0**	**3.436,0**	**2.097,0**	**975,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 1999 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Byggðastofnun	-56,0	1.300,0	0	1.100,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	90,0	3.140,0	16,0	3.500,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-36,0	0	0	0
Lánasjóður landbúnaðarins	25,0	1.200,0	0	1.200,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-540,0	0	0	750,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	-141,0	23.250,0	0	22.620,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	184,0	1.060,0	0	870,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	6,0	1.165,0	0	1.140,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. -ríkis og -verkam.	-2.465,0	450,0	45,0	5.370,0
Hafnabótasjóður	-32,0	30,0	0	0
Ferðamálasjóður	14,0	130,0	0	360,0
Orkusjóður	-3,0	60,0	0	0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	-80,0	0	3,0	0
Samtals	**-3.034,0**	**31.785,0**	**64,0**	**36.910,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 11.600 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 5.225 m.kr. af fjárhæð skv. lið 1. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.500 m.kr.
   - 2.2 Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 750 m.kr.
   - 2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 50 m.kr.
   - 2.4 Ríkisútvarpsins allt að 400 m.kr.
   - 2.5 Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar allt að 525 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 1999 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í lið 3.1 til 3.8, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 14.900 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   - 3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 22.620 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 870 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   - 3.4 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum og eftirstöðva framkvæmdalána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 5.370 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   - 3.5 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 1.140 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   - 3.6 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.200 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   - 3.7 Byggðastofnun, allt að 1.100 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
   - 3.8 Ferðamálasjóði, allt að 360 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála með áorðnum breytingum.

4. Ýmis ákvæði.

4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.

4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs, sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta, eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

Skerðingarákvæði

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.-6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 462 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1999 umfram 235 m.kr. renna í ríkissjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1999 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

4. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skulu tekjur af brunavarnargjaldi umfram 89 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

Ýmis ákvæði

Heimildir

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknartækjum sem eru gefin vísindastofnunum eða keypt fyrir styrki.

1.2 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt eru til landsins á vegum Landsíma Íslands hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

1.3 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði sem keypt er í tengslum við stækkun og breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo og að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna í tengslum við framkvæmdirnar. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og virðisaukaskatt af vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdirnar og skal við ákvörðun um endurgreiðslu gjalda af vinnuvélunum höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við framkvæmdirnar.

1.4 Að endurgreiða Listahátíð í Reykjavík skatta og önnur opinber gjöld sem lögð eru á Listahátíð og renna í ríkissjóð eða til stofnana á vegum ríkisins.

1.5 Að endurgreiða sveitarfélögum allt að 20 m.kr. vegna kaupa þeirra á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða á árinu 1999, í samræmi við yfirlýsingu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 1996.

1.6 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar ehf. vegna fjármögnunar jarðganga.

1.7 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugfélagsins Atlanta ehf. á níu flugvélum sem bera einkennisstafina TF-ABD, TF-ABE, TF-ABF, TF-ABI, TF-ABN, TF-ABT, TF-ABV, TF-ABY og TF-ABW.

1.8 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu MK Flugfélagsins ehf. á flugvél sem ber einkennisstafina TF-MKH.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.

2.2 Að selja fasteignina Borgartún 6, Reykjavík.

2.3 Að selja fasteignina Tryggvagötu 28, Reykjavík, og verja andvirði hennar til að endurbæta húsnæði Tryggingastofnunar og húsnæði Ríkistollstjóra.

2.4 Að selja fasteignina Drekavog 16, Reykjavík.

2.5 Að selja fasteignina Sæbraut 2, Seltjarnarnesi.

2.6 Að selja íbúðarhús sem tilheyra Bændaskólanum á Hvanneyri og verja söluandvirðinu til skólans.

2.7 Að selja læknisbústað og heilsugæslustöð að Kleppjárnsreykjum í Reykholtsdal, Borgarfirði, og verja andvirði þeirra til að kaupa eða endurbæta leiguhúsnæði fyrir heilsugæsluna í Reykholtsskóla.
2.8 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Aðalgötu 7, Stykkishólmi.
2.9 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.
2.10 Að selja flugstöð á Suðureyri.
2.11 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði, og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.
2.12 Að selja prestssetrið Hólabraut 1, Skagaströnd.
2.13 Að selja prestsseturshúsið Glaumbæ, Skagafjarðarprófastsdæmi.
2.14 Að selja prestssetrið Suðurbraut 27, Hofsósi.
2.15 Að selja húsnæði lögreglunnar við Vesturgötu 17, Ólafsfirði, og kaupa annað hentugra.
2.16 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
2.17 Að selja íbúðarhúsið að Austurvegi 8, Hrísey, og verja andvirðinu til viðhalds dýralæknabústaða í eigu ríkisins.
2.18 Að selja fasteignir Ríkisútvarpsins að Ytri-Skjaldarvík, Glæsibæjarhreppi.
2.19 Að selja fasteignina Hrísalund 1b, Akureyri.
2.20 Að selja flugstöð í Grímsey.
2.21 Að selja prestsseturshúsið Laufási, Þingeyjarprófastsdæmi.
2.22 Að selja prestssetrið Baldursbrekku 11, Húsavík.
2.23 Að selja skrifstofuhúsnæði á Kópaskersflugvelli.
2.24 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.25 Að selja farþegaskýli og tækjageymslu á flugvellinum á Borgarfirði eystri.
2.26 Að selja farþegaskýli á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.27 Að selja prestssetrið Þykkvabæ, Rangárvallaprófastsdæmi.
2.28 Að selja prestssetrið Ránarbraut 1, Grindavík.
2.29 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfsemi stofnunarinnar.
2.30 Að selja dýralæknabústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
2.31 Að selja bústað varamanns sendiherra í New York og kaupa eða leigja annan í staðinn.
2.32 Að selja sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og verja andvirðinu til byggingar sendiherrabústaðar í Berlín.
2.33 Að selja bústað varamanns sendiherra í Ósló og kaupa eða leigja annan í staðinn.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Laugavegi 24, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Laugalækjarskóla í Reykjavík og verja andvirðinu til uppbyggingar Kennaraháskóla Íslands.
3.3 Að selja geymsluhúsnæði Þjóðminjasafns Íslands við Dugguvog 12, Reykjavík.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Krummahólum 4, Reykjavík.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Árkvörn 2, Reykjavík.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Hringbraut 119, Reykjavík.
3.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Yrsufelli 18, Reykjavík.
3.8 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Grettisgötu 98, Reykjavík.
3.9 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Borgartúni 21, Reykjavík.

3.10 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.11 Að selja eignarhlut Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.12 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Álfaskeiði 78, Hafnarfirði.
3.13 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Selvogsgötu 14, Hafnarfirði.
3.14 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað við Hjalla 4, Patreksfirði.
3.15 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Hvammstangabraut 13a, Hvammstanga.
3.16 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Víðigrund 2, Sauðárkróki, og verja andvirðinu til uppbyggingar endurhæfingaraðstöðu fyrir Sjúkrahúsið Sauðárkróki.
3.17 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Sjúkrahúsinu á Húsavík.
3.18 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Sjúkrahúsinu á Húsavík.
3.19 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í véla- og verkfærageymslu á jörðinni Grímstungu í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
3.20 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.21 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarði 4, Egilsstöðum, og verja andvirðinu til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.22 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað við Laufás 4, Egilsstöðum, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.23 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Hafnarbraut 27, Höfn, og kaupa eða byggja hentugra húsnæði.
3.24 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað að Þrúðvangi 22, Hellu, og verja andvirðinu til kaupa á hentugra húsnæði.
3.25 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.26 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.27 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.28 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja 6.577 fermetra landspildu Vegagerðarinnar við Stórhöfða, Reykjavík.
4.2 Að selja landspildu við Selvatn, Mosfellsbæ.
4.3 Að selja landspildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.4 Að selja íbúðar- og útihús á Kópareykjum í Reykholtsdal, Borgarfjarðarsýslu.
4.5 Að selja jörðina Laugaból í Ísafjarðarbæ, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
4.6 Að selja jörðina Gervidal í Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.7 Að selja jörðina Þverá í Ólafsfirði.
4.8 Að selja lóðina Glerá 3, Akureyri.

4.9 Að selja íbúðarhúsið að Krosshúsum í Flatey á Skjálfanda.
4.10 Að selja allt að 36 ha landspildu úr jörðinni Geitafelli í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.11 Að selja jörðina Halldórsstaði í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.12 Að selja jörðina Hól í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
4.13 Að selja jörðina Ánastaði á Héraði, Norður-Múlasýslu.
4.14 Að selja jörðina Gvendarnes (Hafnarnes) í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.15 Að selja jörðina Kambsel í Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.16 Að selja jörðina Haug í Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu.
4.17 Að semja um makaskipti á landspildum við Litla-Hraun, Eyrarbakka, Árnessýslu.
4.18 Að selja hluta af jörðinni Stöðlum í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.19 Að selja hluta af jörðinni Króki í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.20 Að selja hluta af jörðunum Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfushreppi, Árnessýslu.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.2 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.4 Að selja, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra, hlutabréf ríkissjóðs í Hólalaxi hf. og verja söluandvirðinu til Bændaskólans á Hólum.
5.5 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja allt að 9 m.kr. af söluandvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Framkvæmdasjóð Íslands og Endurlán ríkisins.
5.6 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Internet á Íslandi hf.

Ráðstöfun annarra eigna

6.1 Að afhenda safnaðarstjórn Eiðasóknar Eiðakirkju.
6.2 Að selja rekstur Lyfjabúðar Háskóla Íslands.
6.3 Að selja þyrluna TF-GRO.
6.4 Að selja Hríseyjarferjuna Sævar.

Kaup og leiga fasteigna

7.1 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
7.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
7.3 Að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.4 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskólann í Breiðholti og taka til þess nauðsynleg lán.
7.5 Að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Þjóðminjasafn Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
7.6 Að kaupa eða leigja skrifstofuhúsnæði fyrir Yfirskattanefnd.

7.7 Að kaupa jarðir vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs á Snæfellsnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.8 Að kaupa jörðina Kvíabryggju, Eyrarsveit.
7.9 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrustofu í Bolungarvík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.10 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir lögregluna á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.11 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrustofu á Sauðárkróki og taka til þess nauðsynleg lán.
7.12 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrustofu í Vestmannaeyjum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.13 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
7.14 Að kaupa eignarhlut Íþróttasambands Íslands í húseign Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni og taka til þess nauðsynleg lán.
7.15 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.16 Að kaupa sumarbústaði í landi þjóðgarðsins á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.17 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
7.18 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra í Helsinki og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

8.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi 1999 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
8.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1999, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
8.3 Að heimila, með samþykki samgönguráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi sem fyrirhugað er að stofna ásamt Hugrúnu ehf. og fleirum til að efla þróunarstarf og stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á sviði upplýsingatækni um veður og sjólag til sjófarenda.
8.4 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
8.5 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
8.6 Að ábyrgjast mögulegar skaðabótaskyldar afleiðingar af töku lyfsins Thalidomide.
8.7 Að semja við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um stofnfjárgreiðslu ríkissjóðs til sjóðsins af söluandvirði hlutafjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.
8.8 Að ráðstafa allt að 20% arðs af eign ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.

8.9 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.

8.10 Að gera samning við aðra stofnaðila sjálfseignarstofnunarinnar Minjaverndar um breytt rekstrarform hennar og semja um eignarhlut stofnaðila.

8.11 Að semja við Súðavíkurhrepp um mismun söluverðs og kaupverðs sumarhúsa sem keypt voru í kjölfar snjóflóðs sem féll þann 16. janúar 1995.

8.12 Að stofna eignarhaldsfélög um eignarhlut ríkissjóðs í einstökum félögum sem tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytis á móti eignarhlut þriðju aðila, með það að markmiði að öflugri eignarhaldsfélög geti átt frumkvæði að stofnun nýrra iðnfyrirtækja m.a. með hlutafjárútboði. Meðferð eignarhluta ríkissjóðs í slíkum eignarhaldsfélögum skal háð sömu takmörkunum og gilda um eignarhlutinn nú.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	32.210,0	30.950,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	770,0	698,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	1.300,0	1.100,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**34.280,0**	**32.748,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	6.963,0	6.196,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	300,0	300,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	540,0	530,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**840,0**	**830,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**42.083,0**	**39.774,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	13.416,0	12.991,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	2.912,0	2.912,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**16.328,0**	**15.903,0**
2.4	Tryggingagjöld, ótalin annars staðar	45,0	45,0
	Tryggingagjöld	**16.373,0**	**15.948,0**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	117,0	117,0
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	2.059,0	1.956,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	2.256,0	2.215,0
	Skattar á hreina eign	**4.315,0**	**4.171,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	480,0	480,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.678,0	2.677,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	154,0	154,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	740,0	740,0
	Sértækir eignarskattar	**894,0**	**894,0**
	Eignarskattar	**8.367,0**	**8.222,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	61.471,0	60.134,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.297,0	2.188,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	710,0	696,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	4.257,0	4.258,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.975,0	1.975,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	5.483,0	5.485,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	25,0	25,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	688,0	688,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	4.769,0	4.769,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.666,1	1.665,1
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	2.860,0	2.860,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.634,0	2.517,0
5.1.2.15	Útflutningsgjöld	26,8	26,8
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.357,0	1.357,0
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	4,0	4,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**90.222,9**	**88.647,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.213,0	2.181,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	3.507,0	3.448,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	125,0	125,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	61,3	61,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	3,0	3,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	326,8	326,8
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	389,7	389,7
5.2.2.35	Ýmislegt	14,0	14,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**6.639,8**	**6.548,8**
	Skattar á vörur og þjónustu	**96.862,7**	**95.196,7**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	117,0	117,0
6.1.15	Markaðsgjald	125,0	125,0
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	58,0	58,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**300,0**	**300,0**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	30,0	30,0
	Aðrir skattar	**330,0**	**330,0**
	Skatttekjur, samtals	**164.132,7**	**159.587,7**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	393,0	393,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	2.054,0	2.054,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**2.447,0**	**2.447,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	3.176,0	1.387,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	3.718,0	3.599,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	100,0	100,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	17,0	17,0
	Aðrar eignatekjur	**7.011,0**	**5.103,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**9.458,0**	**7.550,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	472,0	472,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	105,0	105,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	1.545,0	1.545,0
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	508,1	508,1
9.1.3.20	Prófgjöld	45,0	45,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	57,5	57,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	483,4	483,4
9.1.3.35	Ýmislegt	82,0	82,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	220,8	220,8
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	37,0	37,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**3.655,8**	**3.655,8**
	Ýmsar tekjur	**3.655,8**	**3.655,8**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	360,0	340,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	100,0	100,0
10.3	Ýmsar sektir	45,0	45,0
	Sektir	**505,0**	**485,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	130,0	130,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**13.748,8**	**11.820,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. söluhagnaður**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	2.400,0	2.400,0
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	16,0	16,0
	Sala eigna, samtals	**2.416,0**	**2.416,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
IV	**Fjármagnstilfærslur**		
16	**Fjármagnstilfærslur frá öðrum en opinberum aðilum**		
16.1.1.10	Endurgreiddur kostnaður við virkjanarannsóknir frá Landsvirkjun	50,0	50,0
	Fjármagnstilfærslur, samtals	**50,0**	**50,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	182,5	182,5
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	100,0	100,0
18.1.15	Hluti Seðlabanka Ísland í rekstri Vísindasjóðs	145,0	145,0
	Rekstrarframlög	**427,5**	**427,5**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	300,0	300,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**727,5**	**727,5**
	Fjárframlög, samtals	**727,5**	**727,5**
	Heildartekjur samtals	**181.075,0**	**174.602,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	33,7
1.30 Bessastaðir	33,7
1.50 Fálkaorðan	1,5
1.81 Opinberar heimsóknir	16,9
Almennur rekstur samtals	85,8
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
6.11 Bifreiðar	3,8
Stofnkostnaður samtals	5,8
Gjöld samtals	**92,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,6

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	386,1
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	46,7
1.03 Fastanefndir	67,5
1.04 Alþjóðasamstarf	65,7
1.06 Almennur rekstur	330,4
1.07 Sérverkefni	18,7
1.10 Rekstur fasteigna	57,6
Almennur rekstur samtals	972,7
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	53,0

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 30,0

Gjöld samtals **1.055,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,7

Gjöld umfram tekjur **1.048,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.048,0

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:
6.50 Nýbygging 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisstjórn 95,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,5

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 56,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,0

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður Alþingis 50,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,9

m.kr.

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun 207,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,2

Gjöld umfram tekjur **196,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 196,9

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur **1.569,9**
Greitt úr ríkissjóði **1.569,9**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	104,8
1.20 Stjórnarráðshús	12,7
Almennur rekstur samtals	117,5
Gjöld samtals	**117,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	117,5

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,5
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15,3
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,1
1.23 Hrafnseyri	4,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	1,9
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	27,0
1.53 Landafundanefnd	121,7
1.90 Ýmis verkefni	7,6
Almennur rekstur samtals	198,1
Stofnkostnaður:	
6.52 Minningarkapella á Ljósavatni	7,0
Gjöld samtals	**205,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	204,1
Innheimt af ríkistekjum	1,0

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 20,1

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 9,8

Gjöld samtals **29,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,9

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðhagsstofnun 120,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,6

Gjöld umfram tekjur **117,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,5
Innheimt af ríkistekjum 58,5

01-221 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni 65,0

Stofnkostnaður:
6.01 Byggðastofnun 137,0

Gjöld samtals **202,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 202,0

m.kr.

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:	
1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	19,0
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	74,2
Almennur rekstur samtals	93,2
Gjöld samtals	**93,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**92,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,1

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður barna	13,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,9

01-251 Safnahús

Almennur rekstur:	
1.01 Safnahús	19,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,5

01-301 Lýðveldissjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar	50,0
1.15 Efling íslenskrar tungu	50,0
Almennur rekstur samtals	100,0
Gjöld samtals	**100,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,0

m.kr.

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 26,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteignir 3,5

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 57,0

Gjöld samtals **86,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,1

Gjöld umfram tekjur **81,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,4

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **987,4**
Greitt úr ríkissjóði **927,9**
Innheimt af ríkistekjum **59,5**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	310,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**308,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	308,0

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	131,8
1.02 Sameiginleg útgjöld	405,3
1.03 Rekstur fasteigna	221,7
1.05 Aðrar stofnanir og verkefni	502,4
1.06 Kennslu- og vísindadeildir	1.530,5
1.07 Alþjóðaskrifstofa	15,6
1.09 Verkfræðistofnun	73,2
1.20 Rannsóknarnám	46,2
Almennur rekstur samtals	2.926,7
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	120,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Ritakaupasjóður	46,5
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	180,0
Stofnkostnaður samtals	226,5
Gjöld samtals	**3.273,2**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -626,0

Gjöld umfram tekjur **2.647,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.347,2
Innheimt af ríkistekjum 300,0

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 144,5
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma 20,2
Almennur rekstur samtals 164,7

Gjöld samtals **164,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -61,5

Gjöld umfram tekjur **103,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,2
Innheimt af ríkistekjum 2,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 20,1
1.02 Rekstur fasteigna 14,1
1.03 Rannsóknastofur 223,2
Almennur rekstur samtals 257,4

Gjöld samtals **257,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -97,6

Gjöld umfram tekjur **159,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,8

m.kr.

02-204 Stofnun Sigurðar Nordals

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Sigurðar Nordals	8,8
1.11 Íslenskukennsla erlendis	3,5
Almennur rekstur samtals	12,3
Gjöld samtals	**12,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**11,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,3

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	59,9
1.20 Bókaútgáfa	9,8
Almennur rekstur samtals	69,7
Gjöld samtals	**69,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**64,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	64,8

02-206 Orðabók Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Orðabók Háskólans	24,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,1
Gjöld umfram tekjur	**19,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,1

m.kr.

02-207 Íslensk málstöð

Almennur rekstur:
1.01 Íslensk málstöð 17,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,7

Gjöld umfram tekjur **13,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,9

02-208 Örnefnastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Örnefnastofnun Íslands 10,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **9,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,8

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 300,9
1.02 Rannsóknastarfsemi 27,1
Almennur rekstur samtals 328,0

Gjöld samtals **328,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,1

Gjöld umfram tekjur **309,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 309,9

m.kr.

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniskóli Íslands	256,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,0
Gjöld umfram tekjur	**245,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,3

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	191,8
1.02 Rannsóknastarfsemi	42,8
1.05 Kennsla	366,0
1.10 Íslenska menntanetið	23,3
1.20 Endurmenntun	17,5
Almennur rekstur samtals	641,4
Gjöld samtals	**641,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-58,0
Gjöld umfram tekjur	**583,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	583,4

02-223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	68,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-51,3
Gjöld umfram tekjur	**17,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,2

m.kr.

02-225 Samvinnuháskólinn

Almennur rekstur:
1.01 Samvinnuháskólinn 55,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur **54,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 54,1

02-227 Viðskiptaháskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Viðskiptaháskólinn í Reykjavík 155,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 155,7

02-231 Rannsóknarráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarráð Íslands 72,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -21,6

Gjöld umfram tekjur **50,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,9

02-235 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálu

Stofnkostnaður:
6.60 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum 65,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 65,0

m.kr.

02-236 Vísindasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	8,5
Stofnkostnaður:	
6.60 Vísindasjóður	161,5
Gjöld samtals	**170,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0
Innheimt af ríkistekjum	145,0

02-237 Tæknisjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	12,5
Stofnkostnaður:	
6.60 Tæknisjóður	187,5
Gjöld samtals	**200,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	200,0

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Bygginga- og tækjasjóður	74,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	74,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarnámssjóður	30,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0

m.kr.

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 37,0

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður 211,0

Gjöld samtals **248,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 248,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.12 Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á Austurlandi 5,2
1.15 Nýsköpunarsjóður 15,0
1.61 Norræna eldfjallastöðin 13,1
1.71 Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir 2,0
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi 41,0
Almennur rekstur samtals 76,3

Gjöld samtals **76,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 76,3

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 241,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,3

Gjöld umfram tekjur **235,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 235,7

m.kr.

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	175,7
1.09 Önnur verkefni	7,5
Almennur rekstur samtals	183,2
Gjöld samtals	**183,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,5
Gjöld umfram tekjur	**179,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	179,7

02-303 Menntaskólinn á Laugarvatni

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	56,2
1.09 Önnur verkefni	7,0
Almennur rekstur samtals	63,2
Gjöld samtals	**63,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**61,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,9

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	264,8
1.09 Önnur verkefni	47,0
Almennur rekstur samtals	311,8
Gjöld samtals	**311,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,6
Gjöld umfram tekjur	**292,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 292,2

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 223,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,7

Gjöld umfram tekjur **218,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 218,9

02-306 Framhaldsskóli Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 79,3
1.09 Önnur verkefni 5,3
Almennur rekstur samtals 84,6

Gjöld samtals **84,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,3

Gjöld umfram tekjur **81,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,3

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 81,5
1.09 Önnur verkefni 11,7
Almennur rekstur samtals 93,2

Gjöld samtals **93,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,7

Gjöld umfram tekjur **89,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 89,5

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 287,0
1.09 Önnur verkefni 14,6
Almennur rekstur samtals 301,6

Gjöld samtals **301,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,7

Gjöld umfram tekjur **288,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 288,9

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 144,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **141,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 141,7

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 210,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -200,0

Gjöld umfram tekjur **10,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

m.kr.

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.08 Menntaskólinn í Kópavogi	90,0
6.54 Fjölbrautaskóli Vesturlands	25,0
6.56 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	5,0
6.58 Verkmenntaskóli Austurlands	9,0
6.60 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	65,0
6.65 Borgarholtsskóli	60,0
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	181,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	10,0
Stofnkostnaður samtals	445,0
Gjöld samtals	**445,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	445,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	21,0
1.12 Orlof kennara	43,7
1.13 Forfallakennsla	45,5
1.14 Sérkennsla	85,5
1.15 Prófkostnaður	46,2
1.16 Nýjungar í skólastarfi	21,4
1.17 Námsskrárgerð	29,8
1.18 Námsefnisgerð	16,2
1.19 Kennslueftirlit	5,0
1.20 Framhaldsdeildir	7,3
1.21 Nám tannsmiða	7,0
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna	5,6
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,6
1.26 Þróunarsjóður	14,0
1.27 Íslenskukennsla	12,6
1.28 Mat á skólastarfi	22,6
1.30 Endurmenntun	21,9
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	8,0
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	4,0

	m.kr.
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	0,5
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	61,9
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	61,8
Almennur rekstur samtals	542,1
Gjöld samtals	**542,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	542,1

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	391,0
1.09 Önnur verkefni	58,2
Almennur rekstur samtals	449,2
Gjöld samtals	**449,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-36,1
Gjöld umfram tekjur	**413,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	413,1

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	193,0
1.09 Önnur verkefni	6,5
Almennur rekstur samtals	199,5
Gjöld samtals	**199,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,0
Gjöld umfram tekjur	**194,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	194,5

m.kr.

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	179,0
1.09 Önnur verkefni	6,5
Almennur rekstur samtals	185,5
Gjöld samtals	**185,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,8
Gjöld umfram tekjur	**178,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	178,7

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	227,5
1.09 Önnur verkefni	22,0
Almennur rekstur samtals	249,5
Gjöld samtals	**249,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,7
Gjöld umfram tekjur	**234,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	234,8

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	192,8
1.09 Önnur verkefni	6,8
Almennur rekstur samtals	199,6
Gjöld samtals	**199,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,6
Gjöld umfram tekjur	**193,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 193,0

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 74,0
1.09 Önnur verkefni 2,5
Almennur rekstur samtals 76,5

Gjöld samtals **76,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **73,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 73,5

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 125,6
1.09 Önnur verkefni 7,3
Almennur rekstur samtals 132,9

Gjöld samtals **132,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,4

Gjöld umfram tekjur **129,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 129,5

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 207,7
1.09 Önnur verkefni 14,8
Almennur rekstur samtals 222,5

Gjöld samtals **222,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,9

Gjöld umfram tekjur **214,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 214,6

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 59,1
1.09 Önnur verkefni 4,6
Almennur rekstur samtals 63,7

Gjöld samtals **63,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,7

Gjöld umfram tekjur **61,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,0

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 314,0
1.09 Önnur verkefni 20,0
Almennur rekstur samtals 334,0

Gjöld samtals **334,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,4

Gjöld umfram tekjur **318,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 318,6

m.kr.

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	162,8
1.09 Önnur verkefni	1,1
Almennur rekstur samtals	163,9
Gjöld samtals	**163,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,6
Gjöld umfram tekjur	**160,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,3

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	28,5
1.09 Önnur verkefni	4,0
Almennur rekstur samtals	32,5
Gjöld samtals	**32,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**31,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,1

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	52,4
1.09 Önnur verkefni	3,1
Almennur rekstur samtals	55,5
Gjöld samtals	**55,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**53,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,6

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 36,6
1.09 Önnur verkefni 2,3
Almennur rekstur samtals 38,9

Gjöld samtals **38,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **38,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,3

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 193,2
1.09 Önnur verkefni 4,7
Almennur rekstur samtals 197,9

Gjöld samtals **197,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,4

Gjöld umfram tekjur **189,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 189,5

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 16,6
1.02 Nám táknmálstúlka 5,2
Almennur rekstur samtals 21,8

Gjöld samtals **21,8**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **20,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,1

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 72,5
1.02 Annað en kennsla 12,0
Almennur rekstur samtals 84,5

Gjöld samtals **84,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,5

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 77,2
1.09 Önnur verkefni 9,0
Almennur rekstur samtals 86,2

Gjöld samtals **86,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,7

Gjöld umfram tekjur **83,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,5

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 34,7
1.09 Önnur verkefni 10,1
Almennur rekstur samtals 44,8

Gjöld samtals **44,8**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **42,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,6

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 518,5
1.09 Önnur verkefni 46,1
Almennur rekstur samtals 564,6

Gjöld samtals **564,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -33,7

Gjöld umfram tekjur **530,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 530,9

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 115,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,9

Gjöld umfram tekjur **110,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 110,9

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 9,6
1.02 Annað en kennsla 5,1
Almennur rekstur samtals 14,7

Gjöld samtals **14,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,7

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 11,5
1.02 Annað en kennsla 1,0
Almennur rekstur samtals 12,5

Gjöld samtals **12,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla í dagskóla 73,5
1.02 Annað en kennsla 70,4
Almennur rekstur samtals 143,9

Gjöld samtals **143,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,9

Gjöld umfram tekjur **141,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,0
Innheimt af ríkistekjum 51,0

02-562 Leiklistarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla í dagskóla 15,8
1.02 Annað en kennsla 24,7
Almennur rekstur samtals 40,5

Gjöld samtals **40,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **40,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,3

02-563 Tónlistarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Tónlistarskólinn í Reykjavík 14,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,1

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 15,9
1.02 Annað en kennsla 11,9
Almennur rekstur samtals 27,8

Gjöld samtals **27,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,3

Gjöld umfram tekjur **22,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,5

02-571 Sjómannaskólahúsið

Almennur rekstur:
1.01 Sjómannaskólahúsið 33,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **32,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,4

m.kr.

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	255,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,0
Gjöld umfram tekjur	**249,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	249,4

02-606 Framhaldsskólinn Skógum

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	14,7
1.02 Annað en kennsla	3,0
Almennur rekstur samtals	17,7
Gjöld samtals	**17,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,7

02-610 Fasteignir héraðsskóla

Almennur rekstur:	
1.10 Fasteignir Héraðsskólans á Núpi	4,0
1.20 Fasteignir Héraðsskólans á Reykjanesi	2,0
1.30 Fasteignir Héraðsskólans í Reykholti	3,0
1.40 Fasteignir Alþýðuskólans á Eiðum	4,0
Almennur rekstur samtals	13,0
Gjöld samtals	**13,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,0

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.31 Sérstök fræðsluverkefni	14,0

	m.kr.
1.33 Þróunarsjóður leikskóla	3,0
1.35 Samræmd próf	45,5
1.70 Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	16,7
1.82 Þróunarstarf í grunnskólum	10,3
Almennur rekstur samtals	89,5
Gjöld samtals	**89,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,5

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsgagnastofnun	355,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-97,3
Gjöld umfram tekjur	**258,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	258,5

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndaskoðun	7,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,8
Innheimt af ríkistekjum	5,3

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.810,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.810,0

m.kr.

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	163,2
1.10 Skólaakstur	31,6
Almennur rekstur samtals	194,8
Gjöld samtals	**194,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	194,8

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	105,4
1.10 Byggða- og minjasöfn	19,2
Almennur rekstur samtals	124,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**126,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,2
Gjöld umfram tekjur	**116,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	116,4

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	76,0
1.11 Héraðsskjalasöfn	7,0
Almennur rekstur samtals	83,0
Gjöld samtals	**83,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,5
Gjöld umfram tekjur	**77,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	77,5

m.kr.

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	286,9
Stofnkostnaður:	
6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	46,5
6.71 Íslenskar fornbókmenntir á Netinu	7,0
Stofnkostnaður samtals	77,0
Gjöld samtals	**363,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-67,9
Gjöld umfram tekjur	**296,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	296,0

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	7,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**6,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,8

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	71,8
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar	3,9
Almennur rekstur samtals	75,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Listaverkakaup	12,0
Gjöld samtals	**87,7**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,2

Gjöld umfram tekjur **71,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,5

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Blindrabókasafn Íslands 39,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **38,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,8

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:
1.10 Listasafn ASÍ 2,0
1.11 Nýlistasafn 2,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 5,0
1.90 Söfn 10,8
Almennur rekstur samtals 19,8

Gjöld samtals **19,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,8

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana 462,0
6.91 Langbylgjumastur á Gufuskálum og á Eiðum 50,0
Stofnkostnaður samtals 512,0

Gjöld samtals **512,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 512,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 1.545,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.545,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:
1.01 Íslenski dansflokkurinn 54,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,0

Gjöld umfram tekjur **50,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,3

02-973 Þjóðleikhús

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhús 367,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 367,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 145,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,0

m.kr.

02-975 Menningarsjóður útvarpsstöðva

Almennur rekstur:
1.10 Menningarsjóður útvarpsstöðva 130,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,0

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 13,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991 159,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,7

02-979 Húsafriðunarsjóður

Stofnkostnaður:
6.10 Húsafriðunarsjóður 15,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,5

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:
6.01 Listskreytingasjóður 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

m.kr.

02-981 Kvikmyndasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndasjóður	130,7
1.02 Kvikmyndasafn Íslands	15,7
Almennur rekstur samtals	146,4
Gjöld samtals	**146,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	146,4

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Rithöfundasjóður Íslands	17,8
1.15 Þýðingarsjóður	7,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður	5,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	16,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	3,0
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	17,0
1.25 Starfsemi hljómsveita	2,5
1.27 Tónlist fyrir alla	2,5
1.28 Barnamenningarsjóður	2,0
1.30 Íslenska óperan	61,2
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	37,1
1.51 Höfundaréttarsjóður	47,0
1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald	4,0
1.54 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir	1,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	14,0
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	5,5
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.82 Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000	50,0
1.90 Listir	44,0
Almennur rekstur samtals	348,1
Gjöld samtals	**348,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	348,1

m.kr.

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	3,3
1.11 Styrkir til útgáfumála	2,3
1.14 Kynning á íslenskum og norrænum fræðum	5,0
1.20 Iðnsaga Íslands	6,4
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,0
Almennur rekstur samtals	20,0
Gjöld samtals	**20,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	10,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,5

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.90 Alþjóðleg samskipti	56,0
1.91 Aðildargjöld ESB	250,0
1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	10,5
Almennur rekstur samtals	316,5
Gjöld samtals	**316,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	316,5

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands	13,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta	6,0

	m.kr.
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	6,0
1.90 Æskulýðsmál	6,0
Almennur rekstur samtals	33,0
Gjöld samtals	**33,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	33,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþróttasamband Íslands	28,7
1.11 Ólympíunefnd Íslands	3,0
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	12,5
1.15 Skólaíþróttir	3,0
1.16 Íþróttafélög	16,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,0
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.19 Handknattleikssamband Íslands	14,0
1.20 Glímusamband Íslands	1,0
1.21 Skáksamband Íslands	6,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	6,7
1.25 Skákskóli Íslands	2,5
1.30 Bridgesamband Íslands	3,0
1.90 Ýmis íþróttamál	13,0
Almennur rekstur samtals	114,2
Stofnkostnaður:	
6.12 Bridgesamband Íslands, byggingarstyrkur	3,0
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	10,0
Stofnkostnaður samtals	13,0
Gjöld samtals	**127,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,2

02-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	135,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 135,0

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.11 Forvarnastarf í skólum 5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd 2,5
1.43 Skriðuklaustur 4,0
1.44 Snorrastofa 6,6
1.90 Ýmis framlög 13,1
Almennur rekstur samtals 31,2

Stofnkostnaður:
6.93 Snorrastofa 1,0

Gjöld samtals **32,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,2

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **19.237,1**
Greitt úr ríkissjóði **17.114,8**
Innheimt af ríkistekjum **2.122,3**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	434,3
1.02 Varnarmálaskrifstofa	54,2
1.53 Þýðingamiðstöð	19,8
1.91 Undirbúningur að stofnun nýrra sendiráða	15,0
Almennur rekstur samtals	523,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,2
Gjöld samtals	**531,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,2
Gjöld umfram tekjur	**511,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	511,3

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	3,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	4,5
1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,6
1.22 American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa	5,6
Almennur rekstur samtals	13,7
Gjöld samtals	**13,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,7

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 38,2
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 140,6
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 137,4
1.30 Fíkniefnaeftirlit 4,0
Almennur rekstur samtals 320,2

Viðhaldsverkefni:
5.20 Fasteignir 1,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,0

Gjöld samtals **324,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,6

Gjöld umfram tekjur **310,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 243,6
Innheimt af ríkistekjum 67,0

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli 441,9

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 6,9

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 35,9

Gjöld samtals **484,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -63,4

Gjöld umfram tekjur **421,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 421,3

03-301 Sendiráð Íslands í Bonn

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Bonn 45,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,1

03-302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 36,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,5

03-303 Sendiráð Íslands í London

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í London 49,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,1

03-304 Sendiráð Íslands í Moskvu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Moskvu 48,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,4

03-305 Sendiráð Íslands í Ósló

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ósló 35,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,6

m.kr.

03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO 56,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,4

03-307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 33,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,9

03-308 Sendiráð Íslands í Washington

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Washington 58,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,8

03-309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York 77,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,8

03-310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu 85,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,8

m.kr.

03-311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 64,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,1

03-312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf 58,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,3

03-313 Fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu 28,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,5

03-314 Sendiráð Íslands í Peking

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Peking 56,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,6

03-317 Sendiráð Íslands í Helsinki

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Helsinki 41,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,1

m.kr.

03-318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	47,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,7

03-320 Sendiráð, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	39,3
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Viðhald	21,9
Stofnkostnaður:	
6.21 Sendiráð Íslands í Berlín	50,0
6.90 Tæki og búnaður	25,9
Stofnkostnaður samtals	75,9
Gjöld samtals	**137,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,1

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	234,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	234,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	41,0
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	7,5
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	18,3
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	9,5

	m.kr.
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	22,2
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	2,5
1.22 Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	27,5
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	15,0
Almennur rekstur samtals	143,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**146,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	146,5

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	26,7
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	8,5
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	6,7
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	2,2
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	3,6
1.39 Evrópuráðið	15,5
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	14,0
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	34,0
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	38,0
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	54,8
1.72 EFTA-dómstóllinn	18,1
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	10,9
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	0,6
1.85 Friðargæsla	68,7
Almennur rekstur samtals	302,3
Gjöld samtals	**302,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	302,3

m.kr.

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsráð Íslands 125,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,0

03-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur 3.050,5
Greitt úr ríkissjóði 2.562,2
Innheimt af ríkistekjum 488,3
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	107,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**103,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	103,9

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	17,8
1.12 Mat á búvörum	9,6
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	9,2
1.16 Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	4,5
1.21 Landþurrkun	0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	3,5
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	3,8
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	3,0
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1,7
1.90 Ýmis verkefni	22,1
Almennur rekstur samtals	75,8
Gjöld samtals	**75,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,8
Innheimt af ríkistekjum	10,0

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

m.kr.

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	262,4
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	4,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,7
6.20 Fasteignir	1,3
Stofnkostnaður samtals	5,0
Gjöld samtals	**271,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-114,8
Gjöld umfram tekjur	**156,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	156,6

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	70,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-39,4
Gjöld umfram tekjur	**31,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,2

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastjóri	10,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,3

m.kr.

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	123,3
1.25 Sauðfjárveikivarnir	35,7
1.52 Eftirlit og eftirlitsferðir	9,3
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	50,0
Almennur rekstur samtals	218,3
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Dýralæknisbústaðir	4,0
Gjöld samtals	**222,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**217,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	167,6
Innheimt af ríkistekjum	50,0

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins	11,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,7

04-261 Bændaskólinn á Hvanneyri

Almennur rekstur:	
1.01 Bændaskólinn á Hvanneyri	172,7
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	4,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
6.20 Fasteignir og lóðir	7,0
Stofnkostnaður samtals	14,0
Gjöld samtals	**190,9**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -82,3

Gjöld umfram tekjur **108,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 108,6

04-271 Bændaskólinn á Hólum

Almennur rekstur:
1.01 Bændaskólinn á Hólum 112,4

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.20 Fasteignir og lóðir 21,0
Stofnkostnaður samtals 23,0

Gjöld samtals **139,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -32,7

Gjöld umfram tekjur **106,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,9

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 68,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 5,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,2
6.25 Tilraunagróðurhús 6,0
Stofnkostnaður samtals 8,2

Gjöld samtals **81,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,2

Gjöld umfram tekjur **71,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,2

04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 14,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **13,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,4

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 257,5
1.90 Fyrirhleðslur 19,6
Almennur rekstur samtals 277,1

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 5,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,5
6.20 Fasteignir 2,0
Stofnkostnaður samtals 6,5

Gjöld samtals **288,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -74,6

Gjöld umfram tekjur **214,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 214,0

m.kr.

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	130,8
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá	55,0
1.90 Sérstök verkefni	58,3
Almennur rekstur samtals	244,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	6,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,2
6.20 Fasteignir, óskipt	9,1
Stofnkostnaður samtals	15,3
Gjöld samtals	**265,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-96,1
Gjöld umfram tekjur	**169,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	169,5

04-324 Landgræðslusjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Landgræðslusjóður	23,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:	
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	59,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**57,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,2

m.kr.

04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt

Almennur rekstur:
1.10 Átak í landgræðslu og skógrækt 95,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,0

04-343 Suðurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.10 Suðurlandsskógar 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 2.943,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda 117,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk 270,0
Almennur rekstur samtals 3.330,0

Gjöld samtals **3.330,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.330,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 1.552,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda 79,0
1.05 Niðurgreiðslur á ull og gærum 220,0
1.10 Vaxta- og geymslukostnaður 236,0
1.30 Uppkaup á fullvirðisrétti 30,0
1.33 Hagræðing og vöruþróun 48,0
1.34 Umhverfisverkefni 21,0
Almennur rekstur samtals 2.186,0

Gjöld samtals **2.186,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.186,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Bændasamtök Íslands 83,3
1.10 Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri 4,7
1.91 Kynbótastöðvar 25,2
1.92 Héraðsbúnaðarsambönd 48,5
1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri 3,3
Almennur rekstur samtals 165,0

Stofnkostnaður:
6.95 Búfjárræktarframlög 30,0
6.97 Jarðræktarframlög o.fl. 40,0
Stofnkostnaður samtals 70,0

Gjöld samtals **235,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 235,0

04-813 Framleiðsluráð landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Framleiðsluráð landbúnaðarins 116,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 116,6

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 187,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 187,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins 175,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 175,0

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 147,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 147,0

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 110,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 110,0

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár 1,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,8

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 340,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 340,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 3,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 65,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **63,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,5
Innheimt af ríkistekjum 33,0

04-841 Fiskeldisrannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Fiskeldisrannsóknir 22,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,9

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 17,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **13,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,9

m.kr.

04-851 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar 72,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **8.529,6**
Greitt úr ríkissjóði **8.436,6**
Innheimt af ríkistekjum **93,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	132,8
1.11 Fiskveiðisamningar	6,4
Almennur rekstur samtals	139,2
Gjöld samtals	**139,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,7
Gjöld umfram tekjur	**133,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,5

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,0
1.25 Verðlagsráð sjávarútvegsins	1,1
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	18,8
1.42 Verktakasamningur um upplýsingaöflun	23,2
1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	20,7
1.49 Úrskurðarnefndir	12,8
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	8,1
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	18,3
1.90 Ýmislegt	8,1
Almennur rekstur samtals	141,2
Gjöld samtals	**141,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,2

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 553,2
1.30 Rannsóknaskip 310,0
Almennur rekstur samtals 863,2

Stofnkostnaður:
6.31 Tæki og búnaður í skip 18,0
6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa 15,0
Stofnkostnaður samtals 33,0

Gjöld samtals **896,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -166,1

Gjöld umfram tekjur **730,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 730,1

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 248,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,1

Gjöld samtals **263,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -151,2

Gjöld umfram tekjur **112,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 112,3

m.kr.

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	336,6
1.10 Landamærastöðvar	6,0
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	34,9
Almennur rekstur samtals	377,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**381,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**375,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	375,3

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	46,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**45,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	45,0

05-208 Bygging hafrannsóknaskips

Stofnkostnaður:	
6.41 Bygging hafrannsóknaskips	300,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-300,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

m.kr.

05-210 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:
1.10 Sjóður til síldarrannsókna 7,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 7,0

05-211 Kvótaþing

Almennur rekstur:
1.01 Kvótaþing 16,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,3

05-213 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs 20,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,6

05-272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.01 Bygging rannsóknarstofnana sjávarútvegsins 16,2

Stofnkostnaður:
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 26,7

Gjöld samtals **42,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -30,3

Gjöld umfram tekjur **12,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,6

m.kr.

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins 740,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 740,0

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 42,1
1.30 Keldnaholt 38,2
Almennur rekstur samtals 80,3

Viðhaldsverkefni:
5.30 Keldnaholt, viðhald 8,5

Gjöld samtals **88,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **83,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,3

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur **2.420,2**
Greitt úr ríkissjóði **2.368,2**
Innheimt af ríkistekjum **52,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	174,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**172,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	172,6

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	23,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,2
Gjöld umfram tekjur	**3,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,7

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	10,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**0,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,2

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:	
1.01 Lögbirtingablað	26,0

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 26,0

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 35,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,9

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.11 Námsleyfi lögfræðinga 2,4
1.21 Próf málflytjenda 5,6
1.22 Próf skjalaþýðenda 0,9
1.23 Próf fasteignasala 1,7
1.31 Matsnefnd eignarnámsbóta 2,9
1.32 Tölvunefnd 4,6
1.33 Mannanafnanefnd 1,3
1.34 Örorkumatsnefnd 12,1
1.41 Útgáfa norræns dómasafns 0,6
1.42 Norræn samvinna á sviði sakfræði 0,4
1.43 Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL 3,0
1.44 Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB 1,2
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands 4,0
1.51 Innheimta meðlaga 3,1
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga 5,6
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð 0,3
1.82 Biblíuþýðingar 3,6
Almennur rekstur samtals 53,3

Gjöld samtals **53,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,2

Gjöld umfram tekjur **37,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,5
Innheimt af ríkistekjum 1,6

m.kr.

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 36,1
1.02 Útgáfa hæstaréttardóma 11,7
Almennur rekstur samtals 47,8

Gjöld samtals **47,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,4

Gjöld umfram tekjur **40,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,4

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðsdómstólar 411,5
1.11 Meðdómsmenn 17,2
Almennur rekstur samtals 428,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,5

Gjöld samtals **433,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 433,2

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum 96,5

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-12,9
Gjöld umfram tekjur	**83,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	83,6

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	31,3
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	10,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,3
Almennur rekstur samtals	45,6
Gjöld samtals	**45,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**44,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,7

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	40,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	59,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,2

m.kr.

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	221,4
1.05 Innheimta sekta	20,4
Almennur rekstur samtals	241,8
Gjöld samtals	**241,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	241,8

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lögregluskóli ríkisins	75,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,0

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.457,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
6.80 Bifreiðir	21,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**1.481,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,7
Gjöld umfram tekjur	**1.451,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.451,7

06-321 Almannavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almannavarnir ríkisins	31,8

	m.kr.
1.11 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	15,0
Almennur rekstur samtals	46,8
Gjöld samtals	**46,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,8

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:	
1.10 Neyðarsímsvörun	56,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	56,0

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	61,1
1.10 Ökunám	30,8
1.11 Ökuhermar fyrir grunnskólabörn	3,1
Almennur rekstur samtals	95,0
Gjöld samtals	**95,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,0
Gjöld umfram tekjur	**83,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	48,4
Innheimt af ríkistekjum	34,6

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:	
1.20 Fíkniefnamál	1,5
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	35,0
Almennur rekstur samtals	36,5
Gjöld samtals	**36,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,5

06-390 Ýmis löggæslumál

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 20,5
1.11 Eftirlit með ökuritum 20,4
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips 18,9
Almennur rekstur samtals 59,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 10,0
6.10 Bifreiðir 45,0
Stofnkostnaður samtals 55,0

Gjöld samtals **114,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **109,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 109,8

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald húseigna 4,0

Stofnkostnaður:
6.21 Fasteignir 10,0

Gjöld samtals **14,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 838,1

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **843,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -27,1

Gjöld umfram tekjur **816,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 816,0

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:
6.41 Landhelgissjóður Íslands 8,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-397 Schengen samstarf

Almennur rekstur:
1.01 Schengen samstarf 14,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 10,0

Gjöld samtals **24,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,0

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 182,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,9

Gjöld umfram tekjur **175,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 175,9

m.kr.

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	38,1
1.20 Löggæsla	50,0
Almennur rekstur samtals	88,1
Gjöld samtals	**88,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	88,1

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	29,4
1.20 Löggæsla	41,7
Almennur rekstur samtals	71,1
Gjöld samtals	**71,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**69,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	69,4

06-414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	35,3
1.20 Löggæsla	52,8
Almennur rekstur samtals	88,1
Gjöld samtals	**88,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	88,1

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	14,0

	m.kr.
1.20 Löggæsla	6,3
Almennur rekstur samtals	20,3
Gjöld samtals	**20,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,3

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	24,8
1.20 Löggæsla	24,5
Almennur rekstur samtals	49,3
Gjöld samtals	**49,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**47,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,3

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	13,9
1.20 Löggæsla	12,2
Almennur rekstur samtals	26,1
Gjöld samtals	**26,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,1

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	45,8
1.20 Löggæsla	60,2
1.40 Tollgæsla	3,4
Almennur rekstur samtals	109,4
Gjöld samtals	**109,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **109,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 109,1

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 16,4
1.20 Löggæsla 7,9
Almennur rekstur samtals 24,3

Gjöld samtals **24,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **24,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,2

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 31,0
1.20 Löggæsla 34,7
Almennur rekstur samtals 65,7

Gjöld samtals **65,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **65,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 65,3

m.kr.

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	31,6
1.20 Löggæsla	37,6
1.40 Tollgæsla	1,4
Almennur rekstur samtals	70,6
Gjöld samtals	**70,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**70,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,0

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	19,7
1.20 Löggæsla	24,3
Almennur rekstur samtals	44,0
Gjöld samtals	**44,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**39,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,8

06-423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	15,8
1.20 Löggæsla	11,9
Almennur rekstur samtals	27,7
Gjöld samtals	**27,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,7

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 90,6
1.20 Löggæsla 132,7
1.40 Tollgæsla 8,0
Almennur rekstur samtals 231,3

Gjöld samtals **231,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,3

Gjöld umfram tekjur **228,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 228,0

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 41,5
1.20 Löggæsla 55,1
Almennur rekstur samtals 96,6

Gjöld samtals **96,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,7

Gjöld umfram tekjur **95,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,9

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 42,1
1.20 Löggæsla 51,3

	m.kr.
1.40 Tollgæsla	7,5
Almennur rekstur samtals	100,9
Gjöld samtals	**100,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**98,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	98,9

06-427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	18,4
1.20 Löggæsla	14,2
Almennur rekstur samtals	32,6
Gjöld samtals	**32,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**32,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,5

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	33,4
1.20 Löggæsla	34,8
Almennur rekstur samtals	68,2
Gjöld samtals	**68,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**67,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,2

m.kr.

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	19,4
1.20 Löggæsla	20,8
Almennur rekstur samtals	40,2
Gjöld samtals	**40,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**40,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	15,6
1.20 Löggæsla	12,2
Almennur rekstur samtals	27,8
Gjöld samtals	**27,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**27,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,6

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	24,1
1.20 Löggæsla	24,5
Almennur rekstur samtals	48,6
Gjöld samtals	**48,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**48,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,2

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 38,8
1.20 Löggæsla 53,3
1.40 Tollgæsla 9,0
Almennur rekstur samtals 101,1

Gjöld samtals **101,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,8

Gjöld umfram tekjur **95,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,3

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 63,8
1.20 Löggæsla 121,1
1.40 Tollgæsla 3,9
Almennur rekstur samtals 188,8

Gjöld samtals **188,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,8

Gjöld umfram tekjur **170,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 170,0

06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 82,8

	m.kr.
1.20 Löggæsla	168,9
1.40 Tollgæsla	10,7
Almennur rekstur samtals	262,4
Gjöld samtals	**262,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,3
Gjöld umfram tekjur	**257,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	257,1

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	114,1
1.20 Löggæsla	162,6
1.40 Tollgæsla	13,1
Almennur rekstur samtals	289,8
Gjöld samtals	**289,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,6
Gjöld umfram tekjur	**288,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	288,2

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	88,3
1.20 Löggæsla	110,7
Almennur rekstur samtals	199,0
Gjöld samtals	**199,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**198,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	198,5

m.kr.

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	5,4
1.11 Útgáfa vegabréfa og ökuskírteina	15,6
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	87,8
1.60 Gagnalínukostnaður	21,7
Almennur rekstur samtals	130,5
Gjöld samtals	**130,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	130,5

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	10,0
Stofnkostnaður:	
6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	40,0
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna	77,0
Stofnkostnaður samtals	117,0
Gjöld samtals	**127,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,0

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	476,4
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**486,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-55,4
Gjöld umfram tekjur	**431,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	431,0

m.kr.

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:
6.10 Stofnframkvæmdir 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðkirkja Íslands 657,8
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands 1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði 1,2
1.91 Skálholtsskóli 6,3
Almennur rekstur samtals 666,5

Stofnkostnaður:
6.21 Skálholtsstaður 6,0
6.22 Hallgrímskirkja 6,0
6.23 Hóladómkirkja 3,0
Stofnkostnaður samtals 15,0

Gjöld samtals **681,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -26,3

Gjöld umfram tekjur **655,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 655,2

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 114,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 114,0

m.kr.

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	36,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,4

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	435,0
1.13 Kirkjugarðasjóður	18,0
Almennur rekstur samtals	453,0
Gjöld samtals	**453,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	453,0

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.014,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	67,0
1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands	29,0
Almennur rekstur samtals	1.110,0
Gjöld samtals	**1.110,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.110,0

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	183,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,0

m.kr.

06-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 16,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,0

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **9.709,0**
Greitt úr ríkissjóði **9.646,8**
Innheimt af ríkistekjum **62,2**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	122,0
1.90 Reynslusveitarfélög	3,3
1.99 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	7,6
Almennur rekstur samtals	132,9
Gjöld samtals	**132,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**132,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	132,8

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

07-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Stofnkostnaður:	
6.21 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	180,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	180,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkissáttasemjari	25,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,6

m.kr.

07-311 Jafnréttisráð

Almennur rekstur:	
1.01 Jafnréttisráð	24,1
1.10 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	3,9
1.12 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	2,1
Almennur rekstur samtals	30,1
Gjöld samtals	**30,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,1

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnueftirlit ríkisins	247,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**252,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,7
Gjöld umfram tekjur	**218,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	161,9
Innheimt af ríkistekjum	56,7

07-400 Málefni barna og ungmenna

Almennur rekstur:	
1.01 Barnaverndarstofa	40,5
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	142,6
1.21 Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	36,7
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	85,5
Almennur rekstur samtals	305,3
Gjöld samtals	**305,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	305,3

m.kr.

07-401 Barnaverndarráð

Almennur rekstur:

1.01 Barnaverndarráð	12,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	12,3

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:

1.20 Vistun geðfatlaðra	35,8
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	37,8
1.80 Starfsþjálfun	18,8
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	4,7
1.90 Ýmis verkefni	22,9
1.91 Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	29,6
Almennur rekstur samtals	149,6
Gjöld samtals	**149,6**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	149,6

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:

1.01 Svæðisskrifstofa	46,0
1.10 Svæðisráð	1,6
1.20 Sambýli	304,3
1.21 Heimili fyrir börn Akurgerði 20	17,9
1.26 Sambýli Stigahlíð 71	18,6
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	29,2
1.31 Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands	7,1
1.33 Vinnustofa Blindrafélagsins	5,3
1.60 Dagvistun	60,6
1.64 Skammtímavistun Álfalandi 6	29,3
1.70 Heimili einhverfra	57,6
1.77 Vistheimili fyrir börn	27,5
1.85 Félag heyrnarlausra	2,3
Almennur rekstur samtals	607,3
Gjöld samtals	**607,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 607,3

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Svæðisskrifstofa 34,0
1.10 Svæðisráð 1,2
1.20 Sambýli 182,4
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra 27,3
1.30 Verndaður vinnustaður, Örvi 24,4
1.40 Leikfangasafn Keflavík 1,4
1.60 Skammtímavistun 45,4
1.61 Dagvistun Keflavík 10,4
1.64 Hæfingarstöðvar 52,1
1.69 Skammtímavistun, Reykjadal 2,5
1.70 Vistheimilið Tjaldanesi 51,7
1.72 Gistiheimili Kópavogi 2,3
1.73 Vistheimili fyrir börn 58,0
Almennur rekstur samtals 493,1

Gjöld samtals **493,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,2

Gjöld umfram tekjur **485,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 485,9

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:
1.01 Svæðisskrifstofa 16,7
1.10 Svæðisráð 0,6
1.20 Sambýli Akranesi 45,6
1.21 Sambýli Borgarnesi 9,1
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra 7,0

	m.kr.
1.30 Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	28,0
1.40 Leikfangasöfn Vesturlandi	5,4
1.61 Skammtímavistun	15,0
Almennur rekstur samtals	127,4
Gjöld samtals	**127,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,7
Gjöld umfram tekjur	**116,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	116,7

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	12,2
1.10 Svæðisráð	0,6
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	4,2
1.31 Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	43,3
1.32 Þjónusta í Strandasýslu	3,0
1.33 Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu	3,0
1.34 Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu	1,1
Almennur rekstur samtals	67,4
Gjöld samtals	**67,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,4

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	13,6
1.10 Svæðisráð	0,7
1.20 Sambýli	81,7
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	4,7
1.40 Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	7,7

	m.kr.
1.60 Skammtímavistun	8,6
1.61 Dagvistun	11,7
Almennur rekstur samtals	128,7
Gjöld samtals	**128,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	128,7

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.01 Sæðisskrifstofa	4,7
1.10 Sæðisráð	0,7
1.20 Sambýli	23,2
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,7
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	295,9
Almennur rekstur samtals	325,2
Gjöld samtals	**325,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	325,2

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Sæðisskrifstofa	25,8
1.10 Sæðisráð	0,6
1.20 Sambýli Egilsstöðum	45,0
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	6,8
1.30 Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	8,7
1.50 Þjónustumiðstöð Vonarlandi	5,9
1.86 Samningur við Hornafjarðarbæ um þjónustu við fatlaða	6,8
Almennur rekstur samtals	99,6
Gjöld samtals	**99,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**97,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 97,8

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Svæðisskrifstofa 19,2
1.10 Svæðisráð 0,8
1.20 Sambýli Selfossi 60,1
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra 5,8
1.30 Verndaður vinnustaður Selfossi 12,1
1.50 Vistheimili fyrir börn 24,3
1.70 Lambhagi 11,0
1.72 Skaftholt 8,0
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða 36,2
Almennur rekstur samtals 177,5

Gjöld samtals **177,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,3

Gjöld umfram tekjur **176,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 176,2

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:
1.20 Sambýli 84,4
1.30 Vinnustofan Ás 29,5
1.60 Dagvistun Lækjarási 38,1
1.61 Dagvistun Bjarkarási 42,0
1.62 Dagvistun Lyngási 62,4
1.63 Skammtímavistun Víðihlíð 9 19,9
1.64 Skammtímavistun Hólabergi 16,3
Almennur rekstur samtals 292,6

Gjöld samtals **292,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,1

Gjöld umfram tekjur **278,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 278,5

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni 135,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **134,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 134,3

07-722 Sólheimar Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi 117,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,8

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 106,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,5

Gjöld umfram tekjur **103,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 103,3

m.kr.

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 235,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 235,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 2.885,0
1.12 Jöfnun húsaleigubóta 280,0
Almennur rekstur samtals 3.165,0

Stofnkostnaður:
6.21 Einsetning grunnskóla 265,0

Gjöld samtals **3.430,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.430,0

07-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:
1.90 Rekstrarhagræðing 11,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,0

07-972 Bjargráðasjóður Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Bjargráðasjóður Íslands 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 293,6

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -169,7

Gjöld umfram tekjur **123,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 123,9

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:
1.10 Félagsdómur 5,3
1.30 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit 10,3
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO 5,1
1.90 Ýmislegt 23,0
Almennur rekstur samtals 43,7

Gjöld samtals **43,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,7

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 117,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur 2.280,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar 51,5
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar 103,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva 135,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd 21,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði 200,0
1.41 Framlög og styrkir 35,0

	m.kr.
1.45 Starfsmenntasjóður	50,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	51,5
Almennur rekstur samtals	2.927,0
Gjöld samtals	**2.927,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-41,0
Gjöld umfram tekjur	**2.886,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.886,0

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:	
1.10 Almennur rekstur	12,7
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4,3
1.30 Norræni verkalýðsskólinn í Genf	0,2
1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	4,0
Almennur rekstur samtals	21,2
Gjöld samtals	**21,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,2

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	25,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,9

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	11,1
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992	62,8

	m.kr.
1.30 Sjómannastofur	0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir	36,4
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	20,8
1.41 Stígamót	10,1
1.50 Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	2,2
1.53 Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	3,2
1.60 Verkefni á sviði húsnæðismála	14,3
1.90 Ýmis framlög	22,5
Almennur rekstur samtals	183,9
Gjöld samtals	**183,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,9
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**10.791,0**
Greitt úr ríkissjóði	**10.734,3**
Innheimt af ríkistekjum	**56,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	215,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**218,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**216,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	216,6

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	722,6
1.90 Rekstrarhagræðing	15,0
Almennur rekstur samtals	737,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,5
Gjöld samtals	**768,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-164,5
Gjöld umfram tekjur	**603,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	603,6

m.kr.

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	210,0
1.15 Umönnunarbætur	560,0
1.21 Makabætur	30,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	85,0
1.31 Endurhæfingalífeyrir	200,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	58,0
1.41 Heimilisuppbót	1.555,0
1.45 Sérstök heimilisuppbót	155,0
1.51 Uppbætur	2.065,0
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	82,0
Almennur rekstur samtals	5.000,0
Gjöld samtals	**5.000,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.000,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	4.380,0
1.15 Örorkulífeyrir	1.600,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.350,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.240,0
1.31 Örorkustyrkur	250,0
1.35 Barnalífeyrir	960,0
1.41 Fæðingarorlof	1.590,0
1.91 Annað	30,0
Almennur rekstur samtals	17.400,0
Gjöld samtals	**17.400,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17.400,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	2.030,0

	m.kr.
1.15 Lyf	4.100,0
1.21 Hjálpartæki	670,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	75,0
1.31 Þjálfun	580,0
1.35 Tannlækningar	810,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	98,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	370,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	42,0
1.55 Sjúkradagpeningar	215,0
1.91 Annað	50,0
Almennur rekstur samtals	9.040,0
Gjöld samtals	**9.040,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9.040,0

08-207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva

Almennur rekstur:	
1.10 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	700,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	700,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	110,0
1.15 Bætur til framfærslu	300,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	30,0
Almennur rekstur samtals	440,0
Gjöld samtals	**440,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	440,0

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	225,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0
Viðskiptahreyfingar 25,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 63,1
1.10 Læknaráð 2,2
1.20 Sjúkraflutningaráð 0,7
1.30 Slysavarnaráð 3,1
1.40 Siðaráð 0,9
Almennur rekstur samtals 70,0

Gjöld samtals **70,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,0

08-311 Héraðslæknir í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir í Reykjavík 15,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,5

08-315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 109,7

Stofnkostnaður:
6.10 Fasteign 1,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**110,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,2
Gjöld umfram tekjur	**87,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,5

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjónstöð Íslands	46,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**45,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,6

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	29,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,5
Gjöld samtals	**31,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,3
Innheimt af ríkistekjum	6,9

08-330 Manneldisráð

Almennur rekstur:	
1.01 Manneldisráð	11,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**11,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,5

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 13,0
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri 4,8
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal 11,4
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík 12,9
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands 2,4
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 5,2
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri 1,6
1.80 Gigtarráð 3,4
1.90 Ýmis starfsemi 1,6
Almennur rekstur samtals 56,3

Stofnkostnaður:
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda 5,0

Gjöld samtals **61,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,3

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 1.804,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteign 21,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 10,0
6.50 Nýbygging 35,0
Stofnkostnaður samtals 45,0

Gjöld samtals **1.870,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -70,0

Gjöld umfram tekjur **1.800,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.800,0

08-368 Sólvangur, Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Sólvangur, Hafnarfirði 295,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,6

Gjöld umfram tekjur **284,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 284,6

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi 82,3
1.91 Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili 32,0
Almennur rekstur samtals 114,3

Stofnkostnaður:
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar 80,0

Gjöld samtals **194,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,0

Gjöld umfram tekjur **192,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 192,3

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisspítalar 10.060,0

Viðhaldsverkefni:
5.60 Stjórnarnefnd, viðhald 75,0

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.21 Barnaspítali 185,0
6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður 169,0
6.70 Nýframkvæmdir á Landspítalalóð 39,0
Stofnkostnaður samtals 395,0

Gjöld samtals **10.530,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.070,0

Gjöld umfram tekjur **9.460,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9.460,0

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur 5.928,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 147,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 55,0

Gjöld samtals **6.130,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -647,0

Gjöld umfram tekjur **5.483,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5.383,0
Innheimt af ríkistekjum 100,0

08-378 Læknishéraðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Læknishéraðasjóður 2,5

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 19,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,0

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt 50,0

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjakaup, óskipt 17,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 185,0
Stofnkostnaður samtals 202,4

Gjöld samtals **252,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 252,4

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.01 Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra 290,0

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur 240,0

Gjöld samtals **530,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 530,0

08-393 Lyfjamál

Almennur rekstur:
1.11 Lyfjaverðsnefnd 4,5

	m.kr.
1.41 Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	5,3
1.51 Evrópska lyfjaskráin	0,2
1.61 Norræn samvinna í lyfsölumálum	0,2
1.71 Samheitaverðskrá lyfja	0,6
Almennur rekstur samtals	10,8
Gjöld samtals	**10,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,4
Gjöld umfram tekjur	**7,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,4

08-395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjaeftirlit ríkisins	20,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,6

08-396 Lyfjanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjanefnd	47,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,1

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	14,2
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	128,9
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	33,7
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1,6
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	44,9
1.50 Tannverndarsjóður	10,0

	m.kr.
1.53 Tóbaksvarnir	36,1
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	16,9
1.63 Áfallahjálp	0,5
1.65 Heilsuefling	4,2
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn	7,5
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	8,9
1.90 Ýmis framlög	12,5
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
Almennur rekstur samtals	325,6
Gjöld samtals	**325,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	325,6

08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	369,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-34,1
Gjöld umfram tekjur	**335,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	335,2

08-407 Sundabúð II, Vopnafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sundabúð II, Vopnafirði	36,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**32,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,4

m.kr.

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Sunnuhlíð, Kópavogi	158,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,0
Gjöld umfram tekjur	**152,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	152,9

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimilið Skjól	357,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,1
Gjöld umfram tekjur	**342,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	342,6

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimilið Eir	379,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,6
Gjöld umfram tekjur	**365,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	365,3

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Garðvangur, Garði	120,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **119,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 119,0

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær 243,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 243,1

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum 200,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,1

Gjöld umfram tekjur **191,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 191,2

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ 257,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,0

Gjöld umfram tekjur **249,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 249,1

m.kr.

08-421 Víðines

Almennur rekstur:	
1.01 Víðines	112,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,0
Gjöld umfram tekjur	**107,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	107,5

08-422 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:	
1.01 Hlaðgerðarkot	46,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,6

08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	221,7
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteignar	5,0
Gjöld samtals	**226,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,9
Gjöld umfram tekjur	**218,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	218,8

08-431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Endurhæfingardeild	71,6
1.10 Heilsuhælisdeild	164,5
Almennur rekstur samtals	236,1
Gjöld samtals	**236,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 236,1

08-432 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.01 Vistheimilið Bjarg 27,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,8

08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:
1.01 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 46,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,2

08-490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.01 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 87,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **87,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,2

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:
1.11 Seljahlíð, Reykjavík 94,4
1.12 Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík 72,0
1.13 Hornbrekka, Ólafsfirði 48,3
1.15 Dalbær, Dalvík 60,6
1.17 Hulduhlíð, Eskifirði 43,0
1.19 Hjallatún, Vík 27,4

	m.kr.
1.21 Höfði, Akranesi	73,9
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	48,9
1.25 Barmahlíð, Reykhólum	26,1
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	55,6
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði	11,4
1.31 Naust, Þórshöfn	19,8
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	15,7
1.35 Jaðar, Ólafsvík	7,9
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	33,6
1.39 Lundur, Hellu	45,8
1.41 Hrafnista, Reykjavík	506,0
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði	432,3
1.45 Grund, Reykjavík	449,1
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	138,7
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	101,0
1.51 Fellsendi, Búðardal	34,3
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	586,6
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	7,9
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	38,5
1.59 Reynslusveitarfélagið Akureyri	2,1
1.61 Reynslusveitarfélagið Höfn	0,9
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	24,5
1.65 Lindargata, Reykjavík	23,9
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	37,5
1.69 Múlabær, Reykjavík	35,2
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	70,7
1.73 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	4,9
1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	101,0
1.81 Hjúkrunarheimili í Garðabæ	25,2
Almennur rekstur samtals	3.304,7
Gjöld samtals	**3.304,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-330,8
Gjöld umfram tekjur	**2.973,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.973,9

m.kr.

08-496 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.11 Hjúkrunarrými	203,2
1.21 Dagvistun aldraðra	5,5
Almennur rekstur samtals	208,7
Gjöld samtals	**208,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	208,7

08-497 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.11 Hjúkrunarrými	87,9
1.21 Dagvistun aldraðra	1,8
1.31 Fæðingar	3,9
Almennur rekstur samtals	93,6
Gjöld samtals	**93,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,6

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	220,9
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald, óskipt	27,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	25,0
6.90 Tölvuvæðing	49,6
Stofnkostnaður samtals	74,6
Gjöld samtals	**322,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	322,5

m.kr.

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	227,0
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	39,7
1.15 Sjúkraflug	16,2
Almennur rekstur samtals	282,9
Gjöld samtals	**282,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**282,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	282,4

08-505 Heilsugæsla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæsla í Reykjavík	531,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-51,3
Gjöld umfram tekjur	**479,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	479,7

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	362,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-58,9
Gjöld umfram tekjur	**303,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	303,1

m.kr.

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	55,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,9
Gjöld umfram tekjur	**43,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,6

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	50,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,6
Gjöld umfram tekjur	**43,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,5

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	35,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**32,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,5

08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	20,8

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur **19,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,0

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 33,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,8

Gjöld umfram tekjur **31,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,1

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 20,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **19,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,2

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík 33,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,8

Gjöld umfram tekjur **28,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,7

m.kr.

08-553 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri 163,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,6

Gjöld umfram tekjur **145,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,9

08-558 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu 44,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,8

Gjöld umfram tekjur **41,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,5

08-561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vopnafirði 24,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,4

Gjöld umfram tekjur **22,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,1

08-565 Heilsugæslustöðin Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Eskifirði 31,6

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,0

Gjöld umfram tekjur **27,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,6

08-566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði 17,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **15,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

08-567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Djúpavogi 19,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,4

Gjöld umfram tekjur **18,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,4

08-568 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði 47,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,7

Gjöld umfram tekjur **43,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,0

m.kr.

08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 16,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **15,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,2

08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 17,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **16,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,1

08-574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli 19,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,2

Gjöld umfram tekjur **16,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,2

08-575 Heilsugæslustöðin Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hellu 22,6

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,8

Gjöld umfram tekjur **18,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,8

08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási 35,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,7

Gjöld umfram tekjur **31,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,4

08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði 15,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,6

Gjöld umfram tekjur **13,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,5

08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 16,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **14,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,1

m.kr.

08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	143,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,1
Gjöld umfram tekjur	**121,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	121,9

08-583 Heilsugæslustöðin Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Garðabæ	48,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,9
Gjöld umfram tekjur	**40,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,5

08-584 Heilsugæslustöðin Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Kópavogi	167,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,2
Gjöld umfram tekjur	**150,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,9

08-585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	96,3

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,1

Gjöld umfram tekjur **84,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,2

08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 60,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,1

Gjöld umfram tekjur **55,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,7

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð 7,0
1.90 Forvarnasjóður 48,0
Almennur rekstur samtals 55,0

Gjöld samtals **55,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,0

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 43,2
1.11 Sjúkrasvið 625,5
Almennur rekstur samtals 668,7

Gjöld samtals **668,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,9

Gjöld umfram tekjur **636,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 636,8

08-715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 21,5
1.11 Sjúkrasvið 151,9
Almennur rekstur samtals 173,4

Gjöld samtals **173,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,9

Gjöld umfram tekjur **162,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 162,5

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 28,4
1.11 Sjúkrasvið 92,0
Almennur rekstur samtals 120,4

Gjöld samtals **120,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,8

Gjöld umfram tekjur **112,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 112,6

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 81,0
1.11 Sjúkrasvið 332,7
Almennur rekstur samtals 413,7

Gjöld samtals **413,7**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -39,4

Gjöld umfram tekjur **374,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 374,3

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 15,2
1.11 Sjúkrasvið 58,9
Almennur rekstur samtals 74,1

Gjöld samtals **74,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **71,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,0

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 16,4
1.11 Sjúkrasvið 39,4
Almennur rekstur samtals 55,8

Gjöld samtals **55,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **53,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,7

m.kr.

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	23,5
1.11 Sjúkrasvið	112,3
Almennur rekstur samtals	135,8
Gjöld samtals	**135,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,1
Gjöld umfram tekjur	**127,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,7

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	33,5
1.11 Sjúkrasvið	154,5
Almennur rekstur samtals	188,0
Gjöld samtals	**188,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,5
Gjöld umfram tekjur	**179,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	179,5

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	38,3
1.11 Sjúkrasvið	356,4
Almennur rekstur samtals	394,7
Gjöld samtals	**394,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,6
Gjöld umfram tekjur	**374,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 374,1

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 23,4
1.11 Sjúkrasvið 171,9
Almennur rekstur samtals 195,3

Gjöld samtals **195,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,8

Gjöld umfram tekjur **184,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 184,5

08-761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 40,5
1.11 Sjúkrasvið 307,7
Almennur rekstur samtals 348,2

Gjöld samtals **348,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -33,7

Gjöld umfram tekjur **314,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 314,5

08-765 Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 48,2
1.11 Sjúkrasvið 133,2
Almennur rekstur samtals 181,4

Gjöld samtals **181,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,8

Gjöld umfram tekjur **166,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 166,6

08-771 Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 12,9
1.11 Sjúkrasvið 107,9
Almennur rekstur samtals 120,8

Gjöld samtals **120,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,1

Gjöld umfram tekjur **113,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 113,7

08-775 Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 19,2
1.11 Sjúkrasvið 236,7
Almennur rekstur samtals 255,9

Gjöld samtals **255,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -23,3

Gjöld umfram tekjur **232,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 232,6

m.kr.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	41,6
1.11 Sjúkrasvið	258,6
Almennur rekstur samtals	300,2
Gjöld samtals	**300,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,7
Gjöld umfram tekjur	**278,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	278,5

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	56,5
1.11 Sjúkrasvið	360,7
Almennur rekstur samtals	417,2
Gjöld samtals	**417,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-27,7
Gjöld umfram tekjur	**389,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	389,5

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	127,1
1.11 Sjúkrasvið	387,0
Almennur rekstur samtals	514,1
Gjöld samtals	**514,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-53,1
Gjöld umfram tekjur	**461,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 461,0

08-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 101,0

Sértekjur:
Sértekjur 2,0

Gjöld umfram tekjur **103,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 103,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **65.353,9**
Greitt úr ríkissjóði **65.222,0**
Innheimt af ríkistekjum **106,9**
Viðskiptahreyfingar **25,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	320,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
Gjöld samtals	**327,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**323,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	323,7

09-103 Ríkisbókhald

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisbókhald	191,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**195,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**194,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	194,7

09-104 Ríkisfjárhirsla

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisfjárhirsla	39,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,0
Gjöld samtals	**40,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,6

09-105 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögmaður 27,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,3

Gjöld umfram tekjur **25,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,8

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 254,7
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 80,9
1.20 Skatteftirlit 38,9
Almennur rekstur samtals 374,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 10,5

Gjöld samtals **385,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 385,0

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík 241,0

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 10,0

Gjöld samtals **251,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 251,0

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vesturlands 36,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **36,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,0

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestfjarða 24,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **24,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,5

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands vestra 26,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **25,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,8

m.kr.

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra	57,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**57,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,0

09-207 Skattstofa Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Austurlands	30,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**29,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,9

09-208 Skattstofa Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Suðurlands	38,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**37,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,8

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja	14,5

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**14,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,4

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Reykjaness	129,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,2
Gjöld umfram tekjur	**127,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,1

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	7,2
1.02 Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	3,3
1.03 Forúrskurðir í skattamálum	10,9
1.04 Útgáfa úrskurða í skattamálum	12,8
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa	5,1
1.10 Skatteftirlit	22,1
1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli	25,0
1.30 Þungaskattur	26,2
1.40 Fjármagnstekjuskattur	10,5
Almennur rekstur samtals	123,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	13,0
6.45 Tölvuvæðing útflutningsskýrslna	4,0
Stofnkostnaður samtals	17,0
Gjöld samtals	**140,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	140,1

m.kr.

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Yfirskattanefnd 72,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,0

Gjöld samtals **73,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 73,4

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins 69,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

Gjöld samtals **71,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,4

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis innheimtukostnaður 239,3
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir 5,7
Almennur rekstur samtals 245,0

Gjöld samtals **245,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -102,0

Gjöld umfram tekjur **143,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 143,0

m.kr.

09-261 Ríkistollstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkistollstjóri	135,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,0
Gjöld samtals	**145,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,3
Gjöld umfram tekjur	**139,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	139,8

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	522,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
Gjöld samtals	**530,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,8
Gjöld umfram tekjur	**517,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	517,2

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	7.210,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	210,0
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	55,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	380,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	40,0

	m.kr.
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	15,0
Almennur rekstur samtals	7.910,0
Gjöld samtals	**7.910,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	730,0
Viðskiptahreyfingar	7.180,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	199,7
1.05 Yfirfasteignamatsnefnd	2,4
Almennur rekstur samtals	202,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	15,5
Gjöld samtals	**217,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-102,0
Gjöld umfram tekjur	**115,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,6

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	160,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	3.900,0
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	3.900,0

m.kr.

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 300,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 300,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 3.950,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.950,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 4.130,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.130,0

09-901 Framkvæmdasýslan

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýslan 78,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -74,7

Gjöld umfram tekjur **3,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,6

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:
1.01 Ríkiskaup 1.014,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.014,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

09-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:
1.90 Rekstrarhagræðing 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:
6.01 Ríkisábyrgðir 105,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 105,0

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lánasýsla ríkisins 117,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -64,3

Gjöld umfram tekjur **53,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,0

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 190,0
6.15 Tjónabætur 20,0
Stofnkostnaður samtals 210,0

Gjöld samtals **210,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0
Viðskiptahreyfingar 190,0

m.kr.

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	81,2
1.05 Rekstur tölvukerfis	7,2
Almennur rekstur samtals	88,4
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	21,0
6.41 Tölvubúnaður	8,0
Stofnkostnaður samtals	29,0
Gjöld samtals	**117,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-102,2
Gjöld umfram tekjur	**15,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,2

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:	
6.05 Stjórnarráðsbyggingar	25,0
6.60 Sölvhóll	10,0
6.80 Listaskóli	10,0
Stofnkostnaður samtals	45,0
Gjöld samtals	**45,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,0

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	116,1
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	222,5
Gjöld samtals	**338,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -338,6

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 300,0

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður 15,0

Gjöld samtals **315,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 315,0

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

09-995 Skýrsluvélakostnaður

Almennur rekstur:
1.01 Launagreiðslukerfi 67,6
1.02 Tekjubókhaldskerfi 130,1
1.03 Skattvinnslukerfi 127,8
1.04 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins 45,2
1.05 Innheimtuskilakerfi 15,5
1.06 Forsendukerfi innheimtugagna 18,3
1.09 Fjárlagakerfi 2,0
Almennur rekstur samtals 406,5

Stofnkostnaður:
6.01 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi 41,0
6.02 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi 19,0
6.03 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 19,4

	m.kr.
6.04 Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	26,0
6.08 Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal	12,6
6.09 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi	3,5
6.90 Tölvukerfi, óskipt	25,0
Stofnkostnaður samtals	146,5
Gjöld samtals	**553,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	553,0

09-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	12,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35,8
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	24,1
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa, fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	5,1
1.13 Kjarasamningar	18,3
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	31,3
1.15 Kjararannsóknir	5,9
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður	21,4
1.18 Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar og skriflegri umsókn þingflokka	130,0
1.19 Ýmsar endurgreiðslur	40,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	35,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	115,0
1.45 Ýmsar nefndir	3,4
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,5
1.60 Dómkröfur	53,0
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd	12,9
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0

	m.kr.
1.90 Óviss útgjöld	19,5
Almennur rekstur samtals	557,2
Gjöld samtals	**557,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	557,2
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**25.103,8**
Greitt úr ríkissjóði	**13.728,8**
Innheimt af ríkistekjum	**105,0**
Viðskiptahreyfingar	**11.270,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	141,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,2

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	19,0
1.14 Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	10,0
1.16 Landflutningasjóður	5,1
1.20 Rannsóknanefnd sjóslysa	16,9
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,4
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	45,1
1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	23,7
1.25 GPS-staðsetningarkerfi	7,5
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.27 Slysavarnafélag Íslands	15,7
1.28 Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	38,0
1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	15,3
1.31 Landsbjörg	11,0
1.33 Flugeftirlitsnefnd	2,9
1.34 Flugskóli Íslands	9,7
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Ferðamál og markaðsstarf	10,0
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	30,0
1.91 Athugun á öryggi fiskiskipa	1,2
Almennur rekstur samtals	267,6
Gjöld samtals	**267,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**266,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 262,5
Viðskiptahreyfingar 4,0

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 335,0
1.11 Styrkir til sérleyfishafa 20,0
Almennur rekstur samtals 355,0

Viðhaldsverkefni:
5.05 Þjónusta 1.734,0
5.10 Viðhald 1.548,0
5.52 Þéttbýlisvegir 382,0
Viðhaldsverkefni samtals 3.664,0

Stofnkostnaður:
6.10 Nýframkvæmdir 3.637,0
6.21 Landsvegir 67,0
6.40 Tilraunir 78,0
6.43 Safnvegir 196,0
6.45 Styrkvegir 26,0
6.47 Reiðvegir 26,0
6.55 Ferjur og flóabátar 464,0
Stofnkostnaður samtals 4.494,0

Gjöld samtals **8.513,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8.933,0
Viðskiptahreyfingar ..... -420,0

m.kr.

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	394,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,7
6.60 Vitabyggingar	11,5
6.70 Hafnamannvirki	544,5
6.72 Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði	6,0
6.74 Lendingabætur	2,5
6.76 Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	5,0
6.80 Sjóvarnargarðar	51,0
6.90 Hafnabótasjóður, framlag	18,0
Stofnkostnaður samtals	659,2
Gjöld samtals	**1.053,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-118,4
Gjöld umfram tekjur	**935,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.182,7
Innheimt af ríkistekjum	1,3
Viðskiptahreyfingar	-248,5

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	585,0
1.70 Alþjóðaflugþjónusta	772,8
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	61,0
Almennur rekstur samtals	1.418,8
Gjöld samtals	**1.418,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-946,4
Gjöld umfram tekjur	**472,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	438,2
Innheimt af ríkistekjum	34,2

m.kr.

10-472 Flugvellir

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur flugvalla	344,1
Stofnkostnaður:	
6.80 Flugvellir, framkvæmdir	430,0
6.91 Framlag til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar	55,0
Stofnkostnaður samtals	485,0
Gjöld samtals	**829,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,1
Gjöld umfram tekjur	**799,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	712,2
Innheimt af ríkistekjum	86,8

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	17,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,9

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	107,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	41,9
Innheimt af ríkistekjum	65,7

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálaráð	43,9
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	6,0

	m.kr.
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	10,2
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	14,8
1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	68,0
Almennur rekstur samtals	142,9
Gjöld samtals	**142,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,9
Gjöld umfram tekjur	**140,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	140,0

10-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**11.402,2**
Greitt úr ríkissjóði	**11.878,6**
Innheimt af ríkistekjum	**188,0**
Viðskiptahreyfingar	**-664,4**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	61,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,1
Gjöld samtals	**63,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,0

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	52,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,8
Gjöld samtals	**57,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	57,5

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Iðntæknistofnun Íslands	352,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	9,4
Gjöld samtals	**361,8**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -247,9

Gjöld umfram tekjur **113,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 113,9

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 176,3

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,9

Gjöld samtals **181,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -119,6

Gjöld umfram tekjur **61,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,6

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 14,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 117,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,0

m.kr.

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.19 Staðlaráð	23,8
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	5,7
1.30 Alþjóðlegt samstarf	18,9
1.45 Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit	5,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál	33,1
Almennur rekstur samtals	86,5
Gjöld samtals	**86,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,5

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	10,1
1.02 Orkumálasvið	83,2
1.03 Orkurannsóknir	106,6
1.04 Sala rannsókna	180,7
Almennur rekstur samtals	380,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	12,1
Gjöld samtals	**392,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-180,7
Gjöld umfram tekjur	**212,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	212,0

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur Orkusjóðs	2,5
1.11 Nýting innlendra orkulinda	16,8
1.13 Jarðhitaleit	6,0

	m.kr.
1.23 Notendur utan samveitna	2,0
Almennur rekstur samtals	27,3
Stofnkostnaður:	
6.11 Virkjanarannsóknir	50,0
Gjöld samtals	**77,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,3
Innheimt af ríkistekjum	50,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.13 Hafsbotnsrannsóknir	2,0
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun	500,0
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	150,0
1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið	10,0
1.21 Nýskipan orkumála	3,0
Almennur rekstur samtals	665,0
Gjöld samtals	**665,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	665,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.475,8**
Greitt úr ríkissjóði	**1.368,3**
Innheimt af ríkistekjum	**107,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	87,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**87,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,2

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	3,5
1.20 Icepro-nefnd	3,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	8,5
Almennur rekstur samtals	15,0
Gjöld samtals	**15,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Löggildingarstofa	159,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,3
Gjöld samtals	**161,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,3

Gjöld umfram tekjur **144,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,3

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaeftirlitið 234,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,6

Gjöld umfram tekjur **224,4**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 224,4

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara 550,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 550,0

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements 138,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 138,0

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppnisstofnun 94,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,9

	m.kr.
Gjöld samtals	**95,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	95,9

12-999 Ýmis viðskiptamál

Almennur rekstur:	
1.10 Fjárfestingarstofan, almennt svið	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.272,8**
Greitt úr ríkissjóði	**1.048,4**
Innheimt af ríkistekjum	**224,4**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	206,8
1.50 Þjóðskráin	71,2
Almennur rekstur samtals	278,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	24,6
Gjöld samtals	**302,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,3
Gjöld umfram tekjur	**287,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	207,3
Innheimt af ríkistekjum	80,0

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**287,3**
Greitt úr ríkissjóði	**207,3**
Innheimt af ríkistekjum	**80,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	132,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,5
Gjöld samtals	**134,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	134,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	28,9
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6,5
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	11,7
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,8
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	5,0
1.56 Vernd Breiðafjarðar	1,5
1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2,6
1.58 Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	3,0
1.59 Náttúruverndarráð	4,0
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	5,8
Almennur rekstur samtals	109,8
Gjöld samtals	**109,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	109,8

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	4,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 10,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,9

Gjöld umfram tekjur **6,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,1

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 38,2
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 48,5
Almennur rekstur samtals 86,7

Viðhaldsverkefni:
5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 4,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **95,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -26,2

Gjöld umfram tekjur **69,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,5

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðistjóri 46,5

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,5

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:
1.10 Hreindýraráð 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Hollustuvernd ríkisins 175,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 7,5

Gjöld samtals **183,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,6

Gjöld umfram tekjur **165,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 158,0
Innheimt af ríkistekjum 7,5

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 11,1

m.kr.

1.10 Eyðing spilliefna	152,1
Almennur rekstur samtals	163,2
Gjöld samtals	**163,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	163,2

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald	450,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	450,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	121,1
1.11 Mat á umhverfisáhrifum	19,3
1.12 Skipulag miðhálendis	1,6
Almennur rekstur samtals	142,0
Gjöld samtals	**142,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,3
Gjöld umfram tekjur	**128,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	128,7

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	166,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
Gjöld samtals	**174,1**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-56,8
Gjöld umfram tekjur	**117,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	117,3

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Brunamálastofnun ríkisins	73,0
1.10 Námssjóður	3,5
1.20 Brunamálaskóli	9,0
Almennur rekstur samtals	85,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,5
Gjöld samtals	**89,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,0

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Ofanflóðasjóður	500,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	500,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	11,4
1.02 Setur í Reykjavík	109,8
1.03 Setur á Akureyri	32,3
Almennur rekstur samtals	153,5
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	0,5
Gjöld samtals	**154,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -43,5

Gjöld umfram tekjur **110,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 110,5

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað 4,9
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum 4,9
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík 4,9
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi 4,9
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki 4,9
1.15 Náttúrustofa Reykjanesi 1,0
Almennur rekstur samtals 25,5

Gjöld samtals **25,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,5

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 14,3

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

Gjöld samtals **16,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,3

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 348,2
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug 97,6
Almennur rekstur samtals 445,8

m.kr.

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	14,5
Gjöld samtals	**460,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-126,7
Gjöld umfram tekjur	**333,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	333,6

14-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.679,5**
Greitt úr ríkissjóði	**2.672,0**
Innheimt af ríkistekjum	**7,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.300,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11.400,0
Viðskiptahreyfingar	3.900,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**15.300,0**
Greitt úr ríkissjóði	**11.400,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**3.900,0**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.866,0
Rekstrargjöld	1.495,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	16,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**387,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	-74,0
Hagnaður (-tap)	**313,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	313,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	15,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	5,0
Handbært fé frá rekstri	**333,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-5,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	21,0
Greitt til Háskóla Íslands	279,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-300,0**
Breyting á handbæru fé	**28,0**
Handbært fé í ársbyrjun	121,0
Handbært fé í árslok	149,0

m.kr.

22-202 Lyfjabúð Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	130,0
Rekstrargjöld	120,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	0,2
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	2,0
Handbært fé frá rekstri	**2,2**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,9
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,9**
Breyting á handbæru fé	**-0,7**
Handbært fé í ársbyrjun	4,0
Handbært fé í árslok	3,3

m.kr.

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	903,0
Rekstrargjöld	2.567,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	80,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-1.584,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.545,0
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	50,0
Hagnaður (-tap)	**11,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	11,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	330,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-50,0
Handbært fé frá rekstri	**291,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	630,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-630,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	400,0
Afborganir af teknum löngum lánum	50,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**350,0**
Breyting á handbæru fé	**11,0**
Handbært fé í ársbyrjun	193,0
Handbært fé í árslok	204,0

m.kr.

22-973 Þjóðleikhúsið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	115,0
Rekstrargjöld	512,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-3,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-400,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	367,0
Hagnaður (-tap)	**-33,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-33,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	37,0
Handbært fé frá rekstri	**4,0**
Breyting á handbæru fé	**4,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,0
Handbært fé í árslok	5,0

m.kr.

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	37,0
Rekstrargjöld	349,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	11,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-301,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	145,0
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	109,0
Hagnaður (-tap)	**-47,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-47,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	46,0
Handbært fé frá rekstri	**-1,0**
Breyting á handbæru fé	**-1,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4,0
Handbært fé í árslok	3,0

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-101 Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	3.100,0
Rekstrargjöld	2.626,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-4,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**470,0**
Hagnaður (-tap)	**470,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	470,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	35,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-55,0
Handbært fé frá rekstri	**450,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-40,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	410,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-410,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	32,0
Handbært fé í árslok	32,0

m.kr.

23-114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	780,0
Rekstrargjöld	410,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-340,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**30,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	133,0
Hagnaður (-tap)	**163,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	163,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	152,0
Handbært fé frá rekstri	**315,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	609,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-609,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	525,0
Afborganir af teknum löngum lánum	231,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**294,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	68,0
Handbært fé í árslok	68,0

m.kr.

23-118 Ratsjárstofnun

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	745,0
Rekstrargjöld	745,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	31,5
Handbært fé frá rekstri	**31,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	21,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-21,5**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	60,0
Handbært fé í árslok	60,0

m.kr.

23-121 Umsýslustofnun varnarmála

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	120,0
Rekstrargjöld	118,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	3,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**5,0**
Hagnaður (-tap)	**5,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	5,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	3,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-2,5
Handbært fé frá rekstri	**6,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	6,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-6,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	14,0
Handbært fé í árslok	14,0

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	10.140,0
Rekstrargjöld	7.543,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	14,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**2.611,0**
Hagnaður (-tap)	**2.611,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	2.611,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	184,0
Handbært fé frá rekstri	**2.795,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	25,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	2,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-23,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt í ríkissjóð	2.826,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2.826,0**
Breyting á handbæru fé	**-54,0**
Handbært fé í ársbyrjun	990,0
Handbært fé í árslok	936,0

m.kr.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.159,0
Rekstrargjöld	1.220,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-61,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	61,0

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	50,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	20,0
Handbært fé frá rekstri	**70,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	30,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-30,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	50,0
Afborganir af teknum löngum lánum	90,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-40,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4,0
Handbært fé í árslok	4,0

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	4.800,0
Rekstrargjöld	4.880,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-90,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-170,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	150,0
Hagnaður (-tap)	**-20,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-20,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	1.004,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	60,0
Handbært fé frá rekstri	**1.044,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	748,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-728,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	84,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	194,0
Eigið fé	13,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-291,0**
Breyting á handbæru fé	**25,0**
Handbært fé í ársbyrjun	52,0
Handbært fé í árslok	77,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

41 Forsætisráðuneyti, C-hluti

41-221 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	400,0
Fjármagnsgjöld	220,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	15,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	100,0
Hreinar fjármunatekjur	**65,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	202,0
Aðrar rekstrartekjur	10,0
Önnur rekstrargjöld	333,0
Hagnaður (-tap)	**-56,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-56,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	180,0
Handbært fé frá rekstri	**124,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.300,0
Afborganir af veittum löngum lánum	850,0
Áhættufjármunir	50,0
Viðskiptahreyfingar	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-520,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	700,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**400,0**
Breyting á handbæru fé	**4,0**
Handbært fé í ársbyrjun	204,0
Handbært fé í árslok	208,0

m.kr.

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.170,0
Fjármagnsgjöld	2.100,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	476,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	100,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.506,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.810,0
Aðrar rekstrartekjur	1,0
Önnur rekstrargjöld	215,0
Hagnaður (-tap)	**90,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	90,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	180,0
Handbært fé frá rekstri	**270,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.140,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.800,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	16,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.356,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.400,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.100,0**
Breyting á handbæru fé	**14,0**
Handbært fé í ársbyrjun	333,0
Handbært fé í árslok	347,0

m.kr.

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	7,0
Fjármagnsgjöld	0,5
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	2,5
Hreinar fjármunatekjur	**4,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	175,0
Aðrar rekstrartekjur	35,0
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**-36,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-36,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	4,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	**-22,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-17,0**
Handbært fé í ársbyrjun	90,0
Handbært fé í árslok	73,0

m.kr.

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	700,0
Fjármagnsgjöld	650,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	50,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	25,0
Hreinar fjármunatekjur	**-25,0**
Aðrar rekstrartekjur	157,0
Önnur rekstrargjöld	107,0
Hagnaður (-tap)	**25,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	25,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	10,0
Handbært fé frá rekstri	**35,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.200,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-200,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.200,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.200,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**0,0**
Breyting á handbæru fé	**-165,0**
Handbært fé í ársbyrjun	300,0
Handbært fé í árslok	135,0

m.kr.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	270,0
Fjármagnsgjöld	420,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	40,0
Hreinar fjármunatekjur	**-190,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	740,0
Önnur rekstrargjöld	1.090,0
Hagnaður (-tap)	**-540,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-540,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	40,0
Handbært fé frá rekstri	**-500,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	500,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**500,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	750,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.100,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-1.350,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.350,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.420,0
Handbært fé í árslok	70,0

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	11.830,0
Fjármagnsgjöld	11.690,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-57,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	150,0
Hreinar fjármunatekjur	**47,0**
Aðrar rekstrartekjur	72,0
Önnur rekstrargjöld	260,0
Hagnaður (-tap)	**-141,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-141,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	6.995,0
Handbært fé frá rekstri	**6.854,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	23.250,0
Afborganir af veittum löngum lánum	3.490,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-19.760,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	22.620,0
Afborganir af teknum löngum lánum	9.668,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**12.952,0**
Breyting á handbæru fé	**46,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3.500,0
Handbært fé í árslok	3.546,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	42,0
Fjármagnsgjöld	36,6
Framlög í afskriftasjóð útlána	1,4
Hreinar fjármunatekjur	**4,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	180,0
Hagnaður (-tap)	**184,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	184,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	14,0
Handbært fé frá rekstri	**198,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.060,0
Afborganir af veittum löngum lánum	15,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.045,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	870,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**870,0**
Breyting á handbæru fé	**23,0**
Handbært fé í árslok	23,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	53,4
Fjármagnsgjöld	46,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	1,4
Hreinar fjármunatekjur	**6,0**
Hagnaður (-tap)	**6,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	6,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	21,0
Handbært fé frá rekstri	**27,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.165,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.165,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.140,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.140,0**
Breyting á handbæru fé	**2,0**
Handbært fé í árslok	2,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	6.300,0
Fjármagnsgjöld	7.800,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	700,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	220,0
Hreinar fjármunatekjur	**-2.420,0**
Aðrar rekstrartekjur	195,0
Önnur rekstrargjöld	240,0
Hagnaður (-tap)	**-2.465,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-2.465,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	86,0
Handbært fé frá rekstri	**-2.379,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	450,0
Afborganir af veittum löngum lánum	8.974,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	45,0
Uppboðsíbúðir	297,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**8.182,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	5.370,0
Afborganir af teknum löngum lánum	10.950,0
Skyldusparnaður	220,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-5.800,0**
Breyting á handbæru fé	**3,0**
Handbært fé í ársbyrjun	537,0
Handbært fé í árslok	540,0

m.kr.

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti

50-335 Hafnabótasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	51,0
Fjármagnsgjöld	3,5
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	12,5
Hreinar fjármunatekjur	**35,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	18,0
Önnur rekstrargjöld	85,0
Hagnaður (-tap)	**-32,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-32,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	5,0
Handbært fé frá rekstri	**-27,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	30,0
Afborganir af veittum löngum lánum	65,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**35,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	41,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-41,0**
Breyting á handbæru fé	**-33,0**
Handbært fé í ársbyrjun	177,0
Handbært fé í árslok	144,0

m.kr.

50-651 Ferðamálasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	100,0
Fjármagnsgjöld	67,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	2,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	5,0
Hreinar fjármunatekjur	**26,0**
Aðrar rekstrartekjur	3,0
Önnur rekstrargjöld	15,0
Hagnaður (-tap)	**14,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	14,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	5,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	**29,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	130,0
Afborganir af veittum löngum lánum	130,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**0,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	360,0
Afborganir af teknum löngum lánum	425,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-65,0**
Breyting á handbæru fé	**-36,0**
Handbært fé í ársbyrjun	42,0
Handbært fé í árslok	6,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	8,3
Fjármagnsgjöld	4,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	12,0
Hreinar fjármunatekjur	**-7,7**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	77,3
Önnur rekstrargjöld	72,6
Hagnaður (-tap)	**-3,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-3,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	12,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	11,1
Handbært fé frá rekstri	**20,1**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	60,0
Afborganir af veittum löngum lánum	0,5
Áhættufjármunir	6,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-65,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	14,6
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-14,6**
Breyting á handbæru fé	**-60,0**
Handbært fé í ársbyrjun	107,0
Handbært fé í árslok	47,0

m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	300,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	118,0
Hreinar fjármunatekjur	**182,0**
Önnur rekstrargjöld	262,0
Hagnaður (-tap)	**-80,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-80,0
Handbært fé frá rekstri	**-80,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	158,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	3,0
Áhættufjármunir	629,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-474,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Stofnfjárframlag	650,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**650,0**
Breyting á handbæru fé	**96,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4.655,0
Handbært fé í árslok	4.751,0

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	1.597,7
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	3.871,3
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	2.232,2
	Samtals	**7.701,2**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	380,5
	Samtals	**380,5**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	202,3
	01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum	168,9
	Samtals	**371,2**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagsýslugerð	404,3
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta óta	231,5
	Samtals	**635,8**
Almenn opinber þjónusta samtals		**9.088,7**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	4.458,7
	03.1.2 Brunavarnir	89,0
	Samtals	**4.547,7**
03.2	Dómstólar	980,6
03.3	Fangelsi	446,0
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	2.186,1
Löggæsla og öryggismál samtals		**8.160,4**

		m.kr.
04.	**Fræðslumál**	
04.1	Grunnskólastig	643,7
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	5.268,3
	04.2.2 Sérskólastig	1.594,0
	Samtals	**6.862,3**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	6.168,1
	Samtals	**6.168,1**
04.4	Aðrir skólar, óta.	45,3
04.5	Námsaðstoð	194,8
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	567,7
Fræðslumál samtals		**14.481,9**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	21.573,9
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	336,3
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	6.354,1
	Samtals	**28.264,3**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	5.798,4
	05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	175,8
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	810,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	580,0
	Samtals	**7.364,2**
05.4	Lyf og hjálpartæki	4.845,1
05.5	Heilbrigðisrannsóknir	165,5
05.6	Önnur heilbrigðismál	1.049,2
Heilbrigðismál samtals		**41.688,3**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	2.135,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	20.268,0

		m.kr.
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	2.911,9
	06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	4.796,1
	06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	4.257,0
	Samtals	**34.368,0**
06.2	Velferðarmál	
	06.2.1 Barna- og unglingaheimili	317,6
	06.2.3 Málefni fatlaðra	3.082,6
	06.2.4 Önnur velferðarheimili	30,9
	06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	91,5
	06.2.6 Önnur velferðarþjónusta, óta.	811,8
	Samtals	**4.334,4**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals		**38.702,4**
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.1 Húsnæðismál	197,5
	07.1.2 Skipulagsmál	899,3
	Samtals	**1.096,8**
07.3	Hreinsunarmál	
	07.3.1 Almenn hreinsunarmál	450,0
	07.3.2 Mengunarmál	163,2
	Samtals	**613,2**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**1.710,0**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	160,2
	08.0.2 Söfn, listir ofl.	2.479,6
	08.0.3 Fjölmiðlar	1.727,5
	08.0.4 Kirkjumál	2.551,6
	08.0.5 Önnur menningarmál	24,7
	Samtals	**6.943,6**
Menningarmál samtals		**6.943,6**

		m.kr.
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.1	Eldsneytismál	550,0
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	727,3
	09.2.3 Orkumál, óta.	227,0
	Samtals	**954,3**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**1.504,3**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	335,2
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	5.767,6
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	746,9
	10.1.5 Dýralæknisþjónusta	217,6
	10.1.6 Farsóttarvarnir	72,0
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	873,1
	Samtals	**8.012,4**
10.2	Skógræktarmál	230,5
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	36,9
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	1.730,3
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	653,0
	Samtals	**2.420,2**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**10.663,1**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	402,4
11.3	Byggingarstarfsemi	61,6
Iðnaðarmál samtals		**464,0**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	8.493,0
	Samtals	**8.493,0**

	m.kr.
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	935,5
Samtals	**935,5**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	1.702,7
Samtals	**1.702,7**
12.7 Önnur samgöngumál	351,6
Samgöngumál samtals	**11.482,8**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta	140,0
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	1.713,8
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	583,1
13.6 Önnur atvinnumál	445,0
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**2.881,9**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	15.303,6
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	3.200,0
14.0.3 Önnur þjónusta	12.895,0
Samtals	**31.398,6**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**31.398,6**
Heildargjöld samtals	**179.170,0**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 1999

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	57.997
Önnur gjöld	26.183
Sértekjur	-9.425
Rekstrargjöld samtals	**74.755**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Lífeyristryggingar og félagsleg aðstoð	22.400
Sjúkratryggingar	9.040
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.541
Vaxtabætur	4.130
Barnabætur	3.950
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	3.165
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.886
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.810
Framlag til sókna og kirkjugarða	1.746
Ríkisútvarpið	1.545
Aðrar neyslu- og rekstartilfærslur	15.439
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**71.652**
Fjármagnskostnaður	**15.300**
Viðhald	
Vegagerðin	3.664
Annað	659
Viðhald samtals	**4.323**
Fjárfesting	
Vegagerðin	4.494
Heilbrigðisstofnanir	1.092
Háskólar og framhaldsskólar	883
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	680
Hafnaframkvæmdir	659
Ofanflóðasjóður	500
Flugvellir	485
Annað	4.347
Fjárfesting samtals	**13.140**
Gjöld samtals	**179.170**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 1999

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Almanaksgjald	1,7
	Greitt úr ríkissjóði	1,7
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	
	Sérstakur eignarskattur, einstaklingar	155,0
	Sérstakur eignarskattur, lögaðilar	387,0
	Skerðing markaðra tekna	80,0
	Greitt úr ríkissjóði	462,0
02-975	**Menningarsjóður útvarpsstöðva**	
	Menningarsjóðsgjald útvarpsstöðva	130,0
	Greitt úr ríkissjóði	130,0
02-982	**Listir, framlög**	
	Höfundarréttargjald	47,0
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir	1,0
	Fylgiréttargjald í Myndlistarsjóð Íslands	4,0
	Greitt úr ríkissjóði	52,0
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	125,0
	Greitt úr ríkissjóði	125,0
04-211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**	
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 1% á tollverð	3,5
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 2% á tollverð	3,5
	Greitt úr ríkissjóði	7,0
04-233	**Yfirdýralæknir**	
	Gjald vegna matvælaeftirlits Yfirdýralæknis	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	1,0
04-236	**Aðfangaeftirlit ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum, innflutningur og innlend framleiðsla	0,3
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru	1,0
	Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu	2,6
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi	4,5
	Greitt úr ríkissjóði	8,4

04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**	
	Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk	270,0
	Greitt úr ríkissjóði	270,0
04-813	**Framleiðsluráð landbúnaðarins**	
	Hluti af búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu	39,0
	Verðskerðingargjöld landbúnaðarins	77,6
	Greitt úr ríkissjóði	116,6
04-818	**Búnaðarsjóður**	
	Hluti af búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu	187,0
	Greitt úr ríkissjóði	187,0
04-823	**Lánasjóður landbúnaðarins**	
	Hluti af búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu	147,0
	Greitt úr ríkissjóði	147,0
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**	
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	110,0
	Greitt úr ríkissjóði	110,0
04-826	**Stofnverndarsjóður búfjár**	
	Stofnverndarsjóðsgjald búfjár	1,8
	Greitt úr ríkissjóði	1,8
04-827	**Fóðursjóður**	
	Aðflutningsgjöld af fóðri	340,0
	Greitt úr ríkissjóði	340,0
04-829	**Útflutningsgjald á hross**	
	Útflutningsgjald á hross, brúttó	25,0
	Greitt úr ríkissjóði	25,0
04-843	**Fiskræktarsjóður**	
	Gjald af veiðitekjum veiðifélaga	5,7
	Gjald af tekjum vatnsaflstöðva	8,3
	Greitt úr ríkissjóði	14,0
05-204	**Fiskistofa**	
	Vinnsluleyfi	2,0
	Veiðieftirlitsgjald	140,8
	Veiðieftirlitsgjald v. veiða utan lögsögu	32,5
	Gjaldtaka fyrir landamæraeftirlit	4,0
	Gjald v. eftirlits um borð í fiskiskipum	20,0
	Greitt úr ríkissjóði	199,3

05-211	**Kvótaþing**	
	Þóknun Kvótaþings fyrir skráningu á kvótatilboðum	16,0
	Greitt úr ríkissjóði	16,0
05-811	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**	
	Þróunarsjóðsgjald á skip	90,0
	Þróunarsjóðsgjald á aflamark	650,0
	Greitt úr ríkissjóði	740,0
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra	4,0
	Greitt úr ríkissjóði	4,0
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans í Reykjavík	11,0
	Greitt úr ríkissjóði	11,0
06-331	**Umferðarráð**	
	Umferðaröryggiseftirlitsgjald	35,6
	Greitt úr ríkissjóði	35,6
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Vinnueftirlitsgjald, hluti tryggingagjalds	161,0
	Skráning vinnuvéla	0,9
	Greitt úr ríkissjóði	161,9
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**	
	Erfðafjárskattur	480,0
	Skerðing markaðra tekna	245,0
	Greitt úr ríkissjóði	235,0
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	117,0
	Greitt úr ríkissjóði	117,0
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	2.886,0
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	26,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.912,0
08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Hluti tryggingagjalds	12.807,0
	Greitt úr ríkissjóði	12.807,0

08-385	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	530,0
	Greitt úr ríkissjóði	530,0
08-395	**Lyfjaeftirlit ríkisins**	
	Lyfjaeftirlitsgjald	20,6
	Greitt úr ríkissjóði	20,6
08-396	**Lyfjanefnd**	
	Ýmis leyfi lyfjanefndar	34,3
	Skráning sérlyfja/samhliða lyfja/náttúrurlyfja	11,6
	Árgjald lyfja	1,2
	Greitt úr ríkissjóði	47,1
08-621	**Forvarnasjóður**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	48,0
	Greitt úr ríkissjóði	48,0
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	
	Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	49,0
	Greitt úr ríkissjóði	49,0
10-211	**Vegagerðin**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	5.485,0
	Þungaskattur af díselbifreiðum, kílómetragjald	2.304,0
	Þungaskattur, fast árgjald	1.144,0
	Greitt úr ríkissjóði	8.933,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	168,7
	Vitagjald	65,0
	Skipagjald	60,0
	Greitt úr ríkissjóði	293,7
10-471	**Flugmálastjórn**	
	Afgreiðslugjöld fyrir þjónustu loftferðaeftirlits	4,3
	Greitt úr ríkissjóði	4,3
10-472	**Flugvellir**	
	Flugvallargjald	598,0
	Greitt úr ríkissjóði	598,0
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Rekstrargjald vegna starfssemi á sviði póst- og fjarskipta	41,9
	Greitt úr ríkissjóði	41,9

11-245	**Samtök iðnaðarins**	
	Iðnaðarmálagjald	117,0
	Greitt úr ríkissjóði	117,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Staðlaráðsgjald	20,0
	Greitt úr ríkissjóði	20,0
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Ice-Pro nefnd, hlutfall af gjaldstofni tryggingargjalds	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
12-302	**Löggildingarstofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	25,0
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana	85,0
	Greitt úr ríkissjóði	110,0
12-811	**Flutningssjóðir olíuvara og sements**	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	550,0
	Flutningsjöfnunargjald af sementi	138,0
	Greitt úr ríkissjóði	688,0
14-210	**Veiðistjóri**	
	Gjald af veiðikorti	17,0
	Greitt úr ríkissjóði	17,0
14-213	**Hreindýraráð**	
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða	1,5
	Veiðileyfi hreindýraráðs	4,5
	Greitt úr ríkissjóði	6,0
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	
	Gjald v. vinnslu starfsleyfa v. mengunar	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	1,0
14-285	**Spilliefnasjóður**	
	Spilliefnagjald	163,2
	Greitt úr ríkissjóði	163,2
14-289	**Endurvinnslan hf., skilagjald**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	450,0
	Greitt úr ríkissjóði	450,0
14-301	**Skipulagsstofnun**	
	Skipulagsgjald	105,0
	Greitt úr ríkissjóði	105,0

14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Birtingarleyfi af kortum	2,6
	Greitt úr ríkissjóði	2,6
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Brunavarnargjald	100,0
	Skerðing markaðra tekna	11,0
	Greitt úr ríkissjóði	89,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	500,0
	Greitt úr ríkissjóði	500,0
	Heildartekjur	**32.410,7**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**32.074,7**
	Mismunur, skerðing	**336,0**

Séryfirlit 4

Lögbundin framlög 1999

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
01-301	**Lýðveldissjóður**	
	Lögbundið framlag	100,0
	Greitt úr ríkissjóði	100,0
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	159,7
	Greitt úr ríkissjóði	159,7
02-982	**Listir, framlög**	
	Rithöfundalaun	17,8
	Greitt úr ríkissjóði	17,8
04-981	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**	
	Framlag til markaðssetningar á vistvænni framleiðslu	25,0
	Greitt úr ríkissjóði	25,0
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	114,0
	Greitt úr ríkissjóði	114,0
06-733	**Kirkjugarðsgjöld**	
	Kirkjugarðsgjöld	435,0
	Kirkjugarðssjóður	18,0
	Greitt úr ríkissjóði	453,0
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	1.110,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.110,0
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	183,0
	Greitt úr ríkissjóði	183,0
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	2.885,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.885,0

08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	36,1
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	46,1
	Lögbundin framlög alls	**5.093,6**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**5.093,6**
	Mismunur, skerðing	**0,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, auk töfluyfirlita um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sjö lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og fjórum séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í sundurliðun 1. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A-hluta er sýnd í sundurliðun 2.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður, en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja og lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í sundurliðunum 3 og 4.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. eru sýndar ákvarðanir um skerðingu á mörkuðum tekjustofnum og á ýmsum framlögum sem háð eru ákvæðum annarra laga. Sú skerðing tekna og framlaga sem hér um ræðir er í samræmi við ákvæði annarra greina laganna.
- Í 7. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármál. Þar kemur fyrst málaflokkaskipting gjalda í A-hluta í samræmi við alþjóðlega staðla og síðan hagræn skipting gjalda í rekstur, rekstrartilfærslur, fjármagnskostnað, viðhald og fjárfestingu. Enn fremur er eitt yfirlit yfir markaðar tekjur og annað yfir lögbundin framlög.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlun einstakra tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lántökur, endurlán og ábyrgðir, en almenna umfjöllun um lánsfjármál er að finna í fyrri hluta frumvarpsins.
- Í sjöunda kafla er gerð grein fyrir skerðingarákvæðum.
- Í áttunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.

Að lokum er í fylgiskjali birt yfirlit yfir lagabreytingar.

Vakin er athygli á því að fyrirhugað er að efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, verði birt á vef fjármálaráðuneytisins um miðjan október. Veffang fjármálaráðuneytisins er *www.stjr.is/fjr*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einungis er tæpt á meginatriðunum, en nánar er fjallað um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni, bæði fyrri og síðari hluta.

Afkoma ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs haldi áfram að batna á árinu 1999. Tekjuafgangur ríkissjóðs, að teknu tilliti til bókfærðra lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs, er talinn nema 1,9 milljörðum króna. Afkoman á rekstrargrunni batnar því um tæplega 5 milljarða króna frá endurskoðaðri áætlun yfirstandandi árs.

Meginforsenda fjárlagafrumvarpsins er að hagstætt árferði verði nýtt til að greiða niður skuldir ríkissjóðs og gerir frumvarpið ráð fyrir að lánsfjárafgangur ríkissjóðs geti numið um 15 milljörðum króna á árinu 1999.

Afkoma ríkissjóðs 1998-1999

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999	Breyting frá áætlun
Tekjur	165.810	174.900	181.075	6.175
Gjöld	165.677	177.700	179.170	1.470
Tekjujöfnuður	**133**	**-2.800**	**1.905**	**4.705**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi [1]	891	12.704	5.658	-7.046
Handbært fé frá rekstri	**1.024**	**9.904**	**7.563**	**-2.341**
Fjármunahreyfingar [2]	3.785	4.770	7.475	2.705
Hreinn fjármagnsjöfnuður	**4.809**	**14.674**	**15.038**	**364**

1) Til þess að fá mat á sjóðsstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

2) Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

Lánveitingar ríkissjóðs til ríkisfyrirtækja, sjóða eða aðila utan ríkisins hafa farið ört minnkandi á síðustu árum. Fyrirtæki og sjóðir hafa verið seld eða gerð að hlutafélögum sem taka lán án ríkisábyrgðar. Á árinu 1999 er áætlað að endurlán ríkissjóðs nemi alls um 5,2 milljörðum króna. Innheimtar afborganir af áður lánuðu fé nema 7 milljörðum króna. Í fyrsta sinn skila lánveitingar ríkissjóðs því nettó innstreymi í ríkissjóð, eða sem nemur um 1,8 milljörðum króna. Ráðgerð er sala hlutabréfa og annarra eigna að fjárhæð 7 milljarðar

króna. Áform um ný hluta- eða stofnfjárframlög nema alls um 900 m.kr. á árinu 1999. Af þeirri fjárhæð fara 650 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Gangi þessi áform eftir munu heildarskuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lækka úr 49% í lok árs 1996 í 34% í árslok 1999. Með þessu móti munu ríkisfjármálin draga verulega úr áhrifum mikils viðskiptahalla á efnahagslífið og stuðla að auknum stöðugleika.

Tekjuhlið. Áframhaldandi hagvöxtur og umsvif í efnahagslífinu skila sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Áætlað er að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1999 verði rúmlega 181 milljarður króna, eða um 6 milljörðum króna hærri en á árinu 1998. Þar af má rekja 2,7 milljarða króna til veltuskatta og 2,1 milljarð króna til tekna af tekjuskatti einstaklinga þrátt fyrir 1% lækkun á skatthlutfallinu um næstu áramót, en hún kostar um 1,5 milljarða króna. Loks skilar tryggingagjald um ½ milljarði í auknar tekjur.

Annað árið í röð er gert ráð fyrir miklum tekjum af sölu eigna. Stefnt er m.a. að því að ljúka sölu á hlutabréfum ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Íslenskum aðalverktökum. Einungis söluhagnaðurinn er færður á tekjuhlið, en miðað er við að hann nemi alls 2,4 milljörðum króna á árinu 1999.

Gjaldahlið. Heildarútgjöld á árinu 1999 eru áætluð 179,2 milljarðar króna á rekstrargrunni og hækka um 1,5 milljarða króna frá áætlun yfirstandandi árs, en um 13,5 milljarða króna frá fjárlögum 1998. Að frátöldum lífeyrissjóðsskuldbindingum hækka útgjöldin um 5,5 milljarða króna milli ára, eða um 3,3%. Til samanburðar má nefna að hagvöxtur er talinn verða um 5% og verðmæti landsframleiðslunnar eykst um 7,5% á milli ára.

Helstu áhersluatriði á gjaldahlið eru þessi:

- Útgjöld til samgöngumannvirkja aukast um tæplega 1 milljarð króna milli ára, þar af um 800 m.kr. til vegamála. Í fyrsta sinn í langan tíma er gengið út frá óskertum framkvæmdaáætlunum í vegamálum, hafnamálum og flugmálum.

- Útgjöld til heilbrigðismála hækka verulega. Sérstök áhersla er lögð á fjölgun hjúkrunarrýma. Ráðgert er að taka í notkun allt að 120 ný hjúkrunarrými á næsta ári í Reykjavík, Hveragerði, Garðabæ og víðar. Framlag til stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík er enn aukið að raungildi. Þá eykst áfram þjónusta fyrir fatlaða þar sem þörfin er brýnust og meðferðarrýmum Barnaverndarstofu fyrir 16-18 ára unglinga.

- Útgjöld til rannsókna og þróunarmála aukast um 520 m.kr. Til verkefna tengdum íslenska upplýsingasamfélaginu er sérstaklega varið 320 m.kr. Um er að ræða fyrsta skrefið í að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar á þessu sviði. Þá er 65 m.kr. framlag til rannsókna á sviði upplýsinga- og umhverfismála og 50 m.kr. til virkjanarannsókna. Í báðum tilvikum

er um áætlanir til langs tíma að ræða og mun fast að 1 milljarði króna verða varið til þeirra á næstu 7 árum.

- Framlög úr ríkissjóði sem varið verður til undirbúnings fyrirhugaðra menningarviðburða á árinu 2000, nema alls um 260 m.kr. á næsta ári og er það 160 m.kr. hækkun frá því sem verður á yfirstandandi ári. Hér er um að ræða 1000 ára kristnitökuhátíð, 1000 ára afmæli landafunda Íslendinga í Vesturheimi og verkefnið Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000.

- Ný stofnun, Íbúðalánasjóður, tekur við af Húsnæðisstofnun ríkisins og er gert ráð fyrir að sjóðurinn standi undir útlánum án framlags úr ríkissjóði. Stuðningur ríkisins við húseigendur verður með greiðslu vaxtabóta og er gert ráð fyrir að þær hækki þegar á næsta ári um 300 m.kr. Á árinu 1999 mun ríkissjóður að auki, samkvæmt bráðabirgðaákvæði, veita Íbúðalánasjóði 180 m.kr. framlag til að standa undir vaxtamun á útlánum og teknum lánum til leiguíbúða.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjur ríkissjóðs á árinu 1998 og tekjuáætlun fyrir árið 1999. Fyrst eru dregnar saman helstu niðurstöður. Í öðrum hluta er gerð grein fyrir tekjum ríkissjóðs á árinu 1998 og helstu frávikum frá áætlun fjárlaga. Í síðasta hlutanum er fjallað um áætlun tekna fyrir árið 1999. Umfjöllun um tekjur ríkissjóðs í þessum kafla miðast við rekstrargrunn sem sýnir álagðar tekjur á viðkomandi ári án tillits til þess hvenær þær innheimtast. Um frekari sundurliðun á einstökum tekjustofnum vísast til viðauka.

2.1 Helstu niðurstöður

Breytt framsetning fjárlaga. Við undirbúning og gerð fjárlaga fyrir árið 1998 var í fyrsta sinn miðað við gjörbreytta uppgjörsaðferð í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins sem samþykkt voru vorið 1997. Meginbreytingin felst annars vegar í því að fjárlög eru nú sett fram á sama grunni og ríkisreikningur, þ.e. rekstrargrunni. Hins vegar var flokkun ríkisaðila endurskoðuð sem leiddi til mikillar fjölgunar tekjuliða í fjárlögum þar sem nú eru meðal annars ýmsar tekjur sem áður töldust til sértekna ýmissa stofnana færðar til tekna ríkissjóðs. Með þessum breytingum verður samanburður við fyrri ár afar erfiður. Hér á eftir er því fyrst og fremst horft til samanburðar við áætlun fjárlaga 1998 annars vegar og endurskoðaða áætlun hins vegar.

Tekjuhorfur 1998. Þegar fjárlög fyrir árið 1998 voru afgreidd í lok síðasta árs var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs yrðu 165,8 milljarðar króna. Í þeirri áætlun var gengið út frá þjóðhagsspá sem í meginatriðum var birt í þjóðhagsáætlun í október 1997. Þessi spá hefur nú verið endurskoðuð og sýnir allbreytta mynd frá því sem áður var áætlað eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Þannig er nú talið að heildartekjur ríkissjóðs verði rúmlega 9 milljörðum króna hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má nær alfarið rekja til mun meiri umsvifa í efnahagslífinu en búist var við í lok síðasta árs. Sérstaklega hefur innflutningur aukist og er þess nú vænst að virðisaukaskattur af innflutningi verði rúmlega 6 milljörðum króna meiri en áætlað var. Jafnframt eru launabreytingar mun meiri en ráðgert var og munu tekjuskattar einstaklinga skila 2,1 milljarði króna meira en áætlað var og tryggingagjöld um 0,7 milljörðum króna meira. Í heild er því talið að tekjur ríkissjóðs á árinu 1998 verði rétt tæplega 175 milljarðar króna.

Þjóðhagsforsendur tekjuáætlunar

Magnbreyting, %	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999
Einkaneysla	5,0	10,0	5,0
Samneysla	3,0	3,0	3,0
Fjárfesting	1,3	27,3	-10,0
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	3,9	11,9	1,5
Útflutningur vöru og þjónustu	4,6	1,5	8,5
Innflutningur vöru og þjónustu	5,9	22,6	0,0
Landsframleiðsla	3,5	5,2	4,6
Vísitala neysluverðs	3,0	1,6	2,0
Ráðstöfunartekjur á mann	8,0	10,6	6,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	4,9	8,9	4,4

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 1999. Þrátt fyrir að reiknað sé með áframhaldandi hagvexti er búist við að hægi töluvert á neysluaukningunni frá fyrra ári. Í heild er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 181 milljarður króna á árinu 1999 sem er um 6 milljarða aukning frá áætlun ársins 1998. Búist er við um 2,1 milljarðs króna aukningu í tekjusköttum einstaklinga, 0,5 milljarða króna hækkun á tryggingagjöldum og um 2,7 milljarða króna aukningu í veltusköttum. Samkvæmt þessu lækka skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu úr 27,3% árið 1998 í 26,4% á árinu 1999, eða um tæplega 1%, og gætir hér meðal annars áhrifa lækkunar tekjuskatts einstaklinga í upphafi næsta árs.

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs árið 1998

Þær stærðir sem mestu ráða um tekjur ríkissjóðs eru kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna, þ.e. heildartekjur að teknu tilliti til verðlagsþróunar og skattbreytinga, einkaneysla og almennur innflutningur. Allar þessar stærðir hafa tekið verulegum breytingum frá því sem áður var gert ráð fyrir. Samkvæmt nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar eykst kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna um 9% á árinu í stað 5% samkvæmt forsendum fjárlaga. Þessa aukningu má rekja til hækkunar launa samkvæmt kjarasamningum, lækkunar tekjuskatts og minnkandi atvinnuleysis. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að einkaneysla heimilanna aukist mun meira en áður var spáð, eða um 10% í stað 5,0%. Neysluaukningin kemur meðal annars fram í stórauknum innflutningi, einkum bifreiða og ýmissa heimilistækja auk þess sem ferðalög til útlanda hafa aukist. Þjóðhagsstofnun áætlar að almennur vöruinnflutningur aukist um 26% á árinu í stað 4,4% eins og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Í heild er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði rúmlega 9 milljörðum króna hærri en áætlun fjárlaga, eða um 175 milljarðar króna. Hér á eftir verður nánar fjallað um frávik einstakra liða frá áætlun fjárlaga.

Skipting ríkissjóðstekna 1998

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frávik frá fjárlögum
1. Skatttekjur	**149.399**	**158.503**	**9.104**
Skattar á tekjur og hagnað	37.937	40.056	2.119
Tryggingagjöld og launaskattar	15.295	15.946	651
Eignarskattar	8.059	8.043	-16
Skattar á vöru og þjónustu	87.803	94.153	6.350
Aðrir skattar	305	305	0
2. Aðrar rekstrartekjur	**12.787**	**12.894**	**107**
3. Sala eigna	**2.721**	**2.600**	**-121**
5. Fjárframlög	**903**	**903**	**0**
Heildartekjur ríkissjóðs	**165.810**	**174.900**	**9.090**

Skattar á tekjur og hagnað. Búist er við að tekjuskattur einstaklinga skili um 2,1 milljarði króna í auknar tekjur á árinu 1998 umfram áætlun fjárlaga. Þessi hækkun stafar alfarið af meiri launabreytingum og minna atvinnuleysi en áður var gert ráð fyrir. Þar sem álagningu á lögaðila vegna ársins 1997 verður ekki lokið fyrr en í október er ekki tilefni til að endurskoða fyrri áætlun fyrr en við afgreiðslu fjárlaga. Því er ekki reiknað með breytingu á tekjuskatti lögaðila frá áætlun fjárlaga að svo stöddu.

Tryggingagjöld. Meiri launabreytingar en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga er meginskýring þess að tryggingagjöld eru talin verða tæplega 700 m.kr. hærri en í áætlun fjárlaga.

Eignarskattar. Búist er við að eignarskattar einstaklinga hækki um 160 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Á móti vega um 180 m.kr. minni tekjur af stimpilgjaldi. Ekki er vænst breytinga á eignarsköttum lögaðila að svo stöddu. Því bendir allt til að tekjur ríkissjóðs af eignarsköttum verði í samræmi við áætlun fjárlaga.

Skattar á vörur og þjónustu. Ráðgert er að heildartekjur ríkissjóðs af sköttum á vöru og þjónustu muni aukast um 6,4 milljarða króna frá áætlun fjárlaga. Þessi aukning skýrist fyrst og fremst af mun meiri innflutningi en spáð var. Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar eykst almennur innflutningur á vörum um 26% á árinu 1998 í stað 4,4% í forsendum fjárlaga. Af þessum ástæðum er talið að tekjur af virðisaukaskatti verði tæplega 5,8 milljörðum króna meiri en í áætlun fjárlaga. Það sem af er árinu hefur bifreiðainnflutningur verið um 25% meiri en á sama tíma á síðasta ári, en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að aukningin yrði um 8%. Því er gert ráð fyrir að tekjur af vörugjöldum af bifreiðum aukist um rúmlega 300 m.kr. Jafnframt aukast tekjur ríkissjóðs af öðrum innflutningsgjöldum. Vegna lækkandi heimsmarkaðsverðs á bensíni er hins vegar gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af

vörugjaldi af bensíni lækki um 200 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Aukinn fjöldi díselbifreiða hefur í för með sér að tekjur af þungaskatti verða um 100 m.kr. umfram áætlun fjárlaga.

Aðrar tekjur. Á heildina litið má ætla að aðrar tekjur ríkissjóðs verði nokkurn veginn í samræmi við áætlun fjárlaga. Talið er að arðgreiðslur verði um 130 m.kr. umfram áætlun, en á móti vega minni vaxtatekjur og ívið minni tekjur af sölu eigna.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 1999

Áætlun frumvarpsins um tekjur ríkissjóðs árið 1999 gerir ráð fyrir að þær skiptist eins og sýnt er í yfirlitinu hér að neðan:

Skipting ríkissjóðstekna 1999

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999	Breyting milli ára 1998-1999
1. Skatttekjur	**149.399**	**158.503**	**164.133**	**5.629**
Skattar á tekjur og hagnað	37.937	40.056	42.083	2.027
Þar af einstaklingar	*30.581*	*32.700*	*34.820*	*2.120*
Þar af lögaðilar	*6.956*	*6.956*	*6.963*	*7*
Tryggingagjöld og launaskattar	15.295	15.946	16.490	544
Eignarskattar	8.059	8.043	8.367	324
Skattar á vörur og þjónustu	87.803	94.153	96.863	2.710
Virðisaukaskattur	*53.936*	*59.710*	*61.470*	*1.760*
Vörugjöld	*20.832*	*21.322*	*21.870*	*548*
Aðrir sértækir veltuskattar	*6.749*	*6.749*	*6.882*	*133*
Bifreiðaskattar	*5.360*	*5.445*	*5.720*	*275*
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	*926*	*926*	*920*	*-6*
Aðrir skattar	305	305	330	25
2. Aðrar rekstrartekjur	**12.787**	**12.894**	**13.750**	**856**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.120	2.249	2.465	216
Vaxtatekjur	6.815	6.734	6.994	260
Neyslu og leyfisgjöld	3.297	3.297	3.656	359
Sektir og fleira	555	614	635	21
3. Sala eigna	**2.721**	**2.600**	**2.416**	**-184**
4. Fjármagnstilfærslur	**0**	**0**	**50**	**50**
5. Fjárframlög	**903**	**903**	**728**	**-175**
Heildartekjur ríkissjóðs	**165.810**	**174.900**	**181.075**	**6.176**

Horfur fyrir árið í heild. Vænst er áframhaldandi aukinna umsvifa í efnahagslífinu á árinu 1999. Þannig er nú spáð um 4,6% hagvexti, sem er heldur minna en í ár. Jafnframt er spáð minni aukningu einkaneyslu en á yfirstandandi ári, eða um 5%, samanborið við 10% aukningu árið 1998. Þá er búist við að fjárfesting dragist saman um 10% á árinu samanborið við um 27% aukningu árið 1998. Almennur vöruinnflutningur er talinn geta dregist saman um tæplega 1% á næsta ári, samanborið við 26% aukningu milli áranna 1997 og

1998. Verðbólga er talin verða um 2% á árinu 1999 og kaupmáttur ráðstöfunartekna er talinn aukast um 4,4% sem er um helmingur þess sem spáð er fyrir árið 1998.

Miðað við þessar þjóðhagsforsendur er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs verði um 164 milljarðar króna á árinu 1999, eða um 5,6 milljörðum króna hærri en í ár. Þess er vænst að heildartekjur ríkissjóðs aukist um rúmlega 6 milljarða króna milli ára og verði um 181 milljarður króna á árinu 1999. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu tekjuliðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Gert er ráð fyrir að álagðir skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og fyrirtækja geti numið rúmlega 42 milljörðum króna á árinu 1999, samanborið við um 40 milljarða króna árið 1998.

Skattar á tekjur og hagnað

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999	Breyting milli ára 1998-1999
Einstaklingar	30.581	32.700	34.820	2.120
Tekjuskattur einstaklinga	*28.546*	*30.320*	*32.210*	*1.890*
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	*580*	*550*	*770*	*220*
Fjármagnstekjuskattur	*950*	*1.300*	*1.300*	*0*
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	*505*	*530*	*540*	*10*
Fyrirtæki	*6.956*	*6.956*	*6.963*	*7*
Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	400	400	300	-100
Samtals	**37.937**	**40.056**	**42.083**	**2.027**

Einstaklingar. Um næstu áramót kemur til framkvæmda lokaáfangi lækkunar tekjuskatts einstaklinga sem ákveðin var vorið 1997 í tengslum við gerð kjarasamninga. Samkvæmt því mun skatthlutfallið lækka um 1% og hefur þá lækkað úr 30,4% á árinu 1996 í 26,4% árið 1999. Að meðtöldu útsvari til sveitarfélaga nemur staðgreiðsluhlutfall tekjuskatts því rétt um 38% á næsta ári samanborið við 42% árið 1996. Enn fremur kemur til framkvæmda um næstu áramót heimild til þess að undanþiggja frá skatti 2% viðbótarframlag einstaklings í lífeyrissjóð, þ.e. umfram þau 4% sem þegar eru undanþegin tekjuskatti. Gert er ráð fyrir að í heild muni álagðir skattar á tekjur og hagnað einstaklinga hækka um rúma 2 milljarða króna milli ára og nema tæplega 35 milljörðum króna á árinu 1999. Áætlun um tekjuskatta einstaklinga tekur mið af áætluðum launahækkunum milli ára, samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar, og þeim breytingum á tekjuskatti einstaklinga sem hér hafa verið nefndar. Talið er að laun hækki um 6% að meðaltali á milli áranna 1998 og 1999. Á móti vegur 1% lækkun á tekjuskattshlutfallinu í ársbyrjun. Reiknað er með að álagðir tekjuskattar einstaklinga verði 32,2 milljarðar króna árið 1999 samanborið við 30,3 milljarða króna árið 1998. Vegna mikilla launahækkana á yfirstandandi ári er því spáð að álagður hátekjuskattur hækki um 40% milli ára og verði 770 m.kr. Gert er ráð fyrir að álagður fjár-

magnstekjuskattur verði 1,3 m.kr. árið 1999 líkt og á árinu 1998. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra breytist lítið milli ára og er talið nema 540 m.kr á árinu 1999.

Fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að álagðir tekjuskattar á fyrirtæki verði um 7 milljarðar króna árið 1999 sem er svipuð upphæð og á yfirstandandi ári. Áætlað er að almennt hækki tekjuskattur fyrirtækja í takt við þróun landsframleiðslu. Á móti vegur að gert er ráð fyrir að greiðslur álversins verði heldur lægri en á yfirstandandi ári. Að svo stöddu er því ekki spáð hækkun á tekjusköttum fyrirtækja á næsta ári. Hér er rétt að ítreka það sem áður var nefnt að álagningu á lögaðila á yfirstandandi ári er ekki lokið og því kann þessi áætlun að breytast.

Tryggingagjöld og launaskattar. Talið er að heildartekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum og launasköttum verði um 16,5 milljarðar króna árið 1999 og er það rúmlega 500 m.kr. króna hækkun frá yfirstandandi ári. Tekjur af almennu tryggingagjaldi sem fer til að mæta fjárþörf almannatrygginga hækka um nálægt 1 milljarð króna í samræmi við fyrirliggjandi spá um launahækkanir. Þar sem spáð er minna atvinnuleysi á næsta ári er gert ráð fyrir lækkun atvinnutryggingagjalds sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs, en á móti vegur hækkun á gjaldstofni í samræmi við almennar launahækkanir og gjaldið lækkar því um 200 m.kr. milli ára. Loks er reiknað með að tekjur af ábyrgðargjaldi launa hækki í samræmi við launahækkanir.

Eignarskattar. Gert er ráð fyrir að álagðir eignarskattar nemi um 8,4 milljörðum króna árið 1999 sem er rúmlega 300 m.kr. hækkun frá árinu 1998. Eignarskattar heimilanna eru taldir hækka um 100 m.kr. milli ára, í rúmlega 2 milljarða króna. Jafnframt er búist við svipaðri hækkun á eignarsköttum fyrirtækja og að álagning þeirra nemi um 2,3 milljörðum króna. Erfðafjárskattur er talinn skila svipaðri upphæð og á yfirstandandi ári, en tekjur af stimpilgjaldi hækka lítillega og verða tæplega 2,7 milljarðar króna samkvæmt þessari áætlun. Loks er þess vænst að tekjur af ýmsum sértækum eignarsköttum hækki lítillega, einkum vegna hækkunar á þróunarsjóðsgjaldi, en það er talið skila um 650 m.kr. tekjum.

Eignarskattar

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999	Breyting milli ára 1998-1999
Eignarskattur einstaklinga	1.816	1.950	2.059	109
Eignarskattar lögaðila	2.174	2.174	2.256	82
Erfðafjárskattur	450	480	480	0
Stimpilgjöld	2.805	2.625	2.678	53
Sértækir eignarskattar	814	814	894	80
Samtals	**8.059**	**8.043**	**8.367**	**323**

Skattar á vöru og þjónustu. Skattar á vöru og þjónustu eru taldir verða um 97 milljarðar króna á árinu 1999, eða tæplega 3 milljörðum hærri en á árinu 1998. Álagning þessara skatta endurspeglar almenn efnahagsumsvif á hverjum tíma, einkum þróun neysluútgjalda heimilanna og almenns vöruinnflutnings. Tiltölulega lítil hækkun milli áranna 1998 og 1999 stafar alfarið af því að spáð er að verulega dragi úr aukningu þjóðarútgjalda og almennur innflutningur er beinlínis talinn geta dregist lítillega saman. Auk þess eru verðbreytingar litlar, eða á bilinu 1-2%.

Skattar á vöru og þjónustu

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999	Breyting milli ára 1998-1999
Virðisaukaskattur	53.936	59.710	61.471	1.761
Vörugjöld	20.833	21.174	21.870	697
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	*2.035*	*2.121*	*2.297*	*176*
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	*675*	*690*	*710*	*20*
Vörugjald af ökutækjum	*4.100*	*4.435*	*4.257*	*-178*
Vörugjald af bensíni	*2.150*	*1.950*	*1.975*	*25*
Sérstakt vörugjald af bensíni	*5.120*	*5.120*	*5.483*	*363*
Flutningsjöfnunargjöld	*682*	*682*	*688*	*7*
Áfengisgjald	*4.660*	*4.765*	*4.769*	*4*
Ýmis vörugjöld	*1.411*	*1.411*	*1.691*	*280*
Hagnaður af einkasölu ÁTVR	2.916	2.916	2.860	-56
Tollar og aðflutningsgjöld	2.359	2.509	2.634	125
Sértækir skattar á vöru og þjónustu	1.473	1.473	1.388	-86
Bifreiðaskattar	5.360	5.445	5.720	275
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	926	926	920	-6
Samtals	**87.803**	**94.153**	**96.863**	**2.710**

Virðisaukaskattur. Virðisaukaskattur skilar um 60 milljörðum króna, eða um þriðjungi heildartekna ríkissjóðs, og er því langstærsti tekjustofn ríkissjóðs. Áætlað er að álagður virðisaukaskattur muni nema um 61,5 milljörðum króna á árinu 1999, eða 1,8 milljörðum króna meira en í ár. Þessi áætlun tekur mið af spá Þjóðhagsstofnunar um almennar verð- og veltubreytingar á næsta ári. Gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um 5% á árinu sem er um helmingur þess sem spáð er fyrir yfirstandandi ár og að almennur vöruinnflutningur verði sem næst óbreyttur eða dragist jafnvel aðeins saman á árinu 1999, samanborið við um fjórðungs aukningu árið 1998.

Almenn vörugjöld. Gert er ráð fyrir að almenn vörugjöld skili um 3 milljörðum króna til ríkissjóðs á árinu 1999 sem um 200 m.kr. aukning frá yfirstandandi ári. Þar af eru um 2,3 milljarðar króna vegna innflutnings, en um 700 m.kr. vegna innlendrar framleiðslu.

Vörugjald af ökutækjum. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af innflutningi bifreiða verði tæplega 4,3 milljarðar króna á árinu 1999. Það er tæplega 200 m.kr. lægri upphæð en spáð er fyrir árið 1998 þar sem gert er ráð fyrir að heldur dragi úr innflutningi bifreiða á árinu 1999. Í áætlun ársins 1999 er búist við að fluttar verði inn um 14.700 bifreiðar sem er 4% samdráttur frá endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1998.

Vörugjald af bensíni. Þetta gjald leggst á innflutningsverð á bensíni. Miðað við óbreytt heimsmarkaðsverð og lítils háttar aukningu í sölu er gert ráð fyrir að álagningin skili tæplega 2 milljörðum króna á árinu 1999, eða ívið hærri fjárhæð en á þessu ári.

Sérstakt vörugjald af bensíni. Gjaldstofninn er ákveðin krónutala á hvern lítra af seldu bensíni og renna tekjurnar til Vegagerðarinnar. Samkvæmt vegáætlun sem samþykkt var síðastliðið vor á Alþingi er gert ráð fyrir nokkurri hækkun markaðra tekjustofna til Vegagerðar (bensíngjalds og þungaskatts) umfram verðlag á þessu og næsta ári til þess að fjármagna auknar vegaframkvæmdir. Á þessum forsendum eru áætlaðar tekjur af bensíngjaldi um 5,5 milljarðar króna á árinu 1999, eða um 400 m.kr. hækkun frá árinu 1998.

Ýmis vörugjöld. Stærsti hluti þessara gjalda eru ýmis vörugjöld sem tengjast landbúnaði auk skilagjalds á einnotaumbúðir og spilliefnagjalds. Búist er við að heildarálagning þessara gjalda nemi um 1,7 milljörðum króna árið 1999, um 300 m.kr. meira en 1998. Meginskýring þessarar hækkunar er að verðtilfærslugjald á mjólk, sem nemur 270 m.kr., er nú í fyrsta sinn fært sem ríkistekjur. Auk þess hækkar skilagjald á einnotaumbúðir um 50 m.kr. milli ára.

Hagnaður af einkasölu ÁTVR. Stærsti hluti þessara tekna er tóbaksgjald sem ÁTVR innheimtir fyrir ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af tóbakssölu verði um 2,9 milljarðar króna árið 1999, eða ívið lægri en á árinu 1998 þar sem reiknað er með nokkrum samdrætti í sölu tóbaks.

Tollar og aðflutningsgjöld. Ráðgert er að tekjur af almennum tollum nemi um 2,6 milljörðum króna árið 1999 sem er um 100 m.kr. aukning milli ára. Áætlað er að tollar af fóðri sem renna í fóðursjóð nemi um 340 m.kr. sem er álíka upphæð og á árinu 1998.

Sértækir skattar á vöru og þjónustu. Í heild er áætlað að þessir skattar skili 1,4 milljörðum króna á árinu 1999, eða heldur minna en 1998. Lækkunin stafar af því að

skemmtanaskattur hefur nú verið felldur niður, en hann féll undir þennan tekjuflokk. Stærstu tekjuliðirnir eru flugvallargjald og ofanflóðasjóðsgjald sem nema samtals um 1,1 milljarði króna.

Bifreiðaskattar. Bifreiðaskattar eru tvíþættir, bifreiðagjöld og þungaskattur. Samanlagt er áætlað að þessi gjöld skili 5,7 milljörðum króna árið 1999 sem er um 300 m.kr. aukning frá yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að bifreiðagjöld skili 2,2 milljörðum króna í ríkissjóð, eða 100 m.kr. meira en 1998. Þungaskattur er markaður tekjustofn sem rennur til Vegagerðarinnar. Hann er innheimtur af díselbifreiðum bæði sem fast árgjald og sérstakt gjald á hvern ekinn kílómetra. Talið er að tekjur af þungaskatti geti numið 3,5 milljörðum króna árið 1999 sem er um 200 m.kr. hækkun frá árinu 1998. Hækkunina má rekja til sérstakrar hækkunar á gjaldstofni samkvæmt forsendum vegáætlunar eins og áður var nefnt.

Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld. Hér eru á ferðinni fjölmörg neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld. Samanlagt er áætlað að þessi gjöld muni skila tæplega 1 milljarði króna í tekjur á árinu 1999 sem er svipuð upphæð og á árinu 1998.

Aðrir skattar. Tekjur ríkissjóðs af öðrum sköttum en fjallað hefur verið um hér að framan eru áætlaðar rúmlega 300 m.kr. fyrir árið 1999. Þetta er sama upphæð og árið 1998. Undir þessum tekjulið eru ýmis gjöld á atvinnurekstur, svo sem framleiðslugjald af áli o.fl.

Aðrar rekstrartekjur. Gert er ráð fyrir að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs verði um 13,7 milljarðar króna á árinu 1999, eða tæplega 0,9 milljörðum króna hærri en á árinu 1998. Hækkunin skýrist aðallega af meiri arðgreiðslum, hærri vaxtatekjum og nokkrum nýjum tekjuliðum sem áður voru ekki færðir í A-hluta ríkissjóðs.

Aðrar rekstrartekjur

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999	Breyting milli ára 1998-1999
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.120	2.249	2.464	215
Vaxtatekjur	6.815	6.734	6.994	260
Dráttarvextir	*2.975*	*2.894*	*3.176*	282
Vextir af endurlánum	*3.840*	*3.840*	*3.818*	-22
Neyslu- og leyfisgjöld	3.297	3.297	3.656	359
Dómsmálagjöld	*460*	*460*	*472*	12
Afnotagjald RÚV	*1.530*	*1.530*	*1.545*	15
Lendingargjöld	*437*	*437*	*508*	71
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	*870*	*870*	*1.131*	261
Sektir og fleira	555	614	635	21
Samtals	**12.787**	**12.894**	**13.749**	**855**

Arðgreiðslur og leigutekjur. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur til ríkissjóðs verði um 2,5 milljarðar króna árið 1999 sem er rúmlega 200 m.kr. aukning frá árinu 1998. Búist er við að arðgreiðslur frá Fríhöfninni í Keflavík muni lækka, en á móti er reiknað með arðgreiðslu frá Búnaðarbanka Íslands.

Vaxtatekjur. Áætlað er að vaxtatekjur ríkissjóðs verði um 7 milljarðar króna árið 1999. Búist er við að álagðir dráttarvextir muni nema um 3,2 milljörðum króna sem er rúmlega 200 m.kr. aukning milli ára. Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs eru áætlaðar 3,8 milljarðar króna, eða svipuð fjárhæð og árið 1998. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir vaxtatekjum vegna Framkvæmdasjóðs, en þær eru nú í fyrsta sinn færðar sem ríkistekjur.

Neyslu- og leyfisgjöld. Í heild er áætlað að neyslu- og leyfisgjöld, sem eru flokkuð sem rekstrartekjur, nemi 3,7 milljörðum króna sem er 400 m.kr. aukning frá yfirstandandi ári. Meginskýring þessarar hækkunar er að eftirlitsgjald Fjármálaeftirlits er nú í fyrsta sinn fært sem ríkistekjur, en það nemur 220 m.kr. Þá er gert ráð fyrir auknum tekjum af lendingargjöldum sem munu skila rúmlega 500 m.kr. á árinu 1999. Afnotagjald RÚV verður um 1,6 milljarðar króna sem er svipuð upphæð og 1998. Auk þess falla undir þennan lið dómsmálagjöld og þinglýsingargjöld.

Sektir o.fl. Gert er ráð fyrir að aðrar tekjur undir þessum lið verði um 700 m.kr. á árinu 1999 sem er svipuð fjárhæð og í endurskoðaðri áætlun yfirstandandi árs, en talsverð hækkun frá fjárlagaáætlun. Meginhluti þessara tekna er vegna álagðra sekta.

Sala eigna. Reiknað er með að tekjur af sölu eigna verði um 2,4 milljarðar króna árið 1999, eða ívið minna en á þessu ári. Meginhluti teknanna verður vegna sölu á þeim hlutabréfum ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Íslenskum aðalverktökum sem ekki verða seld á yfirstandandi ári. Rétt er að hafa í huga að hér er einungis færður söluhagnaður hlutabréfanna, þ.e. söluverðmæti umfram skráð nafnverð. Sala bréfanna skilar hins vegar mun hærri heildarfjárhæð í ríkissjóð á árinu 1999, eða 6-7 milljörðum króna. Söluverðmæti að frádregnum söluhagnaði kemur fram sem fjármagnstilfærsla sem skilar sér í auknum lánsfjárafgangi ríkissjóðs og gengur til lækkunar skulda.

Fjárframlög. Áætlað er að fjárframlög frá opinberum aðilum verði rúmlega 700 m.kr. árið 1999 sem er um 200 m.kr. lækkun milli ára. Lækkunin skýrist af því að framlag Happdrættis HÍ til Háskólans minnkar úr rúmum ½ milljarði króna árið 1998 í 300 m.kr. árið 1999.

3 Gjöld

Í þessum kafla er fjallað um áætluð heildargjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1999 og hagræna skiptingu þeirra. Gerð verður grein fyrir veigamestu breytingum frá yfirstandandi ári og helstu nýmælum. Loks er fjallað um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Rétt er að geta þess að frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi 1999, en í byrjun kafla 3.2 hér á eftir er gerð grein fyrir verðlagsuppfærslu gjaldategunda á milli ára. Launabreytingar milli áranna 1998 og 1999 taka mið af þeim kjarasamningum sem ríkið hefur gert við stéttarfélög opinberra starfsmanna en almenn verðbreyting er áætluð 2% í samræmi við þjóðhagsáætlun.

3.1 Heildaryfirlit útgjalda

Heildargjöld ríkissjóðs árið 1999 eru áætluð 179,2 milljarðar króna á rekstrargrunni og hækka um 1,5 milljarð króna frá áætlun yfirstandandi árs, en um 13,5 milljarða króna frá fjárlögum 1998. Að frátöldum lífeyrisskuldbindingum hækka útgjöldin um 5,5 milljarða króna milli ára, eða um 3,3%. Til samanburðar má nefna að hagvöxtur er talinn verða um 5%. Útgjöld ríkisins í hlutfalli af landsframleiðslu lækka því um 1% á milli ára.

Heildargreiðslur á árinu eru áætlaðar 164,7 milljarðar króna. Mismunur útgjalda og greiðslna, 14,5 milljarðar króna, skýrist einkum af þrennu. Í fyrsta lagi eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsmanna ríkisins um 7,2 milljarðar króna umfram það sem ríkissjóður greiðir til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Í öðru lagi eru áfallnir vextir tæplega 4 milljörðum króna hærri en greiddir vextir og í þriðja lagi er áætlað að afskrifaðar skattkröfur nemi tæplega 4 milljörðum króna.

Heildarútgjöld ríkissjóðs

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999	Breyting frá áætlun %
Rekstrargjöld	63.616	74.800	74.755	-0,1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	69.131	69.000	71.652	3,8
Fjármagnskostnaður, vextir	16.200	15.800	15.300	-3,2
Viðhald	3.833	3.873	4.323	11,6
Stofnkostnaður	12.897	14.227	13.140	-7,6
Samtals gjöld	**165.677**	**177.700**	**179.170**	**0,8**
Greitt úr ríkissjóði	123.054	124.700	160.886	29,0
Innheimtar ríkistekjur	32.219	32.000	3.753	-88,3
Viðskiptahreyfingar	10.404	21.000	14.531	-30,8

Framsetning gjaldahliðar. Í fjárlögum 1998 var gerð veruleg breyting á framsetningu gjaldahliðar og sundurliðun gjalda í samræmi við ákvæði laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Annars vegar er sýnd skipting útgjalda í almennan rekstur, viðhaldsverkefni og stofnkostnað líkt og var áður. Hins vegar er ekki sýnd tegundaskipting gjalda, þ.e. í laun, önnur gjöld og tilfærslur. Til frádráttar kemur sá hluti útgjalda sem fjármagnaður er með sértekjum. Með sértekjum er átt við greiðslur fyrir vöru eða þjónustu opinberra aðila í markaðstengdri starfsemi og greiðslur sem ekki eru lögbundnar. Sem dæmi má nefna tekjur rannsóknastofnana af seldri þjónustu, komugjöld á sjúkrahúsum og innritunargjöld í háskóla og framhaldsskóla. Þá eru innbyrðis viðskipti ríkisaðila færð um sértekjur. Í því sambandi má nefna viðskipti Ríkiskaupa og framlag Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til smíði hafrannsóknaskips.

Fjármögnun útgjalda stofnana er sýnd að frádregnum sértekjum. Sú fjármögnun er ýmist framlag úr ríkissjóði, hlutdeild í innheimtum ríkistekjum eða kemur fram sem breyting á viðskiptareikningi. Mismunur sem kann að verða á skuldbundnum útgjöldum ársins og ákvörðun um greiðslur kemur fram sem skuld eða inneign á viðskiptareikningi. Þar sem útgjöldin eru umfram greiðslur, sbr. lífeyrisskuldbindingar og vaxtagjöld, eykur það skuldir ríkissjóðs en þegar þessu er öfugt farið, samanber t.d. hafnarframkvæmdir, er ríkissjóður að greiða niður skuldir.

Breyttar skilgreiningar. Vakin er athygli á breyttri skilgreiningu frá fjárlögum 1998 á því hvað telst fjármagnað með greiðslu úr ríkissjóði og hvað telst fjármagnað með innheimtu ríkistekna. Með greiðslu úr ríkissjóði er átt við ráðstöfun á almennum skatttekjum og mörkuðum tekjustofnum til stofnana og verkefna. Markaðar tekjur eru þær tekjur nefndar þegar tilteknir aðilar eða verkefni eiga ákveðinn hluta í viðkomandi tekjustofni, sem byggir ýmist á innheimtu, álagningu eða stofni teknanna og geta myndað kröfur á hendur ríkissjóði. Dæmi um markaðar tekjur er ráðstöfun á tryggingagjaldi til lífeyristrygginga og atvinnuleysistrygginga og ráðstöfun á bensíngjaldi og þungaskatti af bifreiðum til vegamála. Í séryfirliti 3 á bls. 219 má sjá áætlaðar markaðar tekjur á árinu 1999 ásamt stofnunum eða verkefnum sem þær eru ætlaðar, samtals að fjárhæð 32,4 milljarðar króna. Í séryfirliti 4 á bls. 225 má sjá lögbundin framlög, þ.e. framlög úr ríkissjóði sem ákvarðast af öðrum lögum en fjárlögum. Lögbundin framlög nema alls 5,1 milljarði króna á árinu 1999.

Með innheimtum ríkistekjum er átt við lögþvingaðar eða skyldubundnar greiðslur fyrir tiltekna þjónustu eða starfsemi á vegum hins opinbera. Í flestum tilvikum er innheimtum ríkistekjum ráðstafað af þeirri stofnun annast innheimtuna. Dæmi um innheimtar ríkistekjur eru afnotagjöld Ríkisútvarpsins, lendingargjöld og einkaleyfisgjöld. Mörkin milli sértekna og innheimtra ríkistekna eru oft á tíðum óljós og ráðast einkum af því hvort gjaldið tekur mið af þeirri þjónustu sem látin er í té gegn greiðslu þess.

Horfur 1998. Heildargjöld samkvæmt fjárlögum 1998, sem Alþingi samþykkti í desember s.l., námu 165,7 milljörðum króna. Frá þeim tíma hafa komið fram ný útgjaldatilefni og ýmis sparnaðaráform hafa ekki gengið eftir. Einnig hafa ýmis lögbundin útgjöld verið endurmetin. Alls er talið að útgjöld ársins verði um 12 milljarða króna umfram fjárlög. Í fyrsta lagi aukast lífeyrisskuldbindingar um 9,3 milljarða króna og launagjöld um 0,9 milljarða króna vegna kjarasamninga, kjaraúrskurða og aðlögunarsamninga við stéttarfélög ríkisstarfsmanna, eftir að fjárlög voru afgreidd. Í öðru lagi nema viðbótarútgjöld, sem bundin eru í samningum eða samþykkt af ríkisstjórn, 1,6 milljörðum króna. Þar má nefna flýtingu framkvæmda við hafnir, framlag vegna hækkunar á grundvallarverði mjólkur og aukið framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna aukinna skatttekna ríkissjóðs. Í þriðja lagi má nefna ýmsa veikleika í fjárlögum sem alls auka útgjöldin um 1,1 milljarð króna. Þar má nefna útgjöld vegna heimilda í 7. grein fjárlaga, þar á meðal lóða- og fasteignakaup vegna sendiráðanna í Berlín og París. Einnig er allnokkur aukning útgjalda vegna veikleika í rekstri heilbrigðisstofnana. Á móti vega ýmsar lækkanir útgjalda, samtals að fjárhæð um 1 milljarður króna. Þar má nefna vaxtagjöld ríkissjóðs, framlag til barnabóta, bætur almannatrygginga o.fl. Nánar verður fjallað um útgjaldahorfur ríkissjóðs í greinargerð með frumvarpi til fjáraukalaga 1998 sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum.

Frumvarp 1999. Ríkisstjórnin ákvað í lok júní s.l., að tillögu fjármálaráðherra, útgjaldaramma fyrir sérhvert ráðuneyti og að tekjuafgangur á rekstrargrunni yrði eigi lægri en 1 milljarður króna. Þannig var ákveðinn einn rammi fyrir rekstrargjöld stofnana hvers ráðuneytis, annar fyrir neyslu- og rekstrartilfærslur og sá þriðji fyrir framlög til viðhalds og stofnkostnaðar.

Um miðjan ágúst skiluðu ráðuneytin til fjármálaráðuneytisins skiptingu á framlögum til einstakra stofnana og verkefna. Nokkrar breytingar höfðu orðið á útgjaldahorfum ársins, m.a. vegna endurskoðunar á lífeyrisskuldbindingum. Endurskoðun á þjóðhagshorfum gaf jafnframt til kynna að tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári og hinu næsta yrðu meiri en áður var talið. Fjármálaráðherra gerði tillögur um útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins sem ríkisstjórnin og stjórnarþingflokkarnir afgreiddu í lok ágúst.

Rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs, þ.e. laun og önnur gjöld að frádregnum sértekjum, eru áætluð 74,8 milljarðar króna eða jafngildi um 44% heildarútgjaldanna. Það er svipuð fjárhæð og gert er ráð fyrir í áætlun ársins 1998, en gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar lækka um 4 milljarða króna milli ára. Að þeim frátöldum svo og launa- og verðlagsuppbótum þá aukast rekstrargjöldin um tæp 2% milli ára að raungildi. Sértekjur nema 9,4 milljörðum króna eða 11,2% af heildargjöldum samanborið við 12,5% í fjárlögum 1998. Hæst er hlutfallið hjá stofnunum iðnaðarráðuneytis, eða um 52% og hjá stofnunum landbúnaðarráðuneytis um 30%.

Í fjárlagafrumvarpinu er lögð sérstök áhersla á nokkra málaflokka og eru útgjöld til þeirra aukin. Námsframboð er aukið á framhalds- og háskólastigi, m.a. með stækkun skóla og áhersla er lögð á endurmenntun. Úrræðum fyrir fatlaða fjölgar allnokkuð einkum þar sem þörfin er brýnust. Einnig er gert átak til að koma á fót meðferðarúrræðum á vegum Barnverndarstofu fyrir 16-18 ára unglinga. Framlag til löggæslu er aukið og er það liður í að styrkja lögregluna og gera starfið skilvirkara í samræmi við ný lögreglulög. Þá hefur verið undirritaður samningur um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju. Þjóðkirkjan mun samkvæmt samningnum bera fulla ábyrgð á fjármálum sínum og fara með fjárhagslegt forræði á málefnum kirkjunnar. Loks aukast útgjöld ríkisins vegna undirbúnings merkra tímamóta í sögu landsins árið 2000.

Launagjöld og áhrif kjarasamninga og kjaraúrskurða. Heildarlaunagjöld A-hluta stofnana eru áætluð 58 milljarðar króna á næsta ári. Af þeirri fjárhæð nema gjaldfærðar en ógreiddar lífeyrissjóðsskuldbindingar 7,2 milljörðum króna. Í fjárlögum 1998 er gert ráð fyrir að greiðsla iðgjalds launagreiðenda í A-hluta fjárlaga til A- og B-deilda lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins nemi 11,5% af öllum launum. Við afgreiðslu fjárlaganna var stofnunum ríkisins bættur áætlaður viðbótarkostnaður sem af því hlaust. Eftir afgreiðslu fjárlaga 1998 hafa verið gerðir kjarasamningar eða felldir kjaraúrskurðir vegna nokkurra stétta. Þar má nefna lækna, hjúkrunarfræðinga og háskólaprófessora og hefur verið tekið tillit til launaáhrifanna, samtals um 900 m.kr., í fjárlagafrumvarpi 1999. Einnig hefur verið gengið frá útfærslu nýs launakerfis og gerð svokallaðra aðlögunarsamninga fyrir fjölmörg stéttarfélög á árinu 1998. Með aðlögunarsamningum er stefnt að því að færa í áföngum laun fyrir föst aukastörf inn í dagvinnulaun. Kostnaður stofnana við upptöku nýs launakerfis og gerð aðlögunarsamninga á að rúmast innan fjárveitinga í fjárlögum.

Á fjárlagalið *989 Launa- og verðlagsmál* undir fjármálaráðuneyti er færð 300 m.kr. fjárheimild til þess að mæta ýmsum breytingum á launum ríkisstarfsmanna sem kunna að verða eftir að frumvarpið hefur verið lagt fram. Þar á meðal eru launahækkanir hjá háskólaprófessorum sem á eftir að meta inn í launagrunn háskólastofnana.

Vegna þessara breytinga á skilgreiningu dagvinnulauna er ekki unnt að svo komnu að áætla og birta hér fjölda ársverka á árunum 1998 og 1999 á grundvelli launagreiðslna. Aftur á móti er í umfjöllun um viðkomandi ráðuneyti hér á eftir fjallað um launa- og starfsmannabreytingar þar sem þess gerist þörf.

Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög, þ.e. svonefndar neyslu- og rekstrartilfærslur, nema 71,6 milljörðum króna sem jafngildir 40% heildarútgjaldanna. Þessi útgjöld hækka um 1,5% milli ára að raungildi. Bætur til lífeyrisþega og atvinnulausra eru áætlaðar 25,3 milljarðar króna á næsta ári samanborið við 23,8 milljarða króna á yfirstandandi ári. Bótagreiðslur til lífeyrisþega hækka um 2,5% að raungildi vegna fjölgunar bótaþega, en útgjöld vegna atvinnuleysisbóta lækka með minna atvinnuleysi.

Framlög til landbúnaðar nema tæplega 7 milljörðum króna. Í samræmi við ákvæði í búvörusamningi lækka framlögin um tæp 2% að raungildi, að frátöldu 270 m.kr. verðtilfærslugjaldi á mjólk, sem er lögfest á árinu 1998 og sýnt í fyrsta sinn í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999. Greiðslur barnabóta eru áætlaðar tæpir 4 milljarðar króna og greiðslur vaxtabóta rúmlega 4,1 milljarður króna. Greiðslur barnabóta lækka um 300 m.kr. vegna hækkunar á tekjum fjölskyldna. Aftur á móti hækka vaxtabætur um 300 m.kr. vegna breytinga í tengslum við ný lög um húsnæðismál.

Framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er áætlað tæpir 3,2 milljarðar króna og hækkar um tæplega 6% milli ára. Framlagið hækkar langt umfram verðlag þar sem það reiknast sem ákveðið hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs og álagningarstofni útsvars.

Loks má geta að framlög til rekstrar hjúkrunarheimila hækka um 200 m.kr. en gert er ráð fyrir að opna allt að 120 ný hjúkrunarrými á næsta ári.

Fjármagnskostnaður. Áfallnir vextir af lánum ríkissjóðs eru áætlaðir 15,3 milljarðar króna á árinu 1999 og lækka um 500 m.kr. frá yfirstandandi ári. Meginskýring á lækkun vaxtaútgjalda er að erlendar skuldir ríkissjóðs hafa lækkað umtalsvert. Vaxtagreiðslur eru aftur á móti áætlaðar 11,4 milljarðar króna. Mismunur á áföllnum og greiddum vöxtum, 3,9 milljarðar króna, kemur alfarið fram vegna spariskírteina ríkissjóðs og ríkisbréfa, þar sem vextir eru greiddir í einu lagi við innlausn. Miðað við núverandi samsetningu spariskírteina eru árlegir áfallnir vextir 2,8 milljörðum króna hærri en greiddir.

Viðhaldsverkefni. Til viðhalds á vegum og byggingum er áformað að verja 4,3 milljörðum króna og er það 450 m.kr. hækkun milli ára. Hækkunin kemur nær öll fram í viðhaldi vega en til þess eru ætlaðir 3,7 milljarðar króna. Endurnýjun á bundnu slitlagi verður sífellt kostnaðarsamari eftir því sem uppbyggingu vegakerfisins miðar. Þá fjölgar þeim stofnunum sem fela Fasteignum ríkissjóðs að annast viðhald og rekstur síns húsnæðis gegn greiðslu leigu. Útgjöld Fasteignanna til viðhalds húsnæði aukast um 30 m.kr. milli ára og eru áætluð rúmlega 220 m.kr.

Æ fleiri stofnanir í ríkishúsnæði greiða leigu fyrir afnot sem er nýtt til viðhalds eignanna. Það hefur m.a. þann kost í för með sér að stjórnendur stofnana verða meðvitaðri um þann kostnað sem tengist starfseminni. Þá getur leigugreiðsla fyrir afnot auðveldað ákvörðun um hvort hagkvæmara sé að kaupa, byggja eða leigja húsnæði af einkaaðila.

Stofnkostnaður A-hluta ríkissjóðs er áætlaður 13,1 milljarður króna og lækkar um 1,1 milljarð króna frá áætlun þessa árs. Sem fyrr eru framlög til vegamála viðamest, en áformað er að verja 4 milljörðum króna til nýframkvæmda, samanborið við 3,6 milljarða í ár.

Framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir eru áætlaðar 1,1 milljarður króna. Hafist verður handa við byggingu barnaspítala á Landspítalalóð sem talin er kosta um 1 milljarð króna. Til framkvæmda við háskóla og framhaldsskóla er áætlað að verja um 900 m.kr. auk þess sem 460 m.kr. verður varið til endurbóta á menningarmannvirkjum. Þá verður tekjum Ofanflóðasjóðs, um 500 m.kr., varið til að reisa varnargarða ofan þéttbýlis þar sem hætta á snjóflóðum er hvað mest.

Vakin er athygli á að til verkefna tengdum íslenska upplýsingasamfélaginu er sérstaklega varið 320 m.kr. Um er að ræða fyrsta skrefið til að framfylgja stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og á næsta ári verður áhersla lögð á verkefni á sviði mennta- og heilbrigðismála.

Loks má nefna, að framlög ríkisins til hafna-, grunnskóla- og fráveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga nema um 1,1 milljarði króna.

3.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir.

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar helstu breytingar á útgjöldum til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Í umfjölluninni er áhersla lögð á skýringar er taka til heilla málaflokka sem eiga að auðvelda yfirsýn um framlög til veigamikilla útgjaldaflokka. Er það í anda þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við undirbúning frumvarpsins.

Frumvarpið er sett fram á rekstrargrunni, líkt og fjárlög fyrir árið 1998, og á að ná til allra fjárskuldbindinga sem ríkissjóður áformar að stofna til á fjárlagaárinu. Vegna breyttrar framsetningar og nýrra fjárlagaliða er erfiðara en ella að bera saman áformuð útgjöld áranna 1998 og 1999 við fyrri ár. Þetta á sérstaklega við um samanburð á heildargjöldum ráðuneyta þar sem breytingar eru miklar. Úr þessu rætist í greinargerð með næsta fjárlagafrumvarpi, þ.e. fyrir árið 2000, þegar fjárlagafrumvarp, gildandi fjárlög og ríkisreikningur liðins árs verða öll komin á rekstrargrunn.

Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverði ársins 1999. Í frumvarpinu er miðað við forsendur kjarasamninga og kjaraúrskurða um launahækkanir. Flestir kjarasamningar opinberra starfsmanna gera ráð fyrir 3,5% hækkun þann 1. janúar nk. Launaliðir allra stofnana í frumvarpinu hafa verið hækkaðir sem henni nemur. Sama gildir um þann þátt rekstrartilfærslna viðeigandi fjárlagaliða sem svara til launa. Önnur rekstrargjöld hafa verið hækkuð um 2% í samræmi við forsendur þjóðhagsáætlunar um hækkun almenns verðlags. Sértekjur stofnana hafa verið hækkaðar um 2% í þeim tilvikum sem þær ráðast af töxtum útseldrar vinnu eða þeim er ætlað að standa undir útgjöldum af tiltekinni starfsemi. Rekstrartilfærslur eru einungis hækkaðar í þeim tilvikum sem það var óhjákvæmilegt vegna ákvarðana stjórnvalda eða tengingar við laun, vísitölur eða gengi. Viðhald og fjárfestingarframlög hækka ekki.


00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	1.299,6	1.399,9	100,3	8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	50,2	50,2	0,0	-
Stofnkostnaður og viðhald	80,6	119,8	39,2	49
Samtals	**1.430,4**	**1.569,9**	**139,5**	**10**
Greitt úr ríkissjóði	1.430,4	1.569,9	139,5	10

Heildarútgjöld æðstu stjórnar ríkisins árið 1999 eru áætluð 1.588 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 18 m.kr. Gjöld umfram tekjur eru 1.570 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði.

Heildarútgjöld æðstu stjórnar ríkisins á málefnaflokka



Rekstrargjöld eru samtals áætluð 1,4 milljarðar króna og hækka um 100 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 34 m.kr. hækkun á rekstrargjöldum Alþingis. Neyslu- og rekstrartilfærslur nema 50 m.kr. og eru óbreyttar milli ára. Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 120 m.kr. og hækkar um 39 m.kr. Þyngst vegur þar framlag til viðhalds og nýframkvæmda Alþingis, 35 m.kr.

101 ***Embætti forseta Íslands.*** Útgjöld embættis forseta Íslands hækka um 6,4 m.kr. Rekstrargjöld hækka um 4,2 m.kr., m.a. þar sem endurbættur húsakostur á Bessastöðum kallar á aukinn rekstrarkostnað. Fjárveiting til viðhalds á Laufásvegi 72 hækkar um 0,4 m.kr., og er einkum ætluð til kaupa á húsgögnum. Þá er 0,5 m.kr. varið til að auka við bókasafn embættisins á Bessastöðum. Loks verður 1,3 m.kr. varið til að endurnýja þjónustubifreið embættisins og kemur það til viðbótar 2,5 m.kr. framlagi til að gera upp embættisbifreið Sveins heitins Björnssonar forseta, en á sl. ári varð það að samkomulagi að veitt yrði 2,5 m.kr. til þessa verkefnis á hvoru áranna 1998 og 1999.

201 ***Alþingi.*** Framlag til Alþingis hækkar um 102 m.kr. eða nær 11%, en þar af eru 42 m.kr. vegna hækkunar launa og verðlags. Viðfangsefni *1.01 Alþingiskostnaður* hækkar um 43,7 m.kr. en þar af eru 23,4 m.kr. ætlaðar til greiðslu biðlauna í kjölfar Alþingiskosninga. Gert er ráð fyrir álíka fjölda nýrra þingmanna og í síðustu kosningum. Framlag til almenns rekstrar hækkar um 24 m. kr. Framlag til viðhalds á húsum Alþingis eykst um 25 m.kr. og verður 53 m.kr. alls. Af þeirri fjárhæð er áformað að verja 35 m.kr. til viðgerða á sjálfu þinghúsinu að utan, 8 m.kr. til viðgerða utan húss að Vonarstræti 8 og 10 m.kr. til annarra tilfallandi viðhaldsverkefna. Þá hækkar framlag til tækja og búnaðar um 2 m.kr.

205 ***Framkvæmdir á Alþingisreit.*** Lagt er til að 30 m.kr. verði varið til undirbúnings framkvæmda við nýbyggingu á Alþingisreit. Þegar er 20 m.kr. varið til þessa verkefnis á yfirstandandi ári.

610 ***Umboðsmaður Alþingis.*** Útgjöld embættis umboðsmanns Alþingis nema 51 m.kr. en starfsumfang þess hefur vaxið mikið á undanförnum árum. Lagt er til að 3,6 m.kr. verði varið til að ráða sérfræðing á sviði skattaréttar til embættisins.


01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	371,5	499,7	128,2	35
Neyslu- og rekstrartilfærslur	270,3	269,4	-0,9	-
Stofnkostnaður og viðhald	249,3	218,3	-31,0	-12
Samtals	**891,1**	**987,4**	**96,3**	**11**
Greitt úr ríkissjóði	842,3	927,9	85,6	10
Innheimt af ríkistekjum	49,3	59,5	10,2	21
Viðskiptahreyfingar	-0,5	0,0	0,5	-100
Samtals	**891,1**	**987,4**	**96,3**	**11**

Heildarútgjöld forsætisráðuneytisins árið 1999 eru áætluð 997 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 10 m.kr. Gjöld umfram tekjur eru 987 m.kr. og þar af eru 928 m.kr. fjármagnaðar með framlagi úr ríkissjóði og 59 m.kr. með innheimtu af ríkistekjum.

Útgjöld forsætisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Rekstrargjöld ráðuneytisins eru áætluð 500 m.kr. og hækka um 128 m.kr. Þar vegur þyngst að framlag til landafundanefndar hækkar um 107 m.kr. og nemur 122 m.kr. Neyslu- og rekstrartilfærslur nema 269 m.kr. og eru sem næst óbreyttar milli ára. Stofnkostnaður og viðhald lækkar um 31 m.kr. og nemur 218 m.kr. Þar munar mest um að 85 m.kr. framlag til

mannvirkjagerðar á Bessastöðum fellur brott en á móti kemur 50 m.kr. fjárveiting til vegagerðar á Þingvöllum.

101 Aðalskrifstofa. Framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur 117,5 m.kr. og hækkar um 17 m.kr. milli ára. Veitt er 5 m.kr. til tímabundinnar ráðningar starfsmanns til ársloka 2000 til að annast framkvæmd stefnu um upplýsingasamfélagið. Þá er 9 m.kr. varið til að standa straum af kostnaði er hlýst af samþykkt laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Umsjá þjóðlendumála er til skoðunar í forsætisráðuneytinu og er búist við að tillögur þar að lútandi verði lagðar fyrir Alþingi á haustmánuðum.

190 Ýmis verkefni. Kostnaður við ýmis verkefni ráðuneytisins nemur 205,1 m.kr. og hækkar um 85 m.kr. Þar munar mest um að framlag til landafundanefndar, 122 m.kr., en hún undirbýr hátíðahöld árið 2000 vegna Vínlandsfundar. Einnig hefur verið sótt um 13,5 m.kr. í fjáraukalögum 1998 til viðbótar við þær 14,6 m.kr. sem eru í fjárlögum yfirstandandi árs. Í heild er áætlað að verkefnið kosti um 385 m.kr. Þá er framlag til undirbúnings 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi aukið um 16,6 m.kr. og verður 27 m.kr. Fjárveiting til heimssýningarinnar í Lissabon fellur brott, en til hennar er varið 40 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs.

205 Mannvirkjagerð á Bessastöðum. Framlag til mannvirkjagerðar á Bessastöðum, sem nemur 85 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs, fellur niður 1999 þar eð ráðgert er að framkvæmdum ljúki á þessu ári. Samanlagður kostnaður við framkvæmdirnar frá upphafi frá árinu 1989 til og með fjárveitingu yfirstandandi árs nemur 842 m.kr. á verðlagi hvers árs en rúmar 1.000 m.kr. á áætluðu meðalverðlagi ársins 1998.

211 Þjóðhagsstofnun. Gjöld stofnunarinnar umfram sértekjur nema 117 m.kr. og hækka um 16 m.kr. milli ára. Þar af greiðir ríkissjóður helminginn, 58,5 m.kr., en hinn helmingurinn greiðist af Seðlabanka Íslands samkvæmt samningi. Ný útgjöld nema tæpum 13 m.kr. m.a. vegna starfs sérfræðings í byggðamálum, rannsóknarverkefnis vegna loftslagssamninga, mats á áhrifum stjórnarfrumvarpa á atvinnulífið og hugbúnaðargerðar í tengslum við þjóðhagslíkan.

221 Byggðastofnun. Framlag til Byggðastofnunar nemur 202 m.kr. og er óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þar af renna 137 m.kr. til almennra verkefna stofnunarinnar en 65 m.kr. eru ætlaðar til að kosta starf atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Nánar er gerð grein fyrir starfsemi Byggðastofnunar í C-hluta fjárlagafrumvarps.

231 ***Norræna ráðherranefndin.*** Heildargjöld á þessum fjárlagalið nema 92 m.kr. og standa því næst í stað frá fjárlögum 1998. Þar af renna 18 m.kr. til Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins og 74 m.kr. til norrænu ráðherranefndarinnar.

301 ***Lýðveldissjóður.*** Fjárveiting til Lýðveldissjóðs nemur 100 m.kr. og er óbreytt frá fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn var stofnaður í kjölfar ályktunar Alþingis á 50 ára afmæli lýðveldisins og var fyrst veitt fé til hans í fjárlögum 1995, 100 m.kr. Samkvæmt lögum sjóðsins, nr. 125/1994, skal hann starfa í fimm ár og er fjárveitingin 1999 sú síðasta sem til sjóðsins rennur. Fjárveitingin skiptist eins og fyrr milli tveggja viðfangsefna, *1.10 Vistfræðirannsókna á lífríki sjávar* og *1.15 Eflingar íslenskrar tungu.* Á árinu 1998 úthlutaði stjórn sjóðsins 21 m.kr. til rannsókna á vistfræði nytjafiska, 13,4 m.kr. til rannsókna á vistfræði svif- og botnsamfélaga og 11,4 m.kr. til annarra verkefna. Meginhluta þessa fjár var úthlutað til Hafrannsóknastofnunarinnar. Einstaklingum var úthlutað 5,7 m.kr. til ýmissa minni verkefna. Til verkefnisstjórnar í íslensku, sem annast gerð handbóka, kennslubóka og margmiðlunarefnis, voru veittar 20 m.kr., til Málræktarsjóðs var varið 17 m.kr. og 7,7 m.kr. til ýmissa annarra verkefna. Einstaklingar hlutu samtals 4,6 m.kr. í styrki. Hluti af styrk til Málræktarsjóðs kom til greiðslu á árinu 1998.

902 ***Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.*** Gjöld Þjóðgarðsins umfram tekjur nema 81 m.kr. borið saman við 31 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Að tilhlutan ríkisstjórnarinnar er lagt til að 50 m.kr. verði varið til vegabóta í umsjá Vegagerðarinnar í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Í fjáraukalögum 1998 er sótt um 25 m.kr. til þessa verkefnis og áformað er að leita eftir 10 m.kr. framlagi í fjárlögum ársins 2000. Er það til undirbúnings hátíðar á 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi sem haldin verður á Þingvöllum árið 2000.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	10.507,9	11.246,5	738,6	7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	5.461,3	5.724,1	262,8	5
Stofnkostnaður og viðhald	2.138,5	2.266,5	128,0	6
Samtals	**18.107,7**	**19.237,1**	**1.129,4**	**6**
Greitt úr ríkissjóði	15.752,0	17.114,8	1.362,8	9
Innheimt af ríkistekjum	2.355,7	2.122,3	-233,4	-10
Samtals	**18.107,7**	**19.237,1**	**1.129,4**	**6**

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 1999 eru áætluð um 20.839 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.602 m.kr. en þær nema 7,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 19.237 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 17.115 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.122 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins, að frádregnum sértekjum, eru áætluð 11.247 m.kr. og hækka um 739 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana eru helstu hækkanir 120 m.kr. vegna fjölgunar nemenda og aukins framboðs á háskólanámi, 200 m.kr. vegna endurmats á störfum framhaldsskólakennara, nemendafjölgunar og meiri prófþátttöku nemenda á framhaldsskólastigi og 60 m.kr. vegna átaks til að fylgja eftir nýrri skólastefnu en alls verða um 260 m.kr. til ráðstöfunar sérstaklega vegna hennar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur verða 5.724 m.kr. samanborið við 5.461 m.kr. í fjárlögum 1998. Af einstökum breytingum vegur þyngst 83 m.kr. hækkun á ríkisframlagi til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 50 m.kr. framlag ríkisins vegna verkefnisins Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.267 m.kr. og er það 128 m.kr. hækkun milli ára. Áætlað er að framlag til framkvæmda við menningarbyggingar aukist um 147 m.kr., varið verði 135 m.kr. til að fylgja eftir stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið, framkvæmdir við háskóla aukist um 80 m.kr. og að veitt verði 65 m.kr. til áætlunar um rannsóknir og þróunarstarf á sviði upplýsingatækni og umhverfismála. Á móti kemur að ýmis tímabundin stofnkostnaðarframlög falla niður og munar þar mestu um flýtingu framkvæmda Háskóla Íslands.



Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Útgjöld eru áætluð 328 m.kr. sem er óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1998.

Háskólar og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 201-208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniskóli Íslands; 215 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála; 225 Samvinnuháskólinn; 227 Viðskiptaháskólinn í Reykjavík; 231-238 Rannsóknarráð Íslands og rannsóknasjóðir því tengt; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og vísindastarfsemi og 985 Alþjóðleg samskipti. Viðskiptaháskólinn er nýr fjárlagaliður.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 6.588 m.kr. og skiptast þannig að 5.051 m.kr. fara til almenns rekstrar, 454 m.kr. í rekstrartilfærslur og 1.083 m.kr. til viðhalds- og stofnkostnaðar. Áætlað er að sértekjur nemi 962 m.kr. sem er um 19% af rekstrargjöldum og hækka um 140 m.kr. Hækkunin skýrist að mestu með breyttri framsetningu fjárreiða ríkissjóðs.

Rekstrargjöld og rekstrartilfærslur hækka að raungildi um 589 m.kr. Mestu munar um 233 m.kr. vegna flutnings náms af framhaldsskólastigi yfir á háskólastig og 120 m.kr. vegna fjölgunar nemenda.

Áætluð rekstrargjöld háskólastofnana taka ekki tillit til kostnaðarauka sem leiðir af úrskurði kjaranefndar um launakjör háskólaprófessora, þar sem röðun í launaflokka er ekki lokið. Gert er ráð fyrir að endurskoða útgjöld hlutaðeigandi stofnana fyrir afgreiðslu fjárlaga.


Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Rekstur og rekstrartilfærslur	4.915,8	5.505,1	589,3
Viðhaldskostnaður	170,0	157,0	-13,0
Stofnkostnaður	1.005,5	925,5	-80,0
Samtals	**6.091,3**	**6.587,6**	**496,3**
Sértekjur	822,0	962,2	140,2
Innheimt af ríkistekjum	812,1	521,0	-291,1
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**4.457,2**	**5.104,4**	**647,2**

Gerð reiknireglna um kostnað við kennslu í háskólum fer að ljúka, en lokafrágangur þeirra hefur beðið eftir úrskurði kjaranefndar í máli prófessora. Miðað er við að námi verði skipt í nokkra flokka og reiknaður út meðalkostnaður á nemanda sem stundar nám til viðurkennds lokaprófs í hverjum flokki. Meðalkostnaðurinn mun ekki nauðsynlega endurspegla raunkostnað við einstaka námsbrautir í háskólum hér á landi, enda liggur hann ekki fyrir af fullri nákvæmni. Gert er ráð fyrir að stjórnendur skóla skipti heildarframlagi sem skólunum verður ákvarðað á milli námsbrauta eins og þeir telja að henti skólastarfinu best. Framlög verða árangurstengd, þ.e. byggð á upplýsingum um prófþátttöku nemenda. Stefnt er að því að reglurnar taki til alls kostnaðar við kennsluna, þ.m.t. vegna sameiginlegrar þjónustu, búnaðar og húsnæðis. Þegar reiknireglurnar liggja fyrir verða gerðir samningar til nokkurra ára við háskóla, bæði ríkisskóla og einkaskóla, um þjónustu þeirra og verkefni þar sem ákvörðun um fjárframlög verður byggð á reiknireglunum. Drög að samningi við Háskóla Íslands liggja fyrir. Í framhaldinu er fyrirhugað að gera samninga um rannsóknir í skólunum og fjármögnun þeirra.

Stofnkostnaður og viðhald er áætlað 1.083 m.kr. og lækkar um 93 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Helstu breytingar eru þær að útgjöld til rannsóknar- og þróunarmála hækka um 66 m.kr. og framlög til framkvæmda við háskóla aukast um 115 m.kr. Á móti kemur að tímabundin útgjöld falla niður. Mestu munar um flýtingu framkvæmda við náttúrufræðihús Háskóla Íslands og afhendingu Nýja-Garðs til Háskóla Íslands

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Háskóli Íslands. Heildargjöld eru áætluð 3.273 m.kr. og hækka um 90,7 m.kr. frá fjárlögum. Gjöldin skiptist þannig að um 60% fara til kennslu, en 40% til þjónustu- og rannsóknarverkefna. Rekstrargjöld eru áætluð 2.927 m.kr. og hækka um 69 m.kr. auk launa- og verðlagsbreytinga. Á móti þeim er áætlað að komi 626 m.kr. sértekjur og nema þau 21% rekstrargjalda. Rekstrargjöld hækka annars vegar um 40 m.kr. vegna stofnunar alþjóðlegrar rannsóknarmiðstöðvar í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi sem tekur við rekstri Aflfræðistofu Verkfræðistofnunar Háskólans. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður miðstöðvarinnar nemi alls um 65 m.kr. og verði borinn uppi af sér-



tekjum, m.a. með styrk frá Almannavörnum ríkisins. Aftur á móti hækka útgjöld og sértekjur um 29 m.kr. vegna hlutdeildar skólans í sóknargjöldum sbr. fjárlagalið 06-735 Sóknargjöld. Áhrif þessara tekna á fjárreiður skólans hafa ekki verið sýndar áður í fjárlögum. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á nemendafjölda í skólanum. Skráðir nemendur eru um 5.700 og er áætlað að prófþátttaka þeirra jafngildi fullu námi 3.900 nemenda, sem er 68%.

Áætlað er að Háskólinn verji 300 m.kr. til byggingarframkvæmda, viðhalds og tækja- og búnaðarkaupa sem fjármagnaðar eru af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands. Þá er meðtalin 21 m.kr. vegna afhendingar á Nýja-Garði. Á fjárlagalið 269 Háskólar og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður, er að auki áætlað fyrir 43 m.kr. framlagi til Háskólans. Er það í samræmi við samkomulag um að menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir að veittar verði samtals 80 m.kr. úr ríkissjóði til framkvæmda við Náttúrufræðihús árin 1999 og 2000, gegn því að Atvinnudeildarhús verði afhent menntamálaráðuneytinu til notkunar fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Í fjárlögum 1998 er gert ráð fyrir að framkvæmdum við Náttúrufræðihús verði hraðað og að happdrættið afhendi Háskólanum til eignar helming af Nýja-Garði. Í frumvarpinu er áætlað að útgjöld lækki um 248 m.kr. vegna þessara tveggja mála, enda er um tímabundin verkefni að ræða, en eignarhlutur happdrættisins í Nýja-Garði færist í áföngum til skólans á næstu árum. Loks er ætlast til að skólinn leggi fram nokkurt fé til tækjakaupa Tilraunastöðvarinnar á Keldum og Raunvísindastofnunar.

*202 **Tilraunastöð Háskólans að Keldum.*** Rekstrargjöld eru áætluð 164,7 m.kr. Helsta breyting frá fjárlögum er að tímabundið 1,5 m.kr. framlag vegna 50 ára afmælis stofnunarinnar árið 1998 fellur niður.

*203 **Raunvísindastofnun Háskólans.*** Rekstrargjöld eru áætluð 257,4 m.kr. Kostnaður við tímabundnar rannsóknir á eldsumbrotum í Vatnajökli lækkar um 4,5 m.kr. og verður 2 m.kr. Að auki er áætlað fyrir 2 m.kr. framlagi til jarðeðlisfræðirannsókna.


*204 **Stofnun Sigurðar Nordals.*** Rekstrargjöld eru áætluð 12,3 m.kr. Gjöld sem fjármögnuð eru með ríkisframlagi hækka um 0,5 m.kr. umfram verðlagsbreytingar vegna íslenskukennslu erlendis.

*205 **Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.*** Rekstrargjöld eru áætluð 69,7 m.kr. Útgjöld sem borin eru af framlagi ríkisins hækka um 3 m.kr., annars vegar vegna útgáfu á handritum Hallgríms Péturssonar sem eru í Kaupmannahöfn og hins vegar til að undirbúa ljósritun á gömlum handritum sem enn eru í Kaupmannahöfn og vinnu við að koma þeim á stafrænt form.

*207 **Íslensk málstöð.*** Rekstrarkostnaður er áætlaður 17,6 m.kr. og hækkar um 3,2 m.kr. Það er í samræmi við samning stofnunarinnar við menntamálaráðuneyti um greiðslu áskriftar að orðabanka á veraldarvefnum fyrir háskólastofnanir og framhaldsskóla árin 1998-2000. Í samningnum er gert ráð fyrir að áskriftargjaldið sem ráðuneytið greiði verði 2,5 m.kr. árið 2000 en eftir það standi sértekjur undir rekstri orðabankans.


*208 **Örnefnastofnun Íslands.*** Rekstrargjöld eru áætluð 10,4 m.kr. sem er um 4 m.kr. hækkun vegna ráðningar forstöðumanns í fullt starf og aukinnar starfsemi í samræmi við lög nr. 14/1998.

*210 **Háskólinn á Akureyri.*** Rekstrargjöld eru áætluð 328 m.kr. Þau hækka um 20 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar í samræmi við áætlun um fjölgun nemenda, fleiri námsár á námsbrautum sem hafa verið ákveðnar og rekstur á stærra húsnæði.




Haustið 1998 eru 480 nemendur skráðir í nám, þar af 17 í fjarnám, sem er álíka fjöldi og gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Haustið 1997 voru nemendur 421.

211 Tækniskóli Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 256,3 m.kr. og hækka um 4 m.kr. vegna endurmats á kjarabundnum kostnaði. Um 590 nemendur eru skráðir í nám haustið 1998, þar af um 460 í háskólanám. Haustið 1997 voru nemendur 552, þar af 412 í háskólanámi.




215 Kennaraháskóli Íslands. Rekstargjöld skólans á þessum nýja fjárlagalið eru áætluð samtals 641,4 m.kr. Með lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands, voru Kennaraháskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands, Þroskaþjálfaskóli Íslands og Fósturskóli Íslands sameinaðir í einn háskóla frá ársbyrjun 1998. Á þennan lið eru færð samtals um 621 m.kr. rekstrargjöld og 52 m.kr. sértekjur af fjárlagaliðum skólanna, sameignum skólanna á Laugarvatni og af stofnkostnaðarlið framhaldsskóla. Auk tilfærslu af öðrum liðum hækkar framlag ríkisins um 7 m.kr. vegna kostnaðar við meiri skyldur sem á skólann eru lagðar, m.a. auknar rannsóknir. Þá er áætlað að sértekjur hækki um 4,6 m.kr. og kostnaður við þjónustu og efni sem nemendum er látið í té aukist um sömu fjárhæð. Færðar eru 5 m.kr. af fjárlagalið skólans á lið 02-996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Aðrar breytingar eru vegna verðlags- og launahækkana. Um 1.200 nemendur eru skráðir í skólann haustið 1998, þar af um 400 í fjarnám. Haustið 1997 voru alls 727 nemendur í Kennaraháskólanum og 452 í skólunum sem sameinuðust honum.



*223 **Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.*** Rekstrargjöld eru áætluð 68,5 m.kr. sem er 22,1 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Á móti kemur að sértekjur hækka um 44,2 m.kr. umfram verðlagshækkun. Skýringin er sú að stofnunin hefur haft 22,1 m.kr. fjárveitingu vegna samræmdra prófa í grunnskólum, en kostnaður hefur reynst meiri. Hluti af umframkostnaði hefur verið borinn af fjárveitingu vegna sérstakra fræðsluverkefna í grunnskólum. Stofnunin og menntamálaráðuneytið hafa gert með sér samning um samræmdu prófin og verður kostnaður greiddur af fjárveitingu á almennum lið grunnskóla.

*227 **Viðskiptaháskólinn í Reykjavík.*** Framlag á þennan nýja fjárlagalið er 155,7 m.kr. Skólinn hóf starf haustið 1998 og býður upp á nám í rekstrarfræðum auk tölvunáms sem Verslunarskóli Íslands sinnti áður. Með tölvunáminu færast á þennan fjárlagalið 51,2 m.kr. af lið 581 Verslunarskóli Íslands, auk þess sem framlag hækkar um 104,5 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í samræmi við samning skólans við menntamálaráðuneytið.



Haustið 1997 voru 203 nemendur skráðir í háskólanám hjá Verslunarskólanum. Um 300 nemendur eru skráðir í Viðskiptaháskólann haustið 1998. Í samningi um rekstur skólans, sem ætlunin er að endurskoða á næsta ári, er gert ráð fyrir að framlag ríkisins miðist við 200 nemendur árið 1998 og 370 árið 1999. Ríkið ber ekki kostnað af nemendum umfram þennan fjölda.

*235 **Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum.*** Á þessum nýja fjárlagalið er áætlað fyrir 65 m.kr framlagi til átaks í rannsóknum og þróun á sviði upplýsingatækni og umhverfismála. Framlagið tekur mið af áætlun til nokkurra ára sem Rannsóknarráð ríkisins lagði fram að ósk menntamálaráðherra. Samkvæmt henni verður unnið að skilgreindum markmiðum til að efla rannsóknir og þróun á þessum tveimur meginsviðum. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að beita sér fyrir 50 m.kr. fjárveitingu í fjáraukalögum ársins 1998, 65 m.kr. í fjárlögum 1999 og 85 m.kr. í fjárlögum 2000. Þá verði árangur metinn og er miðað við að áætluninni ljúki á árunum 2000-2004 með a.m.k. 95 m.kr. fjárveitingu hvert ár. Samtals er því áætlað að veita 580 m.kr. til verkefnisins.

236 Vísindasjóður. Áætlað er að heildargjöld sjóðsins nemi 170 m.kr. Sjóðurinn er fjármagnaður með 25 m.kr. framlagi úr ríkissjóði og 145 m.kr. tekjum frá Arðsjóði Seðlabanka Íslands, samkvæmt lögum nr. 36/1986, sem er 5 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1998.

238 Bygginga- og tækjasjóður. Áætlað er að útgjöld sjóðsins vegna styrkja verði 74 m.kr. sem er 4 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1998. Samkvæmt lögum nr. 61/1994 um Rannsóknarráð Íslands, fær sjóðurinn meðal annars tekjur af einkaleyfisgjaldi af rekstri peningahappdrættis eða aðrar samsvarandi tekjur. Útgjöldin eru í samræmi við áætlaðar tekjur ríkisins af einkaleyfisgjaldi Happdrættis Háskóla Íslands. Sjóðurinn veitir styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði, svo og til að byggja eða kaupa húsnæði til rannsóknar- og þróunarstarfa. Á síðustu árum hefur meiri hluti styrkja komið í hlut rannsóknastofnana sem ríkið rekur.

239 Rannsóknarnámssjóður. Framlag ríkisins er áætlað 30 m.kr. sem er 5 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Ætlast er til að sjóðurinn afli framlaga frá atvinnufyrirtækjum á móti hækkuninni. Sjóðurinn veitir efnilegum stúdentum, sem lokið hafa tilskyldu grunnámi í háskóla, styrki til meistara- eða doktorsnáms við viðurkenndan háskóla í samvinnu við rannsóknarstofnanir eða fyrirtæki. Fyrir skólaárið 1998-1999 er búið að úthluta 35 almennum styrkjum og 7 styrkjum sem sérstaklega eru ætlaðir til að efla samvinnu milli fyrirtækja, stofnana og háskóla.

269 Háskóla- og vísindastofnanir. Heildargjöld á þessum fjárlagalið vegna viðhalds- og stofnkostnaðar háskóla og rannsóknarstofnana verða 248 m.kr. sem er 89 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Gjöldin eru alfarið fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði.

Gert er ráð fyrir að ráðstafa framlagi á fjárlagaliðnum þannig:

Rekstrargrunnur	Frumvarp 1999 m.kr.
Kennaraháskóli Íslands, viðhald 25 m.kr., búnaður 20 m.kr., nýbygging 70 m.kr.	115,0
Háskólinn á Akureyri, búnaður 10 m.kr., nýbygging 60 m.kr.	70,0
Háskóli Íslands. Atvinnudeildarhús HÍ afhent menntamálaráðuneyti	43,0
Tækniskóli Íslands, viðhald 2 m.kr., búnaður 8 m.kr.	10,0
Tilraunastöðin á Keldum, endurbætur á húsnæði	7,0
Rannsóknastofun uppeldis- og menntamála, viðhald	2,0
Stofnun Árna Magnússonar, viðhald	1,0
Samtals	**248,0**

*299 **Háskóla- og rannsóknastarfsemi.*** Heildargjöld fjárlagaliðarins nema 79,3 m.kr. sem er raunlækkun um 23 m.kr. Lækkunin skýrist með tvennu. Annars vegar með tilfærslu á 3 m.kr. fjárveitingu til undirbúnings miðstöðvar fyrir háskólamenntun og endurmenntun á Austurlandi yfir á fjárlagalið 319 Framhaldsskólar, almennt, vegna kostnaðar við fjarkennslubúnað í framhaldsskólum sem tengjast verkefninu. Hins vegar með afnámi skemmtanaskatts og þar með endurgreiðslu hans samkvæmt lögum nr. 93/1998, um breytingu á lögum um gjald af áfengi. Samkvæmt lögum um skemmtanaskatt var dreginn 15% skattur af brúttóverði aðgöngumiða kvikmyndahúsa. Skattur sem innheimtur var vegna kvikmyndasýninga á vegum Sáttmálasjóðs var á hinn bóginn endurgreiddur sjóðnum samkvæmt sérstakri heimild. Í forsendum breytingarinnar er gert ráð fyrir að afnám skattsins bæti afkomu sjóðsins.

*985 **Alþjóðleg samskipti.*** Heildargjöld eru áætluð 316,5 m.kr. Aðildargjöld vegna samstarfs við Evrópusambandið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eru áætluð 250 m.kr. sem er óbreytt frá fjárlögum 1998. Framlagið tekur mið af fjárlagafrumvarpi ESB fyrir árið 1999 sem venjulega er afgreitt í desember ár hvert. Nálega 80% aðildargjalda ársins 1999 eru vegna fimmtu rammaáætlunar á sviði rannsókna og tækniþróunar, sem hefst árið 1999 í beinu framhaldi af fjórðu rammaáætluninni sem lýkur í ár. Um 13% heildarfjárhæðar í áætluninni er vegna mennta- og menningarmála. Á *1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* er áætlað fyrir 10,5 m.kr. framlagi til Fulbrightstofnunarinnar, sem er 1 m.kr. hækkun. Stefnt er að því að ná jöfnuði við framlag Bandaríkjanna árið 2000, en Ísland er nú eitt fárra Evrópuríkja sem ekki hafa náð jöfnuði við framlög Bandaríkjanna til stofnana af þessu tagi.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301-309 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 319 Framhaldsskólar, almennt; 350-365 Framhaldsskólar; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 506-551 Framhaldsskólar; 561-566 Listaskólar; 571 Sjómannaskólahúsið; 581-606 Framhaldsskólar og 610 Fasteignir héraðsskóla.

Þær breytingar eru frá fjárlögum að liðirnir 523 Fósturskóli Íslands, 524 Þroskaþjálfaskóli Íslands og 531 Íþróttakennaraskóli Íslands verða hluti af 215 Kennaraháskóla Íslands.

Heildargjöld framhaldsskóla eru áætluð 6.914 m.kr. og skiptast þannig að 6.259 m.kr. fara til almenns rekstrar og rekstrartilfærslna, 210 m.kr. til viðhaldsverkefna og 445 m.kr. til stofnkostnaðar. Áætlað er að sértekjur nemi 433 m.kr. sem er um 6,3% af heildargjöldum, þar af eru 200 m.kr. leigutekjur sem skólarnir greiða og renna til viðhalds þeirra eins og í fjárlögum. Umframgjöld sem fjármögnuð eru með greiðslum úr ríkissjóði og innheimtu ríkistekna eru áætluð 6.532 m.kr.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Rekstur og rekstrartilfærslur	6.007,2	6.259,2	252,0
Viðhaldskostnaður	210,0	210,0	0,0
Stofnkostnaður	495,0	445,0	-50,0
Samtals	**6.712,2**	**6.914,2**	**202,0**
Sértekjur	445,0	433,2	-11,8
Innheimt af ríkistekjum	51,0	51,0	0,0
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**6.216,2**	**6.430,0**	**213,8**

Rekstrargjöld hækka að raungildi um 58 m.kr., en um 299 m.kr. sé tekið tillit til þess að samtals 241 m.kr. rekstrargjöld eru færð af framhaldsskólum á aðra málefnaflokka ráðuneytisins. Í fyrsta lagi er um að ræða tilfærslu á 175 m.kr. útgjöldum af liðum Fósturskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Sameigna skólanna á Laugarvatni yfir á fjárlagalið 215 Kennaraháskóli Íslands og falla fjórir fyrst nefndu liðirnir niður í frumvarpinu. Öðrum rekstrarútgjöldum vegna Sameigna skólanna á Laugarvatni, 36 m.kr., er skipt á skóla. Í öðru lagi eru fluttar um 51 m.kr. af lið Verslunarskóla Íslands á lið 227 Viðskiptaháskólinn í Reykjavík. Í þriðja lagi eru fluttar 15 m.kr. af fjárlagaliðum framhaldsskóla á lið íslenska upplýsingasamfélagsins. Þá lækkar tímabundið framlag til Ólympíuleika í eðlisfræði um rúmar 11 m.kr.

Helstu hækkanir eru: 120 m.kr. vegna endurmats á störfum og launagreiðslum sem leiða af kjarasamningi framhaldsskólakennara frá árinu 1997, 78 m.kr. vegna fjölgunar nemenda, aukinnar prófþátttöku og fjarnáms. Þá fara 60 m.kr. til að fylgja nýrri skólastefnu eftir m.a. með námsefnisgerð og eflingu kennaramenntunar, 30 m.kr. eru vegna fjölgunar nemenda sem þurfa sérkennslu og meiri stuðning og 25 m.kr. leiða af auknu húsnæði. Loks skýrast 25 m.kr. af aukinni kennslu í kvöldskólum, rekstri heimavista og ýmsum sérverkefnum skóla.

Útgjöld vegna kennslu í dagskóla nær allra framhaldsskóla eru eins og í fjárlögum 1998 byggð á reiknilíkani menntamálaráðuneytisins. Ráðuneytið hefur jafnframt gert samninga við flesta ríkisskóla um verkefni þeirra og fjárframlög. Þá hefur ráðuneytið gert samninga til næstu ára við sjálfseignarstofnanir um rekstur Skógaskóla og húsmæðraskóla á Hallormsstað og í Reykjavík. Til stendur að endurskoða samning við Verslunarskóla Íslands.

Áætlað er fyrir kennslu í dagskóla og almennum rekstrarkostnaði skólanna á viðfangsefnum *1.01 Almennur rekstur* og *1.02 Annað en kennsla* undir fjárlagaliðum 301-309; 350-365; 506-551; 561-566 og 581-606. Áætlað er að rekstrargjöld skólastofnana á þessum viðfangsefnaliðum verði 5.083 m.kr. sem er 229 m.kr. hækkun umfram verðlag.

Framlag til hvers skóla byggir á áætlun um nám, nemendafjölda og prófþátttöku þeirra. Ráðgert er að menntamálaráðuneytið geri upp við skólana þegar prófþátttaka liggur fyrir og

getur framlagið því tekið breytingum. Í samningi við skólana er gert ráð fyrir að þeir geti sótt um viðbótarframlag ef aðsókn bendir til að nemendur verði meira en 5% fleiri en áætlað er og jafnframt að þeir skili framlagi ef nemendur reynast vera meira en 5% færri.

Við útreikninga á framlögum til skóla er miðað við 16.900 nemendur alls, en skráðir nemendur reyndust vera 16.800 haustið 1997. Í fjárlögum 1998 eru framlög miðuð við 16.700 nemendur. Fjöldi í aldursárgöngum bendir til þess að framhaldsskólanemendum muni ekki fjölga á næstu árum að óbreyttri skólasókn. Áætlað er, með hliðsjón af reynslutölum, að ígildi 90% skráðra nemenda séu í fullu námi, þ.e. gangi á hverri önn til prófa í námi sem metið er 17,5 einingar, en í fjárlögum er miðað við að hlutfallið sé 88%. Nokkrar breytingar verða á útgjöldum einstakra skóla og eru skýringarnar í flestum tilvikum breytileg aðsókn og breyting á vali nemenda milli bóklegs og verklegs náms.

Útgjöld listaskóla eru áætluð á hefðbundinn hátt, enda stefnt að því að hluti af náminu færist á næstu árum á háskólastig, samtals 226 m.kr. Framlag ríkisins miðast við óbreytt umsvif. Í þessum skólum eru um 280 nemendur.

Rekstrargjöld á viðfangsefnalið *1.09 Önnur verkefni* hjá viðkomandi skólum eru samtals 323 m.kr. sem er 23 m.kr. hækkun frá fjárlögum umfram verðlagsbreytingu. Stærsti kostnaðarliðurinn er rekstur kvöldskóla, 200 m.kr., en áætlað er að ríkið greiði 120 m.kr. af kostnaði en nemendur það sem á vantar. Gert er ráð fyrir að ígildi 1.650 nemenda stundi fullt nám í kvöldskólum. Rekstrarkostnaður ríkisins vegna heimavista er áætlaður 43 m.kr., rekstur skipstjórnarherma 17 m.kr., kennsla fyrir vistmenn á stofnunum ríkisins 11 m.kr. og föst framlög til sérdeilda eru áætluð 7 m.kr. Önnur smærri verkefni kosta samtals 45 m.kr.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 445 m.kr. og lækka um 50 m.kr. frá fjárlögum. Þrennt skýrir lækkunina. Í fyrsta lagi eru 22 m.kr. færðar á lið 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður, vegna sameiningar Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Í öðru lagi fellur niður tímabundið 13 m.kr. framlag til kaupa á tölvubúnaði og að lokum er 15 m.kr. framlag til kaupa á tækjum og búnaði, flutt á fjárlagalið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Kostnaður við byggingarframkvæmdir, sem bundnar eru í samningum við sveitarfélög, er áætlaður samtals 254 m.kr. Fjárhæðin skiptist þannig að 90 m.kr. fara til Menntaskólans í Kópavogi, 25 m.kr. til Fjölbrautaskóla Vesturlands, 5 m.kr. til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, 9 m.kr. til Verkmenntaskóla Austurlands, 65 m.kr. eru vegna Fjölbrautaskólans í Garðabæ og 60 m.kr. fara til Borgarholtsskóla. Gert er ráð fyrir að ráðstafa því sem eftir stendur af framlaginu þannig:

Rekstrargrunnur	Frumvarp 1999 m.kr.
Framhaldsskólar við Eyjafjörð	50,0
Menntaskólinn við Hamrahlíð, lok framkvæmda við íþróttahús	45,0
Skólahúsnæði ríkisins á Laugarvatni	35,0
Menntaskólinn í Reykjavík, lok framkvæmda við tengibyggingu	5,0
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, viðbótarhúsnæði	5,0
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, frágangur á lóð	5,0
Iðnskólinn í Reykjavík, þakhæð á vesturálmu skólans	5,0
Framhaldsskólinn á Húsavík, frágangur á lóð	4,0
Óráðstafað á skóla	27,0
Samtals	**181,0**

319 ***Framhaldsskólar, almennt.*** Heildargjöld á þessum fjárlagalið eru 539 m.kr. og hækka að raungildi um 76 m.kr. frá fjárlögum. Mest munar um 62 m.kr. framlag til nýs viðfangefnis *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu*. Framlaginu verður meðal annars varið til að efla námsefnisgerð, endurmenntun kennara og endurskoða kennaranám. Að auki verður varið til verkefnisins um 23 m.kr. á viðfangsefni *1.28 Mat á skólastarfi*, en framlagið hækkar um 4 m.kr. frá fjárlögum. Þá verður varið til verkefnisins 30 m.kr. á viðfangsefni *1.17 Námskrárgerð* og 7 m.kr. á liðnum *720-1.31 Grunnskólar, almennt, sérstök fræðsluverkefni*. Stærsti hluti 135 m.kr. framlags á fjárlagalið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið mun einnig renna til verkefnisins. Samanlagt verða því allt að 260 m.kr. til ráðstöfunar til að fylgja eftir áætlun um nýja skólastefnu. Viðfangsefnið *1.11 Sameiginleg þjónusta* hækkar um 4 m.kr. vegna kostnaðar við starfsgreinaráð samkvæmt framhaldsskólalögum, um 3 m.kr. vegna reksturs á fjarkennslubúnaði í skólum og um 3 m.kr. eru ætlaðar til að bæta rekstraráætlanagerð skóla. Framlag til viðfangsefnisins *1.14 Sérkennsla* hækkar um 30 m.kr. umfram launahækkanir vegna fjölgunar nemenda og aukinnar þarfar fyrir sérstakan stuðning í námi. Framlag til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra hækkar einnig um 4 m.kr. vegna táknmálstúlkunar fyrir framhaldsskólanemendur. Kostnaður við sérkennslu og stuðning við framhaldsskólanemendur með skerta getu er samtals áætlaður um 100 m.kr.

Á móti kemur að framlag til Ólympíuleika í eðlisfræði lækkar úr 11,8 m.kr. í 0,6 m.kr. og 15 m.kr. eru fluttar frá Þróunarsjóði og endurmenntun yfir á fjárlagalið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Framlag á óskiptum lið vegna óvænts kostnaðar og fjölgunar nemenda er 61,8 m.kr. sem er nær óbreytt fjárhæð.

Grunnskólar og leikskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 445,3 m.kr. sem er 7 m.kr. hækkun umfram verðlagsbreytingar. Sú breyting er gerð að 22,1 m.kr. fjárveiting vegna samræmdra prófa á fjárlagalið Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála er flutt á nýtt viðfangsefni *1.35 Samræmd próf* undir fjárlagalið 720 Grunnskólar almennt. Jafn há fjárhæð er flutt á viðfangsefnið af *1.31 Sérstök fræðsluverkefni* undir sama fjárlagalið. Samtals er kostnaður við samræmd próf áætlaður 45,5 m.kr. Heildargjöld Námsgagnastofnunar eru 355,8 m.kr. og lækka um 15 m.kr. vegna tilfærslu ríkisframlags á 996 Íslenska upplýsingasamfélagið þar sem áætlað er fyrir framlögum til námsgagnagerðar.

Námsaðstoð

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun á námskostnaði. Heildargjöld eru áætluð 2.005 m.kr. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna er áætlað 1.810 m.kr. og hækkar um 83 m.kr. frá fjárlögum 1998, m.a. þar sem vænst er fleiri lántaka og ríkisábyrgðargjalds sem ekki hefur verið áætlað fyrir áður. Fjallað er um Lánasjóðinn í athugasemdum við C-hluta.

Söfn, listastofnanir og fleira

Þessi málefnaflokkur nær til eftirfarandi fjárlagaliða: 902-909 Ýmis söfn; 909 Söfn, ýmis framlög; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður: 971 Ríkisútvarpið, afnotagjöld; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið og 974 Sinfóníuhjómsveit Íslands; 975 Menningarsjóður útvarpsstöðva; 976 Menningarsjóður; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður og 982 Listir, framlög.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Rekstur	667,4	672,6	5,2
Rekstrartilfærslur	2.712,5	2.873,0	160,5
Stofnkostnaður	486,5	626,5	140,0
Samtals	**3.866,4**	**4.172,1**	**305,7**
Sértekjur	113,0	105,3	-7,7
Innheimt af ríkistekjum	1.530,0	1.545,0	15,0
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**2.223,4**	**2.521,8**	**298,4**

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 4.172 m.kr. og skiptast þannig að 673 m.kr. fara til almenns rekstrar, 2.873 m.kr. til rekstrartilfærslna og 623 m.kr. til viðhalds- og

stofnkostnaðar. Áætlað er að aflað 59 m.kr. sértekna á móti rekstrargjöldum eða sem nemur 8,7% og að 47 m.kr. stofnkostnaður verði greiddur af sértekjum.

Áætlað er að rekstrargjöld og rekstrartilfærslur hækki um 126,7 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Mestu munar um 50 m.kr. ríkisframlag til að undirbúa verkefnið Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000. Að auki hækka útgjöld höfundarréttarsjóða um 21 m.kr. og Menningarsjóðs útvarpsstöðva um 20 m.kr. í samræmi við áætlun um markaðar tekjur sjóðanna.

Stofnkostnaður er áætlaður 626,5 m.kr. og hækkar um 147 m.kr. vegna Endurbótasjóðs menningarbygginga en á móti kemur að 7 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda við bæ Eiríks rauða fellur niður.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

902 Þjóðminjasafn Íslands. Heildargjöld safnsins eru áætluð 126,6 m.kr. Sýningarsalir safnsins verða lokaðir allt árið 1999 vegna endurbóta á húsnæði stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að sértekjur lækki af þessum sökum um 8,8 m.kr. og að því verði mætt með tilsvarandi samdrætti í útgjöldum. Að auki falla niður tímabundin framlög til fornleifarannsókna að Reykholti, Neðri-Ási og Stóruborg, samtals 8 m.kr. og 3 m.kr. vegna viðgerða á gamla bænum að Keldum í Rangárvallasýslu.

905 Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. Heildargjöld eru áætluð 364 m.kr. sem er 2 m.kr. hækkun umfram launa- og verðlagsbreytingar. Hækkunin kemur til vegna lengingar á afgreiðslutíma safnsins. Á viðfangsefnalið *6.71 Íslenskar fornbókmenntir á Netinu* er áætlað fyrir 7 m.kr. lokaframlagi til þessa verkefnis sem unnið er í samstarfi við Cornell háskóla í Bandaríkjunum og Stofnun Árna Magnússonar. Samtals nemur framlag ríkisins til verkefnisins 21 m.kr.

907 Listasafn Íslands. Rekstrargjöld hækka um 4 m.kr. vegna reksturs á húseign safnsins að Laufásvegi 12, sem keypt var fyrr á þessu ári.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Fjárframlag til viðhalds- og stofnkostnaðar menningarstofnana verður 512 m.kr. sem er 147 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Innheimtar tekjur af sérstökum eignarskatti eru áætlaðar 542 m.kr. og er gert ráð fyrir að þar af renni 462 m.kr. í Endurbótasjóð menningarbygginga, en mismunurinn renni í ríkissjóð. Að auki er áætlað fyrir 50 m.kr. framlagi vegna afborgana af lánum sem Ríkisútvarpið tók vegna framkvæmda við langbylgjumastur að Gufuskálum og að Eiðum og er hér um þriðju greiðslu að ræða af fjórum jafn háum. Gert er ráð fyrir að framlagi Endurbótasjóðs verði skipt þannig:

Rekstrargrunnur	Frumvarp 1999 m.kr.
Þjóðminjasafn Íslands, innanhússframkvæmdir	133,0
Safnahúsið við Hverfisgötu, innanhússframkvæmdir	127,0
Þjóðskjalasafn Íslands, lestrarsalur og skjalageymslur	60,0
Verndun gamalla húsa	50,0
Landsbókasafn-Háskólabókasafn, Reykholt í Borgarfirði	50,0
Byggðasöfn	15,0
Þjóðleikhús, viðhald	10,0
Óráðstafað	17,0
Samtals	**445,0**

*971 **Ríkisútvarpið.*** Fjárframlag til Ríkisútvarpsins er vegna afnotagjalda sem innheimt eru samkvæmt útvarpslögum nr. 68/1985. Tekjurnar eru áætlaðar 1.545 m.kr. sem er 15 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1998. Fjallað er um fjárreiður Ríkisútvarpsins í athugasemdum við B-hluta.

*973 **Þjóðleikhúsið.*** Fjárframlag til Þjóðleikhússins er áætlað 367 m.kr. Auk launa- og verðlagsbreytinga hækkar framlag um 14 m.kr. frá fjárlögum. Hækkunin er tilkomin vegna breytinga á tilhögun greiðslna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá ársbyrjun 1998. Fjallað er um rekstraráætlun Þjóðleikhússins í athugasemdum við B-hluta.

*974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Fjárframlag til Sinfóníuhljómsveitarinnar er áætlað 145 m.kr. sem er 9 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Framlag hækkar um 6 m.kr. vegna breytinga á tilhögun greiðslna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á yfirstandandi ári. Ferðasjóður hljómsveitarinnar hefur haft tekjur af skemmtanaskatti sem numinn var úr gildi með lögum nr. 93/1998, um breytingu á lögum um gjald af áfengi. Í forsendum lagasetningarinnar var gert ráð fyrir að bæta hljómsveitinni tekjumissinn og eru 6 m.kr áætlaðar til þess. Fjallað er um fjármál Sinfóníuhljómsveitarinnar í athugasemdum við B-hluta.

*975 **Menningarsjóður útvarpsstöðva.*** Framlag til sjóðsins er áætlað 130 m.kr. sem er 20 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Sjóðurinn fær tekjur af menningarsjóðsgjaldi, sem er 10% og leggst á allar auglýsingar í útvarpi, samkvæmt lögum nr. 68/1985. Hlutverk sjóðsins er að veita framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu. Auk þess greiðir hann hlut Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem áætlaður er 62 m.kr.

976 ***Menningarsjóður.*** Heildarútgjöld sjóðsins eru áætluð 13 m.kr. sem er óbreytt frá fjárlögum. Sjóðurinn hefur fengið tekjur af miðagjaldi samkvæmt lögum um skemmtanaskatt, auk ríkisframlags. Lög um skemmtanaskatt voru felld úr gildi með lögum nr. 93/1998, um breytingu á lögum um gjald af áfengi. Sjóðnum verður bætt tekjutapið með 10 m.kr. framlagi.

981 ***Kvikmyndasjóður.*** Rekstrarútgjöld eru áætluð 146,4 m.kr. sem er 10 m.kr. raunaukning frá fjárlögum 1998. Hækkunin er ætluð til að efla styrkveitingar Kvikmyndasjóðs. Áætlað er að af útgjöldum sjóðsins fari um 100 m.kr. í styrkveitingar, 9 m.kr. verði varið til að greiða framlög í erlenda kvikmyndasjóði og 10 m.kr. fari til kynningar á íslenskum kvikmyndum erlendis.

982 ***Listir, framlög.*** Heildarútgjöld eru 348,1 m.kr. og hækka um 77 m.kr. að raungildi. Þrír nýir viðfangsefnaliðir bætast við. Sá fyrsti er *1.82 Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000* þar sem áætlað er fyrir 50 m.kr. framlagi til Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins. Unnið er að gerð samnings um framlög ríkisins og er miðað við að þau verði samtals 235 m.kr. Annar er *1.54 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir.* Tekjur eru, skv. 4. tl. 21. gr. höfundalaga nr. 73/1972, áætlaðar 1 m.kr. Að lokum er *1.16 Bókmenntakynningarsjóður* sem er ætlað 5,5 m.kr. framlag.

Framlag til Rithöfundasjóðs hækkar um 0,5 m.kr. og verður 17,8 m.kr. Framlag til starfsemi áhugaleikhúsa hækkar um 1 m.kr. og sömuleiðis til Bandalags íslenskra leikfélaga vegna væntanlegs samnings um rekstrarstyrki. Viðfangsefnið Tónlist fyrir alla fær 1 m.kr. hækkun til að efla kynningu á tónlist í skólum. Framlag til Barnamenningarsjóðs hækkar um 0,5 m.kr. og framlag á viðfangsefnalið *1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi* hækkar um 2 m.kr. vegna kostnaðar við aukið samstarf milli listasafna á Akureyri og í Reykjavík. Unnið er að gerð samnings milli hlutaðeigandi aðila. Heildarútgjöld Höfundarréttarsjóðs hækka um 21 m.kr. í samræmi við áætlaðar tekjur af höfundarréttargjaldi sem ríkissjóður annast innheimtu á. Framlag á óskiptum lið hækkar um 3 m.kr. vegna kostnaðar við viðgerðir á tónsmíðahandritum Jóns Leifs og til að minnast þess að eitthundrað ár eru frá fæðingu tónskáldsins. Framlag til viðgerða á handritunum verður 7 m.kr. árið 1999. Tímabundin hækkun til Listahátíðar í Reykjavík, 9,5 m.kr, fellur niður. Fyrirhugað er að halda hátíðina næst árið 2000.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 802 Kvikmyndaskoðun; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 387 m.kr. og skiptast þannig að 238 m.kr. eru vegna rekstrar og rekstrartilfærslna og 149 m.kr. vegna stofnkostnaðar.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Rekstur	19,4	25,2	5,8
Rekstrartilfærslur	215,2	212,6	-2,6
Stofnkostnaður	18,0	149,0	131,0
Samtals	**252,6**	**386,8**	**134,2**
Sértekjur	1,7	1,7	0,0
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**250,9**	**385,1**	**134,2**

Rekstrarútgjöld, þ.e. almennur rekstur og tilfærslur eru nær óbreytt milli ára en stofnkostnaður hækkar um 134 m.kr. Mestu ræður 135 m.kr. stofnkostnaðarframlag til verkefna á sviði íslenska upplýsingasamfélagsins.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum eru eftirfarandi:

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Rekstrarútgjöld eru áætluð 21,8 m.kr. Þau hækka um 4 m.kr. vegna aukinnar táknmálstúlkunar fyrir framhaldsskólanemendur.

983 Ýmis fræðistörf. Rekstrartilfærslur á þessum fjárlagalið eru 20 m.kr. sem er 3,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1998. Á nýju viðfangsefni *1.14 Kynning á íslenskum og norrænum fræðum* er áætlað fyrir 5 m.kr. framlagi til kynningar á íslenskum og norrænum fræðum í Bandaríkjunum. Gert er ráð fyrir jafn háu framlagi til verkefnisins í fjáraukalögum 1998. Tímabundið 1,5 m.kr. framlag til Bókaútgáfu Leifs Eiríkssonar vegna markaðssetningar á Íslendingasögum og Íslendingaþáttum á ensku, fellur nú niður.

984 Norræn samvinna. Rekstrarútgjöld á þessum fjárlagalið eru áætluð 10,5 m.kr. sem er 1,5 m.kr. raunhækkun. Hækkunin er stafar af kostnaði við aukið starf sem leiðir af formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 1999.

989 Ýmis íþróttamál. Framlag er 127,2 m.kr. sem er 14 m.kr. lækkun frá fjárlögum að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Í fyrsta lagi hækkar framlag á *1.90 Ýmis íþróttamál* um 10 m.kr. í samræmi við fimm ára samning milli menntamálaráðuneytisins og Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um að efla Afreksmannasjóð ÍSÍ. Samningurinn gerir ráð fyrir að ÍSÍ leggi sjóðnum árlega til 12 m.kr. Í öðru lagi hækkar framlag á sama viðfangsefnalið um 0,5 m.kr. vegna þátttöku ríkisins í kostnaði við aukið lyfjaeftirlit hjá íþróttamönnum, en samkvæmt Evrópusáttmála um lyfjaeftirlit hjá íþróttafólki er stjórnvöldum skylt að aðstoða íþróttasamtök við að standa undir þessum kostnaði. Að lokum hækkar framlag á *1.16 Íþróttafélög* um 1,5 m.kr. vegna eflingar sjóðs til styrktar íþróttafélögum.

Framlag til Launasjóðs stórmeistara í skák lækkar um 2 m.kr. vegna fækkunar starfslauna. Tímabundið 3 m.kr. framlag til Ólympíunefndar Íslands vegna Vetrarólympíuleika fellur niður. Einnig fellur niður 10 m.kr. framlag til Borgarbyggðar vegna landsmóts UMFÍ á Skallagrímsvelli. Að lokum fellur niður tímabundið 4 m.kr. stofnkostnaðarframlag til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þessum nýja fjárlagalið er áætlað fyrir 135 m.kr. útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Stærstum hluta framlags af þessum lið verður varið til þess að smíða íslenskan kennsluhugbúnað, endurmennta kennara og kaupa tölvubúnað í framhaldsskóla og háskóla. Meðal annarra verkefna sem áformað er að styrkja er gerð samræmds bókasafnskerfis fyrir öll helstu bókasöfn landsins, upplýsingavefur fyrir námsgreinar og ýmis þróunarverkefni á sviði menntamála.

999 Ýmislegt. Framlagið verður 32,3 m.kr. og hækkar um 3,5 m.kr. Þrennt skýrir hækkunina. Í fyrsta lagi hækkar framlag til reksturs fræðimannssetursins á Skriðuklaustri um 2 m.kr. og verður 4 m.kr. Í öðru lagi hækkar *1.90 Ýmis framlög* um 1 m.kr. vegna menningarnets sem rekið er á Veraldarvefnum. Þar er um að ræða vefsíður sjóða, safna, listastofnana og listamanna með margvíslegum upplýsingum um starfsemi þessara aðila. Að síðustu hækkar sama viðfangsefni um 0,5 m.kr. til að mæta kostnaði Kvenfélagasambands Íslands vegna breyttra reglna um greiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

03 Utanríkisráðuneyti


Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	1.789,7	1.957,5	167,8	9
Neyslu- og rekstrartilfærslur	886,1	917,2	31,1	4
Stofnkostnaður og viðhald	240,0	175,8	-64,2	-27
Samtals	**2.915,8**	**3.050,5**	**134,7**	**5**
Greitt úr ríkissjóði	2.490,7	2.562,2	71,5	3
Innheimt af ríkistekjum	425,1	488,3	63,2	15
Samtals	**2.915,8**	**3.050,5**	**134,7**	**5**

Heildargjöld utanríkisráðuneytisins eru áætluð 3.148 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 97 m.kr., en þær nema um 3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur nema 3.050 m.kr. en af þeirri fjárhæð eru 2.562 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 488 m.kr. með innheimtu á ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.958 m.kr. og hækka um 168 m.kr. frá fjárlögum 1998. Þar vegur þyngst 84 m.kr. aukning á rekstrargjöldum sendiráða og 56 m.kr. hækkun á yfirstjórn ráðuneytisins. Neyslu- og rekstrartilfærslur nema 917 m.kr. og hækka um 31 m.kr., aðallega vegna greiðslu Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Stofnkostnaður og viðhald nemur 176 m.kr. og lækkar um 64 m.kr., aðallega vegna þess að framkvæmdum við byggingu sendiráðs í Berlín er að ljúka.

Útgjöld utanríkisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Ráðuneyti

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni, 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Heildargjöld þessa málefnaflokks nema 550 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Heildargjöld nema 511,3 m.kr. og hækka um 59,6 m.kr. frá fjárlögum 1998. Gjöld á viðfangsefninu *1.01 Yfirstjórn* hækka um 27,5 m.kr. og nema 422 m.kr. Skýrist hækkunin aðallega af því að veitt er 16,9 m.kr. vegna þess að Ísland tekur við formennsku í Norðurlandaráði í ársbyrjun 1999 og á því ári mun Ísland einnig sinna formennsku í Evrópuráðinu í fyrsta sinn. Þá er 17,8 m.kr. veitt vegna aukinnar starfsemi yfirstjórnar en á móti falla 15,6 m.kr. í útgjöldum niður sem voru tímabundin. Útgjöld *1.02 Varnarmálaskrifstofu* hækka um 8,4 m.kr. og verða 46,8 m.kr. Hækkunin skýrist aðallega af því að 7 m.kr. er varið tímabundið til að kosta þátt Íslands í almannavarnaæfingunni Samvörður sem haldin er hér á landi á tveggja ára fresti. Framlag til viðfangsefnisins *1.53 Þýðingarmiðstöð* hækkar um 4 m.kr. Þýðingarmiðstöðin fékk 5 m.kr. tímabundið framlag 1997 sem fellt var niður 1998. Ekki hefur reynst unnt að draga úr rekstrarkostnaði sem þessu nemur og er fjárveiting því aukin. Þá bætist við nýtt viðfangsefni, *1.91 Undirbúningur að stofnun nýrra sendiráða*, og nemur framlag 15 m.kr. sem ætlað er til að greiða ferðakostnað og önnur tilfallandi gjöld vegna þessa verkefnis. Loks hækkar viðfangsefnið *6.01 Tæki og búnaður* um 4 m.kr. og er sú fjárhæð einkum ætluð til að mæta kostnaði við endurnýjun tölvubúnaðar.

190 Ýmis verkefni. Á árinu 1997 samþykkti ríkisstjórnin að Ísland legði fram 250 þúsund Bandaríkjadali til samtakanna American Scandinavian Foundation í Bandaríkjunum til kaupa á húsnæði fyrir starfsemi þess, en í því húsnæði er fyrirhugað að hýsa menningarmiðstöð Norðurlanda, „Scandinavian House". Framlagið dreifist á þrjú ár, samtals 16,7 m.kr. Fyrsti þriðjungurinn, 5,6 m.kr., var veittur í fjárlögum 1998. Sú fjárveiting er óbreytt í frumvarpi 1999 og á árinu 2000 verður síðasti þriðjungurinn væntanlega greiddur.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Varið er 20 m.kr. á þessum fjárlagalið. Fénu verður varið til að koma á tengingu sendiráða og fastanefnda við málaskrá ráðuneytisins þannig að starfsmenn geti unnið í sama tölvukerfi hvar sem þeir eru staddir í heiminum.

Keflavíkurflugvöllur

Þessi málefnaflokkur nær til tveggja fjárlagaliða, en það eru 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og 211 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.

211 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld Flugmálastjórnar eru talin nema 421 m.kr. og hækka um 58 m.kr. eða nær 16% milli ára. Gjöldin eru alfarið fjármögnuð af lendingargjöldum og ekki kemur til framlags úr ríkissjóði af almennum skatttekjum til þessarar stofnunar. Framlag Flugmálastjórnar til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar verður 91 m.kr. til þátttöku í kostnaði við rekstur Flugstöðvarinnar. Þá er gert ráð fyrir að Flugmálastjórn greiði 34 m.kr. upp í skuld stofnunarinnar vegna eldri lífeyrisskuldbindinga auk iðgjalda til lífeyrissjóðs sem falla til á árinu. Alls verður 43 m.kr. varið til viðhalds og nýrra framkvæmda, þar á meðal 33 m.kr. til uppsetningar aðflugsbúnaðar. Lendingar flugvéla á Keflavíkurflugvelli og fjöldi farþega sem fara um völlinn hafa verið sem hér segir á árunum 1985-1997:

Fjöldi í þúsundum	Lendingar	Farþegar héðan	Farþegar hingað	Farþegar í millilendingu	Farþegar samtals
1985	4,0	182	183	201	567
1986	4,3	213	212	179	604
1987	5,3	263	259	226	749
1988	5,7	266	266	274	806
1989	5,9	263	260	179	701
1990	6,3	272	272	192	735
1991	6,4	278	279	184	741
1992	6,4	279	277	201	756
1993	6,4	284	284	193	761
1994	6,6	313	310	220	843
1995	7,3	345	343	242	930
1996	7,8	375	373	277	1.025
1997	8,4	391	390	317	1.098

Þessar tölur sýna að farþegum sem fara um völlinn fer sífjölgandi; þeim hefur fjölgað um nær þriðjung frá 1994.

Sendiráð og fastanefndir

Öll sendiráð og fastanefndir Íslands á erlendri grund tilheyra þessum málefnaflokki. Sendiráð og fastanefndir eru nú 16 að tölu og hefur þeim fjölgað um eina stofnun frá fjárlögum 1998. Er það fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, en hún er staðsett í Vín. Heildargjöld nema 961 m.kr. og standa því sem næst í stað milli ára. Rekstrarkostnaður hækkar um 84 m.kr. eða rúm 10% að raungildi. Á móti lækka stofnkostnaður og viðhald í heild um 91 m.kr., aðallega vegna lækkunar á fjárveitingu til byggingar sendiráðs í Berlín.

Helstu breytingar á framlögum til einstakra sendiráða og fastanefnda eru sem hér segir: Útgjöld *311 Fastanefndar Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu* hækka um 11 m.kr. og er það fé ætlað til að styrkja fastanefndina, m.a. vegna fyrirsjáanlegrar stækkunar NATO. Þá er 28,5 m.kr. veitt til stofnunar *313 Fastanefndar Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu.* Útgjöld *317 Sendiráðs Íslands í Helsinki* aukast um 16,5 m.kr., en það sendiráð var stofnað 1998 og kemst í fullan rekstur á næsta ári. Loks eykst kostnaður *318 Fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu* um 17,7 m.kr., m.a. vegna þess að Ísland mun gegna formennsku í Evrópuráðinu á árinu 1999 og er því þessi aukning bundin við það ár.

Framlag á *320 1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda* hækkar um 4,3 m.kr. Þar af eru 3,5 m.kr. ætlaðar til að mæta auknum skólagjöldum, sjúkrakostnaði og kostnaði við búferlaflutninga vegna fjölgunar sendiráðsstarfsmanna. Framlag til *320 5.90 Viðhalds* hækkar um 10 m.kr. og verður 21,9 m.kr. en sú hækkun er ætluð til að mæta síaukinni viðhaldsþörf á sendiráðseignum. Sem fyrr getur, lækkar framlag til byggingar sendiráðs í Berlín um 100 m.kr. og verður 50 m.kr. og er sú fjárveiting ætluð til að ljúka byggingunni og kaupa búnað fyrir sendiráðið. Heildarkostnaður við sendiráðsbygginguna samkvæmt ríkisreikningi 1995-97, fjárlögum 1998 og frumvarpi 1999 nemur 355 m.kr. Eftir er að byggja sendiherrabústað en samkvæmt heimild í 7. gr. fjárlaga 1998 hefur verið keypt lóð í Berlín í þeim tilgangi. Áætlaður byggingarkostnaður liggur ekki fyrir, en í frumvarpi til fjáraukalaga ársins 1998 er gert ráð fyrir 102 m.kr. til að fjármagna kaup á lóðinni og undirbúning fyrir byggingu. Bústaður sendiherra í Bonn verður væntanlega seldur á árinu 1998 fyrir um 70 m.kr. sem renna í ríkissjóð.

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir. Fjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 683 m.kr. og lækkar um 19 m.kr. Aðalorsök þeirrar lækkunar er að framlag til þróunarsjóðs EFTA, 104 m.kr., fellur niður, en önnur framlög hækka.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Framlag Íslands til þróunarsamvinnu hefur verið lægra en annarra þróaðra landa, og þá einkum lægra en annarra Norðurlanda. Framlagið hefur hæst komist í 0,12% af vergri landsframleiðslu árin 1992 og 1993 og var um 0,10% árið 1997. Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að gera á þessu bragarbót og beita sér fyrir því að fjárveiting til stofnunarinnar hækki í 250-300 m.kr. árið 2000 og 400-500 m.kr. árið 2003, miðað við fast verðlag. Í samræmi við þessa samþykkt er lagt til að framlag til stofnunarinnar verði aukið um 57 m.kr. og verði 234 m.kr. á árinu 1999. Haldið verður áfram starfsemi í sömu löndum og nú, Namibíu, Malawí, Grænhöfðaeyjum og Mósambík. Verulega hefur dregið úr starfsemi á Grænhöfðaeyjum, en áform um starfsemi í Namibíu eru svipuð og í ár. Aukið framlag til Þróunarsamvinnustofnunar verður notað til verkefna í Malawí og Mósambík. Hingað til hefur höfuðáherslan

verið lögð á verkefni á sviði fiskimála en á næstu árum verður aukin áhersla lögð á félagsleg málefni.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Framlög á þessum lið nema 147 m.kr. og standa í stað milli ára. Helstu breytingar innan þessa fjárlagaliðar eru þær að framlag til kaupa á tækjum og búnaði lækkar um 5,5 m.kr. en á móti hækkar framlag til *1.10 Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna* um 1,2 m.kr. og til *1.30 Mannúðarmála og neyðaraðstoðar* um 3,4 m.kr., aðallega til að auka framlag til alþjóðanefndar Rauða krossins og til Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

401 Alþjóðastofnanir. Framlag til alþjóðastofnana nemur 302,3 m.kr. og lækkar um 76 m.kr. milli ára, en lækkunin stafar af því að framlag til Þróunarsjóðs EFTA, 103,6 m.kr., fellur brott. Helstu breytingar aðrar í fjárveitingum á þessum lið er að framlag til viðfangsefnisins *1.85 Friðargæsla* hækkar um 17 m.kr. Þeirri hækkun er ætlað að mæta kostnaði við starf íslenskra lögreglumanna í alþjóðlegu lögregluliði Sameinuðu þjóðanna í Bosníu-Herzegóvínu. Utanríkisráðuneytið hefur tekið við umsjá þessa verkefnis af dómsmálaráðuneytinu og fellur 7 m.kr. fjárveiting til þessa verkefnis niður hjá því ráðuneyti. Hin aukna fjárveiting, úr 7 í 17 m.kr., er ætluð til að fjölga lögreglumönnum í Bosníu, þannig að þar geti þrír verið við störf að jafnaði. Áður voru þar mest tveir og þá ekki allt árið. Þá hækkar framlag til *1.71 Eftirlitsstofnunar EFTA* um 4,7 m.kr. og til *1.75 Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ÖSE* um 4,2 m.kr. Aðrar breytingar á fjárveitingum þessa liðar eru minni háttar.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn *611 Útflutningsráð* er eini liðurinn í þessum málefnaflokki. Framlag til Útflutningsráðs nemur 125 m.kr. á fjárlögum og er það kostað með jafnháum tekjum af markaðsgjaldi iðnaðarins. Samkvæmt ákvæði IV til bráðabirgða í lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með síðari breytingum skal á árinu 1998 „endurskoða lög um Útflutningsráð og frá og með árinu 1999 skal álagning markaðsgjalds falla niður hafi lögin þá ekki verið endurskoðuð". Lög þessi eru í endurskoðun og er áformað að frumvarp þar að lútandi verði flutt á haustþingi.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun landbúnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	1.088,7	1.170,2	81,5	7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	6.650,8	6.974,1	323,3	5
Stofnkostnaður og viðhald	446,1	385,3	-60,8	-14
Samtals	**8.185,6**	**8.529,6**	**344,0**	**4**
Greitt úr ríkissjóði	8.086,5	8.436,3	349,8	4
Innheimt af ríkistekjum	99,1	93,3	-5,8	-6
Samtals	**8.185,6**	**8.529,6**	**344,0**	**4**

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 1999 eru áætluð 9.022 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 493 m.kr. en þær nema 5,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 8.529 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 8.436 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 93 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.170 m.kr. og hækka um 81 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 34 m.kr. launa- og verðlagshækkun og 22 m.kr. hækkun til embættis yfirdýralæknis.

Neyslu- og rekstrartilfærslur verða 6.974 m.kr. samanborið við 6.651 m.kr. í fjárlögum 1998. Þyngst vegur 270 m.kr. hækkun vegna nýs verðtilfærslugjalds, 145 m.kr. hækkun á beinum greiðslum til bænda og 17 m.kr. aukin framlög til skógræktar. Í heildina aukast framlög til skógræktar um 29 m.kr. Á móti kemur að kostnaður við uppkaup á fullvirðisrétti lækkar um 87 m.kr. og greiðslur til Framleiðsluráðs minnka um 27 m.kr. í samræmi við áætlun um minni tekjur af verðskerðingargjaldi á búvörur.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 385 m.kr. og er það 61 m.kr. lækkun milli ára. Mestu munar að 50 m.kr. framlag vegna uppgjörs á eldri jarðræktarframlögum fellur niður þar sem kostnaður við uppgjörið verður allur gjaldfærður á árinu 1998.



Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 190 m.kr. sem er um 21 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum og kemur fram á *190 Ýmis verkefni*. Í fyrsta lagi hækkar kostnaður við framkvæmd búvörusamnings um 5,8 m.kr. vegna hagræðingar- og stuðningsverkefna 1999 í samræmi við samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá desember 1997. Gert er ráð fyrir að verja, samkvæmt samningnum, alls 22,5 m.kr. í slík verkefni á þremur árum, þannig að framlag á árinu 1999 verði 10 m.kr., 7,5 m.kr. árið 2000 og 5 m.kr. árið 2001. Í öðru lagi hækkar framlag *1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir* um 2 m.kr. vegna kostnaðar við skógræktaráætlun fyrir landið. Veitt er 3 m.kr. framlag á nýjum lið *1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO*, vegna árgjalds nefndarinnar. Árlegur kostnaður hefur reynst heldur meiri en framlagið, en gert er ráð fyrir að Ísland fái samþykkta kröfu sína um lækkun árgjaldsins. Í fjórða lagi hækkar viðfangsefnaliður *1.90 Ýmis verkefni* um 9,9 m.kr. Af þeirri fjárhæð verður 8 m.kr. varið til áframhaldandi uppkaupa á laxalögnum í sjó og er verkefninu þar með lokið að hálfu ríkissjóðs. Tilraunum við að endurheimta votlendi er ætlað 1 m.kr. framlag. Að lokum eykst kostnaður við yfirmat á kjöti, grænmeti og ull um 0,9 m.kr. í samræmi við áætlaðan tekjuauka af gjaldi fyrir yfirmat.

Landbúnaðarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins; 221 Veiðimálastofnun; 222 Veiðimálastjóri; 233 Yfirdýralæknir; 236 Aðfangaeftirlit ríkisins; 261 Bændaskólinn á Hvanneyri; 271 Bændaskólinn á Hólum; 283 Garðyrkjuskóli ríkisins og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 1.013 m.kr. sem er 25 m.kr. hækkun umfram launa- og verðlagsbreytingar.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru:

222 Veiðimálastjóri. Rekstrargjöld eru áætluð 10,3 m.kr. Tímabundið 2,6 m.kr. framlag til að standa undir eftirliti og rannsóknum á laxveiðum vegna hlunnindaveiða fellur niður.

233 Yfirdýralæknir. Heildargjöld eru áætluð 222,3 m.kr. Rekstrargjöld yfirdýralæknis, sem fjármögnuð eru af ríkissjóði, hækka um 15 m.kr. vegna aukinna verkefna og kostnaðar sem fylgir EES aðild, aukins innflutnings búfjár og búfjárafurða, breytinga samkvæmt nýjum lögum um dýralækna og viðhalds gamalla sauðfjárveikivarnagirðinga. Auk þess hækka gjöld yfirdýralæknis tímabundið árið 1999 um 7,2 m.kr. vegna biðlauna níu héraðsdýralækna sem leiðir af fækkun embætta í samræmi við lög um dýralækna sem taka gildi í ársbyrjun 1999. Áætlað er að þessi breyting leiði í framtíðinni til 9 m.kr. árlegs sparnaðar. Útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits með sláturhúsum aukast um 2,8 m.kr. í samræmi við áætlaðan tekjuauka af gjaldi fyrir heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum.

236 Aðfangaeftirlit ríkisins. Rekstrargjöld eru áætluð 11,7 m.kr sem er 2,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Gjöldin hækka um 3 m.kr. vegna sérfræðiaðstoðar við stjórnvöld sakir áhrifa tilskipana Evrópusambandsins á íslensk lög og reglur á starfssviði stofnunarinnar. Sérfræðikostnaðurinn er greiddur af framlagi ríkisins. Að öðru leyti er rekstur stofnunarinnar borinn uppi af eftirlitsgjöldum sem áætlað er að dragist saman um 1,1 m.kr. milli ára.

271 Bændaskólinn á Hólum. Heildargjöld eru áætluð 191 m.kr. Helstu breytingar eru þær að veitt er 5,1 m.kr. framlag til reksturs á aðstöðu til bleikjukynbóta, en skólinn hefur aflað styrkja til að standa undir þróun kynbótaaðferða. Á móti kemur að stofnkostnaðarframlag til endurinnréttingar á Hólaskóla lækkar um 6 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 10 m.kr. framlagi til byggingar aðstöðu fyrir kynbætur á bleikju sem er sama fjárhæð og í fjárlögum þessa árs, en heildarkostnaður við framkvæmdina getur numið allt að 30 m.kr.

283 Garðyrkjuskóli ríkisins. Heildargjöld eru áætluð 81,4 m.kr. og hækka um 4 m.kr. til reksturs nýs tilraunagróðurhúss.

Skógrækt og landgræðsla

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins; 324 Landgræðslusjóður; 331 Héraðsskógar; 341 Átak í landgræðslu og skógrækt og 343 Suðurlandsskógar.

Heildarútgjöld eru áætluð 761 m.kr. sem er 29 m.kr. hækkun umfram launa- og verðlagsbreytingar. Skýringar eru þrjár. Í fyrsta lagi er framlag ríkisins til átaks í landgræðslu og skógrækt aukið um 15 m.kr. milli ára og verður 95 m.kr. Til átaksins var stofnað með samþykkt ríkisstjórnarinnar í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um bindingu koltvíoxíðs í andrúmslofti. Í öðru lagi hækkar framlag til Suðurlandsskóga um 10 m.kr. og eru rekstrargjöld verkefnisins áætluð 30 m.kr. Að lokum hækkar stofnkostnaður Skógræktar ríkisins um 4 m.kr. vegna byggingar gróðurhúss á Vöglum til fræframleiðslu. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við framkvæmdina verði allt að 12 m.kr.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu og 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Heildarframlag nemur 5.516 m.kr. sem er 328 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1998.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Framlagið nemur 3.330 m.kr. á árinu 1999 sem er hækkun um 420 m.kr. frá fjárlögum 1998. Beinar greiðslur ríkisins til bænda eru áætlaðar 2.943 m.kr. sem er 145 m.kr. hækkun. Greiðslumark mjólkurframleiðslu er 102 milljónir lítra. Grundvallarverð á mjólkurlítra hækkaði síðast 1. janúar 1998 um 5% og nema beingreiðslur til bænda nú 28,85 kr. á lítra. Ákvörðun um beingreiðslur byggir á samningi milli ríkisstjórnar og samtaka bænda sem tók gildi 1. september 1998 og gildir til ársins 2005. Áætlað er að útgjöld ríkisins vegna samningsins verði nær óbreytt á föstu verðlagi út samningstímann. Framlag ríkisins í lífeyrissjóð bænda verður 117 m.kr. og hækkar um 5 m.kr. í samræmi við hækkun á grundvallarverði á mjólkurlítra. Á nýjum viðfangsefnalið er áætlað fyrir 270 m.kr. útgjöldum vegna verðtilfærslugjalds á mjólk. Lagt er 2,65 kr. gjald á hvern lítra innveginnar mjólkur samkvæmt lögum nr. 69/1998 um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Greiðist það út á tilteknar mjólkurafurðir við sölu innanlands eftir ákvörðun verðlagsnefndar.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Framlag ríkisins nemur 2.186 m.kr. og lækkar um 92 m.kr. frá fjárlögum 1998. Framlagið tekur mið af samningi um framleiðslu sauðfjárafurða milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands sem gerður var haustið 1995 en hann gildir til ársloka 2000. Samkvæmt samningnum falla niður 117 m.kr. greiðslur vegna uppkaupa á fullvirðisrétti. Á móti vegur að veittar verða 30 m.kr. á árinu 1999 til uppkaupa í samræmi við sérstakt samkomulag milli aðila á grundvelli samningsins. Framlag til hagræðingar og vöruþróunar lækkar um 5 m.kr. í samræmi við samninginn.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðarins

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 811 Bændasamtök Íslands; 813 Framleiðsluráð landbúnaðarins; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 823 Lánasjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 826 Stofnverndarsjóður búfjár; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 829 Útflutningsgjald á hross; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir; 843 Fiskiræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

Heildargjöld eru áætluð 1.543 m.kr. og lækka að raungildi um 97 m.kr. frá fjárlögum. Mestu ræður lækkun jarðræktarframlaga o.fl. um 50 m.kr., 27 m.kr. lækkun til samræmis við áætlaðar tekjur af útflutningsgjaldi kindakjöts og 11 m.kr. lækkun til samræmis við væntanlegar tekjur af aðflutningsgjöldum fóðurs.

811 ***Bændasamtök Íslands.*** Framlag til Bændasamtakanna verður 235 m.kr. á árinu 1999, sem er 44,1 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1998. Auk launa- og verðlagshækkana skýrist breytingin með því að liðurinn jarðræktarframlög lækka um 49 m.kr. Í fjárlögum þessa árs er áætlað fyrir 50 m.kr. kostnaði vegna uppgjörs á eldri jarðræktarframlögum og fellur sú fjárhæð niður í frumvarpinu. Gengið verður frá samningum um uppgjörið og kostnaður við það færður til gjalda á árinu 1998. Heildarkostnaður við uppgjörið er 220 m.kr. í samræmi við bráðabirgðaákvæði í búnaðarlögum nr. 70/1998. Framlag á viðfangsefnalið *6.97 Jarðræktarframlög o.fl.* verður 40 m.kr. til verkefna á sviði jarðabóta í samræmi við búnaðarlög. Unnið er að gerð samnings milli ríkisins og Bændasamtakanna til fimm ára um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og framlög til þeirra á grundvelli laganna.

813 ***Framleiðsluráð landbúnaðarins.*** Heildarútgjöld á þessum lið eru 116,6 m.kr. sem er 25,8 m.kr. lækkun milli ára. Framleiðsluráð innheimtir, samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, gjald á búvörur til verðskerðingar auk útflutningsgjalds kindakjöts. Áætlað er að þessi innheimta skili samtals 77,6 m.kr. tekjum árið 1999. Þá renna 0,275% eða 39 m.kr. af búnaðargjaldi til reksturs sjóðsins eins og á yfirstandandi ári.

824 ***Verðmiðlun landbúnaðarvara.*** Heildargjöld á fjárlagliðnum eru áætluð 110 m.kr. og lækka um 3,2 m.kr. frá fjárlögum. Verðmiðlunin starfar á grundvelli laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Verðmiðlunargjaldið er innheimt á heildsölustigi af afurðum nautgripa og sauðfjár einkum í þeim tilgangi að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum.

827 ***Fóðursjóður.*** Sjóðurinn starfar á grundveli laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tekjur sjóðsins eru andvirði tolla af innfluttu fóðri og hrá-

efnum. Landbúnaðarráðherra er heimilt að greiða innflytjendum, eða kaupendum fóðurs, fé úr fóðursjóði sem samsvarar tollum þeim sem þeir hafa greitt við innflutning vörunnar eða fóðurkaup. Þá er enn fremur heimilt að greiða framleiðendum búvara fé úr fóðursjóði eftir afurðamagni. Áætlað er að tekjurnar nemi 340 m.kr. á árinu 1999 saman borið við 351 m.kr. á yfirstandandi ári.

829 Útflutningsgjald á hross. Samkvæmt lögum um útflutning hrossa nr. 161/1994, skal leggja útflutningsgjald á hvert útflutt hross. Gjaldið greiðist í sérstakan útflutningssjóð sem er í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorða. Greiða skal 5% af gjaldinu í stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins sem starfar skv. 15. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, og 15% af gjaldinu skal greiða í Búnaðarmálasjóð. Eftirstöðvum hvers árs skal varið til útflutnings- og markaðsmála, að fengnum tillögum útflutnings- og markaðsnefndar. Heildargjöld sjóðsins eru áætluð 25 m.kr. á árinu 1999 sem er 2,5 m.kr. hækkun milli ára.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Útgjöld sjóðsins eru áætluð 73,3 m.kr. á árinu 1999. Jarðasjóður er starfræktur við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 34/1992. Hlutverk hans er að kaupa jarðir bænda sem afsalað hafa framleiðslurétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði og aðstoða sveitarfélög með lánveitingum við eigendaskipti að jörðum. Áætlað er að á árinu 1999 hafi sjóðurinn 16 m.kr. tekjur af andvirði seldra ríkisjarða sem er 4,8 m.kr. lækkun milli ára, 17 m.kr. af afgjaldi ríkisjarða á forræði landbúnaðarráðuneytisins sem er 5 m.kr. lækkun og 2,3 m.kr. sértekjur. Auk þess er veitt til sjóðsins 30,5 m.kr. ríkisframlag eins og á yfirstandandi ári.


05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegsráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	1.228,9	1.458,7	229,8	19
Neyslu- og rekstrartilfærslur	186,6	148,4	-38,2	-20
Stofnkostnaður og viðhald	1.099,9	813,1	-286,8	-26
Samtals	**2.515,4**	**2.420,2**	**-95,2**	**-4**
Greitt úr ríkissjóði	2.174,1	2.368,2	194,1	9
Innheimt af ríkistekjum	30,0	52,0	22,0	73
Viðskiptahreyfingar	311,3	-	-311,3	-
Samtals	**2.515,4**	**2.420,2**	**-95,2**	**-4**

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytisins eru áætluð 3.086 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 666 m.kr. en þær nema 21,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.420 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.368 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 52 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.459 m.kr. og hækka um 230 m.kr. milli ára. Helstu orsakir hækkunarinnar eru að gjöld aðalskrifstofu hækka um 50 m.kr., Hafrannsóknastofnunarinnar um 78 m.kr., Fiskistofu um 41 m.kr. og loks nema framlög til Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, samtals 37 m.kr. Um 52 m.kr. af umræddri 230 m.kr. heildarhækkun stafar af millifærslu á rekstur frá tilfærslu- og viðhaldsliðum. Tilfærslur lækka um 38 m.kr., aðallega vegna þess að 30 m.kr. framlag til Síldarútvegsnefndar fellur brott, þar sem nefndin hefur verið lögð niður. Framlög til stofnkostnaðar og viðhalds lækka um 287 m.kr. og vegur þar þyngst að 300 m.kr. framlag Byggingarsjóðs hafrannsóknaskipa til byggingar nýs skips fellur niður, enda var þar um framlag í eitt skipti að ræða.



Ráðuneyti

Fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa, 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé tilheyra þessum málefnaflokki. Liður 221, Verðlagsráð sjávarútvegsins, hefur verið lagður niður og sameinaður lið 190 Ýmis verkefni. Gjöld þessa málefnaflokks nema 278 m.kr. og hækka um 31 m.kr.

*101 **Aðalskrifstofa.*** Útgjöld nema 133,5 m.kr. og hækka um 25,5 m.kr. Veitt er 5 m.kr. til þróunar aðferða til að mæla klórlífræn efnasambönd í sjó, 4 m.kr. til að koma á fót upplýsingamiðstöð sjávarútvegsins, 8 m.kr. til að halda norræna fiskimálaráðstefnu hér á landi á næsta ári og 5 m.kr. eru færðar á aðalskrifstofu af fjárlagalið *190 Ýmis verkefni*. Aðrar breytingar eru vegna hækkunar launa og verðlags.

*190 **Ýmis verkefni.*** Útgjöld nema 141,2 m.kr. og hækka um 5,7 m.kr. Helstu breytingar á þessum lið eru að framlag til viðfangsefnisins *1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir* lækkar um 9,6 m.kr. og viðfangsefnið *1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins* fellur niður, en til þess voru 3 m.kr. veittar 1998 og var fjárveitingin til eins árs. Framlag á viðfangsefninu *1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits* hækkar um 11,2 m.kr. og verður 20,7 m.kr. Síðastliðin þrjú ár hefur fjármagni verið varið í könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits. Þessum tilraunaáfanga lýkur á árinu 1998 og hafist verður handa um framkvæmd á árinu 1999. Samkvæmt samningi við Norðaustur–Atlantshafsfiskveiðinefndina (NEAFC) ber Íslandi að beita fjareftirliti með veiðum sem falla undir NEAFC, en það eru veiðar með nót og troll og það verði að fullu og öllu komið á í síðasta lagi árið 2000. Stefnt er að því að eftirlitið hefjist að hluta þegar árið 1999. Aðrar breytingar á þessum fjárlagalið eru millifærslur milli einstakra viðfangsefna, auk launa- og verðlagsbreytinga.

Rannsóknir og eftirlit

Eftirtaldir fjárlagaliðir heyra undir þennan málefnaflokk: 202 Hafrannsóknastofnunin; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla; 208 Bygging hafrannsóknaskips; 210 Sjóður til síldarrannsókna; 211 Kvótaþing; 213 Verðlagsstofa skiptaverðs; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

202 ***Hafrannsóknastofnunin.*** Á Hafrannsóknastofnuninni er unnið að rannsóknum á göngum og stofnsveiflum íslenskra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu. Stofnunin er ráðgjafi stjórnvalda við ákvörðun á hámarksafla nytjastofna og nýtingu veiðisvæða og um önnur vísindaleg atriði er lúta að nýtingu sjávarauðlinda. Við stofnunina starfa 120 manns auk 35 manna í áhöfnum á þremur rannsóknaskipum og tveim bátum. Þá eru starfrækt fimm útibú. Stofnunin tekur þátt í víðtæku erlendu samstarfi, einkum á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Gjöld umfram tekjur nema 730,1 m.kr. og hækka um 45,3 m.kr. Veitt er 25 m.kr. til rannsókna í Suðurdjúpi á útbreiðslu vannýttra tegunda t.d. laxsíldar, búra, smokkfisks og túnfisks. Ætlunin er að nýtt hafrannsóknaskip sem kemur til nota á árinu 1999 verði nýtt við þessar rannsóknir. Einnig verða gerðar ýmsar umhverfisrannsóknir til að byggja upp þekkingu á lífsskilyrðum í sjó. Launa- og verðlagshækkanir nema um 20 m.kr.

203 ***Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.*** Gjöld stofnunarinnar umfram tekjur hækka um 6,9 m.kr. og verða 112,3 m.kr. Veitt er 3 m.kr. til endurnýjunar á tækjabúnaði útibúsins á Neskaupstað. Launa- og verðlagshækkanir nema 3,9 m.kr.

204 ***Fiskistofa.*** Útgjöld Fiskistofu umfram sértekjur nema 375,3 m.kr. og hækka um 41,2 m.kr. Þar af koma 33,0 m.kr. til af því að markaðir tekjustofnar sem renna til Fiskistofu hækka um þá fjárhæð. Þá er 3 m.kr. veitt til að kosta eitt starf í tengslum við þjónustu stofunnar við nýstofnað Kvótaþing. Útgjöld lækka um 5,6 m.kr. vegna þess að með reglugerð nr. 450/1997 voru kröfur um skilvirkni eftirlits faggiltra skoðunarstofa auknar og um leið dregið úr eftirliti hins opinbera.

207 ***Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla.*** Tekjur af upptöku ólögmæts sjávarafla eru áætlaðar 45 m.kr. Þeim verður að mestu varið til hafrannsókna og eftirlits með fiskveiðum samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðherra.

208 ***Bygging hafrannsóknaskips.*** Á yfirstandandi ári er alls ætlað að verja 1,3 milljörðum króna til byggingar hafrannsóknaskips. Nú er ljóst að skipið mun kosta sem næst 1,6 milljörðum króna og verður kostnaðaraukinn, 300 m.kr., fjármagnaður með framlagi úr

Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Framlag Þróunarsjóðs færist frá C-hluta fjárlaga til A-hluta sem sértekjur á þennan fjárlagalið. Á móti kemur jafnhá fjárhæð sem útgjöld til byggingar skipsins. Því kemur ekki til framlags úr ríkissjóði.

210 Sjóður til síldarrannsókna. Með lögum nr. 43/1998 var Síldarútvegsnefnd lögð niður og hlutafélag stofnað um starfsemi nefndarinnar. Í 8. gr. þeirra laga er kveðið á um að stofna skuli sjóð til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar og skal sjóðurinn vera í vörslu hennar. Árleg ráðstöfun úr sjóðnum miðast við að ekki sé gengið á eigið fé sjóðsins. Talið er að vaxtatekjur og gjöld sjóðsins nemi 7 m.kr.

211 Kvótaþing. Þingið var stofnað með lögum nr. 11/1998. Þar verður opinn tilboðsmarkaður fyrir öll viðskipti með aflakvóta. Kvótaþing tekur þóknun fyrir þjónustu sína skv. gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og er miðað við að tekjur standi undir kostnaði. Í fjárlögum eru þær færðar sem ríkistekjur og síðan sem framlag úr ríkissjóði til Kvótaþings. Áætlað er að kostnaður við þingið nemi 16,3 m.kr. á næsta ári.

213 Verðlagsstofa skiptaverðs. Verðlagsstofa skiptaverðs var stofnuð með lögum nr. 13/1998. Tilgangur hennar er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla þannig að réttu og eðlilegu uppgjöri aflahlutar. Gert er ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar kosti 20,6 m.kr. á næsta ári og honum verði mætt með framlagi úr ríkissjóði án sérstakra ríkistekna.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Gjöld umfram sértekjur nema 83,3 m.kr. og hækka um 3,6 m.kr., en þar af eru 1,6 m.kr. viðbótarframlag vegna aukins umfangs í starfi skrifstofunnar.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Sjóðurinn er stofnun í C-hluta sem hefur tekjur af þróunarsjóðsgjaldi á skip, 90 m.kr., og á aflamark, 650 m.kr. Tekjur þessar eru skilgreindar sem tekjur ríkisins sem síðan er veitt til sjóðsins á A-hluta fjárlaga, en sjóðurinn sjálfur er í C-hluta, þar sem nánari grein er gerð fyrir starfsemi hans.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	6.887,5	7.409,3	521,8	8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.845,6	2.013,2	167,6	9
Stofnkostnaður og viðhald	271,0	286,5	15,5	6
Samtals	**9.004,1**	**9.709,0**	**704,9**	**8**
Greitt úr ríkissjóði	8.941,9	9.646,8	704,9	8
Innheimt af ríkistekjum	62,2	62,2	0,0	0
Samtals	**9.004,1**	**9.709,0**	**704,9**	**8**

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 1999 eru áætluð um 9.999 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 290 m.kr. en þær nema tæpum 3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 9.709 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 9.647 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 62 m.kr. eru innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.409 m.kr. og hækka um 522 m.kr. frá fjárlögum 1998. Munar þar mest um 110 m.kr. til að styrkja löggæslu í landinu. Einnig hækkar framlag til biskups Íslands um rúmlega 60 m.kr. í samræmi við samning um fjárhagsleg samskipti ríkis og þjóðkirkju. Loks hækka útgjöld til ráðuneytis um tæpar 50 m.kr., m.a. vegna alþingiskosninga á næsta ári. Launa- og verðlagsbætur nema um 224 m.kr. og endurmat launagjalda í kjölfar nýrra úrskurða Kjaradóms og kjaranefndar á þessu ári leiðir til 37 m.kr. hækkunar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur verða 2.013 m.kr. og hækka um 168 m.kr. frá fjárlögum 1998. Þyngst vegur 156 m.kr. hækkun til kirkjumála en sóknar- og kirkjugarðsgjöld taka mið af hækkun á meðaltekjuskattsstofni og sú viðmiðun leiðir til rúmlega 156 m.kr. hækkunar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 287 m.kr. og er það 16 m.kr. hækkun milli ára. Framlag til viðhalds og endurnýjunar lögreglubifreiða hækkar um 20 m.kr. og til verkefna tengdu íslenska upplýsingasamfélaginu eru veittar 16 m.kr. Á móti lækkar framlag til nokkurra smærri liða.



Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 105 Lögbirtingablað; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargjöld, að meðtöldum rekstrartilfærslum, verða 284 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 50 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Fjárlagaliðurinn 111 Kosningar hækkar um 25 m.kr. og útgjöld til að mæta kostnaði við kosningar til Alþingis á næsta ári, 36 m.kr., taka mið af raunkostnaði við síðustu alþingiskosningar. Að öðru leyti er hækkun til málefnaflokksins að mestu að rekja til aðalskrifstofu auk annarra smærri liða.

101 Aðalskrifstofa. Rekstrargjöld nema um 172,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 20 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Umsvif og verkefni ráðuneytisins hafa aukist á síðustu árum án teljandi breytinga á fjárframlagi. Umtalsverður halli hefur skapast á hverju ári sem hefur verið leystur með millifærslum frá öðrum liðum. Sýnt þykir að ekki muni draga úr starfsemi á aðalskrifstofu og er því lögð til hækkun á næsta ári og samsvarandi hækkun fyrir þetta ár í frumvarpi til fjáraukalaga.

190 Ýmis verkefni. Heildargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 37,1 m.kr. sem er sambærilegt við framlag þessa árs. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, *1.82 Biblíuþýðingar*, og er framlag 3,6 m.kr. Biblíufélagið hefur unnið að þýðingu gamla testamentisins frá árinu 1992 samkvæmt ákvörðun þáverandi ríkisstjórnar. Gert er ráð fyrir fjárveitingu til þessa verkefnis til ársloka 2002 að fjárhæð 3,6 m.kr. til viðbótar við árlegt framlag úr kirkjumálasjóði sem hefur numið 3 m.kr. síðustu ár. Tímabundið framlag að fjárhæð 2,4 m.kr. til rannsókna á viðurlögum við afbrotum fellur niður. Viðfangsefnið *1.11 Námsleyfi lögfræðinga* lækkar um 1 m.kr. en umsjón með námsleyfum dómara og

aðstoðarmanna þeirra færist til hins nýja dómstólaráðs, sbr. umfjöllun um dómstóla. Útgjöld að frádregnum sértekjum vegna *prófs málflytjenda* verða 2,5 m.kr. sem er nær óbreytt að raungildi en nokkrar efnisbreytingar verða á liðnum. Samkvæmt lögum um lögmenn þurfa lögfræðingar að sækja námskeið og standast próf til að fá lögmannsréttindi. Gert er ráð fyrir námskeiðs- og prófтökugjöldum til að mæta kostnaði af prófraunum og standa tekjur af þeim undir útgjöldum. Á næsta ári er gert ráð fyrir framlagi til að standa undir kostnaði vegna þeirra sem taka próf samkvæmt eldra fyrirkomulaginu og greiða ekki prófgjöld. Að auki er áætlað fyrir kostnaði vegna prófraunar þeirra sem óska eftir að afla sér réttinda sem hæstaréttarlögmenn.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Framlag til þessa fjárlagaliðar er alls 16 m.kr. Því er ætlað að mæta kostnaði við að undirbúa birtingu laga, reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla á veraldarvefnum. Skipuð hefur verið nefnd um aðgengi að lagagögnum á vefnum. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur um með hvaða hætti stjórnarráðinu, fyrirtækjum og almenningi verði tryggður aðgangur að hvers kyns lagagögnum á veraldarvefnum. Nefndin skal skila skýrslu sinni til dómsmálaráðherra 1. desember nk.

Dómsmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð og 235 Bætur brotaþola.

Heildarframlag til þessa málefnaflokks er áætlað 642 m.kr. á næsta ári samanborið við 613 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Engar efnisbreytingar eru á útgjöldum málefnaflokksins en verulegar breytingar eru gerðar á framsetningu. Í lögum nr. 15/1998, um dómstóla, er kveðið á um að framlag til allra héraðsdómstóla skuli sett fram á einum fjárlagalið og hafa fjárlagaliðirnir 211-218 Héraðsdómstólar, 290 Dómsmál, ýmis kostnaður og 291 Húsnæði og búnaður dómstóla í fjárlögum 1998 verið sameinaðir í einn lið, 210 Héraðsdómstólar. Dómstólaráð ber ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstóla og skiptir fé milli þeirra. Rekstrarframlag til dómstóla hækkar alls um 4 m.kr. vegna húsaleigukostnaðar en fasteignir nokkurra héraðsdómstóla verða færðar í umsjá Fasteigna ríkissjóðs frá og með næstu áramótum. Á móti fellur niður 2,5 m.kr. viðhaldsliður á fjárlagalið 291 Húsnæði og búnaður dómstóla.

Útgjöld vegna málskostnaðar í opinberum málum lækka um 3,4 m.kr. frá fjárlögum 1998 og verður 83,6 m.kr. til samræmis við útgjöld síðasta árs. Fjárveiting til opinberrar réttaraðstoðar hækkar um 18,9 m.kr. og verður 44,7 m.kr. Kostnaður við gjafsóknir hefur aukist jafnt og þétt hin síðustu ár og verður framlag 31,3 m.kr. á næsta ári samanborið við 16,7 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, *1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana*, og er framlag 4,3 m.kr. sem áður var fært á fjárlagalið 290 Dómsmál, ýmis kostnaður. Að lokum lækkar framlag til fjárlagaliðarins 235 Bætur brotaþola um 5 m.kr. til samræmis við útgjöld síðasta árs.

Löggæsla og öryggismál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 321 Almannavarnir ríkisins; 325 Neyðarsímsvörun; 331 Umferðarráð; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslumál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands og 397 Schengen samstarf.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 3.013,8 m.kr. og skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Ríkissaksóknari	55,6	59,2	3,6
Ríkislögreglustjóri	183,6	241,8	58,2
Lögregluskóli ríkisins	41,7	75,0	33,3
Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.337,3	1.481,4	144,1
Almannavarnir ríkisins	31,0	46,8	15,8
Neyðarsímsvörun	52,7	56,0	3,3
Umferðarráð	93,4	95,0	1,6
Áfengis- og fíkniefnamál	38,0	36,5	-1,5
Ýmis löggæslukostnaður	107,0	114,8	7,8
Húsnæði löggæslustofnana	14,0	14,0	0,0
Landhelgisgæsla Íslands	812,4	843,1	30,7
Landhelgissjóður Íslands	8,5	8,5	0,0
Schengen-samstarf	24,0	24,0	0,0
Samtals	**2.799,2**	**3.096,1**	**296,9**
Sértekjur	90,5	82,3	-8,2
Innheimt af ríkistekjum	34,6	34,6	0,0
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**2.674,1**	**2.979,2**	**305,1**

Rekstrargjöld hækka um 274 m.kr. og að frátöldum launa- og verðlagsbótum stafar breytingin af 110 m.kr. hækkun til löggæslu. Af þeirri fjárhæð renna um 80,5 m.kr. til lögreglustjórans í Reykjavík, 20 m.kr. til ríkislögreglustjóra og 7 m.kr. til nokkurra sýslumannsembætta auk annarra smærri liða. Nýtt skipulag við álagningu og innheimtu umferðarsekta var tekið í notkun á þessu ári. Það hefur gefist vel og mun auka tekjur ríkissjóðs á þessu og næsta ári verulega. Þá er fyrirhugað að taka í notkun um næstu áramót hliðstætt skipulag við innheimtu annarra sekta, dómsekta og málskostnaðar. Áætlað er að sektartekjur geti aukist um allt að 150 m.kr. vegna þessara breytinga. Niður fellur 1,5 m.kr. framlag til matsnefndar vínveitingahúsa á fjárlagalið 341 Áfengis- og fíkniefnamál en í áfengislögum sem samþykkt voru sl. vor er kveðið á um að lögreglan í Reykjavík skuli sinna eftirliti með vínveitingastöðum í stað sérstakra víneftirlitsmanna.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 15 m.kr. vegna alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi. Almannavarnir ríkisins munu veita stofnuninni 15

m.kr. framlag og bætist við nýtt viðfangsefni á fjárlagalið Almannavarna, *1.11 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði*. Fjallað er nánar um miðstöðina í umfjöllun um Háskóla Íslands.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar verður 99 m.kr. Framlag hækkar um 20 m.kr. vegna nýs fyrirkomulags við endurnýjun og viðhald lögreglubifreiða en á móti lækkar fjárveiting um 4 m.kr. þar sem smíði á nýrri landskrá umferðarlagabrota er lokið.

Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

303 ***Ríkislögreglustjóri.*** Rekstrargjöld á næsta ári eru áætluð 241,8 m.kr. samanborið við 183,6 m.kr. fjárveitingu á þessu ári. Hækkun má rekja til fjögurra þátta auk launa- og verðlagsbóta. Í fyrsta lagi hækka útgjöld um 20 m.kr. til að mæta raunverulegu umfangi embættisins og auknu umferðareftirliti. Í öðru lagi eru ætlaðar 4,5 m.kr. vegna stöðu aðstoðaryfirlögregluþjóns en staðan er flutt frá lögreglustjóranum í Reykjavík og lækkar framlag þar samsvarandi. Í þriðja lagi eru 4 m.kr. ætlaðar til nýrrar deildar hjá embættinu til að sinna áfengiseftirliti en einnig er gert ráð fyrir tilfærslu á störfum og fjármunum vegna þessa. Í breytingu á lögreglulögum, sem gerð var í tengslum við samþykkt áfengislaga, er kveðið á um að ríkislögreglustjóri skuli annast skipulag áfengiseftirlits á landsvísu og að í því skyni verði sett á fót sérstök deild. Í lögum um gjald af áfengi er kveðið á um að 0,3% af áfengisgjaldi skuli renna til áfengiseftirlits lögregluyfirvalda. Tekjur af gjaldinu eru áætlaðar um 15 m.kr. á næsta ári og fara 4 m.kr. til ríkislögreglustjóra og 11 m.kr. til lögreglunnar í Reykjavík. Að lokum eykst kostnaður um 20,4 m.kr. vegna innheimtu sekta sem ríkislögreglustjóri annast fyrir landið allt. Kostnaðurinn er færður á sérstakt viðfangsefni, *1.05 Innheimta sekta*. Við það er miðað að þessi kostnaður lækki eftir því sem innheimtan verður skilvirkari.

305 ***Lögregluskóli ríkisins.*** Rekstrargjöld hækka um 33,7 m.kr. milli ára og eru áætluð 75 m.kr. Lögreglunemum fjölgar um helming og leiðir það til 14 m.kr. hækkunar útgjalda, annars vegar vegna launa lögreglunema á seinni önn skólans og hins vegar vegna ýmiss kostnaðar sem lögreglunemum tengist, s.s. lögreglubúningar og matarkostnaður. Árlegur kostnaður vegna þessa er áætlaður um 29 m.kr. en hluti þess var áður greiddur af fjárlagalið 490 Ýmis kostnaður sýslumannsembætta. Þá hækkar framlag um 2,5 m.kr. til að standa undir auknum leigugreiðslum en fyrirhugað er að stækka húsnæði skólans þar sem nemendum hefur fjölgað verulega.

311 ***Lögreglustjórinn í Reykjavík.*** Heildarútgjöld embættisins eru áætluð 1.451,7 m.kr. Þar af eru rekstrargjöld 1.431,7 m.kr. og hækka þau um 152,6 m.kr. milli ára. Í fyrsta lagi eru rúmlega 80 m.kr. ætlaðar til að styrkja löggæslu og rekstur embættisins. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir þetta ár er lögð til 30 m.kr. hækkun af sama tilefni en einnig er embættinu bættur uppsafnaður rekstrarhalli fyrri ára. Gerðar hafa verið verulegar

skipulagsbreytingar á rekstri embættisins sem miða að því að einfalda og gera reksturinn og stjórnunina skilvirkari og hefur m.a. verið komið á nýju vaktakerfi. Með þessum skipulagsbreytingum og framangreindum fjárveitingum á þessu og næsta ári er rekstrinum komið á fastan, fjárhagslegan grunn. Í annan stað er 11 m.kr. framlagi af áfengisgjaldi ætlað að standa undir eftirliti með vínveitingastöðum í stað sérstakra víneftirlitsmanna. Á móti fellur niður heimild til að leggja gjöld á vínveitingastaði vegna starfa víneftirlitsmanna en það hefur skilað um 9 m.kr. árlega. Að lokum er fyrirhugað að húsnæði lögreglunnar á Hverfisgötu verði fært í umsjón Fasteigna ríkissjóðs frá næstu áramótum og hækka útgjöld embættisins um rúmlega 20 m.kr. vegna húsaleigu. Á móti þessum hækkunum lækkar framlag um 4,5 m.kr. vegna stöðu aðstoðaryfirlögregluþjóns sem hefur verið flutt til ríkislögreglustjóra.

390 Ýmis löggæslumál. Útgjöld eru áætluð 109,8 m.kr. og skiptast á viðfangsefni sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Ýmis löggæslukostnaður	15,5	20,5	5,0
Eftirlit með ökuritum	19,7	20,4	0,7
Undirbúningur að smíði varðskips	18,5	18,9	0,4
Löggæsla í Bosníu	7,1	-	-7,1
Biðlaun fyrrum starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins	7,2	-	-7,2
Tæki og búnaður	10,0	10,0	0,0
Tölvukerfi varðandi umferðarlagabrot	4,0	-	-4,0
Bifreiðir	25,0	45,0	20,0
Samtals	**107,0**	**114,8**	**7,8**
Sértekjur	5,0	5,0	0,0
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**102,0**	**109,8**	**7,8**

Framlag til viðfangsefnisins *1.10 Ýmis löggæslukostnaður* hækkar um 5 m.kr. Fundur Evrópudeildar Interpol verður haldinn hér á landi árið 1999 og er kostnaður áætlaður 4,5 m.kr. Tímabundnar fjárveitingar á viðfangsefnum *1.15 Biðlaun til fyrrum starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins* og *6.03 Tölvukerfi varðandi umferðarlagabrot* falla niður. Framlag til að mæta kostnaði Íslands af löggæslu í Bosníu færist til utanríkisráðuneytis, sem hluti af framlagi til friðargæslu, á fjárlagalið 401 Alþjóðastofnanir. Áætluð útgjöld viðfangsefnisins *6.10 Bifreiðir* hækka um 20 m.kr. Fyrirhugað er að breyta tilhögun við rekstur, viðhald og endurnýjun lögreglubifreiða og mun ríkislögreglustjóri annast það á landsvísu. Fjárveitingunni verður skipt á milli sýslumannsembætta en þau greiða aksturs- og leigugjald af bifreiðum sínum sem á að standa undir viðhaldi, endurnýjun á lögreglubifreiðum og greiðslu trygginga og opinberra gjalda.

Sýslumannsembættin standa jafnframt undir daglegum rekstrarkostnaði bifreiða. Með breyttu skipulagi og hærri fjárveitingu er gert ráð fyrir örari endurnýjun bifreiða sem á að leiða til hærra endursöluverðs og lægri viðhaldskostnaðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að fækka bifreiðum. Árið 2000 mun rekstur bifreiða hjá lögreglustjóranum í Reykjavík verða hluti af framangreindri tilhögun.

*395 **Landhelgisgæsla Íslands.*** Heildarútgjöld Landhelgisgæslunnar verða 816 m.kr. Framlag til tækja og búnaðar er óbreytt milli ára en rekstrargjöld hækka um 7,5 m.kr. til að kosta störf þyrlulækna. Gert hefur verið samkomulag við Sjúkrahús Reykjavíkur sem snýr m.a. að þyrluvakt lækna fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Heildarkostnaður er 16,5 m.kr. en Landhelgisgæslan ber nú þegar hluta þessa kostnaðar.

Sveiflur eru í rekstri Landhelgisgæslunnar þar sem á nokkurra ára fresti fara fram ítarlegar skoðanir á flugvél, þyrlum og skipum auk þess sem greiðslur vegna varahlutakaupa falla til misþungt milli ára. Á haustmánuðum verður könnuð hagkvæmni þess að gjaldfæra jafnóðum, fyrir flugtíma og siglingatíma, kostnað vegna skoðana, viðhalds og varahluta með það fyrir augum að safna í sjóð sem stæði undir óreglulegum útgjöldum. Jafnframt verður athugað að gera þjónustusamning við stofnunina m.a. á grundvelli þessa.

Sýslumenn

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Heildarútgjöld til þessa málefnaflokks nema 2.756,2 m.kr. á næsta ári og skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Sýslumannsembætti, rekstur	2.396,3	2.498,7	102,4
Ýmis rekstrarkostnaður, safnliður	149,5	130,5	-19,0
Húsnæði og búnaður	98,0	127,0	29,0
Samtals	**2.643,8**	**2.756,2**	**112,4**

Rekstrarútgjöld sýslumannsembætta eru áætluð tæplega 2.500 m.kr. Á þessu ári voru nokkrar fasteignir sýslumannsembætta í umsjá Fasteigna ríkissjóðs. Embættin greiða húsaleigu til Fasteigna ríkissjóðs og er kostnaðarauki vegna þessarar breytingar áætlaður um 16 m.kr. en á móti falla niður um 11 m.kr. á safnlið sýslumannsembætta. Þessi tilhögun er nú við lýði hjá um helmingi sýslumannsembætta en það leiðir til reglulegra viðhalds og þar með lægri kostnaðar til lengri tíma litið. Rekstrarframlag hækkar alls um 7 m.kr. að raungildi til að styrkja löggæslu nokkurra embætta, sbr. umfjöllun um löggæslumál. Við af-

greiðslu fjárlaga 1998 var ákveðin 3 m.kr. fjárveiting vegna viðbótarstöðu lögreglumanns á Egilsstöðum. Árlegur launakostnaður, afleysingar og kostnaður við einkennisfatnað o.fl. er nokkuð hærri og hækkar því framlag um 1,1 m.kr. Að lokum hækkar rekstrarframlag til sýslumannsins á Hvolsvelli um 1,2 m.kr. vegna húsnæðis sem tekið var í notkun 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur skipað nefnd til að fara yfir rekstur sýslumannsembætta með það fyrir augum að samræma fjárveitingar til embættanna á grunni skilgreindra viðmiðana svo sem mannafla, íbúafjölda umdæma o.fl. Markmiðið er m.a. að stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna til rekstrar og þjónustu sýslumanna og auðvelda samanburð á kostnaði einstakra embætta. Í nefndinni eru fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytis, sýslumanna og fjármálaráðuneytis. Stefnt er að því að nefndin ljúki störfum í febrúar á næsta ári og að niðurstöður hennar nýtist við gerð fjárlaga fyrir árið 2000. Þá verður í haust gerð sérstök rekstrarúttekt á sýslumannsembættinu á Akranesi en rekstur þess hefur verið erfiður í nokkur ár.

Fjárlagaliðurinn 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta lækkar um 19 m.kr. og verður 130,5 m.kr. Útgjöld skiptast á viðfangsefni sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Ýmis sameiginlegur kostnaður	18,9	5,4	-13,5
Útgáfa vegabréfa og ökuskírteina	-	15,6	15,6
Kostnaður við löggæslunám	15,0	-	-15,0
Óviss útgjöld	3,8	-	-3,8
Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	96,1	87,8	-8,3
Gagnalínukostnaður	15,7	21,7	6,0
Samtals	**149,5**	**130,5**	**-19,0**

Viðfangsefnið *1.20 Kostnaður við löggæslunám* fellur niður og flyst 15 m.kr. fjárveiting til lögregluskólans. Viðfangsefnið *1.21 Óviss útgjöld* fellur niður. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, *1.11 Útgáfa vegabréfa og ökuskírteina*. Kostnaður við gerð ökuskírteina hefur hækkað mikið með tilkomu tölvulesanlegra ökuskírteina sem tekin voru í notkun á síðasta ári. Einnig hefur útgefnum skírteinum fjölgað verulega frá síðasta ári. Kostnaður á næsta ári er áætlaður um 15,6 m.kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir þetta ár er lögð til 10 m.kr. fjárveiting af sömu ástæðum. Fjárveiting til að standa undir *kostnaði samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs*, lækkar um 8,3 m.kr. til samræmis við raunútgjöld síðasta árs. Útgjöld vegna *gagnalínukostnaðar* hækka um 6 m.kr. en greiða þarf fyrir aðgang að þjóðskrá og hlutafélagaskrá hjá Hagstofu Íslands. Að lokum lækkar *ýmis sameiginlegur kostnaður* um 13,5 m.kr. að mestu vegna millifærslu fjárveitinga á aðra liði.

Heildargjöld fjárlagaliðarins 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna hækkar um 29 m.kr. og verður 127 m.kr. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, *6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi*, og er framlag 40 m.kr. Hönnun sýsluskrifstofu og lögreglustöðvar í Stykkis-

hólmi lýkur nú í haust og hefjast framkvæmdir í kjölfar þess. Áætlaður heildarkostnaður við bygginguna með húsgögnum og búnaði er um 115 m.kr. Jafnframt er unnið að kaupum á húsnæði til að bæta aðstöðu lögreglunnar í Ólafsvík. Framlag til húsnæðis sýslumannsins á Seyðisfirði, að fjárhæð 17 m.kr., fellur niður en framkvæmdum við sýsluskrifstofur lýkur á þessu ári. Þrjú viðfangsefni eru sameinuð, *6.01 Tæki og búnaður* og *6.50 Breytingar á húsnæði, tölvulagnir o.fl.* falla niður og flytjast fjárveitingar, samtals að fjárhæð 25 m.kr., á viðfangsefni *6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna*. Að auki hækkar framlag til upplýsingakerfa um 8 m.kr., vegna upptöku á þinglýsingarforriti en á móti eru 2 m.kr. millifærðar á fjárlagalið íslenska upplýsingasamfélagsins. Stefnt er að því að koma forritinu í notkun á næstu árum og gert er ráð fyrir að þrjú embætti noti það á næsta ári og svo koll af kolli næstu árin.

Fangelsismál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 501 Fangelsismálastofnun ríkisins og 591 Fangelsisbyggingar.

Heildarútgjöld fangelsismála eru áætluð 446 m.kr. á næsta ári og skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Yfirstjórn	43,2	44,4	1,2
Rekstur fangelsa	407,1	419,2	12,1
Ýmis fangamál	12,5	12,8	0,3
Viðhald fangelsisbygginga	10,0	10,0	0,0
Fangelsisbyggingar	55,0	15,0	-40,0
Samtals	**527,8**	**501,4**	**-26,4**
Sértekjur	54,3	55,4	1,1
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**473,5**	**446,0**	**-27,5**

Áætluð rekstrarútgjöld nema 411,7 m.kr. og eru óbreytt að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Framlag til fangelsisbygginga lækkar um 40 m.kr. Þær 15 m.kr. sem eftir standa eru ætlaðar til að mæta kostnaði við hönnun og undirbúning byggingar fangelsis að Tunguhálsi í Reykjavík.

Kirkjumál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 701 Biskup Íslands; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðsgjöld; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Heildargjöld á næsta ári eru 2.551,6 m.kr. samanborið við 2.332,3 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Biskup Íslands	618,6	681,5	62,9
Kirkjumálasjóður	106,0	114,0	8,0
Kristnisjóður	30,0	36,4	6,4
Kirkjugarðsgjöld, hlutur kirkjugarða	386,0	435,0	49,0
Kirkjugarðasjóður	16,0	18,0	2,0
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	943,0	1.014,0	71,0
Sóknargjöld til annarra trúfélaga	62,0	67,0	5,0
Sóknargjöld til Háskóla Íslands	27,0	29,0	2,0
Jöfnunarsjóður sókna	170,0	183,0	13,0
Samtals	**2.358,6**	**2.577,9**	**219,3**
Sértekjur	26,3	26,3	0,0
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**2.332,3**	**2.551,6**	**219,3**

Kirkjugarðsgjöld og sóknargjöld hækka til samræmis við hækkun á meðaltekjuskattsstofni. Framlag til kirkjumálasjóðs og jöfnunarsjóðs sókna tekur mið af heildarfjárhæð sóknargjalda. Ekki er um aðrar breytingar á þeim fjárlagaliðum að ræða.

701 ***Biskup Íslands.*** Rekstrarútgjöld að frádregnum sértekjum hækka um 65,9 m.kr. og kemur hækkunin öll fram á viðfangsefninu *1.01 Þjóðkirkja Íslands*. Launa- og verðlagsbætur nema 42,7 m.kr. og þar af eru 22,2 m.kr. vegna endurmats launabóta á þessu ári. Í byrjun september á þessu ári gerðu dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, og biskup Íslands, fyrir hönd þjóðkirkjunnar, með sér samning um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar. Samningur þessi er nánari útfærsla á samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar sem gerður var í janúar 1997 en lög nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, staðfesta það samkomulag. Samningurinn kveður á um að ríkið greiði fast árlegt framlag sem breytist til samræmis við verðlag samkvæmt skilgreindum viðmiðunum. Þjóðkirkjan mun fara með fullt fjárhagslegt forræði málefna kirkjunnar og mun hún m.a. setja reglur um rekstrarkostnað prestsembætta sem fram til þessa hefur verið greiddur samkvæmt reglum dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Framlag úr ríkissjóði er óháð breytingum sem þjóðkirkjan kann að gera á rekstri sínum. Aukist útgjöld kirkjunnar umfram árlegt framlag ríkisins, verði þeim mætt af öðrum tekjustofnun kirkjunnar eða með breytingum á starfsemi hennar. Framlag að frádregnum sértekjum til viðfangsefnisins *1.01 Þjóðkirkja Íslands* verður 631,5 m.kr. á

næsta ári samanborið við 565,6 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Raunvirði þessa framlags mun ekki breytast nema ef fjöldi prestsembætta breytist á grundvelli samkomulags um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Viðfangsefnið *6.25 Dómkirkjan* fellur niður en framlagið að fjárhæð 3 m.kr. var til eins árs. Framlag til annarra viðfangsefna þessa fjárlagaliðar er óbreytt. Samkomulag um rekstur Skálholtsskóla frá október 1995 er nú til endurskoðunar og hefur dóms- og kirkjumálaráðherra skipað nefnd í því skyni. Gert er ráð fyrir að niðurstaða þeirrar endurskoðunar verði lögð fyrir fjárlaganefnd Alþingis hafi hún fjárhagsleg áhrif í för með sér.

707 ***Kristnisjóður.*** Framlag til sjóðsins verður 36,4 m.kr. á næsta ári og hækkar um 6,4 m.kr. til samræmis við ákvæði samnings um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju sem gerð er grein fyrir hér að framan. Framlagið miðast við 15 árslaun presta í fámennustu prestaköllum og tekur því breytingum til samræmis við breytingar á launum presta. Í lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, er kveðið á um að greiða skuli sem nemur einum árslaunum prests í 8 ár og fellur það framlag niður í árslok 2005. Heildarviðmiðun fyrir framlag næsta árs er því 16 árslaun.

07 Félagsmálaráðuneyti


Útgjöld og fjármögnun félagsmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	2.746,0	2.864,4	118,4	4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	7.017,4	7.241,6	224,2	3
Stofnkostnaður og viðhald	810,0	685,0	-125,0	-15
Samtals	**10.573,4**	**10.791,0**	**217,6**	**2**
Greitt úr ríkissjóði	6.922,3	10.734,3	3.812,0	55
Innheimt af ríkistekjum	3.571,1	56,7	-3.514,4	-98
Viðskiptahreyfingar	80,0	-	-80,0	-
Samtals	**10.573,4**	**10.791,0**	**217,6**	**2**

Heildargjöld ráðuneytisins árið 1999 eru áætluð 11.075 m.kr. á rekstrargrunni samanborið við 10.741 m.kr. árið 1998. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 284 m.kr. en þær nema 2,6% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 10.791 m.kr., þar af eru 10.734 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 57 m.kr. eru innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.864 m.kr. og hækka um 118 m.kr. milli ára. Skýrist þessi breyting fyrst og fremst af 90 m.kr. hækkun á framlagi til málefna fatlaðra.

Áætlað er að viðhald og stofnkostnaður lækki í heild um 125 m.kr. Með nýjum lögum um Íbúðalánasjóð falla niður 275 m.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna og 40 m.kr. greiðsla til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla. Á móti kemur tímabundið 180 m.kr. framlag til Íbúðalánasjóðs vegna leiguíbúða.



Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Heildargjöld ársins 1999 eru áætluð 138 m.kr. og hækka um 22 m.kr. á milli ára þar af eru 11 m.kr. vegna verkefna á sviði húsnæðismála sem eru færð til ráðuneytisins með nýjum lögum um Íbúðalánasjóð og 5,7 m.kr. vegna framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál. Loks er 2 m.kr. framlag til fjölskylduráðs í kjölfar þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu. Ýmis kostnaður vegna reynslusveitarfélaga, 4 m.kr., sem hefur verið gjaldfærður undir viðfangsefninu 1.90 er nú færður undir viðfangsefnið 1.01 og breytir það ekki heildarútgjöldum.

Húsnæðismál

Til þessa málefnaflokks telst liðurinn 205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir, sem er nýr liður. Niður falla fjárlagaliðirnir 272 Byggingarsjóður verkamanna og 273 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla vegna ákvæða í lögum um Íbúðalánasjóð. Útgjöld á liðnum eru 180 m.kr. og eru ætluð til að niðurgreiða vexti af veittum lánum á árinu 1999 til leiguíbúða Íbúðalánasjóðs í samræmi við heimildir í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál. Þar er kveðið á um að félagsmálaráðherra vinni að úttekt á leigumarkaði og eftirspurn eftir leigu-

íbúðum næstu ár. Skal úttektin unnin í samráði við fulltrúa sveitarfélaga og aðra félagslega byggingaraðila. Úttektin skal síðan lögð til grundvallar framkvæmdaáætlun sem framlög ríkis og sveitarfélaga skulu taka mið af í framtíðinni. Á meðan unnið er að þessari framkvæmdaáætlun og til ársloka 2000 er heimilt að veita lán til leiguíbúða með óbreyttum lánskjörum og skulu fjöldi og upphæð lána taka mið af framlagi ríkissjóðs í fjárlögum og áætluðum kostnaði.

Stjórnsýslustofnanir

Til þessa málaefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 302 Ríkissáttasemjari; 311 Jafnréttisráð og 331 Vinnueftirlit ríkisins. Heildargjöld ársins 1999 eru áætluð 274 m.kr. og hækka um 32 m.kr. á milli ára.

*311 **Jafnréttisráð.*** Útgjöld ráðsins eru áætluð 30 m.kr. og hækka um 3 m.kr. á milli ára. Þar af er 1 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta. Gert er ráð fyrir 2 m.kr. til aðgerða til að auka hlut kvenna í stjórnmálum í samræmi við þingsályktun. Þingsályktunin kveður á um skipun nefndar sem starfi a.m.k. í fimm ár og annist fræðslu, auglýsingaherferðir og útgáfu fræðsluefnis. Í fjáraukalögum 1998 verður sótt um 5 m.kr. til verkefnisins.

*331 **Vinnueftirlit ríkisins.*** Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 219 m.kr. þar af eru 5 m.kr. vegna viðhalds og stofnkostnaðar. Hækkun á milli ára er 27,5 m.kr. þar af koma til 18,4 m.kr. vegna endurskoðunar á mörkuðum tekjum til starfseminnar og 9,1 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta.

Málefni barna og ungmenna

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 400 Málefni barna og ungmenna og 401 Barnaverndarráð. Heildargjöld ársins 1999 eru áætluð 318 m.kr. sem er 24 m.kr. hækkun á milli ára.

*400 **Málefni barna og ungmenna.*** Á þessum fjárlagalið eru fjögur viðfangsefni: *1.01 Barnaverndarstofa; 1.20 Heimili fyrir börn og unglinga; 1.21 Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs* sem er nýtt viðfangsefni og *1.50 Meðferðarstöð ríkisins*. Lögð er til 24,6 m.kr. hækkun til þessara viðfangsefna, þar af eru 8,6 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga og 15,7 m.kr. hækkun á framlagi til nýrra meðferðarúrræða vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Þar má nefna opnun nýs meðferðarheimilis í Skagafirði sem hefja mun starfsemi í byrjun árs 1999.

Málefni fatlaðra

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 700-722 Málefni fatlaðra og tengdar stofnanir; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Heildargjöld árið 1999 eru 3.024 m.kr. og hækka um 209 m.kr. frá fjárlögum 1998. Útgjöld á fjárlagalið 700 Málefni fatlaðra, lækka um 10 m.kr. frá fyrra ári. Annars vegar er 30,9 m.kr. lækkun vegna þess að tíu einstaklingar flytja af Kópavogshæli í ný sambýli í Reykjavík og á Reykjanesi og er fjárveitingin flutt til viðkomandi svæðisskrifstofa. Hins vegar er lögð til 15,5 m.kr. hækkun vegna ýmissa verkefna, m.a. gerð þjónustusamninga. Útgjöld á fjárlagaliðum 701-708 Málefni fatlaðra - svæðisskrifstofur eru áætluð 2.005 m.kr. og hækka um 218 m.kr. frá fjárlögum, þar af eru launa- og verðlagsbætur 72,5 m.kr. Millifærðar eru 30,9 m.kr. vegna útskrifta af Kópavogshæli og 40 m.kr. hækkun fer til eflingar dagvistunar fatlaðra í Reykjavík og á Reykjanesi, 20 m.kr. á hvora svæðisskrifstofu. Ætlaðar eru 20 m.kr. til sambýla sem hefja starfsemi árið 1998 á Reykjanesi, Vesturlandi og á Norðurlandi vestra. Þá er 7,5 m.kr. hækkun vegna samninga við Akureyrarbæ og Hornafjarðarbæ um reynslusveitarfélög. Fjárveiting til þriggja sambýla fyrir einhverfa sem ætlað hefur verið fyrir á fjárlagalið 710 er færð á fjárlagalið 701 Málefni fatlaðra, Reykjavík, undir viðfangsefninu *1.70 Heimili einhverfra*. Útgjöld á fjárlagalið 750 Greiningarstöð ríkisins eru áætluð 103 m.kr. og hækka um 10 m.kr. þar af 7 m.kr. til að bæta við stöðugildi læknis og sérfræðings í meðferð einhverfra. Loks hækkar framlag til 795 Framkvæmdasjóðs fatlaðra um 30 m.kr. en 20 m.kr. sérmerkt framlag ríkissjóðs til frekari uppbyggingar á þjónustu við geðfatlaða fellur niður samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 59/1992. Áætlaðar framkvæmdir á vegum sjóðsins eru m.a. bygging heimilis einhverfra í Kópavogi, tveggja sambýla í Reykjavík og eins sambýlis á Akranesi.

Heildargjöld stofnana fatlaðra breytast á milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
700 Málefni fatlaðra	160,0	149,6	-10,4
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	498,8	607,3	108,5
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	433,7	493,1	59,4
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	114,8	127,4	12,6
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	65,3	67,4	2,1
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	121,6	128,7	7,1
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	309,3	325,2	15,9
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	95,1	99,6	4,5
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	169,3	177,5	8,2
710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	55,7	-	-55,7
711 Styrktarfélag vangefinna	283,7	292,6	8,9
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	131,2	135,4	4,2
722 Sólheimar, Grímsnesi	114,1	117,8	3,7
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	96,3	106,8	10,5
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	205,0	235,0	30,0
Samtals	**2.853,9**	**3.063,4**	**209,5**

Sveitarfélög

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og 972 Bjargráðasjóður. Heildargjöld ársins 1999 eru áætluð 3.461 m.kr. og er hækkun 301 m.kr. frá fjárlögum 1998.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er ákvarðað með tvennum hætti samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Annars vegar er framlag úr ríkissjóði er nemur 1,4% af innheimtum tekjum ríkisins af beinum og óbeinum sköttum og hins vegar er lagt til sjóðsins 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Vegna aukinna umsvifa og veltu aukast útgjöld ríkisins til sjóðsins um 296 m.kr. frá fjárlögum 1998. Tímabundið framlag til jöfnunar skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar, sem fella átti niður eftir árið 1998, er lækkað um 10 m.kr. og verður 25 m.kr. Framlög til sjóðsins eru því áætluð 2.885 m.kr. Samkvæmt samkomulagi sem gert var við Samband íslenskra sveitarfélaga við breytingu á lögum um húsaleigubætur mun ríkissjóður greiða árlega í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 280 m.kr. vegna húsaleigubóta. Fjárhæðinni verður breytt í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs og verður það gert fyrir afgreiðslu frumvarpsins. Samkomulag er enn fremur um að ríkissjóður veiti allt að 265 m.kr. á ári fram til ársins 2001 til að styrkja sveitarfélög við að koma á einsetningu grunnskóla. Á móti leggur Jöfnunarsjóður fram 135 m.kr. á ári og skal fjármagninu varið til að greiða allt að 20% af normkostnaði grunnskólabygginga í sveitarfélögum með yfir 2000 íbúa. Samtals eru því útgjöld undir þessum lið 3.430 m.kr.

Vinnumál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 980 Vinnumálstofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu og 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Heildargjöld ársins 1999 eru áætluð 3.218 m.kr. og lækka um 219 m.kr. frá fjárlögum 1998.

980 Vinnumálastofnun. Heildargjöld eru áætluð 123,9 m.kr. og lækka um 114 m.kr. frá fyrra ári. Er þar að mestu leyti um leiðréttingu á framsetningu fjárlaga yfirstandandi árs að ræða en 100 m.kr. eru færðar frá Vinnumálastofnun til fjárlagaliðar 984 Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna rekstrarkostnaðar svæðisvinnumiðlana. Auk þess falla niður 20 m.kr. sem veitt var til stofnbúnaðar á fyrsta starfsári stofnunarinnar.

982 Ábyrgðasjóður launa. Áætlað er að útgjöld sjóðsins nemi 117 m.kr. og lækka þau um 68 m.kr. frá fjárlögum 1998. Er gert ráð fyrir að tekjustofnum verði breytt til samræmis við útgjöld sjóðsins.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Heildargjöld sjóðsins eru áætluð 2.886 m.kr. og lækka um 24 m.kr. frá fjárlögum 1998. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir tæplega 2,6% atvinnuleysi árið 1999 í stað 3,6% í forsendum fjárlaga 1998. Viðfangsefnið *1.11 Atvinnuleysisbætur* lækka um 181 m.kr. frá fjárlögum, þrátt fyrir 3,65% hækkun bóta og skýrist lækkunin alfarið af minna atvinnuleysi. Við bætist nýtt viðfangsefni *1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar* sem áður var talið til málefnaflokks 980 Vinnumálastofnun og er þar um breytta framsetningu að ræða. Viðfangsefnið *1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva* hækkar um 30 m.kr. þar sem meira er um fastráðningar fiskvinnslufólks. Útgjöld annarra viðfangsefna er að mestu óbreytt frá fjárlögum 1998. Loks er gert ráð fyrir að vaxtatekjur sjóðsins lækki um 16 m.kr. Er áætlun um tekjur sjóðsins af atvinnutryggingagjaldi miðuð við að tekjur verði jafnar útgjöldum ársins 1999, sem þýðir að lækka má gjaldið úr 1,15% af skattstofni í 1,0%. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlaða skiptingu útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs borið saman við fjárlög 1998.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Atvinnuleysisbætur	2.461,0	2.280,0	-181,0
Umsýslukostnaður Vinnumiðlunar	-	51,5	51,5
Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	50,0	103,0	53,0
Styrkir til fiskvinnslustöðva	100,0	135,0	35,0
Kjararannsóknarnefnd	20,0	21,0	1,0
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	200,0	200,0	0,0
Framlög og styrkir	35,0	35,0	0,0
Starfsmenntasjóður	50,0	50,0	0,0
Rekstur úthlutunarnefndar	50,0	51,5	1,5
Samtals	**2.966,0**	**2.927,0**	**-39,0**

985 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 47/1997 og er hlutverk hans að greiða atvinnuleysisbætur til sjóðfélaga sinna, sem eru sjálfstætt starfandi bændur, smábátasjómenn og vörubifreiðastjórar. Tekjur sjóðsins eru hluti af tryggingagjaldi og er áætlað að útgjöld sjóðsins nemi 25,9 m.kr. og lækki um 14 m.kr. frá fjárlögum 1998. Er við það miðað að tekjur af gjaldinu verði jafnar áætluðum útgjöldum og þarf því að breyta tekjustofnum sjóðsins með breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.

Annað

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn: 999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Heildargjöld ársins 1999 eru áætluð 184 m.kr. og lækka um 11 m.kr. á milli ára. Tímabundið viðfangsefni *1.33 Félag einstæðra foreldra, styrkur til endurbóta á húsnæði* fellur niður en

hann var 5 m.kr. í fjárlögum 1998. Útgjöld til *1.60 Verkefni á sviði húsnæðismála* lækkar um 6 m.kr. þar sem hluti verkefna færist til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytis. Viðfangsefnið *1.90 Ýmis framlög* lækkar um 4 m.kr., þar sem tímabundinn framkvæmdastyrkur er felldur niður til vinnuheimilis sem samtökin Krossgötur reka.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, að frátöldum sértekjum, breytast milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	23.485,9	26.722,4	3.236,5	14
Neyslu- og rekstrartilfærslur	35.519,0	37.070,5	1.551,5	4
Stofnkostnaður og viðhald	1.395,8	1.561,0	165,2	12
Samtals	**60.400,7**	**65.353,9**	**4.953,2**	**8**
Greitt úr ríkissjóði	60.218,8	65.222,0	5.003,2	8
Innheimt af ríkistekjum	106,9	106,9	0,0	0
Viðskiptahreyfingar	75,0	25,0	-50,0	-67
Samtals	**60.400,7**	**65.353,9**	**4.953,2**	**8**

Heildargjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 1999 eru áætluð 68.363 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.009 m.kr. en þær nema 4,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 65.354 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 65.222 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 107 m.kr. eru innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 25 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins eru áætluð 26.722 m.kr. og hækka um 3.234 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mestu um áhrif kjarasamninga við lækna og hjúkrunarfræðinga umfram forsendur fjárlaga 1998 og úrskurð kjaranefndar um laun heilsugæslulækna. Samtals skýra launa- og verðlagsbætur 2.025 m.kr. hækkun útgjalda frá fjárlögum 1998. Að auki eru 560 m.kr. millifærslur af tilfærsluútgjöldum yfir á rekstur. Annars vegar færast 340 m.kr. af liðnum 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva yfir á viðkomandi stofnanir og hins vegar færast 200 m.kr. af daggjöldum til hjúkrunarheimila á Akureyri og Höfn í Hornafirði í samræmi við reynslusveitarfélagasamninga þar um. Raunhækkun rekstrargjalda er því um 650 m.kr. og skýrist að stærstum hluta af hækkun framlaga til sjúkrahúsanna í Reykjavík, eða 340 m.kr. og auknum framlögum til heilsugæslunnar um 110 m.kr.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 37.070 m.kr. samanborið við 35.519 m.kr. í fjárlögum 1998. Þyngst í aukningu útgjalda vegur hækkun bóta almannatrygginga um 3,65% þann 1. janúar nk., eða rúmlega 780 m.kr. Að frátöldum verðlagsbreytingum, en að viðbættum útgjöldum sem millifærð voru á rekstur, er hækkun um 1.000 m.kr. Þar skýrir fjölgun lífeyrisþega tæplega 560 m.kr., aukning í útgjöldum sjúkratrygginga um 600 m.kr. og hækkun framlaga til hjúkrunarheimila á daggjöldum tæplega 300 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.561 m.kr. og er það 165 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Til íslenska upplýsingasamfélagsins eru veittar 103 m.kr. og framlög til stofnkostnaðar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva aukast um 60 m.kr.



Ráðuneyti

Til þessa málaflokks teljast 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé og eru útgjöld til málaflokksins 224,6 m.kr. Útgjöld aðalskrifstofu aukast um 36 m.kr. frá fjárlögum 1998 þar af nema launa- og verðlagsbætur 6,4 m.kr. Ráðgert er að fjölga starfsfólki ráðuneytisins. Til þess eru lagðar 20,6 m.kr. Þá hækka útgjöld um 4 m.kr. vegna viðbótarhúsnæðis á 2. hæð að Laugavegi 116. Loks er lagt til 5 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmdanefndar vegna árs aldraðra árið 1999. Ráðstöfunarfé er óbreytt frá fjárlögum 1998, eða 8,0 m.kr.

Tryggingamál

Til þessa málefnaflokks teljast: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva; 208 Slysatryggingar og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Bætur almannatrygginga hækkuðu um 4% hinn 1. janúar 1998 og munu hækka um 3,65% í ársbyrjun 1999 í samræmi við almenna kjarasamninga og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. maí 1997. Gert er ráð fyrir að frítekjumörk hækki einnig um 3,65% 1.

september 1999. Greiðslur orlofs- og desemberuppbóta verða með sama formi og áður. Útgjöld tryggingamála eru áætluð 33.409 m.kr. samanborið við 32.023 m.kr. í fjárlögum 1998. Hækkun á milli ára er því 1.386 m.kr., eða 4,3%.

Eftirfarandi tafla sýnir helstu útgjaldaliði tryggingamála:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1997 m.kr.	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn Tryggingastofnunar	472,8	564,6	603,6	6,9	27,7
Lög um félagslega aðstoð	4.018,7	4.670,0	5.000,0	7,1	24,4
Lífeyristryggingar	14.786,2	16.475,0	17.400,0	5,6	17,7
Sjúkratryggingar	8.060,6	8.643,0	9.040,0	4,6	12,2
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa	970,0	1.040,0	700,0	-32,7	-27,8
Slysatryggingar	474,0	380,0	440,0	15,8	-7,2
Eftirlaunasjóður aldraðra	277,3	250,0	225,0	-10,0	-18,9
Samtals	**29.059,6**	**32.022,6**	**33.408,6**	**4,3**	**15,0**

201 ***Tryggingastofnun ríkisins.*** Útgjöld yfirstjórnar tryggingamála eru áætluð 768 m.kr. þar af eru framlög úr ríkissjóði 604 m.kr. og sértekjur 164 m.kr. Framlögin aukast um 39 m.kr. frá fjárlögum 1998, þar af eru 26 m.kr. launa- og verðlagsbreytingar. Til skipulagsbreytinga á afgreiðslu- og þjónustumiðstöð eru áætlaðar 8 m.kr., og miða breytingarnar að því að viðskiptavinir stofnunarinnar geti sótt alla þjónustu á einn stað. Loks er 5 m.kr. fjárveiting til að endurhanna upplýsingakerfi Tryggingastofnunar.

203 ***Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.*** Útgjöld til bóta vegna félagslegrar aðstoðar eru áætluð 5.000 m.kr. samanborið við 4.670 m.kr. í fjárlögum 1998. Samkvæmt áætlunum Tryggingastofnunar ríkisins verða útgjöldin í ár í samræmi við fjárlög, eða rétt innan áætlunar. Áætlaðar breytingar frá 1998 til 1999 byggjast á útgjöldum fyrstu sex mánaða þessa árs og þróun í útgreiðslu bóta undanfarin ár. Helstu frávik eru að umönnunarbætur vaxa meira en gert var ráð fyrir á þessu ári og stafar það af breytingu sem gerð var í nóvember 1997 þegar nýr bótaflokkur, umönnunargreiðslur, tók við flokkunum umönnunarbætur og umönnunarstyrkir. Þegar breytingarnar eru um garð gengnar á útgjaldaukinn að ganga til baka að hluta. Þá lítur út fyrir að greiðslur mæðra- og feðralauna verði meiri í ár en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Á móti þessum hækkunum er útlit fyrir að einn bótaflokkurinn, uppbætur, verði innan áætlunar í ár. Reiknað er með að leggja áherslu á endurhæfingarlífeyri sem tímabundið úrræði í endurhæfingu og starfsþjálfun til að koma í veg fyrir örorku til langframa. Ekki er tilefni til sérstakra athugasemda við aðra bótaflokka og er gert ráð fyrir óbreyttum reglum og lögum við áætlun útgjalda á milli ára, auk 3,65% hækkun á upphæð bóta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1997 m.kr.	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	167,5	180,0	210,0	16,7	25,4
Umönnunarbætur	400,1	445,0	560,0	25,8	40,0
Makabætur	29,3	35,0	30,0	-14,3	2,4
Ekkju- og ekklabætur	70,9	75,0	85,0	13,3	19,9
Endurhæfingarlífeyrir	134,1	180,0	200,0	11,1	49,1
Barnalífeyrir, vegna menntunar	46,4	55,0	58,0	5,5	25,0
Heimilisuppbót	1.194,2	1.430,0	1.555,0	8,7	30,2
Sérstök heimilisuppbót	134,6	145,0	155,0	6,9	15,2
Uppbætur	1.750,7	2.045,0	2.065,0	1,0	18,0
Bifreiðakaupastyrkir	90,9	80,0	82,0	2,5	-9,8
Samtals	**4.018,7**	**4.670,0**	**5.000,0**	**7,1**	**24,4**

204 ***Lífeyristryggingar.*** Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 17.400 m.kr. á næsta ári samanborið við 16.475 m.kr. í fjárlögum 1998. Útlit er fyrir að heildargreiðslur lífeyrisbóta verði innan áætlunar í ár, sé miðað við útgjöld fyrstu sex mánuði ársins. Gert er ráð fyrir að greiðsla lífeyristrygginga til dvalarrýma lækki um 84,4 m.kr. árið 1999 þar sem heilbrigðisráðuneytið áformar að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými og verður því samsvarandi hækkun á liðnum 08-495 Daggjaldastofnanir. Aðrir bótaflokkar breytast í samræmi við framreiknaðan fjölda lífeyrisþega og hækkun bótafjárhæða í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Áætlunin verður endurskoðuð nú í haust í ljósi þróunarinnar í ár fyrir afgreiðslu fjárlaga, ef tilefni verður til.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1997 m.kr.	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	3.824,1	4.170,0	4.380,0	5,0	14,5
Örorkulífeyrir	1.347,0	1.550,0	1.600,0	3,2	18,8
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	5.469,2	6.000,0	6.350,0	5,8	16,1
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	1.860,3	2.100,0	2.240,0	6,7	20,4
Örorkustyrkur	195,6	210,0	250,0	19,0	27,8
Barnalífeyrir	774,3	890,0	960,0	7,9	24,0
Fæðingarorlof	1.285,0	1.525,0	1.590,0	4,3	23,7
Annað	30,7	30,0	30,0	0,0	-2,3
Samtals	**14.786,2**	**16.475,0**	**17.400,0**	5,6	**17,7**

206 ***Sjúkratryggingar.*** Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 9.040 m.kr. samanborið við 8.643 m.kr. í fjárlögum 1998. Nokkrar veigamiklar breytingar verða á liðnum lækniskostnaður í kjölfar úrskurðar kjaranefndar um laun heilsugæslulækna og samninga á milli Tryggingastofnunar ríkisins og sérgreinafélaga sérfræðilækna. Samkvæmt úrskurði kjaranefndar er ekki lengur greitt sérstaklega fyrir viðtal heilsugæslu-

lækna á dagvinnutíma og lækka því útgjöld vegna lækniskostnaðar um 330 m.kr., en á móti hækka launagreiðslur heilsugæslustöðva samsvarandi. Áætlað er að samningur við sérfræðilækna valdi 330 m.kr. hækkun útgjalda á ári. Þar til viðbótar kemur 3% hækkun á gjaldskránni í upphafi árs 1999. Á móti áformar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að spara 100 m.kr. annars vegar með bættu eftirliti með greiðslu bóta og greiðsluþátttöku sjúkratrygginga, sem eiga að skila 60 m.kr. og hins vegar með 40 m.kr. lækkun kostnaðar við röntgengreiningu með útgáfu leiðbeininga um ávísanir á röntgenþjónustu. Í nágrannaríkjunum eru til leiðbeiningar sem heilbrigðisráðuneytið hyggst útfæra hér á landi með það að markmiði að koma í veg fyrir tvíverknað og að einfaldari rannsóknir verið notaðar þar sem það á við. Samtals er lækniskostnaður áætlaður 2.030 m.kr. samanborið við 2.000 m.kr. í fjárlögum 1998. Lyfjakostnaður er áætlaður 4.100 m.kr. sem er 200 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1998. Í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir 12% hækkun lyfjakostnaðar á milli ára að óbreyttu, er það í samræmi við reynslu og tilkomu nýrra dýrari lyfja á markað. Á móti koma áform um 320 m.kr. sparnað í lyfjaútgjöldum sem á að ná með því að nýta betur en áður árangur í samkeppni á lyfjamarkaði til að lækka lyfjaverð, með breytingum á reglum um greiðslur almannatrygginga fyrir lyf, áframhaldandi útboðum á lyfjainnkaupum sjúkrahúsa og áherslu á samhliða innflutning lyfja. Gert er ráð fyrir að liðurinn hjúkrun í heimahúsum hækki um 25 m.kr. í kjölfar endurskoðunar á samningi við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga um þjónustuna. Aðrar breytingar eru minni og í samræmi við áætlaða fjölgun skjólstæðinga sjúkratrygginga og verðlagsbreytingar á milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1997 m.kr.	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	1.763,8	2.000,0	2.030,0	1,5	15,1
Lyf	3.669,2	3.900,0	4.100,0	5,1	11,7
Hjálpartæki	622,3	640,0	670,0	4,7	7,7
Hjúkrun í heimahúsum	47,7	50,0	75,0	50,0	57,2
Þjálfun	540,9	550,0	580,0	5,5	7,2
Tannlækningar	779,9	760,0	810,0	6,6	3,9
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	133,4	93,0	98,0	5,4	-26,5
Brýn meðferð erlendis	229,4	360,0	370,0	2,8	61,3
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	21,5	40,0	42,0	5,0	95,3
Sjúkradagpeningar	180,8	200,0	215,0	7,5	18,9
Annað	71,7	50,0	50,0	0,0	-30,3
Samtals	**8.060,6**	**8.643,0**	**9.040,0**	**4,6**	**12,2**

*207 **Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.*** Áætlaðar greiðslur fyrir röntgenrannsóknir og blóðmeinarannsóknir, samtals rúmlega 300 m.kr., hafa verið millifærðar til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Eftir standa 700 m.kr. greiðslur m.a. til stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þá er liðurinn lækkaður um 60 m.kr. vegna áforma um að

lækka kostnað við röntgengreiningu á næsta ári. Til viðbótar kemur 40 m.kr. sparnaður sem er færður á sjúkratryggingar og er vísað til umfjöllunar undir þeim lið. Lækkunin skiptist á allar sjúkra- og heilsugæslustofnanir sem veita röntgenþjónustu og er áformað að ná sparnaðinum með því að gefa út leiðbeiningar um ávísanir á þjónustuna og með bættu eftirliti. Loks hækkar liðurinn um 20 m.kr. vegna verðlagsbreytinga.

208 Slysatryggingar. Áætlað er að útgjöld slysatrygginga verði 440 m.kr. árið 1999 og hækki um 50 m.kr. frá fjárlögum 1998, að frátöldum verðlagsbreytingum. Í ljósi útkomu fyrstu sex mánuði þessa árs er gert ráð fyrir hækkun útgreiðslna á þessu og næsta ári.

214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Áætlað er að hlutur ríkissjóðs í eftirlaunum verði 225 m.kr. þar af verði 200 m.kr. greiddar með framlagi úr ríkissjóði og 25 m.kr. með því að sjóðurinn gangi á eigið fé. Áætlunin byggir á að útgjöld lækki um 25 m.kr. á milli ára, en sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 113/1994 og er lífeyrir greiddur til þeirra sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting %
301 Landlæknir	64,6	70,0	8,4
311 Héraðslæknir í Reykjavík	13,2	15,5	17,4
315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	6,6	8,0	21,2
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	107,9	110,7	2,6
326 Sjónstöð Íslands	45,4	46,5	2,4
327 Geislavarnir ríkisins	26,4	31,2	18,2
330 Manneldisráð	11,3	11,6	2,7
393 Lyfjamál	10,6	10,8	1,9
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	20,6	20,6	0,0
396 Lyfjanefnd	48,6	47,1	-3,1
Samtals	**355,2**	**372,0**	**4,7**

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir.

Undir þennan málefnaflokk falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Landlæknir; 311 Héraðslæknir í Reykjavík; 315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins; 330 Manneldisráð; 393 Lyfjamál; 395 Lyfjaeftirlit ríkisins og 396 Lyfjanefnd.

Heildarútgjöld málefnaaflokksins eru samkvæmt frumvarpinu 372 m.kr. samanborið við 355 m.kr. í fjárlögum 1998. Helstu breytingar, fyrir utan launa- og verðlagsbætur, eru að framlag til Landlæknis hækkar um 3 m.kr. til að kosta starfsmann sem á að sinna kvörtunum og kærumálum sem berast embættinu og vera landlækni til aðstoðar við umfjöllun slíkra mála. Lagt er til að framlag til Geislavarna ríkisins aukist um 3,9 m.kr. og er

því ætlað að standa undir kostnaði við mælingar á geislavirka efninu teknetíni í hafinu umhverfis Ísland. Talið er nauðsynlegt að fylgjast með útbreiðslu þess vegna breyttra vinnsluaðferða í endurvinnslustöðinni í Sellafield á árunum 1994 – 1996. Markmiðið er að greinargóðar upplýsingar um geislavirk efni í hafinu umhverfis Ísland liggi ávallt fyrir. Þá hækka útgjöld Héraðslæknisins í Reykjavík um 0,6 m.kr. vegna hærri húsaleigu, loks lækka útgjöld lyfjanefndar vegna minni tekna af skráningargjöldum.

Sjúkrastofnanir og heilsugæsla.

Undir málefnaflokkinn falla sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimili. Spannar hann því vítt svið og eru útgjöld samkvæmt frumvarpinu 32.866 m.kr. samanborið við 29.812 m.kr. í fjárlögum 1998. Hækkun frá fjárlögum er 3.054 m.kr., eða 10,2%, sem skýrist að miklum hluta af auknum útgjöldum vegna kjarasamninga við sjúkrahúslækna og hjúkrunarfræðinga árið 1998 og úrskurði kjaranefndar um laun heilsugæslulækna.

Heilbrigðisráðuneytið undirbýr nýtt fyrirkomulag í lyfjainnkaupum sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila og er talið raunhæft að kostnaðurinn lækki í kjölfarið um 100 – 300 m.kr. árlega. Fjárhæðirnar sem þannig sparast skulu renna til sjúkrastofnana í formi afsláttar frá skráðu verði og eiga að nýtast þeim til tækjakaupa. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að lyfjainnkaupin verða boðin út í samvinnu við Ríkiskaup og mismunur á skráðu heildsöluverði og útboðsverði rennur í sérstakan sjóð. Sjóðurinn rennur til viðkomandi stofnana eftir að kostnaður við útboðin hefur verið dreginn frá.

Umfjöllun er skipt í fjóra hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um sjúkrahús á Suðvesturlandi og á Akureyri, í öðrum hluta um heilbrigðisstofnanir, í þeim þriðja um heilsugæslustöðvar sem reknar eru án tengsla við sjúkrastofnanir og í fjórða hluta er fjallað um aðrar sjúkrastofnanir, þ.e. hjúkrunarheimili og endurhæfingarstofnanir. Fjallað er um stofnkostnað í næsta kafla.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting %
Sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildaskipt sjúkrahús	19.014,0	20.712,6	8,9
Heilbrigðisstofnanir	2.749,1	2.957,7	7,6
Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús	2.151,5	2.756,5	28,1
Aðrar sjúkrastofnanir	5.897,5	6.439,3	9,2
Samtals	**29.812,1**	**32.866,1**	**10,2**

1. Sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús. Undir þennan lið falla 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 371 Ríkisspítalar; 375 Sjúkrahús Reykjavíkur; 379 Sjúkrahús, óskipt; 400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði; 711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi; 785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi og 791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Í eftirfarandi töflu eru sýnd heildarútgjöld þeirra stofnana sem

undir liðinn falla og samanburður við fjárlög 1998.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting %	Úthlutun 1998 m.kr.
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.677,5	1.870,0	11,5	68,8
370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	178,8	194,3	8,7	0,0
371 Ríkisspítalar	9.528,6	10.530,0	10,5	166,0
375 Sjúkrahús Reykjavíkur	5.509,7	6.130,0	11,3	100,0
379 Sjúkrahús, óskipt	325,0	19,0	-94,2	-296,0
400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	353,0	369,3	4,6	4,6
711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi	619,2	668,7	8,0	16,5
785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi	364,6	417,2	14,4	21,0
791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	457,6	514,1	12,3	30,0
Samtals	**19.014,0**	**20.712,6**	**8,9**	**110,9**

Í töflunni er sýnd úthlutun fjár til sjúkrahúsanna af safnliðum árið 1998. Annars vegar er um að ræða úthlutun 300 m.kr. fjárveitingu sem er óskipt í fjárlögum 1998 og er sú fjárhæð færð í rekstrargrunn stofnana með varanlegum hætti. Nánar er fjallað um þá ráðstöfun undir liðnum 379 Sjúkrahús, óskipt. Hins vegar er um að ræða úthlutun af 200 m.kr. aukafjárveitingu í fjáraukalögum fyrir árið 1997, sem er ætluð til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla sjúkrastofnana. Af þeirri ráðstöfun fóru 38,8 m.kr. til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, 16,5 m.kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar á Akranesi, 21 m.kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi, 30 m.kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum og 4,6 m.kr. til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði. Ráðstöfun þess sem eftir stendur af 200 m.kr., eða 89,1 m.kr., er sýnd í töflu yfir heilbrigðisstofnanir.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Útgjöld sjúkrahússins verða samkvæmt frumvarpinu 1.870 m.kr. þar af eru sértekjur 40 m.kr. og framlag úr ríkissjóði 1.800 m.kr. samanborið við 1.492 m.kr. í fjárlögum 1998. Af 308 m.kr. hækkun eru um 116 m.kr. vegna launa- og verðlagsmála, 147 m.kr. vegna breyttrar framsetningar og 49 m.kr. vegna nýrra verkefna. Breytt framsetning frá fjárlögum 1998 skýrist annars vegar af 117 m.kr. framlagi til röntgen- og blóðmeinarannsókna sem flutt er af liðnum 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og hins vegar af 30 m.kr. sem flutt er af óskiptum lið í fjárlögum 1998, 379 Sjúkrahús, óskipt. Ráðstöfun fjárins var í samræmi við tillögur nefndar sem fjallar um fjármál og þjónustu sjúkrahúsa. Gert er ráð fyrir 29 m.kr. auknum útgjöldum barnadeildar vegna flutnings í nýtt húsnæði í upphafi árs 1999. Áformað er að þjónusta barnadeildarinnar taki nokkrum breytingum, er m.a. gert ráð fyrir rekstri dagdeildar og að rúmum á barnadeild fjölgi úr 10 í 16 rúm. Þá hækka framlög til yfirstjórnar sjúkrahússins um 15 m.kr. Fyrirhuguð er ráðning lækningaforstjóra við sjúkrahúsið, líkt og er á ríkisspítölum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Í kjölfarið

verður stofnuð framkvæmdastjórn og starfsmannastjórn sjúkrahússins verður einnig styrkt með ráðningu starfsmannastjóra. Loks er gert ráð fyrir 5 m.kr. hækkun á framlagi til bæklunaraðgerða í heilt ár og er fjárveitingin færð af liðnum 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.

*370 **Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.*** Útgjöld fjárlagaliðarins eru 192 m.kr. samanborið við 179 m.kr. í fjárlögum 1998. Helstu breytingar frá fjárlögum eru að útgjöld til að auðvelda gerð þjónustusamninga við hjúkrunarheimili hækkar um 10 m.kr. Er framlagið ætlað til að laga greiðslur að þeirri hjúkrunarþyngd sem er á viðkomandi hjúkrunarheimili. Þjónustustig er metið með svonefndu RAI-mati þar sem leitast er við að meta raunverulega hjúkrunarþyngd. Þá er lögð til hækkun til rannsókna á beinþynningu og er áformað að semja við Sjúkrahús Reykjavíkur um þjónustuna. Loks er 5 m.kr. fjárveiting til skammtímavistunar aldraðra og langveikra á sjúkrahúsum. Er þannig ætlað að koma í veg fyrir dýrari innlagnir með því að nýta sjúkradeildir sem annars væru ekki nýttar vegna sumarlokana. Tilraunir undanfarinna ára með slíkar innlagnir hafa skilað góðum árangri og er ætlunin að festa þær í sessi. Verkefni sem nema 8,5 m.kr. eru færð af þessum lið á aðra fjárlagaliði.

*371 **Ríkisspítalar.*** Lagt er til að rekstrarútgjöld ríkisspítalanna verði 10.060 m.kr. árið 1999, án stofnkostnaðar. Þar af eru sértekjur 1.070 m.kr. og framlag úr ríkissjóði er 8.990 m.kr. samanborið við 7.996 m.kr. í fjárlögum 1998. Hækkun milli ára er því 994 m.kr. Launa- og verðlagsbætur nema alls tæplega 629 m.kr. Hækkun vegna óbreyttrar starfsemi er 323 m.kr. og til nýrra verkefna er varið 80 m.kr. Framlag til reglubundinnar starfsemi hækkar um 323 m.kr. og er ætlað til að auðvelda stjórnendum stofnunarinnar að leysa langvarandi hallarekstur. Þar af eru 166 m.kr. í samræmi við niðurstöðu nefndar sem fjallaði um fjármál og þjónustu sjúkrahúsa og 157 m.kr. er nýtt framlag til núverandi starfsemi vegna hallareksturs á yfirstandandi ári. Samkvæmt áætlunum ríkisspítalanna stefnir reksturinn 1998 rúmlega 300 m.kr. umfram fjárheimildir, eftir að tillit hefur verið tekið til 166 m.kr. viðbótarframlags. Áformuð hagræðingarverkefni samkvæmt samkomulagi heilbrigðisráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík frá sl. hausti ganga ekki öll fram á þessu ári eins og ráðgert var. Af nýjum verkefnum eru 30 m.kr. ætlaðar til reksturs líknardeildar í samræmi við ákvæði í fjárlögum 1998 og 10 m.kr. eru ætlaðar til að kosta laun fjárhagslegra ráðgjafa á einstökum rekstrarsviðum spítalans. Breytingar á stjórnkerfi spítalans gera ráð fyrir að aukin fjárhagsleg ábyrgð verði færð til sviðsstjóra og þykir nauðsynlegt að styrkja fjármálastjórn sviðanna. Lagt er til 7 m.kr. aukið framlag til reksturs göngudeildar fyrir barna- og unglingageðdeildir og 5 m.kr. til vökudeildar, en sú deild er eina sérhæfða gjörgæsludeildin fyrir nýbura hérlendis. Þá fara 3 m.kr. til stöðuheimildar ljósmóður á Kvennadeild Landspítalans sem á að sinna kennslu og þjálfun ljósmæðra á lands-

byggðinni og 2,1 m.kr. er millifærð af liðnum 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, vegna áfallahjálpar. Loks er 24 m.kr. framlag fært til eignakaupa hjá ríkisspítölum og er um tímabundið framlag að ræða vegna búnaðar og innréttinga endurhæfingadeildar í Kópavogi. Fjallað er um stofnkostnað í sérstökum kafla.

375 ***Sjúkrahús Reykjavíkur.*** Rekstrarútgjöld Sjúkrahúss Reykjavíkur verða samkvæmt frumvarpinu 5.928 m.kr., án stofnkostnaðar og viðhalds, þar af eru 647 m.kr. greiddar með sértekjum, 100 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum og 5.181 m.kr. eru greiddar úr ríkissjóði. Útgjöldin hækka um 607 m.kr. frá fjárlögum. Þar af eru launa- og verðlagsbætur 354 m.kr., framlag til óbreyttrar starfsemi 260 m.kr. og til nýrra verkefna er varið tæplega 14 m.kr. Til aukinnar göngudeildarstarfsemi fyrir sykursjúk börn er ráðstafað 8,5 m.kr. Þá eru 5,4 m.kr. millifærðar af liðnum 399 Heilbrigðismál, ýmis verkefni, vegna áfallahjálpar. Aukið framlag til óbreyttrar starfsemi skiptist þannig að 100 m.kr. koma af liðnum 379 Sjúkrahús, óskipt, í samræmi við úthlutun af þeim lið á þessu ári og 160 m.kr. er nýtt framlag til óbreyttrar starfsemi. Áætlanir Sjúkrahúss Reykjavíkur gera ráð fyrir um 300 m.kr. hallarekstri á yfirstandandi ári, eftir að tekið er tillit til áðurnefndrar 100 m.kr. úthlutunar. Áformaðar rekstrarbreytingar samkvæmt samkomulagi heilbrigðisráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík frá sl. hausti hafa ekki enn náð fram að ganga nema að hluta. Um stofnkostnað er fjallað síðar.

379 ***Sjúkrahús, óskipt.*** Í fjárlögum 1998 voru til ráðstöfunar á þessum lið 325 m.kr. sem skiptust þannig að 300 m.kr. voru til úthlutunar til að auðvelda lausn á fjárhagsvanda sjúkrahúsa og 25 m.kr. voru ætlaðar til að kosta starf nefndar sem hefur það hlutverk að úthluta fénu og gera tillögur um lausn á rekstrarvanda sjúkrahúsanna og til áframhaldandi athugana ráðgjafa á rekstri og þjónustu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Úthlutun af þessum lið árið 1998 er í samræmi við niðurstöðu nefndar sem heilbrigðisráðherra skipaði og var hún kynnt fjárlaganefnd. Samkvæmt niðurstöðu nefndarinnar var 166 m.kr. ráðstafað til ríkisspítalanna, 100 m.kr. til Sjúkrahúss Reykjavíkur og 30 m.kr. til Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar. Hefur sú skipting verið færð með varanlegum hætti af þessum lið til viðkomandi sjúkrahúsa í frumvarpinu og lækkar því liðurinn samsvarandi. Því sem eftir var af 300 m.kr. eða 4 m.kr. var veitt tímabundið til þeirra stofnana sem hafa, að mati nefndarinnar, sýnt árangur í rekstri og stjórnun. Heilbrigðisstofnanirnar á Sauðárkróki, Siglufirði, Ísafjarðarbæ og á Egilstöðum hlutu hver 1 m.kr. í slíka viðurkenningu. Loks eru felldar niður 10 m.kr. af þessum lið. Eftir standa því 19 m.kr. til áframhaldandi verkefna á sviði heilbrigðismála. Það er að mestu tímabundið framlag til frekari athugana á verkaskiptingu og rekstrarformi sjúkrahúsanna og til viðurkenningar fyrir rekstur og önnur málefni. Ákvörðun um ráðstöfun þessara framlaga verður tekin sameiginlega af heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Útgjöld annarra heilbrigðisstofnana á Suðvesturlandi breytast vegna millifærslu af liðnum 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk launa- og verðlagsbreytinga og framlaga til upplýsingasamfélagsins. Þannig eru millifærð framlög til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, 26,4 m.kr. vegna röntgen-, blóð-, og meinefnarannsókna og 23 m.kr. til Heilbrigðisstofnunar Akraness, en að auki fær stofnunin 3 m.kr. framlag til að fjölga gerviliðaaðgerðum. Millifærðar eru 21,8 m.kr. til Heilbrigðisstofnunnar Selfoss, vegna röntgen og rannsókna, og þar til viðbótar koma 7 m.kr. til að fjölga læknum á heilsugæslustöðinni og 1,9 m.kr. til nýrrar stöðu hjúkrunarfræðings. Loks eru 24 m.kr. millifærðar til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, en þar til viðbótar hækkar framlag til Hjúkrunarheimilisins Víðihlíðar, sem heyrir undir stofnunina, og er ætlað til að hækka hjúkrunardaggjöld til samræmis við sambærilegar stofnanir. Enn er unnið að gerð þjónustusamninga við heilbrigðisstofnanirnar á Selfossi og á Suðurnesjum.

2. Heilbrigðisstofnanir. Undir þennan kafla falla fjárlagaliðir 715 til 781, þ.e. sjúkrahús og heilsugæslustöðvar sem rekin eru sameiginlega, að frátöldum stofnunum á Suðvesturlandi og fjallað er um hér að framan. Framlög til stofnananna eru sýnd í meðfylgjandi töflu ásamt hlut þeirra í 200 m.kr. úthlutun vegna uppsafnaðs rekstrarhalla.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting %	Úthlutun 1998 m.kr.
715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	154,0	173,4	12,6	8,4
721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	110,4	120,4	9,1	5,0
725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	386,2	413,7	7,1	0,0
731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	67,2	74,1	10,3	0,0
735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	49,0	55,8	13,9	0,0
741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	125,8	135,8	7,9	13,5
745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	177,3	188,0	6,0	1,5
751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	373,1	394,7	5,8	0,0
755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	182,6	195,3	7,0	0,0
761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík	334,8	348,2	4,0	9,3
765 Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	172,6	181,4	5,1	0,0
771 Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði	108,7	120,8	11,1	12,3
775 Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað	239,7	255,9	6,8	25,0
781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	267,7	300,2	12,1	14,1
Samtals	**2.749,1**	**2.957,7**	**7,6**	**89,1**

Nefnd heilbrigðisráðherra sem sá um skiptingu framlagsins hefur í samvinnu við stjórnendur sjúkrahúsanna gert tillögur um breytingar á rekstri þannig að hann verði í flestum tilvikum í samræmi við fjárheimildir. Nefndin gerir að tillögu sinni að úthlutunin sé bundin því skilyrði að gripið verði til nauðsynlegra hagræðingaraðgerða og hefur framlagið því ekki verið greitt út í öllum tilvikum. Nefndin undirbýr gerð þjónustusamninga við

stofnanirnar þar sem hlutverk þeirra og þjónusta verður skilgreind auk þess að tilgreindar verða greiðslur fyrir hana.

Áformað er að gerð þjónustusamninga verði lokið fyrir árslok 1998 við flestar sjúkrastofnanir. Millifært hefur verið framlag frá flestum heilbrigðisstofnunum vegna upplýsingasamfélagsins og sértekjur og rekstrargjöld vegna sjúkraflutninga hafa verið færð til heilbrigðisstofnana af liðnum 501-1.11 Sjúkraflutningar, í samræmi við nýjan samning við Rauða kross Íslands um innkaup og rekstur sjúkrabifreiða. Loks hefur framlag vegna rannsókna og röntgengreiningar verið millifært til stofnananna af liðnum 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

Helstu breytingar sem lagðar eru til vegna nýrra verkefna á heilbrigðisstofnunum eru: Útgjöld St. Fransiskusspítala, Stykkishólmi, hækka um 10 m.kr. til að efla meðferð við baksjúkdómum og um 2,1 m.kr. vegna aukins launakostnaðar þar sem störf St. Fransiskussystra eru að færast á hendur annarra starfsmanna. Útgjöld Heilbrigðisstofnunar Hvammstanga aukast um 1,6 m.kr. vegna reksturs á nýju húsnæði. Útgjöld Heilbrigðisstofnunar Blönduósi aukast um 3,5 m.kr. vegna stærra húsnæðis og endurskoðunar á sértekjuáætlun. Heilbrigðisráðuneytið áformar að í þjónustusamningi við Heilbrigðisstofnunina Seyðisfirði verði gert ráð fyrir 8 m.kr. viðbótarframlagi til nýrrar átta rúma deildar fyrir heilabilaða sjúklinga á Austurlandi. Lögð er til 5 m.kr. hækkun á útgjöldum Heilbrigðisstofnunar Neskaupstaðar til að auðvelda stofnuninni að laga reksturinn að fjárheimildum. Loks hækka útgjöld Heilbrigðisstofnunarinnar í Vestmannaeyjum um 3,2 m.kr. vegna kostnaðar við gæsluvaktir og endurskoðunar á sértekjuáætlunum.

3. Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús. Undir kaflann falla stofnanir með fjárlaganúmer 500 - 586 og liðurinn 378 Læknishéraðasjóður.

Þær breytingar eru gerðar á framsetningu að heilsugæslustöðvar í Reykjavík eru færðar undir einn fjárlagalið, 505 Heilsugæsla í Reykjavík, og er 110 m.kr. kostnaður við heimahjúkrun sem áður færðist undir Heilsuverndarstöðina einnig færður þar ásamt 20 m.kr. hækkun vegna aukinnar heimahjúkrunar. Breytingin felur í sér að ein stjórn og einn framkvæmdastjóri er yfir öllum heilsugæslustöðvum sem ríkissjóður rekur í Reykjavík. Áður var borginni skipt í fjögur heilsugæsluumdæmi sem hvert hafði sérstaka stjórn.

Breytingar verða á útgjöldum einstakra stofnana vegna millifærslu kostnaðar við röntgen og rannsóknir af liðnum 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þá er kostnaður við sjúkraflutninga færður á heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni af liðnum 501-1.11 Sjúkraflutningar, þar sem það á við. Þá aukast launaútgjöld vegna áhrifa úrskurðar kjaranefndar og launahækkana hjúkrunarfræðinga. Helstu breytingar aðrar, einkum vegna nýrra verkefna, eru:

Útgjöld til liðarins 500 Heilsugæslustöðvar, almennt hækka um 113,6 m.kr. Í fyrsta lagi eru 78,6 m.kr. til að standa undir stofnkostnaði og rekstri sjúkraskráningakerfisins Sögu á heilsugæslustöðvum. Hugbúnaðurinn Saga er samhæft sjúkraskrár- og upplýsinga-

kerfi ætlað starfsmönnum og stjórnendum heilbrigðisstofnana. Gert er ráð fyrir að vélbúnaður verði tekinn á leigu, en um helmingur heilsugæslustöðva er ekki tölvuvæddur. Kerfið verður þróað áfram og hyggst heilbrigðisráðuneytið semja um þróun þess til að aðlaga það nýjum og breyttum kröfum í heilbrigðismálum. Í öðru lagi er 25 m.kr. hækkun á útgjöldum vegna leigu á bifreiðum fyrir heilsugæslustöðvar, en læknar hafa á móti sagt upp samningum fyrir afnot af eigin bifreiðum til vitjana. Loks er lögð til 10 m.kr. hækkun til að standa undir aukinni heilbrigðisþjónustu við fanga og er lögð mikil áhersla á bætta geðheilbrigðisþjónustu. Verkefnið var flutt frá dómsmálaráðuneyti til heilbrigðisráðuneytis ásamt 13 m.kr. fjárveitingu í fjárlögum 1998. Unnið er að gerð þjónustusamninga við heilbrigðisstofnanir um þessa þjónustu.

Lögð er til 17,5 m.kr. hækkun á liðnum 501 Sjúkraflutningar og er framlagið ætlað til endurskoðunar á samningum um sjúkraflutninga og til greiðslu á launakostnaði í samræmi við samninga við Rauða kross Íslands. Af þessum lið eru færðar samtals 18,2 m.kr. til heilsugæslustöðva og heilsugæslusviða í kjölfar samninga við RKÍ. Gert er ráð fyrir að útgjöld aukist vegna stækkunar á vaktsvæði Læknavaktarinnar sf., þannig að það nái einnig til Garðabæjar og Hafnarfjarðar, auk Reykjavíkur og Kópavogs.

Lögð er til 1,7 m.kr. hækkun á framlagi til heilsugæslustöðvar í Grundarfirði, 1,0 m.kr. til stöðvarinnar á Ólafsfirði og 1,6 m.kr. til stöðvarinnar á Dalvík í þeim tilgangi að koma rekstri í jafnvægi. Þá hækkar framlag til heilsugæslustöðvar Dalvíkur vegna nýs stöðugildis hjúkrunarfræðings. Heilsugæslusvið reynslusveitarfélagsins Höfn í Hornafirði hækkar samtals um 7,3 m.kr, m.a. til að ráða í stöðu heilsugæslulæknis. Framlag til heilsugæslustöðvarinnar á Laugarási hækkar um 1 m.kr. og um 3 m.kr. í Hafnarfirði vegna heimahjúkrunar og starfs læknaritara. Þá er lögð til 20 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs á nýrri heilsugæslustöð í Kópavogi. Loks er lögð til 3 m.kr. hækkun til heilsugæslustöðvarinnar í Mosfellsbæ vegna ýmis konar leiðréttingar á rekstrarkostnaði. Stöðin flutti í nýtt húsnæði á þessu ári.

4. Aðrar sjúkrastofnanir. Hér undir falla hjúkrunarheimili, endurhæfingarstofnanir og áfengismeðferðarstofnanir. Sú breyting er gerð á framsetningu að framlög til hjúkrunarheimila og dagvistunar á Akureyri og Höfn í Hornafirði eru færð af liðnum 495 Daggjaldastofnanir á sérstaka fjárlagaliði, enda eru greiðslurnar ákveðnar í þjónustusamningum við sveitarfélögin.

Heildarútgjöld til stofnana sem hér falla undir eru samkvæmt frumvarpinu 6.439 m.kr. og aukast um 288 m.kr. að frátöldum verðlagsbreytingum frá fjárlögum 1998. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er áformað að bjóða út rekstur 60 rúma hjúkrunarheimilis og er 72 m.kr. framlag miðað við rekstur hluta úr ári. Þá er fyrirhugað að taka í notkun í áföngum 26 rúma hjúkrunarheimili í Ási, Hveragerði, og er ætlað til þessa 37 m.kr. framlag á árinu 1999. Í þriðja lagi er 25,2 m.kr. hækkun útgjalda vegna reksturs 25 rúma hjúkrunarheimilis í

Garðabæ, sem tekið verður í notkun í áföngum árið 1999. Áætlað er að fullur rekstur þess nemi um 73 m.kr. á ári. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að útgjöld hækki um 50 m.kr. þar sem dvalarrúmum er breytt í hjúkrunarrúm. Þessu til viðbótar eru 84,4 m.kr. millifærðar af lífeyristryggingum yfir á daggjaldastofnanir vegna fækkunar dvalarrýma og fjölgunar á hjúkrunarrýmum, en dvalarrými eru greidd af lífeyristryggingum.

Gert er ráð fyrir að þegar öll framangreind rúm hafa verið tekin í notkun verði í fyrsta sinn fullnægt hjúkrunarrúmum fyrir þá sem taldir eru í mjög brýnni þörf fyrir slíka þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Loks hækka tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra um 30 m.kr. og er 20 m.kr. þar af ráðstafað til reksturs hjúkrunarheimila. Tímabundið framlag 12 m.kr. í fjárlögum 1998 til að auðvelda gerð þjónustusamninga fellur nú niður.

Framlag til reksturs Vistheimilisins Víðinesi hækkar um 8 m.kr., en rekstur 19 rúma hjúkrunardeildar hefst þar síðla árs 1998. Þá hækkar framlag til hjúkrunar- og endurhæfingarstofnunar Sjálfsbjargar í Reykjavík, um 2 m.kr. vegna endurbóta á brunavörnum. Kemur framlagið til viðbótar 3 m.kr. í fjárlögum 1998 og er gert ráð fyrir 5 m.kr. fjárveitingu árlega í fimm ár. Loks hækkar framlag til Vistheimilisins Bjargs um 1,5 m.kr. vegna vanáætlaðs kostnaðar við geðlæknisþjónustu.

Stofnkostnaður og tækjakaup. Hér er á einum stað fjallað um framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa á fjárlagaliðunum: 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 371 Ríkisspítalar; 375 Sjúkrahús Reykjavíkur; 385 Framkvæmdasjóður aldraðra og 500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

Útgjöld til stofnkostnaðar eru samtals 1.412 m.kr. samanborið við 1.352 m.kr. í fjárlögum 1998. Helstu breytingar eru þær að nú er gert ráð fyrir 185 m.kr. til byggingar Barnaspítala á Landspítalalóð, samanborið við 200 m.kr. í fjárlögum 1998, en þá var að auki gert ráð fyrir 25 m.kr. framlagi úr vörslusjóðum ríkisspítalanna. Áformað er að hefja byggingu barnaspítala og nýta fjárveitingu áranna 1998 og 1999 til verksins. Miðað er við að byggingunni ljúki árið 2001.

Framlag til liðarins 381 Bygging sjúkrahúsa og læknisbústaða, hækkar um 40 m.kr. Þar af eru 25 m.kr. ætlaðar til viðhalds og endurbóta á sjúkrahúsum á landsbyggðinni og 15 m.kr. til að leysa úr húsnæðisþörf heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Þá hækka framlög til liðarins 500 Heilsugæslustöðvar, almennt, um tæplega 24 m.kr. og eru ætluð til hugbúnaðar vegna nýs sjúkraskráningarkerfis. Loks hækkar framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra um 10 m.kr. vegna hærri markaðra tekna sjóðsins, sem fyrirhugað er að nota til endurbóta á öldrunarstofnunum.

Auk byggingar barnaspítala er hafin bygging D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja, en fyrr á þessu ári var lokið við 120 fermetra stækkun á heilsugæslustöðinni þar. Útboðsáfanga við D-álmu á að að ljúka í lok árs 2000. Um er að ræða fullgert hús að utan og innréttingu 2. hæðar þar sem fyrirhuguð er legudeild fyrir 26 sjúklinga. Árið 1999 er stefnt að því að ljúka

byggingu á dvalar- og hjúkrunarheimili á Fáskrúðsfirði.

Á árinu 1998 hefur staðið yfir uppbygging á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Ný heilsugæslustöð var tekin í notkun í Garðabæ um sl. áramót og ný heilsugæslustöð var opnuð í Mosfellsbæ fyrr á þessu ári, en hún er í leiguhúsnæði. Fyrirhugað er að hefja rekstur á nýrri heilsugæslustöð í Kópavogi fyrir lok þessa árs. Stöðin er um 840 fermetrar og aðstaða er fyrir fimm lækna auk sérfræðinga. Byggingu heilsugæslustöðvar við Efstaleiti í Reykjavík á að ljúka á árinu 2000, en til athugunar er að flýta þeirri framkvæmd. Loks er unnið að innréttingu á húsnæði heilsugæslustöðvarinnar á Sólvangi í Hafnarfirði og er áformað að þar verði aðstaða fyrir þrjá lækna til viðbótar þeim sem fyrir eru.

Annað. Hér eru talin nokkur málefni sem falla undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið: 340 Málefni fatlaðra; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi; 621 Áfengis- og vímuvarnaráð og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Síðasttaldi liðurinn er nýr og skýrir meginbreytingu sem verður á milli ára. Samtals nema framlög til málaflokksins 545 m.kr. samanborið við 417 m.kr. í fjárlögum 1998 og hækka um 128 m.kr. Helsta breytingin er að útgjöld liðarins íslenska upplýsingasamfélagið verða 103 m.kr. Þar af eru 27 m.kr. aukið framlag úr ríkissjóði og 76 m.kr. mótframlag stofnana til sameiginlegra og hagkvæmari lausna í upplýsingamálum. Markmiðið er að koma í veg fyrir að stofnanir leiti mismunandi lausna og að samhæfa kerfin. Það fjármagn sem varið er til upplýsingamála mun þannig nýtast betur og skila stofnunum meiri árangri þegar fram í sækir. Helstu verkefni á sviði upplýsingatækni heilbrigðismála eru: tölvuvæðing sjúkraskráa 30 m.kr, samhæfing upplýsingskerfa 35 m.kr., fjarlækningar 23 m.kr., heilbrigðisnet 12 m.kr. og heilsuvefur 3 m.kr.

Aðrar breytingar á útgjöldum eru á liðnum 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Einkum má nefna 16 m.kr. hækkun útgjalda vegna endurnýjunar á samningi við Krabbameinsfélag Íslands um krabbameinsleit og 8 m.kr. vegna samnings við sama aðila um krabbameinsskráningu. Aðrar breytingar skýrast af millifærslum og launa- og verðlagsbótum. Rétt er að vekja athygli á að samkvæmt nýjum lögum um áfengis- og vímuvarnir, breytist heiti á fjárlagaliðnum 621 Forvarnasjóður í 621 Áfengis- og vímuvarnaráð. Samkvæmt lögunum tekur Áfengis- og vímuvarnaráð við hlutverki Áfengisvarnaráðs og stendur Forvarnasjóður straum af kostnaði við hið nýja ráð, en heildarútgjöld sjóðsins eru óbreytt frá fjárlögum 1998.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	10.412,0	15.781,8	5.369,8	52
Neyslu- og rekstrartilfærslur	8.757,5	8.537,5	-220,0	-3
Stofnkostnaður og viðhald	897,8	784,5	-113,3	-13
Samtals	**20.067,3**	**25.103,8**	**5.036,5**	**25**
Greitt úr ríkissjóði	13.752,3	13.728,8	-23,5	0
Innheimt af ríkistekjum	105,0	105,0	0,0	0
Viðskiptahreyfingar	6.210,0	11.270,0	5.060,0	81
Samtals	**20.067,3**	**25.103,8**	**5.036,5**	**25**

Heildargjöld ráðuneytisins árið 1999 eru áætluð 26.931 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð um 1.827 m.kr. en þær nema tæplega 7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 25.104 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru um 13.729 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 105 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 11.270 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs. Hækkun viðskiptahreyfinga um 5.060 m.kr. milli ára stafar af auknum lífeyrisskuldbindingum sem falla á ríkissjóð á árinu 1999 en koma ekki til greiðslu fyrr en síðar.

Rekstrargjöld ráðuneytisins, að frádregnum sértekjum, eru áætluð um 15.782 m.kr. og hækka um 5.370 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Aukning áfallinna lífeyrisskuldbindinga og greiddra lífeyrisuppbóta um 5.400 m.kr. veldur mestu um þá hækkun. Að því frátöldu eru helstu breytingar á rekstrargjöldum af þrennum toga. Í fyrsta lagi hækkar rekstrarkostnaður stofnana sem heyra undir ráðuneytið um 130 m.kr. Þar af eru 51 m.kr. vegna þess að fyrirhugað er að leggja starfsemi Framkvæmdasjóðs Íslands niður og færa verkefni hans til ríkissjóðs. Við þá breytingu færist rekstur sjóðsins úr C-hluta í A-hluta. Jafnframt fellur hluti sértekna Lánasýslu ríkisins niður og hækka greiðslur úr ríkissjóði eftirleiðis sem því nemur. Í öðru lagi er áætlað að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum lækki um 100 m.kr. Loks verður 160 m.kr. lækkun á sérstökum fjárlagalið sem í fjárlögum 1998 er ætlaður til að mæta útgjöldum annarra ráðuneyta vegna kjarasamninga og kjaraúrskurða sem taka gildi eftir afgreiðslu fjárlaganna.

Neyslu- og rekstrartilfærslur verða um 8.538 m.kr. samanborið við um 8.758 m.kr. í fjárlögum 1998 og lækka því um 220 m.kr. Skýrist það af breytingu á tveimur liðum. Annars vegar er gert ráð fyrir að vaxtabætur hækki um 330 m.kr., einkum vegna breytinga á lögum um félagslega húsnæðiskerfið. Hins vegar er áætlað að vegna tekjutengingar lækki barnabótagreiðslur um 550 m.kr. í kjölfar launahækkana á þessu ári.

Stofnkostnaður og viðhald er áætlað 785 m.kr. og er það um 113 m.kr. lækkun milli ára. Helstu breytingarnar eru: Í fyrsta lagi fellur niður tímabundin fjárveiting að fjárhæð 80 m.kr. sbr. heimild í 7. gr. fjárlaga þessa árs um framlög til atvinnuþróunar á landsvæðum sem ekki njóta góðs af uppbyggingu stóriðju. Í öðru lagi lækkar fjárveiting til smíði á tekjubókhaldskerfi ríkisins um 50 m.kr. þar sem því verki er að mestu lokið og í þriðja lagi fellur niður fjárveiting að fjárhæð 35 m.kr. vegna kaupa á húsnæði fyrir skattstofu Suðurlands. Á móti vega nokkrar minni hækkanir vegna ýmissa framkvæmda.



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisfjárhirsla; 105 Ríkislögmaður og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Aðalskrifstofa	336,4	323,7	-12,7	-4
Ríkisbókhald	143,2	194,7	51,5	36
Ríkisfjárhirsla	39,5	40,6	1,1	3
Ríkislögmaður	25,0	25,8	0,8	3
Ráðstöfunarfé	6,0	6,0	0,0	0
Samtals	**550,1**	**590,8**	**40,7**	7


Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 24 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Gert er ráð fyrir að framlag til *aðalskrifstofu fjármálaráðuneytis* hækki um 9 m.kr., m.a. vegna verkefna sem leiða af lagasetningu um fjárreiður ríkisins, endurskoðunar á fjárlagaferli stjórnsýslunnar, uppbyggingu á langtímaáætlun í ríkisfjármálum og starfs úrskurðarnefndar í starfsmannamálum. Þá hafa verið gerðar breytingar á skipulagi og starfsháttum aðalskrifstofu ráðuneytisins sem hafa áhrif á fjármál hennar með tvennum hætti. Annars vegar falla niður 10 m.kr. sértekjur af ráðgjafarverkefnum þar sem Hagsýsla ríkisins hefur hætt starfsemi. Hins vegar færist 42 m.kr. framlag til *Ríkisbókhalds* þar sem stofnunin hefur tekið við umsjón með launaafgreiðslum og launakerfi ríkisins sem aðalskrifstofan hafði með höndum áður.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður; 261 Ríkistollstjóri; 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Ríkisskattstjóri	356,7	385,0	28,3	8
Skattstofur	589,7	603,5	13,8	2
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	125,7	140,1	14,4	11
Yfirskattanefnd	59,5	73,4	13,9	23
Skattrannsóknarstjóri	69,3	71,4	2,1	3
Innheimtukostnaður	148,1	143,0	-5,1	-3
Tollaembætti	627,2	657,0	29,8	5
Samtals	**1.976,2**	**2.073,4**	**97,2**	**5**

Fjárveitingar til stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála aukast alls um 97 m.kr. eða um 40 m.kr. að raungildi milli ára. Aukningin er mest hjá *Yfirskattanefnd*, eða um 12 m.kr. Fyrirhugað er að embættið flytji í stærra húsnæði og að ráðnir verði tveir nýir starfsmenn til þess að gera nefndinni betur kleift að hraða úrskurðum og afgreiðslu mála innan lögskipaðra tímamarka. Fjárveiting liðarins *Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld* hækkar um 12 m.kr. af tveimur tilefnum. Annars vegar er tímabundið framlag að fjárhæð 5 m.kr. til sérstakra aðgerða í gæða- og þjónustustarfi skattstofanna og hins vegar er 7 m.kr. framlag til eftirlits með skilum á vörugjaldi og ársskýrslum fyrirtækja. Gert er ráð fyrir samtals um 17 m.kr. hækkun á liðnum *Ríkisskattstjóri*. Þar vega þyngst 10 m.kr. aukin rekstrarútgjöld og tímabundinn stofnkostnaður vegna nýrra laga um húsnæðismál sem hafa í för með sér að gera þarf ráðstafanir til þess að greiða vaxtabætur fyrirfram til húseigenda. Þá er gert ráð fyrir tæplega 12 m.kr. útgjaldaauka hjá *Ríkistollstjóra*, en þar af eru 7 m.kr. tímabundinn



stofnkostnaður, vegna flutnings í nýtt húsnæði í kjölfar þess að Gjaldheimtan í Reykjavík hefur verið sameinuð embætti tollstjórans í Reykjavík og flytur í núverandi húsakynni Ríkistollstjóra í Tollstöðvarhúsinu við Tryggvagötu. Framlag til *Tollstjórans í Reykjavík* hækkar í samræmi við almennar launa- og verðlagsforsendur en breytist ekki að öðru leyti. Fjárveitingar til skattstofa eru einnig óbreyttar að raungildi, að undanskildu 5 m.kr. framlagi vegna flutnings skattstofu Suðurlands í nýtt húsnæði á árinu 1998 en það fellur niður í frumvarpinu.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Á þennan lið eru færðar til gjalda bæði greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri og reiknaðar skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati á nýjum áunnum lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna á árinu. Áætlað er að lífeyrisskuldbindingarnar aukist um nærri 16,2 milljarða króna á árinu 1999. Þar af er talið að 7 milljarða króna megi rekja til launa- og verðlagsbreytinga. Sá hluti hækkunarinnar kemur ekki fram á gjaldahlið frumvarpsins en færist til skuldar um endurmatsreikning við uppgjör ríkisreiknings. Af því sem þá stendur eftir, eða sem nemur um 9,2 milljörðum króna, eru 1,3 milljarðar króna færðir á launalið einstakra stofnana. Þessi tilhögun var tekin upp í fyrsta sinn í fjárlögum ársins 1998 í kjölfar breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga þar sem sjóðunum var heimilað að taka á móti viðbótariðgjöldum. Við setningu fjárlaga var kveðið á um að iðgjald ríkisstofnana til sjóðanna skyldi hækkað og verða 11,5% af öllum launum. Sú hækkun á iðgjöldum gengur upp í greiðslur verðlagsuppbóta til lífeyrissjóðanna. Nýjar skuldbindingar vegna áunninna réttinda sem færðar eru á þennan lið í frumvarpinu nema því 7,9 milljörðum króna. Aukningin skýrist að mestu af því að með nýju launakerfi sem samið var um í kjarasamningum ársins 1997 færist stór hluti af föstum yfirvinnugreiðslum og aukagreiðslum ríkisstarfsmanna inn í dagvinnulaun þeirra. Veldur það auknum skuldbindingum hjá ríkissjóði þar sem lífeyrisgreiðslur taka mið af dagvinnulaunum.

Greiðslur úr ríkissjóði sem færast á þennan lið á árinu 1999 vegna verðlagsuppbóta á lífeyri eru áætlaðar 730 m.kr. Hefur þá verið tekið tillit til framangreindra 1,3 milljarða króna sem færðar eru um fjárveitingar til einstakra ríkisstofnana. Greiðslurnar aukast um 320 m.kr. miðað við fjárlög ársins 1998 og liggja til þess sömu ástæður og valda hækkun skuldbindinganna, auk þess sem lífeyrisþegum fjölgar. Lífeyrisskuldbindingar starfsmanna ríkisfyrirtækja og lánastofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda og skuldar í reikningum þeirra og er þeim ætlað að standa skil á greiðslunum þegar þær falla til.

Áætlaðar áfallnar lífeyrisskuldbindingar á árinu 1999 og greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri sundurliðast þannig:

M.kr.	Lífeyris-skuldbindingar	Þar af greitt
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	7.210	358
Lífeyrissjóður alþingismanna	210	167
Lífeyrissjóður ráðherra	55	33
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	380	27
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	40	75
Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	15	70
Samtals	**7.910**	**730**

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

811 Barnabætur. Áætlað er að greiddar barnabætur lækki um 550 m.kr. frá gildandi fjárlögum og nemi 3.950 m.kr. á árinu 1999. Barnabætur eru tekjutengdar og miðast áætlunin við að almennar launahækkanir á yfirstandandi ári leiði til aukins frádráttar á bótunum á næsta ári.

821 Vaxtabætur. Gert er ráð fyrir að á árinu 1999 verði greiddar 4.130 m.kr. í vaxtabætur vegna húsnæðiskaupa einstaklinga. Er það um 330 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru 40 m.kr. vegna endurskoðunar á almennum forsendum fyrir áætlun um vaxtabætur, s.s. á fjölda einstaklinga, skuldsetningu og tekjubreytingar milli ára. Afganginn, 290 m.kr., má rekja til breytinga á lögum sem gerðar voru á síðasta þingi samhliða setningu nýrra laga um húsnæðismál. Áhrif þessara lagabreytinga eru annars vegar þau að greiddar vaxtabætur aukast um 120 m.kr. árlega næstu 10 árin vegna um 1.000 einstaklinga sem öðlast munu rétt til vaxtabóta en hefðu annars tekið lán með niðurgreiddum vöxtum í félagslega húsnæðiskerfinu. Hins vegar verða vaxtabætur til þeirra sem festa kaup á húsnæði eftir 1. janúar 1999 greiddar út ársfjórðungslega fyrirfram á kaupári eigna, en ekki árið eftir, eins og fyrri lög mæltu fyrir um. Áætlað er að

útstreymi vaxtabóta aukist um 170 m.kr. árið 1999 og um 500 m.kr. á ársgrundvelli næstu 5-8 árin þar á eftir vegna þessarar flýtingar á greiðslum.

Ríkisábyrgðir, fjármagnstekjuskattur og afskrifaðar kröfur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur; 971 Ríkisábyrgðir og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Áætlað er að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum lækki um 100 m.kr. milli ára. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á fjárveitingum til þessa málefnaflokks að öðru leyti en eðli máls samkvæmt eru áætlanir um þá liði háðar talsverðri óvissu. Þess skal getið að líkt og í fjárlögum þessa árs eru afskriftir skattkrafna áætlaðar 3.900 m.kr. Þar er um að ræða reikningsuppgjör á rekstrargrunni sem hefur ekki áhrif á greiðsluhreyfingar hjá ríkissjóði.

Verðlagsmál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

989 Launa- og verðlagsmál. Fjárlagafrumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1999. Samkvæmt gildandi samningum við nær öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna hækka laun um 3,5% þann 1. janúar 1999. Launaliðir stofnana í frumvarpinu hafa verið hækkaðir sem því nemur. Sama á við um þann þátt rekstrartilfærslna viðeigandi fjárlagaliða sem svarar til launa. Önnur rekstrargjöld hafa verið hækkuð um 2% í samræmi við forsendur þjóðhagsáætlunar um almennar verðlagsbreytingar og sértekjur einnig þar sem það á við.

Á fjárlagaliðinn er færð 300 m.kr. fjárheimild til þess að mæta ýmsum breytingum á launum ríkisstarfsmanna sem kunna að verða eftir að frumvarpið hefur verið lagt fram. Þar á meðal eru launahækkanir hjá prófessorum við háskólastofnanir, sem kjaranefnd hefur úrskurðað. Ólokið er við að meta hækkanirnar í launafjárveitingar þar sem breytt launaflokkaröðun samkvæmt úrskurðinum mun ekki liggja endanlega fyrir fyrr en í október. Fyrirhugað er að ljúka við endurmat á launagrunni þessara stofnana áður en frumvarpið verður afgreitt. Þá er á þessum fjárlagalið 15 m.kr. fjárheimild vegna ófyrirséðra verðbóta á verksamninga um framkvæmdir á vegum ríkisins.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fasteignamat ríkisins; 481 Útgjöld samkvæmt heimildaákvæðum; 901 Framkvæmdasýslan; 905 Ríkiskaup; 950 Rekstrarhagræðing; 972 Lánasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 984 Fasteignir ríkissjóðs; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 995 Skýrsluvélakostnaður; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Fasteignamat ríkisins	97,0	115,6	18,6	19
Útgjöld samkvæmt heimildaákvæðum	240,0	160,0	-80,0	-33
Framkvæmdasýslan	3,0	3,6	0,6	20
Rekstrarhagræðing	5,0	5,0	0,0	0
Lánasýsla ríkisins	0,0	53,0	53,0	-
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	15,0	15,2	0,2	1
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	70,0	45,0	-25,0	-36
Ríkisstjórnarákvarðanir	100,0	100,0	0,0	0
Skýrsluvélakostnaður	560,8	553,0	-7,8	-1
Íslenska upplýsingasamfélagið	-	12,0	12,0	-
Ýmislegt	550,2	559,7	9,5	2
Samtals	**1.641,0**	**1.622,1**	**-19**	**-1**

402 ***Fasteignamat ríkisins.*** Stofnunin hefur tekjur af umsýslugjaldi af brunabótamati húseigna sem nemur 0,025% af brunabótamati. Gjaldið er ætlað til þess að standa undir kostnaði stofnunarinnar við að halda skrá yfir brunabótamat húseigna í landinu og innheimta vátryggingafélög það hjá húseigendum samhliða brunatryggingaiðgjöldum. Gjaldið telst vera hluti af tekjum A-hluta ríkissjóðs en stofnunin fær tilsvarandi framlag greitt úr ríkissjóði. Áætlað er að umsýslugjaldið skili 9,2 m.kr. hærri tekjum en í gildandi fjárlögum og hækkar fjárveiting stofnunarinnar sem því nemur. Rekstur stofnunarinnar er að öðru leyti óbreyttur frá yfirstandandi ári. Til Landskrár fasteigna er ætluð sama fjárhæð og í fjárlögum, þ.e. 8 m.kr., og einnig eru húsnæðismál stofnunarinnar til skoðunar.

481 ***Útgjöld samkvæmt heimildaákvæðum.*** Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildaákvæðum skv. 7. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um nýtingu á fjárveitingu þessa liðar er jafnan háð nokkurri óvissu en gert er ráð fyrir að hún lækki um 80 m.kr. milli ára. Þar er um að ræða tímabundið framlag í fjárlögum yfirstandandi árs sem ætlað er til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu á svæðum sem ekki njóta góðs af uppbyggingu stóriðju. Sérstök umfjöllun er um 7. grein frumvarpsins í kafla 8 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

972 ***Lánasýsla ríkisins.*** Talsverðar breytingar verða á fjárreiðum stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu. Í fyrsta lagi er fyrirhugað að leggja niður starfsemi Framkvæmdasjóðs Íslands og að ríkissjóður yfirtaki eignir hans og skuldir. Við þá breytingu færist rekstrarkostnaður vegna umsýslu með eignir og skuldir sjóðsins úr C-hluta fjárlaga til Lána-

sýslunnar í A-hluta. Gert er ráð fyrir að þau rekstrargjöld verði eftirleiðis fjármögnuð með greiðslum úr ríkissjóði, en þau nema um 29 m.kr. Í annan stað er gert ráð fyrir að standa straum af rekstrargjöldum stofnunarinnar vegna umsýslu Ríkisábyrgðasjóðs með framlögum úr ríkissjóði, en þau nema um 24 m.kr. Breyting í þessa veru leiðir af gildistöku laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Vegna þessara breytinga á framsetningu fjárreiðna stofnunarinnar, og að teknu tilliti til almennra launa- og verðlagshækkana, hækkar gjaldahlið hennar um 30,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum og verður 117,3 m.kr. Þá er áætlað að sértekjur stofnunarinnar verði alls 64,3 m.kr. á næsta ári, en þar er um að ræða 0,3% þóknun af seldum ríkisverðbréfum til lengri tíma en þriggja ára og 0,03% þóknun af seldum ríkisvíxlum sem jafnframt eru færðar til gjalda á fjárlagaliðinn *Vaxtagjöld ríkissjóðs*. Sértekjunum verður varið til að standa undir þeim hluta af rekstrarkostnaði Lánasýslunnar sem snýr að starfi hennar að fjáröflun fyrir ríkissjóð og ekki er fjármagnaður með greiðslum úr ríkissjóði.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Á þennan lið eru færðar fjárveitingar til ýmissa framkvæmda við húsbyggingar á vegum ríkisins. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að veita 10 m.kr. framlag til undirbúnings að framkvæmdum við húsbyggingu fyrir Stjórnarráðið. Fyrirhugað er að rífa gamla Hæstaréttarhúsið við Lindargötu í Reykjavík og byggja í þess stað nýtt húsnæði sem hýsi starfsemi ráðuneyta, bæði þeirra sem fyrir eru á Arnarhvoli og annarra sem eru í óhentugum húsakynnum annars staðar í borginni. Þá fellur niður 35 m.kr. fjárveiting í fjárlögum ársins 1998 til kaupa á húsnæði fyrir skattstofu Suðurlands.

995 Skýrsluvélakostnaður. Á þessum lið eru veitt framlög til rekstrar, viðhalds og nýsmíði helstu tölvukerfa til vinnslu á reikningshaldi ríkisins. Með stofnkostnaði er talin hönnun og smíði hugbúnaðar og allar meiri háttar endurbætur á kerfunum. Fjárveiting til þessara verkefna nemur 553 m.kr. og lækkar um 8 m.kr. milli ára. Helstu breytingar eru í fyrsta lagi þær að fjárveiting til uppbyggingar á nýju tekjubókhaldskerfi ríkisins lækkar um 50 m.kr. og verður 19 m.kr. þar sem því verki lýkur að mestu á yfirstandandi ári. Í öðru lagi hækkar framlag til bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins um 10 m.kr. og til launaafgreiðslukerfis ríkisins um 25 m.kr. til þess að hefja megi endurnýjun þeirra. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu gjalda á viðfangsefni undir þessum lið:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstur				
Launagreiðslukerfi	66,3	67,6	1,3	2
Tekjubókhaldskerfi	127,5	130,1	2,6	2
Skattvinnslukerfi	125,3	127,8	2,5	2
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	44,3	45,2	0,9	2
Innheimtuskilakerfi	15,2	15,5	0,3	2
Forsendukerfi innheimtugagna	17,9	18,3	0,4	2
Fjárlagakerfi	1,0	2,0	1,0	100
Stofnkostnaður				
Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	16,0	41,0	25,0	156
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	70,0	19,0	-51,0	-73
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	19,4	19,4	0,0	0
Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	16,0	26,0	10,0	63
Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal	12,6	12,6	0,0	0
Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi	4,3	3,5	-0,8	-19
Tölvukerfi, óskipt	25,0	25,0	0,0	0
Samtals	**560,8**	**553,0**	**-8**	**-1**

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þessum nýja fjárlagalið er 12 m.kr. framlag til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Af fjárheimild liðarins eru 10 m.kr. ætlaðar til smíði á framtalshugbúnaði fyrir einstaklinga á vegum embættis ríkisskattstjóra og 2 m.kr. til að útbúa aðgengi að tekjubókhaldskerfi ríkisins fyrir almenning.

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærð á aðra fjárlagaliði ráðuneytisins. Að undanskildum almennum launa- og verðlagshækkunum og millifærslum verður eina breytingin á fjárveitingum liðarins sú að tekið verður upp 5 m.kr. framlag á nýju viðfangsefni, *1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni.* Þær greiðslur miðast við samning sem gerður hefur verið við samtökin að undangenginni könnun á áætluðum fjölda afrita hjá ríkinu í heild. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu gjalda á viðfangsefni undir þessum lið:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35,0	35,8	0,8	2
Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	23,6	24,1	0,5	2
Greiðslur f. ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	-	5,1	5,1	-
Kjarasamningar	17,7	18,3	0,6	3
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	30,7	31,3	0,6	2
Kjararannsóknir	5,8	5,9	0,1	2
Ýmis sameiginlegur kostnaður	25,3	21,4	-3,9	-15
Styrkur til útgáfumála skv. tillögum stjórnsk. nefndar	130,0	130,0	0,0	0
Ýmsar endurgreiðslur	40,0	40,0	0,0	0
Endurgreiðslur til sveitarfélaga	35,0	35,0	0,0	0
Lífeyrissjóður bænda	115,0	115,0	0,0	0
Ýmsar nefndir	3,3	3,4	0,1	3
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,5	1,5	0,0	0
Dómkröfur	52,0	53,0	1,0	2
Kjaradómur og kjaranefnd	12,5	12,9	0,4	3
Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0	5,0	0,0	0
Óviss útgjöld	17,8	19,5	1,7	10
Samtals	**550,2**	**557,2**	**7,0**	**1**

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	1.663,9	1.710,9	47,0	3
Neyslu- og rekstrartilfærslur	314,7	385,1	70,4	22
Stofnkostnaður og viðhald	8.358,2	9.306,2	948,0	11
Samtals	**10.336,8**	**11.402,2**	**1.065,4**	**10**
Greitt úr ríkissjóði	10.374,4	11.878,6	1.504,2	14
Innheimt af ríkistekjum	183,8	188,0	4,2	2
Viðskiptahreyfingar	-221,4	-664,4	-443,0	200
Samtals	**10.336,8**	**11.402,2**	**1.065,4**	**10**

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 1999 eru áætluð 12.501 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.099 m.kr. en þær nema tæpum 9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 11.402 m.kr. Greiðslur með beinu framlagi úr ríkissjóði og innheimt af ríkistekjum nema alls 12.066 m.kr. og færist mismunurinn, 664 m.kr., til lækkunar sem viðskiptahreyfing við ríkissjóð.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.711 m.kr. og hækka um 47 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 49 m.kr. hækkun til yfirstjórnar Vegagerðarinnar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur verða 385 m.kr. samanborið við 315 m.kr. í fjárlögum 1998. Þyngst vegur 30 m.kr. framlag til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu og um 29 m.kr. hækkun til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu skipa.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 9.306 m.kr. og er það 948 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 769 m.kr. hækkun til vegamála og 123 m.kr. hækkun til nýframkvæmda í höfnum. Að lokum hækkar framlag til flugvalla um 52 m.kr.



Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Heildargjöld nema 416,8 m.kr. samanborið við 341,1 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og hækka því um 75,7 m.kr. Rekstrarframlag til aðalskrifstofu er óbreytt að raungildi, eða 141,2 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Heildargjöld verða 266,6 m.kr. og skiptast á viðfangsefni eins og sýnt er í töflu á næstu síðu. Framlag til *tækniþróunarverkefnis í Namibíu á sviði flugmála* að fjárhæð 10 m.kr. er lokagreiðsla af 30 m.kr. heildarframlagi til verkefnisins. Framlag til *Slysavarnaskóla sjómanna* hækkar um 8,9 m.kr. og er tilefnið tvíþætt. Annars vegar er rekstur nýs skólaskips, þ.e. Akraborgarinnar, dýrari en þess eldra sem nemur um 3,6 m.kr. Hins vegar eru ætlaðar um 4 m.kr. til að greiða fyrir notkun þyrlu. Landhelgisgæslan fór á sl. ári fram á að Slysavarnaskóli sjómanna greiddi kostnað að fjárhæð 13,4 m.kr. vegna notkunar á þyrlu Landhelgisgæslunnar við reglubundnar æfingar hjá skólanum á árabilinu 1994-1997. Talið er óhjákvæmilegt að greiða þennan kostnað og er lagt til að hann verði greiddur á þremur árum. Gert er ráð fyrir að veita 4 m.kr. framlag árin 1999 og 2000 og í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir 1998 er gerð tillaga um 5,4 m.kr. Í reglugerð um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa er m.a. kveðið á um að öll íslensk skip sem sigla á hafsvæðinu umhverfis Ísland skuli búin tækjum til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu frá og með 1. febrúar 1999. Framlag til viðfangsefnisins *1.24 Tilkynningarskylda íslenskra skipa* hækkar um 3,9 m.kr. til að mæta auknum kostnaði Slysavarnafélags Íslands við rekstur sjálfvirka kerfisins en gert er ráð fyrir að handvirka og sjálfvirka tilkynningarskyldan verði reknar samhliða á næsta ári og að kostnaður við rekstur gamla kerfisins fjari smám saman út. Fjárveiting til *sjálf-*

virks tilkynningarkerfis skipa verður 38 m.kr. á næsta ári og hækkar um 28,7 m.kr. Hækkunin er tvískipt. Annars vegar hækkar framlag um 11,7 m.kr. sem mun renna til Landssímans til að mæta stofnkostnaði við uppbyggingu og rekstur fjarskiptahluta kerfisins. Hins vegar eru um 17 m.kr. ætlaðar til að styrkja smábátasjómenn til kaupa á nauðsynlegum búnaði vegna sjálfvirkrar tilkynningarskyldu skipa. Þegar kerfið hefur verið byggt upp er áformað að innheimta þjónustugjöld af útgerðum. Sérstakt 3,5 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.27 Slysavarnafélag Íslands* vegna 70 ára afmælis félagsins á þessu ári fellur niður. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu*, og er framlag 30 m.kr. Árleg fjölgun erlendra ferðamanna hefur verið um 5% það sem af er þessum áratug. Almenn kynning á landinu hefur verið í höndum Ferðamálaráðs sem rekur tvær landkynningarskrifstofur erlendis en ekki hefur verið fyrir hendi nægilegt fjármagn til að auka markaðsstarfið sem skyldi. Lokið er gerð stefnumótunar stjórnvalda í ferðamálum með þátttöku fjölda einstaklinga úr ferðaþjónustu og fyrir liggur ítarleg markaðsáætlun. Í burðarliðnum er að stofna sérstakt markaðsráð ferðaþjónustunnar þar sem Ferðamálaráð mun leggja fram þá fjármuni sem það hefur til markaðsstarfs, samtök aðila í ferðaþjónustu munu leggja fram hluta auk framangreindrar fjárveitingar úr ríkissjóði.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	19,0	19,0	0,0
Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	12,0	10,0	-2,0
Landflutningasjóður	4,1	4,1	0,0
Rannsóknanefnd sjóslysa	16,4	16,9	0,5
Lög- og réttindaskráning sjómanna	0,9	1,4	0,5
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0	3,0	0,0
Slysavarnaskóli sjómanna	36,2	45,1	8,9
Tilkynningarskylda íslenskra skipa	19,8	23,7	3,9
GPS-staðsetningarkerfi	7,4	7,5	0,1
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1	1,1	0,0
Slysavarnafélag Íslands	19,2	15,7	-3,5
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa	9,3	38,0	28,7
Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	15,0	15,3	0,3
Landsbjörg	11,0	11,0	0,0
Flugeftirlitsnefnd	2,8	2,9	0,1
Flugskóli Íslands	9,7	9,7	0,0
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0	1,0	0,0
Ferðamál og markaðsstarf	10,0	10,0	0,0
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	-	30,0	30,0
Athugun á öryggi fiskiskipa	1,2	1,2	0,0
Samtals	**199,1**	**266,6**	**67,5**

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Heildarframlag er 4 m.kr. og er ætlað til frekari þróunar og hönnunar á vefsíðu Ferðamálaráðs þar sem færðar verða ýmiss konar upplýsingar um ferðaþjónustu á Íslandi.

Vegamál

Til þessa málefnaflokks telst 211 Vegagerðin. Útgjöld Vegagerðarinnar skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Yfirstjórn	286,0	335,0	49,0
Styrkir til sérleyfishafa	20,0	20,0	0,0
Þjónusta	1.550,0	1.734,0	184,0
Viðhald	1.300,0	1.548,0	248,0
Þéttbýlisvegir	340,0	382,0	42,0
Nýframkvæmdir	2.919,0	3.637,0	718,0
Framkvæmdaátak	500,0	-	-500,0
Landsvegir	52,0	67,0	15,0
Tilraunir	68,0	78,0	10,0
Safnvegir	173,0	196,0	23,0
Styrkvegir	25,0	26,0	1,0
Reiðvegir	22,0	26,0	4,0
Ferjur og flóabátar	440,0	464,0	24,0
Samtals	**7.695,0**	**8.513,0**	**818,0**

Markaðar tekjur til vegamála eru áætlaðar 8.977 m.kr. á næsta ári og er það í samræmi við þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1998-2002. Nánar er gerð grein fyrir forsendum teknanna í 2. kafla greinargerðarinnar. Fjárhæðin rennur óskipt til Vegagerðarinnar að því frátöldu að 0,5% umsýslugjald rennur í ríkissjóð en það nemur um 44 m.kr. Samkvæmt vegáætlun skal umsýslugjald þetta reiknað af öllum mörkuðum tekjum og er heimild til þess í lögum um fjáröflun til vegagerðar en þar er kveðið á um þungaskatt af dísilbifreiðum. Slíka heimild er aftur á móti ekki að finna í lögum um vörugjald af eldsneyti. Í fylgiskjali um nauðsynlegar lagabreytingar er gert ráð fyrir að breyta þessu ákvæði laga.

Í þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1998-2002 og í þingsályktun um langtímaáætlun í vegagerð eru lagðar til breytingar sem koma fram bæði í fjáröflun og útgjöldum. Fjáröflunin verður einfölduð og einungis er gert ráð fyrir að umsýslugjald renni í ríkissjóð til að standa undir almennum kostnaði. Hvorki eru ráðgerð framlög né lán úr ríkissjóði en áður tekin lán verða endurgreidd. Fyrirhuguð er breyting á ráðstöfun tekna sem gerð er nánar grein fyrir í þingsályktunartillögu um vegáætlun fyrir árin 1998-2002.

Að frátöldu umsýslugjaldi renna því alls 8.933 m.kr. til vegamála. Af þeirri fjárhæð

greiðir Vegagerðin 420 m.kr. afborgun af lánum til ríkissjóðs og er fjárhæðin þrískipt. Í fyrsta lagi er 280 m.kr. lokaendurgreiðsla vegna sérstaks átaks í flýtingu vegaframkvæmda á árinu 1995. Í öðru lagi er 100 m.kr. endurgreiðsla vegna Skeiðarársands og að lokum 40 m.kr. sem er fyrsta greiðsla af 400 m.kr. láni vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga. Þá standa eftir 8.513 m.kr. og í samræmi við vegáætlun skiptist fjárhæðin á viðfangsefni eins og sýnt er í töflunni hér að framan.

Í töflu hér á eftir er sýnd skipting útgjalda til vegamála sem hundraðshlutfall af heildarútgjöldum hvers árs fyrir árin 1996-1999:

Rekstrargrunnur	Rauntölur 1996 m.kr.	Rauntölur 1997 m.kr.	Áætlun 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.
Stjórn og undirbúningur	5,0	4,2	4,0	4,2
Viðhald þjóðvega	44,7	45,1	41,5	43,0
Nýir þjóðvegir	39,5	40,1	44,4	42,7
Safnvegir	2,3	2,9	2,2	2,3
Landsvegir	1,5	1,0	0,7	0,8
Styrkvegir	0,6	0,2	0,3	0,3
Reiðvegir	0,1	0,2	0,3	0,3
Tilraunir	0,9	0,9	0,9	0,9
Flóabátar	5,4	5,4	5,7	5,5
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Á undanförnum árum hefur í heimildargrein fjárlaga verið ákvæði sem heimilar lækkun heildargjalda stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga um allt að 0,4% hjá hverri stofnun. Upphæðinni mátti verja til markaðsátaks erlendis o.fl. Ákvæði þetta fellur nú niður en á næsta ári er gert ráð fyrir að Vegagerðin greiði allt að 10 m.kr. til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu.

Siglingamál

Undir þennan málaefnaflokk fellur ein stofnun, 335 Siglingastofnun. Heildargjöld fjárlagaliðarins eru 935,5 m.kr. Af þeirri fjárhæð renna 276,3 m.kr. til rekstrar stofnunarinnar samanborið við 282 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Útgjöld hækka um 31,3 m.kr. en á móti kemur 37 m.kr. hækkun sértekna. Útgjaldahækkun milli ára umfram launa- og verðlagsbætur er tvíþætt. Annars vegar eru 7,7 m.kr. til að kosta hafnaríkiseftirlit (Port State Control) en það er liður í að framfylgja lágmarkskröfum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) til skipa í millilandasiglingum. Aðalmarkmiðið er að hafa eftirlit með öryggismálum slíkra skipa og koma í veg fyrir að útgerðir bæti samkeppnisstöðu sína með því að vanrækja öryggisþætti. Á næsta ári verður Ísland fullgildur aðili að samkomulagi sem tekur á framangreindum þáttum. Hins vegar er 2 m.kr. framlag til endurbóta á hugbúnaði fyrir lögskráningu sjómanna sem Siglingastofnun hefur umsjón með. Gert er ráð fyrir að endur-

bæturnar kosti 4-5 m.kr. og verður kostnaðinum skipt á tvö ár. Sértekjur hækka um 37 m.kr. milli ára. Gerð er sú breyting frá framsetningu fjárlaga 1998 að ýmis skráningar- og eftirlitsgjöld Siglingastofnunar eru nú færð sem sértekjur en eru í fjárlögum 1998 færð sem ríkistekjur. Skýrir það um 25 m.kr. hækkun sértekna milli ára. Að lokum hækka bæði tekjur og gjöld um 10 m.kr. til samræmis við raunveltu stofnunarinnar á síðasta ári.

Samkvæmt hafnaáætlun verða veittar 544,5 m.kr. til nýframkvæmda í höfnum á næsta ári samanborið við 421,5 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Um mitt ár samþykkti ríkisstjórnin að flýta framkvæmdum sem fyrirhugaðar voru á árinu 1999 og er því lagður til 285 m.kr. útgjaldaauki til nýframkvæmda í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir 1998. Aðrir stofnkostnaðarliðir en hafnamannvirki eru óbreyttir frá fjárlögum ársins og skiptir Alþingi að venju framlagi til lendingarbóta og sjóvarnagarða. Að auki er á næsta ári ráðgert að greiða upp skuldir við sveitarfélög að fjárhæð tæpar 250 m.kr. og eru skuldir ríkissjóðs í árslok 1999 áætlaðar um 550 m.kr.

Í eftirfarandi töflu er sýnt framlag til nýframkvæmda í höfnum og lækkun á skuldum ríkissjóðs vegna fyrri hafnaframkvæmda, en það kemur fram sem viðskiptahreyfing í framsetningu fjárlaga.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Nýframkvæmdir í höfnum	421,5	544,5	123,0
Lækkun skulda ríkissjóðs vegna fyrri hafnaframkvæmda	255,5	248,5	-7,0
Samtals, greiðslur úr ríkissjóði	**677,0**	**793,0**	**116,0**

Af 793 m.kr. á næsta ári eru 169 m.kr. fjármagnaðar með sérstöku vörugjaldi samkvæmt hafnalögum. Aðrir markaðir tekjustofnar Siglingastofnunar eru vitagjald 65 m.kr., skipagjald 60 m.kr. og vottorð frá Siglingastofnun rúmlega 1 m.kr.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 471 Flugmálastjórn; 472 Flugvellir og 481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Heildargjöld á næsta ári eru áætluð 1.289,3 m.kr. samanborið við 1.225,6 m.kr. í fjárlögum 1998.

471 Flugmálastjórn. Heildarframlag verður 472,4 m.kr. á næsta ári og hækkar um 9,2 m.kr. milli ára. Rekstur flugmálastjórnar er óbreyttur að því frátöldu að sértekjur hækka um 9 m.kr. Tekjur Flugmálastjórnar eru prófgjöld 2,4 m.kr., skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara 23,5 m.kr., skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda 8,3 m.kr. og að lokum afgreiðslugjöld fyrir þjónustu flugöryggissviðs 4,3 m.kr.

Á viðfangsefnin *1.70 Alþjóðaflugþjónusta* og *1.81 Framlag Íslands vegna* samnings *við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO* eru færð gjöld og tekjur vegna alþjóðaflug-

þjónustunnar. Heildarútgjöld alþjóðaflugþjónustunnar eru áætluð 1.220 m.kr. og er þjónustunni sinnt af þremur aðilum, Flugmálastjórn, Veðurstofu Íslands og Landssímanum hf., sbr. umfjöllun í greinargerð um Alþjóðaflugþjónustuna í B-hluta. Útgjöld Flugmálastjórnar vegna alþjóðaflugþjónustunnar eru 772,8 m.kr. á árinu 1999, og samsvarandi tekjur, en það er um 320 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Breytingin er gerð til samræmis við rauntölur en einnig er nokkur hækkun á heildartölum vegna fjárfestinga sem lokið er og verða afskrifaðar á næstu 10 árum. Hækkun heildargjalda leiðir til 8,5 m.kr. hækkunar á framlagi Íslands til alþjóðaflugþjónustunnar en það nemur 5% af kostnaði samkvæmt samningi um þjónustu við alþjóðaflugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Flugrekendur greiða 95% í formi yfirflugsgjalda.

472 ***Flugvellir.*** Heildargjöld við rekstur og viðhald flugvalla á árinu 1999 eru áætluð 344,1 m.kr. Útgjöldum flugvalla verður mætt með 30,1 m.kr. sértekjum flugvalla, 113 m.kr. af tekjum flugmálaáætlunar, um 87 m.kr. tekna af lendingargjöldum og með um 114 m.kr. framlagi úr ríkissjóði. Við vinnslu talnaefnis í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár láðist að hækka framlag til reksturs flugvalla um 9 m.kr. eða sem nemur áætlaðri launa- og verðlagshækkun. Gert er ráð fyrir að leggja tillögu um viðeigandi leiðréttingu fyrir fjárlaganefnd Alþingis fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga.

Markaðar tekjur flugmálaáætlunar er flugvallagjald sem talið er nema 598 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun árin 1998-2001 skal fjárhæðin skiptast þannig að til framkvæmda við flugvelli fari 265 m.kr., 113 m.kr. renni til rekstrar flugvalla, 73 m.kr. til flugumferðar og flugleiðsögubúnaðar, 55 m.kr. til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og annar kostnaður er talinn nema 92 m.kr. Af 265 m.kr. til framkvæmda eru 105 m.kr. ætlaðar til endurbóta á Reykjavíkurflugvelli, 45 m.kr. eru veittar til Vestmannaeyja og 37 m.kr. til Akureyrar. Framlög til annarra flugvalla nema alls 78 m.kr.

Póst- og fjarskiptamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 512 Póst- og fjarskiptastofnunin. Útgjöld stofnunarinnar á næsta ári eru áætluð 107,6 m.kr. og eru þau að fullu fjármögnuð með mörkuðum tekjum. Þær eru rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta, greiðslur fyrir þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt verðskrá og eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki. Tekjur og gjöld lækka um 8,7 m.kr. milli ára en fyrsta heila starfsár stofnunarinnar hefur leitt í ljós að útgjöld voru heldur ofáætluð í fjárlögum þessa árs.

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 651 Ferðamálaráð. Útgjöld næsta árs nema 140 m.kr. samanborið við 140,6 m.kr. í fjárlögum 1998. Rekstrarframlag til stofnunarinnar er óbreytt milli ára að raungildi að því frátöldu að 2 m.kr. eru millifærðar á fjárlagalið íslenska upplýsingasamfélagsins vegna vefsíðu með ýmsum upplýsingum um ferðaþjónustu á Íslandi.


11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	455,9	505,9	50,0	11
Neyslu- og rekstrartilfærslur	774,4	887,6	113,2	15
Stofnkostnaður og viðhald	30,8	82,3	51,5	167
Samtals	**1.261,1**	**1.475,8**	**214,7**	**17**
Greitt úr ríkissjóði	1.217,3	1.368,3	151,0	12
Innheimt af ríkistekjum	43,8	107,5	63,7	145
Samtals	**1.261,1**	**1.475,8**	**214,7**	**17**

Heildargjöld iðnaðarráðuneytisins eru áætluð 2.024 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 548 m.kr., en þær nema 27% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur nema 1.476 m.kr. en af þeirri fjárhæð eru 1.368 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 108 m.kr. með innheimtu af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum nema 506 m.kr. og hækka um 50 m.kr. frá fjárlögum 1998. Þar munar mest um 12 m.kr. hækkun gjalda hjá Einkaleyfastofu á móti hækkun ríkistekna og 10 m.kr. aukið framlag til Iðntæknistofnunar Íslands. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 113 m.kr. og verða 887 m.kr. Þar vegur þyngst að niðurgreiðsla á rafhitun hækkar um 63 m.kr. og framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum hækkar um 40 m.kr. Stofnkostnaður og viðhald hækka um 52 m.kr. og nema 82 m.kr., aðallega vegna 50 m.kr. hækkunar á framlagi til Orkusjóðs.



Ráðuneyti

Þessum málefnaflokki tilheyra fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld umfram tekjur nema 128,5 m.kr. og hækka um 15,5 m.kr. frá fjárlögum 1998. Þar af er 13,7 m.kr. hækkun á gjöldum Einkaleyfastofu sem fjármögnuð er af jafnhárri innheimtu af ríkistekjum.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir; 245 Samtök iðnaðarins og 299 Iðja og iðnaður. Heildargjöld þessa málefnaflokks umfram sértekjur nema 393 m.kr. og hækka um 29 m.kr. en þar með talið er 10 m.kr. aukið framlag til Iðntæknistofnunar og 7 m.kr. hækkun gjalda á móti auknum tekjum af iðnaðarmálagjaldi sem rennur til Samtaka iðnaðarins. Aðrar hækkanir eru eingöngu vegna hærri launa og verðlags.

201 Iðntæknistofnun Íslands. Stofnunin stuðlar að nýsköpun í atvinnulífinu með rannsóknum, vöruþróun, fræðslu, ráðgjöf og prófunum. Heildargjöld stofnunarinnar nema 361,8 m.kr. og þar af eru 247,9 m.kr. kostaðar af sértekjum og 113,9 m.kr. greiðast úr ríkissjóði. Alls hækka gjöld umfram sértekjur um 14,9 m.kr., en þar í felst hækkun á framlagi ríkissjóðs um 10 m.kr. og er það ætlað til eflingar leiðbeiningarþjónustu og til margmiðlunar.

Orkumál

Fjárlagaliðirnir 301 Orkustofnun, 371 Orkusjóður og 399 Ýmis orkumál falla undir þennan málefnaflokk. Útgjöld nema alls 954 m.kr. og hækka um 170 m.kr. Þar af er 50

m.kr. hækkun á gjöldum Orkusjóðs, 63 m.kr. til niðurgreiðslu á rafhitun og 40 m.kr. til styrkingar dreifikerfis í sveitum.

301 ***Orkustofnun.*** Orkustofnun veitir stjórnvöldum ráðgjöf um ýmsa þætti orkumála en meginverkefni hennar eru á sviði orkurannsókna. Heildargjöld stofnunarinnar eru áætluð 392,7 m.kr. og þar af eru 180,7 m.kr. kostuð af sértekjum og 212 m.kr. greidd af ríkissjóði. Gjöld umfram sértekjur hækka um 14 m.kr. Þar á meðal er 5 m.kr. hækkun framlags til að kosta starf stofnunarinnar við athuganir tengdum leyfisveitingum á nýtingu auðlinda í jörðu og 2 m.kr. til að reka og viðhalda vöktunarkerfi vegna jökulhlaupa sem komið var á sl. vetur.

371 ***Orkusjóður.*** Sjóðurinn fær 77,3 m.kr. framlag úr ríkissjóði og hækkar það um 50 m.kr. Hækkunin er ætluð til að kosta rannsóknir á nýjum virkjunarmöguleikum og verður greidd af tekjum frá Landsvirkjun vegna endurgreiðslu á uppsöfnuðum rannsóknarkostnaði. Áformað er að flytja frumvarp til laga um breytingu á Orkulögum nr. 58/1967 sem m.a. endurskilgreini hlutverk Orkusjóðs. Nánari grein verður gerð fyrir þeim breytingum þegar umrætt frumvarp verður lagt fram.

399 ***Ýmis orkumál.*** Gjöld á þessum lið nema 665 m.kr. og hækka um 106 m.kr. milli ára. Af þeirri hækkun renna 63 m.kr. til viðfangsefnisins *1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun*, en samtals er niðurgreiðslan áætluð 500 m.kr. á árinu 1999 og þar af eru 13 m.kr. vegna áætlaðra verðlagshækkana 1999. Hækkunin stafar af því að gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði um 1,8% um sl. áramót og var þá ákveðið að sú hækkun skyldi ekki leiða til hækkunar á orkuverði á þeim svæðum sem njóta niðurgreiðslu á rafhitun. Var 50 m.kr. varið í fjáraukalögum 1997 til að mæta kostnaði við þessa hækkun á árinu 1998.


Framlag til viðfangsefnisins *1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum* nemur 150 m.kr. og hækkar um 40 m.kr. Framlagið er alfarið kostað af arðgreiðslu frá Rafmagnsveitum ríkisins í ríkissjóð og er nánar greint frá fyrirkomulagi þeirrar greiðslu í greinargerð með Rafmagnsveitum í B-hluta.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	361,5	551,5	190,0	53
Neyslu- og rekstrartilfærslur	709,9	717,1	7,2	1
Stofnkostnaður og viðhald	4,2	4,2	0,0	-
Samtals	**1.075,6**	**1.272,8**	**197,2**	**18**
Greitt úr ríkissjóði	1.026,5	1.048,4	21,9	2
Innheimt af ríkistekjum	49,1	224,4	175,3	357
Samtals	**1.075,6**	**1.272,8**	**197,2**	**18**

Heildargjöld ráðuneytisins eru áætluð 1.300 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 28 m.kr. Gjöld umfram tekjur nema 1.273 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.048 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 224 m.kr. með innheimtu af ríkistekjum.



Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 552 m.kr. og hækka um 190 m.kr. frá fjárlögum 1998, aðallega vegna tilkomu nýrrar stofnunar, Fjármálaeftirlitsins, sem eykur útgjöld um 175 m.kr. en þar koma jafnháar tekjur á móti. Tilfærslur, viðhald og stofnkostnaður breytast lítið.

Ráðuneytið

Til þessa málefnaflokks teljast 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld umfram sértekjur nema 105,2 m.kr. og lækka um 0,6 m.kr. Felld er niður 6 m.kr. fjárveiting til að kosta starf ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í EES-málum og útgjöld aðalskrifstofu aukast um 2 m.kr. vegna aukinnar vinnu við ýmis mál tengd þróun fjármagnsmarkaðarins. Aðrar breytingar eru hækkanir launa og verðlags.

Viðskiptamál

Fjárlagaliðirnir 302 Löggildingarstofa; 402 Fjármálaeftirlitið; 902 Samkeppnisstofnun og 999 Ýmis viðskiptamál tilheyra þessum málefnaflokki. Liður 401 Vátryggingaeftirlitið fellur niður þar sem áformað er að sameina það Fjármálaeftirlitinu. Heildargjöld að frádregnum sértekjum nema 479,6 m.kr. og hækka um 191 m.kr., aðallega vegna tilkomu Fjármálaeftirlitsins.

*402 **Fjármálaeftirlitið.*** Á síðastliðnu þingi voru samþykkt lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Með þeim lögum sameinast Vátryggingaeftirlitið og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands í eina stofnun frá 1. janúar 1999. Henni er ætlað að hafa eftirlit með innlánsstofnunum, vátryggingaaðilum, lífeyrissjóðum og öðrum aðilum á fjármálamarkaði. Til þessa hefur Vátryggingaeftirlitið verið kostað af gjöldum á eftirlitsskylda aðila en kostnaður við bankaeftirlitið verið greiddur af Seðlabanka Íslands. Samkvæmt nýsamþykktum lögum verður Fjármálaeftirlitið kostað af gjöldum sem lögð verða á eftirlitsskyldar stofnanir. Gagnvart aðilum sem áður heyrðu undir Vátryggingaeftirlitið veldur sameiningin nær engri kostnaðarbreytingu en þeir aðilar sem áður heyrðu undir bankaeftirlitið verða nú gjaldskyldir fyrir þá eftirlitsþjónustu sem Fjármálaeftirlitið veitir. Seðlabankinn losnar undan þeirri skyldu að greiða kostnað við bankaeftirlitið. Heildargjöld hins nýja Fjármálaeftirlits eru áætluð 224,4 m.kr. en á móti falla niður 49 m.kr. gjöld Vátryggingaeftirlitsins.

*902 **Samkeppnisstofnun.*** Útgjöld stofnunarinnar nema 95,9 m.kr. og hækka um 7 m.kr. Af þeirri hækkun eru 4,1 m.kr. ný fjárveiting vegna aukinnar starfsemi stofnunarinnar.

Flutningsjöfnun

Þessi málefnaflokkur nær til tveggja sjóða, 811 Flutningsjöfnunarsjóðs olíu og 821 Flutningsjöfnunarsjóðs sements. Eins og nöfn sjóðanna benda til, er tilgangur þeirra að jafna vöruverð með jöfnun flutningskostnaðar þannig að verðið geti verið hið sama hvar sem er á landinu. Gjöld sem lögð eru á olíuvörur og sement í þessu skyni eru talin til ríkistekna og endurdreifing þeirra til gjalda á móti. Lögin um flutningsjöfnun olíu eru nr. 103/1994 og um sement nr. 62/1973. Heildarútgjöld Flutningsjöfnunarsjóðs olíu eru áætluð 550 m.kr. og hækka um 9 m.kr. og Flutningsjöfnunarsjóðs sements 138 m.kr., en þau lækka um 2,6 m.kr.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld og fjármögnun Hagstofu Íslands breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	231,1	258,9	27,8	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3,8	3,8	0,0	0
Stofnkostnaður og viðhald	7,6	24,6	17,0	224
Samtals	**242,5**	**287,3**	**44,8**	**18**
Greitt úr ríkissjóði	194,5	207,3	12,8	7
Innheimt af ríkistekjum	48,0	80,0	32,0	67
Samtals	**242,5**	**287,3**	**44,8**	**18**

Heildargjöld Hagstofu Íslands nema 302,6 m.kr. Frá dragast 15,3 m.kr. sértekjur og gjöld að þeim frádregnum nema því 287,3 m.kr. Þar af greiðast 207,3 m.kr. úr ríkissjóði en 80 m.kr. eru kostaðar af ríkistekjum. Hækkun framlags úr ríkissjóði, 12,8 m.kr., stafar annars vegar af launa- og verðlagsbreytingum og hins vegar af 5 m.kr. fjárveitingu til að hefja undirbúning að gerð manntals árið 2001. Ríkistekjur í fjárlögum eru nú endurskoðaðar til samræmis við raunverulega innheimtu og hækka því um 32 m.kr. í 80 m.kr. Er hér aðallega um að ræða tekjur af beinlínuaðgangi að gagnagrunnum Hagstofunnar, þjóðskrá, hlutafélagaskrá og fyrirtækjaskrá. Kemur sú hækkun til gjalda á móti með jafnhárri fjárhæð. Nokkur millifærsla milli viðfangsefna er nú gerð, án þess að það hafi áhrif á fjárveitingu úr ríkissjóði. Viðfangsefnið *1.02 Sérstakar kannanir* er fellt niður, en á því var 11 m.kr. fjárveiting í fjárlögum 1998. Útgjöld til *6.01 Tækja og búnaðar* hækka um 17 m.kr. en þar er eingöngu um tilfærslu milli viðfangsefna að ræða.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrargjöld	1.086,0	1.190,1	104,1	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	683,8	739,9	56,1	8
Stofnkostnaður og viðhald	700,0	749,5	49,5	7
Samtals	**2.469,8**	**2.679,5**	**209,7**	**8**
Greitt úr ríkissjóði	2.412,4	2.672,0	259,6	11
Innheimt af ríkistekjum	7,4	7,5	0,1	1
Viðskiptahreyfingar	50,0	-	-50,0	-
Samtals	**2.469,8**	**2.679,5**	**209,7**	**8**

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 1999 eru áætluð um 2.968 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 288 m.kr. en þær nema tæpum 8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.680 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.672 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 8 m.kr. eru innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.190 m.kr. og hækka um 104 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Stærstu breytingarnar eru um 25 m.kr. hækkun til Landmælinga Íslands sem að mestu er tilkomin vegna flutnings stofnunarinnar til Akraness. Útgjöld aðalskrifstofu hækka um 16,5 m.kr., m.a. vegna nýrra starfa og stærra húsnæðis. Kostnaður vegna ýmissa verkefna hækkar um 18 m.kr. og þar af eru 10 m.kr. ætlaðar til nýrrar skrifstofu á vegum Norðurskautsráðsins. Aðrar breytingar eru smærri. Launa- og verðlagsbætur nema rúmlega 34 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur verða 740 m.kr. samanborið við 684 m.kr. í fjárlögum 1998. Þyngst vegur aukið framlag til Endurvinnslunnar hf. sem nemur 50 m.kr. en einnig hækkar framlag til Skipulagsstofnunar um 10 m.kr. Á móti lækka gjöld vegna ýmissa verkefna um tæpar 7 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 750 m.kr. og er það um 50 m.kr. hækkun milli ára. Hækkun má fyrst og fremst rekja til aukins framlags til sveitarfélaga vegna fráveituframkvæmda auk annarra smærri breytinga.



Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Aðalskrifstofa. Rekstrargjöld aðalskrifstofu eru áætluð 132,5 m.kr. og er það 20,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkun umfram launa- og verðlagsbætur má rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi fellur til 4,5 m.kr. kostnaður vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar en markmiðið með honum er að takmarka eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ráðast þarf í gerð reiknilíkans sem notað verður til að meta áhrif samningsins á efnahagsþróun og langtímahagsmuni Íslands. Heildarkostnaður er áætlaður 9 m. kr. og í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir þetta ár er lögð til sambærileg hækkun. Í öðru lagi eru veittar 8,2 m.kr. til nýrra starfa hjá aðalskrifstofu, annars vegar starf sem snýr að fjármálaumsýslu og hagrænum stjórntækjum og hins vegar starf ritara. Í þriðja lagi hefur verið gerður leigusamningur um viðbótarhúsnæði fyrir ráðuneytið og er árlegur kostnaður vegna þess áætlaður 3,8 m.kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga er gerð tillaga um 7 m.kr. viðbótarframlag í þessu skyni. Framlag til tækja og búnaðar er óbreytt.

190 Ýmis verkefni. Útgjöld þessa fjárlagaliðar verða 109,8 m.kr. og skiptast á viðfangsefni eins og sýnt er í töflu á næstu síðu. Viðfangsefnið *1.23 Ýmis umhverfisverkefni* hækkar um 13,3 m.kr. og stafar breytingin af nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi eru veittar 10 m.kr. til stofnunar skrifstofu hér á landi á vegum Norðurskautsráðsins til að sinna verkefnum um varnir gegn mengun hafsins, svokölluð PAME skrifstofa (Protection of the Arctic Marine Environment). Heildarkostnaður er áætlaður um 10 m.kr. á ári og greiðir ís-

lenska ríkið helming þess kostnaðar. Á stofnári skrifstofunnar falla að auki til um 5 m.kr. vegna undirbúnings- og stofnkostnaðar. Í öðru lagi eru 3 m.kr. ætlaðar til að mæta kostnaði við samvinnuverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um umhverfismál. Í þriðja lagi er 3 m.kr. framlag ætlað til að kanna möguleika á nýtingu pappírsúrgangs hér á landi en gert er ráð fyrir að aðrir aðilar leggi til fé á móti framlagi ríkisins. Í fjórða lagi er 0,5 m.kr. framlagi varið til að aðlaga íslenska staðla að alþjóðlegum byggingarstöðlum. Þá fellur niður 3,6 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna aðalfundar framkvæmdanefndar Óslóar-Parísarsamningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins gegn mengun, sem haldin var á Íslandi á fyrri hluta þessa árs. Viðfangsefnið *1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum* lækkar um 3,8 m.kr. en framlagið var hækkað tímabundið við afgreiðslu fjárlaga 1998 á Alþingi. Framlag til *1.40 Alþjóðastofnanir* hækkar um 1,5 m.kr. og er ætlað til greiðslu aðildargjalda vegna nokkurra nýlega staðfestra alþjóðasamninga.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting m.kr.
Ýmis umhverfisverkefni	15,6	28,9	13,3
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	10,3	6,5	-3,8
Umhverfisvöktun	28,0	28,0	0,0
Alþjóðastofnanir	10,2	11,7	1,5
Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,5	12,8	0,3
Rannsóknastöð að Kvískerjum	5,0	5,0	0,0
Vernd Breiðafjarðar	1,5	1,5	0,0
Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2,6	2,6	0,0
Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	3,0	3,0	0,0
Náttúruverndarráð	4,0	4,0	0,0
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	5,7	5,8	0,1
Samtals	**98,4**	**109,8**	**11,4**

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Til þessa fjárlagaliðar eru veittar 4 m.kr. Framlagið er ætlað til tilraunaverkefnis á Suðurlandi, í nágrenni Selfoss, þar sem tengja á saman landupplýsingar, skráningu fasteigna, íbúaskrá o.fl. Markmiðið með verkefninu er að sýna fram á gagnsemi landfræðilegra upplýsinga til hinna ýmsu þarfa í samfélaginu. Verkefninu er jafnframt ætlað að sýna fram á hagræði sameiginlegs gagnagrunns vegna landskrár fasteigna og landfræðilegs upplýsingakerfis og verður það undir stjórn stýrihóps Landskrár fasteigna.

Umhverfisvernd

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 205 Náttúruvernd ríkisins; 210 Veiðistjóri; 213 Hreindýraráð; 221 Hollustu-

vernd ríkisins; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 285 Spilliefnasjóður og 289 Endurvinnslan hf., skilagjald.

Rekstrargjöld stofnana eru 258 m.kr. og eru óbreytt að raungildi að frátalinni Hollustuvernd ríkisins. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 53 m.kr. og er skýringin tvíþætt. Annars vegar er áætlað að tekjur af skilagjaldi á einnota umbúðir hækki um 50 m.kr. á næsta ári og hækka útgjöld Endurvinnslunnar hf. samsvarandi. Hins vegar hækka útgjöld Spilliefnasjóðs um 3 m.kr. til samræmis við áætlaða hækkun spilliefnagjalds.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 215,5 m.kr. og hækkar um 52,5 m.kr. milli ára. Framlag til að styrkja fráveituframkvæmdir sveitarfélaga hækkar um 50 m.kr. og verður 200 m.kr. á næsta ári. Framkvæmdir þessar hafa verið að aukast undanfarin ár en samkvæmt lögum getur stuðningur ríkissjóðs numið allt að 200 m.kr. á ári.

*221 **Hollustuvernd ríkisins.*** Útgjöld verða 165,5 m.kr. á næsta ári. Hækkun um 5 m.kr. að raungildi er vegna nýrra starfa hjá stofnuninni. Annars vegar er um að ræða starf lögfræðings vegna aðlögunar EES-reglugerða að íslensku umhverfi og hins vegar hlutastarf vegna aukinna verkefna í tengslum við varnir gegn mengun hafsins. Á móti fellur niður tímabundin 10 m.kr. fjárveiting til að standa undir kostnaði við staðfestingu Íslands á loftgæðatilskipun ESB. Framlag til tækja og búnaðarkaupa hækkar um 2,5 m.kr. og verður 7,5 m.kr. Stofnunin starfar samkvæmt nýjum lögum sem tóku gildi um mitt þetta ár. Unnið er að endurskipulagi stofnunarinnar í framhaldi af þeirri lagasetningu.

Skipulagsmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 301 Skipulagsstofnun; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargjöld verða 285 m.kr. á næsta ári og má rekja hækkun um rúmar 40 m.kr. að mestu til Landmælinga Íslands og Brunamálastofnunar ríkisins. Launa- og verðlagsbætur nema 7,6 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 10 m.kr. vegna Skipulagsstofnunar en samkvæmt nýjum skipulags- og byggingarlögum sem tóku gildi 1. janúar sl. skal gert aðalskipulag fyrir sveitarfélag í heild sinni en ekki aðeins fyrir þéttbýli. Gert er ráð fyrir auknum kostnaði við gerð aðalskipulags af þessum sökum. Lögin kveða á um að Skipulagsstofnun greiði allt að helmingi kostnaðar við gerð aðalskipulags og við gerð svæðisskipulags. Áætluð hækkun skipulagsgjalds er samsvarandi, eða 10 m.kr., og eru heildartekjur af gjaldinu áætlaðar 105 m.kr. á næsta ári.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 511,5 m.kr. og lækkar um 12 m.kr. milli ára.

*310 **Landmælingar Íslands.*** Heildargjöld verða 117,3 m.kr. Þar af eru rekstrargjöld 109,3 m.kr. og 28,8 m.kr. hækkun milli ára er rakin til launa- og verðlagsbóta og flutnings

stofnunarinnar til Akraness um næstu áramót. Sá kostnaður er tímabundinn til eins og tveggja ára. Gert er ráð fyrir um 11,5 m.kr. hækkun til tveggja ára, m.a. til að greiða fyrir ferðir starfsmanna sem búa á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt sérstökum samningi þar um. Á næsta ári er tímabundin fjárveiting 15 m.kr. vegna kostnaðar við frágang á núverandi húsnæði í Reykjavík og til kaupa á búnaði í mötuneyti og á skrifstofu í nýju húsnæði. Niður fellur tímabundin 12 m.kr. fjárveiting til tækjakaupa vegna mælinga og úrvinnslu í tengslum við GPS-mælingaverkefni.

321 ***Brunamálastofnun ríkisins.*** Rekstrargjöld hækka um 10 m.kr. og verða 82 m.kr. á næsta ári. Hækkun er ætluð til sérstakrar úttektar á brunavörnum, m.a. í öllum skólum landsins og á sérhæfðum byggingum þar sem brunavarnir eru sérstaklega mikilvægar. Úttektin mun ná til sérhæfðs öryggisbúnaðar bygginga, reyklosunar og neyðarlýsingu. Að auki verður endurnýjaður hluti af eftirlitsbúnaði stofnunarinnar. Brunavarnagjald hækkar um 10 m.kr. milli ára og er áætlað 100 m.kr. á næsta ári. Af þeirri fjárhæð fara 89 m.kr. til Brunamálastofnunarinnar en 11 m.kr. renna í ríkissjóð.

Rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

Rekstrarútgjöld málefnaflokksins verða 468,9 m.kr. á næsta ári og hækka um 22,1 m.kr. Þar af er launa- og verðlagshækkun 14,3 m.kr. Rekstrargjöld allra fjárlagaliða málefnaflokksins hækka umfram verðlag nema Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 17 m.kr. á næsta ári og rennur 5 m.kr. hækkun milli ára til Veðurstofu Íslands.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

401 ***Náttúrufræðistofnun Íslands.*** Heildargjöld verða 110,5 m.kr. og hækka um 11,7 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkun kemur öll fram í rekstri og þar af eru verðlagsbætur 3,7 m.kr. Viðfangsefnið *1.02 Setur í Reykjavík* hækkar um 4 m.kr. Í fyrsta lagi eru ætlaðar 2,5 m.kr. til átaks við gerð og útgáfu jarðfræðikorta. Í öðru lagi er fyrirhugað að skrá gjallgíga á Íslandi með skipulögðum hætti og eru veittar 2 m.kr. til verkefnisins. Í þriðja lagi eru ætlaðar 2 m.kr. til að greiða hugbúnaðarleyfi fyrir landupplýsingakerfi og er þetta lokagreiðsla af samtals 5,2 m.kr. kostnaði. Á móti framangreindum hækkunum lækkar framlag um 2,5 m.kr. Útgjöld viðfangsefnisins *1.03 Setur á Akureyri* hækka um 4,8 m.kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 m.kr. vegna nýs húsaleigusamnings stofnunarinnar á Akureyri sem leiddi til hækkunar húsaleigu. Þá er 3,1 m.kr. hækkun vegna nýs starfs dýrafræðings en enginn slíkur starfar nú við setrið.

403 Náttúrustofur. Umhverfisráðherra er heimilt að styrkja starfrækslu einnar náttúrustofu í hverju kjördæmi. Framlag ríkissjóðs takmarkast við laun forstöðumanns og stofnkostnað eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt stofnkostnaðarframlag frá heimaaðilum. Árlegt framlag til sérhverrar stofu er 4,9 m.kr. Heildarfjárveiting að fjárhæð 25,5 m.kr. er ætluð til fimm náttúrustofa; á Neskaupstað, í Vestmannaeyjum, á Bolungarvík, í Stykkishólmi og á Sauðárkróki. Hækkun frá fjárlögum um 3,2 m.kr. stafar af síðastnefndu stofunni, en í fjárlögum þessa árs var áætlað fyrir hálfs árs rekstri. Að auki er ætluð 1 m.kr. til undirbúnings við nýja náttúrustofu í Reykjaneskjördæmi. Á móti fellur niður 1 m.kr. tímabundin fjárveiting til Náttúrustofu Bolungarvíkur sem ætluð var til rannsókna á lífríki Hornstranda.

410 Veðurstofa Íslands. Rekstrargjöld almennrar starfsemi Veðurstofu Íslands verða 319 m.kr. á næsta ári og eru óbreytt að raungildi. Framlag til viðfangsefnisins *1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug* lækkar um 2,9 m.kr. og er þar um leiðréttingu að ræða. Framlag til tækja og búnaðar hækkar um 5 m.kr. til kaupa á sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Gjaldfærðir vextir af lánum ríkissjóðs eru áætlaðir 15,3 milljarðar króna á árinu 1999 en greiddir vextir 11,4 milljarðar króna. Af gjaldfærðum vöxtum næsta árs eru 5,6 milljarðar króna vegna spariskírteina og 1,4 milljarðar króna vegna ríkisbréfa. Mismunur á gjaldfærðum og greiddum vöxtum, 3,9 milljarðar króna, kemur að mestu fram í því að afföll ríkisbréfa og áfallnir vextir spariskírteina eru greiddir í einu lagi við innlausn. Í áætluninni hefur verið tekið tillit til þess að fyrirhugað er að leggja niður Framkvæmdasjóð Íslands í árslok 1998 og að ríkissjóður yfirtaki eignir hans og skuldir. Eftir þá breytingu þarf ríkissjóður að greiða vaxtagjöld af skuldum sjóðsins en reiknað er með því að áfallnir vextir þeirra lána, sem færast undir liðinn önnur innlend lán, nemi um 230 m.kr. á næsta ári og greiddir vextir um 140 m.kr. Vaxtatekjur af lánum sem veitt hafa verið úr sjóðnum teljast aftur á móti með vaxtatekjum á tekjuhlið frumvapsins.

Í áætlun um vaxtagreiðslur á árinu 1999 er gert ráð fyrir því að vaxtastig verði svipað og á árinu 1998. Einnig er reiknað með því að höfuðstóll langra erlendra lána lækki þar sem afborganir erlendra lána verði fjármagnaðar með sölu eigna og rekstrarafgangi ríkissjóðs. Vegna lækkandi erlendrar skulda mun vaxtakostnaður af erlendum lánum lækka um tæplega 1,7 milljarða króna á árinu 1999 miðað við fjárlög ársins 1998. Vextir af innlendum skuldum ríkissjóðs munu á hinn bóginn aukast um 750 m.kr. Gjaldfærður fjármagnskostnaður ríkisins verður þannig um 900 m.kr. lægri 1999 en í fjárlögum yfirstandandi árs.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Frumvarp 1999 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Spariskírteini	5.400	5.600	200	4
Önnur innlend lán	1.400	2.150	750	54
Skammtímalán	1.300	1.100	-200	-15
Erlend lán	7.200	5.850	-1.350	-19
Erlend veltilán	900	600	-300	-33
Samtals	**16.200**	**15.300**	**-900**	**-6**

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári, óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Sama er að segja um afskriftir. Til fjármunatekna og fjármagnsgjalda teljast meðal annars gjöld og tekjur vegna verðbreytingafærslu samkvæmt tekjuskattslögum. Séu óverðtryggðar eignir meiri en óverðtryggðar skuldir, hækka gjöldin og öfugt. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess. Frá hagnaði eða tapi eru dregnar fjárhæðir sem ekki koma til greiðslu eða verða innheimtar á árinu. Hér er meðal annars um að ræða afskriftir, verðbreytingafærslu, reiknaða vexti, gengismun og nettó breytingar á lífeyrisskuldbindingum.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta á árinu 1999 eru áætlaðar 23,9 milljarðar króna samanborið við 22,6 milljarða króna á þessu ári, sem er hækkun um 1,3 milljarða króna. Rekstrargjöld eru áætluð 22,6 milljarðar króna sem er hækkun um 1,8 milljarð. Reiknað er með að samanlagður hagnaður ársins 1999 nemi 3,5 milljörðum króna sem er um 450 m.kr. minna en áætlað var 1998. Skýringar á verri afkomu má að nokkru leyti rekja til aukins launakostnaðar flestra fyrirtækjanna og hærri lífeyrisskuldbindinga. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skilar mestum hagnaði, 2,8 milljörðum króna sem er aðeins lægri fjárhæð en er í fjárlögum 1998. Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli er með óbreyttan hagnað milli ára eða 470 m.kr. og Happdrætti Háskóla Íslands með 313 m.kr. Greiðslur í ríkissjóð eru áætlaðar um 3,7 milljarðar króna árið 1999 samanborið við 4,2 milljarða króna á þessu ári. Fjárfesting er áætluð 2,1 milljarðar króna sem er 8% aukning frá 1998. Þar af eru um 750 m.kr. á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, 630 m.kr. hjá Ríkisútvarpinu og 610 m.kr. á vegum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Lántökur eru áætlaðar 975 m.kr.

Hér á eftir er fjallað nánar um rekstur og fjárreiður þeirra fyrirtækja í B-hluta sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

22 Menntamálaráðuneyti

201 ***Happdrætti Háskóla Íslands.*** Rekstrartekjur happdrættisins eru áætlaðar 1.866 m.kr. og rekstrargjöld 1.495 m.kr. og lækka hvoru tveggja um 4% frá áætlun yfirstandandi árs. Hagnaður er áætlaður 313 m.kr. sem er nær óbreytt milli ára. Happdrættið hefur einkaleyfi til reksturs peningahappdrættis hér á landi til ársloka 2003 samkvæmt lögum nr. 13/1973. Leyfisgjaldið er 20% af nettóársarði og er áætlað 74 m.kr. sem er 4 m.kr. lækkun frá fjárlögum. Gjaldið er sýnt í fjárreiðum happdrættisins sem hluti af kostnaði við reksturinn áður en hagnaður er reiknaður, en var áður sýnt í yfirliti um sjóðstreymi. Hagnaði af rekstrinum er varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands, viðhalda þeim og greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsynlegt að eignast. Áætlað er að Happdrættið greiði 279 m.kr. til skólans auk þess að afhenda honum hluta af eign sinni í Nýja-Garði og Náttúrufræðihúsi. Happdrættið fjármagnaði kaup og framkvæmdir við húsin með lánum sem verða greidd til baka á nokkrum árum. Ákveðið er að afborganir og vextir af lánunum verði færð sem framlag til Háskólans á næstu árum og er það áætlað 21 m.kr. árið 1999.

971 ***Ríkisútvarpið.*** Rekstrargjöld eru áætluð tæpir 2,6 milljarðar króna sem er lítils háttar breyting milli ára. Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að hagræðingu og útgjöld lækki að raungildi á milli ára. Rekstrartekjur eru áætlaðar 903 m.kr. eins og á árinu 1998 en áætlað er að vaxtatekjur minnki um 30 m.kr. Talið er að innheimtar tekjur af afnotagjöldum verði 1.545 m.kr. sem er 15 m.kr. hækkun. Afnotagjaldið hefur verið óbreytt frá því í febrúar 1993. Áætlað er fyrir 50 m.kr. framlagi ríkisins vegna afborgana á láni sem tekið var vegna framkvæmda við langbylgjumastur að Gufuskálum og á Eiðum. Um er að ræða þriðju greiðslu af fjórum jafn háum. Áhrif þessa á fjárreiður Ríkisútvarpsins í fjárlögum hafa ekki verið sýnd áður. Ráðgert er að Ríkisútvarpið taki 400 m.kr. lán á árinu 1999 til að ljúka framkvæmdum og endurnýja nauðsynlegan tækjabúnað vegna flutnings sjónvarpsins í Efstaleiti 1. Á yfirstandandi ári var leitað 300 m.kr. láns til sama verkefnis. Það sem á kann að vanta verður greitt af Framkvæmdasjóði Ríkisútvarpsins.

973 ***Þjóðleikhúsið.*** Rekstrargjöld eru áætluð 512 m.kr. sem er óveruleg breyting frá fjárlögum. Áætlað er að leikhúsið afli 115 m.kr. tekna sem er 22 m.kr. minna en fjárlög gera ráð fyrir. Ársreikningar sýna að eigin tekjur hafa lækkað árlega frá því að vera 139 m.kr. árið 1994 niður í 111 m.kr. árið 1997. Gert er ráð fyrir að tekjusamdrætti verði mætt með breytingum á rekstri og minni umsvifum. Framlag ríkisins er áætlað 367 m.kr. og hækkar um 14 m.kr. til að mæta kostnaði við breyttar reglur um greiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem tóku gildi í ársbyrjun 1998.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 349 m.kr. samanborið við 329,4 m.kr. í fjárlögum. Auk launa- og verðlagsbreytinga skýrist hækkun af auknum greiðslum í Lífeyrissjóð ríkisins. Rekstrartekjur eru áætlaðar 37 m.kr. og hækka um 1 m.kr. Framlög rekstraraðila eru áætluð samtals 254 m.kr. og hækka um 17,6 m.kr. Áætlað er að framlög skiptist þannig að ríkissjóður greiði 133 m.kr., Reykjavíkurborg 44,6 m.kr., Menningarsjóður útvarpsstöðva 62 m.kr. og Seltjarnarnesbær 2,4 m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli. Verulegar breytingar hafa orðið á rekstri Fríhafnarinnar á árinu 1998. Fríhöfnin hefur hætt sölu á öllum vörum öðrum en áfengi, tóbaki, snyrtivörum, sælgæti, ljósmyndavörum og raftækjum. Einkareknar verslanir hafa haslað sér völl í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir að rekstri hennar var breytt. Rekstrartekjur Fríhafnarinnar eru áætlaðar 3,1 milljarður króna á árinu 1999, og er það um 200 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga í ár. Rekstrargjöld munu hækka nokkuð þrátt fyrir að söluaukning milli ára sé minni en undanfarin ár. Stafar það m.a. af því að húsaleiga Fríhafnarinnar hefur hækkað verulega eða úr 110 m.kr. í 250 m.kr. Þá hefur launakostnaður hækkað umfram almennar forsendur kjarasamninga, m.a. sökum þess að ákvæði um tiltekna lágmarkshvíld hafa tekið gildi, auk þess sem lífeyrisútgjöld hafa aukist.

Í desember 1997 gerðu ráðherrar utanríkismála og fjármála með sér samning um skil Fríhafnarinnar í ríkissjóð. Þar segir „að á árunum 1998 til og með 2001 renni allur rekstrarafgangur Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli í ríkissjóð. Í frumvarpi til fjárlaga 1998 er sú fjárhæð áætluð 640 m.kr. að meðtöldu áfengisgjaldi. Nái sú fjárhæð ekki 621 m.kr. mun FLE greiða ríkissjóð mismuninn, þó ekki hærri fjárhæð en 71 m.kr. Samsvarandi fjárhæð fyrir 1999 er 77 m.kr., fyrir árið 2000 83 m.kr. og fyrir árið 2001 88 m.kr.“ Í frumvarpi til fjárlaga 1999 er arðgreiðsla í ríkissjóð áætluð 410 m.kr. en áfengisgjald er talið nema 230 m.kr., þannig að rekstrarafgangur samkvæmt skilgreiningu ofangreinds samkomulags er áætlaður 640 m.kr.

114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Rekstur og fjárfestingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar munu taka miklum breytingum á árinu 1999. Einkavæðing á hluta af fríhafnarverslun stöðvarinnar hefur áhrif á rekstrartekjur auk þess sem lagt verður út í nýframkvæmdir við stækkun stöðvarinnar en þeim verður dreift yfir nokkur ár.

Flugstöðin er talin munu skila 30 m.kr. hagnaði af reglulegri starfsemi á árinu 1999. Því til viðbótar er áformað að framlag úr A-hluta nemi 133 m.kr. sem að hluta kemur frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli fyrir þá aðstöðu sem sköpuð er á flughlöðum, aðliggjandi þjónustusvæðum og vegum við stöðina og að hluta með framlagi til stöðvarinnar af flugmálaáætlun. Rekstrartekjur eru áætlaðar 780 m.kr. borið saman

við rúmar 700 m.kr. í fjárlögum 1998. Hækkunin stafar af því að einkareknar fríhafnarverslanir eru farnar að skila leigutekjum til stöðvarinnar, auk þess sem húsaleiga ríkisreknu Fríhafnarinnar hefur hækkað verulega. Þá er áætlað að farþegum sem greiða innritunargjald fjölgi úr 380 þúsundum 1997 í rúm 450 þúsund 1999, en gjaldið nemur 350 kr. á hvern farþega. Talið er að farþegum sem greiða farþegaskatt fjölgi úr 357 þúsundum 1997 í 412 þúsund 1999 og nemur tekjuviðbót stöðvarinnar um 35 m.kr. af þeim sökum. Rekstrargjöld eru áætluð 410 m.kr. og hækka um 80 m.kr. frá fjárlögum 1998. Hækkunin stafar að mestu af aukinni viðhaldsþörf, en stöðvarbyggingin er nú orðin það gömul að hún þarfnast verulegs viðhalds. Helstu viðhaldsliðir eru endurnýjun á gólfefnum, 23 m.kr., viðhald á landgöngubrúm, 10 m.kr. og viðhald þaks, 10 m.kr.

Í ágúst 1998 samþykkti ríkisstjórnin að verja skyldi 1,9 milljarði króna til 1. áfanga stækkunar á stöðinni. Fjárhæðin skiptist þannig að 230 m.kr. falla til á árunum 1997-98, framkvæmt verði fyrir 550 m.kr. 1999, 700 m.kr. árið 2000 og loks fyrir 420 m.kr. árið 2001. Þessi stækkun er nauðsynleg þar sem við hönnun núverandi stöðvarbyggingar var gert ráð fyrir að stöðin gæti annað allt að einni milljón farþega á ári og afgreitt mest átta flugvélar samtímis. Fjöldi farþega er þegar kominn í 1,1 milljón. Eftir að 1. áfanga lýkur er gert ráð fyrir að stöðin anni 1,5 milljónum farþega og 14 flugvélastæði verði við landgang. Á árinu 1998 er gert ráð fyrir að farið verði í jarðvinnu til að undirbúa bygginguna og til þess verði kostað um 200 m.kr. Haustið 1999 hefjast framkvæmdir við byggingu við enda núverandi landgangs.

Leitað er heimildar til að taka 525 m.kr. að láni til framkvæmdanna á árinu 1999. Í fjárlögum 1998 er 475 m.kr. lántökuheimild en ekki er búist við að hún verði nýtt á árinu. Rétt þykir að endurnýja heimildina í frumvarpi til fjárlaga 1999. Áætlað er að verja rúmum 230 m.kr. til afborgana af eldri lánum á árinu. Þar af renna 11,3 m.kr. til afborgunar af erlendu láni í jenum en afgangurinn, um 220 m.kr.mun renna til Endurlána ríkissjóðs til afborgana af eldri lánum.

118 ***Ratsjárstofnun.*** Ratsjárstofnun sér um rekstur og viðhald á fjórum ratsjárstöðvum, á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Miðnesheiði og Stokksnesi. Þá starfrækir Ratsjárstofnun hugbúnaðarmiðstöð á Keflavíkurflugvelli, þar sem rekstur og viðhald á hugbúnaði hins íslenska loftvarnakerfis fer fram. Innkaup og birgðahald eru þar einnig. Lokið var við uppsetningu og prófanir á fyrrnefndum hugbúnaði í ársbyrjun 1998. Tillögur þessar gera ráð fyrir að starfsemi stofnunarinnar verði með álíka hætti á árinu 1999 og í ár. Starfsmenn eru samtals um 70. Áætlað er að heildarútgjöld Ratsjárstofnunar á árinu 1999 verði 745 m.kr. Samkvæmt samningi milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda greiða Bandaríkjamenn allan kostnað við rekstur Ratsjárstofnunar.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Rekstrartekjur fyrirtækisins eru áætlaðar 10.140 m.kr. á næsta ári en það er um 410 m.kr. aukning frá áætlun fjárlaga fyrir árið 1998. Söluáætlun byggir á gildandi verðskrá og vörusamsetningu í sölu undanfarna tólf mánuði. Einnig hefur verið tekið tillit til breytinga á áfengisgjaldi og álagningu fyrirtækisins á áfengi sem gerðar voru 1. júlí 1998. Miðað við þessar forsendur er áætlað að sala á bjór aukist um 5% frá viðmiðunartímabilinu en sala á tóbaki er hins vegar talin dragast saman um 5%.

Rekstrargjöld ársins 1999 eru áætluð 7.543 m.kr. og hækka um 630 m.kr. frá yfirstandandi ári. Að hluta skýrist það af aukinni vörunotkun en einnig kemur til aukinn launakostnaður vegna nýs launakerfis starfsmanna, hækkun á lífeyrisskuldbindingum og lengri afgreiðslutími útsölustaða. Gert er ráð fyrir að breytt launakerfi, þar sem yfirvinna og aukagreiðslur færast inn í dagvinnulaun, leiði til talsverðrar hækkunar á eftirlaunaskuldbindingum, eða sem nemur 120 m.kr. Þá er fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum áætluð 25 m.kr., en auk reglubundinnar endurnýjunar á búnaði er fyrirhugað að endurnýja símakerfi bæði í höfuðstöðvum og í verslunum.

Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði 2.826 m.kr. til ríkissjóðs á árinu 1999, sem er um 80 m.kr. lægri fjárhæð en samkvæmt gildandi fjárlögum. Þar af eru 2.565 m.kr. skil á tóbaksgjaldi en afgangurinn, 261 m.kr., er hlutdeild ríkissjóðs í hagnaði af versluninni.

30 Samgönguráðuneyti

471 Alþjóðaflugþjónustan. Ísland er aðili að samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, um þjónustu við alþjóðaflugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Í samningnum felst að 95% af kostnaði Flugmálastjórnar, Landssíma Íslands hf. og Veðurstofu Íslands við rekstur alþjóðaflugþjónustunnar er greiddur af flugrekendum í formi yfirflugsgjalda og tekur til þeirra flugvéla er fljúga yfir flugstjórnarsvæði Íslands. Yfirflugsgjöld eru ákvörðuð árlega og taka mið af raunkostnaði við rekstur alþjóðaflugþjónustunnar og fjölda yfirfluga á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður 1.220 m.kr. á næsta ári. Tekjur af yfirflugsgjöldum eru áætlaðar 1.159 m.kr. en 61 m.kr. er framlag íslenska ríkisins og kemur sem tilfærsla úr A-hluta. Tekjur og gjöld hækka verulega milli ára, eða um tæpar 370 m.kr., og er hækkun gjalda milli ára að mestu tilkomin vegna fjárfestinga sem er lokið og verða afskrifaðar á næstu 10 árum en einnig er hækkunin til samræmis við útgjöld síðasta árs. Alþjóðaflugþjónustan áformar að fjárfesta fyrir um 30 m.kr. á árinu, aðallega í hugbúnaði og tækjum. Auk þess er gert ráð fyrir að afborganir af lánum verði um 90 m.kr. Þetta mun fjármagnað þannig að tekið verður 50 m.kr. lán og 70 m.kr. koma frá rekstri.

31 Iðnaðarráðuneyti

*321 **Rafmagnsveitur ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur og rekstrargjöld verði um 4,8 milljarðar króna og að 170 m.kr. halli verði á reglulegri starfsemi. Hækkun gjalda umfram tekjur stafar fyrst og fremst af því að Rafmagnsveiturnar telja sig þurfa að kaupa meiri forgangsorku af Landsvirkjun í stað afgangsorku áður. Þrátt fyrir rekstrartap er áætlað að handbært fé frá rekstri nemi rúmum 1 milljarði króna, en þar er aðallega um afskriftir fastafjármuna að ræða.

Samkvæmt samningi milli fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995, skulu Rafmagnsveiturnar greiða arð í ríkissjóð sem nemur 2% af bókfærðu eigin fé við næstliðin áramót. Samkvæmt þessu ákvæði mundi arðgreiðsla til ríkissjóðs nema 214 m.kr. Í desember 1995 var hins vegar ákveðið að lækka árlega arðkröfu um 20 m.kr. á árunum 1997 til 2001 til að aðstoða Rafmagnsveiturnar við að mæta tjóni á raforkukerfi fyrirtækisins. Arðgreiðsla til ríkissjóðs nemur því 194 m.kr. Samkvæmt samningnum greiðir ríkissjóður 150 m.kr. (70% af 214 m.kr.) til baka af arðgreiðslu ársins 1999. Þar af verður 139 m.kr. ráðstafað til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 11 m.kr. til rannsóknar- og þróunarverkefna.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin. Sá munur er þó meðal annars á áætlunum B- og C-hluta að reiknuð gjöld vegna verðbreytinga samkvæmt skattalögum eru sýnd sérstaklega hjá lánastofnunum í C-hluta.

Heildarfjármunatekjur lánastofnana í C-hluta eru áætlaðar 21,2 milljarðar króna árið 1999 samanborið við 16,6 milljarða króna í ár, sem er 4,6 milljarða króna hækkun. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð 23 milljarðar króna sem er 5,2 milljarða króna hækkun. Hefur þá verið leiðrétt fyrir innbyrðis viðskiptum húsnæðislánasjóða á árinu 1998 sem áætluð eru 2,6 milljarðar króna. Helsta skýring hækkunar á fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum milli ára er 2,1 milljarðs króna leiðréttíng á vanmati í áætlun Húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins fyrir árið 1998. Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga nema 1,2 milljörðum og framlög í afskriftarsjóð útlána nema tæpum 800 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru því neikvæðar um 3,8 milljarða króna og er 800 m.kr. verri útkoma en áætlað er vegna yfirstandandi árs. Helsta skýringin er minnkun fjármunatekna byggingarsjóðanna tveggja um 900 m.kr. milli ára.

Rekstrartap lánastofnana í C-hluta er áætlað um 3 milljarðar króna og eykst um 900 m.kr. milli ára. Rekstrargjöld eru áætluð 3 milljarðar króna sem er 200 m.kr. hækkun. Af rekstrargjöldum fara 1,1 milljarðar króna til byggingar hafrannsóknaskips sem er 300 m.kr. hækkun. Framlag ríkisins til lánastofnana nemur um 3,2 milljörðum króna og lækkar um 100 m.kr. Hæst ber 1,8 milljarða króna framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 740 m.kr. framlag til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Að teknu tilliti til rekstrarliða sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi og breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri muni nema 4,5 milljörðum króna. Veitt löng lán eru áætluð 31,8 milljarðar króna sem eru 14,8 milljarðar króna umfram afborganir af veittum lánum. Tekin löng lán eru talin nema um 36,9 milljörðum króna og aukast um 9,4 milljarða króna umfram afborganir af teknum lánum. Samkvæmt þessu er áætlað að handbært fé lánastofnana minnki um 1,5 milljarð króna milli ára.

Hér á eftir er fjallað nánar um fjárreiður þeirra lánastofnana í C-hluta sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

41 Forsætisráðuneyti

*221 **Byggðastofnun.*** Gert er ráð fyrir að starfsemi Byggðastofnunar verði með nokkuð öðru sniði á árinu 1999 en verið hefur. Í árslok 1998 verður búið að endurskipuleggja rekstur Byggðastofnunar þannig að stofnunin verður starfrækt á þremur stöðum, þ.e. Reykjavík, Sauðárkróki og Akureyri. Þróunarsvið stofnunarinnar verður þá að fullu tekið til starfa á Sauðárkróki með sex starfsmönnum. Áhersla verður lögð á að það svið fylgist vel með starfi atvinnuþróunarfélaga víðs vegar um land og styðji við þau. Þá er ætlunin að sviðið sjái um rannsóknir á sviði byggðamála, ekki hvað síst í málefnum jaðarbyggða og smærri sjávarútvegsþorpa sem hafa átt í vök að verjast á síðustu árum. Á árinu koma til framkvæmda samningar við atvinnuþróunarfélögin um aukin verkefni fyrir Byggðastofnun á ýmsum sviðum, m.a. verkefni sem svæðisskrifstofurnar unnu áður. Gert er ráð fyrir að stofnunin veiti atvinnuþróunarfélögunum allt að 80 m.kr. framlag á árinu 1999. Þá getur komið til þess að félögin vinni að verkefnum fyrir Byggðastofnun sem greitt verður sérstaklega fyrir. Ekki er gert ráð fyrir miklum styrkveitingum á árinu 1999, enda renna verulegir fjármunir til atvinnuþróunarfélaga frá stofnuninni, bæði vegna verkefna og kaupa á fjarfundabúnaði.

Á þessu ári er endanlega skilið á milli lánastarfsemi Byggðastofnunar og kostnaðar vegna þróunarstarfs, styrkveitinga og hlutafjárframlaga. Bókhaldi lánastarfseminnar er nú haldið aðskildu og skal lánastarfsemin vera sjálfbær. Hreinar fjármagnstekjur hafa á undanförnum árum numið 170-230 m.kr. á ári. Þessar tekjur verða að nægja stofnuninni til að standa undir rekstrarkostnaði lánastarfseminnar og framlagi á afskriftareikning, auk þess sem gæta verður að því að viðhalda eigin fé stofnunarinnar.

Áformað er að stofnunin taki langtímalán að fjárhæð 1.100 m.kr. og veiti 1.300 m.kr. í nýjum lánum. Á afskriftareikningi eru rúmar 1.350 m.kr. Fjárhæð á reikningnum lækkaði nokkuð á árunum 1996 og 1997 en við milliuppgjör á árinu 1998 voru 170 m.kr. lagðar inn á reikninginn til að standa undir áhættu sem lánveitingar tímabilsins höfðu í för með sér.

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar er áætlaður 180 m.kr.

42 Menntamálaráðuneyti

*872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Framlag úr ríkissjóði er áætlað 1.810 m.kr. árið 1999 samanborið við 1.727 m.kr. í fjárlögum. Framlagið nemur 55% af áætluðum útlánum eins og í fjárlögum 1998. Að auki er gert ráð fyrir 58 m.kr. í vaxtastyrk, 19 m.kr. í ríkisábyrgðagjald sem ekki hefur verið áætlað fyrir áður og 6 m.kr. vegna málskotsnefndar og lögfræðiþjónustu. Forsenda 55% ríkisframlags er byggð á út-

reikningum Ríkisendurskoðunar og miðast við að halda eiginfjárstöðu sjóðsins í horfi. Útlán sjóðsins eru áætluð 3.140 m.kr. og hækka um 110 m.kr. Byggt er á þeirri forsendu að lánþegum fjölgi um 1% og að meðallán hækki í samræmi við verðlagsbreytingar á milli ára.

Áætlað er að fjármagnstekjur verði 1.070 m.kr. og aukist um 10 m.kr. milli ára en fjármagnsgjöld verði 2.100 m.kr. sem er 350 m.kr. hækkun. Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga eru áætluð 476 m.kr. sem er 64 m.kr. lækkun og framlög í afskriftarsjóð útlána lækka úr 300 m.kr. í 100 m.kr. milli ára. Innheimtar afborganir eru áætlaðar 1,8 milljarðar króna árið 1999 samanborið við 1.640 m.kr. á yfirstandandi ári, sem er 160 m.kr. aukning. Hækkunin stafar fyrst og fremst af fjölgun greiðenda en upphæð afborgana er tekjutengd og því háð töluverðri óvissu. Gert er ráð fyrir að taka 3,5 milljarða króna að láni samanborið við 3,2 milljarða króna í fjárlögum 1998. Afborganir lána eru áætlaðar 2,4 milljarðar króna sem er 235 m.kr. aukning milli ára. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 215 m.kr., þar af er vaxtastyrkur áætlaður 58 m.kr. Gert er ráð fyrir að áætlun sjóðsins verði að venju endurskoðuð fyrir afgreiðslu fjárlaga.

44 Landbúnaðarráðuneyti

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar skv. lögum nr. 89/1966, með síðari breytingum. Tekjur sjóðsins eru einkum tvenns konar, starfsfé sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni og tekjur af fóðurgjaldi skv. 33. gr. laga nr. 99/1993.

Sjóðurinn er samstarfsvettvangur stjórnvalda og bænda um mikilvægan hluta landbúnaðarstefnunnar hverju sinni. Hlutverk sjóðsins er að hvetja til atvinnuuppbyggingar í sveitum og stuðla að hagræðingu og nýsköpun í búvöruframleiðslu. Fjármagn hefur verið lagt til eflingar nýjum búgreinum gegn framlagi bænda, en sjóðurinn hefur að hámarki lagt til hverrar framkvæmdar 30% kostnaðar. Þá hefur Framleiðnisjóður í vaxandi mæli stutt við rannsóknir og þekkingaröflun í samvinnu við rannsóknastofnanir og Rannsóknarráð Íslands. Stuðningur við fræðslu og endurmenntun bænda hefur einnig verið ríkur þáttur í starfi sjóðsins. Ríkisframlag til Framleiðnisjóðs á árinu 1998 var minna en undangengin ár. Sjóðsstjórn hefur mætt því með enn skarpari forgangsröðun verkefna en áður á grundvelli þeirra laga sem um sjóðinn gilda og brýnustu þarfa landbúnaðarins um þessar mundir. Tekjur Framleiðnisjóðs lækka um 50 m.kr. milli gildandi fjárlaga og fjárlagafrumvarps 1999. Þessi mismunur er tilkominn vegna uppgjörs á kjarnfóðursjóði sem fram fór á árinu 1998.

823 Lánasjóður landbúnaðarins. Lánasjóður landbúnaðarins tók við starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins 1. janúar 1998 samkvæmt lögum nr. 68/1997. Landbúnaðarráð-

herra skipar sjóðstjórnina. Lánasjóðurinn fær aðallega tekur af búnaðargjaldi, en fyrir lagabreytinguna hafði Stofnlánadeildin mestar tekjur annars vegar af búnaðarmálasjóðsgjaldi og hins vegar af neytenda- og jöfnunargjaldi. Tekjustofnarnir skiluðu 360 m.kr. árið 1997, en áætlað er að búnaðargjald skili 147 m.kr. á árinu 1999 eins og á yfirstandandi ári. Til að vega á móti þessari lækkun hafa útlánsvextir verið hækkaðir. Vextir á almenn lán sjóðsins hækkuðu 1. apríl 1998 úr 2% í 3% og á vélalán úr 2% í 6,5%. Fjármunatekjur eru áætlaðar 700 m.kr. á árinu 1999 sem er 110 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og felst skýringin í tímasetningu vaxtahækkunarinnar.

45 Sjávarútvegsráðuneyti

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Með lögum nr. 152/1996, sem tóku gildi í ársbyrjun 1998, eru verkefni Þróunarsjóðs sjávarútvegsins takmörkuð við umsýslu eigna sjóðsins og fjármögnun nýs hafrannsóknaskips. Þau verkefni sem hér um ræðir eru fyrst og fremst vegna umsýslu atvinnutryggingadeildar og hlutafjárdeildar auk þess sem sjóðnum er heimilt að ráðstafa þeim smábátum sem keyptir höfðu verið í samræmi við upphafleg markmið. Alls keypti sjóðurinn 62 báta og hefur 23 bátum verið ráðstafað aftur með sölu til útlanda eða sem framlag í erlend þróunarverkefni. Verkefni atvinnutryggingadeildar eru fyrst og fremst innheimta útistandandi lána, afgreiðsla óska um veðflutning og breytt greiðslukjör. Verkefni vegna hlutafjárdeildar hefur verið sala á hlutabréfum sjóðsins og hafa þau öll verið seld að undanskildum bréfum í einu fyrirtæki sem varð að afskrifa.

Áformað var að sjóðurinn tæki 1.000 m.kr. lán á árinu 1998 til að fjármagna byggingu nýs hafrannsóknaskips. Áætlanir breyttust þannig að 250 m.kr. voru teknar að láni árið 1998 og því er leitað nýrrar 750 m.kr. lánsheimildar á árinu 1999. Nú þykir sýnt að skipið muni kosta 300 m.kr. meira en upphaflega var áætlað, og mun sjóðurinn greiða þann kostnaðarauka með framlagi til A-hluta fjárlaga á lið 05-208 Bygging hafrannsóknaskips. Framlag til sjóðsins úr A-hluta fjárlaga samanstendur af þeim tekjum sem sjóðnum er ætlað með lögum. Nema þær samtals 740 m.kr., en þar af eru 90 m.kr. þróunarsjóðsgjald á skip og 650 m.kr. á aflamark. Rekstrargjöld sjóðsins, samtals 1.090 m.kr., saman standa af 1.050 m.kr. framlagi til byggingar hafrannsóknaskips og 40 m.kr. öðrum rekstrargjöldum. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 2.100 m.kr. en afborganir af veittum lánum 500 m.kr. Handbært fé í ársbyrjun 1999 er áætlað um 1.420 m.kr. sem er 730 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1998. Þessi hækkun á handbæru fé er m.a. vegna betri afkomu sjóðsins á árinu 1997 en áætlað var, og horfur eru á því að afkoma ársins 1998 verði einnig betri en fjárlög gera ráð fyrir. Það sem einkum orsakar þetta er að tekjur sjóðsins af aflamarki hafa aukist meira og útlán atvinnutryggingardeildar hafa reynst tryggari en talið var.

47 Félagsmálaráðuneyti

Íbúðalánasjóður

Þann 1. janúar 1999 taka gildi lög nr. 44/1998, um húsnæðismál. Lögin fela í sér veigamiklar breytingar á húsnæðislánakerfinu. Húsnæðisstofnun ríkisins verður lögð niður og við hlutverki hennar tekur Íbúðalánasjóður. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verða sameinaðir og hætta lánveitingum. Þá verður Tryggingarsjóður byggingagalla lagður niður. Framlög sveitarfélaga í Tryggingarsjóðinn munu fara í Varasjóð sem er nýr sjóður í eigu og á ábyrgð sveitarfélaganna og er því ekki sýndur í fjárlögum ríkisins. Það sem þá er eftir af Tryggingarsjóði verður í vörslu Íbúðalánasjóðs og á að bæta byggingargalla á húsnæði sem byggt var á vegum annarra framkvæmdaraðila en sveitarfélaga og tryggingagjald hefur verið greitt af.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður Íbúðalánasjóðs á árinu 1999 verði 30 m.kr. hærri en rekstrarkostnaður Húsnæðisstofnunar á yfirstandandi ári vegna upphafskostnaðar. Kynna þarf almenningi nýja lánamöguleika og breytingar á lögum og reglum auk þess að þjálfa starfsfólk. Einnig þarf að prenta ný eyðublöð og breyta tölvukerfum m.a. vegna nýrra lánaflokka. Loks eiga þeir starfsmenn Húsnæðisstofnunar, sem ekki verða ráðnir til Íbúðalánasjóðs, rétt á biðlaunum í allt að eitt ár. Rekstrarkostnaður á árinu 2000 verður aftur á móti talsvert lægri en áætlað er á næsta ári.

Sérstaklega er fjallað um hvern lánaflokk hér á eftir.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Húsbréfadeildin tekur yfir starfsemi húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins og er fjárhagur hennar aðskilinn frá annarri starfsemi Íbúðalánasjóðs. Rekstrartekjur deildarinnar eru áætlaðar 72 m.kr. og rekstrargjöld 260 m.kr. Hreinar fjármunatekjur nema 44 m.kr. þannig að deildin verður rekin með 144 m.kr. tapi á árinu 1999. Handbært fé frá rekstri nemur aftur á móti um 6,8 milljörðum króna.

Útlán húsbréfadeildar eru áætluð 23,3 milljarðar króna samanborið við 16,6 milljarða króna í fjárlögum 1998. Innheimtar afborganir af áður veittum lánum nema aftur á móti 3,5 milljörðum króna. Skýring á 6,7 milljarða króna hækkun útlána er þríþætt. Í fyrsta lagi er talið að fasteignaviðskipti aukist um 10% frá því sem er gert ráð fyrir í fjárlögum 1998 og að útlánin aukist af þeim sökum um 1,7 milljarða króna. Í öðru lagi verður hætt að veita lán með niðurgreiddum vöxtum til kaupa á félagslegum eignaríbúðum. Þeir sem ella hefðu notið slíkra lána eiga kost á húsbréfalánum sem nemur allt að 70% af kaupverði. Að auki kunna þeir einnig að eiga kost á viðbótarláni sem nemur allt að 25% af kaupverði eins og greint er frá í umfjöllun um Íbúðalánasjóð, viðbótarlán. Þessi breyting veldur því að húsbréfalán aukast um 3,8 milljarða króna. Er þá gert ráð fyrir að 780 íbúðir sem áður voru fjármagnaðar í félagslega kerfinu verði nú fjármagnaðar með húsbréfum og viðbótarláni. Þá er gert ráð fyrir að áfram verði skuldbreytt vanskilalánum íbúðareigenda í greiðsluerfiðleikum og eru þau lán með al-

mennum kjörum og skuldbreytt með húsbréfum. Loks er gert ráð fyrir að lán til endurbóta á félagslegum íbúðum aukist um 200 m.kr. á milli ára.

Gert er ráð fyrir húsbréfadeildin taki ný lán með útgáfu húsbréfa fyrir samtals 22,6 milljarða króna. Afborganir af áður teknum lánum eru áætlaðar 9,7 milljarðar króna. Hrein lánsfjárþörf nemur því 12,9 milljörðum króna.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir. Í samræmi við ný lög um húsnæðismál verður til sérstakur lánaflokkur vegna leiguíbúða og er hann aðgreindur frá annarri starfsemi. Samkvæmt ákvæði IX til bráðabirgða í lögunum er heimilt til ársloka 2000 að veita lán til leiguíbúða með óbreyttum lánskjörum. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs í fjárlögum og áætluðum kostnaði. Að öðru leyti á Íbúðalánasjóður að standa undir kostnaði sem lánveitingar til leiguíbúða hafa í för með sér. Vextir af lánum til leiguíbúða skulu vera breytilegir.

Gert er ráð fyrir að lán til nýrra leiguíbúða nemi um 760 m.kr. á árinu 1999. Þá er miðað við að veitt verði lán til allt að 120 leiguíbúða og að meðalverð þeirra sé um 7 m.kr. Framlag úr ríkissjóði til að mæta vaxtamun inn- og útlána vegna leiguíbúða er 180 m.kr. Stjórn Íbúðalánasjóðs mun ákveða vaxtakjörin með hliðsjón af framansögðu áður en til útlána kemur. Samtals er því gert ráð fyrir að lána 1.060 m.kr. til leiguíbúða og annarra lánaflokka árið 1999. Til að fjármagna útlán til leiguíbúða er gert ráð fyrir 870 m.kr. lántöku með útgáfu húsnæðisbréfa. Handbært fé frá rekstri er áætlað 198 m.kr.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán. Við gildistöku nýrra laga um húsnæðismál verður til nýr lánaflokkur, viðbótarlán, sem tekur við hlutverki Byggingarsjóðs verkamanna. Eru það lán sem koma til viðbótar almennum húsbréfalánum og geta numið allt að 25% af matsverðmæti íbúðar. Viðbótarlán eru veitt að beiðni húsnæðisnefndar sveitarfélags, en við veitingu þeirra skal höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis. Lánin eru veitt á ábyrgð sveitarfélaga og er Varasjóði ætlað að bæta einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum. Til að standa undir hugsanlegu tjóni Íbúðalánasjóðs greiða sveitarfélög 5% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð í sveitarfélaginu til Varasjóðs.

Samtals er gert ráð fyrir að veitt verði viðbótarlán að fjárhæð 1.165 m.kr. árið 1999 til 780 íbúða. Skiptast íbúðirnar þannig að áætlað er að 550 aðilar fari úr eldra félagslega kerfi og er það í samræmi við þróun síðustu ára. Í stað þeirra komi 550 nýir aðilar og taki viðbótarlán. Auk þessa skipti um 100 aðilar um íbúð á árinu þannig að þeir fara úr húsnæði með lánum frá Byggingarsjóði verkamanna og í íbúð með viðbótarláni. Loks er gert ráð fyrir 130 nýjum íbúðum með viðbótarláni. Eru það nokkuð færri íbúðir en verið hefur hjá Byggingarsjóði verkamanna ár hvert. Þessar forsendur eru mikilli óvissu háðar og áætlunin er gerð án þess að kanna áformaðan fjölda við-

bótarlána hjá sveitarfélögunum. Útlánsvextir taka mið af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að gera samning á milli Íbúðalánasjóðs og viðkomandi sveitarfélaga um skuldabréfaábyrgð sem nemur heildarupphæð lánanna. Til að standa undir útlánum er reiknað með að tekin lán nemi 1.140 m.kr. og að 20 m.kr. komi frá rekstri.

215 ***Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna.*** Með stofnun Íbúðalánasjóðs frá 1. janúar 1999 verða Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna sameinaðir og lánveitingum úr þeim hætt. Íbúðalánasjóður tekur við eignum, skuldum og skuldbindingum sjóðanna. Matsnefnd þriggja óvilhallra manna er ætlað að meta allar eignir og skuldir Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og annarra sjóða sem Húsnæðisstofnunin fór með eða varðveitti. Skal matinu vera lokið fyrir 1. mars 1999.

Áætlað tap á rekstrinum er 2,5 milljarðar króna og stafar af því að fjármagnsgjöld, reiknuð gjöld vegna verðbreytinga og framlag í afskriftasjóð útlána eru hærri en fjármunatekjur sem þessu nemur. Framlag í afskriftasjóð er svipað og árið 1997, en þróun innheimtu sýnir að vanskil minnka.

Einungis er gert ráð fyrir útlánum að fjárhæð 450 m.kr. sem eru áætlaðar eftirstöðvar framkvæmdalána sem samþykkt hefur verið að veita fyrir árlok 1998. Innheimtar afborganir af veittum lánum nema 9,0 milljörðum króna.

Þar af eru 3,2 milljarðar króna í aukaafborganir vegna þeirra íbúða sem færast úr lánakerfi Byggingarsjóðs verkamanna í hið nýja kerfi. Í forsendunum er miðað við 660 íbúðir, þ.e. 550 vegna þeirra sem fara í almenna húsnæðislánakerfið og 100 vegna þeirra sem skipta um íbúð.

Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 11,0 milljarðar króna. Að auki lýkur endurgreiðslu skyldusparnaðar á árinu 1999 og er hún áætluð 220 m.kr. Samtals vantar því um 5,4 milljarða króna til að mæta fjárþörf sjóðanna og verður henni mætt með sölu húsnæðisbréfa.

50 Samgönguráðuneyti

335 ***Hafnabótasjóður.*** Hlutverk Hafnabótasjóðs er að veita lán og styrki til hafnargerðar og bæta tjón á hafnarmannvirkjum. Í samræmi við 11. gr. hafnalaga nr. 23/1994, skal sérstakt vörugjald sem greitt er fyrir afnot hafna renna til Hafnabótasjóðs. Á árinu 1999 eru tekjur af gjaldinu áætlaðar tæpar 169 m.kr. sem er um 9 m.kr. hækkun milli ára. Hafnabótasjóður er í umsýslu Siglingastofnunar en samgönguráðherra ráðstafar fé sjóðsins að fengnum tillögum Siglingastofnunar og hafnaráðs og með samþykki fjárlaganefndar Alþingis. Í gildandi hafnaáætlun er miðað við að hámarksþátttaka ríkis-

sjóðs í hafnaframkvæmdum sé 75% og hefur þetta leitt til þess að styrkveitingar úr sjóðnum hafa aukist og gengið verður á eigið fé hans annað árið í röð. Framlag til sjóðsins er óbreytt milli ára, eða 18 m.kr. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld lækka nokkuð milli ára sem stafar af því að síðasta afborgun á stóru láni til Sandgerðis verður á árinu 1999. Gert er ráð fyrir að veitt verði ný löng lán fyrir 30 m.kr. samanborið við 25 m.kr. í fjárlögum þessa árs og að innheimtar afborganir af áður veittum lánum verði 65 m.kr.

651 Ferðamálasjóður. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum. Honum er ætlað að veita einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði og enn fremur er heimilt að veita þeim lán til annarra þátta ferðamála svo framarlega sem stuðlað sé að þróun íslenskra ferðamála. Þó má ekki veita til einstakrar framkvæmdar hærra láni en sem nemur þriðjungi árlegs ráðstöfunarfjár sjóðsins. Útlán eru á sömu kjörum og lán sem sjóðurinn tekur hverju sinni. Við afgreiðslu lána skal þess gætt að lánveiting skekki ekki samkeppnisstöðu sambærilegra fyrirtækja. Sjóðnum er heimilt að veita framlög til byggingar gistirýmis og gerast eignaraðili að gistiaðstöðu þar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlagið má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði. Að lokum er sjóðnum heimilt samkvæmt framangreindum lögum að veita framlög til einkaaðila og opinberra aðila sem með starfsemi sinni stuðla að þróun íslenskra ferðamála. Í meðfylgjandi töflu eru sýndar lánveitingar á árunum 1990-1997:

Ár	Fjöldi umsókna	Fjöldi afgreiddra lána	Veitt lán, verðlag '97 m.kr.	Meðallán, verðlag '97 m.kr.
1990	35	27	160,2	5,9
1991	50	31	272,8	8,8
1992	36	23	94,3	4,1
1993	39	16	93,6	5,8
1994	67	27	140,5	5,2
1995	57	28	107,9	3,9
1996	38	22	122,7	5,6
1997	41	25	134,0	5,4

Gert er ráð fyrir að veitt verði ný lán fyrir 130 m.kr. eins og í fjárlögum þessa árs og að staðið verði undir þeim lánveitingum með afborgunum af veittum lánum. Tekin lán að fjárhæð 360 m.kr. eru eingöngu ætluð til endurfjármögnunar á eldri lánum til að ná fram hagstæðari vaxtakjörum. Afborganir af teknum lánum verða 65 m.kr. hærri, eða 425 m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti

371 ***Orkusjóður.*** Orkusjóður starfar samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 með síðari breytingum og fjallar 10. kafli laganna um starfsemi sjóðsins. Á undanförnum árum hafa verið gerðar verulegar breytingar á sjóðnum, og möguleikar hans til að stuðla að þróun og nýtingu innlendra orkugjafa verið auknir.

Með breytingum sem gerð var á lögum um hlutverk sjóðsins á árinu 1996 er kveðið á um að sjóðurinn geti m.a. unnið að eftirfarandi verkefnum:

1. Að styrkja gerð yfirlitsathugana á möguleikum til að auka hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar.

2. Að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talin fræðslu- og upplýsingastarfsemi.

3. Að veita fyrirtækjum eða einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerða tækja og búnaðar sem ætla má að leiði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

Stjórn sjóðsins, Orkuráð, hefur m.a. sett reglur um hvernig stuðningi þessum verður háttað. Samkomulag hefur verið gert milli iðnaðarráðuneytis, Orkuráðs og Byggðastofnunar um sérstakt átak til að leita að jarðhita á svo kölluðum köldum svæðum. Samkomulag þetta kveður á um fjármögnun til tveggja ára átaks á þessu sviði, með allt að 60 m.kr. framlagi. Hlutverk sjóðsins er einnig að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum. Lán þessi eru endurkræf ef árangur næst. Orkuráð hefur sett reglur um að áhætta einstakra framkvæmda verði metin og tilsvarandi hlutfall metinnar áhættu verði lagt í afskriftarsjóð hverju sinni. Stefnt er að því að á næsta ári verði greiddar a.m.k. 50 m.kr. til sjóðsins, til að auka virkjunarrannsóknir, en með byggingu þeirra virkjana, sem þegar hafa verið ákveðnar, verður verulega gengið á forða þeirra virkjana, sem fullrannsakaðar eru. Sérstakt lagafrumvarp verður væntanlega flutt vegna þessa máls á haustþingi.

52 Viðskiptaráðuneyti

101 ***Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.*** Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og tók sjóðurinn til starfa 1. janúar 1998. Auk starfrækslu tryggingadeildar útflutningslána verður starfssvið sjóðsins í meginatriðum að taka þátt í arðvænlegum fjárfestingarverkefnum með íslenskum og erlendum fyrirtækjum og að styðja við forathuganir, vöruþróunar- og kynningarverkefni. Nýsköpunarsjóði er fyrst og fremst ætlað að starfa sem áhættufjármagnssjóður. Í því felst að hann leggur fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána með sambærilegum kjörum og hlutafé.

Starfsemi sjóðsins skiptist í fjögur svið:

1. Stofnsjóður. Hlutverk stofnsjóðs er að taka þátt í fjárfestingum á sviði nýsköpunar, einkum með hlutafjárþátttöku og styðja við forathuganir, þróunar- og kynningarverkefni. Heimilt er að verja allt að 15% af árlegu ráðstöfunarfé stofnsjóðs til slíkra verkefna.

2. Framtakssjóður. Hlutverk þessa sjóðs er að annast umsjón og eftirlit með ráðstöfun á einum milljarði króna sem verja á til hlutabréfakaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Skal Nýsköpunarsjóður semja við allt að fjóra rekstraraðila um vörslu og ráðstöfun á fjármagni framtakssjóðs á grundvelli útboða.

3. Vöruþróunar- og markaðsdeild. Sérstök vöruþróunar- og markaðsdeild er starfrækt við Nýsköpunarsjóð fyrstu þrjú árin. Deildin fær eigið fé deildar fyrrum Iðnlánasjóðs með sama nafni til ráðstöfunar, samtals um 800 m.kr. Markmið deildarinnar er að stuðla að aukinni samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem falla undir skilgreiningu um styrkhæfi með því að veita óendurkræf framlög til vöruþróunar og markaðsaðgerða tengdum útflutningi.

4. Tryggingardeild útflutningslána. Deildinni er ætlað að tryggja lán, kröfur vegna þjónustu, fjárfestingar og búnað er tengist útflutningi og starfsemi innlendra aðila erlendis.

Í 7. grein fjárlaga ársins 1998 lið 8.17 er kveðið á um heimild til að semja við sjóðinn um stofnfjárgreiðslu ríkissjóðs til sjóðsins af söluandvirði hlutafjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. skv. 2. mgr. 7. gr. laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Gert er ráð fyrir að á næsta ári fái sjóðurinn 650 m.kr. í sinn hlut af því söluandvirði.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum í A-hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og aðila sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða í ríkiseigu eru alls áætlaðar 59,2 milljarðar króna á árinu 1999. Heildarafborganir af teknum lánum eru áætlaðar 57,2 milljarðar króna og er hrein lánsfjáröflun, það er ný lántaka, áætluð 2 milljarðar króna. Ríkissjóður A-hluti greiðir niður skuldir um 15 milljarða króna, en sjóðir í C-hluta og ríkisfyrirtæki taka lán umfram afborganir er nema 17 milljörðum króna. Hækkun á nýjum lánum á milli ára skýrist einkum af auknum lántökum húsnæðiskerfisins.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lánsfjárþörf ríkissjóðs og þeirra aðila sem ríkissjóður ábyrgist lántökur fyrir:

Í milljörðum króna	Áætlun 1998			Frumvarp 1999		
	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**38,3**	**6,6**	**44,8**	-	-	**59,2**
Ríki	34,5	1,7	36,2	-	-	44,3
A-hluti	9,4	0,5	9,9	-	-	11,6
C-hluti	25,1	1,2	26,3	-	-	32,7
Landsvirkjun	3,8	4,9	8,7	-	-	14,9
Afborganir	**35,2**	**11,1**	**46,3**	**33,3**	**23,8**	**57,2**
Ríki	34,9	10,5	45,4	33,0	16,5	49,5
A-hluti	14,8	9,8	24,6	10,7	15,9	26,6
C-hluti	20,1	0,7	20,8	22,3	0,6	22,9
Landsvirkjun	0,3	0,6	0,9	0,3	7,3	7,6
Hrein lánsfjárþörf	**3,1**	**-4,5**	**-1,5**	-	-	**2,0**
Hlutfall af landsframleiðslu	**0,5%**	**-0,8%**	**-0,3%**	-	-	**0,3%**

6.2 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs


Lántökur A-hluta árið 1999 eru áætlaðar 11,6 milljarðar króna, samanborið við 9,9 milljarða króna á árinu 1998. Handbært fé frá rekstri er áætlað 7,6 milljarðar króna samanborið við 9,9 milljarða kr. árið 1998, því til viðbótar er innstreymi fjár vegna fjármunahreyfinga áætlað 7,5 milljarðar króna. Hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs er því 15 milljarðar króna og verða skuldir greiddar niður sem því nemur.

Eftirfarandi yfirlit sýnir sjóðstreymi og lánsfjárhreyfingar ríkissjóðs 1998 og 1999:

Í milljónum króna	Áætlun 1998	Frumvarp 1999
Handbært fé frá rekstri	**9.904**	**7.563**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-400	-400
Veitt löng lán	-7.310	-5.225
Afborganir veittra lána	6.330	7.000
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-550	-900
Sala hlutabréfa og eignarhluta	6.700	7.000
Fjármunahreyfingar samtals	**4.770**	**7.475**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**14.674**	**15.038**
Fjármögnun:		
Tekin löng lán	9.900	11.600
Afborganir af teknum lánum	-24.600	-26.600
Fjármögnun samtals	**-14.700**	**-15.000**
Breyting á handbæru fé	**-26**	**38**

Hér fer stutt greinargerð um helstu liði sjóðstreymisins og áhrif þess á lánsfjárþörf og lántökur A-hlutans.

Handbært fé frá rekstri. Þessi stærð, að viðbættum hagnaði af sölu eigna, fer nálægt því að sýna afkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni eins og hann var skilgreindur í eldra uppgjöri. Er handbært fé frá rekstri áætlað tæplega 7,6 milljarðar króna samanborið við 9,9 milljarða árið 1998. Breyting á milli ára skýrist fyrst og fremst af breytingu á bókun gjaldfrests virðisaukaskatts af innflutningi í upphafi árs 1998. Breytingin þýddi að búið var að tekjufæra skatt á árinu 1997 vegna greiðslna á árinu 1998 og hefur eingöngu áhrif á sjóðstreymi.



Veitt stutt lán, nettó – viðskiptareikningar. Áætlað er að útstreymi af viðskiptareikningum ríkissjóðs, nettó, verði 400 m.kr. sem er óbreytt frá fjárlögum 1998. Ýmsar hreyfingar eru á viðskiptareikningum ríkissjóðs innan fjárlagaársins m.a. vegna fyrirgreiðslu við stofnanir ríkisins, innflutnings á vörum í tolli og krafna á ríkissjóð vegna innheimtu tekna fyrir aðra aðila.

Veitt löng lán. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til lánveitinga á árinu 1999 til lengri tíma en eins árs. Lánin eru samtals 5.225 m.kr. samanborið við 7.310 m.kr. árið 1998. Lækkun á milli ára skýrist fyrst og fremst af 3.150 m.kr. lántöku A-hluta fyrir Byggingarsjóð ríkisins árið 1998 sem fellur niður árið 1999 þar sem fjárþörf Íbúðalánasjóðs verður leyst með útgáfu húsnæðisbréfa. Á móti kemur að Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Þróunarsjóður sjávarútvegsins nýttu sér ekki lánsheimildir á árinu 1998 og taka lánin ári síðar.

Eftirfarandi er yfirlit um áformaðar lánveitingar til aðila í B- og C- hluta, en ítarlegri grein er gerð fyrir fjárreiðum þessara aðila í 3. og 4. gr. frumvarpsins og athugasemdum þar um.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Áformað er að sjóðurinn taki 3.500 m.kr. lán hjá ríkissjóði, sem er 300 m.kr. umfram áætlaðar lántökur í ár.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn áformar að taka 750 m.kr. lán hjá ríkissjóði árið 1999. Sjóðurinn mun einungis nýta 250 m.kr. af 1.000 m.kr. lánsfjárheimild í fjárlögum 1998. Lánið er ætlað til að kosta smíði á nýju hafrannsóknarskipi.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Sótt er um 525 m.kr. lánsfjárheimild, en 475 m.kr. heimild í fjárlögum 1998 verður ekki notuð vegna frestunar á framkvæmdum við stækkun flugstöðvarinnar.

Ríkisútvarpið. Gert er ráð fyrir 400 m.kr. lánveitingu A-hluta til Ríkisútvarpsins til viðbótar 300 m.kr. lántökuheimild í fjárlögum 1998. Lánið er ætlað til að ljúka innréttingu á Efstaleiti 1 og flytur starfsemi Sjónvarpsins þangað að því loknu.

Alþjóðaflugþjónustan. Áætlað er að lána Alþjóðaflugþjónustunni 50 m.kr. árið 1999, samanborið við 70 m.kr. árið 1998. Lánið er ætlað til greiðslu af eldri lánum.

Innheimtar afborganir veittra lána. Í áranna rás hefur ríkissjóður veitt veruleg lán til ríkisfyrirtækja og sjóða. Á undanförnum árum hefur þessum lánveitingum fækkað. Áætlað er að innheimtar afborganir af þessum lánum á árinu 1999 verði 7.000 m.kr. Í fyrsta sinn eru innheimtar afborganir því hærri en nemur veittum nýjum lánum ríkissjóðs.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Hér falla undir stofnfjárframlög ríkissjóðs og kaup ríkissjóðs á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum og eru færð í efnahagsreikning ríkissjóðs. Framlögin eru áætluð 900 m.kr. árið 1999 samanborið við 550 m.kr. árið 1998. Helsta breytingin er að stofnframlag ríkissjóðs til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verður

650 m.kr. árið 1999 samanborið við 350 m.kr. árið 1998. Er framlagið í samræmi við 7. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, um að ríkissjóður skuli greiða Nýsköpunarsjóði 1.000 m.kr. af söluandvirði ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Áformað er að selja eignarhlut ríkissjóðs í fyrirtækjum fyrir samtals 7.000 m.kr., samanborið við 6.700 m.kr. árið 1998. Stefnt er að ljúka sölu á hlut ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Íslenskum aðalverktökum hf. árið 1999. Loks er áformað að selja fjórðung af eign ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf., en upphafleg áform voru að selja verksmiðjuna á yfirstandandi ári.

Í milljónum króna	Áætlun 1998	Frumvarp 1999
Hluta- og stofnfjárframlög	**350**	**650**
Stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs	350	650
Alþjóðastofnanir	**200**	**250**
Alþjóðabankinn, IBRD, MIGA og IDA, Wasington, DC.	80	80
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Wasington, DC.	20	20
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	54	45
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	12	12
Annað	34	93
Samtals	**550**	**900**

Afborganir af teknum lánum. Áætlað er að greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs verði 26,6 milljarðar króna árið 1999 samanborið við 24,6 milljarða króna árið 1998. Eftirfarandi tafla sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs árin 1998 og 1999:

Í milljónum króna	Áætlun 1998	Frumvarp 1999
Innlausn spariskírteina	10.570	10.000
Innlausn ríkisbréfa	2.970	0
Önnur innlend lán	1.220	700
Erlend lán, löng	9.840	15.900
Samtals	**24.600**	**26.600**

6.3 Lántökur og ábyrgðir

Í 3. tölulið 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Áformað er að heildarlántökur sjóða í C-hluta og ríkisfyrirtækja verði um 47,6 milljarðar króna, samanborið við 34,9 milljarða króna árið 1998. Afborganir vaxa að sama skapi og eru áætlaðar 30,5 milljarðar króna árið 1999 samanborið

við 21,7 milljarð króna árið 1998. Hækkun á lántökum fer til að mæta afborgunum og endurfjármögnun tekinna lána og vaxa lántökur umfram afborganir um 3,8 milljarða króna frá 1998 til 1999. Er þar m.a. um að ræða nýjar lántökur vegna húsnæðiskerfisins, en það verður alfarið fjármagnað með útgáfu húsnæðisbréfa Íbúðalánasjóðs. Um er að ræða eftirtalda aðila:

1. Landsvirkjun. Áætlað er að Landsvirkjun taki lán að fjárhæð 14,9 milljarða króna en endurgreiði eldri lán er nemur 7,6 milljörðum króna. Áætlaðar nettó lántökur Landsvirkjunar verða því 7,3 milljarðar króna árið 1999, samanborið við 7,7 milljarða króna árið 1998. Áformað er að fjármagninu verði varið til orkuöflunar í tengslum við uppbyggingu stóriðju.

2. Íbúðalánasjóður. Heildarlántökur Íbúðalánasjóðs eru áætlaðar 30 milljarðar króna árið 1999. Þar af eru 22,6 milljarðar króna vegna húsbréfadeildar, 5,4 milljarðar króna til endurfjármögnunar eldri lána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, 1,4 milljarðar króna vegna viðbótarlána og 0,9 milljarðar króna vegna leiguíbúða. Afborganir af teknum lánum Íbúðalánasjóðs eru áætlaðar 20,6 milljarðar króna árið 1999.

3. Lánasjóður landbúnaðarins. Lagt er til að Lánasjóður landbúnaðarins fái heimild til að taka 1,2 milljarða króna lán árið 1999 sem er sama fjárhæð og á árinu 1998.

4. Byggðastofnun. Miðað er við að Byggðastofnun fái heimild til 1,1 milljarðs króna lántöku samanborið 1,4 milljarða króna heimild í fjárlögum 1998.

5. Ferðamálasjóður. Lagt er til að Ferðamálasjóður fái heimild til lántöku að fjárhæð 360 m.kr., samanborið við 100 m.kr. í fjárlögum 1998. Fjárhæðin verður notuð til að endurfjármagna eldri lán sem eru með óhagstæð kjör.

7 Skerðingarákvæði

Í þessum kafla er gerð grein fyrir skerðingarákvæðum í 6. gr. frumvarpsins. Er heildarskerðing markaðra tekna 336 m.kr. á árinu 1999, samanborið við 1.588 m.kr. í fjárlögum 1998.

Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur í sjóð sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana. Á árinu 1999 er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 542 m.kr. Lagt er til að 80 m.kr. af þessum tekjum renni í ríkissjóð samanborið við 200 m.kr. árið 1998.

Áætlað er að tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra af erfðafjárskatti verði 235 m.kr. á árinu 1999 og að 245 m.kr. af skattinum renni í ríkissjóð. Lagt er til að sjóðurinn standi undir kostnaði við félagslega endurhæfingu og stjórnarnefndir eins og undanfarin ár.

Í lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, er kveðið á um að verja skuli tekjum af brunavarnagjaldi til Brunamálastofnunar ríkisins. Tekjur af gjaldinu árið 1999 eru áætlaðar 100 m.kr. Hér er lagt til að tekjur af brunavarnagjaldi umfram 89 m.kr. renni í ríkissjóð á árinu 1999.

Í sérstökum yfirlitum með fjárlagafrumvarpinu eru sýndar áætlaðar greiðslur yfir markaðar tekjur og lögbundin framlög, án sjóðstöðu í upphafi og lok árs. Áætlað er að í ríkisreikningi fyrir árið 1998 verði birt yfirlit yfir stöðu markaðra tekna og gjalda ríkissjóðs. Stefnt er að því að í framhaldi af þeirri vinnu verði í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 sýnd áætluð staða markaðra tekna og gjalda í upphafi og lok árs.

8 Heimildir

Í 29. gr. laga um fjárreiður ríkisins segir að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Þetta er gert í 7. gr. frumvarps til fjárlaga. Eins og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er heimildum fjármálaráðherra skipt í átta flokka og er nánar fjallað um hvern þeirra hér á eftir. Heimildirnar eru 130 talsins. Þær skiptast þannig að heimildir til eftirgjafar gjalda eru 8, til sölu húsnæðis 33, til sölu eignarhluta í húsnæði 28, til sölu lóða og jarða 20, til sölu hlutabréfa 7, til ráðstöfunar annarra eigna 4, heimildir til kaupa og leigu fasteigna eru 18 og ýmsar heimildir 12. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreina sé 160 m.kr. Ljóst er að ef verða á við óskum um nýtingu allra eða meiri hluta umræddra heimilda mun fjárveitingin duga skammt og vega þar þungt heimildir þar sem söluandvirði eigna er ráðstafað til ýmissa verkefna.

Eins og undanfarin ár er farið fram á heimildir til niðurfellingar stimpilgjalda vegna kaupa eða leigu flugvéla og skipa sem ætluð eru til nota í atvinnuskyni. Að þessu sinni er um að ræða leigu á flugvélum á vegum Flugfélagsins Atlanta ehf. og MK Flugfélagsins ehf. Aðrar heimildir í þessum kafla, sem tíðkast hafa lengi, eru í lið 1.1 þar sem heimiluð er niðurfelling virðisaukaskatts af gjöfum til ýmissa aðila sem njóta velvildar í þjóðfélaginu og í lið 1.2, en þar er heimiluð niðurfelling tolla og vörugjalda af ýmsum búnaði sem fluttur er til landsins á vegum Landssíma Íslands hf. Heimild þessi verður eingöngu nýtt þegar um er að ræða búnað til notkunar í þeirri starfsemi fyrirtækisins þar sem samkeppni er ekki til að dreifa. Þá eru hér einnig heimildir sem sést hafa áður, s.s. heimildir til niðurfellingar ýmissa gjalda vegna fjármögnunar jarðganga, stækkunar og breytinga á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Listahátíðar í Reykjavík og vegna kaupa á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða. Þessar heimildir koma ýmist í kjölfar samkomulags eða yfirlýsinga sem tengjast þessum málum.

Annar og þriðji flokkur fjalla um heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru vegna sölu fasteigna sem annað hvort nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum eða eru óhentugar, en í síðar nefndu tilfellunum er yfirleitt óskað heimildar til að nota andvirði þeirra til kaupa á hentugra húsnæði. Ráðstöfun slíkra heimilda krefst þó þess að söluandvirði komi til ráðstöfunar á gjaldahlið fjárlaga. Rétt er að gera tveimur heimildum betri skil. Fyrst er að telja lið 2.3 um sölu Tryggvagötu 28 í Reykjavík. Eftir sameiningu embætta tollstjórans í Reykjavík og Gjaldheimtunnar í Reykjavík leiðir af sjálfu sér að starfsemin verði sameinuð undir einu þaki. Á þessu ári hefur því verið gerður samningur um leigu á húsnæði fyrir ríkistollstjóraembættið, en það er nú til húsa í Tollstöðinni, og er ætlunin að flytja þá starfsmenn tollstjórans í Reykjavík sem nú eru til húsa í

Tryggvagötu 28 í núverandi húsnæði ríkistollstjóra. Enn fremur er unnið að lausn húsnæðismála Tryggingastofnunar. Við þessar aðgerðir losnar Tryggvagata 28 og er því óskað heimildar til sölu hennar. Annar liður sem skýra þarf er liður 3.2, um sölu eignarhluta ríkissjóðs í Laugalækjarskóla í Reykjavík. Hér er um að ræða húsnæði Fósturskóla Íslands, sem er um 2130 fermetrar. Skólinn hefur verið sameinaður Kennaraháskóla Íslands með lögum og því er þess óskað að andvirði sölunnar renni til uppbyggingar fyrir Kennaraháskóla Íslands. Aðrar heimildir í þessum köflum skýra sig sjálfar.

Fjórði flokkurinn eru heimildir til sölu lóða og jarða. Eins og að ofan greinir er hér um að ræða 20 heimildir um sölu jarða, hluta úr jörðum og landspilda auk einna makaskipta. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna jarðaumsýslu landbúnaðarráðuneytisins og verður ekki fjallað um þær heimildir sérstaklega. Aftur á móti er rétt að fjalla nánar um tvær heimildir af öðrum toga. Annars vegar er liður 4.1 þar sem óskað er heimildar til að selja 6.577 fermetra landspildu Vegagerðarinnar við Stórhöfða í Reykjavík. Hér er um að ræða sölu sem þegar hefur farið fram með fyrirvara um samþykki Alþingis. Vegagerðin átti ónýtta landspildu utan lóðar birgðastöðvar sinnar, sem lá að lóð Landssíma Íslands hf. Landssíminn óskaði eftir kaupum á þessari spildu. Hins vegar er liður 4.17 þar sem óskað er heimildar til makaskipta á landspildum við Litla-Hraun. Litla-Hrauni fylgja landspildur ofan Eyrarbakkavegar. Spildur þessar nýtast ekki fyrir fangelsið og er því fyrirhugað að hafa makaskipti við sveitarfélagið á spildum í nágrenni fangelsisins.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa. Endurteknar eru söluheimildir vegna Barra hf., Endurvinnslunnar hf. og Stofnfisks hf. en af sölu hlutabréfa ríkissjóðs verður væntanlega ekki á þessu ári. Enn fremur eru endurteknar frá síðasta ári heimildir til að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf. og til að selja eignarhlut ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf. og Hólalaxi hf. Unnið hefur verið að undirbúningi sölu þessara eignarhluta. Leitað er einnar nýrrar heimildar til sölu á hlutabréfum ríkissjóðs, en það er vegna eignarhlutar í fyrirtækinu Internet á Íslandi hf.

Í sjöunda flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Heimildarliðirnir eru 18 talsins og þarfnast fæstir skýringar. Þó er rétt að skýra liði 7.5 og 7.6. Í lið 7.5 er leitað heimildar til að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Síðastliðið vor var tekið á leigu geymsluhúsnæði fyrir Þjóðminjasafnið m.a. vegna rýmingar sýningarhluta meðan á endurbótum innan húss stendur og vegna uppsagnar leigu á geymsluhúsnæði annars staðar. Við gerð leigusamnings var sett inn kaupréttarákvæði og er áhugi á að nýta það. Á móti kemur að hægt er að selja eignarhlut ríkissjóðs í Dugguvogi 12 þar sem hluti muna Þjóðminjasafns er geymdur í dag. Liður 7.6 fjallar um kaup eða leigu á húsnæði fyrir Yfirskattanefnd. Yfirskattanefnd hefur verið fengið aukið hlutverk með nýsettum lögum og því þarf að búa nefndinni viðunandi húsnæði. Auglýst hefur verið eftir húsnæði annað hvort til leigu eða kaups. Líklegt er að gengið verði frá samningi á þessu ári með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Í áttunda og síðasta flokki heimilda eru ýmsar heimildir sem allar skýra sig sjálfar.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Sótt verður um eftirfarandi heimildir til breytinga á lögum til að áform í frumvarpinu nái fram að ganga:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarps:

Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Breytingar á atvinnutryggingagjaldi þannig að tekjur og útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs verði sem næst í jafnvægi árið 1999 miðað við spár um atvinnuleysi og stofn atvinnutryggingagjalds.

Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti, með síðari breytingum. Breytingar á ákvæðum um vörugjald af bensíni þannig að 0,5% af gjaldinu renni til innheimtu og umsýslu eins og af öðrum tekjum til vegagerðar.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarps:

Utanríkisráðuneyti

Lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IV skal á árinu 1998 endurskoða lög um Útflutningsráð og frá og með árinu 1999 skal álagning markaðsgjalds falla niður hafi lögin þá ekki verið endurskoðuð. Lög þessi eru í endurskoðun og er áformað að frumvarp þar að lútandi verði flutt á haustþingi. Í frumvarpi til fjárlaga 1999 er gert ráð fyrir áframhaldandi innheimtu markaðsgjalds.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lög nr. 25/1995, um samræmda neyðarsímsvörun. Leitað verður heimildar til að innheimta sérstakt gjald af símafyrirtækjum sem eru með starfsemi á Íslandi. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði ríkisins samkvæmt samningi við Neyðarlínuna hf. um rekstur samræmdrar neyðarsímsvörunar.

Fjármálaráðuneyti

Lög nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands. Leitað verður heimilda til að leggja niður Framkvæmdasjóð Íslands og ríkissjóður yfirtaki eignir og skuldir hans. Lánasýslu ríkisins verði falin innheimta og afborganir lána og önnur umsýsla sjóðsins.

Iðnaðarráðuneyti

Lög nr. 58/1967, Orkulög. Áformað er að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum um Orkusjóð. Fyrirhugað er að virkjunarrannsóknir verði eitt af verkefnum sjóðsins og að endurgreiddur rannsóknakostnaður vegna virkjana fari um Orkusjóð.

Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl. í stafrófsröð

A bls.

Aðfangaeftirlit ríkisins ... 73, 278
Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum ... 109
Aðildargjöld ESB ... 60
Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu ... 69
Afborganir af teknum lánum ... 6, 366
Afkoma ríkissjóðs ... 5, 229
Afnotagjald Ríkisútvarps ... 241
Afreksmannasjóður ÍSÍ ... 270
Afskriftir skattkrafna ... 160, 322
Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum ... 167
Almannavarnir ríkisins ... 91, 289
Almenn vörugjöld ... 19, 239
Alþingi ... 23, 249
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF ... 68
Alþjóðaflugþjónustan ... 198, 332, 351
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC) ... 82
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO ... 130
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA ... 69
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL ... 88
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO ... 167
Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB ... 88
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB) ... 165
Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO ... 69
Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO ... 117
American Scandinavian Foundation ... 63, 272
Arðgreiðslur og leigutekjur ... 20, 241
ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu ... 118
Athugun á öryggi fiskiskipa ... 167
Atlantshafsbandalagið, NATO ... 69
Atvinnuleysisbætur ... 117, 301
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 117, 301
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni ... 27

Á

Ábyrgðasjóður launa ... 117, 300
Áfallahjálp ... 130
Áfengis- og fíkniefnamál ... 92, 289
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 197, 351
Áfengis- og vímuvarnaráð ... 145, 316
Áfengiseftirlit ... 290

Ás/Ásbyrgi, Hveragerði 135
Átak í landgræðslu og skógrækt 77, 278
Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála 92
Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli 157
Átak í landgræðslu og skógrækt 279

B

Bandalag íslenskra leikfélaga 59, 268
Bandalag íslenskra skáta 60
Barmahlíð, Reykhólum 135
Barnabætur 161, 321
Barnalífeyrir 121
Barnalífeyrir vegna menntunar 121
Barnamenningarsjóður 59, 268
Barnaspítali 127
Barnaverndarráð 110, 298
Barnaverndarstofa 109, 298
Beinar greiðslur til bænda 77
Bessastaðir 23
Biblíuþýðingar 88, 287
Bifreiðagjald 19, 240
Bifreiðaskattar 240
Biskup Íslands 105, 295
Bjargráðasjóður 300
Blindrabókasafn Íslands 56
Borgarbyggð, landsmót UMFÍ, Skallagrímsvöllur 61
Borgarholtsskóli 47, 263
Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur 55
Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands 55
Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar 60
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins 164
Bókmenntakynningarsjóður 59, 268
Breytt framsetning fjárlaga 232
Bridgesamband Íslands 61
Brunamálaskóli 184
Brunamálastofnun ríkisins 184, 344
Búfjárræktarframlög 78
Búnaðarsjóður 78, 280
Byggða- og minjasöfn 54
Byggðastofnun 27, 251, 354
Bygging hafrannsóknaskips 84, 284
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 85, 284
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 128
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips 84
Byggingarsjóður verkamanna 297

Bændasamtök Íslands 78, 280
Bændaskólinn á Hólum 74, 278
Bændaskólinn á Hvanneyri 73, 277
Bætur brotaþola 90, 288
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 121, 304
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar 122

D

D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík 135
Daggjaldastofnanir 134, 305
Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi 112
Dagvistun Bjarkarási 114
Dagvistun Keflavík 111
Dagvistun Lyngási 114
Dagvistun Lækjarási 114
Dalbær, Dalvík 134
Dómkröfur 165
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 87, 286
Dómsmál 288
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi 135
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi 135
Dýralæknisbústaðir 73

E

Efling íslenskrar tungu 28
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD 69
EFTA-dómstóllinn 69
Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands 160
Eftirlaunasjóður aldraðra 122, 307
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands 159
Eftirlit með úthafsveiðum 84
Eftirlit með ökuritum 93
Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlits 241
Eftirlitsstofnun EFTA, ESA 69
Eignarskattar 18, 234
Eignarskattar einstaklinga 18, 237
Eignarskattar fyrirtækja 18, 237
Einkaleyfastofan 172, 335
Einsetning grunnskóla 116, 300
Ekkju- og ekkilsbætur 121
Eldi sjávardýra 82
Ellilífeyrir 121
Embætti forseta Íslands 23, 249
Endurbótasjóður menningarstofnana 56, 266
Endurbygging á bæ Eiríks rauða 56

Endurgreiðslur til sveitarfélaga ... 165
Endurhæfingalífeyrir ... 121
Endurhæfingarstofnanir ... 314
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands ... 125
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri ... 125
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík ... 125
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra ... 125
Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir ... 165
Endurvinnslan hf., skilagjald ... 183, 343
Erfðafjárskattur ... 19, 237
Evrópska lyfjaskráin ... 129
Evrópuráðið ... 69
Eyðing spilliefna ... 183

F

Fangelsisbyggingar ... 105, 294
Fangelsismál ... 294
Fangelsismálastofnun ríkisins ... 104, 294
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf ... 67
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu ... 68
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu ... 67
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York ... 66
Fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu ... 67
Fasteignamat ríkisins ... 160, 323
Fasteignir forsætisráðuneytis ... 27
Fasteignir framhaldsskóla ... 40, 261
Fasteignir héraðsskóla ... 52, 261
Fasteignir ríkissjóðs ... 163, 322
Fálkaorðan ... 23
Fellaskjól, Grundarfirði ... 135
Fellsendi, Búðardal ... 135
Ferðamál og markaðsstarf ... 167
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994 ... 171
Ferðamálaráð ... 170, 334
Ferðamálasamtök landshluta ... 170
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda ... 167
Ferðamálasjóður ... 210, 360
Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp ... 169
Ferjur og flóabátar ... 168
Félag heyrnarlausra ... 110
Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi ... 63
Félagasamtök, styrkir ... 119
Félagsdómur ... 117
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 118, 301
Félagsmálaráðuneyti ... 108, 296, 357

Félagsmálaskóli alþýðu 118, 300
Fiskeldisrannsóknir 80, 280
Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla 82
Fiskistofa 84, 284
Fiskræktarsjóður 80
Fiskveiðisamningar 82
Fíkniefnaeftirlit 64
Fíkniefnamál 92
Fjárfestingarstofan, almennt svið 178
Fjárfestingarstofan, orkusvið 175
Fjárlagakerfi 164
Fjármagnstekjuskattur 18, 161, 322
Fjármálaeftirlitið 177, 338
Fjármálaráðuneyti 153, 317, 351
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 353
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 125, 309
Fjölbrautaskóli Vesturlands 263
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 44, 263
Fjölbrautaskóli Suðurlands 44
Fjölbrautaskóli Suðurnesja 43
Fjölbrautaskóli Vesturlands 43
Fjölbrautaskólinn Ármúla 42
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 42
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 46, 263
Fjölsóttir ferðamannastaðir 171
Flensborgarskóli 43
Flugeftirlitsnefnd 167
Flugmál 332
Flugmálaáætlun 333
Flugmálastjórn 169, 332
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli 64, 273
Flugskóli Íslands 167
Flugstöð Leifs Eiríkssonar 194, 349
Flugvallargjald 240
Flugvellir 170, 333
Flutningsjöfnun 338
Flutningssjóður olíuvara 177
Flutningssjóður sements 177
Forsendukerfi innheimtugagna 164
Forsætisráðuneyti 26, 250, 354
Forúrskurðir í skattamálum 157
Forvarnasjóður 145, 316
Forvarnastarf í skólum 62
Fóðursjóður 79, 280
Fósturskóli Íslands 258
Framhaldsskólar 261

Framhaldsskólar, almennt 41, 264
Framhaldsskólar, stofnkostnaður 41, 263
Framhaldsskóli Vestfjarða 39
Framhaldsskólinn á Húsavík 46
Framhaldsskólinn á Laugum 47
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 46
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 44
Framhaldsskólinn Skógum 52
Framkvæmd búvörusamnings 71, 277
Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög 119
Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 119
Framkvæmd nýrrar skólastefnu 42, 264
Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál 108
Framkvæmdasjóður aldraða 128, 315
Framkvæmdasjóður fatlaðra 116, 298
Framkvæmdasjóður Íslands 317, 323
Framkvæmdasýslan 161, 322
Framkvæmdir á Alþingisreit 24, 249
Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO 169, 332
Framlag til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar 170
Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar 28
Framleiðnisjóður landbúnaðarins 78, 280, 355
Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða 81
Framleiðsluráð landbúnaðarins 78, 280
Framlög til landbúnaðar 246
Friðargæsla 69, 275
Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli 193, 349
Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA 69
Fræðimannasetrið á Skriðuklaustri 270
Fræðistörf 60
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 167
Fullorðinsfræðsla fatlaðra 48, 261
Fyrirhleðslur 75
Fæðingarorlof 121

G

Gagnalínukostnaður 104, 293
Garðávaxtasjóður 79, 280
Garðvangur, Garði 131
Garðyrkjuskóli ríkisins 74, 278
Geislavarnir ríkisins 124, 307
Gigtarráð 125
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 125
Gistiheimili Kópavogi 111
Gistiheimili RKÍ, Reykjavík 135

Gjafsóknir 288
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 237
Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla 84, 284
Gjöf Jóns Sigurðssonar 26
Glímusamband Íslands 61
GPS-staðsetningarkerfi 167
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu 77, 279
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu 77, 279
Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar 81, 280
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 115, 298
Grund, Reykjavík 135
Grunnskólar og leikskólar 265
Grunnskólar, almennt 52, 265
Grænlandssjóður 26
Gæða- og þjónustumál skattstofa 157

H

Hafnaáætlun 332
Hafnabótasjóður 209, 359
Hafnamannvirki 169
Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði 169
Hafnaríkiseftirlit 331
Hafrannsóknastofnunin 83, 284
Hafsbotnsrannsóknir 175
Hagnaður af einkasölu ÁTVR 239
Hagræðing og vöruþróun 77
Hagstofa Íslands 179, 339
Hagþjónusta landbúnaðarins 75, 277
Hallgrímskirkja 105
Handknattleikssamband Íslands 61
Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar 26
Happdrætti Háskóla Íslands 188, 348
Happdrættisfé 30
Háskóla- og rannsóknastarfsemi 37, 261
Háskóla- og vísindastofnanir 260
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður 37, 263
Háskóli Íslands 30, 255
Háskólinn á Akureyri 33, 254, 257
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 59
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 120, 302
Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum 73
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi 129, 316
Heilbrigðisstofnanir. 312
Heilbrigðisstofnunin Akranesi 145, 308

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi ... 148
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík ... 147
Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum ... 149
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík ... 147
Heilbrigðisstofnunin Húsavík ... 149
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga ... 148
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ ... 146
Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað ... 150
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði ... 146
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki ... 148
Heilbrigðisstofnunin Selfossi ... 151, 308
Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði ... 150
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði ... 149
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum ... 151
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum ... 151
Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs ... 6, 363
Heildarútgjöld ríkissjóðs ... 5, 242
Heilsuefling ... 130
Heilsugæsla í Reykjavík ... 137, 313
Heilsugæslustöðin Borgarnesi ... 138
Heilsugæslustöðin Búðardal ... 139
Heilsugæslustöðin Dalvík ... 139
Heilsugæslustöðin Djúpavogi ... 141
Heilsugæslustöðin Eskifirði ... 140
Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði ... 141
Heilsugæslustöðin Garðabæ ... 144
Heilsugæslustöðin Grundarfirði ... 138
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði ... 144
Heilsugæslustöðin Hellu ... 142
Heilsugæslustöðin Hverageröi ... 143
Heilsugæslustöðin Hvolsvelli ... 142
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri ... 142
Heilsugæslustöðin Kópavogi ... 144
Heilsugæslustöðin Laugarási ... 143
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík ... 138
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ ... 145
Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu ... 140
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði ... 139
Heilsugæslustöðin Ólafsvík ... 138
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi ... 144
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal ... 142
Heilsugæslustöðin Vopnafirði ... 140
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn ... 143
Heilsugæslustöðvar ... 313
Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús ... 313
Heilsugæslustöðvar, almennt ... 136, 313, 315

Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands ... 133
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík ... 137
Heimildir í 7. gr. fjárlagafrumvarps ... 12, 369
Heimili einhverfra ... 110, 299
Heimili fyrir börn Akurgerði 20 ... 110
Heimili fyrir börn og unglinga ... 109, 298
Heimssýning í Lissabon ... 26
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands ... 123, 307
Héraðsbúnaðarsambönd ... 78
Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri ... 78
Héraðsdómstólar ... 89, 288
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra ... 123, 307
Héraðslæknir í Reykjavík ... 123, 307
Héraðsskjalasöfn ... 54
Héraðsskógar ... 76, 278
Hjallatún, Vík ... 134
Hjartavernd, rannsóknarstöð ... 129
Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM ... 69
Hjúkrun í heimahúsum ... 122
Hjúkrunarheimili ... 314
Hjúkrunarheimili í Garðabæ ... 135
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum ... 132
Hjúkrunarheimilið Eir ... 131
Hjúkrunarheimilið Skjól ... 131
Hjúkrunarheimilið Skógarbær ... 132
Hlaðgerðarkot ... 133
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða ... 134
Hlíðabær, Reykjavík ... 135
Hlutdeild Atvinnuleysistr.sj. í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar ... 117, 301
Hollustuvernd ríkisins ... 182, 343
Hornbrekka, Ólafsfirði ... 134
Hóladómkirkja ... 105
Hrafnista, Hafnarfirði ... 135
Hrafnista, Reykjavík ... 135
Hrafnseyri ... 26
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum ... 135
Hreindýraráð ... 182, 342
Hugbúnaðargerð fyrir BÁR ... 165
Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ... 165
Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi ... 164
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi ... 164
Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal ... 165
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi ... 164
Hulduhlíð, Eskifirði ... 134
Húsafriðunarsjóður ... 58, 265
Húsaleigubætur ... 300

Húsameistari ríkisins ... 28
Húsnæði löggæslustofnana ... 93, 289
Húsnæði og búnaður sýslumanna ... 104, 293
Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi ... 104, 293
Húsnæðismál ... 297
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað ... 50
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík ... 49
Hæfingarstöðvar ... 111
Hæstiréttur ... 24, 288
Höfði, Akranesi ... 135
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi ... 53
Höfundaréttarsjóður ... 59, 268
Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir ... 59, 268

I

Icepro-nefnd ... 176
Iðja og iðnaður, framlög ... 174
Iðnaðarmál ... 335
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja ... 173
Iðnaðarráðuneyti ... 172, 334, 352, 361
Iðnsaga Íslands ... 60
Iðnskólinn í Hafnarfirði ... 49
Iðnskólinn í Reykjavík ... 49
Iðntæknistofnun Íslands ... 172, 335
Innheimta meðlaga ... 88
Innheimta sekta ... 91, 290
Innheimtar ríkistekjur vegna ríkisaðila í A-hluta ... 243
Innheimtukostnaður ... 158, 319
Innheimtuskilakerfi ... 164

Í

Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna ... 208, 359
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild ... 205, 357
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir ... 108, 206, 358
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán ... 207, 358
Íslensk málstöð ... 33, 257
Íslenska menntanetið ... 34
Íslenska óperan ... 59
Íslenska upplýsingasamfélagið ... 247
Íslenskar fornbókmenntir á Netinu ... 55, 266
Íslenski dansflokkurinn ... 57, 265
Íslenskukennsla erlendis ... 31
Íþróttafélög ... 61, 270
Íþróttakennaraskóli Íslands ... 258, 261
Íþróttamiðstöð Íslands ... 61

Íþróttasamband fatlaðra 61
Íþróttasamband Íslands 61

J

Jaðar, Ólafsvík 135
Jafnréttisráð 109, 298
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 80, 280, 281
Jarðhitaleit 174
Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna 68
Jarðræktarframlög o.fl. 78, 280
Jöfnun á námskostnaði 54, 265
Jöfnun húsaleigubóta 116
Jöfnunarsjóður sókna 106, 295
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 116, 300

K

Kaup eignarhluta og eiginfjárframlög 6, 365
Kennaraháskóli Íslands 34, 258
Kennslueftirlit 41
Kirkjugarðar 106
Kirkjugarðasjóður 106
Kirkjugarðsgjöld 106, 295
Kirkjumál 294
Kirkjumálasjóður 105, 295
Kirkjumiðstöð Austurlands 105
Kjaradómur og kjaranefnd 165
Kjararannsóknarnefnd 117
Kjararannsóknir 165
Kjarasamningar 165
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri 135
Kosningar 88, 287
Kostnaður samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs 293
Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 129
Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 118
Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraða 128
Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs 104
Kostnaður vegna lögræðislaga 88
Kostnaður vegna samnings við ÍSAL 174
Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir 158
Krabbameinsfélag Íslands 129, 316
Kristnisjóður 106, 296
Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili 130
Kumbaravogur, Stokkseyri 135
Kvenfélagasambands Íslands 270
Kvennaathvarf í Reykjavík 119

Kvennaskólinn í Reykjavík 40
Kvikmyndahátíð í Reykjavík 59
Kvikmyndasafn Íslands 59
Kvikmyndasjóður 59, 268
Kvikmyndaskoðun 53, 269
Kvótaþing 85, 285
Kynbótastöðvar 78
Kynning á íslenskum og norrænum fræðum 60, 269
Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins 82, 283
Kynsjúkdómar, alnæmi 130
Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits 82, 283

L

Lagasafn 87, 287
Lambhagi 114
Landafundanefnd 26
Landamærastöðvar 84
Landbúnaðarráðuneyti 71, 276, 355
Landflutningasjóður 167
Landgræðsla ríkisins 75, 278
Landgræðslu- og skógræktaráætlanir 71, 277
Landgræðslusjóður 76, 278
Landhelgisgæsla Íslands 93, 292
Landhelgissjóður Íslands 94, 289
Landlæknir 123, 307
Landmælingar Íslands 183, 343
Landsbjörg 167
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn 55, 266
Landskrá fasteigna 323
Landssamband KFUM og KFUK 61
Landsvegir 168
Landþurrkun 71
Langamýri í Skagafirði 105
Langbylgjumastur á Gufuskálum og á Eiðum 56
Laufásvegur 72, viðhald 23
Launa- og verðlagsmál 164, 322
Launagjöld, heildarumfjöllun 245
Launagreiðslukerfi 164
Launasjóður stórmeistara í skák 61, 270
Lánasjóður íslenskra námsmanna 53, 201, 354
Lánasjóður landbúnaðarins 79, 203, 355
Lánasýsla ríkisins 162, 323
Lánsfjárþörf og lántökur A-hluta ríkissjóðs 6, 363
Lántökur og ábyrgðir 366
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 363

Leikfangasafn Keflavík ... 111
Leikfangasöfn Norðurlandi vestra ... 112
Leikfangasöfn Vesturlandi ... 112
Leiklistarskóli Íslands ... 50
Lendingabætur ... 169
Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra ... 110
Lindargata, Reykjavík ... 135
Listahátíð í Reykjavík ... 59
Listasafn ASÍ ... 56
Listasafn Ásgríms Jónssonar ... 55
Listasafn Einars Jónssonar ... 55
Listasafn Íslands ... 55, 266
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar ... 56
Listasjóðir ... 58, 265
Listaskóli ... 163
Listaverkakaup ... 55
Listdansskólinn ... 51
Listir, framlög ... 59, 268
Listskreytingasjóður ... 58, 265
Lífeyrissjóður bænda ... 77, 279
Lífeyrissjóður alþingismanna ... 159
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga ... 159
Lífeyrissjóður ráðherra ... 159
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins ... 159
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun ... 159, 320
Lífeyristryggingar ... 121, 305
Lundur, Hellu ... 135
Lyf ... 122
Lyfjabúð Háskóla Íslands ... 189
Lyfjaeftirlit ríkisins ... 129, 307
Lyfjamál ... 128, 307
Lyfjanefnd ... 129, 307
Lyfjaverðsnefnd ... 128
Lýðveldissjóður ... 28, 252
Læknaráð ... 123
Læknishéraðasjóður ... 127, 313
Lækniskostnaður ... 121
Lög- og réttindaskráning sjómanna ... 167
Lögbirtingablað ... 87, 287
Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana ... 90, 288
Löggildingarstofa ... 176, 338
Löggæsla og öryggismál ... 289
Lögreglubifreiðar ... 291
Lögregluskóli ríkisins ... 91, 290
Lögreglustjórinn í Reykjavík ... 91, 290

M

Makabætur 121
Mannanafnanefnd 88
Manneldisráð 124, 307
Mannréttindaskrifstofa Íslands 88
Mannúðarmál og neyðaraðstoð 69
Mannvirkjagerð á Bessastöðum 251
Markaðar tekjur 219, 243
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu 167, 329
Mat á búvörum 71
Mat á skólastarfi 41, 264
Mat á umhverfisáhrifum 183
Matsnefnd eignarnámsbóta 88
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 68
Málefni barna og ungmenna 109, 298
Málefni fatlaðra 110, 125, 298, 316
Málefni fatlaðra, Austurlandi 113
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 113
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 112
Málefni fatlaðra, Reykjanesi 111
Málefni fatlaðra, Reykjavík 110, 299
Málefni fatlaðra, Suðurlandi 114
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum 112
Málefni fatlaðra, Vesturlandi 111
Málskostnaður í opinberum málum 89, 288
Meðdómsmenn 89
Meðferðarstöð ríkisins 109, 298
Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 118
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 69
Menningarnetið 270
Menningarsjóður félagsheimila 59
Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 58
Menningarsjóður útvarpsstöðva 58, 267
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður 56, 266
Menntamálaráðuneyti 30, 253, 348, 354
Menntaskólinn á Akureyri 38
Menntaskólinn á Egilsstöðum 39
Menntaskólinn á Laugarvatni 38
Menntaskólinn í Kópavogi 40, 263
Menntaskólinn í Reykjavík 37
Menntaskólinn við Hamrahlíð 38
Menntaskólinn við Sund 39
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 60, 261
Minningarkapella á Ljósavatni 26
MS-félag Íslands, Reykjavík 135

Múlabær, Reykjavík ... 135
Myndlista- og handíðaskóli Íslands ... 50
Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald ... 59
Myndlistarskólinn Akureyri ... 41
Myndlistarskólinn í Kópavogi ... 42
Myndlistarskólinn í Reykjavík ... 41
Mæðra - og feðralaun ... 121

N

Naust, Þórshöfn ... 135
Nám tannsmiða ... 41
Nám táknmálstúlka ... 47
Námsefnisgerð ... 41
Námsgagnastofnun ... 53, 265
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum ... 118
Námskeið skipstjórnarmanna ... 41
Námsleyfi lögfræðinga ... 88, 287
Námsskrárgerð ... 41
Náttúrufræðistofnun Íslands ... 184, 344
Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum ... 180
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn ... 181, 342
Náttúrustofa Bolungarvík ... 185
Náttúrustofa Neskaupstað ... 185
Náttúrustofa Reykjanesi ... 185
Náttúrustofa Sauðárkróki ... 185
Náttúrustofa Stykkishólmi ... 185
Náttúrustofa Vestmannaeyjum ... 185
Náttúrustofur ... 185, 345
Náttúruvernd ríkisins ... 181, 342
Náttúruverndarráð ... 180
Neyðarsímsvörun ... 92, 289
Neyslu- og rekstrartilfærslur A-hluta ríkissjóðs ... 218, 245
Neytendasamtökin ... 176
Niðurgreiðsla á rafhitun ... 175, 336
Niðurgreiðslur á ull og gærum ... 77
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO ... 71, 277
Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO ... 82
Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis ... 28
Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið ... 69
Norræn samvinna ... 60, 269
Norræn samvinna á sviði sakfræði ... 88
Norræn samvinna í lyfsölumálum ... 129
Norræna eldfjallastöðin ... 37
Norræna ráðherranefndin ... 28, 252
Norræni heilsugæsluskólinn ... 130

Norræni verkalýðsskólinn í Genf ... 118
Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs ... 109, 298
Nýframkvæmdir á Landspítalalóð ... 127
Nýframkvæmdir í höfnum ... 332
Nýjungar í skólastarfi ... 41
Nýlistasafn ... 56
Nýskipan orkumála ... 175
Nýsköpun og markaðsmál ... 174
Nýsköpunarsjóður ... 37
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins ... 212, 361
Nýting innlendra orkulinda ... 174
Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík ... 134

O

Ofanflóðasjóðsgjald ... 240
Ofanflóðasjóður ... 184, 343
Opinber réttaraðstoð ... 90, 288
Opinberar heimsóknir ... 23
Orator, almenn lögfræðiaðstoð ... 88
Orðabók Háskólans ... 32
Orkumál ... 336
Orkumálasvið Orkustofnunar ... 174
Orkurannsóknir ... 174
Orkusjóður ... 174, 361
Orkusjóður, C-hluti ... 211
Orkustofnun ... 174, 336
Orlof kennara ... 41
Ólympíuleikar í eðlisfræði ... 41, 264
Ólympíunefnd fatlaðra ... 61
Ólympíunefnd Íslands ... 61
Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum ... 135
Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa ... 128

P

PAME skrifstofa ... 341
Póst- og fjarskiptamál ... 333
Póst- og fjarskiptastofnunin ... 170, 333
Próf fasteignasala ... 88
Próf málflytjenda ... 88, 288
Próf skjalaþýðenda ... 88

R

Rafmagnsveitur ríkisins ... 199, 352
Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ... 341

Rannsóknadeild fisksjúkdóma 31
Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði 92, 290
Rannsóknanefnd flugslysa 170
Rannsóknanefnd sjóslysa 167
Rannsóknarnámssjóður 36, 260
Rannsóknarráð Íslands 35, 260
Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir 37
Rannsóknaskip 83
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 173, 335
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 83, 284
Rannsóknastofnun landbúnaðarins 72, 277
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála 34, 259
Rannsóknastöð að Kvískerjum 180
Rannsóknastöðin Mógilsá 76
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum 180, 342
Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum 35, 259
Rannsóknir, umhverfisráðuneyti 344
Ratsjárstofnun 195, 350
Raunvísindastofnun Háskólans 31, 256
Reiðvegir 168
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól 163, 322
Rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs 5, 218, 244
Rekstrarreikningur ríkissjóðs 227
Rekstur flugvalla 170
Rekstur Orkusjóðs 174
Reykjalundur, Mosfellsbæ 135
Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000 ..... 59, 268
Reynslusveitarfélagið Akureyri 135, 136, 140
Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði 135, 136, 141
Reynslusveitarfélög 108
Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 90
Ritakaupasjóður 30
Rithöfundasjóður Íslands 59, 268
Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag 26
Ríkisábyrgðir 162, 322, 324
Ríkisbókhald 153, 319
Ríkisendurskoðun 25
Ríkisfjárhirsla 153, 318
Ríkiskaup 161
Ríkislögmaður 154, 318
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 64
Ríkislögreglustjóri 91, 290
Ríkissaksóknari 90, 289
Ríkissáttasemjari 108, 298
Ríkisskattstjóri 154, 325
Ríkisspítalar 126, 310

Ríkisstjórn 24
Ríkisstjórnarákvarðanir 164, 322
Ríkistollstjóri 159, 319
Ríkisútvarpið 57, 190, 267, 348

S

Safnahús 28
Safnvegir 168
Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag 26
Sala eigna 241
Sala hlutabréfa og eignarhluta 6, 366
Sambýli Akranesi 111
Sambýli Borgarnesi 111
Sambýli Egilsstöðum 113
Sambýli Selfossi 114
Sambýli Stigahlíð 71 110
Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli 110
Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 154
Sameignir skólanna á Laugarvatni 262
Sameinuðu þjóðirnar, UN 69
Samgönguráðuneyti 167, 327, 359
Samheitaverðskrá lyfja 129
Samkeppnisstofnun 177, 338
Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn 69
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi 59, 268
Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða 113
Samningur við Hornafjarðarbæ um þjónustu við fatlaða 113
Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða 114
Samræmd próf 53, 265
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 47, 269
Samskipti við Vestur-Íslendinga 63
Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar 171
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 132
Samtök iðnaðarins 173, 335
Samvinnuháskólinn 35, 254
Sauðfjárveikivarnir 73
Sáttmálasjóður 37
Scandinavian House 272
Schengen samstarf 94
Seljahlíð, Reykjavík 134
Sendiráð Íslands í Berlín 68
Sendiráð Íslands í Bonn 65
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu 66
Sendiráð Íslands í Helsinki 67
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 65

Sendiráð Íslands í London 65
Sendiráð Íslands í Moskvu 65
Sendiráð Íslands í Ósló 65
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO 66
Sendiráð Íslands í Peking 67
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 66
Sendiráð Íslands í Washington 66
Sendiráð og fastanefndir 273
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka 23
Sérkennsla 41, 264
Sérstakar greiðslur í landbúnaði 81, 280
Sérstakt vörugjald af bensíni 19, 239
Sérstök heimilisuppbót 121
Sértækir skattar á vöru og þjónustu 19, 239
Siðaráð 123
Siglingamál 331
Siglingastofnun Íslands 169, 331
Sinfóníuhljómsveit Íslands 57, 192,, 267, 349
Síldarútvegsnefnd 86, 285
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 165
Sjálfsbjörg Akureyri 125
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 133
Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa 167, 329
Sjávarútvegsráðuneyti 82, 282, 356
Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna 69
Sjóðstreymi ríkissjóðs 6, 227
Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum 135
Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit 174
Sjóður til síldarrannsókna 85, 285
Sjómannaskólahúsið 51, 261
Sjómannastofur 119
Sjónstöð Íslands 124, 307
Sjóvarnargarðar 169
Sjúkradagpeningar 122
Sjúkraflutningar 137, 314
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands 122
Sjúkraflutningaráð 123
Sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús 308
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi 126, 310
Sjúkrahús og læknisbústaðir 128, 315
Sjúkrahús Reykjavíkur 127, 311
Sjúkrahús, óskipt 128, 311
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis 122
Sjúkrastofnanir og heilsugæsla 308
Sjúkrastofnanir SÁÁ 132
Sjúkratryggingar 121, 305

Skaftholt ... 114
Skammtímavistun Álfalandi 6 ... 110
Skammtímavistun Hólabergi ... 114
Skammtímavistun Víðihlíð 9 ... 114
Skammtímavistun, Reykjadal ... 111
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld ... 157, 319
Skattar á tekjur einstaklinga ... 18, 236
Skattar á tekjur fyrirtækja ... 18, 237
Skattar á tekjur og hagnað ... 18, 234, 236
Skattar á vöru og þjónustu ... 19, 234, 238
Skatteftirlit ... 154
Skattrannsóknarstjóri ríkisins ... 158, 319
Skattstofa Austurlands ... 156
Skattstofa Norðurlands eystra ... 156
Skattstofa Norðurlands vestra ... 155
Skattstofa Reykjaness ... 157
Skattstofa Suðurlands ... 156
Skattstofa Vestfjarða ... 155
Skattstofa Vestmannaeyja ... 156
Skattstofa Vesturlands ... 155
Skattstofan í Reykjavík ... 154
Skattvinnslukerfi ... 164
Skáksamband Íslands ... 61
Skákskóli Íslands ... 61
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ ... 115
Skálholtsskóli ... 105
Skálholtsstaður ... 105
Skemmtanaskattur ... 240
Skerðingarákvæði í 6. gr. fjárlagafrumvarps ... 11, 368
Skilagjald á einnotaumbúðir ... 239
Skipting ríkissjóðstekna 1998 ... 234
Skipting ríkissjóðstekna 1999 ... 18, 235
Skipulag miðhálendis ... 183
Skipulagsmál ... 343
Skipulagsstofnun ... 183, 343
Skógrækt og landgræðsla ... 278
Skógrækt ríkisins ... 76, 279
Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði ... 76
Skógræktarfélag Íslands ... 71
Skólaakstur ... 54
Skólaíþróttir ... 61
Skriðuklaustur ... 62
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 86, 285
Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF ... 180
Skýrsluvélakostnaður ... 164, 324
Slysatryggingar ... 122, 307

Slysavarnafélag Íslands 167, 329
Slysavarnaráð 123
Slysavarnaskóli sjómanna 167, 328
Snorrastofa 62
Sóknargjöld 295
Sóknargjöld til annarra trúfélaga 106
Sóknargjöld til Háskóla Íslands 106
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 106
Sólheimar Grímsnesi 115
Sólvangur, Hafnarfirði 126
Spilliefnagjald 239
Spilliefnasjóður 182, 343
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi 146
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 130, 308
Staðlaráð 174
Starfsemi atvinnuleikhópa 59
Starfsemi áhugaleikfélaga 59
Starfsemi hljómsveita 59
Starfsmenntasjóður 118
Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir 82, 283
Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit 117
Stígamót 119
Stjórnarráðsbyggingar 163
Stjórnarráðshús 26
Stjórnartíðindi 87, 287
Stjórnsýslustofnanir, félagsmálaráðuneyti 298
Stofnkostnaður A-hluta ríkissjóðs 246
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 32, 257
Stofnun Sigurðar Nordals 32, 257
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 185, 344
Stofnverndarsjóður búfjár 79, 280
Styrking dreifikerfis í sveitum 175, 336
Styrkir til fiskvinnslustöðva 117, 301
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 182, 343
Styrkir til sérleyfishafa 168
Styrkir til útgáfumála 60
Styrktarfélag vangefinna 114
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar og skriflegri umsókn þingflokka 165
Styrkvegir 168
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 48
Suðurlandsskógar 77, 279
Sumardvalarheimili í Reykjadal 125
Sundabúð II, Vopnafirði 130
Sunnuhlíð, Kópavogi 131
Sveitarfélög 300

Sýslumaðurinn á Akranesi 95
Sýslumaðurinn á Akureyri 99
Sýslumaðurinn á Blönduósi 97
Sýslumaðurinn á Eskifirði 100
Sýslumaðurinn á Hólmavík 97
Sýslumaðurinn á Húsavík 99
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli 101
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði 101
Sýslumaðurinn á Ísafirði 96
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli 64, 273
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði 98
Sýslumaðurinn á Patreksfirði 96
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki 98
Sýslumaðurinn á Selfossi 102
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði 99
Sýslumaðurinn á Siglufirði 98
Sýslumaðurinn í Bolungarvík 96
Sýslumaðurinn í Borgarnesi 95
Sýslumaðurinn í Búðardal 95
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði 103
Sýslumaðurinn í Keflavík 102
Sýslumaðurinn í Kópavogi 103
Sýslumaðurinn í Neskaupstað 100
Sýslumaðurinn í Reykjavík 94
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi 95
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum 102
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal 101
Sýslumenn 292
Söfn, ýmis framlög 56, 265
Sölvhóll 163

T

Tannlækningar 122
Tannverndarsjóður 129
Tapaðar kröfur og tjónabætur 162, 322
Tekjuáætlun A-hluta ríkissjóðs 6, 18, 233, 235
Tekjubókhaldskerfi 164
Tekjuhorfur A-hluta ríkissjóðs 232, 233
Tekjur af sértækum eignarsköttum 19, 237
Tekjur af stimpilgjaldi 19, 237
Tekjur af þróunarsjóðsgjaldi 237
Tekjutrygging ellilífeyrisþega 121
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega 121
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 164
Tilkynningaskylda íslenskra skipa 167, 328

Tilraunagróðurhús 74
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 31, 256
Tilraunastöðin Stóra-Ármóti 71
Tjónabætur 162
Tollar og aðflutningsgjöld 239
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 64
Tollstjórinn í Reykjavík 159, 320
Tóbaksgjald 239
Tóbaksvarnir 130
Tónlist fyrir alla 59, 268
Tónlistarsaga Íslands 60
Tónlistarskólinn í Reykjavík 51
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 165
Tryggingagjöld og launaskattar 18, 234 237
Tryggingamál 303
Tryggingarsjóður vegna byggingargalla 297
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 118, 301
Tryggingastofnun ríkisins 120, 304
Tæknisjóður 36
Tækniskóli Íslands 34, 258
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands 110
Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála 167, 328
Tölvumiðstöð fatlaðra 110
Tölvunefnd 88
Tölvuvæðing útflutningsskýrslna 157

U

Umboðsmaður Alþingis 24, 249
Umboðsmaður barna 28
Umferðarráð 92, 289
Umhverfisráðuneyti 180, 340
Umhverfisverkefni 77
Umhverfisvernd 342
Umhverfisvöktun 180
Umsýslugjald af brunabótamati 323
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar 117
Umsýslustofnun varnarmála 196
Umönnunarbætur 121
Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku 26
Undirbúningur að smíði varðskips 93
Undirbúningur að stofnun nýrra sendiráða 63, 272
Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á Austurlandi 37
Ungmennafélag Íslands 60
Uppkaup á fullvirðisrétti 77
Upplýsingakerfi sýslumanna 104, 294

Utanríkisráðuneyti 63, 271, 349

Ú

Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál 180
Úrskurðarnefnd upplýsingalaga 26
Útboðs- og einkavæðingarverkefni 26
Útflutningsgjald á hross 80, 281
Útflutningsráð Íslands 70, 275
Útgáfa hæstaréttardóma 89
Útgáfa lagasafns 87
Útgáfa norræns dómasafns 88
Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár 129
Útgáfa úrskurða í skattamálum 157
Útgáfa vegabréfa og ökuskírteina 104, 293
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 160, 323
Útvarpsréttarnefnd 62

V

Varnarmálaskrifstofa 63, 272
Vaxta- og geymslukostnaður 77
Vaxtabætur 161, 321
Vaxtagjöld ríkissjóðs 187, 345
Vaxtatekjur 20, 241
Veðurstofa Íslands 185, 345
Veðurþjónusta fyrir millilandaflug 185, 345
Vegagerðin 168, 331
Vegamál 330
Vegáætlun 330
Veiðimálastjóri 72, 278
Veiðimálastofnun 72, 277
Veiðistjóri 181, 342
Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur 157
Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 165
Verðlagsforsendur 247
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 71
Verðlagsráð sjávarútvegsins 82, 283
Verðlagsstofa skiptaverðs 85, 285
Verðmiðlun landbúnaðarvara 79, 280
Verðtilfærslugjald á mjólk 77, 279
Verkfræðistofnun Háskóla Íslands 30
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva 122, 306
Verkmenntaskóli Austurlands 45, 263
Verkmenntaskólinn á Akureyri 45
Verktakasamningur um upplýsingaöflun 82
Vernd Breiðafjarðar 180

Verndaður vinnustaður Egilsstöðum ... 113
Verndaður vinnustaður Selfossi ... 114
Verndaður vinnustaður, Örvi ... 111
Verslunarskóli Íslands ... 51, 259
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri ... 61
Vetrarsamgöngur og veruflutningar ... 167
Vélskóli Íslands ... 48
Viðhald fangelsisbygginga ... 104
Viðhald rannsóknaskipa ... 83
Viðhald sjúkrahúsa, óskipt ... 128
Viðhaldsverkefni A-hluta ríkissjóðs ... 246
Viðskiptaháskólinn í Reykjavík ... 35, 259
Viðskiptaráðuneyti ... 176, 337, 361
Vinnueftirlit ríkisins ... 109, 298
Vinnumál ... 117, 300
Vinnumálastofnun ... 116, 301
Vinnustofa Blindrafélagsins ... 110
Vinnustofan Ás ... 114
Virðisaukaskattur ... 19, 238
Virkjanarannsóknir ... 22, 175
Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar ... 28
Vistheimilið Bjarg ... 134
Vistheimilið Skálatúni ... 115
Vistheimilið Tjaldanesi ... 111
Vistun geðfatlaðra ... 110
Vistun ósakhæfra afbrotamanna ... 134
Vitabyggingar ... 169
Víðines ... 133
Vísindasjóður ... 36, 260
Vörugjald af bensíni ... 19, 239
Vörugjald af ökutækjum ... 19, 239

Y

Yfirdýralæknir ... 73, 278
Yfirfasteignamatsnefnd ... 160
Yfirlit ríkisfjármála ... 229
Yfirlit yfir lagabreytingar ... 371
Yfirskattanefnd ... 158, 370

Ý

Ýmis fræðistörf ... 60, 269
Ýmis innheimtukostnaður ... 158
Ýmis íþróttamál ... 61, 270
Ýmis löggæslumál ... 93, 291
Ýmis orkumál ... 175, 336

Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta 104, 293
Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda 68, 274
Ýmis umhverfisverkefni 180, 341
Ýmis viðskipta- og bankamál 176
Ýmis viðskiptamál 178, 338
Ýmis vörugjöld 19, 239
Ýmsar endurgreiðslur 165
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs 163, 322, 324

Þ

Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi 63
Þéttbýlisvegir 168
Þjóðgarðar og friðlýst svæði 181
Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur 180
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 29, 252
Þjóðhagsforsendur tekjuáætlunar 233
Þjóðhagsstofnun 27, 251
Þjóðkirkja Íslands 105, 295
Þjóðleikhúsið 191, 267, 348
Þjóðminjasafn Íslands 54, 266
Þjóðskjalasafn Íslands 54
Þjóðskráin 179
Þjónustumiðstöð Vonarlandi 113
Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili 126
Þroskaþjálfaskóli Íslands 258, 261
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 68
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 68, 275
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 68, 274
Þróunarsjóður leikskóla 53
Þróunarsjóður sjávarútvegsins 86, 285, 356
Þróunarstarf í grunnskólum 53
Þungaskattur 19, 157, 240
Þýðingamiðstöð 63, 272
Þýðingarsjóður 59

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 248
Æskulýðsmál 60, 269
Æskulýðsráð ríkisins 60

Ö

Ökuhermar fyrir grunnskólabörn 92
Ökunám 92
Örnefnastofnun Íslands 33, 257

Örorkulífeyrir 121
Örorkumatsnefnd 88
Örorkustyrkur 121
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE 69

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 1999.

(Lögð fram af forsætisráðherra 1. október 1998.)

I. INNGANGUR OG YFIRLIT UM HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Mikill uppgangur er í íslenskum þjóðarbúskap um þessar mundir. Allt útlit er fyrir að hagvöxtur áranna 1996–98 verði 5% að jafnaði, sem er langt umfram það sem gengur og gerist í þeim löndum sem við berum okkur jafnan saman við. Þessi vöxtur hefur að miklu leyti byggst á mikilli aukningu fjárfestingar og einkaneyslu. Hann á sér hins vegar forsendur í hagstæðum ytri skilyrðum þjóðarbúsins, miklum fjárfestingum í orkufrekum iðnaði og eflaust eru einnig að skila sér skipulagsumbætur og stöðugleiki undangenginna ára, því framleiðni hefur aukist hratt og gert þennan vöxt mögulegan.


Horfur eru á mun hægari vexti þjóðarútgjalda á næsta ári því nú sér fyrir endann á stórum verkefnum á sviði stóriðju og samgangna. Mikil aukning útflutnings sér þó til þess að hagvöxtur verður áfram kröftugur á næsta ári, eða um 4½%. Þessi útflutningsaukning byggist á varanlegum grunni því hún kemur að mestu til vegna aukningar í útflutningi sjávarafurða vegna stækkandi þorskstofns og afurða nýrrar stóriðju. Árin 2000–2003 er spáð 2½–3½% hagvexti. Þetta mat er þó háð forsendu um að efnahagsstarfsemi á heimsvísu verði ekki fyrir miklum eða langvarandi hnekki af þeim sviptingum sem nú eru á mörkuðum víða um heim.

Þótt fjárfestingar dragist saman á næsta ári verða þær enn miklar ef litið er til undanfarinna ára. Fjárfesting atvinnuveganna hefur aukist mjög frá lágmarki áranna 1993–95, enda dugði fjárfestingin þá ekki fyrir afskriftum fjármunastofnsins. Þessi þróun er því ánægjuleg og sýnir trú á framtíðarhagvexti hér.

Ein afleiðing þessa mikla hagvaxtar er minna atvinnuleysi, sem nú er spáð að verði 3% af mannafla í ár. Þrátt fyrir þetta hefur verðbólga haldist lág, en hér er spáð 1½% verðbólgu á þessu ári. Þessi hagstæða þróun á sér eflaust margar orsakir. Ein er sú að gengi krónunnar hefur styrkst, önnur að aukin samkeppni hefur leitt til aukinnar framleiðni og lægra verðs á vöru og þjónustu. Hins vegar er því spáð enn dragi úr atvinnuleysi á næsta ári og þegar gætir skorts á vinnuafli víða á vinnumarkaði. Það er því ástæða til að vera á varðbergi á næstunni hvað varðar þróun verðlags.

Miklar launahækkanir og lág verðbólga hafa valdið því að kaupmáttur heimilanna hefur aukist hröðum skrefum. Í fyrra jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 5½%, en í ár stefnir í meira en 8% aukningu, sem er töluvert umfram það sem reiknað var með í síðustu þjóðhagsáætlun. Á næsta ári er spáð 4½% aukningu kaupmáttar á mann.

Mynd 1. Landsframleiðsla á Íslandi og í öðrum OECD-ríkjum.
Vísitölur 1990=100.



Heimild: OECD.

Mikill vöruinnflutningur hefur orsakað verulegan halla á viðskiptum við útlönd. Að töluverðu leyti á þessi innflutningur sér skýringar í miklum innflutningi á fjárfestingarvörum og kaupum á bifreiðum og öðrum varanlegum neysluvörum. Það er þó ekki einhlít skýring, því innflutningur vex feikilega á nánast öllum vörutegundum. Hallinn leiðir til erlendrar skuldasöfnunar og á rætur í lágum þjóðhagslegum sparnaði, sem kemur berlega í ljós þegar fjárfesting er eins mikil og nú er.

Seðlabankinn hefur beitt vaxta- og gengisstefnu markvisst með stöðugt verðlag að markmiði. Mikilvægt er að halda fast við þessa stefnu á næstunni, en einnig er nauðsyn á festu í fjármálum hins opinbera til að færa halla á viðskiptum við útlönd aftur til jafnvægis. Þannig yrði hægt nokkuð á vexti eftirspurnar og stuðlað að jafnvægi á vinnumarkaði. Einnig skapast meira rúm fyrir samkeppnis- og útflutningsgreinar sem nokkuð hefur þrengt að með hækkandi raungengi að undanförnu.

Áherslan í hagstjórn á næstu missirum er því á festu í fjármálum ríkisins ásamt aðgerðum sem miða að bættri afkomu sveitarfélaga og auknum einkasparnaði. Þannig er dregið úr heildareftirspurn, jafnvægi viðhaldið á vinnumarkaði og stuðlað að stöðugleika í verðlagi. Aðhald í opinberum fjármálum eykur einnig þjóðhagslegan sparnað og styrkir þannig hagvöxt til frambúðar. Beiting vaxta og gengis á síðan að styðja aðhaldssama fjármálastefnu ríkisins.

II. EFNAHAGSSTEFNAN

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð í apríl 1995 setti hún fram nokkur meginmarkmið í efnahagsmálum. Mikilvægasta markmiðið var að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir hagvöxt. Stefnt var að því að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og vinna að ýmsum endurbótum á efnahagskerfinu. Þannig var fylgt eftir þeirri stefnu sem mörkuð var á fyrstu árum þessa áratugar. Þau markmið sem ríkisstjórnin setti sér í upphafi hafa í öllum

meginatriðum náðst og á mörgum sviðum hefur árangurinn orðið mun betri en búast mátti við. Þetta á ekki síst við um hagvöxt, atvinnu og kaupmátt. Vegna þessa góða árangurs er mikið í húfi að vel takist til við efnahagsstjórn á næstu missirum og næstu árum.

Markmið efnahagsstefnunnar er sem fyrr að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir áframhaldandi hagvexti og batnandi lífskjörum.

Mikilvæg undirstaða hagvaxtar í framtíðinni er fjárfesting í menntun og rannsóknum. Með vaxandi mikilvægi sérhæfðrar þekkingar þurfa stjórnvöld að auka fjárfestingu í þekkingu og færni, m.a. í gegnum menntakerfið, opinberar rannsóknastofnanir og fjárveitingar til rannsókna og þróunarstarfs sem renna í gegnum opinbera sjóði. Í flestum OECD-ríkjum og ríkjum þar sem hagvöxtur og þjóðfélagsframfarir eru hvað örastar ver hið opinbera miklum fjármunum til að styðja rannsóknir. Í landi þar sem fyrirtæki eru yfirleitt smá og starfa í hefðbundnum greinum atvinnulífs er við því að búast að hlutur ríkis sé nokkuð stór í fjármögnun rannsókna. Þó þarf að leita leiða til að hvetja fyrirtæki til þátttöku í rannsóknum og efla samstarf þeirra við opinberar rannsóknastofnanir. Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að auka hlut þeirra framlaga sem fara í gegnum sjóði til afmarkaðra verkefna að undangengnum umsóknum sem hafa fengið faglega umfjöllun. Einnig hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á aukið samstarf opinberra rannsóknastofnana. Er það gert í þeim tilgangi að nýta betur fé og starfskrafta, koma í veg fyrir tvíverknað og treysta stöðu Íslands á þessu sviði í ljósi alþjóðlegrar samkeppni.

Á næstunni þarf að efla stefnumótun á þessu sviði í þeim tilgangi að treysta stöðu atvinnulífs á Íslandi í nýju alþjóðlegu umhverfi þar sem þekking og færni ræður miklu um samkeppnisstöðu þjóða. Í þessu samhengi hefur verið unnið að markáætlun um rannsóknir og þróunarstarf á sviði upplýsingatækni og umhverfismála. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að þessi svið njóti forgangs við úthlutun styrkja Rannsóknarráðs Íslands með hliðsjón af áætlun ráðsins.

Stefnumótun á sviði rannsókna stendur þó ekki ein sér heldur tengist eflingu menntakerfisins og stuðningi stjórnvalda við nýsköpun í atvinnulífi, m.a. þeirri uppstokkun sem varð við sameiningu fjárfestingarsjóða atvinnulífsins, stofnun Nýsköpunarsjóðs og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Að því er varðar skipulagsbreytingar hefur á undanförnum árum verið unnið markvisst að sölu fyrirtækja í eigu ríkisins. Á síðari hluta þessa árs hefur verið ákveðið að hefja sölu 49% hlutafjár í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og 44% hlutafjár í Skýrr hf. sem enn eru í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar. Einnig er stefnt að því að hefja sölu hlutafjár í Íslenskum aðalverktökum hf. í lok ársins. Loks var ákveðið að gefa út nýtt hlutafé í Landsbanka Íslands hf. að nafnverði 1.000 m.kr. og það selt í dreifðri sölu í september sl.

Á árinu 1999 verður áfram unnið að einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Fyrir liggur ákvörðun um að ljúka sölu hlutabréfa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. á fyrri helmingi ársins auk þess sem stefnt er að því að Búnaðarbanki Íslands hf. gefi út nýtt hlutafé og selji nýjum hluthöfum.

Með svo umfangsmikilli sölu ríkisfyrirtækja og að er stefnt á næstu missirum dregur ríkið úr eignarhaldi sínu á helstu banka- og lánastofnunum landsmanna og eflir þannig samkeppni á fjármálamarkaði. Það leiðir til hagræðingar á þessu sviði. Þá eykst hlutafjáreign almennings og greiðslustaða ríkissjóðs batnar.

Við núverandi aðstæður í þjóðarbúskapnum beinist hagstjórn einkum að því að koma í veg fyrir þenslu sem stofnað gæti stöðugleikanum í hættu. Nauðsynlegt er að draga úr viðskiptahalla og auka sparnað. Þetta eru meginviðfangsefni í peningamálum og ríkisfjármálum eins og nánar er lýst hér á eftir.

Ríkisfjármál.

Staða efnahagsmála hér á landi hefur gjörbreyst á undanförnum árum. Í stað óðaverðbólgu, jafnvægisleysis og óstöðugleika á áttunda og níunda áratugnum ríkir nú stöðugleiki á flestum sviðum efnahagslífsins. Allt frá miðjum síðasta áratug var mikill hallarekstur á ríkissjóði með tilheyrandi lántöku og skuldasöfnun. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs verði jákvæður þannig að unnt verði að lækka skuldir ríkissjóðs um meira en 20 milljarða króna á árunum 1998 og 1999, eða um 10%.

Eitt helsta einkenni fjárlagafrumvarpsins er að hagstætt árferði er nýtt til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir tæplega 2 milljarða króna tekjuafgangi á fjárlögum ársins 1999. Hins vegar er talið að lánsfjárafgangur ríkissjóðs geti numið um 15 milljörðum króna. Þetta gefur færi á að greiða niður skuldir ríkissjóðs, þriðja árið í röð, og er áætlað að heildarskuldir ríkissjóðs verði rúmlega 20 milljörðum króna lægri í árslok 1999 en í árslok 1997. Áframhaldandi hagvöxtur og aukin umsvif í efnahagslífinu skila sér í auknum tekjum ríkissjóðs á árinu 1999, jafnt af tekjusköttum sem veltusköttum. Á móti vegur fyrirhuguð lækkun tekjuskatts um næstu áramót um 1%. Enn fremur er gert ráð fyrir umtalsverðum tekjum af sölu eigna ríkisins sem ganga til lækkunar skulda. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir auknum útgjöldum til ýmissa þátta heilbrigðismála. Þá eru framlög til rannsóknar- og þróunarmála aukin verulega, meðal annars til verkefna tengdum upplýsingasamfélaginu. Sömu sögu er að segja af framlögum til ýmissa menningarmála, meðal annars til undirbúnings fyrirhugaðra menningarviðburða á árinu 2000. Loks eru framlög til samgöngumála stóraukin.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum í því skyni að bæta rekstrarskilyrði og samkeppnisstöðu atvinnulífsins, bæði með lækkun og niðurfellingu skatta og öðrum aðgerðum til að treysta stöðugleikann í efnahagslífinu, hafa skilað umtalsverðum árangri. Í kjölfarið hefur traust erlendra aðila á efnahagsstefnu stjórnvalda farið vaxandi sem meðal annars birtist í bættu lánshæfismati Íslands erlendis. Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld fengið afar jákvæða umfjöllun í skýrslum OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, bæði vegna þeirra áherslubreytinga sem orðið hafa í hagstjórn og ýmissa skipulagsbreytinga sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á mörgum sviðum efnahagslífsins, á fjármálamarkaði, í opinberum rekstri með aukinni áherslu á hagræðingu og markaðsvæðingu, í lífeyrismálum og víðar.

Það eru hins vegar gömul og ný sannindi að oft er erfiðara að hafa stjórn á efnahagsmálum í góðæri líkt og nú ríkir á Íslandi en þegar erfiðleikar steðja að. Þess vegna er afar mikilvægt að varðveita þennan árangur og slaka hvergi á við stjórn efnahagsmála. Þetta á ekki síst við um ríkisfjármálin því þau gegna nú lykilhlutverki í hagstjórn hér á landi. Sem fyrr segir hillir undir það í fyrsta skipti í einn og hálfan áratug að traust staða ríkisfjármála geri kleift að greiða niður skuldir ríkisins og um leið draga úr miklum vaxtakostnaði. En traust staða ríkissjóðs er ekki síður mikilvæg frá öðru sjónarhorni, þ.e. til þess að auka sparnað í þjóðfélaginu og stuðla þannig að betra jafnvægi í efnahagslífinu með aðhaldi að innlendri eftirspurn.

Upp á síðkastið hafa komið fram vísbendingar um að hagsveiflan hér á landi sé komin á það stig að aukins aðhalds sé þörf til að halda aftur af miklum vexti þjóðarútgjalda. Hins vegar er ekki ástæða til að óttast að þróun efnahagsmála fari úr böndunum. Með þeim breytingum sem orðið hafa á skipulagi og umgjörð efnahagslífsins á undanförnum árum, til dæmis með opnun fjármagnsmarkaðarins gagnvart útlöndum og uppbyggingu verð- og hlutabréfamarkaðar, hefur verið búinn til svo traustur rammi að ekki verður aftur snúið. Þessar breytingar gera vissulega auknar kröfur til opinberra aðila, en ekki síður til stjórnenda fyrirtækja um að auka hagræðingu í rekstri og treysta þannig samkeppnisstöðuna. Þá er mikilvægt að

hafa í huga að það góðæri sem hér ríkir er byggt á traustum grunni og raunverulegum forsendum, ólíkt því sem stundum var áður. Þannig hafa komið til sögunnar nýjar atvinnugreinar sem hafa megnað að byggja upp öflugan útflutning, svo sem hugbúnaðargerð og ýmis hátæknifyrirtæki í framleiðslu- og þjónustugreinum. Útflutningsverð á flestum sviðum sjávarútvegs er einnig afar hagstætt og horfur á vaxandi afla á næstu árum. Loks má nefna að þær miklu fjárfestingar sem ráðist hefur verið í á undanförnum árum eru mun arðbærari en áður var.

Við ríkjandi aðstæður í efnahagslífinu er engu að síður brýnt að stjórnvöld freisti þess að hamla gegn aukningu þjóðarútgjalda og komi þannig í veg fyrir að stöðugleikinn í verðlagsmálum raskist. Æskilegt er að grípa til aðhaldsaðgerða bæði í peninga- og ríkisfjármálum. Svigrúm til frekara aðhalds í peningamálum er hins vegar takmarkað þar sem nú þegar er fylgt mjög aðhaldssamri peningamálastefnu. Þetta kemur meðal annars fram í mun hærri vöxtum hér á landi en í flestum nálægum ríkjum. Enn fremur hefur gengi íslensku krónunnar farið hækkandi síðustu missiri sem hefur þrengt að samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Við þessar aðstæður er mikilvægt að treysta stöðu ríkisfjármála enn frekar. Það stuðlar að auknum innlendum sparnaði og hamlar gegn aukningu þjóðarútgjalda. Í þessu felst ekki að það þurfi að draga úr útgjöldum til brýnna málaflokka eins og velferðar- og menntamála, en útgjöld til þeirra munu sem fyrr segir aukast á þessu og næsta ári líkt og undanfarin ár. Hins vegar þarf að beita ýtrasta aðhaldi í opinberum rekstri, til dæmis með því að halda áfram að bjóða út ýmis verkefni á vegum ríkisins. Einnig mun áframhaldandi sala á eignum ríkisins til einkaaðila verða til þess að auka sparnað og draga úr innlendri eftirspurn.

Flest bendir til að meginverkefni hagstjórnar hér á landi á næstu árum verði að leita leiða til að auka þjóðhagslegan sparnað og draga úr viðskiptahalla gagnvart útlöndum. Hér er þó rétt að ítreka að það er gert ráð fyrir lánsfjárafgangi hjá ríkissjóði árin 1998 og 1999 sem spornar gegn neikvæðum áhrifum viðskiptahalla á efnahagslífið. Þegar flest þjóðhagsleg skilyrði eru hagstæð, líkt og nú er, er hins vegar æskilegt að afgangur sé á viðskiptajöfnuði og að erlendar skuldir fari lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu, að minnsta kosti ef litið er til viðskiptajöfnuðar án fjárfestingar í stóriðju. Enginn vafi er á að aukinn sparnaður hins opinbera er öruggasta og fljótvirkasta leiðin til þess að auka þjóðhagslegan sparnað.

Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum miðar að því að treysta stöðugleikann í sessi og stuðla að áframhaldandi hagvexti og batnandi lífskjörum heimilanna í landinu. Það er lykilatriði í þessu samhengi að nýta góðærið til að treysta stöðu ríkisfjármála enn frekar en orðið er og halda áfram að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Lækkun skulda ríkisins er forgangsatriði í ríkisfjármálum og eitt brýnasta verkefni sem við stöndum frammi fyrir í efnahagsmálum. Með þessu móti er í senn búið í haginn fyrir framtíðina og rennt styrkum stoðum undir áframhaldandi góðæri í efnahagsmálum.

Stefnan í peningamálum.

Meginmarkmið stefnunnar í peningamálum er stöðugt verðlag. Í raun geta seðlabankar aðeins haft eitt sjálfstætt stjórntæki þegar fjármagnshreyfingar eru fullkomlega frjálsar, þar sem vextir og gengi eru nátengd við þær aðstæður. Stöðugleiki í gengismálum er nokkurs konar millimarkmið Seðlabanka Íslands að ofangreindu marki. Gengi krónunnar skal haldast innan þeirra vikmarka sem ákveðin voru í september 1995, þ.e. 6% til hvorrar handar frá miðgengi sem ákveðið var í júní 1993. Þessari stefnu framfylgir Seðlabankinn með því að stýra vöxtum á peningamarkaði, fyrst og fremst með ákvörðun ávöxtunar í endurhverfum viðskiptum sínum við lánastofnanir. Ávöxtun á peningamarkaði hefur sterk áhrif á gjaldeyrisstrauma og þar með á hreyfingar gengis krónunnar. Auk þess hafa skammtímavextir á

peningamarkaði áhrif á vexti í bankakerfinu og á skuldabréfamarkaði. Þar með hafa vaxtaákvarðanir Seðlabankans áhrif á neyslu og fjárfestingu þegar frá líður.

Efnahagsþróunin hér á landi hefur að undanförnu einkennst af öflugum hagvexti, minnkandi atvinnuleysi, launahækkunum sem eru mun meiri en í nágrannalöndum, vaxandi viðskiptahalla og lágri verðbólgu. Þessi þróun gefur tilefni til að ætla að hagkerfið hafi stefnt hratt að þeim mörkum sem til lengdar geta samrýmst stöðugleika í verðlagsmálum og kallar á aðhaldssama stefnu í bæði peninga- og ríkisfjármálum. Auk þess sem að framan er greint hafa peninga- og lánastærðir vaxið hratt síðustu mánuði. Tólf mánaða vöxtur peningamagns í breiðum skilningi (M3) og útlána bankakerfisins hefur t.d. verið um og yfir 15%. Rannsóknir sýna að til lengri tíma litið er náið samband á milli aukningar peningamagns og vaxtar nafnvirðis landsframleiðslu (þ.e. samanlagðs hagvaxtar og verðbólgu). Til lengdar getur hagvöxtur vart verið mikið yfir 3–4% og því fær þessi vöxtur peningamagnsins ekki samrýmst lágri verðbólgu til lengri tíma litið. Rannsóknir sýna einnig að vöxtur útlána hefur visst vísbendingargildi varðandi framtíðarverðbólgu.

Þrátt fyrir vaxandi viðskiptahalla á þessu ári og stöðuga eignamyndun erlendis á vegum lífeyrissjóða hefur verið töluvert innstreymi gjaldeyris. Vegna góðrar sjóðsstöðu ríkissjóðs hefur verulegur hluti gjaldeyrisinnstreymisins verið nýttur til endurgreiðslu erlendra lána ríkissjóðs. Á fyrstu átta mánuðum ársins endurgreiddi ríkissjóður erlend lán að fjárhæð 11 milljarðar kr.

Mikill og jákvæður vaxtamunur milli Íslands og helstu viðskiptalanda hefur ýtt undir þessa þróun á gjaldeyrismarkaði. Vaxtamunurinn endurspeglar mismunandi stöðu efnahagsmála hér á landi og erlendis. Víða eru vextir í sögulegu lágmarki en uppsveiflan í efnahagsmálum hér hefur kallað á aðhald í peningamálum. Í Evrópu hefur mikið aðhald í ríkisfjármálum skapað svigrúm til slökunar í peningamálum. Japan glímir við djúpstæða fjármálakreppu með þensluhvetjandi aðgerðum sem felast meðal annars í lágvaxtastefnu. Vegna mikils framleiðnivaxtar og lágrar verðbólgu í viðskiptalöndum hafa Bandaríkin ekki þurft að auka aðhald í peningamálum þrátt fyrir kröftugan hagvöxt. Undantekning frá þessu er Bretland þar sem hagvöxtur undanfarinna ára hefur leitt til verðbólgutilhneiginga sem mætt hefur verið með vaxtahækkunum. Stýrivextir Englandsbanka eru nú svipaðir og hér á landi, eða um 7½%.

Ofangreindar aðstæður hafa valdið því að Seðlabanki Íslands hefur talið nauðsynlegt að fylgja aðhaldssamri peningastefnu á undanförnum mánuðum, sem birtist hvað skýrast í vaxtamun gagnvart útlöndum. Í framhaldi af gjaldeyrisútstreymi og lækkun á gengi íslensku krónunnar á haustmánuðum hækkaði Seðlabankinn vexti sína í nóvember 1997 og jók þar með mun innlendra og erlendra skammtímavaxta. Sú aðgerð leiddi til viðsnúnings á gjaldeyrismarkaði og styrkingar krónunnar og hafði áhrif allt fram á mitt þetta ár. Á þeim tíma styrktist krónan verulega og í lok júlí var gengi hennar rösklega 3% yfir því miðgildi sem ákveðið var 1993. Seðlabankinn taldi á þessum tíma nauðsynlegt að gengi krónunnar hækkaði til að draga úr hættu á aukinni verðbólgu í kjölfar mikilla launahækkana. Útlit var fyrir að verðbólga á þessu ári færi að óbreyttu yfir 3% á fyrri hluta ársins. Styrking krónunnar og erfiðleikar í heimsbúskapnum, ekki síst vegna efnahagsörðugleika í Austur-Asíu, ásamt vaxandi samkeppni í smásöluverslun hér á landi, hafa stuðlað að lægri verðbólgu og nú lítur út fyrir að hún verði um 1½% á árinu í heild.

Vaxandi óróa hefur gætt að undanförnu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, m.a. í framhaldi af kreppunni í Rússlandi. Þannig hefur hlutabréfaverð verið afar óstöðugt og það hefur endurspeglast í þróun gengis helstu gjaldmiðla. Noregur varð einnig fyrir áföllum sem leiddu til þess að gengi norsku krónunnar féll verulega þrátt fyrir umtalsverðar vaxtahækkanir

Noregsbanka. Áhrifa þróunarinnar í Noregi gætti í ýmsum nágrannalöndum, svo sem Danmörku og Svíþjóð. Svo virðist sem þessi órói hafi haft áhrif hér á landi, m.a. á gengi íslensku krónunnar. Áhrifin voru tvíþætt. Annars vegar hafði nábýli við hin Norðurlöndin bein áhrif á íslenskan markað og hins vegar leiddu varnaraðgerðir þessara landa til þess að munur vaxta á peningamarkaði hér og erlendis minnkaði. Því fylgdi þverrandi gjaldeyrisinnstreymi til Íslands.

Seðlabankinn brást við þrýstingi á gengi íslensku krónunnar til lækkunar af völdum hræringa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum með 0,3% vaxtahækkun í byrjun september þegar hann hækkaði ávöxtun í endurhverfum viðskiptum í 7,5%. Jafnframt hækkaði bankinn ávöxtun í tilboðum sínum í ríkisvíxla samsvarandi. Þessari aðgerð var ætlað að styðja gengi krónunnar, snúa við gjaldeyrisstraumum og styrkja gjaldeyrisforða bankans.

Sá árangur sem náðst hefur í að halda verðbólgu innan viðunandi marka á undanförnum mánuðum er ekki hvað síst að þakka aðhaldssamri stefnu í peningamálum. Í ljósi áframhaldandi öflugs hagvaxtar, mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli, peninga- og útlánaþenslu og ýmissa annarra hugsanlegra ofþenslumerkja má vænta þess að stefnan í peningamálum verði áfram aðhaldssöm.

III. ÁSTAND OG HORFUR

Staðan í þjóðarbúskapnum og horfur á næstu árum.

Íslenskur þjóðarbúskapur er um þessar mundir í mikilli uppsveiflu. Undanfarin tvö ár hefur hagvöxturinn að jafnaði verið um 5% á ári og útlit er fyrir að svipaður hagvöxtur verði á þessu ári og því næsta. Á sama tíma hefur hagvöxtur í viðskiptalöndunum að jafnaði verið um 3% á ári.

Samfara vaxandi efnahagsumsvifum hefur ástandið á vinnumarkaðnum gjörbreyst. Í stað atvinnuleysis sem náði hámarki árið 1995 og varð þá 5% af mannafla er útlit fyrir tæplega 3% atvinnuleysi á þessu ári og áframhaldandi lækkun á næsta ári. Jafnframt er nú svo komið að vinnuaflsskortur hefur víða gert vart við sig í atvinnulífinu.

Þrátt fyrir umtalsverða hækkun launakostnaðar og hækkandi atvinnustig undanfarin þrjú ár hefur verðbólgan ekkert aukist. Þvert á móti hefur hún farið lækkandi ár frá ári og stefnir í 1½% hækkun neysluverðsvísitölunnar á þessu ári en hækkunin var 1,8% í fyrra.

Núverandi aðstæður á vinnumarkaði gefa fullt tilefni til að gæta ýtrustu varkárni hvað varðar hættu á aukinni verðbólgu. Með tilliti til þessara aðstæðna er gert ráð fyrir að verðbólgan á næsta ári fari heldur vaxandi miðað við árið í ár og verði 2% milli ára. Þar með verður verðbólgan hér á landi nánast hin sama og í viðskiptalöndunum. Það má þó ljóst vera að ekki þarf mikið út af að bregða til að þessi spá bregðist og verðbólgan verði meiri.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist hröðum skrefum á þessu ári, eða um 8% á mann frá fyrra ári. Framhald verður á þeirri þróun á næstunni þótt takturinn verði mun hægari en í ár og spáð er 4,5% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann árið 1999.

Viðskiptakjör hafa batnað verulega á þessu ári. Verðhækkun sjávarafurða og lækkandi olíuverð vega upp lækkun álverðs og gott betur því tekjuauki þjóðarbúsins af bata á viðskiptakjörum nemur 2% af landsframleiðslu í ár. Spáð er nánast óbreyttum viðskiptakjörum á næsta ári. Þetta er þó háð því að efnahagserfiðleikarnir í Asíu og Rússlandi valdi ekki frekari samdrætti í efnahagsstarfseminni á heimsvísu. Slík þróun mundi eflaust segja til sín í minni eftirspurn eftir íslenskum vörum og þjónustu.

Vaxandi viðskiptahalli sem stefnir í að verða tæplega 40 milljarðar króna á þessu ári er áhyggjuefni. Það er fyrst og fremst aukin innlend eftirspurn sem liggur að baki viðskiptahallanum. Að hluta má þó rekja mikinn innflutning á þessu ári til stóriðju- og virkjanafram-

kvæmda, auk þess sem flugvélakaup vega þungt í innflutningstölunum. Spáin gerir ráð fyrir því að viðskiptahallinn minnki á næsta ári og verði 4% af landsframleiðslu en til samanburðar er gert ráð fyrir að 6,6% halla í ár.

Þjóðarútgjöld.

Hagvöxtur var enginn á Íslandi frá 1988 til 1993. Þessa gætti mjög í útgjöldum þjóðarinnar. Einkaneysla á mann var rúmum 13% minni 1993 en 1988, fjármunamyndun dróst saman um tæplega 28% á mann milli þessara ára og samdráttur þjóðarútgjalda á mann nam rúmum 12%. Árið 1993 mátti sjá fyrstu merki um bata. Útflutningur bar uppi hagvöxt áranna 1993 og 1994, en vöxtur þjóðarútgjaldanna hélst áfram lítill. Niðurstaðan varð sú að afgangur myndaðist á viðskiptajöfnuði. Betri efnahagshorfur og aukinn stöðugleiki urðu til þess að einkaneysla jókst á ný árið 1995 og ári síðar glæddist fjármunamyndun svo um munaði.

Þjóðarútgjöld.

	1997		Magnbreytingar frá fyrra ári, % Áætlun	Spá	Spá
	m.kr.	1996	1997	1998	1999
Einkaneysla	320.314	6,4	6,0	10,0	5,0
Samneysla	107.304	1,0	2,6	3,0	3,0
Fjármunamyndun	98.666	26,5	11,2	27,3	-10,0
Þjóðarútgjöld alls	521.190	7,5	5,4	12,8	1,5
Landsframleiðsla	524.419	5,6	4,4	5,2	4,6
Þjóðartekjur	...	4,7	5,2	7,1	4,1

Hagvöxtur undanfarinna ára hefur verið borinn uppi af miklum vexti þjóðarútgjalda. Viðbúið var að sá mikli slaki sem varð í þjóðarútgjöldum árin á undan leiddi til myndarlegrar aukningar útgjalda er betur horfði. Frá 1995 hefur atvinnuvegafjárfestingin aukist um tæp 150%. Endurskoðuð spá um fjármunamyndun í heild sýnir 27,3% aukningu frá 1997 til 1998, sem að meginhluta er borinn uppi af fjármunamyndun í atvinnulífinu. Því er hins vegar spáð að fjármunamyndun dragist saman á næsta ári um 10%, sem rekja má til samdráttar í stóriðju- og raforkuframkvæmdum sem hófust 1996. Alls má gera ráð fyrir að þessar framkvæmdir hafi numið rúmum 56 milljörðum króna og þar af voru um 27 milljarðar króna erlend fjárfesting.

Yfirlit yfir stóriðju- og orkuframkvæmdir.
Milljónir kr.

	1997	1998	1999
ÍSAL	3.951	1.500	1.260
Járnblendið	260	1.000	2.500
Norðurál [1]	6.909	7.000	
Raforkuframkvæmdir	6.185	13.520	7.300
Samtals	**17.305**	**23.020**	**11.300**

[1] Ekki er með vissu vitað um áform Norðuráls á næsta ári.


Einkaneyslan ræðst einkum af kaupmætti ráðstöfunartekna og væntingum heimilanna um tekjuþróun. Þá má enn fremur nefna að lánafyrirgreiðsla til heimila hefur stóraukist á tiltölu-

lega fáum árum og hefur sú breyting vafalítið haft mikil áhrif á neyslustigið. Frá árinu 1995 hefur einkaneyslan vaxið um 4–6% á ári. Á þessu ári er hins vegar gert ráð fyrir að einkaneyslan vaxi enn hraðar eða um 10%. Horfur eru á að vöxtur einkaneyslunnar verði minni á næsta ári og gerir spáin ráð fyrir 5% aukningu.

Spáð er að samneyslan vaxi um 3% á þessu og næsta ári. Samkvæmt spánni verður 20,7% af landsframleiðslu varið til samneyslu á næsta ári sem er svipað hlutfall og undanfarin ár.

Áætlun um þjóðarútgjöld gerir ráð fyrir að þau vaxi um 12,8% í heild á þessu ári. Þessi mikli vöxtur þjóðarútgjalda er bein ávísun á aukinn viðskipahalla því framleiðslugeta þjóðarbúsins var nálægt efri mörkum þegar í fyrra. Leita þarf allt til ársins 1987 til að finna hliðstæðan vöxt þjóðarútgjalda en á því ári jukust útgjöldin um 15,7%. Sá grundvallarmunur er þó á að 1987 mátti rekja útgjaldaaukann að verulegu leyti til einkaneyslu í stað fjárfestingar eins og nú er. Á næsta ári er útlit fyrir að hægi á vexti þjóðarútgjalda og spáð 1,5% aukningu.

Mynd 2. Hlutdeild í hagvexti.



Uppsveifla án verðbólgu.

Þjóðarbúskapurinn er í mikilli uppsveiflu sem hófst fyrir þremur árum. Hagvöxtur undanfarinna ára hefur á vissan hátt endurvakið viðfangsefni á sviði efnahagsmála sem ekki hafa verið ofarlega á baugi um alllangt skeið. Leita þarf aftur til áranna 1986–87 til að finna sambærilega þróun heildarstærða í þjóðarbúskapnum. Líkt og á þeim árum einkennist efnahagsþróunin af mikilli aukningu þjóðarútgjalda í kjölfar uppsveiflu í sjávarútvegi og vaxandi kaupmætti. Hins vegar er núverandi ástand frábrugðið að því leyti að engin verðbólga hefur fylgt uppsveiflunni eins og jafnan hefur gerst áður við sambærileg skilyrði.

Þetta er enn athyglisverðara fyrir þær sakir að atvinnustig er nú orðið mjög hátt og hærra en með góðu móti samrýmist stöðugu verðlagi samkvæmt fyrri athugunum Þjóðhagsstofnunar.

Þegar þróun verðlags á undanförnum mánuðum er skoðuð nánar kemur glögglega í ljós að mikill munur er á breytingum einstakra liða vísitölunnar. Sú verðbólguaukning sem búist var við í kjölfar síðustu kjarasamninga kemur að mestu fram í þeim liðum sem byggjast á innlendum framleiðsluþáttum, en innlendar vörur og þjónusta hafa hækkað um 3,2% á síðustu 12 mánuðum. Hækkun innlendra liða, bæði vöru- og þjónustuliða hefur verið meira í átt við það sem búist var við í upphafi árs þegar lagt var mat á verðbólguhorfur í kjölfar kjarasamninganna sem gerðir voru snemma árs í fyrra. Þá var reiknað með 2,7% verðbólgu á þessu ári samfara launahækkunum upp á 8½%. Hins vegar hefur hagstæð verðlagsþróun í viðskiptalöndunum, aukin samkeppni og hækkun á gengi krónunnar valdið því að verðlag á innfluttum vörum hefur lækkað jafnt og þétt, eða um 2,8% á síðustu 12 mánuðum og því vegið hækkanir á innlendum vörum og þjónustu upp að miklu leyti. Í heild er spáð ½% verðbólgu frá upphafi til loka ársins 1998 og 1½% frá fyrra ári.

Gera má ráð fyrir að verðbólga á næsta ári verði meiri en í ár. Að hluta byggist sú spá á forsendu um fast gengi krónunnar frá því sem það var í september sl. Miðað við fyrirsjáanlegar launahækkanir og í ljósi áframhaldandi uppsveiflu er gert ráð fyrir um 3% hækkun neysluverðs frá upphafi til loka næsta árs og að vísitalan hækki um 2% milli ára.

Enda þótt ört vaxandi innflutningur hafi vakið upp áhyggjur um vaxandi ójafnvægi í þjóðarbúskapnum verður ekki fram hjá því litið að hagstæð verðlagsþróun byggist að töluverðu leyti á þeirri staðreynd að eftirspurnin hefur beinst að innflutningi fremur en að innlendum vörum og þjónustu. Þannig hafa innlendir framleiðendur án efa tapað markaðshlutdeild, sérstaklega á þessu ári, eins og tölur Samtaka iðnaðarins um veltu íslenskra iðnfyrirtækja á fyrri hluta ársins sýna. Samkvæmt þeim jókst velta íslenskra iðnfyrirtækja einungis um rúmlega 1% á sama tíma og heildarvelta samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum jókst um 10,7%. Hækkunin á raungengi krónunnar hefur því augljóslega beint heildareftirspurninni að innflutningi fremur en innlendri framleiðslu og þar með stuðlað að aðhaldi á innlendum markaði.

Á vinnumarkaði hefur störfum farið fjölgandi samhliða því að úr atvinnuleysi hefur dregið. Atvinnukannanir Þjóðhagsstofnunar hafa leitt í ljós að atvinnurekendur vilja fjölga fólki og í vissum atvinnugreinum hefur gætt manneklu. Þegar borin er saman þróun atvinnuleysis og verðbólgu á undanförnum árum má greinilega sjá hvernig minnkandi verðbólga fer saman við aukið atvinnuleysi á árunum 1990–95. Síðan þá hefur þróunin snúist við og atvinnuleysið minnkað jafnt og þétt án þess að vart hafi orðið aukinnar verðbólgu, eins og fram kemur í mynd 6 hér á eftir.


Flest rök hníga að því að íslenskt efnahagslíf sé um þessar mundir nálægt þeim mörkum sem samrýmst geta áframhaldandi stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Nýting framleiðslutækja og vinnuafls er því sem næst í hámarki og hallinn á viðskiptum við útlönd stefnir í að verða verulega meiri en reiknað hafði verið með. Jafnframt er skýringa á hagstæðri verðlagsþróun að nokkru að leita í gengishækkun krónunnar og í óvenju hárri innflutningshneigð innlendrar eftirspurnar.

Þegar betur er að gáð eru þjóðhagshorfurnar hagstæðari en virðist við fyrstu sýn. Aukin fjárfesting atvinnulífsins sem í bráð birtist sem vaxandi innflutningseftirspurn mun þegar fram í sækir auka við framleiðslugetu þjóðarbúsins og á þann hátt skapa forsendur fyrir varanlegum hagvexti. Þetta á ekki bara við um þá nýju stóriðju sem byggð hefur verið upp, heldur einnig um atvinnulífið almennt þar sem sköpuð hafa verið ný atvinnutækifæri og ruddar nýjar brautir í atvinnumálum. Þegar fjárfestingarhrinan er um garð gengin má vænta þess að töluvert dragi úr innflutningi á fjárfestingarvörum jafnframt því sem framleiðsla fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings aukist að sama skapi. Þá má einnig vænta þess að fyrir-


sjáanleg kaupmáttaraukning á næstu árum leiði til aukins vinnuframboðs sem dragi á þann hátt úr þeim þrýstingi sem er á vinnumarkaðinum. Reynsla fyrri ára sýnir glögglega að framboð vinnuafls hér á landi er næmt fyrir breytingum á kaupmætti launa og því má gera ráð fyrir vaxandi atvinnuþátttöku á næstu árum.

Síðast en ekki síst eru horfur á að afli, sérstaklega þorskafli, fari vaxandi á næstu árum og því allt útlit fyrir að útflutningstekjur sjávarafurða geti vaxið umtalsvert frá því sem nú er.


Mynd 3. Hagvöxtur, breyting landsframleiðslu á föstu verði.




Mynd 4. Viðskiptajöfnuður, hlutfall af landsframleiðslu.



Mynd 5. Verðbólga og launahækkanir, % breyting frá fyrra ári.



Mynd 6. Verðbólga og atvinnuleysi, 1985–99.



Viðskiptajöfnuður.

Fyrstu sex mánuði ársins var hallinn á viðskiptum við útlönd 24 milljarðar króna en 3,3 milljarða króna halli á sama tímabili í fyrra. Það er fyrst og fremst aukinn halli á vöruskiptajöfnuði sem skýrir þessa miklu aukningu, en þjónustujöfnuður án þáttatekna sýnir einnig meiri halla í ár en í fyrra. Vöruskiptajöfnuðurinn var hagstæður um 3,5 milljarða króna á fyrstu sex mánuðunum í fyrra, en óhagstæður um 16 milljarða á sama tíma í ár. Ekki er reiknað með að þessi þróun gangi til baka á seinni hluta ársins heldur verði áframhaldandi halli á vöruskiptajöfnuði og að í heild verði rúmlega 28 milljarða króna halli á vöruviðskiptum á yfirstandandi ári. Spáð er jákvæðum þjónustujöfnuði án þáttatekna upp á rúma 1,9 milljarða en að jöfnuður þáttatekna verði neikvæður um 12 milljarða króna vegna vaxtagreiðslna af erlendum lánum. Viðskiptajöfnuðurinn á þessu ári verður því neikvæður um 38,6 milljarða eða sem svarar 6,6% af landsframleiðslu.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að þróun viðskiptajafnaðarins verði með töluvert öðrum hætti en á yfirstandandi ári. Auknar útflutningstekjur samfara því sem næst óbreyttum vöruinnflutningi gerir það að verkum að vöruskiptajöfnuðurinn batnar umtalsvert og verður neikvæður um 13,8 milljarða króna. Hins vegar mun aukinn viðskiptahalli óhjákvæmilega hafa í för með sér að vaxtagreiðslur af erlendum lánum fari vaxandi og því gerir spáin ráð fyrir því að jöfnuður þáttatekna verði óhagstæður um 14,3 milljarða króna á árinu 1999. Í heild stefnir því í neikvæðan viðskiptajöfnuð á næsta ári sem nemur 24,9 milljörðum sem svarar til 4% af landsframleiðslu.

Áherslur í hagstjórn.

Tvennt er sérstaklega eftirtektarvert í þróun helstu efnahagsstærða á þessu ári. Annars vegar er það lág verðbólga, þrátt fyrir mikla uppsveiflu í eftirspurn og hraða aukningu atvinnustigs. Hins vegar er það viðskiptahallinn, sem hér er spáð að verði hinn mesti í hlutfalli af landsframleiðslu síðan 1982. Tvær spurningar hljóta að vakna í þessu sambandi:

- Er viðskiptahallinn svo mikill að ástæða sé til að hafa áhyggjur af honum?
- Er hægt að draga úr viðskiptahallanum án þess að komi til aukinnar verðbólgu?

Þótt vissulega megi réttlæta viðskiptahallann að hluta með miklum fjárfestingum og kaupum á varanlegum neysluvörum að lokinni langvarandi efnahagslægð, þá gefa athuganir Þjóðhagsstofnunar til kynna að þegar tekið er tillit til þessara atriða standi eftir undirliggjandi halli sem nemur 3–4% af landsframleiðslu. Viðskiptahallinn endurspeglar þess vegna lítinn þjóðhagslegan sparnað undanfarinn áratug. Fjárfestingar hafa aukist á ný eftir samdráttarskeiðið 1988–93, en sparnaður hefur ekki aukist að sama marki og nægir engan veginn

til að fjármagna núverandi fjárfestingar. Það er því óumflýjanlegt að draga þá ályktun að stefna beri að betri niðurstöðu á viðskiptajöfnuði.

Ein meginundirstaða hagvaxtar nú er sá stöðugleiki í verðlagsmálum sem ríkt hefur síðustu árin. Eins og komið hefur fram hér að framan eru ákveðin hættumerki í þeim efnum, þrátt fyrir að þegar á heildina er litið mælist verðbólga lítil. Þessi árangur í verðlagsmálum hefur hins vegar náðst með beitingu vaxta og gengis eins og sést vel á mismunandi þróun innlends og erlends hluta neysluverðs og bitnar á innlendum samkeppnis- og útflutningsfyrirtækjum. Viðskiptahallinn endurspeglar því einnig minnkandi hlutdeild þeirra í heildareftirspurn.

Það er vel þekkt úr íslenskri hagsögu að lækkun á gengi krónunnar hefur ítrekað verið beitt til að lagfæra halla á viðskiptum við útlönd, sem oftast nær fór saman við laka afkomu í sjávarútvegi. Slík aðgerð væri varasöm við núverandi eftirspurnarstig, þar sem hætta er á að raungengislækkun með þessu móti yrði mjög skammvinn. Gengisbreytingar færu þá fljótlega út í verðlag og stöðugleikanum yrði fórnað fyrir skammtímaávinning.

Ytri aðstæður í íslenskum þjóðarbúskap og horfur um hagvöxt á næstu árum eru nú góðar. Viðskiptakjör eru einnig góð og líkur á að svo verði áfram. Horfur eru einnig á hagstæðri þróun útflutnings á næstu árum. Hins vegar er nauðsyn á festu í fjármálum hins opinbera á næstunni til að færa jöfnuð á viðskiptum við útlönd aftur til jafnvægis. Þetta fer einnig saman við nauðsyn á því að hægja nokkuð á hagvexti og ná þannig betra jafnvægi á vinnumarkaði. Þannig færðist þunginn í hagstjórninni frá vaxta- og gengisstefnu yfir á opinber fjármál. Mun heppilegra er að beita peningalegum aðgerðum til að styðja fjármálastefnuna fremur en að peningastefnan sé leiðandi eins og verið hefur að undanförnu. Það felur í sér hættu á að hækkandi raungengi þrengi smám saman að innlendum samkeppnis- og útflutningsgreinum.

Megináherslan í hagstjórn á næstu missirum hlýtur því að vera á aðhald í ríkisfjármálum ásamt aðgerðum sem miða að bættri afkomu sveitarfélaga og auknum einkasparnaði. Slíkar aðgerðir draga úr heildareftirspurn, bæta þannig jafnvægi á vinnumarkaði og stuðla að stöðugleika í verðlagi. Þær styrkja einnig aukinn þjóðhagslegan sparnað og hagvöxt til langframa. Beiting peningalegra stjórntækja, vaxta og gengis, ætti síðan að styðja aðhaldssama fjármálastefnu hins opinbera.

Efnahagshorfur á komandi árum.

Hagvöxtur hefur verið óvenju mikill hér á landi á síðustu árum, einkaneysla hefur vaxið hröðum skrefum og hlutdeild fjárfestingar af landsframleiðslu verið hærri en mörg undanfarin ár. Að baki þessari þróun liggja ekki síst stóriðjuframkvæmdir sem senn lýkur. Því má ætla að heldur dragi úr vexti þjóðarútgjalda og landsframleiðslu á næstu árum.

Efnahagshorfur næstu ára markast nokkuð af þeirri óvissu er nú ríkir á alþjóðavettvangi. Ekki sér fyrir endann á þeim efnahagsvanda er hrjáir Asíulönd og Rússland. Þá mun breytt skipan peningamála í Evrópu er Evrópska myntbandalagið (EMU) verður að veruleika, væntanlega hafa áhrif hér á landi, en ekki er ljóst hversu víðtæk þau áhrif verða.

Búist er við að núverandi stóriðjuframkvæmdum ljúki á árinu 2000. Þá verður starfsemi Norðuráls komin á fullt skrið og stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins verður lokið. Í spánni er ekki gert ráð fyrir öðrum stóriðjuverkefnum.

Á árinu 1997 voru gerðir kjarasamningar sem gilda fram eftir árinu 2000. Af þessum sökum er minni óvissa um launaþróun á spátímabilinu en oft áður.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir lauslegri spá um efnahagsþróun næstu 5 ára eða til ársins 2003. Forsendur um alþjóðahorfur, framleiðslu og hið opinbera verða fyrst raktar.

Alþjóðahorfur Í reikningunum er gert ráð fyrir að árlegur hagvöxtur í OECD-ríkjunum muni nema að meðaltali 2½% á tímabilinu 2000–2003. Í spá OECD frá því í júní síðastliðnum var gert ráð fyrir að hann næmi að meðaltali 2,7% á ári á þessu tímabili.

Framleiðsla Gert er ráð fyrir að framleiðsla sjávarafurða aukist um ríflega 3% að jafnaði árin 2000–2003, sem er heldur meiri vöxtur en á undanförnum árum. Stækkun álvers ÍSALs kemur að mestu fram á árinu 1998, en framleiðsla Norðuráls kemur að fullu inn á næsta ári. Þannig eykst álframleiðsla úr 175 þús. tonnum árið 1998 í 225 þús. tonn árið 2000. Þá er fyrirhugað að auka kísiljárnframleiðslu á næstu árum með stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins. Framleiðsla kísiljárns eykst úr 60 þús. tonnum á árinu 1998 í 115 þús. tonn á árinu 2000.

Gert er ráð fyrir því að sú verðlækkun áls og kísiljárns sem komið hefur fram á þessu ári gangi að einhverju leyti til baka á árunum 2000–2003 og verð þessara afurða hækki heldur meira en svarar til almennra verðbreytinga erlendis. Reiknað er með að verð á aðföngum til stóriðju fylgi verði afurðanna, en að öðru leyti fylgi verðlag inn- og útflutnings almennum verðbreytingum í viðskiptalöndum. Vegna horfa um verðbreytingar á áli og kísiljárni má búast við að viðskiptakjör fari hægt batnandi á tímabilinu.

Hið opinbera Gert er ráð fyrir að samneysla aukist um 2,3% að meðaltali. Fjárfesting hins opinbera vex hraðar, eða um 2½% árlega að jafnaði. Miðað við óbreytt skattkerfi munu skatttekjur standa í stað sem hlutfall af landsframleiðslu.

Miðað við þessar forsendur er búist við að hagvöxtur verði að meðaltali ríflega 2½% á árunum 2000–2003 sem er svipaður vöxtur og gert er ráð fyrir í ríkjum OECD að meðaltali. Gert er ráð fyrir að heldur dragi úr vexti einkaneyslu og hún aukist um 2% að meðaltali á ári, sem er töluvert minni vöxtur en á árunum 1995–99 en á þessum árum er áætlað að vöxtur einkaneyslu nemi ríflega 6½% á ári að meðaltali. Í kjölfar mikillar fjárfestingar á árunum 1996–98 má reikna með að fjárfesting aukist aðeins um 3½% á ári á tímabilinu. Samkvæmt þessu aukast þjóðarútgjöld í heild um 2–3% á ári. Þá er búist við að útflutningur glæðist og vaxi um 3½% á ári. Á sama tíma er gert ráð fyrir að heldur dragi úr vexti innflutnings og hann nemi 2½% á ári að meðaltali. Viðskiptahallinn fer því minnkandi og verður kominn í 2½% af landsframleiðslu í lok tímabilsins, gangi þessar spár eftir. Vegna mikils viðskiptahalla á árunum 1998–99 er búist við að erlendar skuldir hækki í 48½% af landsframleiðslu á árinu 2000 en standi síðan í stað til ársloka 2003.

Í framreikningunum er gert ráð fyrir að framleiðslugeta hagkerfisins sé nú þegar nánast fullnýtt. Atvinnuleysi hefur fallið hröðum skrefum og má búast við að það sé nálægt neðri mörkum og ekki hægt að gera ráð fyrir að það fari niður fyrir 2½% að öðru óbreyttu. Viðbúið er að frekari minnkun atvinnuleysis yki hættuna á aukinni verðbólgu, nema ráðist verði í sérstakar aðgerðir á vinnumarkaði.

Eins og áður er getið er ekki gert ráð fyrir nýrri stóriðju í reikningunum. Verði tekin ákvörðun um nýbyggingu eða stækkun stóriðjuvera mun það hafa áhrif í þá átt að auka fjárfestingu og innflutning til skamms tíma, en framleiðslu og útflutning til lengri tíma. Horfur um afla geta einnig breyst, en útlit er fyrir að þorskstofninn sé að styrkjast. Verði fiskafli

meiri á tímabilinu 2000–2003 en hér er gert ráð fyrir mun það væntanlega auka framleiðslu og útflutning og þar með hagvöxt. Þá munu niðurstöður kjarasamninga á árinu 2000 einnig hafa töluverð áhrif á efnahagshorfur næstu ára.

Á móti kemur að horfur á alþjóðamarkaði eru ótryggar. Ekki er ólíklegt að alþjóðastofnanir lækki spár sínar um hagvöxt á næstunni, en mikil óvissa ríkir um efnahagsþróun á alþjóðavettvangi eins og nánar er fjallað um í kaflanum um alþjóðaefnahagsmál hér á eftir. Áhrifanna gætir víða um heim og hefur gætt umróts á fjármálamörkuðum heimsins að undanförnu. Hér á landi gæti þessi þróun haft áhrif á útflutningseftirspurn og komið fram í versnandi viðskiptakjörum.

Framleiðni vinnuafls hefur vaxið hröðum skrefum að undanförnu eins og að er vikið síðar. Vöxtinn má að stærstum hluta rekja til þess góðæris er nú ríkir. Styrkasta stoðin undir vaxandi framleiðni til frambúðar er menntun, rannsóknir og þróun. Eins og fram kemur í ramma 2 hér á eftir hafa útgjöld til rannsókna og þróunar vaxið hröðum skrefum hér á landi. Þess er að vænta að atvinnustarfsemi nátengd rannsóknum muni eflast á næstu árum.

Rammi 1.
Þjóðhagslegur sparnaður.

Þjóðhagslegan sparnað má skilgreina á tvennan hátt. Annars vegar má líta á þjóðhagslegan sparnað sem verga þjóðarframleiðslu að frádreginni samneyslu og einkaneyslu. Hins vegar má skilgreina vergan þjóðhagslegan sparnað sem fjármunamyndun (auk birgðabreytinga), að viðbættum viðskiptajöfnuði. Þessar tvær skilgreiningar leiða til sömu niðurstöðu, því auk neyslu felur landsframleiðslan í sér ráðstöfun fjár til fjárfestingar og viðskiptajafnaðar. Þjóðhagslegur sparnaður minnkar með aukinni neyslu eða minni fjárfestingu. Viðskiptahalli jafngildir því þeim hluta innlendrar fjármunamyndunar sem ekki er fjármagnaður af innlendum sparnaði.

Þegar fjárfesting er umfram þjóðhagslegan sparnað hefur umframfjárfestingin hér á landi oftast verið fjármögnuð með erlendum lánum, enda sjaldnast um að ræða beina erlenda fjárfestingu sem gengur til fjármögnunar viðskiptahallans sem þá myndast. Þetta hefur leitt til söfnunar erlendra skulda. Frá árinu 1980 hefur viðskiptajöfnuður verið neikvæður 13 sinnum en jákvæður 4 sinnum.

Viðskiptahalli þarf ekki alltaf að vera áhyggjuefni. Í sumum tilvikum getur hann verið afleiðing þess að lagt er í mikla fjárfestingu sem skilar arði í framtíðinni. Halli á viðskiptajöfnuði þýðir hins vegar að þjóðin tekur lán erlendis og ef viðskiptajöfnuður er neikvæður ár eftir ár aukast erlendar skuldir hratt. Síðar kemur að því að minnka þarf innlenda neyslu til að borga vexti af uppsafnaðri skuldinni.

Lítill þjóðhagslegur sparnaður um skeið þarf ekki að valda áhyggjum. Vandamálið felst í því þegar þjóðhagslegur sparnaður er lítill yfir langt tímabil. Það þýðir annaðhvort að fjárfesting hefur verið lítil, sem leiðir til minni hagvaxtar í framtíðinni, eða fjárfesting hefur verið umfram sparnað, sem þýðir erlenda skuldasöfnun, sem aftur leiðir til minni neyslu í framtíðinni.

Lauslega áætlað þarf fjárfesting að nema um 20% af landsframleiðslu á ári til að standa undir 3% hagvexti. Til að koma í veg fyrir erlenda skuldasöfnun þarf sparnaður að nema svipaðri fjárhæð.

Ef tryggja á hagvöxt til frambúðar þarf fjárfesting að vera næg og dugar ekki að bæta aðeins þann hluta fjármuna sem afskrifaður er á hverju ári. Til að hindra stöðuga erlenda skuldasöfnun þarf innlendur sparnaður að nægja til að standa undir þessari fjárfestingu. Fjárfesting á þessu ári er hærri sem hlutfall af landsframleiðslu en verið hefur síðan 1983, eða 22,3%. Á sama tíma er vergur þjóðhagslegur sparnaður 15,6% af landsframleiðslu og dugar því sparnaður engan veginn til að fjármagna fjárfestinguna. Til samanburðar er vergur sparnaður í ríkjum OECD það sem af er þessum áratug að meðaltali tæplega 20% af landsfram-


leiðslu. Því er ljóst að nauðsynlegt er að auka sparnað. Í framreikningunum að framan eykst sparnaður frá 2000–2003 og er kominn yfir 17% á árinu 2003, sem þó stendur langt að baki meðaltali OECD-ríkjanna.

Rammi 2.
Rannsóknar- og þróunarstarf (RoÞ).

Uppgötvanir og tækninýjungar hafa alltaf verið ein helsta undirstaða efnahagslegra framfara. Á undanförnum árum og áratugum hafa tækniframfarir verið geysilega örar og nægir þar að nefna framþróun í tölvu- og líftækni. Þetta hefur í för með sér að líftími vöru er langtum skemmri en áður. Þeim sem brautina ryðja og þeim sem tileinka sér tæknina með skjótum hætti bjóðast miklir möguleikar, en þróunin getur skilið hina eftir sem strandaglópa. Áhrif tæknibreytinga á hagvöxt hafa verið hagfræðingum ljós um langt skeið. Rannsóknir á þessu sviði hafa fengið byr undir báða vængi á undanförnum árum. Samhengi milli framleiðni atvinnulífs og RoÞ er skýrt eins og eftirfarandi mynd sýnir. Myndin sýnir annars vegar útgjöld fyrirtækja til rannsóknar- og þróunar í fjórum aðildarríkjum OECD og hins vegar heildarþátta-framleiðni í bandaríkjadollurum. Eins og myndin ber með sér skilar rannsókna- og þróunarstarfsemi fyrirtækjanna sér ágætlega í aukinni framleiðni.


Íslendingar hafa löngum varið hlutfallslega minna fé til rannsókna en aðrar þjóðir. Þetta sýnir meðfylgjandi mynd, en þar eru útgjöld til RoÞ mæld sem hlutfall af landsframleiðslu. Myndin sýnir einnig að útgjöld til RoÞ hafa á undanförnum árum aukist hraðar hér á landi en í samanburðarlöndunum og farið úr 0,76% af landsframleiðslu árið 1985 í rúm 1,7% árið 1997. Þennan vöxt má rekja til aukins hlutar rannsóknarstofnana á háskólastigi og til vaxandi rannsóknarstarfs fyrirtækja. Hlutur atvinnulífs er þó áfram rýr í RoÞ og miklu lægri en meðal samanburðarþjóðanna. Fyrirtæki lögðu til um 35% fjár til RoÞ á Íslandi árið 1995, samanborið við um 14% 20 árum áður. Til samanburðar má nefna að árið 1993 fjármögnuðu atvinnufyrirtæki í Danmörku 50% af RoÞ, í Finnlandi var hlutfallið 57%, 44% í Noregi og 64% í Svíþjóð.

Mynd 7. Framleiðni fyrirtækja og útgjöld þeirra til RoÞ í nokkrum löndum.



Heimild: *Technology, Productivity and Job Creation*, OECD, 1996.

Mynd 8. Útgjöld til RoÞ í nokkrum löndum í hlutfalli við landsframleiðslu.



Heimild: OECD og Rannsóknarráð Íslands.

Árið 1997 er talið að Íslendingar hafi varið um 9 milljörðum króna til rannsókna og er það nær tvöföldun frá 1990 á föstu verðlagi og fjórföldun frá 1975.

Undirstaða tækniframfara er traust rannsóknar- og þróunarstarf. Athuganir hafa leitt í ljós mikla arðsemi af rannsóknar- og þróunarstarfi. Einkaarðsemi, þ.e. sá arður sem fellur þeim í skaut er standa að rannsókn, hefur þannig verið áætluð í ýmsum rannsóknum á bilinu 20–30%. Þjóðhagsleg arðsemi er enn meiri og samkvæmt athugunum er hún nær 50%. Þessi munur á einka- og þjóðhagslegri arðsemi er einmitt ástæða þess að um allan heim verja stjórnvöld miklum fjármunum til RoÞ-starfsemi. Mikið af þekkingu og tæknikunnáttu er í eðli sínu það sem heitir í hagfræðinni almannagæði (public good), þ.e. eitthvað sem erfitt er að útiloka aðra frá að tileinka sér með litlum tilkostnaði eftir að búið að er uppgötva það. Því kann hvati fyrir fyrirtæki að leggja fé í RoÞ að vera lítill þrátt fyrir að samfélagið í heild hagnist. Aukið mikilvægi RoÞ ásamt einkaleyfisákvæðum og öðrum eignarréttarákvæðum varðandi hugverk hafa hins vegar breytt afstöðu einkafyrirtækja til þessara mála.

Skrefið frá rannsóknum til framleiðslu vöru eða þjónustu hefur oft reynst erfitt og gjá verið milli vísindamanna og atvinnulífs. Að undanförnu hefur þjóðin orðið vitni að nokkrum dæmum um hvernig rannsóknir skila sér í arðbær fyrirtæki. Á þessu ári hafa ung hátæknifyrirtæki á sviði hugbúnaðargerðar og erfðatækni kynnt samninga við alþjóðleg stórfyrirtæki sem geta skilað miklum tekjum á næstu árum.

Á sjöunda og áttunda áratugnum héldust þjóðhagslegur sparnaður og fjárfesting að mestu leyti í hendur og námu á bilinu 26–29% af landsframleiðslu. Á níunda áratugnum breyttust þessi hlutföll til muna þegar sparnaður féll niður í 17½% af landsframleiðslu að meðaltali á meðan fjárfesting fór niður í 22½%. Samkvæmt áætlunum má búast við enn lægri tölum á þessum áratug en þjóðhagslegur sparnaður er áætlaður 16% af landsframleiðslu á meðan fjárfesting er áætluð 18%. Síðustu tvo áratugina hefur fjárfesting því verið undir því marki sem talið er nauðsynlegt til að tryggja hagvöxt til frambúðar.

Erlendar rannsóknir sýna að erfitt er að fá einkaaðila til að auka sparnað. Til dæmis benda athuganir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þess að í iðnríkjunum þurfi að jafnaði að hækka raunvexti um 6 prósentustig til að auka einkasparnað sem nemur 1% af landsframleiðslu. Þá virðist sem vaxtastig hafi ekki mikil áhrif á einkasparnað hér á landi. Hins vegar hafa breytingar á vöxtum breytt farvegi sparnaðar t.d. aukið peningalegan sparnað á kostnað annars sparnaðar.


Rannsóknir benda einnig til þess að þegar hið opinbera bætir afkomu sína með hækkun skatta minnki einkaaðilar sparnað á móti að verulegu leyti. Minnkun útgjalda hins opinbera virðist hins vegar leiða til minni viðbragða að þessu leyti. Það er því tryggasta leiðin til að auka þjóðhagslegan sparnað til langframa.

Alþjóðleg efnahagsmál.

Mat alþjóðastofnana á efnahagshorfum í heiminum hefur verið fremur bjartsýnt fram að þessu. Í maí sl. spáði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn 2,4% hagvexti í iðnríkjunum á þessu og næsta ári og spá OECD frá því í júní hljóðaði upp á 2,6% hagvöxt fyrir bæði árin. Frá því að þessar spár voru birtar hafa áframhaldandi efnahagserfiðleikar í Asíu og þá sérstaklega í Japan dregið blikur á loft í efnahagsmálum heimsins. Síðustu atburðir í Rússlandi hafa síðan dregið enn úr bjartsýninni.

Í endurskoðaðri spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er spáð 2,1% hagvexti í iðnríkjunum á þessu ári og 2,6% á því næsta. Miðað við vægi einstakra landa í utanríkisviðskiptum Íslendinga felur spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í sér 2,7% hagvöxt í viðskiptalöndunum á þessu ári og 2,3% á því næsta.

Mynd 9. Framleiðsluslaki í helstu hagkerfum.
Munur á framleiðslu og framleiðslugetu, %.



Heimild: OECD.

Þegar staðan í einstökum heimshlutum er skoðuð kemur fram mikill munur frá einu svæði til annars. Þessi munur sést vel þegar mat á framleiðsluslaka einstakra landa er skoðað. Í Bandaríkjunum er allur slaki horfinn og í ESB-löndunum er hann um það bil að hverfa, á meðan verulegur slaki hefur myndast í Japan.

Ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum.[1]

	1995	1996	1997	Áætlun 1998	Spá 1999
Hagvöxtur	**3,7**	**4,2**	**4,1**	**2,1**	**2,6**
Viðskiptalöndin	2,5	2,8	3,1	2,7	2,3
Iðnríki	2,6	3,0	3,1	2,2	2,3
Bandaríkin	2,3	3,4	3,9	3,5	2,0
Evrópusambandið	2,5	1,7	2,7	2,9	2,6
Japan	1,5	3,9	0,8	-2,3	0,6
Þróunarríki	6,0	6,6	5,8	2,2	3,6
Umbreytingarlönd [2]	-1,3	-1,0	1,8	1,0	1,1
Rússland	-4,0	-5,0	0,4	-3,0	-3,0
Asía	9,0	8,2	6,6	1,8	3,9
Alþjóðaviðskipti	**9,0**	**6,8**	**9,7**	**3,9**	**4,9**
Hráolíuverð	**0,8**	**18,4**	**-5,4**	**-31,1**	**9,3**
Verðbólga					
Viðskiptalöndin	2,4	1,9	1,6	1,4	2,0
Iðnríki	2,5	2,4	2,1	1,7	1,7
Þróunarríki	21,7	13,4	8,5	10,3	8,3
Umbreytingarlönd	75,3	41,4	27,9	17,7	19,1
Vextir, LIBOR [3]					
Bandaríkjadalir	5,6	5,6	5,9	5,7	5,7
Japönsk jen	0,7	0,7	0,7	0,7	0,6
Þýsk mörk	3,3	3,3	3,4	3,7	...
Evra	...	...	...	...	3,7

1) Hlutfallslegar breytingar frá fyrra ári nema annað sé tekið fram.
2) Fyrrum Sovétríki og ríki Austur-Evrópu.
3) Millibankavextir í London á innlánum til sex mánaða.

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Góður hagvöxtur hefur verið í Bandaríkjunum á sjötta ár og talið er líklegt að toppi hagsveiflunnar sé náð. Verð á hlutabréfum í Bandaríkjunum hefur farið lækkandi, m.a. vegna ástandsins í Asíu, en einnig hefur orðið vart við minnkandi tiltrú framleiðenda þótt almennt ríki enn bjartsýni um framhaldið. Þróunin hefur verið með svipuðum hætti í Bretlandi og nokkrum smærri Evrópuríkjum. Í Bretlandi hefur iðnaðarframleiðslan haldist óbreytt í heilt ár og teikn eru á lofti um umtalsvert minni hagvöxt á næsta ári. Uppsveifla í öðrum Evrópuríkjum hófst síðar eða um mitt ár 1996 og horfur eru á svipuðum hagvexti í ár og næstu ár. Uppsveiflan í Evrópu hefur ekki verið eins kröftug og reiknað var með. Í Asíu hefur efnahagsþróunin aftur á móti verið mjög óhagstæð og enn ekki útséð um hvort botni kreppunnar er náð.

Verðbólga og vextir.

Vaxandi verðbólguhætta, sérstaklega í Bandaríkjunum, hefur verið ofarlega á baugi undanfarin missiri sérstaklega þar sem atvinnuleysið þar í landi er nú komið langt niður fyrir þau mörk sem áður var talið að samrýmdust stöðugu verðlagi. Reyndar má segja að lág verðbólga hafi umfram annað einkennt núverandi uppsveiflu í Bandaríkjunum og í Evrópu. Áhrif

minni hagvaxtar draga úr líkum á því að verðbólgan aukist í iðnríkjunum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að verðbólgan í iðnríkjunum verði 1,7% á þessu og næsta ári, sem er umtalsverð lækkun frá fyrri spá. Verðbólga í umbreytingarríkjunum hefur hjaðnað verulega á undanförnum fimm árum og er nú komin undir 20%. Gera má ráð fyrir því að gjaldmiðlar þeirra landa sem mest verða fyrir barðinu á efnahagsþrengingunum veikist og leiði þar með til aukinnar verðbólgu í viðkomandi löndum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að vextir í iðnríkjunum lækki um 0,4 prósentustig á þessu og næsta ári. Vaxtalækkunin samsvarar nokkurn veginn til þeirrar verðbólgulækkunar sem reiknað er með, þannig að ekki er um raunvaxtalækkun að ræða.

Verðþróun á hrávörumörkuðum.

Áhrifa efnahagserfiðleikanna í Asíu gætir mjög á hrávörumörkuðum. Verð á olíu hefur lækkað jafnt og þétt og hefur ekki verið lægra síðan 1986. Þetta hefur vissulega komið sér vel fyrir flest iðnríkin og haldið aftur af verðbólgu, en hefur aftur á móti skaðað ríki eins og Noreg og Rússland sem háð eru olíuútflutningi.

Verð á málmum hefur einnig farið lækkandi um nokkurt skeið. Álverð hefur lækkað um 37% frá janúar 1995 þegar það var hvað hæst. Verðlækkunin var mjög hröð fram fram eftir þessu ári og hefur álverð á skyndimarkaðinum í London lækkað um 12,6% það sem af er árinu. Þessa miklu verðlækkun má rekja til minnkandi eftirspurnar í Asíulöndum í kjölfar efnahagsþrenginga þar. Framboð hefur ekki minnkað að sama skapi og birgðir því hlaðist upp.

Óvissar horfur.

Þrátt fyrir að mjög hafi syrt í álinn í efnahagsmálum heimsins byggja spár alþjóðastofnana almennt á þeirri forsendu að það versta sé nú þegar að baki og smám saman skapist jafnvægi á ný. Reiknað er með því að fjármálakreppan í Asíu leysist á farsælan hátt og breiðist ekki út til annarra svæða. Þannig er búist við því að hagvöxtur glæðist í Japan strax á seinni hluta þessa árs. Einnig er búist við því að myntbandalag ESB hafi jákvæð áhrif og styrki efnahag aðildarlandanna. Að síðustu er gert ráð fyrir því að jafnvægi skapist í bandarísku efnahagslífi án þess að peningayfirvöld þar í landi grípi til aðhaldsaðgerða.

Gangi þetta eftir er vissulega rúm fyrir hóflega bjartsýni um efnahagshorfurnar í heiminum á næstu árum. Margt getur þó farið úrskeiðis. Í fyrsta lagi er enn töluvert langt í land með að leysa þann mikla skipulagsvanda sem hrjáir fjármálastofnanir margra Asíulanda og liggur til grundvallar þeirri kreppu sem þar ríkir. Margt hefur þegar áunnist og lönd á borð við Suður-Kóreu og Tæland hafa þegar náð góðum árangri. En töluverður efnahagsvandi virðist blasa við í Japan. Peningayfirvöld hafa þegar slakað eins mikið á stefnunni og frekast er unnt og ríkisútgjöld hafa verið aukin stórlega. Engu að síður gengur erfiðlega að auka innlenda eftirspurn og koma hjólum efnahagslífsins af stað á ný.

Kreppan í Rússlandi hefur einnig haft sitt að segja. Þótt vægi Rússlands sé ekki mikið í alþjóðaviðskiptum, eiga fjármálastofnanir á Vesturlöndum og í Asíu verulegra hagsmuna að gæta þar í landi. Þróunin í Rússlandi gefur einnig vísbendingu um að áhrifa Asíukreppunnar sé farið að gæta í öðrum heimshlutum.

Mikil áhrif kreppunnar í Rússlandi á hlutabréfamarkaði í Evrópu og Bandaríkjunum komu ekki á óvart. Ljóst hefur verið um alllangt skeið að hátt verð hlutabréfa í iðnríkjunum gæti ekki staðist til lengdar og því mætti vænta þess að „leiðrétting" mundi eiga sér stað fyrr en síðar. Hvort sú verður raunin hefur enn ekki komið í ljós, en ef af því verður má fastlega

reikna með neikvæðum áhrifum, sérstaklega í Bandaríkjunum þar sem stærstur hluti einkasparnaðarins er í hlutabréfum.

Það ríkir því sannarlega óvissa um efnahagsmál heimsins um þessar mundir þar sem allir helstu áhættuþættirnir virðast leggjast á eitt um að dekkja myndina.

Fjármagnsmarkaður.

Eins og undanfarin ár hefur markmið Seðlabankans í peningamálum verið stöðugt verðlag. Til þess að ná því markmiði hefur bankinn einkum miðað peningaaðgerðir sínar við gengi krónunnar, því reynslan sýnir að fast gengi veitir mikið aðhald að verðlagi. Aðhald bankans hefur fyrst og fremst komið fram í háum vöxtum og vaxtamun gagnvart útlöndum. Vöxtur helstu peningastærða og slök lausafjárstaða innlánsstofnana er hins vegar mikið áhyggjuefni.

Vextir.

Vaxtamyndunin fer fram á tveimur mörkuðum; peningamarkaði og skuldabréfamarkaði. Ákvörðun vaxta innlána og útlána innlánsstofnana ræðst ekki með sama hætti á markaði. Hér verður fjallað um þróun þessara markaða og innbyrðis tengsl þeirra.

Helstu tæki Seðlabankans til stjórnunar peningamála beinast að peningamarkaði, því viðskipti bankans við innlánsstofnanir fara einkum fram þar. Með peningamarkaði er átt við markað fyrir ríkisvíxla og bankabréf, sem eru til skamms tíma. Vextir á peningamarkaði fóru heldur lækkandi lengst af á síðasta ári, en í kjölfar aðgerða Seðlabankans í desember hækkuðu skammtímavextir um 32 punkta og stóð þá ávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla í 7,22% miðað við kauptilboð. Ávöxtunin hækkaði í febrúar sl. og var í mánaðarlok 7,43%, en hefur síðan lækkað heldur og haldist á bilinu 7,25–7,3%.


Sveiflur í ávöxtun á peningamarkaði tengjast m.a. lausafjárstöðu innlánsstofnana, því þær leita á þann markað er laust fé vantar og ávaxta fé þar til skamms tíma þegar lausafjárstaða er góð.

Munur skammtímavaxta hér og í helstu viðskiptalöndum okkar var um 3% í ársbyrjun 1997. Munurinn lækkaði jafnt og þétt fram eftir ári í fyrra, er saman fóru hækkandi vextir erlendis og vaxtalækkun hér á landi. Með vaxtahækkun hér á landi í lok árs í fyrra jókst vaxtamunur á ný og hélst svo fram í febrúar. Erlendir skammtímavextir hafa þokast uppá við á þessu ári og vaxtamunurinn hefur minnkað og var í ágústbyrjun 2,57 prósentustig. Mælt á þennan kvarða virðist aðhald í peningamálum hafa farið minnkandi.

Í byrjun september sl. ákvað Seðlabanki Íslands að hækka ávöxtun í endurhverfum viðskiptum sínum á uppboði um 0,3 prósentustig, þannig að hún verði 7,5% í stað 7,2%. Samsvarandi hækkun var ákveðin á ávöxtun í viðskiptum Seðlabankans með ríkisvíxla sem skammt eiga eftir til innlausnar. Tilefni þessarar hækkunar er gjaldeyrisútstreymi og nokkur lækkun á gengi krónunnar að undanförnu. Með þessari vaxtahækkun ítrekar Seðlabankinn gengisstefnu sína.

Ávöxtun verðtryggðra markaðsskuldabréfa lækkaði í fyrra um nálægt ½ prósentustig. Þessi þróun hélst fram eftir þessu ári. Í lok síðasta árs var ávöxtun húsbréfa um 5,3%, en var um miðjan maí um 4,84% og á sama tímabili lækkaði ávöxtun spariskírteina til 10 ára úr 5,3% í 4,7%. Ávöxtun skuldabréfa þokaðist uppá við í sumar og var ávöxtun húsbréfa komin í 5% um miðjan ágúst og ávöxtun 10 ára spariskírteina var um 4,9%. Síðari hluta ágúst og fyrri hluta september hefur ávöxtunin lækkað á ný og um miðjan september er ávöxtun húsbréfa 4,85% og 10 ára spariskírteina 4,75%.

Mynd 10. Skammtímavextir og vaxtamunur, %.
Vextir ríkisvíxla til þriggja mánaða.



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Peningamarkaðurinn er sá hluti fjármagnsmarkaðar sem er langnæmastur fyrir markaðsaðstæðum. Þetta er eðlilegt í ljósi þess að þar fara fram viðskipti með fjárskuldbindingar til afar skamms tíma. Vextir á skuldabréfamarkaði fylgja hins vegar peningamarkaðsvöxtum allvel. Það felur í sér að með aðgerðum sínum á peningamarkaði hefur Seðlabankinn áhrif á vaxtaþróun skuldabréfa.

Ýmsir þættir móta út- og innlánsvexti innlánsstofnana. Vextir þeir sem Seðlabanki setur í viðskiptum við þessar stofnanir er einn slíkur þáttur auk peningamarkaðsvaxta. Markaðsaðstæður og þá ekki síst ávöxtun sem býðst annars staðar eru einnig afgerandi þættir. Innlánsstofnanir hafa kosið að vera varfærnar í vaxtabreytingum. Meðalvextir verðtryggðra útlána voru 9% í fyrra en hafa heldur þokast niður á við það sem af er ári og voru 8,7% í lok september. Meðalvextir óverðtryggðra skuldabréfalána hafa hins vegar verið óbreyttir um langt skeið, en lækkuðu niður í 12,9% í september. Með lækkandi verðbólgu hafa raunvextir þessara lána farið hækkandi og við verðbólgustigið um mitt ár voru þessir vextir ígildi 10,7% raunvaxta.

Munur á raunávöxtun verðtryggðra bankalána og húsbréfa hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum tveimur árum. Í lok árs 1996 var raunávöxtun bankalána rúmum 3 prósentustigum hærri en húsbréfa, en munurinn var orðinn rúmlega 4 prósentustig í apríl sl. Á síðustu mánuðum hefur ávöxtun verðtryggðra bankalána hins vegar lækkað meira en húsbréfa og er munurinn nú rúm 3 prósentustig. Á skemmri endanum má bera saman ávöxtun víxillána og ríkisvíxla á peningamarkaði. Nafnávöxtun víxillána hækkaði verulega umfram ávöxtun ríkisvíxla árið 1996 og náði hámarki um mitt ár í fyrra, en frá þeim tíma hefur ávöxtun almennra víxla ekki hækkað í takt við ríkisvíxla og nemur munurinn nú 6,6 prósentustigum. Markaðsvextir hafa því nokkur áhrif á vexti innlánsstofnana þótt aðrir þættir komi einnig inn í þá mynd.

Aðhald Seðlabankans í peningamálum hefur einkum komið fram í háum vöxtum á peningamarkaði og í aðhaldi að verðlagsmálum með gengisstefnunni. Þegar litið er á þróun peningamálastærða blasir hins vegar við að mikill vöxtur er í umsvifum lánakerfisins.

Helstu stærðir peningamála.
Breyting, %.

		Janúar–ágúst.		Ágúst–ágúst.	
	1996–97	1996–97	1997–98	1996–97	1997–98
Innlán og verðbréf	12,0	9,3	16,0	11,0	18,4
Innlán	9,3	6,4	14,1	7,2	16,7
Verðbréfaútgáfa	27,1	25,4	25,6	32,8	26,4
Útlán og markaðsverðbréf	17,0	8,5	14,8	15,5	23,1
Útlán	13,0	6,2	10,8	12,3	17,5
Markaðsbréf	62,5	38,1	48,1	60,0	73,1
Peningamagn					
M2	3,2	4,0	19,2	0,9	17,8
M3	9,2	6,1	13,6	7,2	16,3
M4	11,8	9,0	15,6	10,9	18,0
Endurlánað erlent lánsfé	33,2	26,6	18,1	65,1	24,3


Útlán innlánsstofnana hafa vaxið mjög hratt að undanförnu. Á 12 mánuðum til ágústloka jukust útlán þeirra um 17,5%, en vöxturinn er enn meiri eða 23% þegar markaðsverðbréfum er bætt við. Flestir kvarðar peningamagns sýna 16–18% hækkun. Þetta er meiri hækkun en að öðru jöfnu samrýmist lágri verðbólgu og stöðugleika. Þegar þessar tölur eru metnar þarf þó að hafa í huga áhrif opnunar fjármagnsmarkaða og ýmsar kerfislægar breytingar. Þannig hefur reynsla annarra Norðurlanda verið svipuð okkar að opnun markaða leiðir til aukins vaxtar peningamagns og útlána.

Fyrirtæki hafa í ríkum mæli greitt upp lán í íslenskum krónum með erlendum lánum. Með þeim hætti hafa þau sparað verulega í fjármagnskostnaði, því auk lægri vaxta hafa þau notið umtalsverðs gengishagnaðar. Þetta kemur fram í töflunni að ofan í miklum vexti á endurlánuðu erlendu lánsfé. Taflan segir þó ekki nema hluta sögunnar því undan er skilinn Fjárfestingarbanki atvinnulífsins sem er umsvifamikill miðlari erlends lánsfjár. Minni vaxtamunur á þessu ári er nærtæk skýring þess að hægt hefur á aukningu á innstreymi erlends lánsfjár. Erlendu lánunum er auðvelt að breyta yfir í íslensk lán og fyrirtækin eru afar vör um sig gagnvart breytingum á vaxtamun og gengi.

Gengi.

Aðgerðir Seðlabanka fara einkum fram á peningamarkaði og með þeim hætti hefur bankinn mikil áhrif á vaxta- og gengisþróunina. Náin tengsl hafa verið á milli vaxtamunarins annars vegar og gengisþróunar krónunnar hins vegar á síðustu árum. Þannig leiðir hækkun vaxta á peningamarkaði til þess að gengi krónunnar hækkar. Það hefur að öðru jöfnu í för með sér að innflutningur verður ódýrari og eftirspurn eftir honum eykst. Á móti kemur að vaxtahækkun dregur úr eftirspurn.

Mynd 11. Vísitala gengisskráningar.
31. desember 1991=100.



Seðlabankinn hefur um nokkurra ára skeið fylgt sveigjanlegri fastgengisstefnu. Bankinn sér til þess að halda genginu innan tiltekinna vikmarka, sem eru 6% í hvora átt frá miðgengi. Viðmiðunin er gengisskráningarvísitalan sem byggð er á hlutdeild gjaldmiðla í utanríkisviðskiptum landsmanna. Á þann kvarða hefur meðalgengi krónunnar hækkað um 1,6% frá ársbyrjun til ágústloka. Formlegum millibankamarkaði var komið á í júlí í fyrra og hafa viðskipti á honum vaxið stórlega og veltan á fyrri hluta árs nam um 220 milljörðum króna. Með tilkomu markaðarins hafa sveiflur í gengi krónunnar aukist sem vonlegt er, því gengið verður næmara fyrir breytingum á framboði og eftirspurn.

Hlutabréfamarkaður.

Þótt mörg íslensk fyrirtæki hafi verið rekin sem hlutafélög í áratugi og hlutir í þessum félögum gengið kaupum og sölum, þá var markaðurinn lítt virkur og mikil óvissa var um markaðsvirði hlutanna. Fátítt var að fyrirtæki öfluðu fjár með útgáfu nýrra hlutabréfa. Á þessum áratug hefur þetta breyst mikið. Nú eru 51 fyrirtæki skráð á aðallista Verðbréfaþings Íslands (VÞÍ) og var markaðsvirði hlutabréfa þeirra 176 milljarðar króna í lok ágúst sl.

Undanfarin ár hefur hlutafjármarkaðurinn vaxið mjög hratt. Árið 1993 seldu fyrirtæki á VÞÍ nýtt hlutafé fyrir tæpan milljarð króna og veltan á eftirmarkaði fyrir bréf í sömu fyrirtækjum var rúmlega milljarður. Á árinu 1997 öfluðu fyrirtæki og sjóðir sem skráð voru á VÞÍ 17 milljarða króna með sölu nýs hlutafjár en veltan á eftirmarkaðinum nam 16,7 milljörðum. Á árinu 1998 hafa orðið mikil umskipti á markaðinum. Á fyrstu 8 mánuðum þessa árs hefur ekkert nýtt hlutafé verið gefið út, en á sama tíma á árinu 1997 var nýtt hlutafé selt fyrir 11 milljarða. Á sama tíma dróst velta á eftirmarkaði mikið saman, eða úr 12 milljörðum króna í 7,5 milljarða.

Miklar sveiflur hafa verið í verði hlutabréfa á undanförnum árum. Verð bréfa í fyrirtækjum á aðallista VÞÍ hækkaði um 35% á árinu 1995 og enn um 60% á árinu 1996 enda var afkoma fyrirtækjanna mjög góð á þessum tíma. Framan af árinu 1997 hækkaði verðið enn, en

umskipti urðu á síðari hluta ársins er verð tók að lækka. Verðið hélt áfram að lækka á fyrstu mánuðum þessa árs, en hefur hækkað aftur undanfarna mánuði. Frá áramótum til seinni hluta september hækkaði verð hlutabréfa í fyrirtækjum á aðallista VÞÍ um 3,4%, en svonefnd Úrvalsvísitala, sem tekur til 15 stórra fyrirtækja, hækkaði um 9,7% á sama tíma. Í kjölfar þessara hækkana hafa viðskipti með hlutafé glæðst nokkuð.

Samkæmt skattframtölum áttu 44.500 manns hlutabréf í lok árs í fyrra og fjölgaði þeim um 10% frá árinu áður. Undanfarin 5 ár hefur þeim sem telja fram hlutabréf fjölgað um 50%. Þá má og nefna að 18.500 manns notfærðu sér heimild til frádráttar vegna hlutabréfakaupa á síðasta ári. Hlutabréfaeign er því orðin býsna almenn.


Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður.

Umhverfi utanríkisviðskipta.

Ytri skilyrði þjóðarbúsins eru með hagstæðara móti um þessar mundir. Raungengi krónunnar er lágt í sögulegu samhengi, viðskiptakjörin hafa farið batnandi og uppsveifla ríkir í viðskiptalöndum í Evrópu og Ameríku. Fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisgreinum búa því þegar á heildina er litið við hagstætt samkeppnisumhverfi, enda þótt hækkun raungengis undanfarin ár hafi þrengt nokkuð að þeim.

Mynd 12. Raungengi krónunnar.

Vísitölur 1990=100.



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Raungengi krónunnar miðað við hlutfallslegt verðlag náði lágmarki árið 1994 og stóð síðan því sem næst í stað þar til á síðasta ári að það fór að mjakast upp á við. Framhald hefur orðið á þeirri þróun á þessu ári og er gert ráð fyrir að raungengið hækki um 3% frá ársbyrjun til ársloka og um 2,4% milli ára. Á mælikvarða hlutfallslegs launakostnaðar hefur raungengið þróast með svipuðum hætti, en hækkunin að undanförnu er þó meiri, þar sem launakostnaður hér á landi hefur hækkað töluvert umfram það sem gerst hefur í samkeppnislöndunum síðastliðin tvö ár.

Rétt er að undirstrika mikilvægi raungengisins sem mælikvarða á stöðu efnahagsmála á hverjum tíma. Fyrir hagkerfi sem er jafnháð utanríkisviðskiptum og það íslenska skiptir

kaupmáttur gjaldeyrisins á erlendum mörkuðum gífurlega miklu. Í hækkun raungengis felst að verðlag innfluttrar vöru og þjónustu lækkar hlutfallslega miðað við verðlag innan lands og leiðir því, að öðru óbreyttu, til vaxandi innflutningseftirspurnar. Á sama hátt dregur hækkun raungengisins úr tekjum útflutningsfyrirtækja í íslenskum krónum, sem að öðru óbreyttu leiðir til lakari afkomu.

Á meðan gengi krónunnar laut beinni stjórn yfirvalda án tengsla við innlendan gjaldeyrismarkað var það ákveðið með tilliti til afkomu útflutningsfyrirtækja eða viðskiptajafnaðarins og þessar tvær stærðir mörkuðu raungenginu viðmiðunarmörk. Eftir að fjármagnsmarkaðurinn opnaðist og gengi krónunnar fór að ráðast af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði er annað uppi á teningnum. Gengi krónunnar er ekki lengur efnahagsleg stýristærð með sama hætti og áður heldur ræðst það fyrst og fremst af aðstæðum á fjármagnsmarkaði, væntingum fyrirtækja og einstaklinga og aðgerðum Seðlabankans. Aðhaldssöm stefna Seðlabankans í peningamálum hefur komið fram í umtalsverðum mun á vöxtum hér á landi og í helstu viðskiptalöndum og hækkun á gengi krónunnar.

Annar mikilvægur þáttur sem mótar skilyrði utanríkisviðskiptanna er þróun viðskiptakjaranna. Viðskiptakjörin mæla hlutfallslega verðþróun útflutnings og innflutnings og ná því bæði til markaðsverðs í viðskiptalöndunum og innbyrðis þróunar gengis einstakra gjaldmiðla sem tengjast utanríkisviðskiptunum.

Þegar á heildina er litið hafa viðskiptakjörin breyst mjög til hins betra það sem af er ári. Á fyrstu sjö mánuðum þessa árs hækkaði verð almenns útflutnings, mælt í íslenskum krónum, um 8% og á sama tíma lækkaði verð almenns innflutnings um 1,5%. Viðskiptakjör þjóðarbúsins hafa því batnað um 9½% á þessu tímabili. Að baki þessari hagstæðu þróun liggja tvær meginskýringar. Annars vegar hefur verðlag sjávarafurða hækkað á erlendum mörkuðum og hins vegar hefur olíuverð lækkað á heimsmarkaði.

Frá miðju ári í fyrra hefur verð á sjávarafurðum hækkað jafnt og þétt. Í ágúst sl. var verðið 17,3% hærra en það var í júlí 1997 mælt í SDR en 13,9% hærra mælt í íslenskum krónum. Þessar verðhækkanir ná til flestra sjávarafurða, þó í mismiklum mæli. Á fyrstu átta mánuðum þessa árs var verð á sjávarafurðum 11,5% hærra en það var á sömu mánuðum ársins 1997, verð á landfrystum botnfiskafurðum var 7,9% hærra, verð á sjófrystum botnfiskafurðum var 2,6% hærra, verð á saltfiski var 6,7% hærra, verð á pillaðri rækju var 10,5% hærra, verð á skelrækju 3,9% hærra, verð á mjöli og lýsi var 29% hærra og verð á hörpudiski var 38% hærra.

Ástæður þessara verðhækkana eru að eftirspurn hefur aukist og framboð minnkað. Markaðir í Vestur-Evrópu hafa leitt þessar miklu hækkanir, en aðrir markaðir hafa fylgt á eftir. Verð á Asíumarkaði hefur hins vegar verið tiltölulega óhagstætt. Því veldur gengislækkun japanska jensins og fleiri mynta í Asíu, en ekki eru líkur á að efnahagskreppan leiði til umtalsverðrar minnkunar fiskneyslu í þessum heimshluta.


Verð á rækju hefur verið nokkuð stöðugt undanfarna mánuði. Sama má segja um verð á mjöli og lýsi, en verð á þessum afurðum er mjög hátt vegna aukinnar eftirspurnar frá fiskeldisfyrirtækjum og vegna minna framboðs frá Suður-Ameríku þar sem veiðar eru í lágmarki vegna heitsjávarstraumsins sem kenndur er við El Niñjo. Ekki er ljóst hvenær vistkerfi hafsins undan vesturströnd Suður-Ameríku kemst í samt lag aftur en venjulega hefur það tekið um tvö ár.

Verð á botnfiskafurðum hefur hækkað mikið undanfarna mánuði og er enn að hækka. Þrátt fyrir þessar hækkanir var raunverð botnfisks m.v. neysluvöruverðlag í helstu iðnríkjunum 8,7% lægra í ágúst en það var að meðaltali á árinu 1992 og 15,5% lægra en það var að meðaltali á metárinu 1991. Slæmar horfur varðandi afla í Barentshafi valda því að líklegt

er að framboð á þorski muni minnka á næstunni. Erfitt er að spá um framboð á öðrum tegundum botnfisks. Ólíklegt er að framboð á veiddum fiski aukist, en líklegt er að framboð á eldisfiski muni aukast, þótt óvíst sé hversu mikil sú aukning verður. Mikil óvissa er varðandi eftirspurnina vegna óvissu um framhald efnahagskreppunnar í Austur-Asíu og í Rússlandi og möguleg áhrif hennar á efnahagslíf Vesturlanda. Ef Japan er undanskilið þá er vægi þessara markaða í útflutningi sjávarafurða frá Íslandi frekar lítið. Hins vegar gætu þessir markaðir haft veruleg óbein áhrif á útflutning íslenskra sjávarafurða ef minni fiskneyslu fylgir aukning framboðs á mikilvægum mörkuðum Íslendinga í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Enn eru þó engar vísbendingar um að slíkt muni eiga sér stað.

Þjóðhagsstofnun spáir því að verð á sjávarafurðum verði 8,8% hærra á þessu ári en það var á árinu 1997 og að verðið hækki í takt við almennt verðlag í helstu viðskiptalöndunum á næsta ári.

Mynd 13. Verðlag sjávarafurða í SDR 1990–98.
Vísitala 1990=100.



Lágt verð á olíu hefur einnig haft jákvæð áhrif á þróun viðskiptakjaranna, en allt frá því á seinni hluta árs 1996 hefur heimsmarkaðsverð á olíu farið lækkandi og er nú svo komið að verð á olíu hefur ekki verið lægra í 12 ár.

Verð á áli og kísiljárni hefur lækkað að undanförnu sem að töluverðu leyti á rót sína að rekja til efnahagserfiðleikanna í Asíu og er vart við því að búast að verð hækki á ný á allra næstu missirum.

Áhrif gengisbreytinga í viðskiptalöndunum á viðskiptakjörin hafa verið óveruleg á þessu ári en þó jákvæð. Gengishækkun Bandaríkjadals gagnvart Evrópumyntum og japönsku jeni hefur bætt kjörin vegna þess að dalurinn vegur þyngra í útflutningi en innflutningi.

Forsendur þjóðhagsáætlunar um þróun viðskiptakjaranna byggja á óbreyttum gengisafstæðum milli mynta og því að markaðsverðlag í viðskiptalöndunum á út- og innflutningi fylgi að mestu almennri verðlagsþróun erlendis. Þó er gert ráð fyrir áframhaldandi verðlækkun á kísiljárni og að raunverð á áli lækki lítillega. Samkvæmt því batna viðskiptakjörin um 6,6% á þessu ári en versna á því næsta um 0,3%.

Vöruútflutningur.

Fyrstu sjö mánuði þessa árs voru fluttar út vörur fyrir 78,6 milljarða króna en 76,3 milljarða á síðasta ári. Þessi litla verðmætisaukning í vöruútflutningi á þessu ári á sér nokkrar skýringar. Mestu munar um samdrátt í útflutningi sjávarafurða sem á þessu tímabili nam 6%. Að verulegu leyti má rekja þessa þróun til útflutnings á síldar- og loðnuafurðum sem er þriðjungi minni að magni á fyrri hluta ársins en á sama tíma í fyrra. Samdrátturinn í öðrum greinum sjávarútvegs er minni en engu að síður umtalsverður, sérstaklega í frystingu, en þar hefur útflutningurinn minnkað um 5% að magni fyrstu sjö mánuði ársins.

Í almennum iðnaði hefur einnig dregið úr útflutningi auk þess sem verðþróun á útflutningsmörkuðum hefur ekki verið jafnhagstæð og í sjávarútvegi. Þannig dróst útflutningur á almennum iðnaðarvörum saman um tæp 9% að magni fyrstu sjö mánuði ársins. Svo er að sjá sem flestar greinar eigi við samdrátt að stríða, hvort sem um er að ræða sjávarútveg eða iðnað honum tengdum. Mikilvæg undantekning er álframleiðsla. Aukin framleiðslugeta í Straumsvík er nú að koma fram af fullum þunga og verksmiðja Norðuráls er að hefja framleiðslu. Fyrstu sjö mánuði ársins jókst útflutningur áls um fjórðung að magni.

Auk samdráttar í sjávarútvegi og almennum iðnaði hefur sitt að segja að á fyrri hluta síðasta árs námu tekjur af sölu á skipum og flugvélum 3½ milljarði króna en tæpum milljarði á þessu ári.

Áætlun fyrir árið í heild gerir ráð fyrir því að útflutningsframleiðsla sjávarafurða dragist saman um 2% á föstu verði. Sú áætlun byggist á þeirri forsendu að loðnuaflinn dragist saman um tæp 13%, en þorskaflinn aukist um 15%. Á móti samdrætti í framleiðslu vegur hækkun á verði sjávarafurða og er gert ráð fyrir að útflutningstekjur af sjávarafurðum aukist um tæpa 6 milljarða króna á þessu ári og verði rúmir 95 milljarðar króna. Aukin álframleiðsla skilar umtalsvert meiri tekjum í þjóðarbúið og má reikna með að magnaukningin verði um 45%. Rétt er þó að hafa í huga að innflutningur rekstrarvara eykst einnig þannig að ekki er um hreinan tekjuauka að ræða fyrir þjóðarbúið.

Í heild er því spáð að útflutningsframleiðslan aukist um 4,5% milli ára. Minni tekjur af sölu á skipum og flugvélum og sú forsenda að útflutningsvörubirgðir standi í stað hafa í för með sér að horfur eru á að vöruútflutningurinn minnki um 3,7% að raungildi á þessu ári.


Allt bendir til þess að á næsta ári muni útflutningur aukast verulega að magni til. Í fyrsta lagi hafa aflaheimildir verið auknar og er því spáð að framleiðsla sjávarafurða muni aukast um 3% milli ára. Í öðru lagi er fyrirsjáanleg aukning álframleiðslu, auk þess sem framleiðsla járnblendiverksmiðjunnar eykst þegar stækkun hennar lýkur snemma á næsta ári. Hvað annan útflutning varðar er einnig reiknað með aukningu þar sem áfram er búist við hagstæðum samkeppnisskilyrðum og vaxandi eftirspurn í viðskiptalöndunum. Að öllu samanlögðu felst í spánni fyrir næsta ár að útflutningsframleiðslan eykst um 8% og vöruútflutningurinn um 9% eftir að áætlanir um tekjur af sölu á skipum og flugvélum og birgðabreytingar hafa verið teknar með í reikninginn.

Vöruinnflutningur.

Það sem einkennir efnahagsþróunina umfram annað er hin mikla aukning innflutnings sem. átt hefur sér stað á þessu ári. Ekki einungis er heildaraukningin töluvert meiri en gert var ráð fyrir í fyrri áætlunum heldur kemur aukningin fram á því sem næst öllum sviðum. Tölur fyrir fyrstu sjö mánuði ársins gefa til kynna magnaukningu almenns vöruinnflutnings um 28,4% frá sama tíma í fyrra.

Þegar tölur fyrir einstaka mánuði eru skoðaðar og bornar saman við tvö síðustu ár kemur í ljós að aukningin hefur verið stöðug allt þetta ár og bendir allt til að þróunin það sem eftir er ársins verði svipuð.

Mynd 14. Almennur vöruinnflutningur.
Vísitala 1990=100.



Þrátt fyrir mikla aukningu á öllum flokkum innflutnings skera fjárfestingarvörurnar sig verulega úr, en fyrstu sjö mánuði ársins jókst sá innflutningur um tæp 60% frá sama tímabili í fyrra. Í krónum talið er hér um 10 milljarða aukningu að ræða, þar af eru 4 milljarðar króna vegna innflutnings á skipum og flugvélum. Auk þess færði Hagstofan hluta af innflutningi vegna framkvæmda við álver Norðuráls í verslunarskýrslur 1998 þótt framkvæmdum við verksmiðjuna hafi að mestu verið lokið um síðustu áramót.

Innflutningur rekstrarvara hefur einnig vaxið hröðum skrefum það sem af er árinu, að hluta vegna aukinnar framleiðslu í álverksmiðjum og aukins innflutnings á hráefni til fiskvinnslu. Annar innflutningur rekstrarvara hefur aukist að magni til um 20%.

Svipaða sögu er að segja um innflutning á neysluvörum. Eftirspurn eftir bifreiðum til einkanota er mikil og sama má segja um aðrar innfluttar neysluvörur. Sérstaklega hafa kaup á varanlegum neysluvörum, svo sem heimilistækjum, tekið mikinn kipp og gætir hér án efa aukinnar verðsamkeppni og breyttra viðskiptahátta á þessu sviði. Innflutningur á hálfvaranlegum og óvaranlegum neysluvörum hefur einnig aukist töluvert það sem af er ári.

Mikil aukning innflutnings á þessu ári stafar af ýmsum samverkandi þáttum. Aukinn kaupmáttur heimilanna og vaxandi bjartsýni í þjóðfélaginu um áframhald á þeirri hagstæðu efnahagsþróun sem nú ríkir skýrir að mestu aukna einkaneyslu, sem að hluta birtist sem aukin innflutningseftirspurn. Til viðbótar kemur að á undanförnum árum hafa heimilin haldið aftur af útgjöldum sínum á ýmsum sviðum, sérstaklega hvað varðar kaup á ýmsum varanlegum munum og tækjum. Þannig er hin mikla eftirspurn eftir einkabílum án efa að hluta komin til vegna lítillar endurnýjunar bílaflotans þar til fyrir nokkrum árum.


Fjárfesting atvinnuveganna dróst verulega saman á árunum 1992–94. Hlutfall innflutnings í fjárfestingu hér á landi er fremur hátt og hefur verið á bilinu 40–50% en þó breytilegt frá einu ári til annars. Reynslan sýnir að þegar fjárfestingin fer vaxandi hækkar hlutfall innflutnings tímabundið. Þessu til viðbótar hafa miklar stóriðjuframkvæmdir haft í för með sér stóraukinn innflutning. Á þessu ári má áætla að um 10 milljarða króna megi rekja beint til stóriðju- og orkuframkvæmda, en það svarar til 6,3% af vöruinnflutningi. Í heild gerir spáin ráð fyrir rétt um 25% magnaukningu vöruinnflutnings sem felur í sér að í heild verði fluttar inn vörur sem nemur um 160 milljörðum króna flutt var inn fyrir rúma 130 milljarða króna á síðasta ári.

Ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu vöruinnflutnings á næsta ári. Þar vegur þyngst að spáð er töluverðum samdrætti í fjárfestingu. Einnig má reikna með að verulega dragi úr innflutningi á varanlegum neysluvörum sem vegið hafa þungt í vaxandi innflutningseftirspurn á þessu ári. Innflutningurinn á næsta ári dregst því saman að magni til um 1% en hækkar lítillega í krónum talið vegna áætlaðra verðhækkana milli ára.

Ferðaþjónusta.

Mikil aukning hefur verið í fjölda erlendra ferðamanna það sem af er þessu ári. Á fyrstu átta mánuðum þess fjölgaði þeim um 14% miðað við sama tímabil í fyrra. Þetta er meiri aukning en undanfarin ár, en á þessum áratug hefur hún verið að meðaltali 5–6% á ári. Gert er ráð fyrir komu um 227 þúsund erlendra ferðamanna í ár. Heildartekjur af erlendum ferðamönnum voru 14% hærri á fyrri helmingi ársins en á sama tímabili í fyrra. Útgjöld erlendra ferðamanna hér innan lands gætu orðið rúmlega 14 milljarðar króna á árinu öllu og tekjur vegna fargjalda greiddum í erlendri mynt tæplega 11 milljarðar króna, sem er 11% hækkun að raungildi milli ára. Til samanburðar má nefna að árleg hækkun þessa tekjuliðar var að jafnaði 4% árin 1990–97.

Mynd 15. Fjöldi erlendra ferðamanna og gjaldeyristekjur.



Fjármagnshreyfingar.

Samkvæmt tölum Seðlabankans styrktist gjaldeyrisforði bankans um 5,7 milljarða króna fyrstu sex mánuði ársins og var í lok tímabilsins 33,6 milljarðar. Beinar fjárfestingar erlendra aðila og erlendar lántökur fyrirtækja og innlánsstofnana hérlendis skýra að mestu aukið innstreymi fjármagns. Á móti þessu vegur fjármagnsútstreymi vegna verðbréfakaupa innlendra aðila upp á 7,6 milljarða króna og 5 milljarða króna endurgreiðsla ríkissjóðs á erlendum skuldum.

Atvinnuvegir.

Framleiðsla og framleiðni.

Þegar fjallað er um framleiðslubreytingar eða hagvöxt í þjóðarbúskapnum á líðandi ári eða fyrir nýliðin ár hefur venjan verið sú að líta á útgjaldahlið þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd, og þannig hefur niðurstaða fengist um framleiðsluna. Framleiðslan hefur því verið áætluð með óbeinum hætti. Hins vegar er einnig unnt að áætla hana með beinum hætti, þ.e. að áætla framleiðslubreytingar í einstökum atvinnugreinum líkt og gert er í framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga. Gallinn við þessa aðferð er hins vegar sá að upplýsingar um einstakar atvinnugreinar liggja mun seinna fyrir en um útgjöldin. Miðað við núverandi tilhögun skýrslusöfnunar er það ekki fyrr en lokið er úrvinnslu úr ársreikningum fyrirtækja að fá má mynd af framleiðslubreytingum eftir einstökum atvinnugreinum og framleiðslunni í heild. Á grundvelli ýmissa annarra vísbendinga, svo sem um útflutning og veltubreytingar samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum, má þó fara nokkuð nærri um þróun helstu atvinnuvega. Í eftirfarandi töflu er leitast við að áætla framleiðsluna eftir atvinnugreinum og eru niðurstöður bornar saman við útgjaldahlið.

Áætlaðar framleiðslubreytingar eftir atvinnugreinum.

Frá fyrra ári, %.

	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Landbúnaður	3,9	0,0	1,0
Fiskveiðar og -vinnsla	8,5	-3,2	-0,7
Iðnaður án fiskvinnslu	8,5	3,0	5,1
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	1,0	6,5	8,0
Byggingarstarfsemi	14,1	14,2	20,0
Verslun, veitinga- og hótelrekstur	6,0	6,5	9,0
Samgöngur og önnur þjónusta	6,9	6,2	3,6
Starfsemi hins opinbera	1,0	2,6	3,0
Samtals	**6,3**	**4,4**	**5,2**
Til samanburðar:			
Magnbreyting landsframleiðslu	5,6	4,4	5,2
Aukning vinnuafls	2,3	1,7	2,1
Framleiðnibreyting	**3,2**	**2,6**	**3,0**

Þegar á heildina er litið hefur landsframleiðslan vaxið um 4½–5½% þessi ár. Þetta er mun meiri vöxtur en verið hefur hérlendis um langt árabil og einnig langt yfir meðaltali OECD-ríkjanna þessi sömu ár, sem er 2¾%. Á sama tíma er talið að vinnuafl hafi aukist nokkuð en

þó mun minna. Þetta hefur leitt til umtalsverðrar framleiðniaukningar og má ætla að þessi þrjú ár verði hún tæp 3% að meðaltali.

Hlutdeild einstakra atvinnugreina í hagvexti, %.

	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Landbúnaður	0,1	0,0	0,0
Fiskveiðar og -vinnsla	1,2	-0,5	-0,1
Iðnaður án fiskvinnslu	1,0	0,4	0,6
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	0,0	0,3	0,4
Byggingarstarfsemi	0,9	1,0	1,6
Verslun, veitinga- og hótelrekstur	0,8	0,9	1,2
Samgöngur og önnur þjónusta	2,1	1,9	1,1
Starfsemi hins opinbera	0,2	0,4	0,5
Samtals	**6,3**	**4,4**	**5,2**

Vöxturinn er misjafn eftir greinum og í ljós kemur að á árunum 1996 og 1997 óx framleiðslan mest í byggingarstarfsemi og samgöngum. Fyrra árið varð aukningin einnig drjúg í sjávarútvegi og iðnaði en aftur á móti dróst framleiðsla sjávarútvegs saman á árinu 1997. Á árinu 1998 er gert ráð fyrir áframhaldandi vexti í byggingariðnaði en einnig er reiknað með talsverðum vexti í orkuframleiðslu og iðnaði, öðrum en fiskiðnaði. Þá er áætlað að talsverður vöxtur verði í verslun og ýmsum öðrum þjónustugreinum.

Út frá þessum tölum og vægi einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu má fá nokkra hugmynd um framlag einstakra atvinnugreina til aukningar landsframleiðslunnar þessi ár.

Samkvæmt þessu virðist mega rekja um þriðjung hagvaxtarins á árinu 1996 til iðnaðar, fiskiðnaðar og orkubúskapar en á árinu 1998 standa þessar greinar einungis undir um sjötta hluta vaxtarins. Ætla má að rekja megi um helming hagvaxtarins á árinu 1998 til byggingarstarfsemi og verslunar.

Afkoma.

Þjóðhagsstofnun hefur tekið saman bráðabirgðauppgjör fyrir afkomu alls atvinnurekstrar í landinu árið 1996. Uppgjörið nær til sömu atvinnugreina og ársreikninga- og atvinnuvegaskýrslur Þjóðhagsstofnunar. Þá er í reynd átt við atvinnureksturinn, en undanskilin er starfsemi hins opinbera og starfsemi samtaka og velferðarstofnana. Starfsemi banka og tryggingafélaga er meðtalin en aftur á móti ekki fjárfestingarlánasjóðir. Áætlun hefur einnig verið gerð fyrir árið 1997 og hún framreiknuð til 1998. Jafnframt eru settar fram vísbendingar um afkomuna á árinu 1999. Af augljósum ástæðum verða niðurstöður því ótraustari sem fjær dregur frá þeim tíma sem grunnefnið nær til.

Rekstraryfirlit 2.916 fyrirtækja 1997.

	Fjöldi fyrirtækja	Rekstrar-tekjur, m.kr.	Hagnaður af reglulegri starfsemi m.kr.	% af tekjum
Sjávarútvegur	332	56.272	860	1,5
Iðnaður	713	45.024	809	1,8
Stóriðja og orkubúskapur	6	36.473	5.868	16,1
Verslun	663	104.039	1.937	1,9
Samgöngur	159	60.325	3.104	5,1
Peningastofnanir og tryggingar	48	32.480	6.377	19,6
Þjónusta	995	19.975	774	3,9
Samtals	**2.916**	**354.588**	**19.730**	**5,6**

Áætlunin fyrir 1997 byggist á ársreikningaefni fyrirtækja eins og áður en þó er sá munur á að skattyfirvöld eru nú að taka í notkun nýtt staðlað skattframtal rekstraraðila. Hér er um að ræða nýja heimild sem að verulegu leyti mun leysa af hólmi þær úrtaksathuganir úr ársreikningum fyrirtækja sem Þjóðhagsstofnun hefur gert um langt árabil. Vegna þessa nýja framtals hefur framtalsfrestur fyrirtækja verið lengdur og setur það mark sitt á það efni sem nú er tiltækt. Enn sem komið er liggja aðeins fyrir niðurstöður úr reikningum 2.481 fyrirtækis á þessu formi. Paraður samanburður við fyrri ár liggur ekki fyrir og verður því að nota þessa heimild með nokkrum fyrirvara. Auk staðlaða skattframtalsins er einnig byggt á ársskýrslum 29 fyrirtækja af þeim sem eru á Verðbréfaþingi Íslands og á skýrslum bankaeftirlits Seðlabankans um rekstur innlánsstofnana og Vátryggingaeftirlitsins um tryggingafélög. Einnig hefur verið byggt á ársreikningum nokkurra stórfyrirtækja og 344 reikningum einstaklingsfyrirtækja sem ekki er enn skylt að skila skattframtali sínu á hinu nýja formi. Alls er hér um að ræða ársreikninga 2.916 fyrirtækja. Samandregnar niðurstöður úr þessu efni koma fram í meðfylgjandi yfirliti.

Ætla má að þessi 2.916 fyrirtæki nái til rösklega 40% af umsvifum atvinnurekstrarins í heild. Hér er því um að ræða stórt úrtak sem telja verður að gefi allgóða mynd af rekstrarniðurstöðum ársins 1997 í einstökum atvinnugreinum. En þótt úrtakið sé stórt gefur það ekki rétta mynd af vægi einstakra atvinnugreina og er því nauðsynlegt að gefa atvinnugreinunum vægi miðað við áætluð heildarumsvif í hverri grein. Ef það er gert benda þessar tölur til þess að hreinn hagnaður í heild sé rétt innan við 4% í stað 5,6% eins og bein samlagning úrtaksfyrirtækjanna sýnir.

Til þess að fá nokkra mynd af afkomuþróuninni á árinu 1998 hefur Þjóðhagsstofnun tekið saman yfirlit yfir afkomu 45 fyrirtækja á Verðbréfaþingi Íslands fyrstu sex mánuði ársins 1998 og til samanburðar sama tímabil 1997.

Rekstraryfirlit 45 fyrirtækja á Verðbréfaþingi Íslands.
Janúar til júní 1997–98.

	Fjöldi fyrirtækja	Rekstrar-tekjur, m.kr.	Hagnaður af reglulegri starfsemi m.kr.	Hagnaður af reglulegri starfsemi % af tekjum
Sjávarútvegur				
1997	9	14.208	557	3,9
1998	9	14.083	1.226	8,7
Iðnaður				
1997	10	9.207	700	7,6
1998	10	9.290	439	4,7
Verslun				
1997	9	25.726	534	2,1
1998	9	28.336	546	1,9
Samgöngur				
1997	3	19.280	-792	-4,1
1998	3	20.996	-1.096	-5,2
Peningastofnanir og tryggingar				
1997	10	3.754	1.452	38,7
1998	10	3.817	1.228	32,2
Þjónusta				
1997	4	1.748	58	3,3
1998	4	2.563	136	5,3
Samtals				
1997	**45**	**73.924**	**2.509**	**3,4**
1998	**45**	**79.085**	**2.478**	**3,1**

Þegar á heildina er litið er afkoma þessara 45 fyrirtækja eilítið lakari fyrstu sex mánuði þessa árs en á sama tímabili árið áður. Aftur á móti er breytingin nokkuð misjöfn eftir greinum. Þannig kemur í ljós að afkoma sjávarútvegs batnar verulega og hreinn hagnaður hans af reglulegri starfsemi vex úr 3,9% í 8,7%. Meginhluta þessa bata má rekja til lægri fjármagnskostnaðar sem verður óvenju lágur á fyrri hluta þessa árs og þá einkum vegna gengishækkunar krónunnar á þessum tíma. Aftur á móti versnar hagur iðnaðar um tæp 3% af tekjum.

Af því sem hér hefur verið rakið má sjá að mynd af afkomuþróuninni á árinu 1997 er fengin úr ýmsum áttum og að því er staðlaða skattframtalið varðar þá eru ekki tiltækar samanburðartölur við fyrra ár. Því hefur verið gripið til þess ráðs að áætla heildarafkomuna árið 1997 líkt og áður hefur verið gert með því að byggja á þróun heildarstærða eins og hagvaxtar, launa og verðlags og framreikna síðan þær niðurstöður til ársins 1998 og 1999 á forsendum þjóðhagsáætlunar.

Niðurstöður þessara áætlana fyrir atvinnureksturinn í heild 1996–98 eru sýndar í meðfylgjandi töflu en þar kemur meðal annars fram að þessar aðferðir við mat á heildarafkomunni 1997 gefa mjög áþekka niðurstöðu og reikningaefnið fyrir árið 1997 sýnir eftir að það hefur verið endurvegið.


Lauslegt mat á hagnaði atvinnurekstrar 1996–98.
Milljarðar króna.

	1996	Áætlun 1997	Spá 1998	%-breytingar 1996–97	%-breytingar 1997–98
Rekstrartekjur	**794,6**	**857,6**	**949,6**	**7,9**	**10,7**
– Aðföng	532,7	574,9	636,6	7,9	10,7
= Vergar þáttatekjur	261,9	282,7	313,0	7,9	10,7
Laun og eigin laun	181,1	194,1	216,0	7,2	11,3
Afskriftir	41,4	43,6	47,6	5,3	9,1
Vextir	11,9	12,0	13,5	0,8	12,5
Hreinn hagnaður fyrir tekju- og eignarskatta	**27,5**	**33,0**	**35,9**	**19,9**	**8,9**
% af rekstrartekjum	3,5	3,8	3,8		
Eigið fé í atvinnurekstri í árslok	340,0	370,0	410,0		
Arðsemi eigin fjár	**5,6**	**6,1**	**6,1**		

Vert er að leggja áherslu á að spáin 1998 byggist á lauslegu mati. En á grundvelli þessarar spár og sambærilegum tölum fyrri ára má ætla að á heildina litið sé hagur atvinnurekstrarins um þessar mundir mjög ábekkur því sem verið hefur undanfarin ár. Hreinn hagnaður á árinu 1998 er nú áætlaður tæplega 4% af tekjum en þá er eftir að taka tillit til tekjuskatta og eignarskatta. Í fjárhæðum nemur hagnaðurinn tæplega 36 milljörðum króna. Undanfarin þrjú ár, 1995–97, hefur hagnaðurinn yfirleitt verið á bilinu 3½–4% af tekjum.

Annar mælikvarði á afkomu atvinnurekstrar er hagnaðurinn í hlutfalli af eigin fé, það er arðsemi eigin fjár, eftir greiðslu tekju- og eignarskatta. Arðsemin á árinu 1998 er nú áætluð 6% eða svipuð og á árunum 1995 og 1997 en litlu meiri en árið 1996. Til samanburðar má geta þess að arðsemin reyndist um 4½% á árinu 1994.

Mynd 16. Hreinn hagnaður og arðsemi eigin fjár.
Hagnaður í hlutfalli af tekjum og arðsemi í hlutfalli af eigin fé, %.



Á grundvelli helstu niðurstaðna úr þjóðhagsáætlun fyrir 1999 má fá nokkra mynd af líklegri afkomu atvinnurekstrar á næsta ári. Niðurstöður þessara áætlana benda til þess að hagnaður atvinnurekstrarins geti orðið litlu lakari en hann er áætlaður í ár eða 3½% af tekjum á næsta ári samanborið við tæp 4% í ár.

Þær afkomuáætlanir sem hér hefur verið lýst má einnig nota til þess að meta greiðsluafkomu atvinnurekstrarins, það er að segja hverju atvinnureksturinn skilar til fjárfestinga. Greiðsluafkomuna má skilgreina sem hreinan hagnað að viðbættum afskriftum en að frádregnum tekju- og eignarsköttum. Ætla má að á árinu 1997 hafi greiðsluafkoman verið jákvæð um 77 milljarða króna og að sú fjárhæð hafi staðið undir öllum fjárfestingum atvinnurekstrarins á árinu auk tekju- og eignarskatta þannig að í heild hafi atvinnureksturinn ekki þurft að auka skuldir sínar til þess að fjármagna fjárfestingar. Á árinu 1998 er myndin nokkuð önnur því nú er talið að skuldaaukningin verði 18 til 20 milljarðar króna. En þá ber þess að geta að stóriðjuframkvæmdir vega þungt í fjárfestingum ársins og nema álíka hárri fjárhæð en þær eru fjármagnaðar með sérstökum lántökum eða framlögum eigenda. Spár fyrir árið 1999 benda til mun minni fjárfestingar í atvinnurekstrinum og því muni skuldir hans lítið sem ekkert aukast þegar á heildina er litið.

Vert er að leggja áherslu á að það mat á rekstrar- og greiðsluafkomu atvinnurekstrar í heild sem hér hefur verið lýst dylur afkomumun milli greina. Ekki er við öðru að búast en að verulegur munur verði áfram milli einstakra atvinnugreina eins og niðurstöður ársreikninga 1997 sýna og lýst er hér að framan. Þannig má ætla að á árinu 1998 muni afkoma samkeppnisiðnaðar versna frá fyrra ári bæði vegna mikilla launahækkana en einnig vegna aukinnar samkeppni erlendis frá vegna hækkunar raungengis. Vísbendingar frá Samtökum iðnaðarins um afkomu greinarinnar renna nokkrum stoðum undir þetta. Þessi munur á ekki síður við um greiðsluafkomuna og er því ekki við öðru að búast en að fjármunamyndun ársins í ýmsum atvinnugreinum verði mætt með aukningu skulda umfram það sem heildaráætlanir af þessu tagi gefa til kynna.

Laun og hagnaður.

Hér að framan hefur hag atvinnurekstrarins verið lýst með hefðbundnum hætti, þ.e. líkt og fyrirtækin setja fram niðurstöður ársreikninga sinna og áætlanir um afkomuna fram í tímann. En afkomuna er einnig unnt að skoða í öðru ljósi og þá með því að líta á þann virðisauka sem verður til við atvinnustarfsemina og hvernig hann skiptist á milli framleiðsluþátttanna vinnuafls og fjármagns. Þetta verður best gert með því að líta á niðurstöður þjóðhagsreikninga.


Þegar landsframleiðslan hefur verið lækkuð um óbeina skatta en framleiðslustyrkjum bætt við fæst hugtak sem nefnt er vergar þáttatekjur. Þessum tekjum er síðan skipt upp milli launþega og þess sem fjármagnið ber úr býtum. Í hlut launþega koma laun og launatengd gjöld en það sem fjármagnið ber úr býtum er hagnaður atvinnurekstrarins og þá er átt við hagnað áður en afskriftir, vextir eða arður hafa verið dregin frá. Þetta hagnaðarhugtak er nefnt vergur rekstrarafgangur. Í þessari framsetningu eru beinir skattar hvorki dregnir frá launum né hagnaði.

Skiptinguna milli launa og hagnaðar er unnt að setja fram fyrir einstakar atvinnugreinar eða þjóðarbúskapinn í heild. Undanfarin ár hefur Þjóðhagsstofnun birt þessa skiptingu fyrir þjóðarbúskapinn í heild. Nú hefur hins vegar verið gerð sú breyting að þessi skipting er sýnd fyrir atvinnureksturinn eingöngu. Jafnframt hafa laun sjálfstætt starfandi atvinnurekenda verið reiknuð sérstaklega og hér eru þau flutt úr hagnaði yfir í laun en þessi reiknuðu laun eru

talin með hagnaði atvinnurekstrarins í þjóðhagsreikningum. Eftir þessa breyttu meðferð á launum sjálfstætt starfandi manna er talað um verga hlutdeild fjármagns.

Niðurstöður þessara útreikninga fyrir atvinnurekstur á Íslandi 1980–99 eru sýndar á meðfylgjandi mynd en þar er birt hagnaðarhlutfallið og til samanburðar eru sýndar tölur fyrir OECD í heild á sama tíma. Rétt er að hafa nokkurn fyrirvara á um sambærileika þessara talna. Sérstaklega á þetta við um mat á reiknuðum launum sjálfstætt starfandi atvinnurekenda en að því er Ísland varðar þá hafa laun sjálfstætt starfandi verið áætluð þau sömu og hjá launþegum í sömu atvinnugrein en það á að vera sama aðferð og OECD hefur beitt í sínum útreikningum.

Mynd 17. Hlutdeild fjármagns í vergum þáttatekjum á Íslandi og í OECD, %.



Eins og fram kemur á myndinni sveiflast hagnaðarhlutfallið meira á Íslandi en í OECD-löndunum í heild. Lægst fór þetta hlutfall á árunum 1980–82 og 1987–88 en þau ár fer hlutur fjármagnsins niður í 27–28% en hæst varð það á árunum 1984 og 1994 eða rösk 38%. Síðustu árin hefur hlutfallið aftur lækkað, það var 35½% árið 1995 og 33½% árið 1996 en hefur tekið litlum breytingum síðan. Þegar litið er yfir allt tímabilið 1980–99 er hlutfallið 33% til jafnaðar hér á landi, en það er um 1½% lægra en meðaltal OECD á sama tíma. Á árunum 1993–94 reyndist hlutfallið nokkru hærra hér en í OECD-löndunum, var áþekkt árið 1995 en hefur síðan verið lægra en í OECD-löndunum. Ef horft er framhjá sveiflum í hlutfallinu kemur fram greinileg þróun í átt til hærra hagnaðarhlutfalls, bæði hérlendis og hjá OECD.

Fjárfesting atvinnuveganna og erlend fjárfesting.

Efnahagsuppsveiflan hefur ekki hvað síst komið fram í stóraukinni fjárfestingu atvinnuveganna undanfarin fjögur ár. Í fyrstu bar mest á framkvæmdum í tengslum við stóriðju og tengd orkumannvirki en smám saman hafa fjárfestingarnar dreifst á fleiri atvinnugreinar.

Aukin atvinnuvegafjárfesting á þessu ári nemur alls tæpu 41% miðað við síðastliðið ár og í heild nemur atvinnuvegafjárfestingin 89 milljörðum króna. Frá árinu 1993 hefur fjárfestingin í atvinnulífinu ríflega tvöfaldast að raungildi.

Það er því ekki að undra að mikill efnahagsuppgangur hafi fylgt í kjölfarið. Sem hlutfall af landsframleiðslu hefur atvinnuvegafjárfestingin hækkað úr 6,8% af landsframleiðslu í 11,8% á síðasta ári og stefnir í 15,3% í ár.

Þar sem hlutdeild innflutnings í atvinnuvegafjárfestingunni er töluvert hærri en í annarri fjárfestingu, hefur stór hluti aukinna fjárfestingarútgjalda komið fram sem aukin innflutningseftirspurn. Þannig jókst innflutningur á fjárfestingarvörum án kaupa á skipum og flugvélum um tæp 35% að raungildi á fyrstu sjö mánuðum ársins.

Á næsta ári mun vöxtur atvinnuvegafjárfestingarinnar að öðru óbreyttu ganga nokkuð til baka. Þar munar mestu um verulegan samdrátt í stóriðju- og virkjanaframkvæmdum, enda er nú séð fyrir endann á þeirri fjárfestingarhrinu sem hófst árið 1996. Einnig er að vænta samdráttar á fleiri sviðum. Í fiskveiðum og fiskvinnslu hafa fjárfestingar aukist verulega undanfarin ár, fyrst í fiskveiðum með endurnýjun og endurbótum á fiskveiðiflotanum og síðan í umtalsverðum fjárfestingum í vinnslu sjávarafurða, einkum loðnu- og síldarvinnslu. Útlit er fyrir samdrátt í þessum fjárfestingum. Áfram er þó gert ráð fyrir aukningu í framkvæmdum við verslunar- og skrifstofuhúsnæði enda liggja fyrir ákvarðanir um að hefja stórframkvæmdir á því sviði. Sömu sögu er að segja á fjarskiptasviðinu þar sem fyrirsjáanlegt er að ekki muni draga úr framkvæmdum á næsta ári.

Í heild er því spáð að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman að raungildi um tæp 17% og lækki sem hlutfall af landsframleiðslu í 12,3%.

Hlutur erlendra aðila í íslensku atvinnulífi hefur aukist umtalsvert á síðustu árum, aðallega vegna fjárfestinga í stóriðju. Lengi vel var bein eignaraðild útlendinga nánast einskorðuð við álverksmiðjuna í Straumsvík. Sú verksmiðja hefur nú verið stækkuð um þriðjung auk þess sem ný álverskmiðja hefur risið í Hvalfirði sem einnig er að fullu í eigu útlendinga. Þessu til viðbótar hefur íslenska ríkið selt meirihlutaeign sína í járnblendiverksmiðjunni til erlendra aðila. Í heild lætur nærri að af um 57 milljarða króna fjárfestingu í stóriðju og orkumannvirkjum á undanförnum fjórum árum nemi hlutur erlendra aðila um 27 milljörðum króna. Erlent áhættufjármagn hefur einnig í auknum mæli leitað í aðrar atvinnugreinar. Má þar nefna fjarskiptaþjónustu, hátæknigreinar á sviði erfðatækni og áform eru uppi um stórfellda fjárfestingu erlendra aðila í verslunarrekstri.

En það eru ekki bara erlendir aðilar sem hafa í auknum mæli fjárfest í íslensku atvinnulífi. Íslendingar hafa einnig leitað út fyrir landsteinana með sitt fjármagn og aukið umsvif sín með fjárfestingum erlendis, einkum í sjávarútvegi.


Það má því segja að vatnaskil hafi orðið í þessum efnum og íslenskt atvinnulíf hafi nú tengst alþjóðlegum fjármagnsmarkaði með öðrum hætti en áður var. Í stað þess að erlent fjármagn hafi nánast eingöngu verið í formi lánsfjár í íslensku atvinnulífi er bein eignaraðild nú mun stærri hluti en áður og þá bæði bein eign útlendinga hér á landi sem og eignarhluti Íslendinga í öðrum löndum.

Sjávarútvegur.

Þjóðhagsstofnun reiknar með að heildarafli landsmanna verði um 1.830 þús. tonn árið 1998 og minnkar úr 2.200 þús. tonnum frá árinu 1997. Samdráttinn má einkum rekja til þess að gert er ráð fyrir því að loðnuaflinn fari úr 1.319 þús. tonnum í 915 þús. tonn eða minnki um rúmlega 400 þús. tonn frá árinu áður. Þá er gert ráð fyrir að um 5 þús. tonn af þorski og álíka magn af rækju veiðist utan Íslandsmiða. Á föstu verði er gert ráð fyrir að aflinn dragist saman um 2,6%. Áætlað er að þorskafli aukist um 15% og afli af öðrum botnfiski minnki um 6,3%.

Gert er ráð fyrir að samdráttur í öðrum afla verði 12,3% á föstu verði. Þar af minnkar loðnu- og síldarafli um 19,2%. Miðað við fyrstu 8 mánuði ársins er útlit fyrir einhvern samdrátt í kaupum innlendrar fiskvinnslu á botnfiski af erlendum fiskiskipum í ár en aftur á móti er að vænta mikillar aukningar í kaupum á loðnu og kolmunna. Af rúmlega 320 þús. tonna loðnuafla, sem landað var á sumarloðnuvertíðinni, lönduðu erlend skip um 120 þús. tonnum og af um 50 þús. tonna kolmunnaafla komu um 30 þús. tonn af erlendum skipum. Þetta er rúmlega tvöföldun á lönduðum loðnuafla úr erlendum skipum frá síðasta ári. Að teknu tilliti til allra þessara þátta gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða á árinu 1998 dragist saman um 2% frá árinu 1997.

Mynd 18. Aflaverðmæti á föstu verði.
Vísitala 1980=100.



Sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað heimildum fyrir nýhafið fiskveiðiár að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Í áætlunum sínum gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að afli kvótabundinna tegunda á Íslandsmiðum verði í samræmi við ákvarðanir ráðuneytisins að teknu tilliti til ónýttra aflaheimilda sem flytjast á milli ára. Varðandi veiðar sem ekki eru háðar kvóta er byggt á reynslu undanfarinna ára.

Gert er ráð fyrir að þorskafli af Íslandsmiðum verði 265 þús. tonn á fiskveiðiárinu 1998/99 sem er 12,8% aukning frá síðasta fiskveiðiári. Reiknað er með að annar botnfiskafli aukist um 0,4%. Þá er gert ráð fyrir að annar afli dragist saman um 3,3%, loðnu- og síldarafli standi í stað, en rækjuafli dragist saman um 7,7%.

Afli af fjarmiðum varð töluvert minni árið 1997 en árið áður. Aflinn í Barentshafi varð tæplega 6 þús. tonn í stað 23 þús. tonna árið áður. Rækjuafli af fjarmiðum fór úr 21 þús. tonnum í 7,8 þús. tonn. Úr norsk-íslenska síldarstofninum veiddust 220 þús. tonn á móti 165 þús. tonnum árið áður, en ekki náðist að veiða allan þann kvóta sem Íslendingum var ætlaður. Það sem af er árinu 1998 hafa íslensk skip veitt allan sinn kvóta eða 45 þús. tonn af úthafskarfa og mestallan kvótann af Íslandssíldinni eða 192 þús. tonn. Veiðum í Barentshafi virðist vera lokið þetta árið og hefur aflinn aldrei verið minni frá því Íslendingar hófu að

veiða þar árið 1993. Samanlagt útflutningsverðmæti afla af fjarmiðum á árinu 1998 getur orðið um 5,5–6 milljarðar króna.

Að öllu samanlögðu gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að framleiðsla sjávarafurða aukist um 3% milli áranna 1998 og 1999.

Afli og aflaverðmæti 1998–99.

	Afli þús. tonn		Breyting aflaverðmætis á föstu verði
	Spá 1998	Spá 1999	1998–99, %
Þorskur	240	270	12,5
Annar botnfiskur	261	262	0,4
Síld	70	70	0,0
Íslandssíld	192	192	0,0
Loðna	915	915	0,0
Humar	1,5	1,2	-20,0
Rækja	78	72	-7,7
Hörpudiskur	10	10	0,0
Kolmunni	50	50	0,0
Annað	12	12	0,0
Botnfiskur	501	532	6,9
Annar afli	1.330	1.323	-3,3
Samtals	1.831	1.855	2,8

Vinnumarkaður.

Á síðustu árum hefur vinnumarkaður einkennst af minnkandi atvinnuleysi og meiri eftirspurn eftir vinnuafli. Eftir að atvinnuleysi náði hámarki, 5%, á árinu 1995, hefur atvinnuástand batnað mjög með auknum hagvexti.

Atvinnuþátttaka og atvinna.

Frá því vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar var fyrst gerð árið 1991 hefur atvinnuþátttaka mælst um 81–83% af mannfjölda á aldrinum 16–74 ára. Atvinnuþátttaka er skilgreind þannig að sá sem vinnur meira en 1 klukkustund í viðmiðunarvikunni telst þátttakandi, sem og þeir sem eru án atvinnu en eru virkir í atvinnuleit. Atvinnuþátttaka nam um 81% á árinu 1997 og búast má við að hún nemi um 82% á þessu ári. Atvinnuþátttaka karla er heldur meiri en kvenna, eða um 86% á móti 76% þátttöku kvenna. Þó hefur atvinnuþátttaka karla staðið í stað á undanförnum árum á meðan atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist og munurinn því minnkað smám saman.

Atvinnuþátttaka er mikil hér á landi samanborið við önnur lönd. Atvinnuþátttaka fólks á aldrinum 15–64 ára hér landi var 87,4% á árinu 1997 en tæplega 80% annars staðar á Norðurlöndunum nema Finnlandi þar sem atvinnuþátttaka mældist 74%. Atvinnuþátttaka í Bretlandi og Bandaríkjunum var rúmlega 75% og undir 70% í Frakklandi.

Störfum hefur fjölgað jafnt og þétt hin síðustu ár. Þjóðhagsstofnun áætlar að störfum hafi fjölgað um 2.200 ársverk á árinu 1997, eða um 1,7%. Frá því í apríl 1997 hefur atvinnuástandskönnun Þjóðhagsstofnunar leitt í ljós vilja atvinnurekenda til að fjölga starfsfólki. Þegar síðasta könnun var gerð í apríl síðastliðnum kom fram að atvinnurekendur töldu æskilegt að fjölga starfsfólki um 0,2%. Könnunin gefur vísbendingu um mun meiri eftirspurn eftir

vinnuafli á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Á meðan atvinnurekendur á höfuðborgarsvæðinu vildu fjölga starfsfólki um 250 manns að meðaltali vildu atvinnurekendur á landsbyggðinni aðeins fjölga starfsfólki um 50 manns að meðaltali. Æskileg fjölgun starfsfólks er mest í þjónustustarfsemi, ekki síst þjónustu við atvinnurekstur, í tæknigreinum og sérhæfðum iðnaði. Í heild er gert ráð fyrir að ársverkum fjölgi um 1,8% á þessu ári og vænst er svipaðrar fjölgunar á því næsta.

Atvinnuleysi.


Eftir að skráð atvinnuleysi náði hámarki á árinu 1995 hefur það minnkað ár frá ári, í 4,3% árið 1996 og niður í 3,9% árið 1997. Á þessu ári er búist við að atvinnuleysið minnki enn frekar og verði 2,9% af mannafla.

Fyrstu átta mánuði ársins mældist atvinnuleysi 3,1% en 4,2% á sama tímabili í fyrra. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu nam 3,4% en 2,9% á landsbyggðinni. Saman hefur dregið með þessum svæðum frá því á sama tíma í fyrra þegar atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu mældist 4,7% á móti 3,4% á landsbyggðinni. Atvinnuleysi hefur dregist saman á öllum landsvæðum nema á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi stóð í stað á fyrstu átta mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra. Mest hefur atvinnuleysi dregist saman á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi og Suðurnesjum eða um ríflega 1 prósentustig milli ára. Minnst er atvinnuleysi á Vestfjörðum eins og áður 1,2% af mannafla.

Atvinnuleysi hefur einnig farið minnkandi í öðrum ríkjum OECD, en það minnkaði í helmingi þeirra milli áranna 1996 og 1997 aðallega vegna betra árferðis, auk þess sem sérstakar aðgerðir gegn atvinnuleysi tóku víða að bera árangur. Atvinnuleysi í OECD-ríkjunum í heild lækkaði úr 11,4% í 11,2% milli áranna 1996 og 1997.

Síðustu tvo áratugi hefur atvinnuleysi mælst meira meðal kvenna en karla hér á landi og svipar til reynslu annarra landa í því tilliti. Munurinn nam að jafnaði innan við prósentustigi á tímabilinu 1980–92, en frá 1992 hefur munurinn aukist jafnt og þétt, í 1,7 prósentustig á árinu 1993 og í 3 prósentustig á árinu 1997. Þannig nam atvinnuleysi karla 2,6% á árinu 1997 á meðan atvinnuleysi meðal kvenna fór í 5,6%. Fyrstu átta mánuði þessa árs nam atvinnuleysi meðal kvenna 4,5% á meðan atvinnuleysi meðal karla mældist 2,0%.

Mynd 19. Atvinnuleysi eftir mánuðum 1990–98.
Hlutfall af mannafla, %.



Heimild: Vinnumálastofnun.

Í versnandi árferði fækkar atvinnutækifæum ungs fólks og frá 1987 til 1992 jókst hlutdeild atvinnulausra á aldrinum 15–24 ára úr 15% í 30% af heildarfjölda atvinnulausra. Frá árinu 1992 hefur hlutur ungra atvinnulausra minnkað ár frá ári og var kominn niður í 20% á árinu 1997. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar var atvinnuleysi 15–24 ára 7,7% af vinnuafli á þeim aldri, á móti 3,9% atvinnuleysi í heild. Þótt atvinnuleysi ungs fólks sé hærra en atvinnuleysi í heild, reynist það ekki hátt á alþjóðlegan mælikvarða. Í OECD-ríkjunum nam atvinnuleysi 13½% í þessum aldurshóp og 20½% í ríkjum ESB á árinu 1997.

Fjöldi atvinnulausra segir ekki alla söguna um kostnað vegna atvinnuleysis, heldur verður einnig að líta til meðallengdar atvinnuleysis. Félagslegar afleiðingar langtímaatvinnuleysis eru miklu alvarlegri en skammtímaatvinnuleysis. Samhliða því að atvinnuleysi tók að aukast á árinu 1989 hækkaði hlutfall þeirra sem hafa verið án atvinnu í hálft ár eða lengur. Þetta hlutfall fór upp fyrir 20% á árinu 1990 og hefur það ekki orðið lægra síðan. Síðustu árin hefur hlutfallið farið hækkandi og var komið í 34% á árinu 1997.

Reynsla margra landa er að aukinn hagvöxtur hefur ekki megnað að skapa þeim vinnu sem verið hafa án vinnu lengi. Þótt langtímaatvinnuleysi hafi aukist á undanförnum árum er það töluvert minna en víða í þeim löndum sem við miðum okkur við. Á árinu 1997 hafði nær helmingur atvinnulausra í ríkjum OECD verið atvinnulaus í 6 mánuði eða lengur. Í ríkjum ESB var þetta hlutfall enn hærra, eða nálægt 70%. Í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð hafði tæplega helmingur atvinnulausra verið án atvinnu í 6 mánuði eða meira, á meðan hlutfallið var mun lægra í Noregi, eða rúmlega fjórðungur. Þessi samanburður sýnir að atvinnuleysi hefur ekki náð að skjóta verulegum rótum hér á landi, því minnkun atvinnuleysis virðist ná nokkuð jafnt til flestra þjóðfélagshópa.

Ekki er við því að búast að atvinnuleysi minnki mikið á næsta ári. Þótt eftirspurn eftir vinnuafli sé mikil er reiknað með að þjóðarbúið sé að nálgast efri mörk framleiðslugetu. Því er gert ráð fyrir að atvinnuleysið verði um 2,7% á næsta ári.

Áhrif breyttra laga um atvinnuleysi og vinnumarkaðsaðgerðir.

Með lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir sem tóku gildi á miðju ári 1997 var reglum um bótarétt og vinnumiðlanir breytt með það fyrir augum að hvetja atvinnulausa til atvinnuleitar og auðvelda þeim hana.

Hámarkstímabil bóta er nú fimm ár en var áður án takmarkana, þó gert væri hlé á greiðslum með vissu millibili. Settar hafa verið á fót svæðisvinnumiðlanir og er hlutverk þeirra meðal annars að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við að útvega hæft starfsfólk. Vinnumiðlanirnar eiga að gera starfsleitaráætlun fyrir hvern þann sem er í atvinnuleit. Taki atvinnulaus maður ekki þátt í gerð slíkrar áætlunar eða fylgi henni ekki, getur það valdið missi bótaréttar. Þótt enn verði ekki komið við óyggjandi sönnunum eru vísbendingar um að þessar breytingar hafi átt sinn þátt í því að atvinnuleysi hefur minnkað meira í ár en við var búist. Áhrifa breytinganna mun væntanlega gæta enn frekar á næstu árum. Þann 1. júlí sl. tóku gildi ákvæði laganna um bætur til þeirra sem eru í hálfri vinnu og teljast atvinnulausir að hálfu. Nú eru bætur til þessa fólks tekjutengdar og virðist þetta ákvæði hafa fækkað fólki á atvinnuleysisskrám.

Búferlaflutningar.

Samhliða bættum efnahag á Íslandi hefur fjöldi þeirra sem flytjast til landsins aukist að undanförnu. Á árinu 1997 fluttust 3.990 manns til landsins á meðan 3.921 fluttist af landi brott. Þetta er í fyrsta skipti síðan 1991 að fleiri flytjast til landsins en frá því. Hámarki náði fólksflutningurinn frá landinu á árinu 1995, þegar 1.418 fleiri fluttu frá landinu en til landsins. Á fyrri helmingi þessa árs fluttu 309 fleiri til landsins en frá landinu. Fleiri íslenskir ríkisborgarar flytjast af landi brott en hingað flytja og hefur svo verið um nokkurt skeið. Hins vegar flytjast til landsins fleiri erlendir ríkisborgarar en héðan fara. Á þéttbýlissvæðum hefur fólki fækkað vegna búferlaflutninga til útlanda en dreifbýlir landshlutar bæta sér upp fækkun vegna innan landsflutninga með aðfluttu erlendu vinnuafli.

Á árinu 1997 fluttust 4.572 á höfuðborgarsvæðið af landsbyggðinni á meðan 2.832 fluttu af höfuðborgarsvæðinu á landsbyggðina. Íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgaði af þessum sökum um 1.740. Á þessu ári hefur dregið nokkuð úr þeim miklu búferlaflutningum innan lands sem hafa staðið yfir undanfarin ár og gæti samdrátturinn numið um 15%. Útlit er fyrir að Vestfirðir tapi um 2,5% af íbúafjölda vegna búferlaflutninga innan lands í ár og að tap Austfjarða og Norðurlands vestra verði um 2%. Í öðrum landshlutum má búast við að tapið verði um 0,5% af íbúafjölda en aðflutningur færir höfuðborgarsvæðinu fólksfjölgun sem nemur um 0,7%.


Verðlag.

Svo virðist sem verðbólgan í ár verði töluvert lægri en upphaflega var reiknað með. Eftir að gengið var frá kjarasamningum í fyrra og í ljósi vaxandi eftirspurnar á vöru- og vinnumarkaði var því spáð að vísitala neysluverðs mundi hækka um 2,7% milli áranna 1997 og 1998. Í reynd hefur vísitalan hækkað mun minna og frá september í fyrra til jafnlengdar í ár var hækkun hennar aðeins 0,8%. Í ljósi þess að eftirspurnaraukningin hér innan lands hefur verið meiri en í fyrstu var búist við og framvindan á vinnumarkaði leitt til þess að atvinnuleysið hefur minnkað hraðar en áður var spáð vekur þessi þróun upp spurningar um eftirfarandi:

- Hefur verðmyndun í þjóðarbúskapnum breyst þannig að hefðbundnar spáaðferðir gefi ekki lengur ábyggilegar niðurstöður um líklega verðlagsþróun?
- Voru fyrri verðbólguspár byggðar á röngu mati á þensluhættu í hagkerfinu?

Þegar verðlagsþróunin á undanförnum mánuðum er skoðuð nánar kemur glögglega í ljós að mikill munur er á breytingum einstakra liða vísitölunnar. Í grófum dráttum má segja að sú verðbólguaukning sem búist var við í kjölfar kjarasamninganna hafi að mestu leyti komið fram í þeim liðum sem byggja á innlendum framleiðsluþáttum. Hins vegar hefur verðlagsþróun í viðskiptalöndunum verið afar hagstæð og síðast en ekki síst hefur gengi íslensku krónunnar styrkst umtalsvert á þessu tímabili. Afleiðingin hefur verið sú að verðlag á innfluttum vörum hefur lækkað jafnt og þétt og því vegið kröftuglega upp hluta af hækkunum á innlendum vörum og þjónustuliðum í vísitölunni.

Mynd 20. Þróun neysluverðsvísitölu eftir uppruna vöru og þjónustu 1992–98.
Breyting frá fyrra ári, %.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 20 sýnir vel hversu mjög dregið hefur í sundur með verðþróun á innlendum og erlendum liðum neysluverðsvísitölunnar. Fyrstu mánuði ársins hækkuðu innlendir liðir vísitölunnar á ársgrundvelli um 4–5% á sama tíma og innfluttu liðirnir lækkuðu um 2–3%. Í heild hefur verðbólgan verið í kringum 2% það sem af er ári sem er um einu prósentustigi undir því sem fyrri spár gerðu ráð fyrir.

Annað sem glögglega kemur fram á myndinni eru verðbólgukúfar sem koma í kjölfar kostnaðarbreytinga. Þannig má greinilega sjá áhrif hærri launakostnaðar á innlenda hluta vísitölunnar í kjölfar þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum árum, og ef skoðað er lengra aftur í tímann sjást greinilega áhrif gengisfellinganna 1992 og 1993 á innflutta þáttinn á þeim tíma.

Það virðist því sem enn sé til staðar allgott samband milli kostnaðar og verðlags hér á landi. Þó er að svo komnu máli ekki hægt að skera úr um hversu miklu nýjar aðstæður á vöru- og vinnumarkaði skipta varðandi verðmyndunina.

Til skamms tíma er því meginskýringin á hagstæðri verðlagsþróun sú hækkun sem orðið hefur á gengi krónunnar að undanförnu. Samkvæmt tölum Seðlabankans hækkaði gengi krónunnar miðað við innflutningsvog um 1,2% fyrstu átta mánuði þessa árs og miðað við árslok 1996 nemur hækkunin 3%. Lækkandi verðlag á innfluttum vörum þarf því ekki að koma á óvart.

Áhrif aukinnar samkeppni hafa mikið verið til umræðu þar sem bent hefur verið á að hagræðing í framleiðslu- og verslunargreinum í kjölfar virkari samkeppni hafi leitt til aukinnar framleiðni og þar með skapað svigrúm til hagstæðari verðlagsþróunar.

Erfitt er að segja til um það hvort hagstæð verðlagsþróun á undanförnum missirum feli í sér að hættan á ofþenslu í hagkerfinu hafi verið ofmetin. Sterkar vísbendingar hafa komið fram um að sá slaki sem fyrir var í efnahagslífinu sé nú að mestu horfinn.

Eins og áður hefur komið fram einkennist efnahagsuppsveiflan af mikilli aukningu innflutnings og þar með verulegri versnun á viðskiptajöfnuði. Að svo miklu leyti sem aukin eftirspurn á vörumarkaði felur í sér hættu á ofþenslu má segja að eftir því sem stærri hluti eftirspurnaraukningarinnar beinist að innflutningi dragi úr álagi á innlenda framleiðsluþætti. Þannig má álykta sem svo að hagstæð verðlagsþróun skýrist að hluta af því hversu stór hluti eftirspurnaraukningarinnar hefur farið til útlanda.

Verðlagsþróun á næsta ári verður með nokkuð öðrum hætti en í ár samkvæmt spánni. Að hluta byggist það á þeirri forsendu að gengi krónunnar haldist óbreytt frá því sem það var í september sl. Gangi þessi forsenda eftir mun hækkandi gengi ekki halda aftur af verðlagsbreytingum með sama hætti og í ár. Það má því fastlega gera ráð fyrir því að verðbólgan á næsta ári verði heldur meiri en í ár. Miðað við fyrirsjáanlegar launahækkanir og í ljósi áframhaldandi uppsveiflu gerir spáin ráð fyrir um 3% hækkun neysluverðsvísitölu frá upphafi til loka næsta árs og að vísitalan hækki um 2% milli ára.

Heimilin.

Kjaramál og launaþróun.


Kaupmáttur hefur vaxið verulega frá árinu 1993. Ætla má að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann á næsta ári verði ívið hærri en hann var áður hæstur árið 1987. Rifja má upp að á því eina ári ruku ráðstöfunartekjur upp um ríflega 20%, en sá kaupmáttarauki reyndist þó skammvinnur. Til samanburðar má nefna að svipuð hækkun er nú að verða á fjórum árum.

Flestir kjarasamningar eru í gildi til ársins 2000. Áætlað er að laun hafi hækkað um 6% í fyrra og um 3,5% í ár samkvæmt miðlægum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Ákvæði voru um vinnustaðasamninga í almennum kjarasamningum, en erfitt er að meta hver hækkun launakostnaðar hafi verið af þeim. Ljóst er að kjarasamningar á opinberu hliðinni fólu margir hverjir í sér mun meiri launahækkun. Ákvæði um aðlögunarsamninga voru einnig frábrugðnir vinnustaðasamningum og sýnt er að þeir fólu í sér meiri launahækkun.

Erfitt er að meta til hlítar hvað kjarasamningarnir í fyrra fólu í sér í heild og enn erfiðara er að leggja tölulegt mat á fyrrnefnda viðbótarsamninga. Af þessum sökum er erfitt að segja til um hvert launaskrið hafi verið.

Eftirspurn eftir vinnuafli er mikil um þessar mundir og er viðbúið að þrýst verði á um launahækkanir. Upplýsingar eru hins vegar af skornum skammti um launaþróun og er launavísitala Hagstofunnar eina haldreipið í þeim efnum. Vísitalan er annmörkum háð hvað varðar mat á almenna markaðinum því úrtak er lítið. Í fyrra hækkaði vísitalan um 5,4% milli ársmeðaltala og hækkunin frá meðaltali í fyrra til júlí í ár er 9,4%. Ekki er óvarlegt að ætla að launavísitalan muni hækka um 9½% milli áranna 1997 og 1998, en kjarasamningar gefa tilefni til að áætla að vísitalan muni hækka um 5,5% frá 1998 til 1999.

Mynd 21. Kaupmáttur launa miðað við launavísitölu.
Vísitala 1990=100.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Vísbendingar um tekjur og laun má einnig fá úr skrám um staðgreiðslu. Fyrstu sex mánuði þessa árs hafa staðgreiðsluskyldar tekjur hækkað um 14½% frá sama tíma í fyrra. Áætlun um launatekjur sýnir ívið meiri hækkun og má ætla að hækkun þeirra sé 15½–16%. Að baki þeirri hækkun standa auk almennra launahækkana fjölgun starfa og aukin eftirvinna. Ljóst er þó að hækkun launatekna er mjög mikil og meiri en kjarasamningar og launavísitala gefa tilefni til.

Ráðstöfunartekjur.

Atvinnutekjur eru langstærsti hluti ráðstöfunarteknanna. Samkvæmt skattframtölum hækkuðu launatekjur í heild um 8,3% frá 1996 til 1997 en um 6,6% á framteljanda. Þessi niðurstaða er í hátt við fyrri spár. Hækkun atvinnutekna umfram launavísitölu skýrist af auknu vinnumagni. Nú er gert ráð fyrir að atvinnutekjur muni hækka um 11% á þessu ári og um 7½% á því næsta. Í þeirri spá er gert ráð fyrir að störfum fjölgi um 1½–2% í ár og á því næsta.

Með tilfærslutekjum er átt við bætur Tryggingastofnunar, atvinnuleysisbætur, lífeyri, barnabætur og vaxtabætur o.fl. Alla jafna aukast þessar tekjur verulega þegar að kreppir, m.a. vegna tekjutenginga, en lækka þegar betur árar. Minnkun atvinnuleysis leiðir vitaskuld til sparnaðar í greiðslum atvinnuleysisbóta og hærri tekjur draga úr greiðslum tekjutengdra bóta. Eignastaða heimilanna hefur áhrif á vaxtagjöld umfram tekjur. Miðað við horfur um einkaneyslu á þessu ári virðist ólíklegt að hreinar peningalegar eignir heimilanna styrkist.

Tekjuskattskerfið var tekið til endurskoðunar í fyrra, með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum þess. Ákveðið var að lækka tekjuskattshlutfall í staðgreiðslu um 4% á tveggja ára tímabili. Fyrsta skrefið var stigið 1. maí 1997 þegar tekjuskattshlutfallið lækkaði um 1,1%. Um síðustu áramót lækkaði hlutfallið um 1,9% til viðbótar og um næstu áramót kemur síðasti hluti lækkunarinnar til framkvæmdar þegar tekjuskattshlutfallið lækkar um 1%.

Lækkun tekjuskatts kemur í kjölfar þess að heimild til frádráttar iðgjalda lífeyrissjóða var rýmkuð og kom sú heimild til framkvæmda í nokkrum þrepum á árunum 1995–97. Skattleysismörk hækkuðu um 2,5% um síðustu áramót og samsvarandi hækkun kemur til framkvæmda um næstu áramót og aftur í ársbyrjun 2000. Einnig var ákveðið að hækka svokallaðan hátekjuskatt úr 5% í 7% á móti því að tekjumörk voru hækkuð.

Þessar áætlanir leiða til þeirrar niðurstöðu að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hækki um 8% milli 1997 og 1998 og um 4,5% frá 1998 til 1999.

Í kjarasamningum voru ákvæði um að til endurskoðunar samninga gæti komið ef hækkun ráðstöfunartekna hér á landi yrði minni en að meðaltali í aðildarríkjum OECD. Einsýnt er að til þessa muni ekki koma því ráðstöfunartekjur hafa hækkað miklu meira hér á landi en í aðildarríkjum OECD. Samkvæmt upplýsingum frá OECD jukust ráðstöfunartekjur heimilanna á mann í aðildarríkjunum að meðaltali um 1,4% í fyrra og áætlað er að þær muni aukast um 1,7% í ár og um 2,1% á því næsta. Írland er eina aðildarríki OECD þar sem ráðstöfunartekjur heimila hafa hækkað að undanförnu viðlíka og hér á landi.

Einkaneysla og sparnaður.

Flestar vísbendingar um þróun einkaneyslu landsmanna það sem af er árinu benda til að um verulega aukningu verði að ræða á árinu 1998 þrátt fyrir rúmlega 17% aukningu samanlagt undanfarin þrjú ár.

Nú liggja fyrir tölur um veltu samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum fyrir fyrstu sex mánuði ársins. Þær sýna 11,9% veltuaukningu frá fyrra ári í þeim atvinnugreinum sem einkum selja vöru og þjónustu til heimila. Lætur nærri að þetta sé um 9,5% magnaukning. Hluti þessarar aukningar birtist í stórauknum innflutningi neysluvara.

Fyrstu sjö mánuði ársins 1998 óx innflutningur unninna mat- og drykkjarvara til heimilisnota um 18% að magni og innflutningur á ýmsum neysluvörum, svo sem heimilistækjum, fatnaði og áfengi, lyfjum og tóbaki, jókst um 31,7% frá sama tíma í fyrra. Á sama tíma jókst innflutningur fólksbifreiða um 31,9%.

Einkaneysla 1990–98.

	Hlutfallsleg skipting, %		Magnbreyting frá fyrra ári, %					
	1990	1997	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Matur, drykkjarvara og tóbak	25,5	20,7	-2,4	-0,3	1,7	3,4	1,5	4,3
Fatnaður	7,8	7,2	-7,4	7,6	5,0	4,0	4,0	12,2
Húsnæði, ljós og hiti	17,6	14,9	0,5	1,5	1,5	2,0	1,1	2,5
Húsgögn, húsbúnaður heimilishald og heimilistæki	7,9	8,4	-5,9	7,1	5,1	8,2	7,6	15,5
Lyf og læknishjálp	1,7	2,0	2,2	4,1	3,0	4,0	1,8	6,5
Flutningatæki og samgöngur	13,8	18,4	-8,6	-1,4	13,3	13,9	14,6	17,9
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál	10,3	11,6	-2,5	4,9	5,2	6,0	8,3	11,6
Ýmsar vörur og þjónusta	11,8	13,2	-7,3	5,5	7,7	5,3	7,9	10,1
Einkaneysla innan lands alls	**96,5**	**96,3**	**-4,0**	**2,4**	**4,9**	**5,6**	**5,7**	**9,4**
Útgjöld Íslendinga erlendis	7,5	7,6	-2,8	-3,1	-0,8	10,5	9,8	17,5
Útgjöld útlendinga á Íslandi	3,9	3,9	14,5	6,7	11,3	-4,8	3,2	12,0
Einkaneysla alls	**100,0**	**100,0**	**-4,5**	**1,9**	**4,2**	**6,4**	**6,1**	**10,0**
Þar af:								
Óvaranlegar neysluvörur	40,4	35,7	-2,7	-0,7	3,1	3,9	3,1	5,6
Hálfvaranlegar neysluvörur	13,6	13,1	-6,4	6,3	5,5	4,1	5,2	12,6
Varanlegar neysluvörur	10,6	15,1	-15,4	5,7	12,3	21,1	17,1	24,0
Þjónusta	35,4	36,1	-1,0	3,5	4,6	3,6	5,0	6,9

Ferðalög landsmanna hafa aukist mjög á þessu ári. Í framhaldi af þessum horfum og tölum úr greiðslujöfnuði fyrri hluta ársins er því spáð að útgjöld Íslendinga í útlöndum muni aukast um 17,5% frá fyrra ári. Útgjöld erlendra manna á Íslandi dragast frá útgjöldum Íslendinga í útlöndum við uppgjör einkaneyslunnar í heild. Tölur um fjölda erlendra ferðamanna fyrri hluta ársins og horfur um fjölda á seinna árshelmingi þessa árs benda til að útgjöld þeirra hér á landi geti aukist um allt að 12% á árinu 1998.

Að síðustu má nefna að veruleg aukning er á greiðslukortanotkun heimila. Heildarveltan jókst um 12,4% fyrstu 8 mánuði ársins, þar af 10,9% innan lands. Færslufjöldinn jókst svipað þannig að meðalúttekt er nánast óbreytt. Debetkortanotkun jókst þó enn meir eða um rúmlega 28%, en þar gætir enn áhrifa kerfisbreytingar frá tékkanotkun sem minnkaði um 6% fyrstu sex mánuði ársins.


Að öllu samanlögðu er því nú spáð að einkaneyslan aukist um 10% frá fyrra ári. Mesta aukningin er í kaupum á varanlegum neysluvörum sem aukast um tæp 24% á árinu og vega þar kaup á einkabifreiðum hvað þyngst. Kaup á hálfvaranlegum neysluvörum, svo sem fatnaði, aukast einnig umtalsvert eða um 12% en aukning óvaranlegra neysluvara og þjónustu er minni, á bilinu 5–6%.

Á næsta ári dregur væntanlega nokkuð úr vexti einkaneyslunnar þar sem kaupmáttaraukningin verður töluvert lægri og mettunaráhrifa fer eflaust að gæta í þeim útgjaldaliðum sem aukist hafa hvað mest undanfarin fjögur ár. Með tilliti til þessa er því spáð að einkaneysla aukist á næsta ári um 5%.

Meðfylgjandi mynd sýnir vel að þegar kaupmáttur vex aukast kaup heimilanna verulega á varanlegum neysluvörum. Aðrir liðir einkaneyslunnar eru ekki eins næmir fyrir kaupmáttarbreytingum. Frá 1993 til áætlunar 1998 rúmlega tvöfaldast kaup á varanlegum neyslu-

vörum, en um er að ræða tæplega þriðjungs aukningu á einkaneyslu í heild og 11% aukningu á neyslu matar, drykkjarvöru og tóbaks.

Mynd 22. Þróun helstu liða í einkaneyslu.
Vísitölur 1990=100.



Fyrir liggja bráðabirgðatölur um lán lánakerfisins eftir geirum til loka júní í ár. Samkvæmt þessum tölum hafa skuldir heimilanna vaxið um 11,8% frá sama tíma í fyrra, eða um 9,7% umfram verðbólgu. Breytingar hafa orðið á samsetningu skulda heimilanna. Skuldaaukninguna í fyrra má einkum rekja til skulda annarra en húsnæðisskulda. Jafnframt hefur lántaka heimilanna stóraukist hjá innlánsstofnunum.

Samkvæmt bráðabirgðatölum námu skuldir heimilanna í fyrra um 136% af ráðstöfunartekjum þeirra og höfðu hækkað um 1 prósentustig frá árinu áður. Þetta hlutfall hækkaði um 5–7 prósentustig árlega á árunum 1994–96. Vísbendingar um skuldaaukningu á þessu ári benda til að skuldir hækki lítillega sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna á þessu ári.

Upplýsingar um fjáreign heimilanna eru meiri óvissu undirorpnar en skuldastaðan. Áætlanir Seðlabankans sýna að fjáreignir umfram skuldir hafi vaxið í fyrra, en mörg ár á undan hækkuðu skuldir langt umfram fjáreignir. Samanburður á aukningu einkaneyslu og kaupmætti ráðstöfunartekna bendir hins vegar ekki til að sparnaður heimilanna aukist á þessu og næsta ári.

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði.

Eftir langt samdráttarskeið í byggingu íbúðarhúsnæðis jukust byggingarumsvif árið 1996 og hefur fjárfesting í íbúðarhúsnæði aukist um 4–5% undanfarin 2 ár. Fyrirliggjandi vísbendingar um þróun á þessu ári svo sem frá lánastofnunum og byggingafulltrúum benda til að um svipaðan vöxt verði að ræða á þessu ári. Horfur eru óvissari yfir á næsta ár, en hér er reiknað með heldur meiri aukningu en á þessu ári eða 7% að magni.

Verðþróun íbúðarhúsnæðis.

Þrátt fyrir mikinn samdrátt í nýbyggingum á íbúðarhúsnæði á fyrri hluta tíunda áratugarins lækkaði raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Nærtækt er að leita skýringa á þessu til efnahagssamdráttar og breytinga á fyrirkomulagi húsnæðislána. Viðbúið er hins vegar að eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði glæðist með vaxandi kaupmætti. Greina má merki um hækkun íbúðaverðs á undanförnum mánuðum, einkum sérbýlis.

Hið opinbera.

Uppgjör Þjóðhagsstofnunar á búskap hins opinbera fylgir þjóðhagsreikningastaðli Sameinuðu þjóðanna. Veigamesti munurinn á því uppgjöri og ríkisreikningi eru að hagnaður af sölu eignarhluta ríkisins í félögum er ekki færður til tekna í uppgjöri þjóðhagsreikninga heldur færður á endurmatsreikning. Þá eru afskrifaðar skattakröfur vegna gjaldþrots ekki færðar til gjalda heldur á endurmatsreikning. Að síðustu má nefna að einungis eru færðar til gjalda þær viðbótar lífeyrissjóðsskuldbindingar vegna s.k. aðlögunarsamninga við ríkisstarfsmenn sem tengjast launagreiðslum ársins. Í riti Þjóðhagsstofnunar *Búskapur hins opinbera* er birt samræmt yfirlit um búskap hins opinbera frá árinu 1980.

Ríkisfjármál.

Á fjárlögum þessa árs var stefnt að tekjuafgangi á búskap A-hluta ríkissjóðs annað árið í röð. Gert var ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs yrðu 165,8 milljarðar króna og útgjöldin lítið eitt lægri. Þá var gert ráð fyrir að kröfu- og hlutafjáreign ríkissjóðs lækkaði um 4,9 milljarða króna, þannig að hrein lánsfjárþörf hans yrði neikvæð um 4,8 milljarða króna, þ.e. að ríkissjóður greiddi niður skuldir sínar um þá fjárhæð. Forsendur þessara áforma hafa hins vegar breyst allnokkuð, bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga. Kemur þar til meðal annars hagstæðari efnahagsframvinda og meiri launahækkanir en ráð var fyrir gert.

Nú er reiknað með að tekjur ríkissjóðs verði 8–9 milljörðum króna hærri en í fjárlögum ársins, sem skýrist einkum af meiri tekjuskatti einstaklinga og meiri tekjum af veltusköttum, svo sem virðisaukaskatti. Á gjaldahlið er áætlaður útgjaldaauki 5–6 milljarðar króna meðal annars vegna aukinna launaútgjalda og viðbótarútgjalda svo sem vegna reksturs sjúkrahúsa. Tekjuafkoma ríkissjóðs ætti því að verða 3 milljörðum króna hagstæðari en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Hvað lánsfjárþörfina varðar er nú reiknað með að hún verði neikvæð um ríflega 14½ milljarð króna sem er umtalsvert betri niðurstaða en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Kemur þar til meiri tekjuafgangur á ríkissjóði en reiknað var með og veruleg sala eigna. Ríkissjóður er með öðrum orðum að greiða niður skuldir sínar um þessa fjárhæð sem ekki hefur verið raunin um langt árabil. Hér er því um veruleg umskipti að ræða. Tæplega tveir þriðju hlutar þessarar fjárhæðar fer til niðurgreiðslu erlendra skulda og að teknu tilliti til erlendra vaxtagreiðslna ríkissjóðs er ljóst að A-hluti ríkissjóðs léttir verulega á innlendri eftirspurn með fjármálastefnu sinni.

Í uppgjöri Þjóðhagsstofnunar á búskap hins opinbera sem eins og áður sagði fylgir þjóðhagsreikningastaðli Sameinuðu þjóðanna er áætlað að tekjuafkoma ríkissjóðs verði jákvæð um sem nemur 4½ milljarði króna á árinu 1998 eða 0,8% af landsframleiðslu, sem er heldur hagstæðari niðurstaða en árið á undan. Þá er reiknað með að tekjur ríkissjóðs mælist 28,3% af landsframleiðslu og útgjöldin um 27,6%, sem er ríflega ½ prósentustigi lægra hlutfall en árið á undan.

Lausleg athugun bendir til þess að vegna uppsveiflunnar í hagkerfinu séu tekjur ríkissjóðs um 6 milljörðum króna meiri en þær væru í eðlilegu árferði eða sem nemur 1% af landsframleiðslu. Að teknu tilliti til áhrifa hagsveiflunnar snýst afkoma ríkissjóðs úr tekjuafgangi í undirliggjandi halla sem nemur um 1½ milljarði króna.

Í framhaldi af gerð kjarasamninga við nær alla ríkisstarfsmenn á síðasta ári hafa verið gerðir svokallaðir aðlögunarsamningar í ár. Þeir hafa haft veruleg áhrif á lífeyrissjóðsskuldbindingar ríkissjóðs sem áætlað er að hækki um 9 til 10 milljarða króna umfram forsendur fjárlaga. Þá var tekjuskattshlutfall einstaklinga lækkað um 1,9 prósentustig í upphafi árs sem ætla má að kosti ríkissjóð í kringum 6 milljarða króna.

Fjármál sveitarfélaga.

Í áætlunum um fjármál sveitarfélaga er gert ráð fyrir að tekjuhalli þeirra verði nokkru minni í ár en í fyrra eða í kringum 1½ milljarður króna sem er 2½% af tekjum þeirra. Til samanburðar er áætlaður tekjuhalli ársins 1997 rúmlega 2 milljarðar króna eða 4% af heildartekjum þeirra. Með flutningi grunnskólans og annarra verkefna frá ríki til sveitarfélaga hafa heildarútgjöld sveitarfélaga vaxið umtalsvert og er nú áætlað að þau verði um 55 milljarðar króna árið 1998 eða 9½% af landsframleiðslu. Að sama skapi hafa tekjurnar vaxið en þær eru taldar verða 53½ milljarður króna í ár. Umfang sveitarfélaga í búskap hins opinbera mælist nú um 27% af heildinni en um langt árabil var það á bilinu 20–22%. Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga skýrir að mestu þessa þróun.


Fjármál sveitarfélaga 1995–98.

	Í milljörðum króna				Hlutfall af landsframleiðslu,%			
	1995	1996	1997	1998	1995	1996	1997	1998
Heildartekjur	34,9	40,0	49,6	53,5	7,7	8,2	9,5	9,2
Heildarútgjöld	36,4	40,4	51,7	55,0	8,0	8,3	9,9	9,5
Tekjuafgangur	-1,5	-0,4	-2,1	-1,4	-0,3	-0,1	-0,4	-0,2
Hlutdeild í búskap hins opinbera					22,0	22,7	27,3	26,8

Fjármál hins opinbera.

Áætlanir benda til að rekstur hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, skili afgangi í ár annað árið í röð, en sú hefur ekki orðið raunin síðan í byrjun síðasta áratugar. Tekjuafgangurinn er áætlaður ríflega 3 milljarðar króna á árinu eða sem svarar til 0,6% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafgangur ársins 1997 tæplega milljarður króna eða 0,2% af landsframleiðslu. Hallinn á árinu 1994 var hins vegar rúmlega 20 milljarðar króna eða 4,7% af landsframleiðslu.

Mynd 23. Tekjur og gjöld hins opinbera 1980–98.
Hlutföll af landsframleiðslu, %.



Útgjöld hins opinbera hafa minnkað ár frá ári sem hlutfall af landsframleiðslu eins og lesa má af meðfylgjandi mynd og mælast nú 36½% af landsframleiðslu saman-borið við rúmlega 40½% árið 1992 þegar þau voru hvað hæst. Áætlað er að heildarútgjöld hins opinbera verði 211½ milljarður króna á árinu 1998 og hækki um 18 milljarða króna milli ára. Til samanburðar mældust útgjöld síðasta árs 36,9% af landsframleiðslu. Þessi hlutfallslækkun skýrist fyrst og fremst af lítilli aukningu annarra útgjalda en samneysluútgjalda. Samneyslan eykst um 3% að raungildi milli ára og verður heldur hærra hlutfall af landsframleiðslu en árið á undan eða 20,6%. Útgjöld eins og vaxtaútgjöld og rekstrartilfærslur hafa farið lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu og sérstaklega útgjöld til fjárfestinga sem hafa dregist saman um þriðjung á undanförnum árum.

Útgjöld hins opinbera 1990–98.
Hlutfall af landsframleiðslu.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Spá 1998
Samneysla	19,2	19,7	20,2	20,6	20,6	20,8	20,7	20,5	20,6
Vaxtaútgjöld	3,5	3,7	3,6	3,7	3,9	4,1	3,7	3,4	3,1
Rekstrartilfærslur	10,6	10,4	10,9	10,5	10,0	10,1	9,7	9,2	8,8
Fjárfestingarútgjöld ...	6,5	7,0	6,4	6,1	6,3	4,6	4,8	4,5	4,4
Heildarútgjöld	39,3	40,2	40,6	40,3	40,1	39,0	38,2	37,0	36,4

Tekjur hins opinbera eru taldar verða 215 milljarðar króna í ár til samanburðar við ríflega 194 milljarða króna í fyrra. Miðað við landsframleiðslu lækka tekjurnar lítið eitt milli ára og mælast um 37% af landsframleiðslu í stað 37,1% í fyrra. Skatttekjur hins opinbera eru áætlaðar aukast um 21½ milljarð króna milli ára.

Yfirlit um fjármál hins opinbera 1997–99.
Milljarðar króna.

	Brb. 1997	Áætlun 1998	Spá 1999	Hlutfall af VLF,% 1997	1998	1999
Heildartekjur	194,4	214,8	225,5	37,1	37,0	36,3
1. Skatttekjur	182,1	203,5	213,4	34,7	35,0	34,3
2. Aðrar tekjur	12,3	11,3	12,0	2,3	1,9	1,9
Heildarútgjöld	193,2	211,6	219,4	36,9	36,4	35,3
1. Samneysla	107,3	119,5	129,0	20,5	20,6	20,8
– þar af afskriftir	3,3	3,5	3,7	0,6	0,6	0,6
2. Önnur útgjöld	89,1	95,5	94,4	17,1	16,4	15,2
Tekjuafgangur	1,2	3,2	5,8	0,2	0,6	0,9

Áætlun fjárlaga um lánsfjárþörf nær til ríkissjóðs, lánasjóða hins opinbera og ríkisfyrirtækja. Samkvæmt þessum áætlunum var gert ráð fyrir að hrein lánsfjárþörf þessara aðila í ár yrði rúmlega 9½ milljarður króna eða sem svarar til 1,6% af landsframleiðslu, en á síðasta ári mældist lánsfjárþörfin 3,4% af landsframleiðslu. Nú bendir hins vegar flest til þess að ríkissjóður verði með verulega neikvæða lánsfjárþörf á árinu eins og fram hefur komið eða sem nemur 14½ milljarði króna. Lánsfjárþörf opinbera húsnæðiskerfisins er hins vegar veruleg og sömuleiðis lánsfjárþörf opinberra fyrirtækja eins og Landsvirkjunar. Reiknað er með að hrein lánsfjárþörf þessara aðila verði ríflega 13 milljarðar króna og vegi upp neikvæða lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs.

Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 1997–99.
Milljarðar króna.

	Útkoma 1997	Áætlun 1998	Breyting frá fyrra ári	Spá 1999
Hrein lánsfjárþörf, alls	17,6	-1,5	-19,1	2,0
– Ríkissjóður A-hluti	0,4	-14,7	-15,1	-15,0
– Húsnæðiskerfið	11,2	5,5	-5,7	9,7
– Aðrir opinberir aðilar	6,0	7,7	1,7	7,3
Hrein lánsfjárþörf, % af VLF	3,4	-0,3	-3,1	0,3

Heildarskuldir hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, eru áætlaðar ríflega 272 milljarðar króna á árinu 1998 sem er um 47% af landsframleiðslu, eða rúmum 6 prósentustigum lægra hlutfall af landsframleiðslu en árið á undan. Þá er reiknað með að hreinar skuldir þess verði um 187 milljarðar króna eða 32,2% af landsframleiðslu. Erlend lán eru um helmingur heildarskulda hins opinbera.

Með hliðsjón af fjárlagafrumvarpi og áætlunum um fjármál sveitarfélaga má áætla að tekjuafkoma hins opinbera á næsta ári verði jákvæð um 6 milljarða króna í tekju- og útgjaldauppgjöri þjóðhagsreikninga. Þar er reiknað með að afkoma ríkissjóðs verði heldur betri en afkoma hins opinbera, en afkoma sveitarfélaganna verði neikvæð um nokkur hundruð milljónir króna. Í þessu sambandi er rétt að ítreka að nokkur munur er á uppgjörsaðferðum þjóðhagsreikninga og ríkisreiknings sem áður er lýst. Þá eru einungis færðar til gjalda þær lífeyrissjóðsskuldbindingar vegna kjarasamninga sem tengjast launagreiðslum ársins. Tekju-

afgangurinn samsvarar því um 0,9% af landsframleiðslu en 0,6% í ár. Reiknað er með að tekjur hins opinbera verði ríflega 225 milljarðar króna eða 36,3% af landsframleiðslu, sem felur í sér lækkun um 0,7 prósentustig frá árinu 1998. Útgjöldin munu einnig lækka allnokkuð sem hlutfall af landsframleiðslu en þau eru áætluð um 220 milljarðar króna eða 35,3% af landsframleiðslu.

Þessa þróun má einkum rekja til þess að áform eru um að fjárfestingar hins opinbera dragist saman milli ára 1998 og 1999. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi munu fjárfestingarútgjöld ríkissjóðs minnka um rúmlega 1 milljarð króna. Þá er þess að vænta að sveitarfélögin muni nota uppsveifluna til að bæta fjárhagsstöðu sína. Þess er einnig að gæta að ýmsum fjárfestingum sem tengjast flutningi verkefna til sveitarfélaganna er nú lokið.

Fjárlagafrumvarpið er nú í annað sinn lagt fram á rekstrargrunni. Þetta þýðir að allar fjárskuldbindingar, bæði greiddar og ógreiddar, sem A-hluti ríkissjóðs stofnar til á fjárlagaárinu færast til gjalda. Í nýju fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir um 2 milljarða króna tekjuafgangi og lækkun hreinna skulda A-hluta ríkissjóðs um 15 milljarða króna. Lækkun skuldanna verður meðal annars fjármögnuð með sölu hlutabréfa. Afkoma sveitarfélaganna í heild er talin verða nokkru betri 1999 en í ár. Lánsfjárþörf opinberra aðila í heild er talin verða aðeins 2 milljarðar króna á næsta ári. Á móti neikvæðri lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs vegur hrein lánsfjárþörf opinbera húsnæðiskerfisins og opinberra fyrirtækja sem áætluð er 17 milljarðar króna.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1996–99.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
			Áætlun	Spá			Áætlun	Spá
	1996	1997	1998	1999	1996	1997	1998	1999
1. Einkaneysla	296.840	320.314	358.115	383.526	6,4	6,0	10,0	5,0
2. Samneysla	100.358	107.304	119.548	128.996	1,0	2,6	3,0	3,0
3. Fjármunamyndun	86.752	98.666	129.279	119.214	26,5	11,2	27,3	-10,0
4. Neysla og fjárfesting alls	483.950	526.284	606.942	631.737	8,3	6,2	11,9	1,5
5. Birgðabreytingar [2]	-1.202	-5.094	0	0	-0,7	-0,9	0,8	0,0
6. Þjóðarútgjöld, alls	482.748	521.190	606.942	631.737	7,5	5,4	12,8	1,5
7. Útflutningur vöru og þjónustu	176.863	190.945	200.214	221.085	10,0	5,6	1,5	8,5
8. Innflutningur vöru og þjónustu	173.727	187.716	226.479	231.310	16,6	8,5	22,6	0,0
9. Verg landsframleiðsla	485.884	524.419	580.677	621.511	5,6	4,4	5,2	4,6
10. Jöfnuður þáttatekna o.fl.	-10.848	-11.498	-12.050	-14.348	-	-	-	-
11. Rekstrarframlög	-464	-238	-267	-283	-	-	-	-
12. Viðskiptajöfnuður (7.–8.+10.+11.)	-8.176	-8.507	-38.583	-24.857	-	-	-	-
13. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	**475.036**	**512.921**	**568.626**	**607.163**	6,3	4,3	5,0	4,2
14. Viðskiptakjaraáhrif [3]	-	-	-	-	-1,7	0,8	2,0	-0,1
15. Vergar þjóðartekjur	-	-	-	-	4,7	5,2	7,1	4,1
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-	-	-	-	-1,7	-1,6	-6,6	-4,0

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

[3] Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1996–99.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
			Áætlun	Spá			Áætlun	Spá
	1996	1997	1998	1999	1996	1997	1998	1999
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	92.056	89.394	95.298	100.120	8,8	-5,5	-2,0	3,0
Ál	12.532	15.419	18.865	24.241	3,6	15,8	43,5	26,6
Kísiljárn	3.936	3.647	2.786	3.343	-2,3	-0,1	-14,8	33,3
Annað	13.040	13.458	14.097	14.724	-1,7	4,6	4,8	2,4
Samtals	**121.564**	**121.918**	**131.046**	**142.428**	**6,7**	**-1,9**	**4,5**	**8,1**
Útflutt skip og flugvélar	4.146	5.201	641	3.561	-	-	-	-
Breyting útflutningsvörubirgða	20	-4.094	0	0	-	-	-	-
Vöruútflutningur alls	**125.690**	**131.213**	**131.687**	**145.989**	**9,1**	**1,9**	**-3,7**	**9,0**
Vöruinnflutningur alls	**124.489**	**130.959**	**159.882**	**159.823**	**16,6**	**5,9**	**24,8**	**-2,0**
Almennur vöruinnflutningur	111.880	115.567	142.082	144.531	17,2	4,6	25,4	-0,4
þ.a. olía	9.260	9.896	9.036	9.555	10,2	3,2	16,5	3,7
þ.a. annað	102.620	105.671	133.045	134.976	17,9	4,8	26,1	-0,7
Sérstakur vöruinnflutningur	12.609	15.392	17.801	15.292	22,6	26,8	21,1	-18,2
Vöruskiptajöfnuður	**1.201**	**254**	**-28.195**	**-13.834**	-	-	-	-
Þjónustutekjur	51.173	59.732	68.527	75.096	12,4	15,5	13,8	7,4
Þjónustugjöld	49.238	56.757	66.597	71.487	16,6	15,6	17,4	5,2
Þjónustujöfnuður	1.935	2.975	1.930	3.608	-	-	-	-
Jöfnuður þáttatekna o.fl.	**-10.848**	**-11.498**	**-12.050**	**-14.348**	-	-	-	-
Rekstrarframlög [2]	-464	-238	-267	-283	-	-	-	-
Viðskiptajöfnuður	-8.176	-8.507	-38.583	-24.857	-	-	-	-

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Tilfærslur nettó frá útlöndum aðrar en launa- og eignatekjur og fjármagnstilfærslur.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1996–99.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári %[1]			
			Áætlun	Spá			Áætlun	Spá
	1996	1997	1998	1999	1996	1997	1998	1999
Fjármunamyndun alls	**86.752**	**98.666**	**129.279**	**119.214**	**26,5**	**11,2**	**27,3**	**-10,0**
I Atvinnuvegir	**52.927**	**62.000**	**89.000**	**75.700**	**53,0**	**15,6**	**40,8**	**-16,8**
1. Landbúnaður	2.542	2.911	2.950	3.000	63,2	9,8	-0,7	-0,5
2. Fiskveiðar	5.174	1.764	3.700	3.500	216,8	-65,6	107,2	-6,5
3. Vinnsla sjávarafurða	4.659	4.181	5.200	4.500	43,5	-11,8	21,1	-14,9
4. Ál- og kísiljárnframleiðsla	6.284	11.120	9.500	4.000	1.124,8	74,5	-16,3	-58,7
5. Annar iðnaður	7.573	8.400	9.550	9.500	31,6	9,6	11,9	-1,6
6. Rafvirkjanir og rafveitur	3.359	7.785	15.500	9.000	73,6	124,9	94,0	-43,3
7. Hitaveitur	1.272	1.300	1.800	1.900	10,6	-0,6	32,9	2,5
8. Vatnsveitur	506	600	600	700	-10,4	15,4	-4,0	13,3
9. Byggingarstarfsemi o.fl.	2.624	3.246	4.000	3.600	45,6	23,7	23,2	-10,9
10. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4.698	5.800	8.300	9.600	18,3	20,1	37,3	12,3
11. Samgöngur	5.465	6.155	15.100	12.800	16,0	9,7	140,0	-18,4
12. Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	2.718	2.730	4.700	5.000	-0,9	-0,9	68,7	4,1
13. Tölvu- og skrifstofubúnaður	6.053	6.009	8.100	8.600	23,8	-0,7	34,8	5,1
II Íbúðarhús	**18.935**	**20.780**	**22.734**	**25.014**	**4,0**	**5,1**	**5,0**	**7,0**
III Starfsemi hins opinbera	**14.890**	**15.885**	**17.545**	**18.500**	**-3,7**	**3,8**	**5,4**	**2,4**
1. Vegir og brýr	3.268	3.485	3.900	4.100	-10,0	3,7	6,0	2,1
2. Götur og holræsi	2.887	3.300	3.645	3.900	4,8	11,2	4,7	3,9
3. Byggingar hins opinbera	8.735	9.100	10.000	10.500	-3,7	1,4	5,5	2,0

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

Tafla 4. Landsframleiðsla 1988–97.

Milljónir króna, á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum, 1990=100.

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Bráðab. 1996	Áætlun 1997
1. Einkaneysla	161.068	190.254	223.176	248.366	248.339	248.182	256.949	272.708	296.840	320.314
2. Samneysla	50.537	60.341	69.990	78.157	80.375	84.818	89.424	94.080	100.358	107.304
3. Fjármunamyndun	50.498	58.698	70.103	76.173	69.589	64.177	65.876	65.950	86.752	98.666
4. Birgðabreytingar	- 3.080	-8.143	-4.247	-891	-486	1.016	-26	2.285	-1.202	-5.093
5. Þjóðarútgjöld alls	259.023	301.150	359.022	401.804	397.817	398.193	412.223	435.022	482.748	521.190
6. Útflutningur alls	81.721	106.282	124.936	125.671	121.597	135.694	157.436	161.250	176.863	190.945
6.1 Vörur, fob	61.667	80.072	92.452	91.560	87.833	94.658	112.654	116.607	125.690	131.213
6.2 Þjónusta	20.054	26.210	32.484	34.111	33.764	41.036	44.782	44.643	51.173	59.732
7. Frádr.: Innflutningur alls	84.100	99.240	119.556	130.491	121.782	122.466	134.631	144.725	173.727	187.716
7.1. Vörur, fob	61.996	72.603	87.657	94.634	87.908	82.386	92.992	103.251	124.489	130.959
7.2. Þjónusta	22.104	26.637	31.899	35.857	33.874	40.080	41.639	41.474	49.238	56.757
8. Verg landsframleiðsla	**256.645**	**308.192**	**364.402**	**396.984**	**397.632**	**411.421**	**435.028**	**451.547**	**485.884**	**524.419**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	- 6.506	-11.164	-12.849	-10.644	-8.911	-9.821	-13.445	-12.502	-10.848	-11.498
10. Verg þjóðarframleiðsla	**250.138**	**297.028**	**351.553**	**386.341**	**388.721**	**401.600**	**421.583**	**439.045**	**475.036**	**512.921**
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga	-8.885	-4.122	-7.469	-15.464	-9.096	3.407	9.360	4.023	-7.712	-8.269
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob	- 329	7.469	4.795	-3.074	-75	12.272	19.662	13.356	1.201	254
11.2 Þjónustujöfnuður	-2.050	-427	585	-1.746	-110	956	3.143	3.169	1.935	2.975
11.3 Launa- og eignat. frá útl., nettó	-6.506	-11.164	-12.849	-10.644	-8.911	-9.821	-13.445	-12.502	-10.848	-11.498
12. Óbeinir skattar	61.324	72.152	79.167	83.943	83.714	77.009	79.004	82.373	89.811	95.509
13. Framleiðslustyrkir	9.107	12.835	12.953	12.319	13.225	10.504	9.607	9.492	10.054	10.363
14. Afskriftir af fjármunaeign	28.905	37.308	43.692	47.933	50.881	54.144	56.452	57.702	59.911	62.841
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuvirði (15.=10.–12.+13.–14.)	169.016	200.403	241.647	266.784	267.351	280.951	295.733	308.462	335.368	364.934
Hlutfallsleg skipting										
1. Einkaneysla	62,8%	61,7%	61,2%	62,6%	62,5%	60,3%	59,1%	60,4%	61,1%	61,1%
2. Samneysla	19,7%	19,6%	19,2%	19,7%	20,2%	20,6%	20,6%	20,8%	20,7%	20,5%
3. Fjármunamyndun	19,7%	19,0%	19,2%	19,2%	17,5%	15,6%	15,1%	14,6%	17,9%	18,8%
4. Birgðabreytingar	-1,2%	-2,6%	-1,2%	-0,2%	-0,1%	0,2%	-0,0%	0,5%	-0,2%	-1,0%
5. Þjóðarútgjöld alls	100,9%	97,7%	98,5%	101,2%	100,0%	96,8%	94,8%	96,3%	99,4%	99,4%
6. Útflutningur alls	31,8%	34,5%	34,3%	31,7%	30,6%	33,0%	36,2%	35,7%	36,4%	36,4%
6.1 Vörur, fob	24,0%	26,0%	25,4%	23,1%	22,1%	23,0%	25,9%	25,8%	25,9%	25,0%
6.2 Þjónusta	7,8%	8,5%	8,9%	8,6%	8,5%	10,0%	10,3%	9,9%	10,5%	11,4%
7. Frádr.: Innflutningur alls	32,8%	32,2%	32,8%	32,9%	30,6%	29,8%	30,9%	32,1%	35,8%	35,8%
7.1 Vörur, fob	24,2%	23,6%	24,1%	23,8%	22,1%	20,0%	21,4%	22,9%	25,6%	25,0%
7.2 Þjónusta	8,6%	8,6%	8,8%	9,0%	8,5%	9,7%	9,6%	9,2%	10,1%	10,8%
8. Verg landsframleiðsla	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	- 2,5%	-3,6%	-3,5%	-2,7%	-2,2%	-2,4%	-3,1%	-2,8%	-2,2%	-2,2%
10. Verg þjóðarframleiðsla	**97,5%**	**96,4%**	**96,5%**	**97,3%**	**97,8%**	**97,6%**	**96,9%**	**97,2%**	**97,8%**	**97,8%**
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga	- 3,5%	-1,3%	-2,0%	-3,9%	-2,3%	0,8%	2,2%	0,9%	-1,6%	-1,6%
12. Óbeinir skattar	23,9%	23,4%	21,7%	21,1%	21,1%	18,7%	18,2%	18,2%	18,5%	18,2%
13. Framleiðslustyrkir	3,5%	4,2%	3,6%	3,1%	3,3%	2,6%	2,2%	2,1%	2,1%	2,0%
14. Afskriftir af fjármunaeign	11,3%	12,1%	12,0%	12,1%	12,8%	13,2%	13,0%	12,8%	12,3%	12,0%
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuvirði	65,9%	65,0%	66,3%	67,2%	67,2%	68,3%	68,0%	68,3%	69,0%	69,6%

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Bráðab. 1996	Áætlun 1997
Magnvísitölur 1990=100										
1. Einkaneysla	103,8	99,5	100,0	104,1	99,5	95,0	96,8	100,9	107,3	113,7
2. Samneysla	93,0	95,8	100,0	103,2	102,3	104,6	108,5	109,9	111,0	113,9
3. Fjármunamyndun	105,4	97,1	100,0	102,0	90,6	80,2	79,4	77,1	97,6	108,5
4. Þjóðarútgjöld alls	103,0	98,5	100,0	105,1	99,5	95,4	96,9	99,9	107,4	113,2
5. Útflutningur alls	97,2	100,0	100,0	94,1	92,3	98,8	108,7	106,3	116,9	123,5
5.1 Vörur	98,0	101,4	100,0	92,1	91,2	95,9	107,5	105,1	114,6	116,8
5.2 Þjónusta	94,7	95,7	100,0	99,6	95,2	107,2	111,9	109,8	123,4	142,6
6. Frádr.: Innflutningur alls	110,3	99,0	100,0	105,7	97,3	88,9	92,6	96,1	112,1	121,6
6.1 Vörur	111,9	99,7	100,0	104,9	96,9	83,2	89,6	95,3	111,2	117,7
6.2 Þjónusta	105,8	97,0	100,0	108,0	98,4	104,6	101,0	98,2	114,5	132,4
7. Verg landsframleiðsla	98,6	98,8	100,0	101,1	97,7	98,7	102,3	103,3	109,1	113,9
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	93,0	100,5	100,0	86,4	83,2	87,2	106,2	97,7	82,8	87,7
9. Verg þjóðarframleiðsla	**98,8**	**98,8**	**100,0**	**101,6**	**98,3**	**99,1**	**102,1**	**103,5**	**110,1**	**114,9**
10. Vergar þjóðartekjur	**101,1**	**99,4**	**100,0**	**103,2**	**98,9**	**98,0**	**100,7**	**102,5**	**107,3**	**113,0**
Verðvísitala 1990=100										
1. Einkaneysla	69,3	85,5	100,0	106,9	111,9	117,0	119,0	121,1	124,0	126,2
2. Samneysla	77,6	90,0	100,0	108,3	112,3	115,8	117,8	122,3	129,2	134,6
3. Fjármunamyndun	68,4	86,3	100,0	106,5	109,6	114,1	118,4	122,0	126,8	129,7
4. Þjóðarútgjöld alls	69,9	85,0	100,0	106,5	111,4	116,3	118,6	121,3	125,2	128,3
5. Útflutningur alls	67,7	85,5	100,0	106,9	105,5	109,9	116,0	121,4	121,1	123,8
5.1 Vörur	68,1	85,4	100,0	107,5	104,1	106,8	113,3	120,0	118,6	121,5
5.2 Þjónusta	66,6	86,2	100,0	105,4	109,2	117,8	123,1	125,2	127,6	129,0
6. Frádr.: Innflutningur alls	63,7	83,8	100,0	103,3	104,7	115,2	121,6	126,0	129,7	129,1
6.1 Vörur	63,2	83,1	100,0	103,0	103,5	112,9	118,4	123,6	127,8	126,9
6.2 Þjónusta	65,4	85,9	100,0	104,1	107,9	120,1	129,2	132,4	134,8	134,3
7. Verg landsframleiðsla	**71,5**	**85,6**	**100,0**	**107,8**	**111,7**	**114,4**	**116,7**	**119,9**	**122,2**	**126,3**
8. Verg þjóðarframleiðsla	71,9	85,5	100,0	108,1	112,5	115,3	117,4	120,6	122,7	127,0
%-br. frá fyrra ári, magn										
1. Einkaneysla	-3,8%	-4,2%	0,5%	4,1%	-4,5%	-4,5%	1,9%	4,2%	6,4%	6,0%
2. Samneysla	4,7%	3,0%	4,4%	3,2%	-0,8%	2,3%	3,7%	1,3%	1,0%	2,6%
3. Fjármunamyndun	-0,2%	-7,9%	3,0%	2,0%	-11,3%	-11,4%	-1,1%	-2,8%	26,5%	11,2%
4. Þjóðarútgjöld alls	-0,6%	-4,4%	1,5%	5,1%	-5,3%	-4,1%	1,5%	3,1%	7,5%	5,4%
5. Útflutningur alls	-3,6%	2,9%	0,0%	-5,9%	-1,9%	7,1%	10,0%	-2,2%	10,0%	5,6%
5.1 Vörur	-1,2%	3,5%	-1,4%	-7,9%	-1,0%	5,1%	12,1%	-2,3%	9,1%	1,9%
5.2 Þjónusta	-10,6%	1,1%	4,5%	-0,4%	-4,5%	12,7%	4,4%	-1,9%	12,4%	15,5%
6. Frádr.: Innflutningur alls	-4,6%	-10,3%	1,0%	5,7%	-8,0%	-8,6%	4,2%	3,8%	16,6%	8,5%
6.1 Vörur	-5,5%	-10,9%	0,3%	4,9%	-7,6%	-14,1%	7,6%	6,4%	16,6%	5,9%
6.2 Þjónusta	-1,8%	-8,3%	3,0%	8,0%	-8,9%	6,3%	-3,5%	-2,7%	16,6%	15,6%
7. Verg landsframleiðsla	-0,1%	0,3%	1,2%	1,1%	-3,3%	1,0%	3,7%	1,0%	5,6%	4,4%
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	14,8%	8,0%	-0,5%	-13,6%	-3,8%	4,9%	21,7%	-8,0%	-15,3%	5,9%
9. Verg þjóðarframleiðsla	-0,6%	-0,1%	1,2%	1,6%	-3,3%	0,9%	3,1%	1,4%	6,3%	4,3%
10. Vergar þjóðartekjur	-0,9%	-1,6%	0,6%	3,2%	-4,2%	-0,9%	2,7%	1,9%	4,7%	5,2%

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Bráðab. 1996	Áætlun 1997
%-br. frá fyrra ári, verð										
1. Einkaneysla	25,4%	23,3%	17,0%	6,9%	4,7%	4,6%	1,6%	1,8%	2,3%	1,8%
2. Samneysla	23,9%	15,9%	11,2%	8,3%	3,7%	3,2%	1,7%	3,9%	5,6%	4,2%
3. Fjármunamyndun	18,7%	26,2%	15,9%	6,5%	3,0%	4,1%	3,7%	3,0%	4,0%	2,3%
4. Þjóðarútgjöld alls	23,2%	21,6%	17,6%	6,5%	4,6%	4,4%	2,0%	2,3%	3,2%	2,5%
5. Útflutningur alls	18,3%	26,3%	16,9%	6,9%	-1,3%	4,2%	5,5%	4,7%	-0,3%	2,2%
5.1 Vörur	17,7%	25,4%	17,1%	7,5%	-3,1%	2,6%	6,1%	5,9%	-1,2%	2,5%
5.2 Þjónusta	20,4%	29,3%	16,1%	5,4%	3,6%	7,9%	4,5%	1,6%	2,0%	1,0%
6. Frádr.: Innflutningur alls	19,2%	31,5%	19,3%	3,3%	1,4%	10,0%	5,5%	3,6%	3,0%	-0,5%
6.1 Vörur	19,2%	31,4%	20,4%	3,0%	0,6%	9,1%	4,9%	4,3%	3,4%	-0,7%
6.2 Þjónusta	18,8%	31,4%	16,4%	4,1%	3,7%	11,3%	7,6%	2,4%	1,8%	-0,3%
7. Verg landsframleiðsla	**22,8%**	**19,8%**	**16,8%**	**7,8%**	**3,6%**	**2,5%**	**2,0%**	**2,7%**	**1,9%**	**3,4%**
Meðalmannfjöldi ársins, þús.	249,885	252,746	254,788	257,965	261,103	263,783	266,006	267,38	268,927	270,915
Vísitala, 1990=100	98,1	99,2	100,0	101,2	102,5	103,5	104,4	104,9	105,5	106,3
Magnvísitölur á mann										
1. Einkaneysla	105,9	100,3	100,0	102,8	97,1	91,8	92,7	96,1	101,6	107,0
2 Samneysla	94,9	96,6	100,0	101,9	99,8	101,1	103,9	104,7	105,2	107,1
3 Fjármunamyndun	107,4	97,9	100,0	100,8	88,4	77,5	76,0	73,5	92,4	102,0
4. Þjóðarútgjöld alls	105,0	99,3	100,0	103,8	97,1	92,1	92,8	95,2	101,8	106,4
5. Útflutningur alls	99,1	100,8	100,0	92,9	90,0	95,5	104,1	101,3	110,8	116,1
6. Frádr.: Innflutningur alls	112,5	99,8	100,0	104,4	94,9	85,9	88,7	91,6	106,2	114,4
7. Verg landsframleiðsla	**100,5**	**99,6**	**100,0**	**99,9**	**95,4**	**95,3**	**98,0**	**98,5**	**103,4**	**107,1**
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	94,8	101,3	100,0	85,4	81,1	84,2	101,7	93,1	78,5	82,5
9. Verg þjóðarframleiðsla	**100,8**	**99,6**	**100,0**	**100,4**	**95,9**	**95,7**	**97,8**	**98,7**	**104,3**	**108,0**
10. Vergar þjóðartekjur	**103,0**	**100,2**	**100,0**	**101,9**	**96,5**	**94,7**	**96,4**	**97,7**	**101,7**	**106,2**
Landsframleiðsla á mann í dollurum										
1. VLF á mann, skráð gengi dals	23.877	21.377	24.527	26.085	26.464	23.071	23.382	26.105	27.169	27.349
2. VLF á mann, jafnvirðisgildi dals	15.985	16.538	17.307	17.957	18.326	18.814	19.446	21.707	23.223	24.721

Tafla 5. Tekjur, verðlag, kaupmáttur og gengi 1990–99.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Spá 1998	Spá 1999
I Vísitölur 1990=100										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	100,0	109,5	111,0	108,6	110,3	115,5	121,7	130,7	143,3	152,7
Laun [1]	100,0	108,4	111,5	113,1	114,5	119,6	127,3	134,2	146,9	155,0
Verðlag										
Neysluverðsvísitala	100,0	106,8	110,9	115,4	117,1	119,1	121,9	124,1	125,9	128,4
Byggingarvísitala	100,0	107,6	110,2	112,6	115,5	119,2	125,0	130,5	134,0	138,9
Kaupmáttur [2]										
Ráðstöfunartekjur á mann	100,0	102,5	100,1	94,1	94,1	97,0	99,9	105,4	113,8	118,9
Laun [1]	100,0	101,5	100,6	98,0	97,7	100,4	104,5	108,2	116,7	120,7
Gengi										
Meðalverð erl. gjaldmiðla [3]	100,0	100,0	100,5	108,8	114,5	114,4	114,3	112,0	110,5	110,5
Raungengi miðað við verð	100,0	102,6	102,6	97,0	91,7	91,8	92,1	92,9	95,1	95,1
Raungengi miðað við laun	100,0	102,9	106,5	97,7	91,4	93,1	94,2	96,2	100,3	103,2
II Breytingar frá fyrra ári, %										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	9,5	9,5	1,4	-2,1	1,5	4,8	5,4	7,4	9,6	6,6
Laun [1]	9,2	8,4	2,9	1,4	1,2	4,5	6,4	5,4	9,5	5,5
Verðlag										
Neysluverðsvísitala	14,8	6,8	3,8	4,1	1,5	1,7	2,3	1,8	1,5	2,0
Byggingarvísitala	17,8	7,6	2,4	2,2	2,6	3,2	4,9	4,4	2,7	3,7
Kaupmáttur [2]										
Ráðstöfunartekjur á mann	-4,6	2,5	-2,3	-6,0	0,0	3,0	3,0	5,5	8,0	4,5
Laun [1]	-4,9	1,5	-0,8	-2,6	-0,3	2,8	4,0	3,5	7,9	3,4
Gengi										
Meðalverð erl. gjaldmiðla [3]	11,4	0,0	0,5	8,4	5,2	-0,1	-0,1	-2,0	-1,3	0,0
Raungengi miðað við verð	-3,2	2,6	0,0	-5,4	-5,5	0,1	0,3	0,9	2,4	0,0
Raungengi miðað við laun	-10,9	2,9	3,5	-8,3	-6,5	1,8	1,2	2,1	4,3	2,9

Skýringar:

[1] Miðað við launavísitölu Hagstofu Íslands

[2] Miðað við neysluverðsvísitölu.

[3] Miðað við vöruviðskiptavog.

Tafla 6. Afli og aflaverðmæti 1990–99.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Áætlun 1998	Spá 1999
Þúsund tonn										
Þorskur	334	307	267	261	215	203	204	209	240	270
Annar botnfiskur	339	348	318	324	343	308	298	268	261	262
Ýsa	66	54	46	47	58	60	56	43	37	38
Ufsi	95	99	78	70	63	47	39	37	32	33
Karfi	91	97	94	97	95	89	68	73	72	70
Úthafskarfi	4	8	14	20	47	29	53	39	50	50
Steinbítur	14	18	16	13	13	13	15	12	12	13
Grálúða	37	35	32	34	28	27	22	19	12	12
Skarkoli	11	11	11	13	12	11	11	11	8	8
Annað	21	27	28	32	27	31	34	34	38	38
Síld	90	79	123	117	130	110	100	71	70	70
Íslandssíld	-	-	-	-	21	174	165	220	192	192
Loðna	694	260	798	941	754	716	1.179	1.319	915	915
Kolmunni	-	-	-	-	-	-	-	11	50	50
Humar	2	2	2	2	2	1	2	1	2	1
Rækja	30	38	47	56	75	84	90	83	78	72
Hörpudiskur	12	10	12	12	8	8	9	10	10	10
Annað	4	5	7	4	6	5	12	7	12	12
Heildarafli	1.505	1.049	1.575	1.716	1.555	1.609	2.059	2.199	1.831	1.855
Breytingar heildaraflaverðmætis frá fyrra ári á föstu verði, %:[1]										
Samtals	-4,4	-5,9	-1,5	3,1	-0,5	-0,7	7,7	-1,0	-2,6	2,8
Samtals án loðnu	-3,9	-2,1	-6,9	2,0	-0,8	-1,7	0,5	-5,3	2,1	3,4

[1] Magnvísitölur eru fengnar með því að verðleggja aflamagnið á föstu verði. Aflamagn áranna 1990–93 er á verðlagi ársins 1990, 1993–95 er á verðlagi ársins 1995 og 1996–99 er á verðlagi ársins 1996. Allur afli, heima og erlendis, er verðlagður á meðalverði útfluttra sjávarafurða. Meðalverðið er fundið með því að deila afla upp úr sjó í verðmæti útflutnings eftir fisktegundum.

Tafla 7. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1955–99.[1)]

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Magnvísitala 1990=100	Magnbreyting frá fyrra ári	Magnvísitala 1990=100	Magnbreyting frá fyrra ári
1955	22,6	9,7%	21,9	10,2%
1956	23,2	2,4%	22,2	1,2%
1957	23,2	-0,1%	21,9	-1,2%
1958	25,0	7,9%	24,2	10,4%
1959	25,5	2,0%	24,8	2,3%
1960	26,3	3,2%	25,1	1,3%
1961	26,3	-0,1%	25,9	3,3%
1962	28,5	8,3%	28,3	9,1%
1963	31,4	10,3%	31,2	10,4%
1964	34,5	9,9%	35,1	12,4%
1965	37,0	7,3%	38,8	10,6%
1966	40,2	8,7%	42,2	8,7%
1967	39,7	-1,3%	40,3	-4,5%
1968	37,6	-5,5%	37,8	-6,2%
1969	38,4	2,4%	38,8	2,7%
1970	41,3	7,5%	43,6	12,2%
1971	46,7	13,1%	50,3	15,5%
1972	49,6	6,2%	53,3	6,0%
1973	53,0	6,8%	59,5	11,6%
1974	56,0	5,7%	60,4	1,5%
1975	56,4	0,6%	57,3	-5,1%
1976	59,7	6,0%	62,5	9,0%
1977	65,0	8,8%	70,1	12,1%
1978	68,8	5,9%	74,4	6,1%
1979	72,2	4,9%	75,5	1,5%
1980	76,3	5,7%	78,8	4,4%
1981	79,6	4,3%	81,5	3,5%
1982	81,3	2,2%	82,6	1,3%
1983	79,5	-2,2%	79,6	-3,7%
1984	82,8	4,1%	82,3	3,4%
1985	85,6	3,3%	84,7	2,9%
1986	90,9	6,2%	92,2	8,9%
1987	98,7	8,6%	102,1	10,7%
1988	98,6	-0,1%	101,1	-1,0%
1989	98,8	0,3%	99,4	-1,6%
1990	100,0	1,2%	100,0	0,6%
1991	101,1	1,1%	103,2	3,2%

1992	97,7	-3,3%	98,9	-4,2%
1993	98,7	1,0%	98,0	-0,9%
1994	102,3	3,7%	100,7	2,7%
1995	103,3	1,0%	102,5	1,9%
1996	109,1	5,6%	107,3	4,7%
1997	113,9	4,4%	113,0	5,2%
1998	119,8	5,2%	121,0	7,1%
1999	125,4	4,6%	126,0	4,1%

Skýringar:

[1] Bráðabirgðatölur fyrir 1997, áætlun fyrir 1998 og spá fyrir 1999.

3. Frumvarp til fjáraukalaga [3. mál]

fyrir árið 1997, sbr. lög nr. 120/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

---

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1997 verða eftirtaldar breytingar á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1997, sbr. lög nr. 120/1997:

	m.kr.
Tekjur	
Tekjuskattar	167,0
Tryggingagjöld, launaskattar	-9,0
Eignarskattar	144,0
Skattar á vörur og þjónustu	-169,0
Aðrar tekjur	75,0
Tekjur samtals	**208,0**
Gjöld	
Æðsta stjórn ríkisins	-32,6
Forsætisráðuneyti	-85,3
Menntamálaráðuneyti	-190,5
Utanríkisráðuneyti	-277,0
Landbúnaðarráðuneyti	17,8
Sjávarútvegsráðuneyti	-123,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	11,3
Félagsmálaráðuneyti	-388,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-332,2
Fjármálaráðuneyti	-1.088,8
Samgönguráðuneyti	-320,4
Iðnaðarráðuneyti	-51,6
Viðskiptaráðuneyti	12,3
Hagstofa Íslands	3,5
Umhverfisráðuneyti	-29,7
Gjöld samtals	**-2.875,4**
Tekjur umfram gjöld	**3.083,4**
Lánahreyfingar	
Veitt lán, nettó	38,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**-3.045,4**
Afborganir af teknum lánum	247,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**-3.292,4**
Lántökur	-2.417,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting	**875,4**

2. gr.

Leitað er eftir heimild til greiðslu gjalda til viðbótar ákvæðum 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1997, sbr. 2. gr. laga nr. 120/1997, og er sundurliðun á viðfangsefni eftirfarandi:

00 Æðsta stjórn ríkisins			
101-101	Yfirstjórn	3,5	
101-150	Fálkaorðan	0,3	
201-102	Aðalskrifstofa	0,8	
201-104	Rekstrarskrifstofa	5,3	
201-621	Fasteignir	4,0	
211-115	Efling íslenskrar tungu	5,7	
401-101	Hæstiréttur	4,4	
520-101	Opinberar heimsóknir	4,1	
610-101	Umboðsmaður Alþingis	0,2	
620-601	Tæki og búnaður	2,0	
999-111	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	0,7	
	Samtals		31,0
01 Forsætisráðuneyti			
101-101	Yfirstjórn	0,2	
101-120	Stjórnarráðshús	0,1	
190-190	Ýmis verkefni	3,5	
190-191	Heimssýning í Lissabon	4,0	
190-195	Safnahús við Hverfisgötu	0,8	
241-601	Tæki og búnaður	2,6	
902-101	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	10,8	
	Samtals		22,0
02 Menntamálaráðuneyti			
101-101	Yfirstjórn	3,9	
201-105	Aðrar stofnanir og verkefni	85,3	
202-101	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	2,4	
203-102	Rekstur fasteigna	1,2	
203-103	Rannsóknastofur	5,5	
203-103	Rannsóknastofur	0,3	
204-111	Íslenskukennsla erlendis	0,2	
210-102	Rannsóknastarfsemi	6,8	
211-101	Tækniskóli Íslands	29,9	
221-101	Yfirstjórn	4,5	
221-104	Stoðþjónusta	2,5	
221-105	Kennsla	5,7	
221-110	Íslenska menntanetið	0,7	
221-120	Endurmenntun	1,3	
223-101	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	11,1	
236-660	Vísindasjóður	0,4	
237-660	Tæknisjóður	0,6	

301-101	Kennsla í dagskóla	1,3
302-101	Kennsla í dagskóla	9,6
302-102	Annað en kennsla	10,1
303-101	Kennsla í dagskóla	13,7
304-101	Kennsla í dagskóla	27,0
304-109	Önnur kennsla	2,0
305-101	Kennsla í dagskóla	3,7
305-102	Annað en kennsla	5,3
306-101	Kennsla í dagskóla	0,7
306-102	Annað en kennsla	3,1
306-102	Annað en kennsla	0,4
307-101	Kennsla í dagskóla	4,5
307-102	Annað en kennsla	4,0
308-101	Kennsla í dagskóla	8,9
308-102	Annað en kennsla	25,7
309-101	Kennsla í dagskóla	0,4
309-102	Annað en kennsla	3,5
317-101	Sameignir skólanna á Laugarvatni	1,5
318-150	Leigutekjur	32,3
318-590	Viðhald	26,7
318-640	Tæki og búnaður	10,8
318-650	Tölvubúnaður	1,0
319-113	Forfallakennsla	2,8
319-115	Prófkostnaður	27,9
319-116	Nýjungar í skólastarfi	2,1
319-118	Námsefnisgerð	0,4
319-119	Kennslueftirlit	0,4
319-130	Endurmenntun	3,4
319-140	Framhaldsskólar, óskipt	2,3
319-140	Framhaldsskólar, óskipt	0,6
350-101	Kennsla í dagskóla	18,1
350-109	Önnur kennsla	16,8
351-101	Kennsla í dagskóla	5,1
351-102	Annað en kennsla	0,3
351-601	Tæki og búnaður	0,5
352-101	Kennsla í dagskóla	23,3
352-109	Önnur kennsla	2,2
353-101	Kennsla í dagskóla	0,4
354-101	Kennsla í dagskóla	3,7
354-101	Kennsla í dagskóla	0,4
354-102	Annað en kennsla	6,5
354-103	Reykholt, kennsla	0,7
355-101	Kennsla í dagskóla	0,5
356-101	Kennsla í dagskóla	0,4
356-102	Annað en kennsla	0,4
357-101	Kennsla í dagskóla	5,1

357-101	Kennsla í dagskóla	0,4
358-101	Kennsla í dagskóla	0,4
358-101	Kennsla í dagskóla	0,4
358-102	Annað en kennsla	0,3
359-101	Kennsla í dagskóla	18,5
359-101	Kennsla í dagskóla	0,7
359-109	Önnur kennsla	12,0
360-101	Kennsla í dagskóla	11,5
361-102	Annað en kennsla	6,9
362-102	Annað en kennsla	2,7
363-101	Kennsla í dagskóla	2,9
363-101	Kennsla í dagskóla	0,2
363-102	Annað en kennsla	1,6
365-101	Kennsla	16,9
365-102	Annað en kennsla	1,7
430-101	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	5,7
430-103	Völundur, námsgagnagerð	1,4
441-101	Kennsla	4,5
506-101	Kennsla í dagskóla	4,7
506-601	Tæki og búnaður	0,1
507-101	Kennsla í dagskóla	12,7
507-110	Endurmenntunarnámskeið	0,6
514-102	Annað en kennsla	14,2
514-109	Önnur kennsla	8,0
514-601	Tæki og búnaður	30,1
516-101	Kennsla í dagskóla	0,1
523-102	Annað en kennsla	1,8
523-109	Önnur kennsla	9,5
524-102	Annað en kennsla	1,5
531-101	Kennsla í dagskóla	2,4
531-102	Annað en kennsla	1,9
541-101	Kennsla	1,3
551-101	Kennsla	4,7
561-102	Annað en kennsla	6,2
562-101	Kennsla í dagskóla	1,9
562-102	Annað en kennsla	0,9
564-101	Kennsla	11,4
571-101	Sjómannaskólahúsið	1,8
610-110	Héraðsskólinn Núpi	0,1
610-120	Héraðsskólinn Reykjanesi	0,2
720-170	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	0,7
720-180	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	0,5
720-182	Þróunarstarf í grunnskólum	0,3
720-190	Grunnskólar, óskipt	11,5
725-101	Námsgagnastofnun	1,2
750-501	Viðhald	4,2

750-601	Tæki og búnaður	1,1	
804-101	Kvikmyndaskoðun	0,4	
872-101	Lánasjóður íslenskra námsmanna	0,1	
884-101	Jöfnun á námskostnaði	19,9	
903-101	Þjóðskjalasafn Íslands	10,6	
903-101	Þjóðskjalasafn Íslands	0,4	
905-101	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	7,1	
905-101	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	1,1	
906-101	Listasafn Einars Jónssonar	0,9	
907-101	Listasafn Íslands	13,9	
907-101	Listasafn Íslands	0,4	
981-101	Kvikmyndasjóður	45,2	
981-102	Kvikmyndasafn Íslands	2,0	
982-127	Tónlist fyrir alla	0,7	
982-128	Barnamenningarsjóður	0,1	
983-110	Fræðistörf	11,4	
983-121	Tónlistarsaga Íslands	0,3	
983-123	Hið íslenska bókmenntafélag	0,2	
984-190	Norræn samvinna	0,8	
999-190	Ýmis framlög	5,2	
	Samtals		827,8

03 Utanríkisráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	6,8	
101-101	Yfirstjórn	1,6	
101-102	Varnarmálaskrifstofa	1,5	
201-101	Yfirstjórn	0,7	
201-120	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	7,5	
201-610	Bifreiðar	1,7	
304-101	Sendiráð Íslands í Moskvu	0,8	
306-101	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	5,8	
308-101	Sendiráð Íslands í Washington	2,9	
309-101	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	4,9	
317-101	Sendiráð Íslands í Helsinki	0,2	
320-690	Tæki og búnaður	12,0	
401-110	Sameinuðu þjóðirnar, UN	4,0	
401-113	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	0,3	
401-115	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	0,1	
401-139	Evrópuráðið	0,5	
401-149	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	1,6	
401-163	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II	6,6	
401-170	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	3,3	

401-173	Þróunarsjóður EFTA	15,6	
401-175	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	0,3	
511-110	Flugstöð Leifs Eiríkssonar	0,9	
	Samtals		79,6

04 Landbúnaðarráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	3,1	
190-112	Mat á búvörum	6,9	
190-115	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	1,1	
190-151	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	0,2	
190-190	Ýmis verkefni	4,7	
211-101	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1,9	
221-101	Veiðimálastofnun	11,2	
233-101	Yfirdýralæknir	15,0	
233-125	Sauðfjárveikivarnir	18,2	
261-101	Bændaskólinn á Hvanneyri	1,5	
261-601	Tæki og búnaður	7,4	
261-620	Fasteignir og lóðir	8,0	
271-501	Viðhaldsfé	12,9	
283-625	Tilraunagróðurhús	12,2	
293-101	Hagþjónusta landbúnaðarins	0,4	
311-101	Landgræðsla ríkisins	3,7	
311-190	Fyrirhleðslur	10,5	
311-601	Tæki og búnaður	10,3	
321-101	Skógrækt ríkisins	9,2	
321-101	Skógrækt ríkisins	11,4	
321-110	Rannsóknastöðin Mógilsá	4,9	
321-190	Sérstök verkefni	6,5	
331-110	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	3,1	
805-101	Beinar greiðslur til bænda	7,8	
805-130	Uppkaup á fullvirðisrétti	46,7	
	Samtals		218,8

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	1,9	
190-121	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	3,0	
190-142	Verktakasamningur um upplýsingaöflun	0,8	
190-190	Ýmislegt	2,5	
202-531	Viðhald skipa	15,6	
203-101	Almenn starfsemi	11,7	
204-101	Fiskistofa	0,1	
204-601	Tæki og búnaður	5,1	
901-130	Keldnaholt	0,8	
901-530	Keldnaholt, viðhald	0,3	
	Samtals		41,8

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	20,4
190-121	Próf málflytjenda	2,5
190-122	Próf skjalaþýðenda	0,7
190-123	Próf fasteignasala	0,1
190-132	Tölvunefnd	0,6
190-133	Mannanafnanefnd	0,3
190-144	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	0,1
190-146	Landskjörstjórn	0,7
201-101	Yfirstjórn	3,2
211-102	Héraðsdómur Reykjavíkur	2,7
213-102	Héraðsdómur Vestfjarða	0,3
215-102	Héraðsdómur Norðurlands eystra	1,4
216-102	Héraðsdómur Austurlands	0,4
217-102	Héraðsdómur Suðurlands	0,8
232-110	Opinber réttaraðstoð	22,2
290-111	Meðdómsmenn	2,8
291-601	Húsnæði Hæstaréttar	0,2
301-105	Ríkissaksóknari	0,3
302-102	Rannsóknarlögregla ríkisins	22,3
303-101	Ríkislögreglustjóri	5,5
305-101	Lögregluskóli ríkisins	0,3
311-101	Lögreglustjórinn í Reykjavík	45,8
325-110	Neyðarsímsvörun	0,7
331-110	Ökunám	7,1
341-110	Matsnefnd vínveitingahúsa	1,1
341-120	Fíkniefnamál	0,2
341-125	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	0,3
390-110	Ýmis löggæslukostnaður	1,5
390-110	Ýmis löggæslukostnaður	0,1
390-610	Bifreiðir	10,1
411-101	Yfirstjórn	0,4
412-101	Yfirstjórn	11,5
412-120	Löggæsla	14,7
413-101	Yfirstjórn	4,6
413-120	Löggæsla	0,5
414-101	Yfirstjórn	3,3
415-101	Yfirstjórn	0,2
416-101	Yfirstjórn	2,8
416-120	Löggæsla	3,9
417-101	Yfirstjórn	0,2
417-120	Löggæsla	0,9
418-101	Yfirstjórn	3,0
418-140	Tollgæsla	1,5
419-120	Löggæsla	0,9
420-101	Yfirstjórn	0,4

421-101	Yfirstjórn	1,6	
421-120	Löggæsla	1,7	
422-101	Yfirstjórn	0,1	
423-101	Yfirstjórn	0,2	
423-120	Löggæsla	1,1	
424-101	Yfirstjórn	14,3	
424-140	Tollgæsla	1,2	
425-101	Yfirstjórn	1,1	
426-101	Yfirstjórn	3,1	
426-120	Löggæsla	1,5	
427-101	Yfirstjórn	0,8	
427-120	Löggæsla	0,4	
429-101	Yfirstjórn	0,3	
430-101	Yfirstjórn	0,4	
430-120	Löggæsla	1,0	
431-101	Yfirstjórn	0,9	
431-120	Löggæsla	1,7	
432-140	Tollgæsla	0,2	
433-101	Yfirstjórn	5,2	
433-120	Löggæsla	2,8	
433-140	Tollgæsla	1,4	
434-101	Yfirstjórn	7,3	
434-120	Löggæsla	2,3	
434-140	Tollgæsla	0,5	
436-140	Tollgæsla	1,2	
437-120	Löggæsla	3,4	
490-110	Ýmis sameiginlegur kostnaður	10,3	
490-160	Gagnalínukostnaður	2,4	
491-660	Upplýsingakerfi sýslumanna	23,9	
701-101	Yfirstjórn	16,8	
701-111	Vígslubiskup Skálholti	0,3	
701-121	Prestar og prófastar	10,3	
	Samtals		323,2

07 Félagsmálaráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	0,3	
101-199	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	1,3	
272-601	Byggingarsjóður verkamanna	4,5	
302-101	Ríkissáttasemjari	0,3	
311-101	Jafnréttisráð	2,7	
321-110	Námssjóður	0,6	
321-601	Tæki og búnaður	4,1	
0,4-101	Barnaverndarstofa	0,5	
0,4-120	Heimili fyrir börn og unglinga	15,9	
0,4-620	Bygging móttöku- og meðferðarstöðvar	4,5	
401-101	Barnaverndarráð	1,0	

700-109	Rekstrarhagræðing	1,0
700-120	Vistun geðfatlaðra	1,7
700-150	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	2,5
700-180	Starfsþjálfun	0,4
701-101	Svæðisskrifstofa	12,9
701-120	Sambýli	6,2
701-126	Sambýli Stigahlíð 71	1,1
701-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	3,6
701-160	Dagvistun	3,9
701-177	Vistheimili fyrir börn	3,6
702-101	Svæðisskrifstofa	14,2
702-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,8
702-140	Leikfangasafn Keflavík	0,1
702-160	Skammtímavistun	8,6
702-164	Hæfingarstöðvar	2,9
703-120	Sambýli Akranesi	0,2
703-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,7
703-161	Skammtímavistun	0,6
704-101	Svæðisskrifstofa	9,4
704-134	Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu	0,2
705-120	Sambýli	2,1
705-160	Skammtímavistun	0,5
705-161	Dagvistun	6,3
706-101	Svæðisskrifstofa	0,5
706-120	Sambýli	0,5
706-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,2
706-186	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	0,9
707-120	Sambýli Egilsstöðum	2,0
707-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	2,0
707-130	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	0,4
707-150	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	0,1
707-186	Samningur við Hornafjarðarbæ um þjónustu við fatlaða	3,4
708-120	Sambýli Selfossi	2,4
708-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	1,7
708-130	Verndaður vinnustaður Selfossi	3,8
708-170	Lambhagi	1,0
708-186	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	29,1
710-170	Heimili einhverfra	4,5

711-120	Sambýli	4,6	
711-160	Dagvistun Lækjarási	2,1	
711-161	Dagvistun Bjarkarási	3,2	
711-162	Dagvistun Lyngási	5,8	
711-163	Skammtímavistun Víðihlíð 9	0,2	
711-164	Skammtímavistun Hólabergi	0,3	
750-101	Yfirstjórn	4,7	
981-110	Félagsdómur	0,8	
981-181	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	0,5	
999-150	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	0,2	
999-153	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	1,2	
	Samtals		195,3

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101-601	Tæki og búnaður	0,7	
201-101	Tryggingastofnun ríkisins	6,2	
206-110	Sjúkratryggingar	63,9	
208-110	Slysatryggingar	30,0	
301-101	Yfirstjórn	14,8	
301-110	Læknaráð	0,1	
311-101	Héraðslæknir í Reykjavík	0,3	
324-101	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	0,6	
324-101	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	10,0	
327-101	Geislavarnir ríkisins	0,5	
330-101	Manneldisráð	0,3	
340-690	Styrkir til ýmissa framkvæmda	1,8	
365-101	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	6,3	
370-650	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	23,6	
371-101	Ríkisspítalar	124,4	
371-560	Stjórnarnefnd, viðhald	106,0	
371-670	Nýframkvæmdir á Landspítalalóð	31,9	
381-690	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	55,7	
385-601	Stofnkostnaður og endurbætur	61,0	
393-111	Lyfjaverðsnefnd	0,3	
399-153	Tóbaksvarnir	3,5	
399-163	Áfallahjálp	1,5	
399-165	Heilsuefling	2,9	
402-601	Tæki og búnaður	0,1	
404-501	Viðhald	0,1	
422-501	Viðhald	0,1	
431-101	Endurhæfingardeild	7,0	
500-110	Heilsugæslustöðvar, almennt	11,6	
500-110	Heilsugæslustöðvar, almennt	28,4	

500-115	Leigutekjur starfsmannaíbúða	8,9	
500-501	Viðhald, óskipt	1,7	
500-690	Tölvuvæðing	5,2	
510-101	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	31,7	
511-110	Heilsugæslustöðin Árbæ	6,4	
511-120	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	8,7	
512-110	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	13,9	
512-120	Heilsugæslustöðin Mjódd	5,9	
512-601	Tæki og búnaður	0,8	
513-110	Heilsugæslustöðin Fossvogi	5,3	
513-601	Tæki og búnaður	0,9	
514-120	Heilsugæslustöðin Miðbæ	4,4	
522-101	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	2,0	
524-101	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,1	
541-501	Viðhald	0,1	
552-101	Heilsugæslustöðin Dalvík	3,9	
553-101	Heilsugæslustöðin Akureyri	1,4	
555-101	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	0,2	
555-501	Viðhald	0,1	
556-101	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	0,1	
561-101	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	0,5	
566-101	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	1,1	
571-101	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,3	
572-101	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,7	
575-101	Heilsugæslustöðin Hellu	3,9	
578-101	Heilsugæslustöðin Hveragerði	0,1	
579-101	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,3	
582-101	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	10,1	
583-101	Heilsugæslustöðin Garðabæ	2,1	
584-101	Heilsugæslustöðin Kópavogi	3,8	
621-110	Áfengisvarnaráð	2,5	
621-190	Forvarnasjóður	0,4	
	Samtal		721,1

09 Fjármálaráðuneyti

101-601	Tæki og búnaður	6,3	
105-101	Ríkislögmaður	0,4	
201-101	Yfirstjórn	9,8	
201-110	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	13,6	
201-120	Skatteftirlit	0,1	
202-101	Skattstofan í Reykjavík	3,6	
212-101	Ýmis sameiginleg útgjöld	0,2	
212-120	Olíugjald	5,9	
215-601	Tæki og búnaður	4,3	
250-110	Ýmis innheimtukostnaður	10,7	
251-101	Gjaldheimtan í Reykjavík	8,8	

261-101	Ríkistollstjóri	6,8	
262-601	Tæki og búnaður	1,5	
402-101	Fasteignamat ríkisins	0,1	
402-105	Yfirfasteignamatsnefnd	0,4	
481-601	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	25,4	
981-692	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga	3,0	
989-190	Launa- og verðlagsmál	33,4	
995-103	Skattvinnslukerfi	27,4	
995-105	Innheimtuskilakerfi	1,7	
995-602	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	12,6	
999-113	Kjarasamningar	11,7	
999-114	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	1,7	
999-115	Kjararannsóknir	0,4	
999-117	Ýmis sameiginlegur kostnaður	2,0	
999-119	Ýmsar endurgreiðslur	0,3	
999-145	Ýmsar nefndir	5,8	
999-160	Dómkröfur	13,6	
999-165	Kjaradómur og kjaranefnd	3,1	
999-171	Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri	4,5	
	Samtals		219,1

10 Samgönguráðuneyti

190-112	Vetrarsamgöngur og völuflutningar	0,2	
190-120	Rannsóknanefnd sjóslysa	0,8	
190-126	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	0,1	
190-127	Slysavarnafélag Íslands	2,8	
190-133	Flugeftirlitsnefnd	0,1	
190-140	Stefnumótun í ferðamálum	0,2	
190-163	Ferðaskrifstofan GCI á Íslandi	0,1	
481-101	Rannsóknanefnd flugslysa	2,5	
512-101	Póst- og fjarskiptastofnun	22,7	
651-101	Ferðamálaráð	0,3	
651-181	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	0,1	
	Samtals		29,9

11 Iðnaðarráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	0,3	
101-601	Tæki og búnaður	1,0	
201-101	Iðntæknistofnun Íslands	5,2	
203-601	Tæki og búnaður	0,9	
299-130	Alþjóðlegt samstarf	5,0	
299-130	Alþjóðlegt samstarf	1,1	
299-148	Átak til atvinnusköpunar	0,2	
299-150	Nýsköpun og markaðsmál	2,6	
299-160	Verkefnaútflutningur	1,1	
299-160	Verkefnaútflutningur	2,3	

301-101	Yfirstjórn	5,7	
399-115	Niðurgreiðsla á rafhitun	9,5	
399-121	Orkunefnd	1,5	
	Samtals		36,4

12 Viðskiptaráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	2,4	
190-110	Neytendasamtökin	1,7	
190-130	Endurskipulagning fjármagnsmarkaðar	0,2	
190-140	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	0,9	
190-140	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	0,2	
190-146	Prófnefndir	1,4	
190-190	Ýmis viðskipta- og bankamál	3,9	
302-101	Löggildingarstofa	7,4	
401-101	Vátryggingaeftirlitið	0,1	
903-101	Skráning hlutafélaga	1,1	
	Samtals		19,3

13 Hagstofa Íslands

101-101	Yfirstjórn	5,2	
101-601	Tæki og búnaður	14,8	
	Samtals		20,0

14 Umhverfisráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	0,7	
101-101	Yfirstjórn	2,0	
101-601	Tæki og búnaður	2,7	
190-122	Stefnumörkun í umhverfismálum	0,7	
190-123	Ýmis umhverfisverkefni	22,9	
190-129	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	1,6	
190-159	Náttúruverndarráð	3,4	
205-101	Yfirstjórn	10,7	
205-601	Tæki og búnaður	3,7	
221-601	Tæki og búnaður	0,4	
301-101	Skipulagsstjóri ríkisins	7,9	
401-101	Yfirstjórn	0,9	
401-102	Setur í Reykjavík	23,6	
401-103	Setur á Akureyri	2,8	
401-601	Tæki og búnaður	4,8	
403-111	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	3,3	
410-101	Almenn starfsemi	5,1	
	Samtals		97,2

Samtals umframgjöld allra ráðuneyta	2.882,5

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur ríkissjóðs fyrir árið 1997, annars vegar um óhafnar fjárveitingar og hins vegar um greiðslur úr ríkissjóði umfram þær heimildir sem veittar voru af Alþingi í fjárlögum ársins 1997 og lögum nr. 120/1997, fyrri fjáraukalögum fyrir árið 1997. Frumvarpið var flutt áður á vorþingi, en fékk ekki afgreiðslu þá, og er nú endurflutt óbreytt.

Í greinargerð með frumvarpi til fyrri fjáraukalaga ársins 1997 er fjallað um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála á árinu 1997 og rakin helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum. Þar koma einnig fram ítarlegar skýringar á nýjum fjárveitingum sem óskað var eftir til viðbótar við heimildir fjárlaga. Þá verður lögð fyrir Alþingi *Skýrsla um ríkisfjármál árið 1997,* þar sem afkoma ríkissjóðs eftir greiðsluuppgjör er skýrð með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum. Er vísað til þess rits um nánari upplýsingar.

Á síðasta ári var sú breyting gerð á uppsetningu lagagreina þessa frumvarps miðað við fyrri ár að eingöngu var sótt um heimildir fyrir greiðslum umfram fjárveitingar í fjárlögum og fyrri fjáraukalögum ársins. Niðurfelling óhafinna fjárveitinga var því ekki tilgreind sérstaklega í lagagreinum frumvarpsins. Þessi breytta framsetning er byggð á því sjónarmiði að þar sem fjárveitingar fjárlaga gilda einungis til eins árs í senn þarf ekki að ákvarða niðurfellingu óhafinna fjárveitinga í árslok með frumvarpi til fjáraukalaga. Eftir sem áður kemur fram í greinargerð frumvarpsins og fylgiskjölum hvernig fyrirhugað er að hækka eða lækka fjárveitingar gildandi fjárlaga í fyrri fjáraukalögum ársins með hliðsjón af óhöfnum fjárveitingum og umframgjöldum í lok liðins árs. Sami háttur er hafður á uppsetningu frumvarpsins í ár. Í fyrri fjáraukalögum ársins 1997 var framsetning lagagreina færð í nýjan búning til samræmis við breytingar á fjárlögum ársins 1998 vegna nýrra laga um fjárreiður ríkisins. Þeirri framsetningu er einnig fylgt í þessu frumvarpi.

Um framhald athugasemda og fylgiskjöl vísast til þskj. 1086 (630. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 4515–4578.

4. Frumvarp til laga [4. mál]

um réttarfarsdómstól.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

Setja skal á stofn dómstól er nefnist réttarfarsdómstóll. Hann fjallar um kröfur um endurupptöku opinberra mála.

2. gr.

Skipan dómstólsins.

Í dómnum eiga sæti þrír menn. Ráðherra skipar dómara við dómstólinn til fimm ára í senn. Einn þeirra skal vera hæstaréttardómari, og er hann jafnframt forseti dómsins, en hinir tveir héraðsdómarar. Aðeins má skipa sama dómara til setu í dómnum tvisvar í röð.

Útnefna skal varamenn fyrir dómarana með sama hætti og skal hver dómari hafa varamann sem tekur sæti hans í forföllum.

3. gr.

Endurupptaka dæmdra mála.

Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli og verður málið þá ekki tekið upp á ný nema til þess séu þau skilyrði sem hér segir:

1. Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, skal taka mál upp á ný:
   a. ef fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu skipt verulegu máli fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk,
   b. ef ætla má að dómari, ákærandi, rannsóknari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef falsvitna hefur verið aflað, fölsuð skjöl látin koma fram, vitni eða aðrir hafi gefið vísvitandi rangar skýrslur og þetta hafi valdið rangri dómsúrlausn.
2. Ef einhver sá sem að lögum á að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. tölul. segir ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.
3. Eftir kröfu ríkissaksóknara skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir mun minna brot en hann var borinn, upp á ný:
   a. ef ákærði hefur síðan dómur gekk játað að hafa framið það brot sem hann var borinn eða önnur gögn hafa komið fram sem benda ótvírætt til sektar hans,
   b. ef ætla má að falsgögn eða refsiverð hegðun dómara, ákæranda, rannsóknara eða annarra í því skyni að fá fram ákveðin málalok hafi valdið dómsniðurstöðu að nokkru leyti eða öllu.
4. Ríkissaksóknara er rétt að óska eftir endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur að svo standi á sem í 2. tölul. segir.

4. gr.

Dómstóllinn tekur ákvörðun um endurupptöku máls og skal beiðni um hana send réttinum. Dómfelldur maður, sem vill beiðast endurupptöku, stílar beiðnina til dómstólsins, en sendir hana ríkissaksóknara.

Nú er beiðandi sviptur frelsi og skal yfirmaður fangelsis þá taka við og bóka beiðni eftir ósk hans og koma henni á framfæri. Skylt er þá eftir ósk beiðanda að fá honum skipaðan réttargæslumann.

Greina skal í beiðni þau atriði sem vefengd eru í dómi og þær ástæður sem til vefengingar eru taldar liggja. Skjöl, sem kunna að vera til styrktar beiðni, skulu fylgja henni eftir því sem unnt er.

Ríkissaksóknari sendir beiðnina til dómstólsins ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn dómara ef um héraðsdóm er að tefla.

Dómstóllinn getur mælt fyrir um öflun nauðsynlegra gagna varðandi endurupptökubeiðni samkvæmt reglum 2. mgr. 156. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Nú leiðir rannsókn í ljós að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt og skal þá veita beiðanda kost á að lagfæra hana í samræmi við það.

5. gr.

Réttarfarsdómstóllinn tekur ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um endurupptöku eða ekki. Um meðferð máls og flutning fyrir dómstólnum fer eftir ákvæðum XVIII. kafla laga um meðferð opinberra mála.

Ef orðið er við beiðni um endurupptöku máls sem dæmt var lokadómi í héraði gerir ríkissaksóknari ráðstafanir til áfrýjunar málsins.

Nú telur dómstóllinn rök ekki hníga til breytingar á dómi og vísar hann þá endurupptökubeiðni frá sér, en að öðrum kosti er málinu vísað til Hæstaréttar sem kveður upp efnisdóm í málinu.

Nú er mál endurupptekið samkvæmt beiðni dómfellds manns og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

Nú er mál endurupptekið samkvæmt kröfu ríkissaksóknara og fer þá um málskostnað eftir 165. og 166. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellda greiðist úr ríkissjóði, nema dómfelldi hafi komið endurupptöku til leiðar með gögnum sem hann vissi vera ósönn. Skal hann þá dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Beiðni eða ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms nema réttarfarsdómstóllinn mæli svo fyrir um.

Heimilt er að taka mál upp aftur mál þótt dómfelldi hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því máli.

6. gr.

Dómar réttarfarsdómstólsins eru endanlegir og verður ekki áfrýjað.

7. gr.

Um þau atriði viðvíkjandi meðferð mála, sem ekki er kveðið á um í lögum þessum, skal hafa hliðsjón af lögum um meðferð opinberra mála svo sem við getur átt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi XXII. kafli laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Við gildistöku laganna verður eftirfarandi breyting á lögum um dómstóla:

Á eftir orðinu „Félagsdómur“ í 3. gr. laganna kemur: Réttarfarsdómstóll.

Greinargerð.

Þetta mál var flutt á síðasta þingi en komst þá ekki til afgreiðslu fyrr en svo seint að þess var ekki að vænta að það næði afgreiðslu. Frumvarpið fékk þá góðar undirtektir við fyrstu umræðu málsins. Hér er hreyft nýrri róttækri hugmynd og má ekki seinna vera að Alþingi taki ákvörðun sem bæti fyrir það réttarfarshneyksli sem margir telja að hafi átt sér stað í svokölluðu Guðmundar- og Geirfinnsmáli. Í fyrra fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

Í frumvarpi þessu er lagt til að settur verði á stofn sérstakur dómstóll, réttarfarsdómstóll, sem hefur það hlutverk að fjalla um kröfur um endurupptöku opinberra mála. Þar með yrði Hæstiréttur losaður við þetta verkefni sem er í rauninni stjórnsýsluverkefni. Frumvarpið er lagt fram til kynningar með von um að nefnd afli umsagna um málið svo unnt verði að flytja það að teknu tilliti til athugasemda í haust. Málið er flutt að gefnu tilefni frá í fyrrasumar er Hæstiréttur hafnaði beiðni Sævars Ciesielskis um endurupptöku máls hans. Með þessu frumvarpi er ekki verið að gagnrýna niðurstöðu Hæstaréttar; tilgangur þessa frumvarps er að hreyfa nauðsyn þess að Hæstiréttur þurfi ekki að fella úrskurði í eigin málum eins og nú háttar til. Fyrirmynd að slíkum dómstól er fengin úr dönsku réttarfarslögunum, en samkvæmt þeim starfar sérstakur kvörtunardómstóll (d. Den Særlige Klageret).

Fram að þessu hafa ekki verið ákvæði í íslenskum lögum um slíkan dómstól, en í lögum um meðferð opinberra mála er að finnà reglur um endurupptöku dæmdra mála , nánar tiltekið í XXII. kafla laganna. Þar kemur fram meginreglan um að opinbert mál verður almennt ekki endurupptekið eftir að óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur í því hefur gengið. Þó er slík endurupptaka möguleg í undantekningartilvikum og þá er það Hæstiréttur sem tekur ákvörðun un endurupptöku máls, kveður upp efnisdóm í málinu eða vísar því frá.

Fyrirmynd að ákvæðum þessa frumvarps er að mestu sótt til danskra laga, en einnig er stuðst mjög við núgildandi ákvæði laga um meðferð opinberra mála um endurupptöku mála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að settur verði á stofn sérstakur réttarfarsdómstóll. Gert er ráð fyrir að dómstóllinn hafi lögsögu um allt land.

Hlutverk dómstólsins er tíundað í ákvæðinu og er um að ræða dómstól sem fjallar um kröfur vegna endurupptöku sakamála.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipun dómstólsins. Gert er ráð fyrir að í honum eigi sæti þrír menn sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Einn þeirra skal koma úr röðum hæstaréttardómara og vera forseti dómsins, en hinir tveir skulu vera starfandi héraðsdómarar. Þá er sett fram sú regla að aðeins megi skipa sama manninn til setu í dómnum tvisvar í röð þannig að hver dómari getur í mesta lagi átt sæti þar í tíu ár. Gert er ráð fyrir að varamaður sé útnefndur fyrir hvern dómara og taki sæti í forföllum hans.

Um 3. gr.

Í 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins er fjallað um endurupptöku dæmdra mála. Eru ákvæðin tekin nær óbreytt úr XXII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og vísast að mestu til skýringa við þau lög. Þannig er fjallað um skilyrði fyrir endurupptöku mála í þessu ákvæði, en samsvarandi reglur eru nú í 183., 184. og 185. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna reglur um hvernig skal farið með beiðni um endurupptöku. Sambærilegar reglur er nú að finna í 186. og 187. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hér er ein grundvallarbreyting þó lögð til, hún er sú að sérstakur réttarfarsdómstóll fjalli um og taki ákvörðun um endurupptöku máls í stað Hæstaréttar áður.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um meðferð máls fyrir dómstól vegna kröfu um endurupptöku dæmds máls. Sambærileg ákvæði er nú að finna í 188.–192. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að dómstóllinn taki ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um endurupptöku máls eða ekki. Ef orðið er við beiðni um endurupptöku, og um er að ræða héraðsdóm sem ekki var áfrýjað, ber ríkissaksóknara að gera viðeigandi ráðstafanir til áfrýjunar málsins. Ef hins vegar er um hæstaréttardóm að ræða vísar réttarfarsdómstóll málinu til Hæstaréttar sem ber að kveða upp efnisdóm í málinu.

Önnur ákvæði eru óbreytt frá því sem nú segir í lögum um meðferð opinberra mála.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er sett fram sú grundvallarregla að dómar réttarfarsdómstólsins eru endanlegir og verður ekki áfrýjað.

Um 7. gr.

Þar sem frumvarp þetta inniheldur ekki tæmandi reglur um málsmeðferð er í ákvæðinu vísað til málsmeðferðarreglna í lögum um meðferð opinberra mála þar sem þær eiga við.

Um 8. gr.

Um leið og frumvarp þetta verður að lögum er lagt til að XXII. kafli laga um meðferð opinberra mála falli úr gildi, en sambærileg ákvæði er að finna í frumvarpi þessu. Þá er lagt til að réttarfarsdómstólnum verði bætt inn í upptalningu sérdómstóla í 3. gr. nýsamþykktra laga um dómstóla.

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um að íslenska táknmálið verði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra.

Flm.: Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa frumvarp til laga um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra hér á landi.

Greinargerð.

Sams konar þingsályktunartillaga var flutt á síðasta þingi og næstsíðasta en hefur ekki náð fram að ganga. Tillagan er því flutt hér í þriðja sinn. Áhuginn á málinu hefur farið vaxandi og vonandi fær tillagan nú betri undirtektir en stundum áður og fæst afgreidd á yfirstandandi þingi. Á síðasta þingi fylgdi tillögunni svofelld greinargerð:

Málefni heyrnarlausra hafa oft komið til meðferðar á Alþingi. Fullyrða má að þar sé samstaða um að íslenska táknmálið eigi að geta orðið móðurmál heyrnarlausra. Það leiðir reyndar hugann að því að ekki er einfalt að setja slíkt í lög og hætta er á að lögin verði dauður bókstafur ef þeim er ekki fylgt eftir. Reyndar er íslenskan ekki viðurkennt móðurmál Íslendinga í lögum eða stjórnarskrá, og þess gerist reyndar ekki þörf þar sem hún er móðurmálið í raun og enginn dregur það í efa. Vaknar sú spurning hvort engu að síður væri rétt að setja lög um móðurmálið eða ákvæði um það í stjórnarskrá. Má hugsa sér í því sambandi almenn lög og breytingar á einstökum lögum, t.d. breytingu á lögum um þingsköp Alþingis þar sem tekið yrði fram að töluð skuli íslenska á Alþingi og að skjöl skuli vera á íslensku.

Sérstök lög um íslenska táknmálið sem móðurmál eru hins vegar annars eðlis, þau eru jafnréttismál sem snýst um að tiltekinn hópur hafi rétt á því að taka þátt í öllum athöfnum þjóðfélagsins til jafns við aðra og að hann eigi því rétt á túlkun. Jafnframt væri samfélagið með slíkri lagasetningu að ákveða að mennta túlka og að rannsaka og þróa íslenska táknmálið svo sem nauðsynlegt er. Hins vegar ráða fjármunir og fjárlög úrslitum. Auðvitað er unnt að taka ákvörðun um að táknmálið sé raunverulegt móðurmál heyrnarlausra með því að veita fjármuni til þess. Tryggja þarf að til sé nægur hópur táknmálstúlka og táknmálskennara, að heyrnarlausir og aðstandendur þeirra hafi tækifæri til að læra táknmálið og að foreldrar heyrnarlausra barna læri það, að heyrnarlaus börn í Vesturhlíðarskóla fái móðurmálskennslu í táknmáli og að allir kennarar kunni táknmál og geti verið málfyrirmyndir. Það þarf að tryggja að börnin fái táknmálstúlkun í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum. Til þess að allt þetta megi gerast þarf að þróa rannsóknir á íslenska táknmálinu. Tryggja þarf að opinberar stofnanir, dómstólar, sjúkrahús o.s.frv. hafi táknmálstúlka. Loks þarf að sjá til þess að skýrt sé hver á að borga hvað svo að réttindi heyrnarlausra merjist ekki sundur á milli ríkis og sveitarfélaga eins og oft hefur gerst.

Mikilvægar ákvarðanir hafa reyndar þegar verið teknar. Í Menntaskólanum við Hamrahlíð hefur táknmálið verið kennt heyrandi nemendum en auk þess hafa heyrnarlausir nemendur lært um táknmálið sem móðurmál sitt, þ.e. um málfræðilega uppbyggingu málsins, sögu þess og þróun.

Þátttaka í táknmáli fyrir heyrandi sem valgrein hefur verið góð, þar hafa verið 20 nemendur eða svo á ári. Kennslan í táknmáli fyrir heyrnarlausa á að vera fyrir alla heyrnarlausa nemendur á framhaldsskólastigi, einnig þá sem sækja aðra skóla. Þeir eiga að geta stundað námið í MH og fengið það metið. Í Háskóla Íslands er kennd táknmálsfræði sem fullgild

aðalgrein til BA-prófs og eins vetrar viðbótarnám í táknmálstúlkun sem telst hagnýtt nám fyrir utan BA-stig. Háskólakennslan er samkvæmt tímabundnum samningi sem rann út sumarið 1997. Nú hefur náðst samkomulag um þriðja árið, kennt verður 1997–98, en framhald er enn óljóst.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd og er því endurflutt.

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Á eftir orðinu „vaxtabætur“ í 7. tölul. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/1987, sbr. lög nr. 122/1993, kemur: húsaleigubætur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að tryggja að markmiðum laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur, um lækkun húsnæðiskostnaðar tekjulágra leigjenda verði náð og dregið úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.

Samkvæmt A-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru húsaleigubætur skattskyldar sem hverjar aðrar tekjur. Þá ber að staðgreiða skatt af húsaleigubótum skv. A-lið 2. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skv. 28. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eru vaxtabætur með öllu undanþegnar skattskyldu. Svo húsaleigubætur nái tilgangi sínum við að lækka húsnæðiskostnað leigjenda er nauðsynlegt að farið verði með slíkar greiðslur eins og vaxtabætur þeirra sem búa í eigin húsnæði.

Mikið óréttlæti felst í því að skattleggja húsaleigubætur meðan vaxtabætur eru skattfrjálsar. Nálægt 60% þeirra sem nú fá húsaleigubætur eru atvinnulausir, ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar, námsmenn eða einstæðir foreldrar. Hér er því um að ræða tekjulægstu hópa þjóðfélagsins. Húsaleigubætur og vaxtabætur eru hvorar tveggja aðstoð samfélagsins til að auðvelda fólki að standa straum af húsnæðiskostnaði. Því má líkja við brot á jafnræðisreglunni þegar bætur sem komið er á í nánast sama tilgangi, þ.e. að auðvelda fólki að fá húsaskjól, hljóta mismunandi meðferð í skattkerfinu.

Engin sanngirni er í því að þeir sem eiga íbúðir fái 3.300 millj. kr. skattfrjálsar í vaxtabætur, en af 200–300 millj. kr. húsaleigubótum, sem þeir verst settu fá, þurfi að greiða skatt. Einnig má benda á þá framkvæmd sem víða hefur verið komið á að húsaleigubætur koma í stað niðurgreiðslna á leiguíbúðum sveitarfélaga. Þótt tilgangurinn með því sé fyrst og fremst að koma á samræmdu húsaleigubótakerfi fyrir allan leigumarkaðinn, hvort sem um er að

ræða félagslegar leiguíbúðir eða íbúðir á almenna markaðnum, getur þessi breyting í mörgum tilvikum þýtt að stærri hluti framfærslunnar hjá lægst launuðu hópunum fari í húsnæðiskostnað. Þannig getur húsaleigan við þá breytingu að færa húsaleigu í leiguíbúðum sveitarfélaga upp í raunkostnað en greiða þess í stað húsaleigubætur þýtt mun hærri mánaðarleigu hjá stórum hópi lágtekjufólks, nema sveitarfélögin bæti þeim sérstaklega mismuninn. Auk þess þarf nú láglaunafólk sem áður fékk mikið niðurgreidda íbúð en engar húsaleigubætur að greiða skatt af breyttu formi hins opinbera á niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar, þ.e. af húsaleigubótunum. Skattur af húsaleigubótum bætist því ofan á minni niðurgreiðslu frá hinu opinbera í húsnæðisaðstoð til lágtekjufólks en áður var. Því til viðbótar bætast nú húsaleigubætur ofan á tekjur viðkomandi og hafa því áhrif til lækkunar á barnabótum, en skerðingarhlutfall barnabóta vegna tekna nemur 5% fyrir eitt barn, 9% fyrir tvö börn og 11% ef börnin eru þrjú eða fleiri.

Af framangreindu má vera ljóst að öll rök hníga í þá átt að jafnræði sé í skattalegri meðferð á húsaleigubótum og vaxtabótum. Það er tilgangur frumvarpsins. Nái það fram að ganga mun það bæta verulega afkomu tekjulægstu hópanna í þjóðfélaginu. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra námu greiðslur húsaleigubóta á sl. ári 321 millj. kr. Að teknu tilliti til þess að margir geta nýtt persónuafslátt sinn til greiðslu á skatti af húsaleigubótum má ætla að tekjutap ríkissjóðs verði um 100 millj. kr. á ári, nái frumvarpið fram að ganga.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði ákvæði um húsaleigubætur í 7. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, en með þeirri breytingu verða húsaleigubætur skattfrjálsar. Samhliða frumvarpinu er flutt frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga er varða húsaleigubætur.

7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breytingar á lagaákvæðum er varða húsaleigubætur.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

I. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 117 20. desember 1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum eða bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

2. gr.

3. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum eða bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 272.208 kr. á ári.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 279.840 kr. á ári.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 118 23. desember 1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

4. gr.

Orðin „aðrar en húsaleigubætur, eftir því sem við á“ í 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 138 23. desember 1997, um húsaleigubætur.

5. gr.

Orðin „og húsaleigubætur fyrra árs“ í 2. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI
Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt en þar er lagt til að húsaleigubætur verði undanþegnar skattskyldu líkt og vaxtabætur. Verði það frumvarp að lögum er nauðsynlegt að gera lagfæringar á öðrum lögum þar sem vísað er til húsaleigubóta.

Í lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, hafa húsaleigubætur verið teknar út úr tekjustofni til viðmiðunar, en þess gerist ekki lengur þörf ef húsaleigubætur teljast ekki til tekna í skilningi skattalaga, verði fyrrnefnt frumvarp að lögum. Sama gildir um lög um húsaleigubætur, nr. 138/1997, en þar er að finna sérákvæði um að húsaleigubætur fyrra árs mundi ekki tekjustofn til skerðingar á bótum.

8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að láta fara fram úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans á árunum 1993–97 að báðum meðtöldum. Skal hún framkvæmd af hlutlausum fagaðilum eins og endurskoðunarskrifstofum, innlendum eða erlendum. Úttektin skal sérstaklega beinast að því að finna og skýra ástæður þessara útlánatapa. Jafnframt skal kannað hvort um óeðlilega fyrirgreiðslu eða hagsmunaárekstra hafi verið að ræða við veitingu þessara lána eða ófullnægjandi tryggingar.

Niðurstaða úttektarinnar skal lögð fyrir Alþingi á haustþingi 1999.

Greinargerð.

Á 121. löggjafarþingi lagði viðskiptaráðherra fyrir Alþingi svar við fyrirspurn um útlánatöp hjá Landsbanka og Búnaðarbanka á árunum 1993–97. Fram kom að útlánatöp hefðu numið tæpum 14 milljörðum kr. Útlánatöpin voru aðallega hjá lögaðilum. Hjá þeim voru afskrifaðir rúmir 12 milljarðar kr., en hjá einstaklingum um 1,5 milljarður kr. Á árunum 1990–92 að báðum árum meðtöldum voru útlánatöp þessara banka um 2,5 milljarður kr. Af þessu er ljóst að þótt atvinnulífið hafi rétt verulega úr kútnum sl. ár hafa því ekki fylgt minni útlánatöp, heldur hafa þau þvert á móti aukist verulega.

Í svari viðskiptaráðherra kom fram að í Landsbankanum áttu einungis tíu aðilar á árunum 1993 og 1994 um helming af útlánatöpum áranna, eða 1.065 millj. kr. 1993 og 1.233 millj. kr. árið 1994. Einnig kom í ljós, einkum hjá Landsbankanum, að í allmörgum tilvikum var um að ræða lánveitingar til þessara tíu aðila án nokkurra trygginga.

Í fyrirspurninni var beðið um upplýsingar um sundurliðun útlánatapa hjá hverjum þessara tíu einstaklinga sem mest var afskrifað hjá, auk sundurliðunar á ábyrgðum bak við hverja lánveitingu til þessara aðila. Því var hafnað af hálfu viðskiptaráðherra þótt ítrekað væri eftir því leitað.

Ljóst er að Alþingi hefur ríka eftirlitsskyldu með framkvæmdarvaldinu. Því er nauðsynlegt að fram fari úttekt óvilhallra aðila á þessum útlánatöpum þar sem skilgreindar verði ástæður þeirra og hvort um óeðlilega fyrirgreiðslu eða hagsmunaárekstra hafi verið að ræða. Einnig þarf að kanna sérstaklega hvort um hafi verið að ræða ófullnægjandi tryggingar fyrir lánveitingum og þá í hvaða tilvikum.

Eigendur ríkisviðskiptabankanna, fólkið í landinu, á þá kröfu að leitað verði skýringa á útlánatöpum þessara banka, sem er nálægt því að vera sama fjárhæð og nettótekjuskattur einstaklinga á einu ári. Auk þess gæti slík úttekt gefið gleggri mynd að því sem betur mætti fara við endurskipulagningu bankakerfisins.

9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Halldórsdóttir, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka undir forustu formanns, sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar, til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Stefnt skal að niðurstöðu áður en gildandi samkomulag við bandarísk stjórnvöld um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út. Nefndin skal að undangenginni athugun og könnunarviðræðum við bandarísk stjórnvöld skila áfangaskýrslu til Alþingis eigi síðar en í árslok 1999 þannig að tími gefist til samninga um málið áður en uppsagnarákvæði núgildandi bókunar um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli verður virkt eða rennur út.

Greinargerð.

Áhugi bandarískra stjórnvalda á því að draga úr umsvifum í rekstri herstöðvarinnar í Keflavík hefur komið fram með ýmsu móti á undanförnum árum. Talsverður samdráttur hefur orðið í starfsemi Bandaríkjamanna og NATO hér á landi og er ekki að undra í ljósi breyttra aðstæðna í okkar heimshluta. Eins og málið hefur þróast hafa íslensk yfirvöld utanríkismála frekar en bandarísk þrýst á um að hafa hér meiri viðbúnað en minni. Í viðræðum bandarískra og íslenskra stjórnvalda í aðdraganda að núgildandi og síðastgildandi samkomulagi eða bókun um umsvifin hér á landi var ljóst að Íslendingar fóru fram á áframhaldandi staðsetningu orrustuflugvéla hér, en björgunarsveitin o.fl. tengist veru þeirra. Nýlegar tillögur um að taka Ísland út úr herstjórnarskipulagi NATO eru til merkis um breyttar aðstæður. Staðreyndirnar tala sínu máli og er samdrátturinn orðinn umtalsverður eins og sjá má í fylgiskjali IV þar sem fram koma m.a. upplýsingar um fjölda hermanna og orrustuflugvéla á Keflavíkurflugvelli, svo og önnur umsvif á undanförnum árum. Þessari þróun eigum við Íslendingar að fagna og í stað þess að íslenskir ráðamenn knékrjúpi í Washington og biðji um áframhaldandi hersetu og vígbúnað eigum við að gera öðrum þjóðum ljósan þann vilja okkar að erlendri hersetu í landi okkar ljúki. Án slíkra aðgerða af okkar hálfu verður að draga í efa að bandarískur her og vígbúnaður hverfi héðan með öllu. Líklegast er að Bandaríkjamenn mundu vilja viðhalda hér allnokkrum vígbúnaði og aðstöðu til að tryggja stórveldishagsmuni sína og halda Íslandi á áhrifasvæði sínu.

Um áratugaskeið hefur afstaðan til veru bandaríska hersins í Keflavík verið deilumál hér á landi og lengst af hefur þjóðin skipst í tvær fylkingar, löngum svipaðar að stærð, í afstöðu sinni til þess hvort rétt sé, skylt eða nauðsynlegt að hafa hér erlendan her. Í þeim deilum var það a.m.k. í orði kveðnu yfirlýst afstaða helstu stjórnmálasamtaka að hér skyldi ekki vera erlendur her á friðartímum. Þeir friðartímar létu á sér standa og voru jafnvel styrjaldir í fjarlægum heimsálfum notaðar til að réttlæta veru hersins hér. Á kaldastríðstímanum var spenna milli risaveldanna tveggja að sjálfsögðu notuð, hér eins og annars staðar, til að réttlæta aukinn vígbúnað. Nú hafa hins vegar óumdeilanlega skapast þær aðstæður að vígbúnaðinum er ekki beint gegn neinum óvini en sú staða hefur tæpast verið fyrir hendi meðan erlendur her hefur verið í landinu.

Sökum þessara breyttu aðstæðna og í ljósi þess að Bandaríkjamenn vilja draga úr umsvifum sínum hér hafa nú skapast kjöraðstæður, sem eru nánast sögulegar, til að sætta þjóðina í þessu deilumáli með því að herinn hverfi af landi brott. Hin langa herseta hefur hins vegar sett sín spor og þær tekjur, atvinna og umsvif sem leiddi af veru hersins voru lengi vel mjög þýðingarmikill og drjúgur hluti af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins hvort sem mönnum er ljúft eða leitt að viðurkenna það. Verulega hefur dregið úr efnahagslegu mikilvægi hersetunnar og hafa gjaldeyristekjur sem leitt hefur af henni minnkað að raungildi á undanförnum árum og hlutfallslega töluvert ef miðað er við auknar útflutningstekjur af annarri starfsemi.

Núgildandi samkomulag milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda rennur út í apríl árið 2001 og er með uppsagnarákvæði þegar í apríl árið 2000. Það er því tímabært að hefja nú þegar viðræður við bandarísk stjórnvöld um með hvaða hætti erlendur her og eiginlegur vígbúnaður geti horfið úr landi. Enginn vafi er á að húsnæði og aðstaða við flugvöllinn gæti nýst til margvíslegrar atvinnustarfsemi og aukinna umsvifa sem kæmu í stað þess sem nú er. Atvinnuástand hefur batnað á Suðurnesjum og byrjaðar eru eða áætlaðar miklar framkvæmdir þannig að aðstæður eru að ýmsu leyti hagstæðar. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gera áætlun um sérstakt átak til atvinnuuppbyggingar og þróunar fyrir svæðið samhliða því að unnið er að samkomulagi við Bandaríkjamenn um hvernig að þessum breytingum verði staðið. Með í þær viðræður þarf að sjálfsögðu að taka þátttöku Bandaríkjamanna í að bæta fyrir þá röskun sem hersetan hefur valdið í íslenskum þjóðarbúskap og ekki síður spjöll á íslenskri náttúru og kostnað við hreinsun mengaðra svæða.

Í ljósi mikilvægis málsins og með hliðsjón af því hve gæfuríkt væri ef þjóðinni auðnaðist að sameinast á ný um áherslur í þessu viðkvæma máli, sem valdið hefur deilum um hálfrar aldar skeið, er lagt til að fulltrúar allra þingflokka eigi aðild að þeim viðræðum sem hefjast í framhaldi af samþykkt tillögunnar.

Samhliða niðurstöðu í þessu máli og samkomulagi um brottför erlends hers úr landinu skapast gerbreyttar aðstæður til að móta sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu. Stefnu sem grundvallaðist á vopnleysi, friðlýsingu og sjálfstæðri óháðri stöðu landsins utan hernaðarbandalaga, sem aflað yrði alþjóðlegrar viðurkenningar.

Fordæmið frá sjálfstjórnarsvæðinu Álandseyjum og sú samstaða sem þar ríkir um vopnleysi og friðarstefnu, ásamt með uppbyggingu friðarstofnunar Álandseyja er áhugavert í þessu sambandi.

Fylgiskjal I.

Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins.

Þar sem Íslendingar geta ekki sjálfir varið land sitt, en reynslan hefur sýnt, að varnarleysi lands stofnar öryggi þess sjálfs og friðsamra nágranna þess í voða, og þar sem tvísýnt er um alþjóðamál, hefur Norður-Atlantshafsbandalagið farið þess á leit við Ísland og Bandaríkin, að þau geri ráðstafanir til, að látin verði í té aðstaða á Íslandi til varnar landinu og þar með einnig til varnar svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, með sameiginlega viðleitni aðila Norður-Atlantshafssamningsins til að varðveita frið og öryggi á því svæði fyrir augum. Samningur sá, sem hér fer á eftir, hefur verið gerður samkvæmt þessum tilmælum.

1. gr.

Bandaríkin munu fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins og samkvæmt skuldbindingum þeim, sem þau hafa tekist á hendur með Norður-Atlantshafssamningnum, gera ráðstafanir til varnar Íslandi með þeim skilyrðum, sem greinir í samningi þessum. Í þessu skyni og með varnir á svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, fyrir augum, lætur Ísland í té þá aðstöðu í landinu, sem báðir aðilar eru ásáttir um, að sé nauðsynleg.

2. gr.

Ísland mun afla heimildar á landsvæðum og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að í té verði látin aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, og ber Bandaríkjunum eigi skylda til að greiða Íslandi, íslenskum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir það.

3. gr.

Það skal vera háð samþykki Íslands, hverrar þjóðar menn eru í varnarliðinu, svo og með hverjum hætti það tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum.

4. gr.

Það skal háð samþykki íslensku ríkisstjórnarinnar, hversu margir menn hafa setu á Íslandi samkvæmt samningi þessum.

5. gr.

Bandaríkin skulu framkvæma skyldur sínar samkvæmt samningi þessum þannig, að stuðlað sé svo sem frekast má verða að öryggi íslensku þjóðarinnar, og skal ávallt haft í huga, hve fámennir Íslendingar eru, svo og það, að þeir hafa ekki öldum saman vanist vopnaburði. Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenskum málefnum.

6. gr.

Samningur sá, er gerður var hinn 7. október 1946 milli Íslands og Bandaríkjanna um bráðabirgðaafnot af Keflavíkurflugvelli, fellur úr gildi við gildistöku samnings þessa, og mun Ísland þá taka í sínar hendur stjórn og ábyrgð á almennri flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Ísland og Bandaríkin munu koma sér saman um viðeigandi ráðstafanir varðandi skipulag á rekstri flugvallarins til þess að samræma starfsemi þar því, að hann er jafnframt notaður í þágu varnar Íslands.

7. gr.

Hvor ríkisstjórnin getur, hvenær sem er, að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstjórnarinnar, farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og geri tillögur til beggja ríkisstjórnanna um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Ef slík málaleitan um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstjórnirnar verði ásáttar innan sex mánaða, frá því að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstjórnin, hvenær sem er eftir það, sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi tólf mánuðum síðar. Hvenær sem atburðir þeir verða, sem 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins tekur til, skal aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, látin í té á sama hátt. Meðan aðstaðan er eigi notuð til hernaðarþarfa, mun Ísland annaðhvort sjálft sjá um nauðsynlegt viðhald á mannvirkjum og útbúnaði eða heimila Bandaríkjunum að annast það.

8. gr.

Samningur þessi er gerður á íslensku, og á ensku, og eru báðir textar jafngildir. Hann gengur í gildi, er hann hefur verið undirritaður af réttum yfirvöldum Íslands og Bandaríkjanna og ríkisstjórn Íslands hefur afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku tilkynningu um, að samningurinn hafi verið fullgiltur af Íslands hálfu.

Gert í Reykjavík hinn 5. maí 1951.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Bjarni Benediktsson,
utanríkisráðherra Íslands.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku:

Edward B. Lawson,
sérlegur sendiherra og ráðherra með umboði fyrir
Bandaríki Ameríku á Íslandi.

Fylgiskjal II.

Bókun 1994.

(Þýdd að beiðni flutningsmanna.)

Með hliðsjón af grundvallarbreytingum sem orðið hafa á öryggisumhverfinu í Evrópu og á Norður-Atlantshafinu í kjölfar endaloka kalda stríðsins, og í samræmi við tvíhliða varnarsamninginn frá 1951, hafa ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Íslands átt viðræður um viðeigandi viðbúnað í Keflavík til varnar Íslandi. Eftirfarandi samkomulag hefur náðst:

1. Bandaríkin staðfesta skuldbindingar sínar samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
2. Íslendingar staðfesta að Bandaríkin og herir bandalagsríkjanna skuli áfram vera í Keflavíkurstöðinni á Íslandi.
3. Fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins og í samræmi við skyldur sínar samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum staðfesta Bandaríkin þá skuldbindingu sína að gera ráðstafanir varðandi varnir Íslands með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í Norður-Atlantshafssamningnum og í tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
4. Til varnar Íslandi og því svæði sem heyrir undir Norður-Atlantshafssamninginn munu Íslendingar láta í té þá aðstöðu á Íslandi sem gagnkvæmt samkomulag er um að nauðsynleg sé samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
5. Báðar þjóðir staðfesta þá skuldbindingu sína að hafa með sér náið samráð varðandi öryggismál, bæði á tvíhliða grundvelli og innan NATO, meðan Bandaríkin og bandalagið laga sig að nýjum varnarþörfum í kjölfar endaloka kalda stríðsins.
6. Ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna telja að nýleg þróun heimsmála geri mögulegt að gera breytingar á herafla til þess að uppfylla sameiginlegar skuldbindingar sínar

varðandi öryggi og varnir. Þess vegna hafa Ísland og Bandaríkin, samkvæmt varnarskuldbindingum sínum, sbr. 3. mgr., komist að samkomulagi um eftirfarandi:

- að fækka orrustuflugvélum en halda a.m.k. fjórum til þess að viðhalda virkri loftvarnagetu með bækistöð á Íslandi,
- að viðhalda í Keflavík viðbúnaði og stoðveitum sem nauðsynlegar eru til þess að halda úti orrustuflugvélum,
- að viðhalda björgunarsveitinni,
- að viðhalda flugstöð flotans,
- að viðhalda loftvarnakerfi Íslands,
- að halda áfram heræfingunum Norðurvíkingur (Northern Viking) á tveggja ára fresti,
- að leggja niður tvær litlar flotaeiningar á þeim tíma sem báðar ríkisstjórnir koma sér saman um.

7. Báðir aðilar samþykkja að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að minnka kostnað við rekstur Keflavíkurstöðvarinnar.
8. Ríkisstjórnirnar munu taka aftur upp samráðsfundi með það fyrir augum að endurskoða og komast að sameiginlegum niðurstöðum um skilmála þessa samkomulags í lok tveggja ára tímabils er hefst 1. janúar 1994. Áður en sá tími er liðinn skulu ríkisstjórnirnar skuldbinda sig til þess að kanna leiðir til þess að Ísland taki á sig aukna ábyrgð á sviði björgunarmála.

William J. Perry	*Jón Baldvin Hannibalsson*
aðstoðarvarnarmálaráðherra.	utanríkisráðherra.

Reykjavík, 4. janúar 1994.

Fylgiskjal III.

Bókun 1996.
(Þýdd að beiðni flutningsmanna.)

Með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur orðið í öryggismálum í Evrópu og á Norður-Atlantshafi síðan ritað var undir bókun um tvíhliða varnarsamskipti 4. janúar 1994, og í samræmi við tvíhliða varnarsamninginn frá 1951, hafa ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Íslands átt viðræður um viðeigandi viðbúnað í Keflavík til varnar Íslandi og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

1. Bandaríkin og Ísland staðfesta skuldbindingar sínar samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
2. Báðar þjóðir staðfesta þá skuldbindingu sína að hafa með sér náið samráð um öryggismál, bæði á tvíhliða grundvelli og innan NATO.
3. Báðar þjóðir eru sammála um að bókunin frá 1994 hafi verið framkvæmd að fullu og með góðum árangri.
4. Ísland staðfestir að herafli Bandaríkjanna og bandalagsríkja skuli áfram hafa bækistöð í Keflavík.

5. Fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins og í samræmi við skyldur sínar samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum staðfesta Bandaríkin þá skuldbindingu sína að gera ráðstafanir varðandi varnir Íslands samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í Norður-Atlantshafssamningnum og tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
6. Til varnar Íslandi og í varnarskyni fyrir það svæði sem heyrir undir Norður-Atlantshafssamninginn munu Íslendingar láta í té þá aðstöðu á Íslandi sem gagnkvæmt samkomulag er um að nauðsynleg sé samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
7. Með hliðsjón af bókuninni frá 1994 og til þess að staðfesta þá skuldbindingu sína að rækja sameiginlegar skyldur sínar varðandi öryggi og varnir hafa ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna komist að samkomulagi um eftirfarandi:
   a. að tryggja virka loftvarnagetu með því að hafa a.m.k. fjórar orrustuflugvélar á Íslandi,
   b. að halda áfram að reyna eftir megni að bæta aðstöðu til æfinga yfir landi og með lágflugi innan lofthelginnar,
   c. að viðhalda í Keflavík viðbúnaði og stoðveitum sem nauðsynlegar eru til þess að halda úti orrustuflugvélum,
   d. að viðhalda þyrlubjörgunarsveitinni,
   e. að halda áfram að kanna leiðir til þess að Ísland taki á sig aukna ábyrgð á sviði björgunarmála,
   f. að viðhalda flugstöð flotans,
   g. að viðhalda loftvarnakerfi Íslands,
   h. að halda áfram heræfingunum Norðurvíkingur (Northern Viking).
8. Báðir aðilar munu halda áfram að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að minnka kostnað á samþykktum sviðum. Í þessu skyni mun nefnd háttsettra embættismanna um lækkun kostnaðar starfa áfram á vegum aðila.
9. Það er ætlun ríkisstjórnanna að þetta samkomulag gildi í fimm ár frá undirritunardegi þess. Að loknum fjórum árum er hvorri ríkisstjórn um sig heimilt að fara fram á endurskoðun þess. Hafi önnur hvor ríkisstjórnin farið fram á slíka endurskoðun munu Bandaríkin og Ísland leitast við að hefja samráð um endurskoðun skilmála þessa samkomulags innan fjögurra mánaða frá dagsetningu beiðninnar um endurskoðun.

Halldór Ásgrímsson,	*Walter B. Slocombe,*
utanríkisráðherra Íslands.	aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna.

Reykjavík, 9. apríl 1996.

Fylgiskjal IV.

Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins:

Mannafli og verktaka á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

(Október 1997.)

Hermenn í varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli voru 2.017 í júlí sl. en ásamt fjölskyldum þeirra og 102 bandarískum borgaralegum starfsmönnum er annast sérhæfð störf eru í byggðarlaginu 4.232 íbúar.

Fjöldi varnarliðsmanna hefur breyst eins og hér segir á undanförnum sex árum:

		Hermenn	Hermenn með fjölskyldu	Íslenskir starfsmenn
mars	1990	3.276	4.969	1.086
janúar	1994	2.859	5.689	892
júlí	1995	2.202	4.477	964
janúar	1996	2.131	4.360	882
janúar	1997	2.016	4.294	883

Fækkun hermanna á árunum 1990–94 stafaði m.a. af fækkun í flughernum, þar á meðal með brottför AWACS-ratsjár flugvélanna og fækkun F-15 orrustuþotnanna og P-3 eftirlitsflugvéla flotans. Flugvélum varnarliðsins hefur á þessu tímabili fækkað um rúmlega helming og hermönnum um þriðjung. (Flugvélum úr 37 í 17 og hermönnum úr 3.276 í 2.016.) Samt sem áður jókst heildarfólksfjöldi á Keflavíkurflugvelli á sama tíma sökum 40% aukningar íbúðarhúsnæðis fyrir fjölskyldufólk og gátu þá allir þeir er vildu haft fjölskyldur sínar með sér hér á landi. Fækkun frá janúar 1994 stafar af frekari fækkun í flughernum í framhaldi af samkomulagi þar um og fækkun í eftirlitsflugsveit flotans og lokun fjarskiptastöðva. Íslenskum starfsmönnum fækkaði á fyrri helmingi þessa tímabils vegna strangra aðhaldsaðgerða Bandaríkjastjórnar við ráðningar í störf er losnuðu og lítið eitt vegna færslu þjónustustarfa til verktaka.

Um 1.663 Íslendingar störfuðu á Keflavíkurflugvelli um síðustu áramót við margs konar þjónustustörf, viðhald og verklegar framkvæmdir, svo og stjórnunarstörf.

Starfsmenn varnarliðsins sjálfs eru 883 en aðrir starfa hjá verktakafyrirtækjum og ríkisstofnunum. Stærstu verktakafyrirtækin á Keflavíkurflugvelli eru Íslenskir aðalverktakar og Keflavíkurverktakar en þau annast fyrst og fremst verklegar framkvæmdir. Íslenskir ríkisstarfsmenn starfa á vegum Pósts og síma, Ratsjárstofnunar og Veðurstofu Íslands eða annast löggæslu og flugumferðarstjórn svo eitthvað sé nefnt. Enginn þessara íslensku starfsmanna býr á Keflavíkurflugvelli og eru laun þeirra og önnur kjör samkvæmt því er tíðkast annars staðar á íslenskum vinnumarkaði.

Varnarliðið er sett saman af deildum úr bandaríska flughernum, er annast loftvarnir, og flotanum, er annast eftirlit með skipa- og kafbátaferðum. Flotastöð varnarliðsins rekur öll mannvirki og þjónustu er gerir þessum deildum kleift að sinna störfum sínum. Má þar nefna rekstur flugvallarins, húsnæðis, veitukerfa, mötuneyta, verslana og skóla auk tómstundastarfsemi af ýmsu tagi er gerir varnarliðsmönnum og fjölskyldum þeirra kleift að lifa sem eðlilegustu lífi.

Flestir íslenskir starfsmenn varnarliðsins starfa hjá flotastöðinni. Má til dæmis nefna stofnun verklegra framkvæmda, er annast m.a. viðhald og rekstur fasteigna og veitukerfa; tómstundadeild, er rekur íþrótta- og tómstundastofnanir auk veitingahúsa, skemmtistaða og ferðaskrifstofu; verlsunardeild flotans, Navy Exchange, er býður upp á flest annað en matvöru; matvöruverslun; birgðadeild, er annast innkaup, geymslu og dreifingu á hvers kyns vörum og eldsneyti fyrir starfsemi varnarliðsins, svo og fjármáladeild að ógleymdu slökkviliðinu sem auk þess að annast brunavarnir í mannvirkjum og flugvélum sér um ís- og snjóavarnir á flugbrautum, afgreiðslu herflutningaflugvéla og ýmsa aðra þjónustu við flugvélar. Eru þá ótaldar margar smærri deildir flotastöðvarinnar og annarra deilda varnarliðsins sem hafa færri íslenskum starfsmönnum á að skipa.

Verklegar framkvæmdir á vegum varnarliðsins eru fjármagnaðar með bandarísku fjárlagafé eða af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Smæstu viðhaldsverkefnin eru framkvæmd af iðnaðarmönnum varnarliðsins sjálfs en verktakar annast stærri viðhaldsverkefni og nýbyggingar. Um verkefni sem fjármögnuð eru af Bandaríkjamönnum er samið við verktaka sem íslensk stjórnvöld tilnefna en séu þau fjármögnuð af Atlantshafsbandalaginu fer fram samkeppnisútboð, innan lands eða í öllum ríkjum bandalagsins eftir stærð verksins. (Er þetta nýjung er kom til framkvæmda árið 1995 og hlaut verktakafyrirtækið Ístak fyrsta verkefni NATO af þessu tagi eftir útboð innan lands. Mannvirkjasjóðurinn hefur lengst af eingöngu fjármagnað nýbyggingarverkefni, en nú hefur hann einnig tekið þátt í endurnýjun mannvirkja varnarliðsins að litlu leyti. Fé mannvirkjasjóðsins er ekki ætlað að standa straum af rekstrarkostnaði.) Á undanförnum fimmtán árum hefur varnarliðið staðið í miklum framkvæmdum við endurnýjun mannvirkja sinna og annarrar aðstöðu. Þessum nýbyggingarframkvæmdum er nú að mestu lokið og sú fyrirsjáanlega breyting orðin að viðhaldsverkefni af ýmsu tagi hafa komið í stað nýbygginga.

Samráð er haft um umfang verkefna á vegum varnarliðsins og greinir það utanríkisráðuneytinu árlega frá þeim verklegu framkvæmdum er það hyggst ráðast í. Er ákvarðað að hausti hvaða ný verkefni verði í ráðist á næstunni. Umfangið ræðst þó endanlega af fjárveitingum og tekur mið af breyttum þörfum varnarliðsins. Tilnefnir utanríkisráðuneytið þá verktaka sem varnarliðið skuli semja við er að þeim þætti málsins kemur. (Flest slík verkefni hafa fallið Íslenskum aðalverktökum og Keflavíkurverktökum í skaut.) Nokkurs misskilnings hefur gætt varðandi ákvörðun og úthlutun þessara verkefna. Liðið getur talsverður tími frá ákvörðun og þar til verksamningur liggur fyrir eða allt að nokkrum árum. Er því erfitt að bera saman tölur frá ári til árs í þessu sambandi, enda einungis um áætlun að ræða og nýjum verkefnum bætt við þau sem fyrir eru óframkvæmd. Samkomulag Íslands og Bandaríkjanna er gert var árið 1996 gerir ráð fyrir að byggingarverkefni þau er fjármögnuð eru af Bandaríkjamönnum fari einnig í samkeppnisútboð og þannig gildi hið sama um öll slík verkefni að loknum aðlögunar- og reynslutíma í ársbyrjun 2004.

Þá varð sú breyting árið 1995 að samningar varnarliðsins um kaup á vörum og þjónustu voru gefnir frjálsir og annast Sala varnarliðseigna forval fyrirtækja er sækjast eftir slíkum viðskiptum samkvæmt ákveðnum hæfniskröfum.

Keflavíkurverktakar hafa að mestu annast viðhaldsverkefni en Íslenskir aðalverktakar hafa nú einnig tekið að sér viðhaldsverkefni í auknum mæli, enda veruleg aukning orðið á því sviði samhliða nánast stöðvun nýframkvæmda.

Fylgiskjal V.

	Varnarliðsviðskipti í millj. kr.						Nettótekjur af varnarliðinu.				
	Verk-takar	Olíu-félög	Skipa-félög	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Útgjöld	Nettó-tekjur	Gengi USD	Í millj. USD	% af útflutn.	% af VLF
1970	6	0	1	5	12	1	11	0,88	12,9	5,4	2,6
1971	5	1	1	7	14	1	13	0,88	14,8	5,8	2,3
1972	6	1	1	8	16	2	14	0,87	16,5	5,5	2,1
1973	9	1	2	8	20	2	18	0,90	20,5	4,9	1,9
1974	7	3	2	12	24	2	22	1,00	22,1	4,6	1,6
1975	19	4	5	20	48	6	42	1,54	27,3	5,8	2,1
1976	29	5	9	27	70	8	62	1,82	34,0	5,9	2,2
1977	38	8	10	40	96	7	89	1,99	44,8	6,1	2,2
1978	62	10	15	67	155	8	146	2,71	53,9	5,9	2,3
1979	59	15	16	96	187	20	167	3,52	47,4	4,3	1,8
1980	103	20	26	206	355	23	332	4,79	69,3	5,7	2,1
1981	187	35	19	302	543	46	497	7,24	68,6	5,6	2,0
1982	559	57	97	456	1.169	80	1.089	12,52	87,0	8,3	2,8
1983	1.303	95	176	869	2.443	287	2.156	25,00	86,2	7,9	3,3
1984	1.600	113	139	1.137	2.989	223	2.766	31,66	87,4	8,0	3,1
1985	1.307	185	66	1.831	3.389	267	3.122	41,47	75,3	6,2	2,6
1986	2.356	234	60	2.193	4.843	415	4.428	41,04	107,9	7,0	2,8
1987	2.291	260	82	2.664	5.297	507	4.790	38,60	124,1	6,5	2,3
1988	3.029	323	132	2.289	5.773	663	5.110	43,09	118,6	6,0	2,0
1989	4.060	352	252	3.529	8.193	885	7.308	57,14	127,9	6,6	2,4
1990	4.875	315	268	4.577	10.035	801	9.234	58,23	158,6	7,2	2,6
1991	4.416	294	397	5.401	10.508	1.069	9.439	59,04	159,9	7,3	2,5
1992	4.190	245	252	5.541	10.228	471	9.757	57,52	169,6	7,7	2,5
1993	3.171	224	482	5.526	9.403	342	9.061	67,74	133,8	6,4	2,3
1994									138,8	5,9	2,2
1995									137,3	5,4	1,9

10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort rétt sé að færa saman undir eitt ráðuneyti málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og vinnumarkaðsmála, a.m.k. það sem lýtur að atvinnuleysisbótum og málefnum at-

vinnulausra. Sérstaklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmingu á þessu sviði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt ásamt þeirri greinargerð er henni fylgdi.

„Ljóst er að veruleg skörun er á verksviði ráðuneyta í málum er snerta lífeyristryggingar, almannatryggingar, stuðning við atvinnulausa, framfærslustuðning sveitarfélaga o.fl. Samspil þessara þátta við skattkerfið og tekjutenging bótaliða innan og utan skattkerfisins er margþætt og flókið mál. Það er skoðun flutningsmanns að eitt af því sem hefur staðið löngu tímabærri endurskoðun og samræmingu á þessu sviði fyrir þrifum sé óheppileg verkaskipting eða öllu heldur dreifing þessa málaflokks innan Stjórnarráðsins.

Til greina kemur að stofna nýtt ráðuneyti sem tæki við verkefnum á þessu sviði frá fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti eða að færa þessi mál öll saman til eins af ráðuneytunum, t.d. félagsmálaráðuneytisins. Heilbrigðisráðuneytið er þegar fyrirferðarmikið og ekki er að öllu leyti heppilegt að almannatryggingar séu jafnframt vistaðar þar. Það sama gildir um fjármálaráðuneytið.

Sameining þessa mikilvæga en umleið vandasama málaflokks í eitt ráðuneyti ætti að auðvelda samræmingu löggjafar og stjórnsýslu á þessu sviði en á því er mikil þörf, ekki síst með tilliti til sívaxandi umfangs málaflokksins.“

11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að beita sér fyrir að gerð verði vönduð úttekt á líklegum áhrifum Schengen-aðildar á ólöglegan innflutning fíkniefna til landsins, í samvinnu við önnur ráðuneyti og samtök sem berjast gegn fíkniefnum. Alþingi verði gefin skýrsla um málið í ársbyrjun 1999.

Greinargerð.

Með Schengen-aðild verður mönnum heimilt að fara yfir innri landamæri aðildarríkjanna án þess að þeir sæti nokkru eftirliti. Í samræmi við þetta verður allt vegabréfaeftirlit hérlendis gagnvart ferðamönnum sem koma frá öðru Schengen-landi fellt niður og vita yfirvöld þar af leiðandi ekki hverjir þar eru á ferð. Í Evrópusambandinu heyrir tolleftirlit á landamærum sögunni til. Þar eð Ísland er ekki frekar en Noregur í Evrópusambandinu helst hér heimild til tolleftirlits, það á meðal með farangri farþega, á meðan ekki er um annað samið sérstaklega. Að þessu leyti hefðu Ísland og Noregur sem aðilar að Schengen sérstöðu. Hversu lengi hún helst og í hvaða formi heimildunum verður beitt er hins vegar óljóst. Líklegt er að um verði að ræða stöðugan þrýsting á Noreg og Ísland að sleppa eftirliti með farangri eins og gerist annars staðar á Schengen-svæðinu eða halda slíku eftirliti í lágmarki.

Hvað sem verður um tolleftirlit af Íslands hálfu í framtíðinni er þegar ljóst að hér verður tolleftirliti ekki haldið uppi með sama hætti og áður, meðal annars leit að fíkniefnum, þegar tollyfirvöld hafa ekki lengur neinn stuðning af vegabréfaeftirliti með farþegum á leið til landsins; er það gagnkvæmt innan Schengen-svæðisins í heild. Þetta er í raun viðurkennt í samningnum sjálfum, en sérstaklega er fjallað um fíkniefni í 6. kafla hans (70.–76. gr.) og kveðið á um fastan vinnuhóp, m.a. með fulltrúum lögreglu og tollyfirvalda, til að rannsaka sameiginleg vandamál í baráttunni gegn fíkniefnabrotum og hugsanlega að gera tillögur um „að bæta praktísk og tæknileg viðhorf vegna samvinnu aðildarríkjanna á þessu sviði".

Til að vega upp á móti afnámi alls innra eftirlits með ferðum fólks innan svæðisins á að herða mjög eftirlit á ytri landamærum þess. Liður í því er stofnun Schengen-upplýsingakerfisins (Schengen Information System — SIS) með gagnaskrám í miðlægri móðurtölvu sem hafa að geyma staðlaðar upplýsingar um einstaklinga og hluti. Markmiðið með rekstri upplýsingakerfisins „er að veita upplýsingar í þeim tilgangi að viðhalda allsherjarreglu og öryggi, þar með talið öryggi ríkisins, og auðvelda framkvæmd samningsins um ferðalög á landsvæðum samningsaðila". Þetta afar umdeilda kerfi á að auðvelda handtöku einstaklinga vegna kröfu um framsal, útlendinga sem óskað er eftir að neitað verði um aðgang að Schengen-svæðinu og um einstaklinga og ökutæki „í þeim tilgangi að hafa þá undir leynilegu eftirliti eða til að taka þá til sérstakrar athugunar". Ekki verður séð að þetta kerfi sé sérstaklega sniðið til eftirlits með ólöglegum flutningi fíkniefna inn á svæðið né að það vegi upp á móti þeim möguleikum á eftirliti með fíkniefnasmygli sem tapast við afnám vegabréfaskoðunar. Auk SIS-kerfisins er í Schengen sérstakt kerfi fyrir gagnkvæmar viðbótarupplýsingar milli lögreglu í aðildarríkjum Schengen um persónur og hluti sem skráð hafa verið í SIS-gagnabankann, skammstafað SIRENE (Supplément d'Information Requis a l'Entrée Nationale).

Innan Schengen-svæðisins hafa þegar risið deilur vegna fíkniefnadreifingar og mismunandi stefnu og eftirlits með sölu og dreifingu fíkniefna í einstökum aðildarríkjum. Þekktust er deila Frakka og Hollendinga, vegna frjálsræðisstefnu hinna síðarnefndu í fíkniefnamálum. Hafa Frakkar í skjóli neyðarréttar ítrekað frestað Schengen-sáttmálanum um að afnema vegabréfaeftirlit á landamærum sínum við Belgíu vegna hættu á smygli fíkniefna frá Hollandi og krafist jafnframt hertrar löggjafar af hálfu Hollendinga. Eftirlit með fíkniefnanotkun og dreifingu fíkniefna er víðar slakt innan svæðisins, meðal annars í Þýskalandi, og víða eru uppi allt önnur viðhorf til fíkniefna og baráttunnar gegn þeim en hérlendis og annars staðar á Norðurlöndum. Í Schengen-samningnum er hvergi minnst á að vinna beri gegn fíkniefnum til persónulegra nota, og í sex af aðildarríkjum Schengen hafa verið felldar niður refsingar gegn því að hafa undir höndum umtalsvert magn fíkniefna „til eigin nota".

Í Svíþjóð hefur sérstaklega verið gagnrýnt að innan Schengen sé ekki um að ræða þá samþættu stefnu gegn neyslu fíkniefna sem stunduð hafi verið þarlendis fram til þessa, þar á meðal gegn sölu á götum úti (gatumarknaden), heldur sé fyrst og fremst reynt að koma í veg fyrir stórsmygl með lögregluaðgerðum.

Fram hefur komið að smygl á áfengi og fíkniefnum hafi aukist stórlega í Svíþjóð eftir að tolleftirlit var þar lagt af á landamærum. Verð á flestum fíkniefnum á svörtum markaði í Suður-Svíþjóð lækkaði um helming á fyrsta árinu eftir inngöngu í ESB. Álag hefur jafnframt vaxið vegna ólöglegs innflutnings á varningi frá Svíþjóð, að fíkniefnum meðtöldum, yfir til Noregs. Stór hluti af fíkniefnum sem smyglað er eða reynt er að smygla inn í Svíþjóð kemur frá Schengen-löndum. Það á meðal annars við um kannabisefni, amfetamín, „exstasy" og heróín, hið síðasttalda oft unnið úr ópíum og morfíni á Ítalíu. Varnir á ytri landamærum

Schengen-svæðisins koma ekki að gagni að því er varðar fíkniefni sem upptök sín eiga innan svæðisins.

Sumir löggæslumenn í Noregi hafa ítrekað lýst áhyggjum sínum vegna fíkniefnasmygls í kjölfar Schengen-aðildar Noregs, sem er í hliðstæðri stöðu og Ísland gagnvart Evrópusambandinu, en með geysilöng sameiginleg landamæri við Svíþjóð. Formaður samtaka löggæslumanna í lénum Noregs (lensmannsbetjentane), Arne Johannessen, hefur ítrekað lýst áhyggjum sínum af aukningu fíkniefna, sem og því verkefni að eiga að gæta ytri landamæra Evrópusambandsins á hinni löngu Noregsströnd.

Nokkrir íslenskir tollgæslumenn hafa í einkasamtölum lýst þeirri skoðun sinni við fyrsta flutningsmann þessarar tillögu að Schengen-aðild muni gera eftirlit með ólöglegum innflutningi fíkniefna til landsins mun erfiðara en nú er. Sama sjónarmið kom fram í grein eftir Kristján Pétursson, fyrrverandi deildarstjóra, sem hann ritaði í Morgunblaðið 18. janúar 1997 um þessi efni. Þar varar hann eindregið við hættunni á auknum innflutningi fíkniefna um Keflavíkurflugvöll, verði af aðild Íslands að Schengen. Hann segir það eindregna skoðun þeirra löggæslumanna sem vinni við eftirlit og rannsóknir fíkniefnamála að Schengensamningurinn geri þeim illmögulegt að viðhalda því eftirliti sem verið hefur, hvað þá að efla það. „Í langflestum tilvikum þegar fíkniefni finnast hjá farþegum við komu til landsins liggur að baki mikil og oft flókin upplýsingaöflun tollgæslu og fíkniefnadeildar lögreglunnar. Svo hægt sé að hafa hendur í hári grunsamlegra komufarþega, innlendra sem erlendra, verður að skoða skilríki þeirra, þar sem oftast er um að ræða ókunna aðila (burðardýr). Eftir að vegabréfaskoðun Schengen-farþega verður lögð af, er ekki lengur fyrir hendi nein aðstaða til slíks eftirlits í flugstöðinni."

Tillagan sem hér er flutt gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra láti, í samvinnu við önnur ráðuneyti og aðra þá sem láta sig varða baráttuna gegn fíkniefnum, gera sérstaka úttekt á líklegum áhrifum aðildar Íslands að Schengen á ólöglegan innflutning fíkniefna hingað til lands. Meðal ráðuneyta sem að þessu máli vinna auk dómsmálaráðuneytis eru félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Slíka úttekt hefði að sjálfsögðu þurft að gera strax og Schengen-aðild kom á dagskrá hérlendis og var ítrekað hvatt til þess, m.a. af fyrsta flutningsmanni í umræðum á Alþingi.

Tillaga þessi var lögð fram á 122. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt, enda ekki um seinan að gera slíka úttekt.

12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um sjálfbæra orkustefnu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að undirbúa, í samvinnu við umhverfisráðherra og þingflokka, sjálfbæra íslenska orkustefnu sem hafi að markmiði:

a. að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi,
b. að dregið verði markvisst úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda,

c. að ríkulegt tillit verði tekið til náttúruverndar og umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Forsenda þessarar stefnumótunar verði að Ísland gerist fullgildur aðili að Kyoto-bókuninni frá 12. desember 1997 við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Á meðan þessi stefna er í mótun verði ekki ráðist í orkufrekan iðnað umfram það sem þegar hefur verið samið um og frestað að innleiða hér reglur Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum.

Greinargerð.

Sjálfbær orkustefna.

Sjálfbær orkustefna er ekki markmið í sjálfu sér heldur afar mikilvægur hlekkur í sjálfbærri þróun á jörðinni. Núverandi orkubúskapur heimsins er í miklu ósamræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og leiðir okkur fyrr en varir í öngstræti. Rangar áherslur í orkumálum skapa hættur fyrir umhverfi jarðar, heilbrigði og heimsfrið. Í áherslum Sameinuðu þjóðanna sem tengjast Ríó-ferlinu er meðal annars lögð áhersla á eftirfarandi þætti til að stuðla að sjálfbærri orkustefnu:

- orkusparnað og bætta nýtingu orku á öllum sviðum, ekki síst í þróuðum ríkjum,
- umhverfisvæna orkugjafa, ekki síst endurnýjanlega orku og nýja og hreina tækni,
- orkugjöld vegna mengunar og/eða reglur er takmarki losun mengandi efna,
- afnám niðurgreiðslna til kjarnorku og hefðbundinna orkugjafa,
- að heildarkostnaður, m.a. vegna umhverfis, verði sýnilegur og hluti orkufjárfestingar,
- jöfnuð í aðgengi að orkuþjónustu og áhrif almennings á mótun orkustefnu,
- forustu ríkisstjórna og opinberra aðila í að ryðja braut fyrir sjálfbæra orkustefnu,
- áætlanir og aðgerðir þjóðríkja í þágu sjálfbærrar orkustefnu.

Orka er undirstaða efnahagsþróunar. Yfir tveir milljarðar íbúa jarðar hafa ekki aðgang að rafmagni eða öðrum nútímalegum orkukerfum. Söfnun og brennsla þverrandi eldiviðar er hlutskipti hundruða milljóna og kemur einkum í hlut kvenna. Orka er lykill að því að útrýma fátækt, en orkusóun eins og hún viðgengst í þróuðum ríkjum er ógnun við umhverfi og jöfnuð. Þar eru niðurskurður í orkunotkun, bætt gæði í nýtingu orku í stað aukins framboðs og vistvænir orkugjafar mál mála.

Þingsályktunartillagan beinir athyglinni að íslenskum orkubúskap. Hér á eftir er bent á hvernig nýta megi endurnýjanlegar orkulindir markvisst til stuðnings sjálfbærri orkustefnu í stað þess að binda þær í mengandi stóriðju til langs tíma.

Magn hagnýtanlegrar orku hérlendis.

Íslendingar búa vel að endurnýjanlegum orkulindum að teknu tilliti til íbúafjölda. Hagkvæm nýtanleg vatnsorka hefur verið áætluð nema sem svarar til 30 teravattstunda ársframleiðslu rafmagns og jarðvarmi samsvarandi um 20 teravattstundum (TWh/a). Samtals eru þetta um 50 TWh/a. Nefnd hafa verið langtum hærri fræðileg gildi um heildarmagn vatnsafls og jarðvarma sem hugsanlega mætti hagnýta að einhverju leyti síðar meir. Við þetta bætist vindorka og orka sjávarfalla sem ekki er farið að nýta að neinu leyti, svo og sólarorka.

Umhverfisáhrif af orkunotkun.

Orka frá jarðefnaeldsneyti og kjarnorku veldur skaðlegri og sumpart óbætanlegri mengun. Nægir þar að minna á gróðurhúsaáhrifin frá brennslu jarðefnaeldsneytis og geislavirkan úr-

gang frá kjarnorkuverum. Endurnýjanlegum orkulindum fylgja að þessu leyti afar miklir kostir þar eð nýting þeirra fellur að náttúrulegum ferlum. Hagnýting vatnsafls og jarðvarma hefur hins vegar í för með sér annars konar inngrip í umhverfið. Vatnsaflsvirkjunum fylgja oft stór miðlunarlón, breyting á rennsli vatnsfalla og lífsskilyrðum ofan og neðan stíflumannvirkja, svo og skerðing á fossum og framburði, ekki síst frá jökulám. Áhrifa af beislun vatnsafls gætir þannig frá upptökum til ósa í viðkomandi vatnsföllum og á strandlengju og hafið úti fyrir. Jarðvarmavirkjanir hafa mikil staðbundin áhrif, að jafnaði afar mikil á viðkomandi jarðhitasvæði; þeim fylgir oftast brotthvarf hveravirkni á yfirborði, sjónræn áhrif af mannvirkjum og oft mikið jarðrask. Við þetta bætist jarðrask og sjónræn áhrif annarra raforkuvirkja, ekki síst háspennulína og spennistöðva. Áhrif af háspennulínum geta verið víðtæk, ekki síst í opnu landslagi eins og hér og slóðagerð og vegalagning sem þeim fylgir geta haft óæskileg áhrif á umferð.

Aðeins um 25 teravattstundir til hagnýtingar?

Hagnýtingu vatnsafls og jarðvarma eru augljós takmörk sett ef taka á tillit til landnotkunar og náttúruverndar. Af umhverfisástæðum er óhjákvæmilegt út frá varúðarsjónarmiði að draga frá umtalsverðan hluta þessara auðlinda þegar áætlað er það heildarmagn endurnýjanlegrar orku sem til ráðstöfunar getur orðið í framtíðinni. Ítarleg úttekt þarf að fara fram á því við hvað skuli miða í slíkum áætlunum. Eðli málsins samkvæmt er þar um umhverfis- og skipulagsmál að ræða og meta þarf fjölþætta hagsmuni áður en ákvarðanir eru teknar. Almenningur þarf að eiga greiðan aðgang að umræðu um allt það ferli á mótunarstigi.

Að mati flutningsmanna er rétt að gera ráð fyrir því fyrst um sinn að ekki verði meira en helmingur af því sem nú er talin hagnýtanleg orka frá vatnsafli og jarðvarma í reynd til ráðstöfunar í framtíðinni til þess að hlífa umhverfi og af tilliti til annarrar landnotkunar. Fyrir um tveimur áratugum nefndu menn um þriðjung orkunnar í þessu samhengi en síðan hafa umhverfissjónarmið styrkst og margháttaðir aðrir hagsmunir komið til sögunnar í auknum mæli, m.a. ferðaþjónustu. Sé miðað við að samanlögð hagnýtanleg orka vatnsafls og jarðvarma til raforkuframleiðslu nemi 50 teravattstundum og aðeins helmingur verði í raun til ráðstöfunar standa eftir 25 teravattstundir.

Núverandi raforkunotkun, spá til 2025 og hugmyndir um stóriðju.

Íslendingar nota nú þegar mikið magn raforku miðað við íbúafjölda að ekki sé talað um heildarorkunotkun sem er sexföld meðalnotkun annarra jarðarbúa. Heildarársframleiðsla raforku hérlendis á árinu 1997 var um 5,6 teravattstundir, þar af 5,2 framleiddar með vatnsafli og 0,375 með jarðhita. Um 3 TWh fóru til stóriðju og 2,6 TWh til almennrar notkunar. Þessi ársframleiðsla svarar til að búið sé að virkja til raforkuframleiðslu rösklega 20% af þeim 25 teravattstundum sem samkvæmt framangreindu er eðlilegt að miða við að séu til ráðstöfunar en röskan þriðjung sé eingöngu miðað við hagkvæmt nýtanlegt vatnsafl. Þegar svona er litið á málið blasir við allt önnur mynd en algengast er að dregin sé upp í umræðu um orkumál og orkunýtingu hérlendis.

Samkvæmt opinberri raforkuspá 1997–2025 (orkuspárnefnd, OS-97059) er gert ráð fyrir að ársframleiðsla til nú umsamins stóriðnaðar og til að mæta aukinni eftirspurn almenns raforkumarkaðar feli í sér að á tímabilinu 1996–2005 muni almenn notkun forgangsorku aukast um 23% og um 82% alls fram til 2025. Notkun ótryggðrar orku minnki hins vegar dálítið á sama tímabili eða úr 1,2 TWh í tæplega 1 TWh. Samkvæmt þessu næmi raforkunotkun árið 2025 að óbreyttum samningum um stóriðju um 9,4 TWh og væri þannig farin að

nálgast 10 TWh í lok spátímans. Eins og rakið hefur verið er í tölum orkuspárnefndar er af nefndinni ekki áætlað fyrir neinni viðbótarsölu til orkufreks iðnaðar umfram þegar frágengna samninga í árslok 1997. Innifalin í tölum nefndarinnar er stækkun járnblendiverksmiðjunnar um einn ofn og að orkusala til Áburðarverksmiðjunnar falli niður í lok árs 1998.

Í starfsleyfum Norðuráls hf. og ÍSAL hf. er gert ráð fyrir aukningu álframleiðslu hjá þessum fyrirtækjum sem nemur 120 + 40 þúsund tonna ársframleiðslu, en til slíkrar framleiðslu þyrfti hátt í 3 TWh. Umtöluð magnesíumverksmiðja á Reykjanesi með 50 þúsund tonna ársframleiðslu þyrfti raforku sem nemur 1 TWh/a. Samanlagt fælist því í stækkun eða byggingu þessara verksmiðja viðbótarsala sem samanlagt nemur 4 TWh. Þá má geta þess að umrædd risaálbræðsla á vegum Norsk Hydro með allt að 700 þúsund tonna ársframleiðslu tæki til sín raforku sem nemur um 10 TWh en það er jafnmikið og sú raforka sem orkuspárnefnd gerir ráð fyrir að notuð verði á landinu í heild árið 2025!

Innlend raforka í stað innflutts eldsneytis.

Orkustofnun hefur að beiðni flutningsmanns reiknað út orkuinnihald þess jarðefnaeldsneytis sem flutt var til landsins árið 1996 (sjá fylgiskjal I). Magn þess var í heild tæp 853 þúsund tonn og heildarorka 36 PJ (PetaJoule), en það svarar til 10 teravattstunda. Til að fá sama orkuinnihald úr vetni þarf 298 þúsund tonn vetnis, en til framleiðslu þess með raforku þyrfti 18,8 teravattstundir. *Heildarorkunotkun landsmanna árið 1996, umreiknuð í raforku, nam samkvæmt þessu 18,8 + 5,1 = 23,9 teravattstundum.* Ef frá er dregið það jarðefnaeldsneyti sem keypt er erlendis fyrir millilandasamgöngur, en það nam 8,0 PJ árið 1996, stæðu eftir 14,7 TWh + 5,1 = 19,8 TWh.

Orkustofnun bendir á að sé vetni notað í efnarafölum en ekki brennt í hefðbundnum brennsluvélum fæst tvöfalt meiri nýtni og þannig þyrfti aðeins um 9,4 TWh af raforku á ári til að framleiða það vetni sem þarf í stað allrar innfluttrar orku.

Mismunandi leiðir til vistvænna orkugjafa.

Fullvíst má telja að mismunandi leiðir verði farnar til að nýta innlenda orku í stað jarðefnaeldsneytis í samgöngum, fiskveiðum og iðnaði. Í sumum tilvikum verði um bein umskipti úr eldsneyti í raforku að ræða líkt og gert hefur verið í nokkrum fiskimjölsverksmiðjum. Rafbílar knúnir rafmagni frá rafhlöðum leysi bensínbíla af hólmi og jafnhliða eða síðar komi til sögunnar bílar knúnir vetni eða öðru vistvænu eldsneyti í formi metanóls, etanóls og ammóníaks. Hliðstæð þróun gæti átt sér stað með fiskveiðiflotann þótt hætt sé við að tækniþróun gangi þar hægar fyrir sig. Rafknúnir sporvagnar eða raflestir kunna að bjóða upp á hagkvæmar lausnir í vissum tilvikum. *Tæknilegt form umskiptanna skiptir ekki máli um það markmið sem hér er til umræðu: Að vistvæn innlend orka leysi innflutt jarðefnaeldsneyti af hólmi.*

Orkuspárnefnd miðar í sínum forsendum við að rafbílar fari að ná fótfestu hér árið 2005 og að þeir verði 10% nýrra fólksbíla við lok spátímabilsins árið 2025. Svarar það til 50 gígavattstunda raforkunotkunar á ári. Flutningsmenn tillögunnar hafa ástæðu til að ætla að þessi þróun verði mun örari, enda beiti stjórnvöld sér fyrir slíkum umskiptum í samvinnu við rafveitur og sveitarfélög.

Á hefðbundinn mælikvarða skiptir þróun heimsmarkaðsverðs á olíu mestu um hagkvæmni þess að skipta yfir í aðra orkugjafa. Nýjar viðmiðanir munu fyrirsjáanlega hafa áhrif á þá þróun, ekki síst losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðefnaeldsneyti og alþjóðleg viðleitni til að draga úr slíkri mengun.

Innlendar rannsóknir og þróun.

Brýnt er að Íslendingar ekki aðeins fylgist með tæknilegum möguleikum og þróun á þessu sviði, heldur gerist þar beinir þátttakendur og helst brautryðjendur að einhverju leyti. Á það gæti reynt ekki síst í sambandi við þróun vélbúnaðar í skip sem nýttu vistvæna orku. Á þessu sviði er um að ræða stórt verkefni í rannsóknum og þróun. Þegar hefur verið unnið merkilegt brautryðjendastarf hérlendis, ekki síst á vegum Braga Árnasonar prófessors við Háskóla Íslands, og einstök fyrirtæki hafa þegar lagt nokkuð af mörkum við að kanna möguleika á notkun innlendrar orku í stað innfluttrar.

Eðilegt er að opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, hafi forgöngu á þessu sviði, bæði við að örva rannsóknir en einnig með því að taka í notkun á sínum vegum nýja tækni og tæki, með framsýnu skipulagi og með orkusparnaði.

Hugsanleg staða eftir aldarfjórðung.

Samkvæmt varfærinni hugmynd um þróun næstu áratuga, þar sem stefnt væri að því að innlend orka leysti smám saman innflutta af hólmi, gæti niðurstaðan að aldarfjórðungi liðnum litið þannig út yrði ekki aukið við hefðbundinn orkufrekan iðnað:

Innlend raforkunotkun árið 2025, hugsanleg staða:

Raforkunotkun samkvæmt spá orkuspárnefndar (stóriðjunotkun sama og 1997)	9,4	teravattstundir
Raforka í stað 50% innflutts eldsneytis (olíu) (miðað við notkun 1996)	9,4	teravattstundir
Raforkunotkun alls	18,8	teravattstundir/ári

Sé horft lengra fram í tímann og gert ráð fyrir að þjóðin nýti að mestu eigin orkulindir til að fullnægja orkuþörf sinni og raforka komi beint eða óbeint í stað innfluttrar olíu gæti dæmið litið þannig út um miðja næstu öld:

Innlend raforkunotkun árið 2050, hugsanleg staða:

Raforkunotkun miðað við 2% árlegan vöxt (stóriðjunotkun sama og 1997)	11,3	teravattstundir
Raforka komi að fullu í stað innflutts eldsneytis (miðað við notkun 1996)	18,8	teravattstundir
Raforkunotkun alls	30,1	teravattstund/ári

Úr þessum tölum má lesa að sé gert ráð fyrir að innlend orka komi í stað innfluttrar olíu á næstu 50 árum og að almennur raforkumarkaður vaxi um 2% á ári muni Íslendingar á þessu skeiði fara langt með að hagnýta sér mikinn hluta innlends vatnsafls og jarðvarma og þá þegar vera farnir að ganga allnærri náttúru landsins.

Af þessu má draga þá ályktun að óráð sé að auka við hefðbundinn orkufrekan iðnað í landinu frá því sem nú er til að þjóðin hafi svigrúm til að nýta sem mest innlendar orkuauðlindir í stað innfluttrar olíu og gæta um leið náttúruverndarhagsmuna.

Kyoto-samkomulagið og sjálfbær orkustefna.

Með Kyoto-bókuninni 12. desember 1997 við samninginn um loftslagsbreytingar féllust 39 þróuð ríki, svonefnd Annex I-ríki, á lagalega skuldbindandi samkomulag um að draga úr losun svonefndra gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2010 um að meðaltali 5,2% miðað við losun árið 1990 sem grunn og að taka upp samninga um næstu skref í niðurskurði árið 2005. Ísland fékk sem kunnugt er andstætt öðrum ríkjum heimild til að auka losun, meira en nokkurt annað þróað ríki, um 10% frá viðmiðunarárinu 1990.

Að tveimur árum liðnum, aldamótaárið 2000, stefnir í að losun gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa á Íslandi fari 16% fram yfir það sem var á viðmiðunarárinu 1990. Þá værum við komnir 6% fram yfir úthlutunina samkvæmt Kyoto-bókuninni. Útreikningar og losunarspá unnin á vegum stjórnvalda bendir til að árið 2010 fari losunin að óbreyttu 26% fram úr mörkum viðmiðunarársins, þ.e. 16% fram úr heimildum frá Kyoto-ráðstefnunni.

Það sem meiri tíðindum sætir en þessar horfur er að íslensk stjórnvöld vinna nú að því öllum árum að Ísland fái enn aukið svigrúm og verði jafnvel undanþegið takmörkunum þegar stóriðja á í hlut. Rökin fyrir slíkri kröfu eru að hér sé gnótt endurnýjanlegrar orku og einstakar orkufrekar framkvæmdir vegi þungt í losun í fámennu landi. Jafnframt er því haldið fram að Íslendingar losi minna en aðrir og hafi litla möguleika á að draga saman losun vegna aðgerða við húshitun fyrir nær tveimur áratugum. Þetta eru ýmist röng eða léttvæg rök.

Stóriðja og sjálfbær orkustefna eiga ekki samleið.

Magn endurnýjanlegra orkulinda hérlendis er aðeins dropi í hafið á heimsvísu og við erum í fremstu röð ríkja heims að því er varðar almenn lífskjör. Eins og rakið hefur verið hér á undan hafa Íslendingar fulla þörf fyrir að nýta takmarkaðar orkulindir landsins í þágu sjálfbærrar þróunar hérlendis. Áframhaldandi orkusala til stóriðju skerðir möguleika landsmanna til að slíkrar þróunar og þrengir um leið svigrúm til að vernda náttúru og umhverfi. Losun gróðurhúsalofttegunda á mann hérlendis er um það bil hin sama og meðaltal á íbúa í Evrópusambandinu og stefnir í að fara langt fram úr því ef áform stjórnvalda um stóriðju ganga eftir.

Íslendingar hafa mikla möguleika á að draga saman í losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum og áratugum með samræmdum aðgerðum enda verði hér fylgt sjálfbærri orkustefnu. Við eigum að hagnýta okkur þá jákvæðu sérstöðu sem felst í ríkulegum, endurnýjanlegum orkulindum miðað við íbúafjölda en gæta þess jafnframt að ganga ekki óhæfilega að þeim verðmætum sem fólgin eru í náttúru landsins. Á báðum þessum sviðum höfum við skyldur að rækja samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum.

Ný hugsun — ný málstök.

Íslendingar eiga eins og aðrar þjóðir að leggja sitt af mörkum til að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í þeim efnum á heimsbyggðin gífurlegt verkefni fyrir höndum og samkomulagið í Kyoto var aðeins fyrsta skrefið af mörgum sem á eftir þurfa að fylgja. Þótt óvissa sé um umfang og hraða þeirra loftslagsbreytinga sem verða af mannavöldum má hér engu hætta til. Ísland er á krossgötum hafstrauma og loftstrauma í Norður-Atlantshafi og umhverfi okkar getur því verið sérstaklega viðkvæmt fyrir röskun.

Viðfangsefnið sem fram undan er kallar á nýja hugsun og ný málstök á öllum sviðum atvinnulífs, skipulags, framleiðslu- og neysluvenja og umgengni við orku í atvinnulífi, samgöngum og á heimilum. Allir þurfa að leggjast á eitt að draga úr þarflausri orkunotkun, að ekki sé talað um sóun. Þetta á auðvitað sérstaklega við þegar um jarðefnaeldsneyti er að

ræða en endurnýjanlegar orkulindir eru einnig takmörkuð gæði sem valda umhverfisröskun og beislun þeirra kostar mikla fjármuni og álag á umhverfisröskun.

Þess er vissulega að vænta að með margháttuðum tækninýjungum og endurbótum tækja og orkukerfa megi ná fram verulegum orkusparnaði og þannig hjálpi markaðurinn til. Það leysir hins vegar ekki stjórnvöld, ríki og sveitarfélög, undan því að marka skýra stefnu og framfylgja henni.

Orkufrekur iðnaður verði settur í biðstöðu.

Tillagan gerir ráð fyrir að ekki verði ráðist í nýjan orkufrekan iðnað á meðan unnið er að þeirri stefnumótun sem tillagan gerir ráð fyrir og fyrst að því búnu verði metið hvort eða hversu mikið svigrúm kann að vera til að ráðstafa orku til slíks iðnaðar. Iðnaður sem bætir í umtalsverðum mæli við losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis samrýmist engan veginn alþjóðlegum skuldbindingum sem Íslendingar þurfa að taka á sig vegna loftslagssamninganna. Þjóð okkar á hvorki heimtingu á né getur gert ráð fyrir að fá til lengdar sérmeðferð í samfélagi þjóðanna. Öðru máli gegnir um orkuiðnað sem miðaði að því að leysa af hólmi innflutta orku, til dæmis með framleiðslu vistvæns eldsneytis.

Samningar um orkufrekan iðnað sem gerðir hafa verið að undanförnu, nú síðast um stækkun járnblendiverksmiðju á Grundartanga, gera Íslendingum þegar afar erfitt fyrir að standa við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar, hvað þá ef gengið yrði lengra í uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Þess utan er fyrirsjáanlegt að ekki fer saman að ráðstafa frekar en orðið er takmörkuðum orkuforða landsins til orkufreks iðnaðar og að innlend orka taki við af innfluttu jarðefnaeldsneyti á fyrri hluta komandi aldar. Teljandi viðbót við orkufrekan iðnað frá því sem nú er gengur augljóslega gegn þeirri hlífð við náttúru landsins sem víðtækur stuðningur er við meðal almennings og brýn nauðsyn er að tryggja í sessi vegna framtíðarhagsmuna. Óröskuð náttúra verður sífellt verðmætari auðlind á alþjóðavísu.

Þau áform sem stjórnvöld eiga nú hlutdeild að með útlendingum geta beinlínis reynst háskaleg fyrir sjálfbæra þróun á Íslandi og þrengt á óviðunandi hátt svigrúm annars atvinnulífs og komandi kynslóða í landinu. Viðbótarlosun gróðurhúsalofttegunda frá orkufrekum iðnaði veldur því að minna svigrúm verður í öðrum atvinnugreinum, einkum í sjávarútvegi, og meira þarf að skera þar niður í losun til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar. Fyrir utan mengun frá orkufrekum iðnaði og önnur áhrif á náttúru landsins og umhverfi er verið að bjóða hagkvæmasta hlutann af orkulindum landsins á undirverði, að ekki sé talað um ef allur kostnaður að meðtalinni röskun á náttúrufari væri tekinn með í reikninginn.

Áform, sem nú er unnið að í orkufrekum iðnaði og ráðgert er að hrinda í framkvæmd á næstu tíu árum, nema meira en 10 teravattstundum í raforku samkvæmt upplýsingum stjórnvalda. Þar eru stærstar í sniðum hugmyndir um álbræðslu á vegum Norsk Hydro með allt að 720 þúsund tonna ársframleiðslu. Slík verksmiðja mundi ein og sér þurfa um 10 teravattstundir á ári og eru þá margar aðrar fjárfestingar sem rætt er um í orkufrekum iðnaði ekki meðtaldar.

Auðsætt ætti að vera að skynsamlegt er að leggja öll áform um nýjan orkufrekan iðnað til hliðar á meðan mótuð er sjálfbær orkustefna til framtíðar og ljóst er hvaða skuldbindingar Íslendingar þurfa að taka á sig í næsta áfanga loftslagssamninga. Samningaviðræður þar að lútandi hefjast samkvæmt áætlun árið 2005.

Sá orkuiðnaður sem skipt gæti sköpun hér í framtíðinni sem liður í sjálfbærri orkustefnu er framleiðsla vetnis eða annarra vistvænna orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Fyrir slíkum framtíðarkostum þarf að hugsa og hafa til reiðu nægilegt svigrúm þegar þar að kemur.

EES-samningurinn og raforkutilskipun ESB.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði var Íslendingum gert að lögfesta hér sama rétt einstaklinga og lögaðila á öllu EES-svæðinu og Íslendingar höfðu búið að einir fram að því til að eignast virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. Sama gilti um kaup á fasteignum og orkunýtingu þeim tengda. Var lögum þar að lútandi breytt á 120. löggjafarþingi 1996. Í krafti þessara samningsákvæða geta útlendingar nú eignast virkjunarréttindi og landareignir sem hafa að geyma jarðvarma hér á landi. Þessi ákvæði geta eins og önnur hliðstæð orðið afar varhugaverð fyrir íslenska hagsmuni og eru eitt af mörgu sem bent var á af andstæðingum EES-samningsins.

Þegar samningaviðræður stóðu yfir um EES-samninginn 1989–91 var látið að því liggja af hálfu íslenskra stjórnvalda að ákvæði um orkumál lægju að mestu utan samningssviðsins og lítið hefði reynt á samræmingu í orkumálum innan Evrópusambandsins. Annað kom á daginn því að á árinu 1992 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur að tilskipunum um innri markað fyrir rafmagn og jarðefnaeldsneyti (olíu og gas). Miðuðu þær að því að stórauka frelsi í viðskiptum með rafmagn og jarðefnaeldsneyti. Sem lokaskrefi var svo gert ráð fyrir að öllum raforkunotendum yrði gert kleift að semja beint við raforkuframleiðendur.

Báðar þessar tillögur mættu pólitískri andstöðu af hálfu ýmissa ríkisstjórna í aðildarlöndum og innan Evrópuþingsins en þær voru byggðar á grein 235 í Rómarsamningnum sem til þessa veitir einstökum ríkjum neitunarvald gagnvart tilskipunum. Svo fór að tilskipunin um jarðefnaeldsneyti var samþykkt árið 1995, einnig af Noregi sem EES-ríki. Mikil andstaða var í Noregi við málið en ríkisstjórn norska verkamannaflokksins og aðrir flokkar sem studdu á sínum tíma aðild Noregs að ESB kusu að fallast á hana fremur en hafna henni og hafa hana yfirvofandi næst þegar reynt verður að koma Noregi inn í Evrópusambandið. Til að auðvelda þetta var í sameiginlegu EES-nefndinni gefin út yfirlýsing þess efnis að ríki hafi fullveldi yfir olíulindum, ríkisfyrirtækjum væri heimil þátttaka í vinnslu olíu og ríki hefðu rétt til að stýra nýtingu auðlindarinnar og leggja á skatta.

Framkvæmdastjórn ESB lagði í ársbyrjun 1994 fram nýja útgáfu að tilskipun um innri markað með raforku. Þar er hægar farið í sakirnar en í hinni fyrri og náðist á grundvelli hennar samkomulag í ráðherraráði ESB og samþykki meiri hluta á Evrópuþingi sem leiddi til þess að tilskipunin tók gildi innan ESB 19. desember 1996. Í henni felst m.a. að einkaréttur starfandi orkufyrirtækja er afnuminn og aðskilja á vinnslu, flutning og dreifingu (sölu) raforku, svo og samkomulag um aðgang þriðja aðila að flutningskerfum gegn endurgjaldi samkvæmt nánari reglum.

Tilskipun þessi (96/92/EC), byggð á grein 100a í stofnskrá ESB, er túlkuð svo að hún falli undir EES-samninginn þar eð orka sé hluti af vöruhugtakinu samkvæmt samningnum. Því hefur tilskipunin nú verið lögð fyrir sameiginlegu EES-nefndina. Noregur hafði áður gert umdeildar breytingar á sinni löggjöf mjög í anda ákvæða ESB-tilskipunarinnar og af norskri hálfu er því ekki að vænta andstöðu við yfirtöku hennar. Ísland gerði í sameiginlegu EFTA-nefndinni ýmsa fyrirvara við tilskipunina og endanleg afstaða íslenskra stjórnvalda til hennar hafði ekki komið fram í sameiginlegu EES-nefndinni þá síðast fréttist.

Sérstaða Íslendinga í raforkumálum er slík að óeðlilegt er að tilskipun ESB um innri markað með raforku taki gildi hér á landi. Nægir í því sambandi að benda á smæð og einangrun íslenska raforkumarkaðarins og þá staðreynd að raforka er hér nær eingöngu framleidd með endurnýjanlegri orku. Eitt opinbert fyrirtæki er hér ráðandi í raforkuframleiðslu og aðgerðir til að byggja upp samkeppnismarkað í framleiðslu raforku ekki líklegar til að skila ávinningi. Samkeppni getur jafnframt torveldað eða útilokað viðleitni til jöfnunar raf-

orkuverðs. Óháð tilskipunum ESB geta Íslendingar að sjálfsögðu gert þær breytingar á eigin löggjöf og fyrirkomulagi framleiðslu og dreifingu raforku sem ástæða þykir til og hagfellt, til dæmis skilið á milli framleiðslu og flutnings raforku um stofnlínur, eflt fyrirtæki eins og Rafmagnsveitur ríkisins sem framleiðanda raforku og greint á milli raforkusölu til stóriðju og almenns markaðar. Aðalatriðið er þó að á meðan unnið er að mótun sjálfbærrar orkustefnu er óæskilegt að lögleiða hér skipan sem virkað getur sem hindrun í vegi æskilegs fyrirkomulags í raforkumálum til lengri tíma litið. Í ljósi þessa gerir tillagan ráð fyrir að Ísland gerist ekki, að minnsta kosti fyrst um sinn á meðan stefna um sjálfbæra orkustefnu er í mótun, aðili að tilskipun Evrópusambandsins um innri markað fyrir raforku.

Fylgiskjal.

Eldsneytisnotkun Íslendinga 1996.

(Minnisblað frá Orkustofnun, 13. febrúar 1998.)

Eldsneytisnotkun Íslendinga 1996 innan lands og í millilandasamgöngum.

Eldsneyti	Magn (tonn)	Orkuinnihald (MJ/kg)	Heildarorka (PJ)
Bensín	137.827	42,9	5,9
Flugvélabensín	1.519	43,0	0,07
Þotueldsneyti	126.467 (117.367)	42,8	5,4 (5,0)
Steinolía	198	42,8	0,01
Gasolía	341.679 (14.597)	42,3	14,5 (0,6)
Svartolía	179.431 (57.500)	41,3	7,4 (2,4)
Gas	1.514	48,4	0,07
Kol	91.276	28,8	2,6
Samtals	852.911		36,0 (-8,0 = 28,0)

Gögnin eru fengin úr handriti af Orkumálum og Eldsneytisspá 1995–2005, OS-95036/OBD-01, 1995. Tölur innan sviga sýna orku keypta erlendis fyrir millilandasamgöngur.

36,0 PJ af orku samsvarar 10,0 TWh.

28,0 PJ af orku samsvarar 7,8 TWh.

Heildarraforkuframleiðsla Íslendinga árið 1996 var 5,1 TWh.

Til að fá sama orkuinnihald úr vetni og öllu eldsneyti sem notað er af Íslendingum, innan lands og í millilandasamgöngum, þarf **298.000 tonn af vetni**, en orkuinnihald þess er 120 MJ/kg. Til að fá sama orkuinnihald úr vetni og öllu innfluttu eldsneyti keyptu á Íslandi sem Íslendingar nota þarf 232.000 tonn af vetni.

Til að framleiða 1 kg af vetni með rafgreiningu og þétta það, þ.e. breyta því í fljótandi vetni, þarf um 63 kWh af raforku eða:

18,8 TWh til að framleiða 298.000 tonn af vetni,

en 14,7 TWh til að framleiða 232.000 tonn af vetni.

Hins vegar ber að hafa það í huga að ef vetni er notað í efnarafölum en ekki brennt í hefðbundnum brennsluvélum fæst um tvöfalt meiri nýtni og því þyrfti um **9,4 TWh af raforku á ári** til að framleiða það vetni sem þarf í stað allrar innfluttrar orku sem Íslendingar nota hér og fyrir millilandasamgöngur, en rúmlega 7 TWh ef millilandasamgöngum er sleppt.

Til viðbótar þessu eldsneyti voru flutt inn tæplega 80.000 tonn af eldsneyti sem selt var útlendingum á skip og flugvélar. Þetta samsvarar um 3,4 PJ eða tæplega 1 TWh.

13. Frumvarp til laga [13. mál]

um gæludýrahald.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að lögfesta reglur um gæludýrahald í þéttbýli, kveða á um réttarstöðu eigenda þeirra og annarra og veita sveitarfélögum skýrar heimildir til að setja nánari reglur í samþykktir um gæludýrahald.

2. gr.

Með gæludýrum samkvæmt lögum þessum er átt við hunda og ketti og önnur þau dýr sem einstaklingar halda sér til afþreyingar og hleypt er út undir bert loft um lengri eða skemmri tíma. Einnig teljast til gæludýra samkvæmt lögunum dýr af öðrum tegundum, telji heilbrigðisyfirvöld að þau geti valdið heilsutjóni eða viðlíka ama og af þeim orsökum sé rökstudd ástæða til afskipta af þeim í almannaþágu. Lögin taka ekki til búfjárhalds í þéttbýli, sbr. lög nr. 46/1991.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með samþykkt, sem staðfest skal af umhverfisráðuneyti, að takmarka eða banna að haldnar séu tilteknar tegundir gæludýra í sveitarfélagi eða setja um það nánari skilyrði.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að halda skrá yfir gæludýr í sveitarfélaginu samkvæmt nánari ákvæðum í samþykkt og skal eiganda gæludýrs eða forráðamanni eiganda sem er undir 18 ára aldri skylt að gera grein fyrir gæludýrum sem hlutaðeigandi heldur, ef þess er krafist.

4. gr.

Eigendur gæludýra skulu gæta þess að þau gangi ekki á annarra manna lendum og sjá til þess að dýrin valdi öðrum hvorki óþægindum né tjóni. Eiganda gæludýrs er skylt að bæta það tjón er dýrið veldur. Ef tjónþoli hefur á einhvern hátt stuðlað að því að tjón varð er heimilt að lækka bætur eða láta þær niður falla. Dýrin skulu auðkennd eða merkt eiganda sínum í samræmi við nánari ákvæði í samþykkt sveitarfélags.

5. gr.

Heimilt er að handsama gæludýr sem ganga laus utan lóðarmarka eiganda í þéttbýli.

Eigendur dýranna skulu greiða kostnað við töku þeirra og geymslu og skal sveitarstjórn heimilt að halda þeim uns lögð hefur verið fram trygging fyrir greiðslu kostnaðar.

Hafi dýrsins ekki verið vitjað innan einnar viku skal því ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, það selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og samþykktum sem settar eru á grundvelli þeirra varða sektum og með mál á grundvelli þeirra skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Samþykktir um hunda- og kattahald sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga halda gildi sínu brjóti þær ekki í bága við lögin.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 120. löggjafarþingi og bárust þá um það fjölmargar umsagnir, m.a. frá Hveragerðisbæ, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Egilsstaðabæ, heilbrigðiseftirliti Austurlandssvæðis, heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis, bæjarstjóranum á Selfossi, Kattavinafélagi Íslands, Blönduóssbæ, Dalvíkurbæ og Húsavíkurkaupstað. Kom það fram í umsögnum flestra að brýn þörf væri fyrir lagasetningu um gæludýrahald og var framlagningu frumvarpsins fagnað af mörgum. Einnig var bent á atriði sem betur mættu fara og hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda, en þær lutu einkum að 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Á fyrri hluta ársins 1998 voru samþykkt á Alþingi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og er í 4. gr. þeirra að finna heimild fyrir umhverfisráðherra til að setja reglugerð um gæludýr. Með þeim lögum voru einnig felld úr gildi lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Þar var þannig ekki tekið með beinum hætti á gæludýrahaldi, en flutningsmaður telur mjög nauðsynlegt að skýrar reglur á þessu sviði séu í lögum. Því var frumvarp þetta flutt aftur á síðasta vorþingi og er nú endurflutt.

Á 117. löggjafarþingi voru samþykkt eftir langan aðdraganda ný heildarlög um dýravernd, lög nr. 15/1994. Lögin fjalla um ábyrgð manna gagnvart öllum dýrum, en þó einkum þeim sem eru í vörslu eða umsjón manna, og taka bæði til dýraeigenda og hins almenna borgara. Segja má að frumvarpið sem hér er flutt sé eðlileg viðbót við löggjöf á þessu sviði. Með því er dreginn almennur lagarammi um gæludýrahald sem sveitarstjórnum er ætlað að fylla út í með samþykktum. Kveðið er á um ábyrgð þeirra sem kjósa að halda gæludýr í þéttbýli, merkingar gæludýra og hversu farið skuli með gæludýr sé settum reglum ekki fylgt.

Gildissvið frumvarpsins er takmarkað við gæludýr en það hugtak hefur ekki verið skilgreint í lögum og í raun er erfitt að afmarka það með glöggum hætti. Enda þótt hér sé ekki lagt til að lögfest verði ítarleg skilgreining á hugtakinu er frumvarpinu fyrst og fremst ætlað að ná til þeirra dýra sem menn halda í híbýlum sínum en höfð eru þó að einhverju leyti utan dyra. Eðli málsins samkvæmt tekur frumvarpið því í raun einkum til hunda og katta en takmarkast þó ekki við þær tegundir. Ákvæðin geta því t.d. tekið til kanína, sem nokkuð er um í þéttbýli hér á landi, og jafnvel refa, sem dæmi eru um að einstaklingar haldi sér til dægradvalar. Frumvarpinu er hins vegar ekki ætlað að taka til gæludýra sem að staðaldri eru haldin

í búrum innan húss nema sérstakar ástæður bjóði. Þar geta komið til heilsufarsástæður, smitsjúkdómar sem bregðast þarf við, ofnæmi og fleira af þeim toga. Þá tekur frumvarpið ekki til hrossahalds í þéttbýli, en um það gilda ákvæði laga nr. 46/1991, um búfjárhald, og samþykktir sem gerðar hafa verið á grundvelli þeirra. Að auki hefur hestahald í þéttbýli sérstöðu að því leyti að slíkum tómstundabúskap eru afmörkuð svæði og þá oft utan þéttbýliskjarna sveitarfélaga.

Fyrir því er löng hefð að fólk í þéttbýli haldi dýr sér til afþreyingar og yndisauka. Hunda hafa sumir hjá sér í öryggisskyni. Í sveitum gegndu hundar, og sumpart einnig kettir, til skamms tíma mikilvægu hlutverki og við búferlaflutninga á mölina fluttu menn þessi dýr oft með sér. Fyrir börn hafa ýmis gæludýr mikið aðdráttarafl og umgengni við þau getur haft jákvætt uppeldislegt gildi.

Um leið og þetta er viðurkennt verður ekki fram hjá því litið að ýmsir ókostir fylgja dýrahaldi í þéttbýli og getur það valdið óþægindum og jafnvel haft hættu í för með sér. Árið 1994 voru skráð á Borgarspítalanum alls 375 slys af völdum dýra, þar á meðal bitsár.

Ekki liggja fyrir heildartölur um gæludýrahald hér á landi, enda er einungis hundahald háð opinberri skráningu. Nefna má til upplýsingar að í Reykjavík voru um það bil 1.135 hundar skráðir á árinu 1995, en á Akureyri voru skráðir hundar um 200 talsins. Ekki er vitað um fjölda annarra gæludýra en ljóst er að kattahald er nokkuð almennt.

Fá ákvæði er að finna í lögum á þessu sviði. Sveitarfélög hafa á undanförnum áratugum sett sér samþykktir um hundahald og nú á síðari árum einnig um kattahald. Í samþykktunum eru hunda- og kattahaldi settar verulegar skorður og sveitarstjórnum veitt heimild til að takmarka það og setja fyrir því ýmis almenn skilyrði. Í löndunum í kringum okkur hefur vaknað nokkur umræða á undanförnum árum um reglusetningu um gæludýrahald, þar sem sífellt koma upp fleiri vandamál því tengd. Þannig hafa verið sett sérstök lög um hunda í Danmörku, en ekki hafa þar enn verið sett lög um ketti, og í Svíþjóð hafa verið sett í lög ákvæði um eftirlit með hundum og köttum. Þá hafa verið umræður um það innan ESB að setja þurfi sérstakar reglur um gæludýrahald, m.a. um merkingar hunda og katta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði almenn heimild fyrir sveitarfélög til íhlutunar um gæludýrahald í þéttbýli. Ekki var talið rétt að festa efni takmarkana í lög nema að litlu leyti heldur er hér lagt til að sveitarfélögum verði í sjálfsvald sett að móta skilyrðin nánar. Þó er rétt að benda á það grundvallaratriði að slíkar takmarkanir verða að vera almennar og grundvallaðar á jafnræðissjónarmiðum.

Undanfarin ár hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir á sjúkdómum sem rekja má til katta- og hundahalds. Má þar nefna rannsókn frá árinu 1996 um katta- og hundasníkjudýr í sandkössum (sjá fylgiskjal), rannsókn frá árinu 1993 um sníkjudýr í og á köttum í Reykjavík og nágrenni og rannsókn frá árinu 1992 um óværu í köttum. Rétt er að taka fram vegna fylgiskjals að þegar rætt er um orma í köttum er um að ræða spóluorma. Dýralæknar telja nauðsynlegt að hreinsa bæði hunda og ketti vegna spóluorma a.m.k. árlega og oftar þegar dýrin eru ung.

Þar sem rætt er um „toxoplasma“ í fylgiskjali er um að ræða tegundina Toxoplasma gondii, sem á íslensku hefur verið kölluð bogfrymill. Það er einfrumungur sem lifir í frumum manna og dýra og hafa ormalyf ekki áhrif á veru hans þar. Helga Finnsdóttir, fagdýralæknir í sjúkdómum hunda og katta, hefur rannsakað bogfrymil í köttum og birtist nýlega eftir hana fróðleg ritgerð um það efni (Helga Finnsdóttir: Tíðni mótefna gegn bogfrymlasótt í blóði katta á Íslandi. Dýralæknarit Dýralæknafélags Íslands, mars 1998, bls. 16–21).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu koma fram markmið laganna. Um þau er vísað til greinargerðar með frumvarpinu.

Um 2. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er sveitarstjórnum veitt heimild til að takmarka eða banna gæludýrahald með samþykktum. Skulu takmarkanir miðast við einstakar tegundir gæludýra samkvæmt nánari reglum. Sveitarstjórnum er með ákvæðinu veitt svigrúm til að móta reglurnar nánar en kveðið er á um í frumvarpinu eftir því sem aðstæður bjóða á hverjum stað. Hugtakið gæludýr í skilningi frumvarpsins er skilgreint í 2. gr., en að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðuneyti staðfesti samþykktirnar í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Um 3. gr.

Æskilegt getur verið að sveitarstjórnir hafi yfirsýn yfir gæludýraeign í sveitarfélagi og samkvæmt ákvæðinu er þeim heimilt að halda skrá yfir gæludýr samkvæmt nánari ákvæðum í samþykkt. Slík skráning er sérstaklega mikilvæg þar sem leyfi er gert að skilyrði og krafist gjalds af dýraeigendum en getur einnig verið mikilvæg til almennrar upplýsingaöflunar. Samkvæmt ákvæðinu er eiganda eða forráðamanni ólögráða eiganda skylt að gera grein fyrir gæludýrum sem hann heldur.

Um 4. gr.

Hér er lögð sú ábyrgð á eigendur gæludýra að þeir sjái til þess að dýrin valdi öðrum hvorki óþægindum né tjóni. Með ákvæðinu er lagt til að eigendur gæludýra beri hlutlæga bótaábyrgð á því tjóni sem dýrin kunna að valda, en jafnframt er gert ráð fyrir því að bætur til tjónþola lækki eða falli alveg niður ef hann hefur átt þátt í því að tjón varð. Er tillaga þessi í samræmi við það sem nú gildir um ábyrgð hundaeigenda að dönskum rétti.

Þá er lagt til að sveitarfélög geti krafist þess að tilteknar tegundir gæludýra verði merktar eigendum sínum en hér sem fyrr er sveitarstjórnum veitt svigrúm til að móta reglurnar að öðru leyti.

Um 5. gr.

Talið er nauðsynlegt að í lögum sé kveðið á um heimild til að handsama gæludýr sem ganga laus utan húss í þéttbýli og um nánari tilhögun þegar til slíkra aðgerða kemur. Eðlilegt er að eigendur dýranna beri ábyrgð á þeim kostnaði sem sveitarfélög hafa af því að taka þau. Frestur í 3. mgr. er í samræmi við 10. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, og þykir hæfilegur. Þegar unnt er skal eiganda gert kunnugt um töku dýrsins, en í umsögnum frá heilbrigðisfulltrúum og fleirum um frumvarpið kom fram að slíkt reyndist oft ógerningur í framkvæmd og því er ákvæðið nú eins og í lögum um dýravernd.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: „Töluvert er um óhreinsaða ketti í Reykjavík. Kattarspóluormur í 9% allra sandkassa.“ (Mbl. 9. febrúar 1996.) Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 753 (424. mál 120. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 3587–3588.

14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram mat samkvæmt lögum nr. 63/1993 á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þrátt fyrir að virkjunarleyfi hafi verið veitt.

Greinargerð.

Heimildarlög og virkjunarleyfi.

Með lögum nr. 60/1981 var ríkisstjórninni heimilað að semja við Landsvirkjun m.a. um að reisa og reka virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun). Með þingsályktun um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu 6. maí 1982 ályktaði Alþingi um virkjanaröð þannig að Blönduvirkjun skyldi verða næsta stórvirkjun landsins en á eftir henni yrði ráðist í byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Með breytingu á lögum um raforkuver með lögum nr. 74/1990 var ályktun um röðun virkjana frá 1982 felld úr gildi og skyldi röð við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar. Þó var í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að ráðist yrði í Fljótsdalsvirkjun sem næstu virkjun, ef samningar næðust um byggingu álbræðslu á Keilisnesi á grundvelli yfirlýsingar frá 13. mars 1990.

Hinn 24. apríl 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, 210 MW að stærð ásamt aðalorkuveitum. Í bréfinu segir að með vísan til vatnalaga muni ráðuneytið birta auglýsingu í Lögbirtingablaðinu varðandi hina ráðgerðu virkjun „þar sem þeim er hagsmuna eiga að gæta, er gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við virkjunaráformin. Er leyfi þetta bundið því skilyrði, að Landsvirkjun ábyrgist úrlausn þeirra vandamála, sem upp kunna að rísa vegna slíkra athugasemda, að höfðu samráði við ráðuneytið.“ Í umræddri auglýsingu var vísað til framlagðra gagna um virkjunina. Allmargar athugasemdir bárust í kjölfar auglýsingarinnar, bæði varðandi tilhögun og umhverfisáhrif virkjunarinnar.

Lög um mat á umhverfisáhrifum.

Árið 1993 voru sett lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Markmið laganna er skv. 1. gr. „að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, svo og að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana“. Í 5. gr. laganna eru taldar upp framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati og eru þar efst á blaði „vatnsorku-

virkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira eða vatnsmiðlanir þar sem meira en 3 km² lands fara undir vatn vegna stíflumannvirkjanna og/eða breytinga á árfarvegi". Þess má geta að lagning nýrra vega og þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan byggða eru matsskyldar. Í bráðabirgðaákvæði II við lögin segir: „Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum." — Vegna þessa ákvæðis og virkjunarleyfis sem út var gefið 1991 virðist að óbreyttu ekki lagaskylda að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, nema til komi breytingar á virkjunartilhögun.

Verndargildi Eyjabakkasvæðisins.

Fegurð og verndargildi Eyjabakkasvæðisins sem færi undir miðlunarlón Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt fyrirliggjandi virkjunaráætlun eru almennt viðurkennd. Eyjabakkasvæðið hefur lengi verið á náttúruminjaskrá og þegar Náttúruverndarráð ályktaði um virkjun Jökulsár í Fljótsdal 26. mars 1981 var það með miklum trega að ráðið vildi „fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn Fljótsdalsvirkjun, telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega. Sú afstaða mótast m.a. af því að samkomulag hefur tekist um varanlega verndun Þjórsárvera, sem frá sjónarmiði náttúruverndar og samkvæmt niðurstöðum rannsókna á báðum þessum svæðum eru talin enn mikilvægari hálendisvin." Í ítarlegri greinargerð Náttúruverndarráðs um málið segir m.a.:

„Eyjabakkar eru gróskumikið flæðiland í fögru umhverfi. Á hálendinu eru fá gróðurlendi á borð við þá. Fyrst og fremst eru það Þjórsárver við Hofsjökul, Hvítárnes og örfáir staðir á Möðrudalsöræfum. Allir þessir staðir eru hentugir fyrir miðlunarlón vegna virkjana, en jafnframt er náttúruverndargildi þeirra mikið. Náttúruverndarráð telur ekki annað koma til greina en þyrma einhverjum þessara svæða, og því þarf að líta á þau í samhengi þegar áformað er að taka eitthvert þeirra undir miðlunarlón." Umsögn Náttúruverndarráðs endurspeglar á heildina litið fremur veika stöðu þess og náttúruverndar í landinu á þessum tíma.

Mikil breyting hefur orðið á viðhorfum til verndunar hálendissvæða síðustu tvo áratugi og tengist það aukinni kynningu, ferðalögum almennings og gildi lítt snortinnar náttúru fyrir ferðaþjónustu. Jafnframt hafa framhaldsrannsóknir á náttúrufari Eyjabakkasvæðisins gert mönnum ljósari en áður þýðingu þess, meðal annars fyrir heiðagæsastofninn. Margir forkunnarfagrir fossar í Jökulsá í Fljótsdal hafa einnig vakið menn til umhugsunar um það sem tapast mundi með virkjun árinnar. Að frumkvæði Náttúruverndarsamtaka Austurlands, NAUST, var á níunda áratugnum mótuð tillaga um friðlýsingu Snæfells og Vesturöræfa. Sú tillaga hefur hins vegar enn ekki náð fram að ganga þrátt fyrir atbeina Náttúru-verndarráðs og nú Náttúruverndar ríkisins. Virðist einkum fyrirstaða hjá virkjunaraðilum við framgang þessarar sjálfsögðu verndaraðgerðar þótt hún snerti ekki með beinum hætti virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Þörf á víðtæku mati.

Þrátt fyrir marghátttaða viðleitni Náttúruverndarráðs og áhugamanna um náttúruvernd til að fá fram heildstætt mat á verndargildi hálendisins og einstakra þátta í náttúrufari þess hefur takmarkaður árangur náðst til þessa. Fjárveitingar til slíkrar vinnu hafa verið litlar sem engar á sama tíma og miklu fé er varið til rannsókna á hagnýtingu vatnsaflsins og undirbúnings einstakra virkjana.

Hinn 24. apríl 1989 samþykkti Alþingi þingsályktun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar."

Þessu verki hefur enn ekki verið lokið þrátt fyrir nokkra viðleitni til að þoka því áfram, aðallega í samstarfi iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs í svonefndri SINO-nefnd, sem sett var á fót þegar árið 1972. Þetta verkefni er enn sem fyrr brýnt.

Svæðisskipulag — ástæða til endurskoðunar.

Í tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins til 2015, sem unnin var á vegum samvinnunefndar héraðsnefnda sveitarfélaga á árunum 1994–97 og skilað í maí 1997, segir um Fljótsdalsvirkjun á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal: „Hugsanlega tengd Kárahnjúkavirkjun, stærð allt að 1.200 GWh/ári. Fyrirvari um lónastærðir á Eyjabakkasvæðinu. Gildi Eyjabakkasvæðisins vegna sérstæðs gróðurfars, dýralífs, landslags o.fl. er svo mikið að ástæða er til að endurskoða tilhögun virkjunar samkvæmt gildandi lögum. Svæðið hefur einnig mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna. Gert er ráð fyrir að skoðaðir verði til hlítar möguleikar á að virkja saman Jökulsá á Brú (Kárahnjúkavirkjun) og Jökulsá í Fljótsdal með þeim hætti að Kárahnjúkalón geti nýst sem miðlun fyir bæði vatnasviðin. Heimiluð með lögum 1981 og leyfi ráðherra var veitt fyrir 1. 5. 1994. Virkjunin er því aðeins matsskyld ef um breytingar er að ræða frá upphaflegum áætlunum."

Í umsögn samvinnunefndarinnar í ágúst 1998 um innsendar athugasemdir eftir auglýsingu 6. júní til 10. desember 1997 segir svo um Fljótsdalsvirkjun og Norðlingaölduveitu: „Heimild samvinnunefndarinnar til þess að setja fyrirvara um útfærslur einstakra stórframkvæmda á borð við virkjanir snýr að ýmsum grundvallaratriðum skipulagsvinnu. Andi skipulagslaganna er að hlutverk svæðisskipulags sé að samræma og samþætta mismunandi hagsmuni í landnotkun. Nefndin telur að eðlilegt sé að endurmeta 15 ára gömul áform með tilliti til breyttra forsendna, m.a. nýrrar tækni og breyttra viðhorfa til umhverfismála. Gert er ráð fyrir að bæði Fljótsdalsvirkjun og Norðlingaölduveita geti komið til framkvæmda á skipulagstímanum í einhverri mynd. Gerðir eru fyrirvarar um stærð miðlunarlóna á gróðurlendum í 600 m y.s. sem eru meðal stærstu fuglabyggða hálendisins. Á landnotkunaruppdráttum 2 og 3 eru annars vegar sýnd náttúruverndarsvæði og hins vegar orkuvinnslusvæði. Á Eyjabakkasvæðinu koma báðir þessir landnotkunarflokkar við sögu sem er í samræmi við skipulagsuppdráttinn, þ.e. blönduð landnotkun."

Krafa margra um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúruverndarsamtök Austurlands, NAUST, hafa ítrekað talað fyrir verndun Eyjabakkasvæðisins. Vorið 1997 var Félag um verndun hálendis Austurlands stofnað og hefur það meðal annars beitt sér fyrir því að áform um virkjun Jökulsár í Fljótsdal fari í formlegt umhverfismat samkvæmt lögum nr. 63/1993. Vaxandi undirtektir hafa verið við slíka málsmeðferð heima fyrir á Austurlandi og annars staðar á landinu. Hafa fjölmargir orðið til að lýsa fylgi við þá málsmeðferð. Sú staðreynd að uppi eru áform um víðtæka nýtingu vatnsafls norðan Vatnajökuls, allt frá Hraunum í austri til Jökulsár á Fjöllum, ætti að hvetja til að litið sé heildstætt á þetta svæði og óeðlilegt að undanskilja Fljótsdalsvirkjun eina mati á umhverfisáhrifum. Seytján ár eru liðin frá því að heimildarlög voru sett um virkjunina og sjö ár frá

því að stjórnvöld veittu virkjunarleyfi. Með því að samþykkja áskorun til ríkisstjórnarinnar um að mat fari fram á umhverfisáhrifum virkjunarinnar, eins og lögbundið er um hliðstæð mannvirki, legði Alþingi sitt af mörkum til að sem skýrust mynd lægi fyrir og almannavíðhorf kæmu fram um málið eins og eðlilegt verður að teljast áður en ákvarðanir eru teknar.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 122. löggjafarþingi og er nú endurflutt nær óbreytt.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Hvað fer forgörðum við Fljótsdalsvirkjun? Helgi Hallgrímsson og Skarphéðinn G. Þórisson (Mbl. 9. júlí 1998).

15. Frumvarp til laga [15. mál]

um rétt til launa í veikindaforföllum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Bryndís Hlöðversdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 19/1979.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði, enda þótt launamaður hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar.

Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum frá vinnu vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú vill launamaður neyta réttar síns skv. 4.–6. gr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda vottorð læknis er sýni að forföll hafi verið óhjákvæmileg, sbr. og ákvæði 5. mgr. 5. gr.

II. KAFLI

Breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985.

3. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Ef skipverji forfallast vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er forfallaður af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé

skipverji í launalausu fríi er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum skv. 1. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns skv. 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis er sýni að hann hafi verið forfallaður.

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóms eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði enda þótt skipverji hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar. Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var upphaflega flutt á 117. löggjafarþingi og endurflutt á 118. löggjafarþingi. Þá var það enn flutt á 120. löggjafarþingi, með smávægilegum breytingum á greinargerð sem gerðar voru í ljósi ábendinga sem fram komu í umsögnum um frumvarpið, og flutt aftur á 121. og 122. löggjafarþingi. Frumvarpið er nú endurflutt nær óbreytt. Markmið með frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar er lögð til lagabreyting sem stuðlar að því að jafna rétt launafólks hér á landi til launa í veikindaforföllum. Hins vegar er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um rétt tiltekins hóps manna, heilbrigðra líffæragjafa, og þeim veittur lagalegur réttur til launa sem um veikindaforföll væri að ræða. Þessar breytingar eru lagðar til í ljósi þróunar hér á landi undanfarinn áratug.

Um rétt launafólks til launa í veikindaforföllum gilda lög nr. 19/1979, sem ná til landverkafólks, lög nr. 35/1985, sem gilda um sjómenn, og lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. reglugerð um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, nr. 411/1989. Auk þess eru í flestum kjarasamningum ákvæði um rétt til launa í veikindaforföllum.

Í stuttu máli má segja að þróun undanfarinna ára hafi aukið misrétti milli einstakra hópa launafólks hvað varðar rétt til launa í veikindaforföllum. Það byggist annars vegar á því að lögbundinn réttur verkafólks og sjómanna á þessu sviði hefur verið túlkaður mjög þröngt og hins vegar á því að þessum hópum hefur ekki verið tryggður réttur í samræmi við þróun á sviði nútímalækninga. Þannig má sem dæmi nefna að starfsmenn ríkis og bæja fá greidd laun í fimmtán daga vegna fjarveru af völdum tæknifrjóvgunar og á hver starfsmaður rétt á slíkum greiðslum einu sinni. Sé litið til þessarar þróunar er langt frá því að verkafólk og sjómenn

njóti slíks réttar og í raun hefur þróunin í heild leitt til þess að verkafólk og sjómenn hafa nú lakari rétt en almennt gerist og lakari rétt en ráða má af lagafyrirmælum. Þannig hafa hugtökin „sjúkdómur“ og „óvinnufærni“ í lögum nr. 19/1979 og lögum nr. 35/1985 verið túlkuð afar þröngt af dómstólum. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að lögin tryggi þeim ekki rétt sem að læknisráði gangast t.d. undir hjartaþræðingu eða rannsókn vegna magasárs. Fjarvistir vegna munnskurðaðgerðar, kjálkaaðgerðar eða ísetningar nýs gerviauga hafa ekki verið taldar veita rétt til launa í veikindaforföllum. Þá hefur tæknifrjóvgun ekki talist til greiðsluskyldra forfalla þótt ófrjósemi kunni að stafa af sjúkdómi, en eins og að framan er getið fá opinberir starfsmenn greidd laun í forföllum vegna tæknifrjóvgunar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem tryggja eiga rétt launafólks til greiðslu launa í forföllum að læknisráði án þess að gert sé að ófrávíkjanlegu skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær. Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að réttur heilbrigðra líffæragjafa verði tryggður sérstaklega. Enn hefur ekki reynt á rétt þessa hóps fyrir dómstólum en þegar hafa komið upp dæmi um að atvinnurekendur neiti að greiða heilbrigðum líffæragjöfum laun vegna fjarvista þeirra við líffæragjöf, enda þótt margir vinnuveitendur muni væntanlega kjósa að greiða starfsfólki sínu laun í slíkum tilvikum. Þess má geta að árið 1993 voru skráð fjögur tilvik líffæragjafa hjá Íslendingum.

Eins og að framan greinir hafa opinberir starfsmenn fengið viðurkenndan rétt til greiðslu launa vegna forfalla vegna tæknifrjóvgunar sem eru að vissu leyti einnig aðgerðir sem einstaklingar velja sjálfir hvort þeir gangast undir. Heilbrigðir líffæragjafar hafa þó algera sérstöðu þar sem þeir gangast heilbrigðir undir aðgerð til hjálpar þriðja manni, ef til vill ekki beinlínis að ráði læknis, þó að um geti verið að ræða að verið sé að bjarga lífi annarrar manneskju. Sú breyting, sem hér er lögð til, á því fyrst og fremst rætur að rekja til mannúðarsjónarmiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að réttur launafólks til launa í veikindaforföllum verði rýmkaður þannig að til sjúkdóma teljist hvers kyns aðgerðir, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði, þótt launamaður hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar. Eins og fram kemur í greinargerð er þessari breytingu ætlað að tryggja þeim sem gangast m.a. undir hjartaþræðingu rétt til launa í forföllum af þeim sökum, jafnvel þótt þeir hafi ekki verið óvinnufærir við upphaf læknismeðferðar. Ákvæðum frumvarpsins er hins vegar ekki ætlað að lögskylda atvinnurekendur til geiðslu launa vegna áfengismeðferðar. Þá er lögð til sú grundvallarbreyting að heilbrigðum líffæragjöfum sé tryggður réttur til launa á meðan þeir eru fjarri vinnu af þeim sökum á sama hátt og um sjúkling væri að ræða.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að fellt verði brott skilyrði um að menn séu óvinnufærir, sbr. það sem segir í greinargerð. Í stað þess er lagt til að kveðið verði á um að forföll hafi verið óhjákvæmileg vegna veikindanna eða slyssins, en með því er tryggt að forföll viðkomandi séu í raun að læknisráði án þess að gert sé að skilyrði að viðkomandi teljist óvinnufær, sbr. þó undantekningu í 5. mgr. 5. gr. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í ákvæðinu að læknisvottorð varði „veikindi og slys“ og er sú breyting í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú grundvallarbreyting á rétti sjómanna til launa í veikindaforföllum að ekki verði lengur gert að skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær, enda hefur það skilyrði þrengt verulega rétt sjómanna þar sem þeir geta eðli málsins samkvæmt ekki leitað sér lækninga fyrr en að lokinni veiðiferð. Þannig hefur ósérhlífni sjómanna, sem reyna að vinna störf sín til loka veiðiferðar, þrátt fyrir óumdeilanleg veikindi, leitt til brottfalls réttar til veikindalauna. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í 5. mgr. að vottorð læknis varði „veikindi“ eða „slys“ og er sú breyting í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 36. gr. Bent skal á ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna sem veitir útgerðarmanni rétt til að kanna hvort sá sem vill ráða sig á skip sé haldinn sjúkdómi eða meiðslum sem geri hann ófæran til að gegna skipsstörfum og á 33. gr. laganna um skyldu skipverja til að gangast undir læknisrannsókn að kröfu skipstjóra.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um þjóðgarða á miðhálendinu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta undirbúa, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendi Íslands er hafi innan sinna marka helstu jökla og aðliggjandi landsvæði. Ráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi 1999 og stefnt verði að formlegri stofnun þjóðgarðanna árið 2000.

Greinargerð.

Þjóðgarðar á miðhálendinu.

Oft hefur þeirri hugmynd verið hreyft á síðari árum að vernda beri náttúru miðhálendis Íslands með því að lýsa svæðið þjóðgarð í heild sinni eða að stórum hluta. Tillögur hafa þó ekki komið fram um það efni á Alþingi eða frá yfirstjórn náttúruverndarmála. Ýmislegt sem tengist hugmyndinni hefur þótt óljóst, þar á meðal mörk miðhálendisins og eignar- og stjórnsýsluréttur á einstökum hlutum þess. Þessi óvissuatriði eru nú smám saman að skýrast fyrir atbeina Alþingis og annarra stjórnvalda, að sveitarfélögum meðtöldum. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands skilaði í maí 1997 tillögu að svæðisskipulagi fram til ársins 2015, ný skipulags- og byggingarlög voru samþykkt vorið 1997, lög nr. 73/1997, og síðastliðið vor voru samþykkt á Alþingi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 og ný sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, þar sem lögfest eru stjórnsýslumörk sveitarfélaga inn til landsins.

Í ljósi þessa þykir nú tímabært að leggja fram þá tillögu til þingsályktunar sem hér er flutt um stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendinu. Þjóðgarðarnir verði burðarásinn í náttúruverndarsvæðum á hálendinu. Helstu jöklar miðhálendisins, Vatnajökull, Hofsjökull, Lang-

jökull og Mýrdalsjökull, og minni jöklar eins og Tungnafellsjökull, Eiríksjökull og Eyjafjallajökull, myndi eins konar kjarna þjóðgarðanna sem ríkislendur (almenningar). Jöklunum tengist síðan náttúruverndarsvæði og önnur verndarsvæði sem sumpart eru þegar friðlýst á grundvelli laga og hugmyndir liggja fyrir um í tillögu að svæðisskipulagi.

Eins og í tillögu samvinnunefndar að svæðisskipulagi miðhálendisins er hér gert ráð fyrir mannvirkjabeltum og samgönguleiðum um Sprengisand og Kjöl sem greindu að þjóðgarðssvæðin og skil væru um Fjallabaksveg nyrðri milli Mýrdals- og Vatnajökulsþjóðgarðs. Þrátt fyrir þetta yrðu til víðlendir þjóðgarðar á miðhálendinu og þeim gætu tengst núverandi friðlönd að náttúruverndarlögum og framtíðarverndarsvæði sem lögð yrðu til þeirra.

Brýnt er að fólk á þeim svæðum sem liggja að miðhálendinu líti á stofnun þjóðgarðanna sem jákvæða aðgerð og komi að undirbúningi hennar og eigi hlut í stjórnun svæðanna. Því ber að leggja áherslu á nána samvinnu stjórnvalda við heimaaðila, hlutaðeigandi skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa við undirbúning málsins. Umhverfisráðherra felur að líkindum Náttúruvernd ríkisins að sjá um undirbúning fyrir hönd ráðuneytisins og stofnunin færi með umsjá þjóðgarðanna í samvinnu við ýmsa hlutaðeigandi svo sem lög heimila. Þannig mætti tryggja samfellu og samvinnu um stjórnun og eftirlit með náttúruverndarsvæðum miðhálendisins.

Stórbrotin og einstæð náttúra.

Miðhálendi Íslands á hvergi sinn líka. Þar er Vatnajökull, stærsti jökull Evrópu, og þrír aðrir stórir hveljöklar auk nokkurra minni. Þessum jöklum tengist eldvirkni og jarðhiti á yfirborði. Mið-Atlantshafshryggurinn liggur frá suðvestri norður yfir hálendið. Hryggnum tengjast tvö gosbelti og er jarðfræðilegt eðli hans allt annað en meginlanda. Ísland er langstærsta eyjan sem upp af honum rís. Jarðskorpan er samsett af flekum sem myndast á úthafshryggjunum. Tveir slíkir flekar, Norður-Ameríkufleki og Evrasíufleki, koma saman við gosbeltin hér á landi og rekur hvorn frá öðrum um 2 cm á ári. Hvergi er landrek eða gliðnun jafnvel sýnileg og aðgengileg og hérlendis. Svipað á við um jökulmyndanir á hálendinu, við jaðra núverandi jökla og í jökulskerjum. Samspil jarðelds og íss er stórbrotið og uppspretta gífurlegra náttúruhamfara sem skollið geta á þá minnst varir. Þessar fágætu aðstæður auka mjög á aðdráttarafl landsins og miðhálendisins sérstaklega. Við þetta bætast auðnir og ósnortin víðerni sem flest er að finna í grennd jöklanna.

Þessa gersemi ber Íslendingum að varðveita og vernda sjálfra sín vegna og í alþjóðaþágu. Það verður best gert með hyggilegu verndarskipulagi. Nú er í fyrsta sinn unnið að svæðisskipulagi miðhálendisins og því kjörið tækifæri að móta slíka verndarstefnu. Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga tekur í meginatriðum mið af þeim áherslum er fram komu í maí 1997 í tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands til ársins 2015. Til viðbótar þeirri stefnu sem þar er mörkuð er með þingsályktunartillögu þessari bent á æskilegar leiðir til að tryggja verndun stórs hluta miðhálendisins um langa framtíð með því að stofna þar til þjóðgarða og tengja við þá önnur náttúruverndarsvæði.

Þjóðgarðar og löggjöf um náttúruvernd.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að stofnaðir verði fjórir stórir þjóðgarðar á miðhálendinu og verði jöklar og aðliggjandi landsvæði kjarninn í hverjum þeirra. Samkvæmt alþjóðlegri hefð sem á uppruna sinn í Bandaríkjum Norður-Ameríku og mótast hefur frá því á 19. öld er litið á þjóðgarða sem víðlend og verðmæt náttúruverndarsvæði á landi í ríkiseign. Kröfur til verndunar eru almennt miklar í þjóðgörðum, en jafnframt er gert ráð fyrir að fólki sé leyft

að njóta náttúru þeirra „að svo miklu leyti og á þann hátt sem skili þeim óspilltum og til yndisauka fyrir ókomnar kynslóðir“ svo vitnað sé til bandarísku þjóðgarðalaganna.

Í lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996, segir um stofnun þjóðgarða í 29. gr.:

„Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvílir söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.

Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli umhverfisráðherra og landeigenda.

Ráðherra er heimilt að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórna til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings.“

Nánar er kveðið á um framkvæmd friðlýsingar í 33. gr. náttúruverndarlaga og um umsjón og rekstur friðlýstra svæða í 6. og 7. gr. sömu laga.

Samkvæmt þessu er hérlendis gengið út frá því sem aðalreglu að land þjóðgarða sé í ríkiseign, en jafnframt megi með samkomulagi leggja til þjóðgarða land þótt í einkaeign sé. Þá fer og vel á því að önnur verndarsvæði, til dæmis friðlönd skv. 28. gr. laga um náttúruvernd, liggi að þjóðgörðum og myndi með þeim stjórnunarlega heild samkvæmt skipulagi. Á slíkt fyrirkomulag getur einmitt reynt í mörgum tilvikum í tengslum við þá þjóðgarða sem hér er gerð tillaga um.

Almennt hefur verið litið svo á að jöklar falli undir hugtakið almenningur að fornum lögum, og raunar með ótvíræðari hætti en önnur landsvæði. Í greinargerð með frumvarpi til laga um þjóðlendur, sem afgreitt var sem lög á 122. þingi, segir m.a. að „jöklar sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna“. Þannig lítur flutningsmaður svo á að hinir stóru jöklar miðhálendisins fullnægi ótvírætt lagakröfunni um ríkiseign þegar um stofnun þjóðgarðs er að ræða og svo er að líkindum einnig um mörg stór óbyggðasvæði hið næsta þeim. Í ýmsum tilvikum er hins vegar nauðsynlegt að samkomulag sé gert við viðkomandi sveitarfélög og/eða landeigendur þá ákvörðuð eru mörk verndarsvæða í grennd jöklanna, einkum þar sem þeir liggja nærri byggð.

Verndarskipulag þarf að ná til jöklanna.

Mörg og sterk rök má færa fyrir því að setja beri jökla landsins undir verndarskipulag. Jöklarnir eru í hugum margra tákn hins ósnortna og yfir þeim hvílir dulúð og upphafning. Þeir eru snar þáttur í náttúrufari landsins og bakhjarlinn í vatnakerfum þess, bæði jökulfljóta, lindáa og grunnvatns á stórum svæðum. Vatnsvernd og verndun á hreinleika jöklanna eru því samofnar og hafa í senn heilbrigðislegt og hagrænt gildi.

Jöklar eru sífelldum breytingum háðir vegna sveiflna í veðurfari og loftslagi. Mest gætir þessara breytinga við jökuljaðrana, einkum í grennd skriðjökla. Þar er að finna minjar um framgang og hop jökla, sumpart frá löngu liðnum tíma. Jöklar hafa verið mikilvirkasti þátturinn í landmótun á Íslandi frá því ísöld gekk í garð og í grennd þeirra er víða stórfellt rof og hrikalegt landslag. Í jöklunum er að finna heimildir um loftslagssögu liðinna alda og gjóskulög sem vitna um eldgos langt aftur í aldir. Íslenskir jöklar eru þannig viðfangsefni margháttaðra vísindarannsókna og auka skilning manna í suðlægari löndum á ísaldarskeiðum jarðsögunnar.

Jöklar draga að sér ferðamenn í síauknum mæli og eru að verða mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu sem atvinnugrein hér á landi. Jafnhliða því sem nýta ber þá fjölmörgu kosti sem tengjast ferðum á jöklum og í grennd þeirra er brýnt að setja um þær reglur sem tryggja náttúruvernd og varðveislu á hreinleika og eftirsóttum eigindum ferða um jökla og nálæg víðerni. Jafnframt þarf að skýra réttarstöðu þeirra sem standa fyrir ferðum á jöklum og stuðla að öryggi ferðamanna. Allt þetta og fleira ótalið kallar á náttúruvernd og skipulag umferðar á jöklum miðhálendisins. Með því að gera þá að kjarna í þjóðgörðum er lögð áhersla á þýðingu þeirra og nærliggjandi svæða í náttúruvernd og ferðaþjónustu og leitast við að tryggja að Íslendingar og aðrir fái notið þeirra óspilltra til yndisauka um langa framtíð.

Þjóðgarðarnir fjórir — stærð og ábendingar um afmörkun.

Til glöggvunar verða þjóðgarðarnir fjórir, sem hér eru gerðar tillögur um, kenndir við stærstu jöklana innan hvers þeirra, þ.e. Vatnajökul, Hofsjökul, Langjökul og Mýrdalsjökul. Eðlilegt er að stjórnun þeirra og eftirlit með þeim verði samhæfð af hálfu ríkisins í samstarfi við aðra hlutaðeigandi. Samtals er það landsvæði sem þeir tækju yfir, um 22 þúsund ferkílómetrar. Hér fer á eftir yfirlit um hugsanlega afmörkun hvers þeirra og tengsl við aðliggjandi verndarsvæði (sjá einnig uppdrátt á fylgiskjali).

Vatnajökulsþjóðgarður.

Flatarmál hans gæti orðið um 15 þúsund ferkílómetrar, en hluti þess er þegar þjóðgarður (Skaftafell), eða friðlýst samkvæmt öðrum reglum (Lónsöræfi, Kringilsárrani, Eldborgaraðir [Lakagígir], Esjufjöll). Þá eru stór svæði innan marka að auki á opinberri náttúruminjaskrá, það eru svæði númer 635, 633, 654, 631, 627, 616, 615, 614, 613, 517 og 516/702, sbr. sjöundu útgáfu náttúruminjaskrár Náttúruverndarráðs 1996. Innan þjóðgarðsins yrði Vatnajökull með skriðjöklum og landsvæði og markalínur utan jökuls í aðalatriðum eins og lýst er hér á eftir, sbr. uppdrátt.

Sunnan jökuls eru þjóðgarðurinn í Skaftafelli og Núpsstaður sem afar æskilegt er að verði hluti þjóðgarðs en jörðin er nú á náttúruminjaskrá (701). Að öðru leyti yrði í aðalatriðum fylgt hálendislínunni til austurs eins og hún er dregin á tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag til 2015. Þannig yrðu innan þjóðgarðsmarka m.a. Breiðamerkurfjall, Suðursveitarfjöll, Heinabergsfjöll og fjalllendi við Viðborðsdal, Hoffellsjökul og Lambatungnajökul.

Austan og norðaustan Vatnajökuls kæmu innan marka Hoffellslambatungur, friðland á Lónsöræfum með hugmynd að stækkun, Geldingafell og innanvert Múlahraun, svo og Eyjabakkar, sbr. tillögu um svæðisskipulag til ársins 2015.

Norðan Vatnajökuls yrðu innan marka Snæfellssvæði og Vesturöræfi, Kringilsárrani og Kverkárnes, friðland í Hvannalindum, Fagradalsfjall, Grágæsadalur og Fagridalur, Kverkfjöll og Kverkfjallarani. Vestan Jökulsár á Fjöllum er gert ráð fyrir markalínu um Vaðöldu, milli Dyngjufjalla og Trölladyngju um Þríhyrning vestur í Fjórðungsöldu.

Vestan og suðvestan Vatnajökuls yrði markalína frá Fjórðungsöldu vestan Tungnafellsjökuls, um Krosshnjúka (1.258 m), Skerðing (1.137 m), Vatnsleysuöldur (867 m), Helgrindur (831 m), Þóristind (822 m) og í Tungná við Vesturbjalla (706 m). Þaðan upp með Tungná að Austurbjöllum (805 m). Frá Austurbjöllum skammt norðan við Fjallabaksveg nyrðri og mörk Friðlands að Fjallabaki austur fyrir Eldgjá. Frá Eldgjá (Hólaskjóli) lína austur í Skaftá. Áfram austur sunnan Eldborgaraða (Lakagíga) og Galta að Hverfisfljóti. Sunnan Síðujökuls sunnan við fremstu menjar um framhlaup á nútíma, um Langasker (624 m), Rauðhóla (768 m) og í hnjúk (816) m við Gæsabringur.

Hofsjökulsþjóðgarður.

Stærð hans er áætluð 2.230 ferkílómetrar. Innan þjóðgarðs kæmi allur Hofsjökull með skriðjöklum. Friðland í Þjórsárverum yrði hluti af þjóðgarðinum, sem og Kerlingafjöll sem nú eru á náttúruminjaskrá (732).

Að öðru leyti fylgdu þjóðgarðsmörkin í aðalatriðum markalínu sem hugsast dregin sem hér segir. Sunnan jökuls við mörk dökkgræns svæðis á skipulagsuppdrætti 2015 (tillaga að svæðisskipulagi) þannig að innan þjóðgarðs yrðu Kerlingarfjöll og Þjórsárver. Austan jökuls lína við austurmörk ljósgræns svæðis á skipulagsuppdrætti 2015 að Laugafelli (879 m). Norðan jökuls lína frá Laugafelli í Sátu (941 m) og þaðan í Bláfell (826 m) norðvestan Hofsjökuls. Vestan Hofsjökuls lína frá Bláfelli (826 m) um Hrygg (685 m), Fjórðungsöldu (653 m) og í Hnappöldu (764 m).

Langjökulsþjóðgarður.

Stærð Langjökulsþjóðgarðs er áætluð um 2.500 ferkílómetrar. Innan marka hans væru Langjökull, Þórisjökull og Eiríksjökull með skriðjöklum. Friðland í Geitlandi ætti að tengjast þjóðgarðinum, sem og núverandi náttúruvætti á Hveravöllum. Svæði, sem nú eru á náttúruminjaskrá eins og Hvítárnes (734), Þjófadalir og Jökulkrókur (733), féllu innan þjóðgarðsins. Aðliggjandi til norðvesturs en utan þjóðgarðsins yrðu Arnarvatnsheiði og Tvídægra (209/401) sem sérstök náttúruverndarsvæði, sem og Húsafell (206) til vesturs. Til suðvesturs tæki við þjóðgarðurinn á Þingvöllum og þá miðað við að hann verði stækkaður norðaustur fyrir Skjaldbreið.

Að öðru leyti eru mörk Langjökulsþjóðgarðs hugsuð sem hér segir: Að sunnan markalína skammt norðan línuvegar milli Skjaldbreiðs/Hlöðufells og Langjökuls. Að austan lína frá Móskarðsfjalli (593 m) norðan Sandvatns austur að vegi um um Bláfellsháls (Kjalvegi). Með Kjalvegi að Hvítárbrú og áfram norður á móts við Sandkúlufell.

Mörk að norðan væru frá Sandkúlufelli (847 m) lína um Lyklafell (977 m), Guðnahæð (625 m), norðvesturenda Eiríksgnípu suðvestur í Strút (937 m). Mörk að vestan væru lína úr Strút (937 m) suður að Kaldadalsvegi, vestan Geitlands og með Kaldadalsvegi suður undir raflínuslóð nálægt vegamótum við Uxahryggjaveg.

Mýrdalsjökulsþjóðgarður.

Stærð Mýrdalsjökulsþjóðgarðs er áætluð um 3.100 ferkílómetrar. Innan hans lægju Mýrdalsjökull með skriðjöklum, svo og Eyjafjallajökull, Torfajökull og Tindfjallajökull. Eðlilegt væri að Friðland að Fjallabaki yrði innan þjóðgarðsins. Þá er gert ráð fyrir að náttúruverndarsvæði við Heklu (730), svo og Emstrur og Fjallabak (761), yrðu hluti af þjóðgarðinum, sem og Þórsmörk (714) og Eldgjá (706) sunnan Fjallabaksvegar nyrðri.

Að öðru leyti yrðu þjóðgarðsmörkin í aðalatriðum dregin sem hér segir: Að sunnan um undirhlíðar Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls, að gerðu samkomulagi við rétthafa. Að austan væru mörk á vestanverðum Mýrdalssandi, t.d. austan Hafurseyjar í Einhyrning (694 m). Frá Einhyrningi norðnorðaustur að Hólaskjóli (sjá uppdrátt af svæðisskipulagi 2015). Mörk að norðan væru í vestur frá Hólaskjóli sunnan Fjallabaksvegar nyrðri að Tungná á móts við Austurbjalla. Þaðan með mörkum Friðlands að Fjallabaki í Stóra-Mælifell. Frá Stóra-Mælifelli í Valafell (649 m) og áfram í Þjórsá við Árskóga. Mörk að vestan fylgi fyrst Þjórsá suður frá Árskógum og eftir markalínu um dökkgrænt svæði á skipulagstillögu 2015 vestan Heklu, Selsundsfjalls og Tindfjallajökuls að Fljótsdal inn af Fljótshlíð; þaðan suður í mörk vestan Eyjafjallajökuls.

Umsagnir um þingsályktunartillöguna á 122. löggjafarþingi.

Tillaga þessi var fyrst flutt á 122. löggjafarþingi. Umhverfisnefnd Alþingis fjallaði þá um tillöguna og sendi hana til umsagnar marga aðila. Bárust nefndinni ekki færri en 32 umsagnir, sumar þeirra allítarlegar. Margir umsagnaraðila lýstu fylgi við meginefni tillögunnar, þeirra á meðal Skipulagsstofnun, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun, Ferðafélag Íslands, Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) og Alþýðusamband Íslands. Örfáir aðilar mæltu gegn samþykkt tilögunnar, en nokkrir töldu að skoða þyrfti málið betur.

Í umsögn skipulagsstjóra segir m.a.: „Skipulagsstofnun fagnar þingsályktunartillögunni og telur hana vera í samræmi við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins sem nú liggur fyrir og rökrétt framhald hennar."

Í umsögn Ferðafélags Íslands segir m.a.: „Miðað við að starf Ferðafélagsins og deilda þess verði virt og að hagsmunir almennings verði tryggðir með skýrum og réttlátum reglum hvað varðar umferðarrétt og not af þessum svæðum þá styður Ferðafélag Íslands framkomna þingsályktunartillögu."

Umsögn Alþýðusambands Íslands er svohljóðandi: „ASÍ tekur undir þær hugmyndir sem fram koma í tillögunni og leggur áherslu á að þingsályktunartillagan verði samþykkt enda brýnt að mati sambandsins að nú þegar verði brugðið við og tryggt að framtíðarnýting hálendisins verði ákveðin með skipulegum hætti og að sjónarmiða náttúruverndar verði í ríkum mæli gætt við þær ákvarðanir."

Félagsmálaráðuneytið gerir ekki athugasemdir við efni tillögunnar, vísaði til væntanlegra sveitarstjórnarlaga og „telur ráðuneytið að þingsályktunartillagan samræmist fyllilega því frumvarpi."

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags og umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga taka einnig jákvætt undir efni tillögunnar og gefa ábendingar um hvernig best verði náð markmiðinu um verndun þeirra svæða sem tillagan tekur til. Umhverfisnefnd FÍN segir m.a. í umsögn sinni: „Nefndin bendir á að mikilvægt er að öll vinna á þessu sviði fari fram í nánu samráði við heimamenn á hverjum stað, sem og við þær stéttir eða atvinnugreinar sem nú þegar hafa hagsmuna að gæta, og er þar fyrst og fremst átt við sívaxandi ferðaþjónustu. Mjög mikilvægt er að allir aðilar skynji þjóðgarða sem jákvæðar stofnanir er verndi hagsmuni heildarinnar."

Bæði Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins telja ekkert mæla gegn könnun á stofnun þjóðgarða á miðhálendinu og að vernda þurfi sérstæða náttúru þess. Einnig tekur stjórn Landverndar undir það sjónarmið að vernda eigi sérstaklega jökla landsins og næsta nágrenni þeirra. Búnaðarþing 1998 „tekur undir þau náttúruverndarsjónarmið sem í tillögunni felast en telur að öðru leyti ekki tímabært að fjalla um tillöguna."

Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4 tekur undir þau verndunarsjónarmið sem fram koma í tillögunni og leggur jafnfram áherslu á að aðgengi almennings að svæðunum sé á engan hátt heft.

Félag leiðsögumanna fagnar frumkvæði sem í tillögunni felst en „telur að með stofnun margra tiltölulega lítilla þjóðgarða tapist hluti af ímynd landsins sem heil náttúruperla með óaðgengilegum víðáttum þar sem allir vegir liggja utan þeirra svæða sem hér um ræðir. Hér er ekki gengið nógu langt í að koma samfelldu hálendi landsins undir eina stjórn."

Skotveiðifélag Íslands „treystir sér að svo komnu máli ekki til að veita umsögn um þingsályktunartillögur þar sem ekki kemur fram hvort skotveiðar verði leyfðar eða bannaðar í þessum víðáttumikla þjóðgarði."

Arkitektafélag Íslands og laganefnd Lögmannafélags Íslands höfðu ekki athugasemdir fram að færa við efni þingsályktunartillögunnar.

Nokkrir umsagnaraðilar töldu að sjá þyrfti betur fyrir um afgreiðslu á svæðisskipulagi miðhálendisins, frumvarpi um þjóðlendur og tillögur um stjórnsýslumörk sveitarfélaga áður en afstaða verði tekin til tillögu um þjóðgarða á miðhálendinu. Í þeim hópi voru nokkrar héraðsnefndir sveitarfélaga.

Héraðsnefnd Þingeyinga er einn af fáum aðilum sem leggst gegn samþykkt tillögunnar og framkvæmdaráð SSA „treystir sér ekki til að mæla með samþykkt tillögunnar“ og vísar til hugmynda um virkjun fallavatna á Norð-Austurlandi og stóriðju á Austurlandi.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tekur jákvætt undir hugmyndina um þjóðgarða á miðhálendinu „en telur að betur þurfi að skoða þessa tillögu með hliðsjón af ferðamennsku og virkjunarmöguleikum og fleiri þáttum.“

Orkustofnun skilaði ítarlegri umsögn um tillöguna og segir í niðurstöðum: „Í þessari umsögn hefur Orkustofnun fyrst og fremst lagt áherslu á að þingsályktunartillagan kann að útiloka mikilvæga orkuvinnsluhagsmuni. Ef hið háa Alþingi telur rétt að mynda þjóðgarða á hálendinu í líkingu við það sem kveður á um í umræddri þingsályktunartillögu, þá leggur Orkustofnun áherslu á, að við afmörkun þeirra verði tekið tillit til ábendinga um hagsmuni orkuvinnslu.


Megintillaga Orkustofnunar er sú að Alþingi fresti því að taka meiri háttar stefnumarkandi ákvarðanir um nýtingu miðhálendisins þar til ákaki því sem vitnað er til hér að ofan og lýst er í skýrslunni Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, framkvæmdaáætlun til aldamóta er lokið.“

Lokaorð.

Með tilkomu þeirra þjóðgarða sem hér er gerð tillaga um kæmust Íslendingar í fremstu röð þjóða að því er varðar náttúruvernd. Sú verndarstefna sem margir hafa lýst eftir varðandi miðhálendið fengi á sig skýra og fastmótaða mynd. Jöklum miðhálendisins væri lyft á þann stall sem þeir verðskulda og aðdráttarafl og gildi óbyggðanna yrði meira en áður í hugum manna. Fyrir þjóð sem ætlar sér stóran hlut í ferðaþjónustu er mikið í húfi að vernda náttúru landsins, ekki síst jarðsögulegar minjar og víðerni og jökla hálendisins.

Fylgiskjal.

Landmótun ehf.: **Þjóðgarðar á miðhálendinu — uppdráttur með tillögu að mörkum.**



17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Hjörleifur Guttormsson,
Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Fyrir almenna tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um almenna tannlæknaþjónustu.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna, 17 ára og yngri, 90% en hver einstaklingur í þessum aldurshópi skal eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.
2. Heimilt er að greiða 80% kostnaðar við gullfyllingar, gerð króna og brúa hjá börnum og ungmennum, 17 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 100% kostnaðar, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur, brýr eða tannplanta. Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum tryggingaráðs að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna þessara þátta.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. þingi og vísað til heilbrigðis- og trygginganefndar án þess að hljóta þar afgreiðslu og er því endurflutt.

Á undanförnum árum hefur tilkostnaður barnafólks og elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar stóraukist og er svo komið að margt efnalítið fólk á ekki lengur kost á því að leita sér lækninga.

Í skýrslu landlæknisembættisins, Heilbrigðisþjónustan — árangur og skipulag í nútíð og framtíð, sem gefin var út í apríl 1997, er varað við þjónustugjöldum og hækkun gjalda í heilbrigðisþjónustunni því í ljós hafi komið „að meðal barnafólks sem hefur lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði, er allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts. Ekki virðist vera munur varðandi aðsókn að aðgerðum á læknastofum en mikill munur varðandi tannlæknameðferð sem reyndar hefur borið á áður. Flest bendir til þess að rekja megi þetta ástand til hækkandi þjónustugjalda sl. átta ár. Allar götur eru þjónustugjöldin of há fyrir þá lægst launuðu. Hér hefur orðið grundvallarbreyting á, því að fyrri rannsóknir benda ekki til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.“

Með samþykkt þessa frumvarps yrði stigið skref til að vinna gegn óheillaþróun undangenginna ára.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera í tannlækniskostnaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Á áttunda og níunda áratugnum var kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar í útgjöldum heimilanna aukin jafnt og þétt og var svo fram á þennan áratug.

Reglugerð um lækkun tannlækniskostnaðar var upphaflega sett af Magnúsi Kjartanssyni í upphafi áttunda áratugarins og er á leið voru stigin ýmis skref fram á við. Þannig setti þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Svavar Gestsson, reglugerð árið 1983 um rétt sjúklinga til endurgreiðslu á tannlækniskostnaði. Við stjórnarskipti var sú reglugerð reyndar felld úr gildi en í henni var mörkuð svipuð stefna og í þessu frumvarpi. Stefnumörkunin sem fólst í þeim lögum og reglugerðum sem hér er vísað til hefur staðist tímans tönn en á síðasta kjörtímabili var grundvöllur þeirra veiktur verulega. Heita má að þá hafi verið snúið við eftir langt uppbyggingartímabil.

Skerðing og aukin greiðslubyrði.

Árið 1992 var hlutdeild Tryggingastofnunar í tannlækniskostnaði barna undir 16 ára aldri færð úr 100% niður í 85%. Á árinu 1993 var framlagið enn skert og fært í 75% fyrir börn og unglinga. Sama ár var framlag Tryggingastofnunar við tannlækniskostnað elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta óskertrar tekjutryggingar lækkað úr 100% í 75% og hlutur þeirra sem búa við skerta tekjutryggingu var færður niður í 50%. Aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem áður höfðu fengið greidd 50% af tannlækniskostnaði sínum, fengu engan stuðning. Fleiri ráðstafanir hafa verið gerðar í skerðingarátt, einkum á sviði tannréttinga.

Athyglisvert er að skoða kostnaðarskiptingu Tryggingastofnunar og sjúklinga og breytingar á henni á liðnum árum. Þannig kemur fram að þegar dregið var úr stuðningi hins opinbera á árunum 1992–93 jókst greiðslubyrði heimilanna að sama skapi eða úr 62% af heildarútgjöldum í 75% (sbr. skýrslu Hagsýslu ríkisins: Tannlækningar — skipulag og stjórnsýsla, júlí 1997). Árið 1996 var kostnaðarhlutdeild ríkisins 856 millj. kr. (þar af 620,8 millj. kr. vegna 37. gr. laga nr. 117/1993) en útgjöld heimilanna voru 2.412 millj. kr. Ljóst er að þessar breytingar höfðu það jafnframt í för með sér að samanlögð útgjöld heimila og ríkisins vegna tannlæknaþjónustu drógust saman. Þar sem hvorki var um það að ræða að verð á tannlækningum hefði lækkað eða að tannheilsan hefði batnað má draga þá ályktun að þessar breytingar hafi haft það í för með sér að fólk veigri sér við því að leita lækninga eða fyrirbyggjandi ráðstafana enda staðhæfir fólk að svo sé samkvæmt skýrslu landlæknis sem vísað var til að framan.

Breytt aldursmörk í áföngum.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir breyttu greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannlækniskostnaði en einnig er aldursviðmiðunarmörkum breytt úr 15 árum í 17 ár og er ekki gert ráð fyrir fyrirkomulagi með þrepum eins og nú er, þ.e. gagnvart 16 ára unglingum sem nú fá stuðning en lægra endurgreiðsluhlutfall en yngri aldurshópar. Gert er ráð fyrir að fram að 17 ára aldri greiði fólk einvörðungu 10% af tannlækniskostnaði en brýnt er að endurmeta síðan með tilliti til eftirlitsþáttarins hvenær rétt væri að færa hlutfallið upp í 100%. Annars staðar á Norðurlöndunum eru aldursmörkin og þátttaka hins opinbera í tannlækniskostnaði hærri en hér. Allur kostnaðurinn er greiddur af hinu opinbera í Danmörku til 18 ára aldurs,

í Finnlandi og Noregi til 19 ára aldurs og í Svíþjóð til 20 ára aldurs. Æskilegt er að innan fjögurra ára verði búið að hækka aldursmörkin í 20 ár og byggjum við þá við svipað fyrirkomulag og best gerist á Norðurlöndum að þessu leyti.

Dregið úr jaðaráhrifum hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að draga úr kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar en þess eru mörg dæmi að efnalítið fullorðið fólk og öryrkjar hafi ekki getað leitað sér lækninga. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til yrði dregið verulega úr jaðaráhrifum innan almannatryggingakerfisins gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum.

Samkvæmt frumvarpinu er sú breyting gerð á 1. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar að felld er niður tilvísun til tannréttinga og sama gildir um tilvísun til gullfyllinga, krónu- og brúargerðar í 1. tölul. 2. mgr. Í stað þess er vísað til almennra tannlækninga en það hugtak skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Hér er um að ræða almennar viðgerðir og tannréttingar aðrar en þær sem gerðar eru með föstum tækjum en um slíkar tannréttingar gilda reglur sem vísað er til í 33. gr. almannatryggingalaga.

Áætlaður kostnaður.

Erfitt er að áætla nákvæmlega kostnað við breytingarnar en þegar kostnaður við þær er metinn ber að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlytist af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Það eitt að bæta tannheilsu og efla vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda tennurnar mundi stórlega draga úr tilkostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir.

Að öllu óbreyttu má hins vegar gera ráð fyrir því að þær breytingar sem hér eru lagðar til mundu, að mati yfirtannlæknis Tryggingastofnunar ríkisins, hafa í för með sér útgjaldaauka fyrir Tryggingastofnun að upphæð 263,7 millj. kr. sem skiptist eins og sést í eftirfarandi töflu.

Útgjöld almannatrygginga til einstakra hópa barna og lífeyrisþega árið 1995 og áætlun um útgjöld samfara breytingum á 37. gr. laga um almannatryggingar.

	Útgjöld TR 1996 í m.kr.	Núverandi endurgr. %	Breytt endurgr. %	Eftir breyt. í m.kr.
Börn og unglingar				
16 ára unglingar	24,4	50	90	43,9
Börn, 0–15 ára í Reykjavík	23,1	75	90	27,7
Börn, 6–15 ára í Reykjavík, forvarnir	39,3	75	90	47,2
Börn, 0–15 ára utan Reykjavíkur	308,5	75	90	370,2
Öll börn, 0–15 ára, ein ókeypis skoðun á ári	36,3	100	100	36,3
Börn, 6–15 ára, önnur skoðun á árinu	16,4	75	90	19,7
Börn, 6–15 ára í Reykjavík, annað en forvarnir	33,4	60	90	50,1
Þroskaheftir, allir aldurshópar	8,3	90	100	9,2
17 ára ungmenni	0	0	90	44,0
Börn samtals, fyrir og eftir breytingar	**489,7**			**648,3**
Elli- og örorkulífeyrisþegar				
Ellilífeyrisþegar með fulla tekjutryggingu	36,8	75	100	49,0
Ellilífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu	28,1	50	100	56,3
Örorkulífeyrisþegar með fulla tekjutrygginu	30,0	75	100	40,0
Örorkulífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu	15,8	50	100	31,7
Ellilífeyrisþegar á stofnun án vasapeninga	6,2	75	100	8,3
Örorkulífeyrisþegar á stofnun án vasapeninga	1,4	75	100	1,8
Elli-/örorkulífeyrisþ. á stofnun m. vasapen. o.fl.	12,8	100	100	12,8
Elli-/örorkulífeyrisþegar án tekjutryggingar	0	0	100	36,3
Lífeyrisþegar samtals, fyrir/eftir breytingar	**131,1**			**236,2**
Allir samtals, fyrir og eftir breytingar	**620,8**			**884,5**
			Vegna barna	**Vegna lífeyrisþega**
Hækkun í millj. kr.	**263,7**		**158,6**	**105,1**
Hækkun í %	**42,5**		**25,6**	**16,9**

18. Frumvarp til laga [18. mál]

um að fella niður þjónustugjöld í heilsugæslu.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Hjörleifur Guttormsson,
Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Ekki eru tekin gjöld fyrir þjónustu heilsugæslunnar við einstaklinga. Um þjónustu sem aðrir greiða fer eftir sérstakri gjaldskrá sem ráðherra setur.

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað fyrri málsliðar 66. gr. laganna koma tveir málsliðir, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara í reglugerð. Í reglugerðinni er þó ekki heimilt að leggja gjöld á þá einstaklinga sem leita þjónustu heilsugæslunnar.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrætt. Það er því endurflutt en nýjar upplýsingar koma fram í greinargerð.

Frá og með fjárlögum fyrir árið 1992 hafa álögur á sjúklinga verið auknar jafnt og þétt. Af þeim sökum hefur kjararýrnun orðið mest hjá því fólki sem á við sjúkdóma að stríða. Þessar álögur hafa birst í ýmsum myndum, dregið hefur verið úr stuðningi við einstaklinga í gegnum almannatryggingar, t.d. með aukinni greiðsluþátttöku í tannlækniskostnaði fyrir börn og ellilífeyrisþega, og gildir það sama almennt um kostnaðarhlutdeild sjúklinga á heilbrigðisstofnunum. Staða þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda hefur þannig stórversnað. Þau gjöld sem hér um ræðir, þ.e. komugjöld á heilsugæslustöðvar, eru aðeins hluti af stærri mynd og þau ber að skoða í ljósi óheillaþróunar síðustu ára. Vegna þess hve mikilvæg heilsugæslan er sem grunnur heilbrigðisþjónustunnar er mikilvægt að einmitt þar verði hafist handa við að snúa til réttrar áttar á ný.

Þess skal getið að ýmsar reglur hafa gilt um hámarksgreiðslur fyrir læknisþjónustu og heilsugæslu. Í upphafi áratugarins var þannig 8 þús. kr. hámark fyrir aðra en elli- og örorkulífeyrisþega. Þessari upphæð var breytt og einnig var innleidd sú regla að eftir að viðmiðunarupphæð var náð var aðeins veittur afsláttur þar sem áður hafði verið þak á greiðslur. Viðmiðunarupphæðin nú er 12 þús. kr. fyrir einstakling, 6 þús. kr. fyrir öll börn undir 16 ára aldri í sömu fjölskyldu og 3 þús. kr. fyrir lífeyrisþega.

2. mgr. 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hljóðar nú svo:

„Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár samkvæmt lögum um almannatryggingar.“

Þessi grein eða ígildi hennar hefur verið í lögunum um heilbrigðisþjónustu frá upphafi. Nú er lagt til að hún verði felld niður og að heilsugæsla verði ókeypis framvegis. Ástæðurnar eru þessar:

1. Það gafst vel á árunum fram að 1992 þegar heilsugæsla var ókeypis. Það ýtti undir að fólk notaði sér heilsugæsluna. Um leið á sérfræðingakostnaður að minnka. Því vinnst tvennt, annars vegar sparar heilbrigðiskerfið í heild og hins vegar verður aðgengi almennings að frumþjónustunni greiðara.
2. Komið hefur í ljós á þessum áratug að heilbrigðisráðherrar vilja misnota þessa grein og leggja íþyngjandi byrðar á þá sem þurfa heilbrigðisþjónustu.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að heimildin til að leggja á gjöld í heilsugæslu verði afnumin úr almannatryggingalögum. Þar hljóðar ákvæðið nú á þessa leið:

„Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.“

Þetta frumvarp hefur verið flutt áður og hefur verið leitað umsagnar hjá ýmsum aðilum sem láta sig heilbrigðismál varða. Undantekningarlaust hefur komið fram stuðningur við frumvarpið.

Þannig er lagt til í umsögn ASÍ „að frumvarpið verði samþykkt og jafnframt hvatt til þess að dregið verði úr gjaldtöku ríkisins á öðrum sviðum bæði heilbrigðisþjónustu og menntamála.“

Í umsögn BSRB kemur fram að BSRB hafi ítrekað mótmælt gjaldtöku í heilbrigðis- og menntakerfinu og mæla samtökin með því að frumvarpið verði samþykkt.

Stjórn Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna mælir með að frumvarpið „verði samþykkt óbreytt. Stjórnin telur að nægjanleg rök séu færð fyrir samþykktinni í greinargerð með frumvarpinu og hefur engu við hana að bæta. Rétt þykir þó að taka fram að sjaldan er leitað til almennrar heilsugæslu með börn sem fengið hafa krabbamein og því er ekki talið að þær breytingar á lögum um almannatryggingar og heilbrigðisþjónustu sem hér um ræðir komi fjölskyldum þeirra sérstaklega til góða. Umsögn SKB miðast því fyrst og fremst við hinn almenna notanda heilsugæslu.“

Í greinargerð frá Umhyggju, félagi til stuðnings sjúkum börnum, segir:

„Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafa álögur á sjúka og aðstandendur þeirra aukist á undanförnum árum þegar um rannsóknir ásamt þjónustu heilsugæslu og heimilislækna er að ræða. Þetta á við í fleiri tilfellum og nægir þar að nefna lyfjakostnað og þjónustu sérfræðinga sem dæmi. Auknar álögur vegna heilbrigðisþjónustu þegar um langsjúk börn er að ræða koma afar illa við aðstandendur þeirra. Ástæðan er sú að foreldri eða foreldrar barnsins minnka við sig vinnu eða hætta að vinna í lengri eða skemmri tíma til þess að geta annast það sem best. Með öðrum orðum verður viðkomandi fjölskylda fyrir nánast óbættri tekjurýrnun sem er afleiðing af því að barn greinist með sjúkdóm, eins óréttlátt og það hljómar (alla vega í eyrum þeirra sem verða fyrir því). Á sama tíma eykst kostnaður af ýmsum orsökum og ekki hætta gluggaumslögin að koma inn um bréfalúguna. Afleiðingin er fjárhagserfiðleikar, mismiklir að vísu eftir aðstæðum hvers og eins.

Alvarlega sjúk börn njóta þjónustu sérfræðinga í flestum tilfellum og því skiptir frumvarp það sem hér er til umfjöllunar ekki meginmáli ef sá hópur er afmarkaður. Reyndar breytist sú fullyrðing ef um systkin er að ræða sem þurfa á heilsugæslu að halda. Hins vegar er

algengt að langveik börn sem ekki eru talin alvarlega sjúk þurfi alloft á þjónustu heilsugæslu að halda og kæmi samþykkt frumvarpsins fjölskyldum þeirra án nokkurs vafa til góða sem nokkurs konar kjarabót þótt augljóst sé þeim sem vilja skilja hlutina að talsvert meira þarf að koma til ef fullnægja á réttlætinu í þessu sambandi. Er þar einkum átt við að nauðsynlegt er að fjölga launuðum frídögum launþega sem þarf að sinna sjúku barni sínu.

Niðurstaða stjórnar Umhyggju er sú að hér sé um þarft frumvarp að ræða og því er eindregið mælt með að það verði samþykkt. Ekki þykir ástæða til að leggja til breytingar á frumvarpinu."

Í umsögn Félags íslenskra heimilislækna um frumvarpið segir m.a.:

„Komugjöld voru tekin upp fyrir einum fimm árum. Mikil ábyrgð, skriffinnska og vinna felst í að innheimta þau og standa á þeim skil. Settur var á stofn svonefndur 10% sjóður, en andvirði hans skyldi einkum varið til þess að endurmennta starfsfólk.

Þótt komugjöld megi að ýmsu leyti rökstyðja og æskilegt sé að kostnaðarvitund almennings sé sem mest, er samt staðreynd að fyrir marga sjúklinga geta fjárútlát fyrir heilbrigðisþjónustu orðið umtalsverð. Hefur því verið mætt m.a. með því að gefa út afsláttarkort til þeirra sem verst eru settir. Fylgir því einnig mikil skriffinnska og vinna og fjöldinn er gífurlegur því að árlega eru gefin út hátt í 30.000 kort. Einstaklingar sem afsláttar njóta eru þó enn fleiri, jafnvel yfir 50.000."

Hér á eftir fer yfirlit yfir komugjöld í heilsugæslunni frá og með fjárlögum fyrir árið 1992:

Greiðslur fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis.

	Almennt gjald		Lífeyrisþegar og börn yngri en 16 ára	
	Án afsláttarkorts	Með afsláttarkorti	Án afsláttarkorts	Með afsláttarkorti
Koma á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	0	0	0	0
1996	700	300	300	100
Koma á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	500	0	500	0
1996	1.100	700	500	300
Vitjun heilsugæslu- eða heimilislæknis á dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	400	0	400	0
1996	1.100	700	400	300
Vitjun heilsugæslu- eða heimilislæknis utan dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	1.000	0	1.000	0
1996	1.600	1.000	600	400
Krabbameinsleit hjá heimilislækni eða á heilsugæslustöð.				
Fyrir áramót 1991/1992	900	0	300	0
1996	1.500	500	500	300
Koma til röntgengreiningar eða rannsókna.				
Fyrir áramót 1991/1992	300	0	100	0
1996	1.000	400	300	100

19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjur maka hafa ekki áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er réttlætismál að sá sem ekki getur séð sér farborða með því að vinna fyrir sér fái lágmarksframfærslu úr sameiginlegum sjóðum velferðarkerfisins. Þeir sem missa atvinnuna fá greiddar atvinnuleysisbætur óháð tekjum maka. Sama gildir ekki um lífeyrisþega. Eins og málum er nú háttað skerða tekjur maka lífeyrisgreiðslur og hefst skerðingin er tekjur maka fara yfir u.þ.b. 40.224 kr. Upphæðirnar sem tekjur maka byrja að skerða eru 43.726 kr. hjá öryrkjum, en 42.947 kr. hjá ellilífeyrisþegum, hafi lífeyrisþeginn engar aðrar tekjur en almannatryggingabæturnar. Ungt fjölskyldufólk sem missir heilsuna fær því oft aðeins grunnlífeyri, 15.123 kr., úr almannatryggingakerfinu. Heimild fyrir þessari skerðingu er byggð á reglugerð nr. 485/1995, um tekjutryggingu, samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993. Ákvæði hennar hafa það í för með sér að fjölskyldur lífeyrisþega lenda í fátæktargildru jaðarskattanna þar sem tekjur maka, auk tekna lífeyrisþegans sjálfs, geta skert tekjutryggingu hans. Áðurnefnd reglugerð virðist andstæð lagaákvæðinu sem tekjutrygging byggist á, en í 17. gr. almannatryggingalaganna segir að tekjur bótaþega umfram ákveðið mark skuli skerða tekjutryggingu. Ekkert er minnst á maka í greininni eða tekjur hans. Í 11. gr., þar sem fjallað er um skerðingu ellilífeyris vegna tekna, er talað um tekjur einstaklinga og hjóna hvors um sig. Sama á við um 12. gr. þar sem kveðið er á um skerðingu örorkulífeyris.

Ekki er nóg með að reglugerðin sé andstæð almannatryggingalögum heldur virðist einnig um að ræða brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir í 1. mgr.: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Lífeyrisþegum er með þessari skerðingarreglu mismunað eftir hjúskaparstöðu. Fólki á vinnualdri er einnig mismunað eftir því hvort það á við atvinnuleysi eða heilsubrest að stríða. Slík mismunun hlýtur að teljast andstæð anda stjórnarskrárinnar.

Reglugerðin virðist einnig brjóta gegn 11. gr. stjórnsýslulaganna, nr. 37/1993, þar sem segir að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti og að þeim sé beinlínis óheimilt að mismuna aðilum á grundvelli þjóðfélagsstöðu eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Hér virðast lög vera brotin, ekki ein heldur fleiri á þeim sem síst skyldi og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Við meðferð frumvarps til fyrstu laga um almannatryggingar árið 1935 kom fram í nefndaráliti að gert væri ráð fyrir að í þeim fælist hrein persónutrygging. Samkvæmt því er það andstætt hugsun laganna að færa tryggingaskylduna yfir á maka og hið opinbera firri sig ábyrgð ef lífeyrisþeginn er í hjónabandi eða sambúð.

Þá stríðir þetta gegn mannréttindasáttmálum og alþjóðasamningum sem við höfum skuldbundið okkur til að virða. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt var á allsherjarþinginu 10. desember 1948, segir í inngangsorðum: „ Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.“ Í 2. gr. sáttmálans segir einnig: „Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálsræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.“ Í 16. gr. er fjallað um jafnrétti til hjúskapar og stofnunar fjölskyldu og er þar sérstaklega kveðið á um hlutverk fjölskyldunnar og skyldur ríkisins gagnvart henni. Þar segir m.a.: „Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana.“ Í 25. gr. sáttmálans segir enn fremur: „Hver maður á kröfu til lífskjara, sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan hans sjálfs og fjölskyldu hans. Telst þar til matur, klæðnaður, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagshjálp, svo og réttindi til öryggis gegn atvinnuleysi, veikindum, örorku, fyrirvinnumissis, elli eða öðrum áföllum sem skorti valda og að fötluðum sé ekki mismunað með lögum hvað varðar kynferðissambönd, hjónaband og barneignir.“

Reglugerðin, sem kveður á um að tekjur maka skerði tekjutryggingu lífeyrisþega, grefur undan hjónabandinu og möguleikum lífeyrisþega til að hefja sambúð og stofna fjölskyldu. Unnt er að leiðrétta þetta með samþykkt þessa frumvarps.

Greiðslur til lífeyrisþega, ekki síst öryrkja, skulu vera óháðar tekjum maka. Þannig styðjum við best við bakið á því fólki sem verst er statt í samfélaginu og einnig við þá grunneiningu þjóðfélagsins sem fjölskyldan er. Einnig er ástæða til að benda á það að lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð á ekki rétt á heimilisuppbótum allt að 19.811 kr. á mánuði, sem hann ætti rétt á byggi hann einn. Þannig er lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð með tæplega 20 þús. kr. lægri almannatryggingagreiðslur eða þriðjungi lægri en einhleypingur, auk þess sem tekjur maka skerða tekjutryggingu hans. Hér er því lagt til að bætt verði í almannatryggingalög ákvæði sem felur það í sér að tekjur maka skuli ekki hafa áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega. Breyting í þessa veru hefur þegar verið lögð fram tvisvar sinnum á kjörtímabilinu en ekki verið útrædd.

Með frumvarpinu voru tvö fylgiskjöl. Hið fyrra var bréf kjaramálanefndar Öryrkjabandalags Íslands til heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis (20. apríl 1998).

Fylgiskjal II.

Úr samþykkt prestastefnu 1997.

Prestastefnan á Akureyri 1997 beinir því til Alþingis að gerð veri gangskör að því að leiðrétta það ranglæti sem öryrkjar búa við, að tekjutrygging þeirra, sem er 25.800 kr. á mánuði, tekur að skerðast um leið og tekjur maka fara fram úr 36.831 kr. og þurrkast alveg út er tekjur maka verða hærri en 150 þús. kr. á mánuði. Þar með getur öryrkinn aðeins lagt með sér í búið örorkulífeyrinn sem er tæplega 14 þús. kr. á mánuði. Augljóst er að fyrirkomulag þetta stofnar hjónaböndum fólks í hættu og hvetur prestastefnan stjórnvöld að leiðrétta þetta ranglæti.

20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta fara fram úttekt á reglum um sjúklingatryggingu hér á landi og í kjölfarið verði lagðar fram tillögur sem miði að réttarbótum á þessu sviði. Tillögurnar lúti m.a. að því að skaðabætur og miskabætur verði greiddar þeim sem verða fyrir líkamstjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, dvalarstofnun fyrir sjúklinga eða heilsugæslustöð og að leið sjúklinga til að sækja rétt sinn verði einfölduð og þannig komið í veg fyrir fjölda dómsmála.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 122. löggjafarþingi en var ekki rædd.

Á síðustu árum hefur komið skýrt í ljós að ekki eru í nægilega góðu horfi málefni þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir tímabundinni eða varanlegri örorku vegna rannsóknar eða meðferðar á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða dvalarstofnun fyrir sjúklinga. Kvartað hefur verið undan seinagangi í kerfinu, erfiðleikum við að afla gagna, erfiðri sönnunaraðstöðu, lágum bótum og svo mætti lengi telja. Í f-lið 24. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, er kveðið á um slysatryggingu sjúklinga sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks á þessum stofnunum. Ákvæðið hefur ekki verið talið tryggja nægilega réttarstöðu þeirra sem undir það falla.

Flutningsmenn hafa kynnt sér þessi mál í Danmörku og telja að hafa skuli lög og reglur þar til fyrirmyndar við endurskoðunina. Þar eru í gildi sérstök lög um sjúklingatryggingar, nr. 367/1991, með síðari breytingum, en þau tóku gildi 1. júlí 1992. Með þeim lögum er tryggt að sjúklingar eða aðstandendur látins sjúklings eigi rétt á skaðabótum vegna afleiðinga rannsóknar og/eða meðferðar á sjúkrahúsum. Auk þess taka lögin til þeirra sem tekið hafa þátt í tilraunum, sem og blóð-, sæðis- og líffæragjafa sem hafa orðið fyrir líkamstjóni við meðferð á sjúkrahúsi. Gildissvið laganna var enn víkkað árið 1995. Dönsku lögin hafa

leitt til aukins réttar fyrir sjúklinga í Danmörku til skaðabóta vegna afleiðinga rannsóknar og meðferðar á sjúkrahúsum því að unnt er að fá greiddar skaðabætur án þess að sannað sé að um mistök læknis hafi verið að ræða. Þó þarf ákveðnum skilyrðum samkvæmt lögunum að sjálfsögðu að vera fullnægt til að bótaréttur verði virkur. Ákvæði laganna hafa einnig í för með sér að mun einfaldara og fljótlegra er að leita réttar síns nú en áður, en margir setja fyrir sig löng og erfið réttarhöld. Í Danmörku eru og til frekari úrræði ef unnt er að rekja líkamstjón til lyfja.

Á 113. löggjafarþingi var lagt fram til kynningar af þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, frumvarp til laga um sjúklingatryggingu, en frumvarpið var samið af Arnljóti Björnssyni, þáverandi prófessor, að beiðni ráðherra. Fyrirmynd frumvarpsins var hið danska lagafrumvarp um sjúklingatryggingu sem síðar varð að lögum þar í landi, þ.e. þeim lögum sem að framan getur. Þeim hefur síðan verið breytt lítils háttar. Einnig hafa verið gerðar ýmsar breytingar á íslenskum lögum sem varða sjúklinga, svo sem almannatryggingalögum. Þá tóku gildi 1. júlí 1993 skaðabótalög hér á landi, en þau hafa sætt breytingum, og árið 1997 voru samþykkt lög um réttindi sjúklinga. Frumvarp um sjúklingatryggingu hefur hins vegar ekki verið lagt fram að nýju á Alþingi.

Á haustþingi 1997 lagði Margrét Frímannsdóttir fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um mistök við læknisverk. Þar var m.a. spurt um fjölda kæra sem borist hafa frá sjúklingum til landlæknisembættisins vegna meintra mistaka lækna á árunum 1990 til og með 1997, skipt niður eftir sjúkrahúsum, innan og utan höfuðborgarsvæðisins, heilsugæslustöðvum og einkareknum læknastofum. Þá var spurt um afdrif kæranna og bótafjárhæðir. Í svari heilbrigðisráðherra (þskj. 432, 159. mál 122. löggjafarþings) kemur m.a. fram að tölvufærð skrá um ágreiningsmál hafi verið haldin hjá landlæknisembættinu í áratug. Fjöldi mála hefur á þeim tíma aukist frá nokkrum tugum í um það bil 250 mál á ári. Þar eru meðtaldar allar kvartanir og kærur sem berast embættinu en undanskilin þau mál sem afgreidd eru í gegnum síma. Þá kemur fram í svari ráðherra, samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögmanns, að á árunum 1990–97 hafi verið greiddar bætur fyrir læknamistök að fjárhæð 74.393.598 kr. í kjölfar málaferla. Þá kemur einnig fram að fjöldi þeirra sem telur sig hafa orðið fórnarlömb læknamistaka leggur ekki í málarekstur bæði vegna mikils kostnaðar og annars álags sem því fylgir.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja þessar niðurstöður sýna að mjög brýnt sé að tekið verði á þessum málum. Mikil vinna hefur þegar verið innt af hendi, sbr. framangreint frumvarp um sjúklingatryggingu frá 113. þingi sem birt er sem fylgiskjal með tillögu þessari, og er lagt til að það frumvarp verði haft til hliðsjónar við þá vinnu sem tillögugreinin gerir ráð fyrir.

Með tillögunni var fylgiskjal: Frumvarp til laga um sjúklingatryggingu (þskj. 785, 432. mál 113. löggjafarþings 1990–91). Sjá A-deild Alþt. 1990–1991, bls. 4093–4115.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands.

Flm.: Einar Oddur Kristjánsson, Vilhjálmur Egilsson,
Pétur H. Blöndal, Einar K. Guðfinnsson, Árni R. Árnason.

1. gr.

Slíta skal Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands. Um meðferð eigna og skulda félagsins við slitin fer samkvæmt ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 68/1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 68/1994, um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á tveimur síðustu þingum en varð ekki útrætt og er því endurflutt óbreytt.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 68/1994 er einn megintilgangur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands að taka þátt í vátryggingastarfsemi með eignaraðild að vátryggingafélögum. Með nýlegri sölu á hlut sínum í Vátryggingafélagi Íslands hf. til Landsbankans hefur félagið snúið frá þessum lögbundna aðaltilgangi sínum. Því er hér lagt til að félagið verði gert upp og eignum þess, umfram skuldir, skipt á milli eigenda.

Samkvæmt 5. gr. laganna, sem 2. mgr. 16. gr. vísar í, eru eigendur félagsins fyrrum tryggingatakar hjá Brunabótafélagi Íslands ásamt sameignarsjóði félagsins. Upplýsingar um einstaka eigendur og fjárhæð eignarhluta þeirra, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, liggja fyrir þannig að tæknilegar hindranir eiga ekki að vera því til fyrirstöðu að slíta félaginu.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu fól á árinu 1993 þeim Árna Tómassyni, löggiltum endurskoðanda, og Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni að taka saman álitsgerð um eignarhald á Brunabótafélagi Íslands. Niðurstöður þeirrar álitsgerðar eru birtar í fylgiskjali. Ákvæði um eignarhald félagsins voru síðan lögfest með lögum nr. 68/1994.

Fylgiskjal.

Niðurstaða Árna Tómassonar og Tryggva Gunnarssonar um eignarhald á Brunabótafélagi Íslands í stuttu máli.

1. Brunabótafélag Íslands (BÍ) er ekki eign ríkisins þannig að ríkið geti í krafti eignarréttar gert kröfu til eigna félagsins við slit á því.
2. Hvorki sveitarfélögin í heild eða þau sveitarfélög, sem gert hafa samninga við BÍ um brunatryggingu fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi, teljast eigendur BÍ. Þeim sveitarfélögum, sem gert hafa samninga við BÍ um slíkar tryggingar, er hins vegar með lögum fengin aðild að stjórnun félagsins.

3. BÍ er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda og eigendur fasteigna sem tryggðar eru brunatryggingu hjá félaginu á hverjum tíma eru félagsmenn. Félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum iðgjaldasjóðs félagsins eftir ákveðnum reglum. BÍ hefur með höndum lögbundna starfsemi og verður ekki slitið eða eignum þess skipt upp nema Alþingi breyti lögum um félagið eða bú þess verði tekið til skipta við gjaldþrot. Verði lög um BÍ felld úr gildi án þess að jafnframt sé mælt fyrir um í lögum hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins, ber að skipta eignum félagsins á milli þeirra sem eru félagsmenn í BÍ á þeim tíma sem lögin falla úr gildi.
4. Með hliðsjón af því hversu óvirkt og óvisst hugsanlegt tilkall félagsmanna BÍ er til eigna BÍ verður að telja líkur á að löggjafinn geti án þess að það fari í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar mælt fyrir um ráðstöfun á eignum BÍ í þágu þeirra markmiða, sem lög um BÍ hafa verið byggð á, enda séu uppfyllt ýmis almenn skilyrði slíkrar lagasetningar.
5. Leiða má rök að því að hrein eign BÍ nemi ekki lægri fjárhæð en 500 millj. kr. í árslok 1992. Líta ber á framangreinda fjárhæð sem vísbendingu um þau verðmæti sem um er að ræða fremur en formlegt mat sem unnt er að taka mið af við hugsanleg slit eða úthlutun á hreinni eign BÍ.

22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um nýtt starfsheiti fyrir ráðherra.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta undirbúa breytingar á stjórnarskrá og lögum til að taka megi upp nýtt starfsheiti ráðherra sem bæði kynin geta borið. Nauðsynleg lagafrumvörp verði lögð fram hið fyrsta.

Greinargerð.

Sú þróun hefur átt sér stað í hefðbundnum kvennastéttum þegar karlar hafa haslað sér þar völl að starfsheitum hefur verið breytt til þess að bæði kynin gætu borið þau. Þannig urðu hjúkrunarkonur að hjúkrunarfræðingum, fóstrur urðu leikskólakennarar og Fóstruskóla Íslands var breytt í Fósturskóla Íslands, m.a. af tillitssemi við karla því að ekki þótti boðlegt fyrir karlmenn að vera kvenkenndir. Um eðlilega og sjálfsagða leiðréttingu var að ræða. Ef orðin ráðherra og sendiherra væru t.d. „ráðfrú“ og „sendifrú“ hefði eflaust einnig þótt sjálfsagt að breyta starfsheitinu um leið og fyrsti karlmaðurinn tók að sér slíkt embætti. Það er því í fyllsta samræmi við þessa þróun að breyta einnig starfsheitum í hefðbundnum karlastéttum, þannig að konur geti borið þau. Ráðherraembætti eiga ekki að vera eyrnamerkt körlum.

Orðið ráðherra ber þess merki að æðsta stjórn landsins er í höndum karla, enda var það svo að frá stofnun lýðveldisins og fram til ársins 1970 gegndi engin kona embættinu. Á lýðveldistímanum hafa 98 karlar gegnt ráðherraembætti en aðeins fimm konur, og um þessar mundir er 99. karlinn að taka við embætti. Það særir ekki málkennd manna þótt konur séu forsetar, kennarar eða forstjórar en öðru máli gegnir um orðið „herra“. Það stríðir ekki

einungis gegn málvitund okkar að kona sé herra, heldur er það merkingarlega útilokað að kona sé herra á sama hátt og karl getur ekki verið frú. Orðið herra merkir tvennt samkvæmt orðabók Menningarsjóðs, annars vegar titil karlmanns og hins vegar húsbónda eða yfirmann og ljóst er að síðarnefnda merkingin er frá þeim tíma þegar aðeins karlar gegndu slíkum stöðum. Það er því mikið réttlætismál að þessum starfsheitum verði breytt. Sömu rök eiga við um stöðuheitin sendiherra og skipherra sem væntanlega eru einnig formlega opin fyrir konur.

Í nágrannalöndum okkar eru mun kynhlutlausari orð notuð yfir þá sem sæti eiga í ríkisstjórn, samanber „secretary“ í Bandaríkjunum og Englandi og „minister“ á Norðurlöndum, Þýskalandi og Frakklandi. Þrátt fyrir það hafa ráðakonur gert athugasemdir við slíka titla og er þess skemmst að minnast að franskir kvenráðherrar notuðu starfstitla sína í kvenkyni. Þær kalla sig „madame la ministre“ í stað hins hefðbundna „le ministre“. Því var mótmælt af frönsku akademíunni og bent á að slíkt væri málfræðivilla. Eðlileg lausn hefði getað verið sú að skipta um heiti á embættinu eða að öðrum kosti að heimila þá notkun sem konunum fannst sér samboðin. Því er ekki haldið fram að um mannréttindabrot sé að ræða, en það er óvirðing að karlkenna konu á sama hátt og það er óvirðing að kvenkenna karl.

Þá hefur verið bent á að orðin „minister“ og „secretary“ hafi ekki eins valdbjóðandi og kynbundið yfirbragð og ráðherra. Erlendu orðin hafa lýðræðislegra yfirbragð og gefa skýrar til kynna að viðkomandi séu þjónar fólksins fremur en herrar.

Í stjórnarskránni er talað um ráðherra í 13.–19. gr. og í 54.–56. gr. Þar sem um brýnt mál er að ræða þarf að athuga hvort hægt sé að breyta starfsheitinu strax á þessu þingi með nauðsynlegum lagabreytingum þó að breytingarnar á stjórnarskránni taki gildi síðar.

Í tillögu þessari er ekki stungið upp á nýju orði í stað ráðherra. Aðalatriðið er að nota orð sem hentar báðum kynjum. Á Íslandi finnast ótal dæmi um snilldarlega nýsmíði orða. Leita mætti eftir tillögum t.d. hjá íslenskri málnefnd og heimspekideild Háskóla Íslands. Vel kæmi einnig til greina að fram færi vel auglýst samkeppni um verðugt orð yfir þessi mikilvægu embætti þjóðarinnar sem konur hljóta að gegna í æ ríkari mæli á komandi árum.

23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um jafnréttisfræðslu fyrir æðstu ráðamenn.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson,
Svanfríður Jónasdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að móta stefnu um aðgerðir sem tryggi að æðstu ráðamenn þjóðarinnar hafi þekkingu á ólíkri stöðu kynjanna í þjóðfélaginu almennt og á sínu sviði sérstaklega. Í því skyni verði tekið saman vandað námsefni og haldin námskeið sem ráðamönnum verði gert að sækja. Tryggt verði að þekkingunni verði haldið við með eftirliti og aðhaldi og með því að halda námskeið með reglulegu millibili.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 122. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Umsagnir bárust um málið frá eftirfarandi aðilum: félagsmálaráði Selfoss, félagsmálaráðuneytinu, félagsmálastjórn Seltjarnarness, jafnréttisnefnd Reykjanesbæjar, karlanefnd Jafnréttisráðs, Kvenréttindafélagi Íslands, Skrifstofu jafnréttismála og Stígamótum. Allir umsagnaraðilar töldu tillöguna efnislega jákvæða og flestir mæltu eindregið með samþykkt hennar.

Markmiðið með framangreindum jafnréttisaðgerðum er að skapa samfélag þar sem bæði kynin búa við sömu möguleika, réttindi og skyldur á öllum sviðum samfélagsins. Til þess að þetta markmið náist, þarf að beita kynjaðri hugsun við alla stefnumörkun og aðgerðir framkvæmdarvaldsins, Alþingis, fyrirtækja og stofnana.

Íslenska ríkisstjórnin hefur á alþjóðavettvangi skuldbundið sig til að samþætta sjónarhorn kynjajafnréttis hefðbundnum stjórnmálum og stjórnun. Má þar nefna að samþætting gengur eins og rauður þráður í gegnum framkvæmdaáætlunina frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking 1995. Norræna ráðherranefndin hefur sett sér það markmið að samþætting skuli einkenna allt starf á vegum nefndarinnar. Innan Evrópuráðsins og í framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins í jafnréttismálum, sem Íslendingar eiga aðild að í gegnum EES-samninginn, er samþætting lykilhugtak og miklar vonir eru bundnar við þessa aðferðafræði.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir næstu ár mun byggjast á samþættingarhugmyndum, samkvæmt bæklingi um samþættingu frá Skrifstofu jafnréttismála. Pólitískur vilji hlýtur því að vera fyrir hendi til þess að leiðrétta þann ójöfnuð milli kynjanna sem allt samfélagið líður fyrir. Þennan vilja þarf að sýna í verki.

Samþætting byggist á þeirri staðreynd að staða kynjanna sé á flestum sviðum ólík og taka þurfi tillit til þess við alla ákvarðanatöku. Grunnforsenda þess að samþætting takist er pólitískur vilji, kyngreindar upplýsingar, fræðsla og eftirfylgni. Fræðin um hin félagslegu kyn, eða kynjafræði eins og það er nefnt í bæklingi Skrifstofu jafnréttismála um samþættingu, er þekkingarsvið. Það er ekki hægt að krefjast ábyrgðar á samþættingu jafnréttissjónarmiða af fólki sem ekki hefur til þess kunnáttu. Til þess að um raunverulega samþættingu verði að ræða þarf jafnréttisfræðsla því að verða forgangsverkefni.

Jafnréttisvinnan hefur hingað til verið unnin af sérfræðingum án pólitískra valda eða nauðsynlegs fjármagns, en samþætting gerir ráð fyrir að jafnréttisvinna verði eðlilegur hluti allra starfa í stjórnmálum og stjórnsýslu. Áhrifamestu gerendurnir eru að sjálfsögðu þeir sem hafa mestu völdin og fjármagnið, eða æðstu ráðamenn þjóðarinnar. Með æðstu ráðamönnum er hér átt við ráðherra ríkisstjórnarinnar, forstjóra ríkisstofnana, biskup, ríkissaksóknara, dómara og rektora háskóla. Þessum aðilum verður að vera ljóst hver ábyrgð þeirra og áhrifamáttur er á stöðu kynjanna. Þeirri ábyrgð má líkja við ábyrgð á fjármálum eða öryggismálum sem engir stjórnendur geta skorast undan, hver svo sem starfsvettvangur þeirra er eða hvort þeir hafa sérstakan áhuga á þessum sviðum.

Svíar hafa gert myndarlegt átak til þess að tryggja lágmarksþekkingu æðstu stjórnenda sinna á ólíkri stöðu kynjanna á mismunandi sviðum samfélagsins. Það var Mona Sahlin sem hóf þessi námskeið í jafnréttisráðherratíð sinni. Fyrstur til þess að setjast á skólabekk var Ingvar Carlsson þáverandi forsætisráðherra og sýndi þannig aðdáunarvert fordæmi fyrir aðra ráðamenn. Síðan hafa allir sænskir ráðherrar farið á slík námskeið, ásamt aðstoðarmönnum sínum, ráðuneytisstjórum, biskupum, forstjórum ríkisstofnana, blaðafulltrúum o.fl. Námskeiðin hafa verið tvíþætt. Annars vegar hefur sænsku þjóðinni verið lýst út frá stöðu kynjanna á mismunandi aldri og sviðum og kyngreind tölfræði óspart notuð í þessum tilgangi. Hins vegar hafa námskeiðin verið aðlöguð mismunandi þekkingarsviðum ráðamanna. Þessi

fræðsla og vitundarvakning er ein ástæða þess að staða kvenna í Svíþjóð er umtalsvert betri en staða íslenskra kvenna.

Á Íslandi hefur safnast mikil þekking á ólíkri stöðu kynjanna og á kynjafræðum, þótt enn sé mikið verk óunnið. Mikilvæg sérfræðiþekking hefur myndast við Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands og tekin hefur verið upp kennsla á þessu sviði við Háskólann. Skrifstofa jafnréttismála, Kvennaathvarfið, Kvennalistinn, Stígamót, kvennablaðið Vera, karlanefnd Jafnréttisráðs og fleiri aðilar hafa einnig dregið fram í dagsljósið mikilvægar upplýsingar um stöðu kynjanna sem nauðsynlegt er að taka mið af. Kyngreind tölfræði er að verða mun aðgengilegri, sbr. t.d. bækling Hagstofunnar „Konur og karlar“ (1993, 1997). Það ætti því að vera vel framkvæmanlegt að taka saman gagnlegt fræðsluefni og fá hæfa sérfræðinga til kennslustarfa. Símenntun þarf að tryggja með því að halda námskeið með reglulegu millibili og með eftirliti og aðhaldi. Aðhald mætti veita með ýmsum hætti. Í Svíþjóð hef ur það verið gert með því að aðstoðarmenn ráðherra hittast mánaðarlega og eiga að fylgja því eftir, hver á sínu sviði, að öll starfsemi sé í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um samþættingu. Þeir bera einnig ábyrgð á að nauðsynleg þekking sé aðgengileg.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna fyrir árin 1998–2001, er í lið 3.2 gert ráð fyrir fræðslu um jafnréttismál fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana á árinu 1998. Því framtaki ber að fagna en það virðist mun takmarkaðra en hér er átt við.

Ef vilji er fyrir hendi til að sýna samþættingu í verki er jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn einföld, ódýr og áhrifarík aðgerð til vitundarvakningar og hefur mikilvægt fordæmisgildi fyrir aðra þjóðfélagsþegna.

24. Frumvarp til laga [24. mál]

um bann við kynferðislegri áreitni.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttur, Sigríður Jóhannesdóttir, Hjálmar Árnason, Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það:

Kynferðisleg áreitni á vinnustað og í skóla er bönnuð. Atvinnurekendur og yfirmenn skulu gera sérstakar ráðstafanir til að sporna við því að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar í trúnaðarsambandi verði fyrir kynferðislegri áreitni eða annarri ósæmilegri framkomu á vinnustað eða í skólum.

Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu, hvort sem hún er líkam-

leg, orðbundin eða myndræn, og sem haldið er áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laganna (sem verður 9. gr.) kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það:

Atvinnurekendum, yfirmönnum, samstarfsmönnum og kennurum er óheimilt að láta kvartanir starfsfólks eða nema um kynferðislega áreitni eða kynjamismunun bitna á starfi þeirra eða námi, starfsöryggi, starfskjörum eða mati á árangri í starfi eða námi.

II. KAFLI

Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

3. gr.

C-liður 65. gr. laganna orðast svo: stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna. Ákvæði þetta á m.a. við bann við kynferðislegri áreitni og annarri ósæmilegri framkomu sem beinist að kynferði einstaklinga.

III. KAFLI

Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 121. og 122. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Umsagnir bárust um málið frá eftirfarandi aðilum: Jafnréttisráði, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Alþýðusambandi Íslands, jafnréttisráðgjafanum í Reykjavík, jafnréttisfulltrúa Akureyrar, biskupi Íslands, Vinnueftirliti ríkisins, Kvennaathvarfinu, Kvenfélagasambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, Stígamótum, Kvennaráðgjöfinni, félagsmála ráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og laganefnd Lögmannafélags Íslands. Ef frá er talinn síðastnefndi aðilinn telja allir sem umsagnir sendu að löggjöf af þessu tagi sé þörf og langflestir mæla með að frumvarpið verði lögfest óbreytt. Efnislegar athugasemdir komu einnig fram og er hér tekið mið af þeim þegar ástæða þykir til.

Kynferðisleg áreitni hefur verið mikið til umfjöllunar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Flest aðildarríki Evrópusambandsins hafa gripið til ráðstafana á þessu sviði, svo sem lagasetningar, fræðsluherferða eða leiðbeinandi reglna fyrir vinnustaði og menntastofnanir. Í Belgíu, Hollandi og Frakklandi hafa verið sett sérstök lög um kynferðislega áreitni og slík löggjöf er nú í undirbúningi í Austurríki og Hollandi. Í Svíþjóð og nokkrum öðrum Evrópuríkjum eru ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislögum og/eða í lögum um vinnuvernd, t.d. í Noregi. Innan Evrópusambandsins er nú unnið að sérstakri tilskipun um kynferðislega áreitni sem væntanlega mun einnig taka til Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 6. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 28/1991, segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði. Kærunefnd jafnréttismála hefur túlkað þetta ákvæði þannig að atvinnurekanda beri að sjá til þess að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki á vinnustað. Í

sænsku jafnréttislöggjöfinni eru hins vegar skýr ákvæði um kynferðislega áreitni, sbr. 6. og 22. gr. sænsku jafnréttislaganna (1991:433), sem hefur orðið til þess að stofnanir hafa í vaxandi mæli sett sér starfsreglur um það hvernig beri að stemma stigu við og taka á kynferðislegri áreitni.

Ekki þykir nauðsynlegt að svo stöddu að setja sérstaka löggjöf um kynferðislega áreitni, en tímabært þykir að setja ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislög og í vinnuverndarlöggjöfina eins og hér er lagt til. Í Svíþjóð og Noregi hefur slík lögfesting haft þau áhrif að stofnanir hafa orðið að taka á þessum málum af meiri festu en áður. Þegar slík ákvæði hafa verið lögfest verður brýnt að stofnanir komi sér upp skipulagðri meðferð eða leiðbeinandi starfsreglum fyrir mál af þessum toga og að markviss fræðsla um kynferðislega áreitni verði í boði, sbr. þingsályktunartillögu á 121. löggjafarþingi (40. mál). Starfsreglur stofnana um kynferðislega áreitni hafa yfirleitt bæði fyrirbyggjandi tilgang og er ætlað að leysa þau mál sem upp koma og ekki eru kærð.

Kynferðisleg áreitni var gerð refsiverð með lögum nr. 40/1992, um breytingu á almennum hegningarlögum. Ákvæði þar að lútandi er að finna í 198. gr., 2. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 202. gr. hegningarlaganna.

Ekki er að finna í lögum nr. 40/1992 skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Í greinargerð með þeim lögum er að finna skilgreiningu sem að mati flutningsmanna er ekki nægjanlega skýr miðað við reynslu og rannsóknir á þessu fyrirbæri. Skilgreiningin í greinargerðinni er eftirfarandi: Um er að ræða háttsemi sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt. Átt er við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga. Þá segir í greinargerðinni að rétt þyki að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður og taka harðara á brotum. Ekki er gerð tillaga um að breyta fyrrnefndum ákvæðum almennra hegningarlaga þar sem rétt þykir að fá meiri reynslu af hvernig þau nýtast. Hér er lagt til að skilgreining á kynferðislegri áreitni verði lögbundin og að sú skilgreining, ef lögfest verður, verði lögð til grundvallar skýringu og túlkun þessara ákvæða almennra hegningarlaga til viðbótar við þá skilgreiningu sem er í greinargerðinni með lögum nr. 40/1992. Einnig skal bent á leiðbeiningarreglur Evrópusambandsins til nánari skýringar á kynferðislegri áreitni. Frá árinu 1992 hefur lítið reynt á fyrrnefnd ákvæði almennra hegningarlaga. Nýlega hafa þó fallið tveir dómar um kynferðislega áreitni. Athyglisvert er að í báðum dómunum er um karlmenn að ræða, þ.e. karlmenn að áreita karlmenn. Það er athyglisvert vegna þess að allar tiltækar kannanir benda til að konur verði mun oftar fyrir kynferðislegri áreitni en karlar.

Það er eindregin skoðun flutningsmanna að mikilvægt sé að lögfesta skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Í skilgreiningunni sem sett er fram í 1. gr. frumvarpsins er áhersla lögð á það megineinkenni kynferðislegrar áreitni að hegðunin er óvelkomin. Það er því mat einstaklingsins sem ræður því hvaða hegðun er viðurkennd og hvaða hegðun er óvelkomin. Kynferðisleg hegðun verður áreitni ef henni er haldið áfram þrátt fyrir að það hafi verið gefið skýrt í skyn að hún sé óvelkomin. Þó getur eitt tilvik talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt. Hér er m.a. stuðst við eftirfarandi skilgreiningu og útlistun Evrópusambandsins á kynferðislegri áreitni í starfsreglum frá 1992 (Code of practice: On measures to combat sexual harassment).

„Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun eða önnur kynbundin hegðun sem hefur áhrif á sjálfsvirðingu kvenna og karla á vinnustað. Þessi óvelkomna hegðun getur verið líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni nær því yfir margs konar hegðun sem er óvelkomin, óskynsamleg og móðgandi fyrir viðkomandi; það hvort viðkomandi viðurkenn-

ir eða mótmælir slíkri hegðun af hálfu yfirmanns eða samstarfsmanns skiptir máli beint eða óbeint fyrir aðgang viðkomandi að starfsþjálfun, atvinnu, hvort starfi er haldið, stöðuhækkun, laun eða annað viðkomandi starfsumhverfi; og/eða hegðunin skapar óþægilegt, fjandsamlegt eða auðmýkjandi vinnuumhverfi fyrir þann sem hegðunin beinist að. Megineinkenni kynferðislegrar áreitni er að hegðunin er óvelkomin, og það er mat einstaklingsins sem ræður því hvaða hegðun er viðurkennd og hvaða hegðun er talin móðgandi. Kynferðisleg hegðun verður áreitni ef henni er haldið áfram þrátt fyrir að það hafi verið gefið skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Þó getur eitt tilvik talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt. Það er fyrst og fremst það einkenni að hegðunin er óvelkomin sem aðgreinir kynferðislega áreitni frá vinalegri hegðun sem er velkomin og gagnkvæm."

Rannsóknir í háskólum á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum benda til að 10–20% kvenna verði fyrir kynferðislegri áreitni í háskólum, en allt upp í 40% þegar um æðri námsgráður er að ræða. Meðal karla eru tölurnar töluvert lægri. Samkvæmt könnun jafnréttisnefndar Helsinkiháskóla árið 1995 töldu 10,8% starfsfólks og 5,5% stúdenta sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Af þeim voru 78% starfsfólksins og 70% stúdentanna konur.

Bandarískar rannsóknir á vinnustöðum benda almennt til að um 40% kvenna og um 15% karla verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustöðum en evrópsku tölurnar eru almennt tölu vert lægri eða 10–20% meðal kvenna. Skýringarnar á þessum mun eru að hluta til menningarlegar, en einnig getur verið um mismunandi skilgreiningar að ræða.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um jafnrétti kynjanna frá árinu 1993 er gert ráð fyrir að í vinnuverndartilgangi verði staðið að könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar (liður 2.3.2). Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar, sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum, verði unnið markvisst að því að sporna við kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Þessi könnun hefur nú verið gerð og ekki þykir ástæða til að bíða lengur með að lögfesta bann við og skilgreiningu á kynferðislegri áreitni eins og hér er lagt til.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára fyrir árin 1998–2001 er í lið 3.15 fjallað um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni. Þar segir að félagsmálaráðuneytið muni beita sér fyrir því að unnin verði áætlun eða lagt fram frumvarp til laga sem hafi það að markmiði að útrýma kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og í skólum.

Umræðan í þjóðfélaginu bendir ótvírætt til að töluvert vanti á að fólk skilji að kynferðisleg áreitni er einelti og mannréttindabrot sem ekki á að líða, hver sem í hlut á. Flest nágrannalanda okkar hafa brugðist markvisst við og hér er lagt til að svo verði gert.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er annars vegar lagt til að inn í jafnréttislögin komi skýrt bann við kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og í skólum og að atvinnurekendur og yfirmenn skuli gera sérstakar ráðstafanir til að sporna við því að starfsfólk, nemar eða skjólstæðingar í trúnaðarsambandi verði fyrir kynferðislegri áreitni og annarri ósæmilegri framkomu á vinnustað eða í skólum. Gert er ráð fyrir að vitneskja atvinnurekenda sé forsenda bótaskyldu hans, þ.e. starfsmaður, nemi eða skjólstæðingur þarf að láta atvinnurekanda, yfirmann skóla eða stofnunar vita að hann verði fyrir kynferðislegri áreitni til að viðkomandi fái tækifæri til að beita öllum nauðsynlegum ráðstöfunum til að stöðva athæfið. Einungis ef hann gerir það ekki verði atvinnurekandi eða yfirmaður bótaskyldur þó að athafnir gerandans séu ætíð refsiverðar.

Hins vegar er hér verið að lögfesta skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Skilgreiningin er byggð á þeim megineinkennum kynferðislegrar áreitni sem reynsla og rannsóknir sýna að skipta meginmáli, þ.e. að um óvelkomna hegðun er að ræða að mati viðkomandi einstaklings, og að hegðunin er endurtekin þrátt fyrir það að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Stuðst er m.a. við skilgreiningar og leiðbeiningarreglur Evrópusambandsins um kynferðislega áreitni. Eitt tilvik getur þó talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt og því þykir rétt að bæta því við skilgreininguna.

Með orðalaginu „annarri ósæmilegri framkomu“ er m.a. átt við einelti í víðari merkingu en einnig má benda á ákvæði 209. gr. almennra hegningarlaga um brot gegn blygðunarsemi.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að atvinnurekendum, yfirmönnum, samstarfsmönnum og kennurum sé óheimilt að láta kvartanir um kynferðislega áreitni eða kynjamismunun bitna á starfi viðkomandi, námi, starfsöryggi, starfskjörum eða mati á árangri í starfi eða námi.

Greinin er efnislega svipuð 22. gr. sænsku jafnréttislaganna og skýrir sig sjálf.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að breyting verði gerð á c-lið 65. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Þetta ákvæði á sér samsvörun í norsku vinnuverndarlöggjöfinni (nr. 4/1977, sem var breytt með lögum nr. 2/1995, sbr. 1. mgr. i.f. 12. gr.) en þar segir að starfsmenn skuli ekki verða fyrir (utsettes for) kynferðislegri áreitni eða annarri ósæmilegri hegðun (annen utilbörlig optreden). Í greinargerð með norska frumvarpinu er vísað í það megineinkenni kynferðislegrar áreitni að það sé óvelkomin hegðun að mati þess sem fyrir henni verður og að slíkt ákvæði sé nauðsynlegt vegna vaxandi athygli á einelti og kynferðislegri áreitni í þjóðfélaginu. Vinnueftirlit ríkisins fagnar fram komnu ákvæði í umsögn sinni um frumvarpið.

Um 4. gr.

Lagt er til að lög þess taki þegar gildi þar sem um brýnt mál er að ræða sem væntanlega mun hafa mikið fyrirbyggjandi gildi, m.a. vegna þess að löggjöfin mun hvetja til þess að vinnustaðir komi sér upp skýrum reglum um mál er varða kynferðislega áreitni.

25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breytingu á lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, nr. 23/1989.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Síðari málsliður 2. gr. laganna orðast svo: Réttur til styrks fellur niður ef nemandi nýtir rétt sinn til töku námsláns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um framhaldsskóla taka til alls skólastarfs á því skólastigi sem tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs. Þessir skólar eru: fjölbrautaskólar, iðn- og verkmenntaskólar og menntaskólar, svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi.

Réttur nemenda til námsstuðnings í formi námsstyrkja eða námslána er hins vegar mjög misjafn á þessu skólastigi. Nemendur sem stunda svokallað sérnám eiga rétt á námsláni en geta, vegna þess réttar, ekki fengið námsstyrk samkvæmt lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, svokallaðan dreifbýlisstyrk. Þeir nemendur sem stunda bóknám á framhaldsskólastigi eiga hins vegar ekki rétt á námslánum en geta eftir atvikum fengið dreifbýlisstyrkinn. Þannig getur það gerst að nemendur hvor á sinni braut í sama skóla eigi gjörólíkan rétt þótt aðstæður séu að öðru leyti hinar sömu.

Vegna eðlis sérnámsins, m.a. þess að fólk er gjarnan eldra þegar það hefur slíkt nám, er eðlilegt að nemendur í slíku námi eigi rétt á námsláni. Það er jafnframt ljóst að hluti nemenda í námi sem skilgreint er sem sérnám á framhaldsskólastigi vildi gjarnan og þyrfti að eiga kost á dreifbýlisstyrk á framhaldsskólaárunum og geta þannig átt óskertan rétt til námsláns síðar. Betur færi því á að snúa þessum réttindum við, þ.e. að allir sérnámsnemar á framhaldsskólastigi, sem að öðru leyti uppfylla skilyrði, eigi rétt til dreifbýlisstyrks, nema þeir sem kjósa heldur að taka námslán.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að það ákvæði falli brott sem kveður á um að framhaldsskólanemendur eigi einungis kost á námsláni en ekki námsstyrk ef þeir stunda sérnám á framhaldsskólastigi samkvæmt skilgreiningu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þess í stað verði það val þessara nemenda hvort þeir taka námslán eða þiggja námsstyrk.

Lagt er til að þessi breyting á lögunum taki þegar gildi.

Mál þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt.

26. Fyrirspurn [26. mál]

til menntamálaráðherra um kennara og leiðbeinendur.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:
   a. í Reykjavík,
   b. í öðrum sveitarfélögum?
2. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:
   a. í Reykjavík,
   b. í öðrum sveitarfélögum?

3. Hvernig skiptast leiðbeinendur í grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar eftir menntun og kyni, þ.e. hvert er hlutfall kvenna og karla sem hafa:
   a. lokið háskólaprófi,
   b. háskólamenntun án lokaprófs,
   c. stúdentspróf sem lokapróf,
   d. aðra menntun á framhaldsskólastigi,
   e. grunnskólapróf sem lokapróf,
   f. ekki grunnskólapróf?

Skriflegt svar óskast.

27. Fyrirspurn [27. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um afnám skerðingar bóta til öryrkja vegna tekna maka.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvenær er áætlað að afnám skerðingar bóta til öryrkja vegna tekna maka, sbr. yfirlýsingu ráðherra á ársfundi Tryggingastofnunar ríkisins, komi til framkvæmda?
2. Hvað kosta þessar breytingar og er gert ráð fyrir fjárveitingum í þessu skyni í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár?

28. Fyrirspurn [28. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hrefnuveiðar.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hyggst ráðherra leggja það til á grundvelli niðurstaðna vísindanefndar og stjórnunarnefndar NAMMCO að hrefnuveiðar verði hafnar við Ísland þegar á næsta ári?

29. Fyrirspurn [29. mál]

til félagsmálaráðherra um Íbúðalánasjóð.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til ályktunar bæjarstjórnar Húsavíkur um aðsetur Íbúðalánasjóðs?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður við bæjarstjórn Húsavíkur um aðsetur sjóðsins?

30. Fyrirspurn [30. mál]

til dómsmálaráðherra um smíði varðskips.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar um smíði nýs varðskips?

31. Fyrirspurn [31. mál]

til heilbrigðisráðherra um ráðningar í stöður heilsugæslulækna.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað er óráðið í margar stöður heilsugæslulækna og hvaða umdæmi er þar um að ræða?
2. Í hvaða heilsugæsluumdæmum eru læknar ráðnir til skamms tíma, þ.e. skemur en til eins árs?
3. Hvaða ástæður helstar eru fyrir því að erfitt hefur reynst að fá lækna til starfa á heilsugæslustöðvum utan Reykjavíkur?
4. Til hvaða aðgerða hyggjast ráðuneytið og landlæknisembættið grípa til að ráða bót á þeim læknaskorti sem víða blasir við?

Skriflegt svar óskast.

32. Fyrirspurn [32. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ár aldraðra.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í tilefni af ári aldraðra?
2. Hefur verið haft samráð við samtök aldraðra í tilefni af ári aldraðra?
3. Verður haft samráð við samtök launafólks og lífeyrissjóðina um ár aldraðra?
4. Verður um þverpólitískt samstarf að ræða með fulltrúum allra flokka?
5. Hvenær mun ríkisstjórnin kynna Alþingi áætlanir sínar í tilefni af ári aldraðra?

33. Fyrirspurn [33. mál]

til dómsmálaráðherra um söfnunarkassa.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvað hefur ríkisstjórnin aðhafst í framhaldi af því að Alþingi vísaði til hennar í apríl sl. frumvörpum til laga um brottfall laga nr. 73/1994, um söfnunarkassa, og um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973?
2. Kemur til álita að fella úr gildi eða endurskoða fyrrgreind lög?

34. Fyrirspurn [34. mál]

til menntamálaráðherra um lélegan útsendingarstyrk ljósvakamiðla á Suðurnesjum.

Frá Ágústi Einarssyni.

1. Hverjar eru ástæður þess að útsendingarstyrkur Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, er mjög lélegur víða á Suðurnesjum?
2. Hvers vegna hefur ekki verið gripið til aðgerða til að bæta úr þessu?
3. Finnst ráðherra eðlilegt að íbúar Suðurnesja greiði fullt afnotagjald fyrir þjónustu sem er í reynd ekki innt af hendi á fullnægjandi hátt?
4. Er ráðherra reiðubúinn að stuðla að samvinnu Ríkisútvarpsins og Íslenska útvarpsfélagsins til að ráða bót á þessu vandamáli?

35. Fyrirspurn [35. mál]

til utanríkisráðherra um gagnkvæm menningarsamskipti Íslands og Þýskalands.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hyggst ríkisstjórnin ræða gagnkvæm og aukin menningarsamskipti Íslands og Þýskalands við væntanlega nýja ríkisstjórn í Bonn, þar á meðal um starfsemi Goethe-stofnunar í Reykjavík?

36. Fyrirspurn [36. mál]

til fjármálaráðherra um framkvæmd fjármagnstekjuskatts.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve miklar voru heildartekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti við álagningu skatta árið 1998 (tekjuárið 1997) og hvernig skiptist hann milli bankainnstæðna, verðbréfa, arðs, útistandandi skulda og annarra vaxtatekna?
2. Hve miklar vaxtatekjur voru taldar fram á skattframtölum við álagningu skatta sundurliðað eftir árunum 1996, 1997 og 1998 (tekjuárin 1995, 1996 og 1997) og hvernig skiptust þær eftir verðbréfum og inneignum hjá innlánsstofnunum?
3. Hve mikill var hagnaður af sölu hlutabréfa samkvæmt álagningu skatta árin 1996, 1997 og 1998 (tekjuárin 1995, 1996 og 1997)?
4. Hve mikið af söluhagnaði hlutabréfa var skattlagt á sama hátt og aðrar tekjur, þ.e. um 40% skatthlutfall, og hve mikið með 10% fjármagnstekjuskatti?
5. Hve hár var arður af hlutabréfum og skattlagning hans við álagningu skatta árið 1997 annars vegar og árið 1998 hins vegar (tekjuárin 1996 og 1997)?
6. Hverjar hefðu skatttekjur ríkissjóðs orðið af arði af hlutabréfum við álagningu skatta fyrir árið 1998 (tekjuárið 1997) ef skatthlutfallið hefði verið það sama og fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts?

Skriflegt svar óskast.

37. Fyrirspurn [37. mál]

til viðskiptaráðherra um greiðslukortastarfsemi.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra sammála því mati samkeppnisráðs að setja þurfi sérstaka löggjöf um greiðslukortastarfsemi? Ef svo er, er áformað að leggja fram frumvarp til laga um slíka starfsemi?
2. Hvaða reglur gilda nú um fjárhagslegt eftirlit með starfsemi greiðslukortafyrirtækja?
3. Hvað má áætla að árleg heildarfjárhæð viðskipta með milligöngu greiðslukorta (kreditkorta) sé há, annars vegar innlend og hins vegar erlend?
4. Hvern má áætla árlegan kostnað af greiðslukortastarfsemi og hvernig skiptist hann milli korthafa, greiðsluviðtakenda, greiðslukortafyrirtækja og banka?
5. Hverjar voru tekjur bankakerfisins annars vegar og greiðslukortafyrirtækjanna hins vegar af greiðslukortastarfsemi á árunum 1995, 1996 og 1997?

6. Að hve miklu leyti má áætla að kostnaður við greiðslukortaviðskipti komi fram í hærra verði á vöru og þjónustu og telur ráðherra eðlilegt að þeir sem staðgreiða fyrir vöru og þjónustu beri kostnað af greiðslukortaviðskiptum til jafns við þá sem greiða með kreditkorti?
7. Hverjar má áætla viðbótartekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti sem til verður af hærra verði á vöru og þjónustu vegna greiðslukortaviðskipta?
8. Hver er munurinn á hæsta og lægsta gjaldflokki þjónustugjalda greiðslukortafyrirtækja og banka og telur ráðherra eðlilegt að greiðsluviðtakendum sé mismunað með þjónustugjöldum?

Skriflegt svar óskast.

38. Fyrirspurn [38. mál]

til iðnaðarráðherra um rekstrarkostnað Rafmagnsveitna ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver eru laun, lífeyrisréttindi og önnur starfskjör stjórnenda Rafmagnsveitna ríkisins, sundurliðað eftir stöðuheitum, fjölda stjórnenda og kynjum, föstum launum, öðrum greiðslum eins og stjórnargreiðslum og hvers konar þóknunum og hlunnindum, þ.m.t. bílahlunnindum og risnu?
2. Hver hefur verið ferðakostnaður erlendis árin 1993–97, að báðum árum meðtöldum, hve margar ferðir voru farnar hvert ár um sig, hvernig sundurliðast kostnaðurinn milli flugfargjalda, gistikostnaðar og dagpeningagreiðslna? Sérstaklega er óskað eftir sundurliðun á fjölda ferða stjórnenda og maka þeirra, svo og árlegum sundurliðuðum kostnaði við þær.
3. Hvaða reglur gilda um bifreiðahlunnindi og risnu- og ferðakostnað stjórnenda?
4. Hver var árlegur risnukostnaður 1993–97, að báðum árum meðtöldum, sundurliðaður eftir
   a. fastri risnu greiddri einstökum stjórnendum,
   b. risnu greiddri samkvæmt reikningi,
   c. helstu þáttum risnunnar og kostnaði við hvern þeirra, auk helstu tilefna hennar?
5. Hefur verið farið í laxveiðiferðir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins? Ef svo er, hvernig skiptist árlegur kostnaður af þeim sl. fimm ár milli laxveiðileyfa og annarra útgjalda? Hve margar ferðir voru farnar á ári hverju, hvert var farið, hverjir voru þátttakendur í slíkum ferðum og hver voru tilefni þeirra?
6. Hverjir taka ákvarðanir um ferðir stjórnenda erlendis og laxveiðar sé um þær að ræða?

Skriflegt svar óskast.

39. Fyrirspurn [39. mál]

til menntamálaráðherra um innheimtu gjalds fyrir endurtektarpróf.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hvernig hefur ástundun nemenda í framhaldsskólum breyst eftir að hafin var gjaldtaka af nemendum sem þreyta endurtektarpróf?
2. Hefur orðið fækkun á nemendum sem falla í áfanga eða bekk á tímabilinu?
3. Hversu mikið fé hefur verið innheimt vegna þessa (sundurliðað eftir námsönnum og skólum)?

Skriflegt svar óskast.

40. Fyrirspurn [40. mál]

til menntamálaráðherra um skipstjórnarnám.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hversu margir stunda nú skipstjórnarnám á 1., 2. og 3. stigi og hvar fer það nám fram?
2. Hversu margir hafa lokið skipstjórnarnámi undanfarin tíu ár, skipt eftir stigum og skólum?
3. Byggjast breytingar á skipstjórnarnámi á könnun um mannaflaþörf á næstu árum? Hvað var lagt til grundvallar og hvað er reiknað með að mikil þörf verði fyrir fólk með skipstjórnarmenntun á næstu árum?
4. Er þess gætt við þær breytingar sem eru að verða á skipstjórnarnámi að menntunin verði viðurkennd á EES-svæðinu?

Skriflegt svar óskast.

41. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um undirritun Kyoto-bókunarinnar.

Flm.: Ágúst Einarsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Svavar Gestsson, Svanfríður Jónasdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirrita nú þegar fyrir Íslands hönd Kyoto-bókunina, bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Greinargerð.

Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Bókunin, sem kennd er við Kyoto í Japan, var gerð í lok síðasta árs og markar tímamót í sögunni. Þar var ákveðin alþjóðleg stefna um að þjóðir heims skuldbindi sig til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið. Það voru um 160 ríki sem tóku þátt í samningsgerðinni og Ísland fékk hvað rúmastar heimildir allra þjóða. Þótt það hafi vitaskuld í för með sér stefnubreytingu hérlendis að mæta þessum kvöðum eigum við að taka þátt í því með öðrum þjóðum að stuðla að fullgildingu samningsins.

Með Kyoto-bókuninni skuldbinda iðnríkin sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þannig að hún verði 5,2% minni á tímabilinu 2008–2012 en hún var árið 1990. Árið 1990 er viðmiðunarár í samningnum. Skuldbindingarnar eru mismunandi milli einstakra ríka eða frá 8% minni losun upp í að heimila 10% meiri losun. Íslandi er heimil 10% meiri losun eða mest allra ríkja.

Samningurinn öðast gildi þegar a.m.k. 55 ríki hafa staðfest hann. Í þeim hópi verða að vera iðnríki sem eiga að minnsta kosti sök á 55% útblásturs í öllum iðnríkjunum. Nú þegar hafa nær öll ríki Evrópu undirritað samninginn, auk fjölmargra annarra ríkja. Íslensk stjórnvöld hafa sagst vilja bíða eftir framhaldsráðstefnu í Buenos Aires í nóvember áður en frekari ákvarðanir verða teknar. Það er þó ljóst að Íslendingar hafa þegar fengið viðurkennda sérstöðu sína og nú gildir að vinna út frá markmiðum ráðstefnunnar. Við eigum ekki að láta okkar eftir liggja.

Hérlendis hefur því verið haldið fram að öllum stóriðjuáformum sé teflt í hættu ef við gerumst aðilar að samningnum. Það er rangt. Við getum dregið úr útblæstri fiskiskipa og samgöngutækja með markvissum aðgerðum og dregið úr áhrifum mengunar með aukinni gróðurrækt og skógrækt, en landgræðsla og skógrækt eru rædd í tengslum við útfærslu Kyoto-bókunarinnar. Vitaskuld munum við grípa til sparnaðaraðgerða auk þess sem tækniframfarir leysa hluta af þessu vandamáli. Einnig er líklegt að ýmis áform um orkufrekan og útblástursmengandi iðnað verði endurmetin. Þannig er ljóst að við ráðum mjög vel við að uppfylla skilyrði Kyoto-bókunarinnar ef við mörkum okkur skynsamlega stefnu. Þess vegna er stefnuyfirlýsing af hálfu Alþingis nauðsynleg og skynsamlegt er að undirrita samninginn svo að hægt verði að hefja undirbúning að staðfestingu bókunarinnar, enda fylgjum við nágrannalöndunum með því.

Íslendingar munu vitaskuld taka virkan þátt í frekara starfi á vegum Sameinuðu þjóðanna á sviði umhverfismála. Allt aðrar aðstæður eru í heiminum nú en fyrir fimm til tíu árum. Við eigum að svara kalli tímans og stuðla að umhverfisvernd með öðrum þjóðum. Það mun hafa

jákvæð áhrif á lífskjör framtíðarinnar því að fáar þjóðir eiga meira undir því að það takist að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið.

42. Frumvarp til laga [42. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. mgr. 105. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til fylgiskjals.

Fylgiskjal I.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð okkur að vegna þess að sveitarstjórnarlög nr. 45/1998 voru lögformlega birt 5. júní 1998, þótt þau kvæðu á um að þau öðluðust gildi 1. júní 1998, þyki leika vafi á hvort lögin hafi öðlast gildi eða hvort þau geri það fyrst 1. október 1998. Í því skyni að eyða þessari réttaróvissu og tryggja eðlilega stjórnsýslu sveitarfélaganna ber brýna nauðsyn til að breyta gildistökuákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 þannig að þau öðlist án alls efa gildi nú þegar í samræmi við ótvíræðan vilja Alþingis, sbr. athugasemdir við 105. gr. frumvarps til sveitarstjórnarlaga.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

1. mgr. 105. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, orðast svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. júlí 1998.

Davíð Oddsson. **Ólafur G. Einarsson.** **Pétur Kr. Hafstein.**
(L. S.)

Páll Pétursson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Frumvarpið er til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 10. júlí 1998 en þau voru sett til að taka af tvímæli um gildistöku sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Samkvæmt ákvæðum laganna áttu þau að öðlast gildi 1. júní 1998. Þau voru hins vegar ekki lögformlega birt fyrr en 5. júní 1998. Í ljósi 7. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, mátti álykta að sveitarstjórnarlögin öðluðust ekki gildi fyrr en 1. október 1998. Með bráðabirgðalögunum voru tekin af öll tvímæli um að gildistaka sveitarstjórnarlaganna væri 10. júlí 1998 en ekki 1. október 1998.

Hvorki verður séð að skapast hafi kostnaðarauki fyrir ríkissjóð á ofangreindu tímabili né að samþykkt frumvarpsins skapi ríkissjóði útgjöld umfram það sem gerð var grein fyrir þegar frumvarp til sveitarstjórnarlaga var til meðferðar á síðasta þingi.

43. Frumvarp til laga [43. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Því fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

Með frumvarpi þessu er lagt til að brott falli 4. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Greinin kveður annars vegar á um rétt alþingismanns til leyfis frá opinberu starfi, sem hann gegnir, í allt að fimm ár frá þeim tíma er hann hlýtur kosningu og enn fremur um forgangsrétt að öðru jöfnu að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera þaðan í frá í önnur fimm ár. Hins vegar er ákvæði þess efnis að alþingismaður sem starfar hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku skuli njóta launa fyrir það starf samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærri en 50%.

Fyrra ákvæðið er nýmæli, kom fyrst í lög fyrir rúmum tveimur árum. Um það segir svo í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, sem síðar varð að núgildandi lögum: „Eðlilegt þykir að alþingismaður geti fengið leyfi frá störfum fram á annað kjörtímabil sitt, þ.e. að hann verði að sleppa starfinu ef hann er kosinn á Alþingi í annað sinn í röð. Sanngjarnt þykir líka að þingmaður, sem þannig verður að velja milli opinbers starfs og þingmennsku, hafi tryggingu fyrir hliðstæðu starfi hjá hinu opinbera í nokkurn tíma, fimm ár, ef hann afsalar sér því starfi sem hann er skipaður eða ráðinn í. Áherslu ber að leggja á í þessu sambandi að um lágmarksrétt alþingismanns er að ræða samkvæmt greininni og ekkert því til fyrirstöðu að hann njóti rýmri réttar ef stofnun ákveður svo, en dæmi eru um það, m.a. í Háskóla Íslands. Loks ber að nefna að í 48. gr. stjórnarskrárinnar voru ákvæði hliðstæð þessu, þ.e. að embættismenn, sem kosnir eru til Alþingis, þurfi ekki „leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna“. Málsgreinin, 2. mgr. 48. gr., var hins vegar felld brott með stjórnarskipunarlögum 1991.“

Um þetta ákvæði fórust framsögumanni, Geir H. Haarde, svo orð í ræðu sinni 15. júní 1995: „Ákvæðið um rétt alþingismanna til að fá leyfi frá opinberu starfi í allt að fimm ár til þess að gegna þingmennsku er nýtt. Það er hins vegar eðlilegt að dómi okkar flutningsmanna að afsali hann sér starfinu eftir fimm ára leyfi eigi hann að öðru jöfnu forgang í allt að fimm ár frá þeim tíma að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera. Hér er verið að tryggja opinberum starfsmönnum sem hljóta kosningu til Alþingis ákveðin lágmarksréttindi og er að okkar dómi eðlilegt að kveða á með skýrum hætti um slíkt í lögum, en á það hefur nokkuð skort að um þetta atriði væru skýr ákvæði.“

Í framangreindum rökstuðningi fyrir lagaákvæðinu er ekki að finna nein rök sem réttlæta að veita alþingismönnum sem áður störfuðu hjá hinu opinbera starfsöryggi í allt að tíu ár. Ekki hefur verið sýnt fram á að þeim alþingismönnum sé hættara við að missa þingsæti sitt en hinum sem áður störfuðu á almennum vinnumarkaði. Verður því ekki séð að ástæða sé til þess að grípa til mismununar af þessu tagi og því lagt til að ákvæðið sé fellt brott.

Þá er jafnræðis milli þegnanna ekki gætt í lagasetningunni og vafasamt verður að teljast að lagaákvæðið sé í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Því er umrætt lagaákvæði hvorki eðlilegt né sanngjarnt.

Eftir stendur þá að það verður samningsatriði milli viðkomandi stofnunar og alþingismannsins hvort hann heldur stöðu sinni, þó innan ramma gildandi lagaákvæða sem varða stofnunina. Eðlilegra verður að telja að í löggjöf um þingfararkaup séu almenn ákvæði um

starfsmöguleika þingmanna að lokinni þingmennsku, fremur en sérstök ákvæði í þágu fárra eins og nú er.

Síðara ákvæði lagagreinarinnar sem lagt er til að falli brott setur mörk á launagreiðslur til alþingismanns ef hann starfar hjá hinu opinbera jafnhliða þingmennskunni og er miðað við að laun hans verði að hámarki 50% af launum fyrir fullt starf. Ekki þykir eðlilegt að festa í lög ákvæði sem geta falið í sér að starfsmanni hins opinbera sé gert að vinna að einhverju leyti án þess að fá laun fyrir. Vinni starfsmaðurinn meira en hálft starf á hann að sjálfsögðu að fá laun í samræmi við starfshlutfall sitt. Lagaákvæðið gerir í raun upptæk laun fyrir vinnu umfram 50% af starfi. Slík lagasetning getur ekki talist samboðin lýðræðisríki og er því lagt til að ákvæðið sé fellt brott.

Það er hins vegar annað mál hvort eðlilegt er að alþingismenn hafi aðra launaða vinnu samhliða þingmennskunni og kemur til greina að reisa skorður við því. En á meðan ekki hafa verið settar almennar reglur þar um verða allir alþingismenn að sitja við sama borð í þessum efnum og eiga það við sig og kjósendur sína hvort þeir hafi annað starf samhliða þingmennskunni.

44. Frumvarp til laga [44. mál]

um afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28 4. febrúar 1952.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Lög um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28/1952, með síðari breytingu, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í ljós hefur komið að sveitarstjórnir nýta ekki heimild í lögunum um álagningu og innheimtu gjalds af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, öðrum en íslenskum kvikmyndum og fræðslumyndum, allt að 10%, sem verja skal til menningar- og líknarfélaga í viðkomandi sveitarfélagi. Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn flutningsmanns á síðasta þingi kom fram að leitað var upplýsinga frá öllum kaupstöðum landsins. Svör bárust frá 17 og í ljós kom að enginn þeirra nýtir sér þessa lagaheimild. Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður gerðu það en hættu því fyrir nokkrum árum. Þykir því ekki lengur forsenda fyrir umræddum lögum og er lagt til að þau verði afnumin. Frumvarpið var áður flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og er því endurflutt óbreytt.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um gjald af kvikmyndasýningum. Sjá þskj. 387 (244. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 2057–2058.

II. Lög um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28 4. febrúar 1952, með síðari breytingu.

45. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um vegtolla.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Árni M. Mathiesen, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort unnt sé að beita vegtollum til þess að draga úr þörf á gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd.

Vegtollum hefur verið beitt víða um lönd á undanförnum árum. Tilraunir hafa verið gerðar í Bretlandi til að koma á vegtollum í því skyni að fjármagna vegagerð, en án mikils árangurs. Í öðrum löndum hafa vegtollar hins vegar verið nýttir til þess að fjármagna uppbyggingu vegakerfisins, svo sem í Frakklandi og Noregi.

Hér á landi er hins vegar lítil hefð fyrir slíkri gjaldtöku. Hvalfjarðargöngin sem opnuð voru í júlí sl. eru gerð á grundvelli einkaframkvæmdar þar sem umferðin stendur undir stofnkostnaði og rekstri ganganna. Þau eru því til marks um að unnt er að beita gjaldtöku af umferð til þess að fjármagna þjóðhagslega hagkvæma fjárfestingu sem ella hefði verið erfitt.

Meira knýjandi en áður.

Þróun síðustu ára gerir það meira knýjandi en fyrr að leita nýrra leiða í umferðarmálum. Umferð bifreiða fer árlega mjög vaxandi. Slíkt veldur gríðarlegu álagi — þó oft tímabundnu — á vegi og önnur samgöngumannvirki. Umferðaröngþveiti skapast víða í borgum og bæjum stuttan tíma sólarhringsins, þegar fólk er á leið úr og í vinnu. Umferðaræðar ráða ekki við álagið og miklir og kostnaðarsamir umferðarhnútar myndast. Tilvik af þessu tagi eru að verða æ algengari á höfuðborgarsvæðinu og má segja að einkenni stórborgarlífsins séu þar að koma í ljós. Athyglisvert er að meðal þeirra atriða sem íbúar Reykjavíkur telja neikvæðust við búsetu sína eru einmitt þau er lúta að umferðarmálum og umferðaröryggi, samkvæmt viðhorfskönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir Byggðastofnun.

Hefðbundið svar við þessu hefur verið að fjárfesta í meiri vegagerð, mislægum gatnamótum, breiðari vegum og þar fram eftir götunum. Gífurlegt fjármagn hefur farið í að leysa umferðarvanda af þessu tagi.

Hugarfarsbreyting.

Á allra síðustu missirum og árum hefur hins vegar orðið þó nokkur hugarfarsbreyting í þessum efnum. Settar hafa verið kröfur um aðhald í ríkisrekstri og að ekki sé ráðist í ónauðsynlegar fjárfestingar. Þá hafa áhyggjur manna af umhverfinu aukist, vegna útblásturs og áhrifa mannvirkja á það.

Af þessum sökum hafa hugmyndir um að beita vegtollum sem hagstjórnartækjum eflst. Mismunandi veggjald eftir álagstímum gæti stýrt umferðarþunganum og dreift honum yfir lengri tíma. Þannig mætti koma í veg fyrir umferðaröngþveiti, spara hinu opinbera fjárfestingar í ónauðsynlegum umferðarmannvirkjum og verja því fjármagni til annarra hluta. Þessu mætti auðvitað koma við með hefðbundinni innheimtu slíkra gjalda, en hitt er líklegra til árangurs að nýta sér það að rafeindatækni auðveldar okkur að verðleggja umferð í því skyni að hafa áhrif á hana. Þannig mætti hækka veggjöldin þegar umferð er mikil en draga að sama skapi úr gjaldtökunni þegar færri bílar eru á ferð.

Dregur úr mengun.

Jafnframt því að slík gjaldtaka gæti vitaskuld stuðlað að betri nýtingu fjárfestingar má gera ráð fyrir að hún hefði í för með sér minnkandi útblástur frá samgöngutækjum. Alþjóðlegar skuldbindingar okkar í kjölfar Kyoto-ráðstefnunnar gera það að verkum að afar brýnt er að hyggja að slíku hvar sem því verður við komið, án þess að af hljótist óbærilegur þjóðfélagslegur kostnaður, sérstaklega í ljósi þess að áætlað er að um þriðjungur útstreymis koldíoxíðs komi frá innanlandssamgöngum.

Hugmyndir af þessu tagi eru mjög ofarlega á dagskrá í þjóðfélagsumræðunni víða um lönd. Hinn 6. desember sl. var mjög ítarlega fjallað um málið í hinu virta breska fréttatímariti The Economist. Þar var m.a. bent á að hugmyndum af þessu tagi hefði sums staðar verið hrint í framkvæmd. Dæmi um það má finna frá Frakklandi. Eigandi þjóðvegarins A1 norður frá París og í átt til borgarinnar Lille hóf að beita mismunandi vegtollum til þess að draga úr sunnudagsumferð sem vegurinn réð ekki við. Árangurinn lét ekki á sér standa, umferðin dróst saman um 15% og umferðaröngþveitið hvarf. Í Noregi hefur mismunandi gjaldtöku verið beitt til þess að dreifa umferð með svo góðum árangri að yfirvöld þar í landi hyggja nú að því hvernig beita megi slíkri gjaldtöku víðar. Frá og með árinu 2001 verður veggjöldum beitt í Hollandi til þess að draga úr umferð inn í stórborgir og fleiri dæmi af þessu tagi má nefna.

Af þessu má sjá að hér er ekki verið að ræða um hefðbundna gjaldtöku af umferð til þess að standa undir fjárfestingu í umferðarmannvirkjum. Markmiðið er ekki síður hitt, eins og fram kemur í ályktunartextanum, að minnka þörf fyrir fjárfestingu í vegamálum og draga úr mengun.

Ábending Gary S. Becker.

Hinn heimsþekkti hagfræðingur og nóbelsverðlaunahafi Gary S. Becker ritaði grein um þessi mál í bandaríska vikuritið Business Week, 18. maí sl. Þar vekur hann einmitt athygli á þeim dulda kostnaði sem umferðarhnútar hafa í för með sér. Í grein hans kemur fram að kostnaður vegna umferðartafa í Evrópu sé um 100 milljarðar Bandaríkjadala, 7.000 milljarðar króna, á ári. Þar er tekið tillit til kostnaðar sem stafar af mengun af útblæstri bifreiða, hávaðamengunar sem bregðast þarf við í byggingum og þess tíma sem fólk ver í einskis nýta bið sem stafar af hægfara umferð. Hann segir það mun betri kost að beita vegtollum til þess að útrýma umferðaröngþveiti en að leggja eingöngu áherslu á fjárfestingar í nýjum umferðarmannvirkjum. Ábending hans er sú að vegtollar geti verið misháir til þess að vinna á móti hættunni á tímabundinni umferðarþröng. Þannig sé hægt að dreifa umferðinni og koma í veg fyrir umferðarhnúta. Í þessu sambandi vitnar Becker til þýskrar könnunar sem sýnir að unnt sé að dreifa umferðinni mjög með því að beita mismunandi vegtollum.

Að mörgu að hyggja.

Ljóst er að margvísleg vandamál þarf að yfirstíga áður en hugmyndum af þessu tagi er hrint í framkvæmd. Fyrir liggur að tæknilega er unnt að standa þannig að málum að mismunandi veggjöld séu innheimt. Slík gjaldtaka, sem kæmi vitaskuld að einhverju leyti í stað núverandi fjáröflunar til vegagerðar, gæti hins vegar vakið pólitískar og jafnvel siðferðilegar spurningar sem leysa þyrfti úr. Því er lagt til að þessi mál séu skoðuð til þess að fá úr því skorið hvort skynsamlegt sé að hrinda þeim í framkvæmd.

46. Frumvarp til laga [46. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

Við 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er sala veiðileyfa í ám og vötnum einnig skattskyld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt telst fasteignaleiga til starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti. Skattyfirvöld hafa túlkað framangreint ákvæði svo að öll sala veiðileyfa teljist leiga fasteignar nema veiðileyfin séu háð aflamarki. Af þeim sökum er öll sala veiðileyfa í laxveiðiám án virðisaukaskatts en ljóst er að ríkissjóður verður af verulegum fjárhæðum vegna þessa fyrirkomulags.

Þegar frumvarp til laga um virðisaukaskatt var lagt fram í upphafi var gert ráð fyrir að sala veiðileyfa væri virðisaukaskattsskyld starfsemi. Þegar frumvarpið var svo lagt fram á 110. löggjafarþingi 1987–88 voru gerðar breytingar á 2. gr. þess að undirlagi meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar sem víkkaði mjög út gildissvið undanþágu 8. tölul. 3. mgr. þeirrar greinar. Í stað undanþágu fyrir útleigu íbúðarhúsnæðis var ákvæðið látið ná til fasteignaleigu sem slíkrar.

Í áliti meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar (þskj. 1005) er þess ekki sérstaklega getið að breytingin taki til sölu veiðileyfa en í umræðum á þinginu vék framsögumaður meiri hluta nefndarinnar lítillega að því í ræðu sinni þar sem hann gat um áhyggjur Landssambands veiðifélaga af tekjurýrnun vegna álagningar virðisaukaskatts á veiðileyfi.

Ef frumvarpið verður að lögum fellur 24,5% virðisaukaskattur á alla sölu veiðileyfa í ám og vötnum, sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna, með áorðnum breytingum, en frumvarpið gerir ráð fyrir að sala veiðileyfa í ám og vötnum teljist virðisaukaskattsskyld starfsemi þrátt fyrir að fasteignaleiga sé að öðru leyti undanþegin virðisaukaskatti.

Mikilvægt er að sem fæstar undanþágur séu í virðisaukaskattskerfinu, enda er hér um mikilvægasta skattstofn ríkisins að ræða og ekki síður er það staðreynd að allar undanþágur

auka möguleika á skattundandrætti. Undanþágur sem nú eru í virðisaukaskattskerfinu lúta aðallega að þjónustu heilbrigðisstofnana, félagslegri þjónustu, rekstri menntastofnana, menningu og listum og góðgerðarstarfsemi. Nauðþurftir heimilanna, svo sem matvara og ýmis þjónusta, er virðisaukaskattsskyld. Fátt getur réttlætt að laxveiðileyfi séu undanþegin virðisaukaskatti á sama tíma og brýnustu nauðþurftir heimilanna bera slíkan skatt. Því er þessi tillaga flutt sem ætla má að gefi ríkissjóði í auknar tekjur 75–100 millj. kr. sem telja verður betur varið til ýmissa þarfra verkefna á sviði félags- eða heilbrigðismála.

47. Fyrirspurn [47. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðsluþátttöku sjúklinga vegna hjálpartækja.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hafa orðið breytingar á síðustu tveimur árum á reglum um greiðsluþátttöku sjúklinga vegna hjálpartækja? Ef svo er, í hverju eru þær breytingar fólgnar, hvenær voru þær gerðar og hver eru heildaráhrif þeirra og áhrif á einstaka greiðsluflokka?

Skriflegt svar óskast.

48. Fyrirspurn [48. mál]

til félagsmálaráðherra um endurskoðun hjúalaga.

Frá Svavari Gestssyni.

Hefur félagsmálaráðherra ákveðið að láta fara fram endurskoðun hjúalaga?

49. Fyrirspurn [49. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert hefur hlutfall virðisaukaskatts af innlendri starfsemi verið í heildarinnheimtu virðisaukaskattsins árlega sl. átta ár?
2. Hvaða skýringu hefur fjármálaráðherra á lækkandi hlutfalli virðisaukaskatts af innlendri starfsemi? Eru áform um að bregðast við þeirri þróun?

3. Er ætlunin að herða eftirlit með virðisaukaskattsskilum gjaldskyldra aðila, m.a. til að sporna við innskattssvikum? Ef svo er, hvernig?
4. Er ástæða til að ætla að um aukin virðisaukaskattssvik sé að ræða? Eru áform um að gera könnun á því hvort svo sé og hvers vegna?
5. Er ráðherra sammála því mati sem fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar í maí sl. að fjölgun starfsmanna við skatteftirlit muni fljótt skila sér í aukinni og bættri innheimtu? Ef svo er, er það ætlunin að fjölga í starfsliði við skatteftirlit og skattrannsóknir?
6. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við þeim ábendingum um virðisaukaskattskerfið sem fram komu í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá maí 1998?

Skriflegt svar óskast.

50. Fyrirspurn [50. mál]

til sjávarútvegsráðherra um áhrif hvalveiðibanns.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver verða áhrif þess á einstaka nytjastofna við Íslandsstrendur að viðhalda banni við hvalveiðum?
2. Hver gætu orðið efnahagsleg áhrif áframhaldandi hvalveiðibanns?

51. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [51. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir.

1. gr.

51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Ráðherrar mega ekki eiga sæti á Alþingi. Þó eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja og svara fyrirspurnum, en gæta verða þeir þingskapa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslenskt réttarríki byggist á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnar-

skrárinnar. Hugsunin með slíkri skiptingu var að hver valdhafi um sig takmarkaði vald hins, en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig átti þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá okkar byggist á þessum hugmyndum gerir hún samt ráð fyrir að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn. Aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er því í raun ekki eins mikill og 2. gr. stjórnarskrárinnar áskilur.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu við þingmál fari fram í þingnefndum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að ráðherrar eiga ekki sæti í nefndum þingsins. Núverandi fyrirkomulag leiðir því til þess að um sjötti hluti þingheims er ekki nema að litlu leyti virkur í þingstarfinu. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er lagt til að ráðherrar geti ekki átt sæti á þingi þann tíma er þeir gegna ráðherradómi. Jafnhliða þeirri breytingu, sem frumvarpið mælir fyrir um, telur flutningsmaður rétt að skoða hvort ástæða sé til að fækka þingmönnum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði sú að um leið og forseti hefur skipað alþingismann ráðherra taki varamaður sæti ráðherrans á þingi. Ráðherra á hins vegar rétt á þingsæti sínu aftur jafnskjótt og hann lætur af ráðherradómi ef þing hefur ekki verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Með þessu móti munu allir sem sæti eiga á Alþingi hverju sinni geta sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir að ráðherrar geti tekið þátt í umræðum á þingi og svarað fyrirspurnum samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar um í þingsköpum. Sú breyting á stjórnarskránni, sem hér er lögð til, á sér hliðstæðu bæði í Noregi og Svíþjóð þar sem slíkt fyrirkomulag þykir hafa gefist mjög vel.

52. Fyrirspurn [52. mál]

til heilbrigðisráðherra um eignarrétt á upplýsingum í sjúkraskrám.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Er ráðherra samþykkur því, með tilliti til umfjöllunar Alþingis um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga (260. mál á 121. löggjafarþingi) og ákvæða laga nr. 74/1997, að hver sjúklingur eigi þær upplýsingar í sjúkraskrá sem hann varða og hann hefur látið heilbrigðisstarfsmönnum í té?

53. Fyrirspurn [53. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um upplýsingar um lyfjanotkun í gagnagrunn.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hefur verið leitað álits Tryggingastofnunar ríkisins, Lyfjaeftirlits ríkisins, Lyfjanefndar ríkisins, Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands á hugmyndum um að upplýsingar um lyfjanotkun einstaklinga og þjóðarinnar í heild verði settar í miðlægan gagnagrunn?

Liggi álit ofangreindra aðila fyrir er óskað eftir að skýrt sé frá meginniðurstöðum þeirra.

54. Fyrirspurn [54. mál]

til dómsmálaráðherra um gjafsóknir.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Í hve mörgum málum var veitt gjafsókn árin 1996 og 1997?
2. Hvers konar mál fengu gjafsókn, flokkuð eftir eðli mála (prófmál, einkamál, opinber mál eða annað)?
3. Hvaða ástæður voru fyrir því að leyfi var veitt til gjafsóknar?

55. Fyrirspurn [55. mál]

til utanríkisráðherra um verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvaða árangri hafa þær breytingar sem nýlega voru gerðar á rekstri verslunar og þjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar skilað?

Skriflegt svar óskast.

56. Fyrirspurn [56. mál]

til dómsmálaráðherra um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hverju hafa söfnunarkassar og happdrættisvélar skilað ÍSK og HÍ í peningum ár hvert, og það sem af er þessu ári, frá setningu laga þar um árið 1994?

Skriflegt svar óskast.

57. Fyrirspurn [57. mál]

til heilbrigðisráðherra um miðlægan gagnagrunn og vísindasiðanefnd.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað veldur því að ráðherra ætlar að hafa að engu álit vísindasiðanefndar á hugmyndum ráðuneytisins um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði?
2. Telur ráðherra sér stætt á því að ganga gegn áliti nefndarinnar, sbr. umsögn hennar til ráðuneytisins, dags. 3. sept. 1998, og ákvæði laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, og reglugerðar um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 449 frá 4. júlí 1997?
3. Hver var tilgangur með skipun nefndarinnar ef ekki á að fela henni að fjalla um rannsóknir sem byggjast á upplýsingum úr miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði, ef heimilaður verður að lögum, heldur setja þau mál í allt annan farveg?

58. Fyrirspurn [58. mál]

til heilbrigðisráðherra um miðlægan gagnagrunn og tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins, nr. R (97) 18.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Telur ráðherra að framkomnar hugmyndir um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði samræmist tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins, nr. R (97) 18 frá 30. september 1997, og greinargerð með þeim (explanatory memorandum) „um vernd persónuupplýsinga sem safnað er og unnar eru í tölfræðilegum tilgangi“ (the protection of personal data collected and processed for statistical purposes)?

59. Fyrirspurn [59. mál]

til viðskiptaráðherra um gagnagrunn á heilbrigðissviði og samkeppnisreglur.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hefur ráðherra hlutast til um, eða hefur áform um, að afla álits Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort hugmyndir heilbrigðisráðuneytisins um gagnagrunn á heilbrigðissviði og veitingu rekstrarleyfis til eins aðila fari í bága við samkeppnisreglur EES, reglur um útboð og reglur um ríkisaðstoð?
2. Hafi álits þegar verið leitað hjá Eftirlitsstofnun EFTA, hver eru þá viðbrögð stofnunarinnar?

60. Fyrirspurn [60. mál]

til dómsmálaráðherra um viðbrögð við ályktun fulltrúa ESB- og EES-ríkja um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hver eru viðbrögð dómsmálaráðuneytisins við ályktun fulltrúa Evrópusambands- og EES-ríkja (Data Protection Commissioners) á 20. alþjóðaráðstefnunni um öryggi tölvugagna, 16.–18. september 1998, þar sem lýst er miklum áhyggjum af áformum um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði hérlendis?

61. Frumvarp til laga [61. mál]

um húsnæðissparnaðarreikninga.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson.

1. gr.

Innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikninga skapa rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 1. gr. þeirra laga.

2. gr.

Húsnæðissparnaðarreikninga geta þeir menn, er um ræðir í 1. gr. og náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu, stofnað með samningi við innlendar innlánsstofnanir og verðbréfafyrirtæki.

Í samningnum skal kveðið á um reglubundinn sparnað allan binditíma reikningsins skv. 3. gr. Á hverju heilu tekjuári skal lágmarksfjárhæð vera 48.000 kr. en hámarksfjárhæð 480.000 kr. Sparifé leggist inn á reikninginn eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi almanaksársins og nemi á ársfjórðungi eigi lægri fjárhæð en 12.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 120.000 kr.

Samið skal fyrir fram til a.m.k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga.

Hver maður getur aðeins átt einn húsnæðissparnaðarreikning í senn.

3. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu bundnir til tíu ára, talið frá upphafi þess mánaðar er sparnaður hófst. Að þeim tíma liðnum er innstæða til frjálsrar ráðstöfunar reikningseiganda með þeim takmörkunum sem greinir í 3. mgr. Þeir sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar geta þó fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum. Framlengja má binditíma umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár.

Kaupi reikningseigandi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis skal innstæðan þó laus frá þeim tíma er hann staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að bygging sé hafin, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í endurbætur eða viðhald á eigin íbúðarhúsnæði, þó skal heildarkostnaður nema að lágmarki 5% af fasteignamati. Úttektarfjárhæð má eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar eða viðhaldið.

Ráðstafi reikningseigandi innstæðu til annarra nota en til öflunar íbúðarhúsnæðis skal skattafslátturinn endurgreiddur framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, frá því ári sem innstæðan skapaði rétt til skattafsláttar að viðbættum vöxtum sem skulu vera jafnháir hæstu vöxtum bundinna sparireikninga á hverjum tíma til greiðsludags.

4. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar eru sérstakir reikningar við innlendar innlánsstofnanir og verðbréfafyrirtæki sem bera skulu nafn og kennitölu eiganda. Bankar eða sparisjóðir skulu ókeypis og ótilkvaddir afhenda skattstjóra upplýsingar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður um innstæður hvers manns á slíkum reikningi, um innlegg á og úttekt af slíkum reikningum á árinu og önnur atriði er máli skipta.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu á hverjum tíma njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga í viðkomandi banka eða sparisjóði.

Í samningi um húsnæðissparnaðarreikning skal tekið fram hvort reikningseigandi eigi við úttekt af reikningnum rétt á láni frá viðkomandi banka eða sparisjóði, hvert hlutfall það lán sé af innstæðunni og með hvaða kjörum slík lán standi til boða.

Óski innlánsstofnun eða verðbréfafyrirtæki eftir að stofna innlánaflokk húsnæðissparnaðarreikninga í samræmi við ákvæði laga þessara skal hann fyrir fram leita staðfestingar fjármálaráðherra á að fyrirhugað reikningsform fullnægi skilyrðum laganna.

5. gr.

Dragist innborgun umsamins innleggs eða hluta þess fram yfir lok ársfjórðungs er það skyldi lagt inn samkvæmt samningi við banka eða sparisjóð skv. 2. gr. skapar sá hluti innleggs, sem dregst fram yfir lok ársfjórðungs, ekki rétt til skattafsláttar.

Hafi ekki verið gerð skil á öllu umsömdu innleggi fyrir lok almanaksárs skapar innlegg ársins engan rétt til skattafsláttar og skal skattstjóri þá gera reikningseiganda að endurgreiða þann skattafslátt sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn á næstu tveimur árum þar á undan að viðbættu 25% álagi. Sama gildir brjóti reikningseigandi að öðru leyti í verulegum atriðum þau skilyrði sem um reikningana gilda.

Hafi gjaldþol manns skerst verulega vegna þeirra atvika er greinir í 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir að samið var um stofnun húsnæðissparnaðarreiknings skulu ákvæði 2. mgr. þó ekki gilda ef ætla má að þessi atvik hafi gert honum ókleift að standa við samning um reglubundinn sparnað.

Brot á samningi um reglubundinn sparnað breytir engu um binditíma reiknings skv. 3. gr.

6. gr.

Reikningseigandi getur ekki framselt, veðsett né á annan hátt ráðstafað innstæðu sinni á húsnæðissparnaðarreikningi. Innstæðan er undanþegin aðför skuldheimtumanna. Verði

reikningseigandi gjaldþrota fellur binding innstæðu niður. Við andlát innstæðueiganda rennur innstæðan til dánarbúsins án bindingar. Komi til skilnaðar má skipta inneign á reikningum milli hjónanna en slík skipting hefur engin áhrif á binditíma reikninganna.

7. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu úr nefnd. Greinargerð og athugasemdir við einstakar greinar eru óbreyttar og vísast til þskj. 1096 (640. mál 122. löggjafarþings). Sjá A-deild Alþt. 1997–98, bls. 4593–4599.

62. Fyrirspurn [62 mál]

til heilbrigðisráðherra um persónuvernd og gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hefur ráðherra hlutast til um að leitað verði álits sérfróðra aðila, innlendra og erlendra, t.d. innan Evrópuráðsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, um álitaefni er snerta persónuvernd og hugmyndir heilbrigðisráðuneytisins um gagnagrunn á heilbrigðissviði?
2. Ef slíks álits hefur ekki verið leitað, hvenær er þá fyrirhugað að gera það og til hverra verður leitað?

63. Fyrirspurn [63. mál]

til samgönguráðherra um rekstrarkostnað Vegagerðarinnar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru laun, lífeyrisréttindi og önnur starfskjör stjórnenda Vegagerðarinnar, sundurliðað eftir stöðuheitum, fjölda stjórnenda, kynjum, föstum launum, öðrum greiðslum eins og stjórnargreiðslum og hvers konar þókunum og hlunnindum, þ.m.t. bílahlunnindum og risnu, á árunum 1993–97?
2. Hver hefur verið kostnaður af utanlandsferðum árlega 1993–97, að báðum árum meðtöldum, hve margar ferðir voru farnar hvert árið um sig og hvernig sundurliðast kostn-

aðurinn eftir flugfargjöldum, gistikostnaði og dagpeningagreiðslum? — Sérstaklega er óskað eftir sundurliðun á fjölda ferða stjórnenda, og maka þeirra sé um það að ræða, og tilgreindur árlegur sundurliðaður kostnaður við þær.
3. Hvaða reglur gilda um bifreiðahlunnindi, risnu- og ferðakostnað stjórnenda?
4. Hver var árlegur risnukostnaður 1993–97, að báðum árum meðtöldum:
   a. föst risna greidd einstökum stjórnendum,
   b. risna greidd samkvæmt reikningi?
   Óskað er eftir sundurgreiningu á helstu þáttum risnunnar og kostnaði við hvern þeirra, auk helstu tilefna risnunnar.
5. Hefur verið farið í laxveiðiferðir á vegum Vegagerðarinnar? Ef svo er, hvernig skiptist árlegur kostnaður af þeim sl. 5 ár milli laxveiðileyfa og annarra útgjalda vegna ferðanna? Hve margar ferðir voru farnar á ári hverju, hvert var farið, hverjir voru þátttakendur í slíkum ferðum og hver voru tilefni þeirra?
6. Hverjir taka ákvarðanir um ferðir stjórnenda til útlanda og laxveiðar sé um þær að ræða?

Skriflegt svar óskast.

64. Frumvarp til laga [64. mál]

um breytingu á lögum nr. 88 27. maí 1997, um fjárreiður ríkisins.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Einarsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Kristín Halldórsdóttir, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ársreikningi ríkisaðila skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiða-, ferða- og risnukostnað. Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

1. Launagreiðslur:
   a. Heildarlaunagreiðslur.
   b. Föst yfirvinna.
   c. Önnur yfirvinna.
   d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
   e. Upplýsingar um starfsmannafjölda.
   f. Starfskjör stjórnenda.
2. Bifreiðakostnaður:
   a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
   b. Notkun bílaleigubifreiða.
   c. Notkun leigubifreiða.

d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.
e. Bifreiðakostnaður stjórnenda.

3. Risnukostnaður:
a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
b. Risna greidd samkvæmt reikningi.
c. Sundurliðun á helstu þáttum risnu og helstu tilefni hennar.

4. Ferðakostnaður:
a. Ferðakostnaður innan lands, þar með talin sundurliðun á dagpeningum, gistikostnaði og ferðakostnaði.
b. Ferðakostnaður utan lands, þar með talin sundurliðun á dagpeningum, gistikostnaði og ferðakostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands á árinu 1983, sbr. lög nr. 35–37/1983 og 39/1983. Með breytingunum var skylda sú sem felst í frumvarpinu lögð á viðkomandi stofnanir. Þegar sett voru ný lög um viðskiptabanka, nr. 86/1986, og um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, var slíkt ákvæði ekki í lögunum en var í reglugerð um ársreikninga bankanna sem sett var með stoð í lögunum. Þessi ákvæði er hins vegar ekki að finna í núgildandi reglugerð um ársreikninga bankanna. Í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað undanfarið um risnu-, ferða- og bifreiðakostnað og starfskjör stjórnenda Landsbanka Íslands hf. þykir eðlilegt að setja slík ákvæði á ný í íslenska löggjöf. Jafnframt verður að telja rétt að láta sambærileg ákvæði gilda um ársreikninga annarra ríkisaðila, eins og þeir eru skilgreindir samkvæmt lögunum, en með setningu laganna um fjárreiður ríkisins var fellt út ákvæði sem var í 79. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, sem laut að skyldu ráðuneyta og ríkisstofnana til að leggja fram yfirlit sambærilegt við það sem í frumvarpi þessu greinir.

65. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um úttekt á hávaða- og hljóðmengun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram víðtæka úttekt á hávaða- og hljóðmengun hérlendis og leggja fyrir næsta þing niðurstöður hennar og tillögur til úrbóta.

Greinargerð.

Hávaði og hljóðmengun af margvíslegu tagi fer vaxandi ár frá ári. Þar er ekki aðeins um að ræða hávaða frá umferð og atvinnurekstri heldur einnig tónlist og talað orð úr hátölurum á almannafæri, í almenningsfarartækjum, verslunum, veitinga- og samkomuhúsum, líkamsræktarstöðvum og á útivistarsvæðum ætluðum almenningi. Hljóðmengun yfir ákveðnum mörkum getur verið heilsuspillandi, valdið skemmdum á heyrn auk truflunar og margvíslegra sálrænna áhrifa sem valdið geta andlegri vanlíðan. Því er brýnt að af opinberri hálfu sé unnið skipulega gegn óþörfum og truflandi hávaða til verndar heilsu manna og til að tryggja rétt einstaklingsins til ómengaðs umhverfis. Hávaði frá tólum og tækjum er röskun sem halda ber í lágmarki og enginn á að þurfa að þola síbylju úr hátölurum í formi talaðs orðs eða hljómflutnings sem hann kærir sig ekki um. Þar sem margir koma saman á réttur minni hluta gagnvart hljóðmengun að vera jafnríkur og meiri hluta, jafnt á vinnustað sem á almannafæri.

Undanfarið hafa orðið miklar umræður um hávaðamengun frá umferð. Talið er að allt að 1.700 íbúðir í Reykjavík séu þannig staðsettar að hávaði við húsvegg sé óleyfilegur og dæmi eru um svo mikinn hávaða í íbúðarhúsnæði að heilu fjölskyldurnar sofa ekki á nóttunni nema með því að taka sterkar svefntöflur.

Yfirvöld eru nú orðin mun meðvitaðri en áður um skaðsemi hljóðmengunar og má í því sambandi nefna að 16. júlí 1996 samþykkti borgarráð að veita aukið fé til embættis borgarverkfræðings til að flýta gerð tillagna um hvernig megi bregðast við umferðarhávaða í ýmsum hverfum Reykjavíkur.

Samkvæmt upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins hefur aldrei verið gerð heildarúttekt á hávaða á Íslandi, en talið er víst að hérlendis búi margir við hávaða sem er langt yfir settum viðmiðunarmörkum. Telja verður mjög brýnt að gerð verði úttekt á hávaða þannig að unnt sé að leggja grunn að úrbótum. Þar við bætist þörfin á að settar verði reglur til að vernda fólk fyrir hávaða á almannafæri, en í því skyni getur einnig verið þörf á könnun á ríkjandi aðstæðum.

Um hávaðamengun hefur áður verið fjallað og ályktað á Alþingi. Á 110. löggjafarþingi var samþykkt svohljóðandi þingsályktunartillaga sem flutt var af Ragnari Arnalds og fleiri þingmönnum: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun.“ Í greinargerð með tillögunni var vitnað til blaðagreinar sem Steingrímur G. Kristjánsson ritaði í Morgunblaðið 24. september 1987.

Þann 30. apríl 1992 svaraði forsætisráðherra fyrirspurn á Alþingi um hvað liði samningu frumvarps um þetta efni. Í svarinu kom fram að ekki væri talin þörf á nýrri löggjöf á þessu sviði. Í því sambandi vísaði ráðherra til laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og mengunarvarnareglugerðar, nr. 386/1989, með síðari breytingum, sem og heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, með síðari breytingum. Síðastliðinn vetur voru samþykkt ný lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og er mengun skilgreind í 3. gr. laganna og kemur þar fram að með mengun er m.a. átt við hávaða.

Samkvæmt þessu hefur það verið mat framkvæmdarvaldsins að ekki skorti lagaheimildir til að bregðast við hávaða- og hljóðmengun. Það breytir ekki þeirri staðreynd að í íslenskum rétti er ekki að finna um þetta efni heildarlöggjöf sem kann að vera æskileg til að tryggja betur en nú er réttarstöðu manna gagnvart hávaða- og hljóðmengun og auðvelda um leið framkvæmdarvaldinu aðhald og eftirlit.

Flutningsmenn hafa látið kanna hvar er að finna helstu laga- og reglugerðarákvæði um hávaðamengun (sjá fylgiskjal I).

Á þessu stigi er brýnast að aflað verði glöggra upplýsinga um ástand þessara mála hér á landi til að undirbúa aðgerðir og réttarbætur til að verjast óæskilegri og sívaxandi hávaða- og hljóðmengun á almannafæri.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Helstu reglur sem gilda um hávaðamengun samkvæmt íslenskum rétti. (Sjá þskj. 74 (74. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 810–812.)
II. Enginn friður. Úttekt blaðamanns (Kristín Marja Baldursdóttir, Mbl. 9. ágúst 1998).
III. Hávaði er heilsuspillandi (leiðari, Mbl. 11. ágúst 1998).

66. Frumvarp til laga [66. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson,
Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Margrét Frímannsdóttir, Pétur H. Blöndal,
Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Við 2. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Enn fremur skal fylgja álitinu mat á stöðu kynjanna á viðkomandi sviði og hvaða áhrif ný lög eða ályktun hafi á þá stöðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

2. mgr. 30 gr. laga um þingsköp Alþingis hljóðar svo: „Mæli nefnd með samþykkt lagafrumvarps eða þingsályktunartillögu skal hún láta prenta með áliti sínu áætlun um þann kostnað sem hún telur ný lög eða ályktun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð.“ Með þessu frumvarpi er lögð til sú breyting á 30. gr. að nefndum sé gert skylt að hafa stöðu kynjanna í huga við afgreiðslu mála á sama hátt og þeim er skylt að leggja mat á kostnað vegna framkvæmdar nýrrar lagasetningar eða ályktana.

Saga kvennabaráttunnar er vörðuð mörgum smáum og stórum sigrum sem hver um sig hefur fært okkur nær markinu um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Á lagalega sviðinu er nú svo komið að Íslendingar standa sig með miklum ágætum og hafa fengið lof fyrir frammistöðu sína hjá alþjóðaeftirlitsaðilum. Sú var niðurstaðan eftir úttekt, skýrslugerð

og yfirheyrslur í tengslum við undirbúning fyrir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kína 1995 og eftirfylgni að henni lokinni. Þeirri staðreynd ber vissulega að fagna, en lög og raunveruleiki eru sitt hvað og áreiðanlega taka flestir undir þá fullyrðingu að hér sé um að ræða jafnrétti í orði en því miður ekki á borði. Það er engin ástæða til að slaka á þótt löggjöf teljist í lagi meðan raunveruleikinn talar öðru máli. Staða kynjanna er enn langt frá því að vera sambærileg og því þarf sífellt að velta upp nýjum flötum og leita nýrra leiða.

Á síðustu árum hefur sú stefna rutt sér æ meira til rúms víða um lönd að flétta þurfi jafnréttisbaráttuna sem mest inn í alla aðra þætti mannlegra samskipta, stjórnunar og hvers konar starfsemi í stað þess að afgreiða hana sem einhvers konar sérfyrirbæri eins og mörgum hættir til. Umræðan þarf að vera sívakandi, sífellt þarf að meta stöðu kynjanna á öllum sviðum og leita leiða til að jafna hana. Alþingi og framkvæmdarvaldið hljóta að ganga á undan með góðu fordæmi og sýna þann vilja sinn í verki sem lýst er í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Einnig er rétt að minna á 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem hljóðar svo:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Tilgangur þessa frumvarps er að tryggja sífellda áminningu um stöðu kynjanna og skuldbindingar löggjafans um leiðréttingu á þeirri stöðu.

67. Fyrirspurn [67. mál]

til utanríkisráðherra um afgreiðslu skýrslu frá nóvember 1995 um frísvæði á Suðurnesjum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hefur ráðherra tekið afstöðu til skýrslu frá nóvember 1995 um frísvæði á Suðurnesjum og ef svo er, hver er hún?
2. Hefur einhver athugun á gagnsemi frísvæða eða frísamninga við fyrirtæki farið fram á vegum ráðuneytisins eftir að umrædd skýrsla var afhent?
3. Hefur einhver vinna farið fram á vegum ráðuneytisins um annars konar frísvæði eða frísamninga við erlenda aðila, eins og stofnun kvikmyndavera?

68. Fyrirspurn [68. mál]

til viðskiptaráðherra um hugmyndir um starfsemi erlendra kvikmyndavera á Íslandi.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Er fyrirhugað að gera einhvers konar frísvæðasamning um kvikmyndaiðnað á Íslandi?

2. Hefur skýrsla um frísvæði á Suðurnesjum sem afhent var utanríkisráðherra 15. nóvember 1995 verið skoðuð af viðskiptaráðuneytinu þannig að kvikmyndaver gæti risið á grunni niðurstaðna hennar?
3. Er fyrirhugað að leggja fram frumvarp til laga sem geri mögulegt að fyrirtæki eins og kvikmyndaver hefðu frísvæðakjör hér á landi?

69. Fyrirspurn [69. mál]

til viðskiptaráðherra um íbúð Búnaðarbankans í Lundúnum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir hafa fengið afnot af íbúð Búnaðarbankans í Lundúnum frá því að hún var tekin á leigu?
2. Hversu margir þeirra voru:
   a. almennir starfsmenn bankans,
   b. yfirmenn í bankanum aðrir en bankastjórar,
   c. bankastjórar,
   d. bankaráðsmenn,
   e. ráðherrar,
   f. alþingismenn,
   g. ættingjar starfsmanna,
   h. ættingjar bankastjóra,
   i. ættingjar bankaráðsmanna,
   j. aðrir?

Skriflegt svar óskast.

70. Fyrirspurn [70. mál]

til viðskiptaráðherra um samninga við bankastjóra Búnaðarbanka Íslands.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Voru gerðir samningar við starfandi bankastjóra Búnaðarbanka Íslands þegar honum var breytt í hlutafélag?
2. Ef svo var, í hverju voru þeir fólgnir? Var kveðið á um lífeyrismál, starfslokagreiðslur eða hlunnindi í þessum samningum?

3. Hversu mikið munu þessir samningar við bankastjórana kosta bankann á ári?

Skriflegt svar óskast.

71. Fyrirspurn [71. mál]

til viðskiptaráðherra um samninga við bankastjóra Landsbanka Íslands.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Voru gerðir samningar við starfandi bankastjóra Landsbanka Íslands þegar honum var breytt í hlutafélag?
2. Ef svo er, í hverju voru þeir fólgnir? Var kveðið á um lífeyrismál, starfslokagreiðslur eða hlunnindi í þessum samningum?
3. Hversu mikið munu þessir samningar við bankastjórana kosta bankann á ári?

Skriflegt svar óskast.

72. Fyrirspurn [72. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um dagsektir vegna umgengnisbrota.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hve oft hefur dagsektum verið beitt vegna umgengnisbrota skv. 38. gr. barnalaga?
2. Hversu oft hefur fjárnámsheimild sömu greinar verið beitt til að innheimta dagsektir?
3. Hve miklar upphæðir hefur ríkissjóður innheimt samtals vegna dagsekta?
4. Hvert er mat ráðuneytisins á gildi slíkra sekta í ljósi reynslunnar?

Skriflegt svar óskast.

73. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um sérstakt átak í vegagerð í afskekktum landshlutum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að gera skuli sérstakt átak til að ljúka á næstu þremur árum uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á vegum sem tengja heila landshluta eða fjölmenn byggðarlög við meginþjóðvegakerfið. Á næstu þremur árum verði varið allt að 2.500 millj. kr. úr ríkissjóði til þessa verkefnis, til viðbótar fjármunum af vegáætlun, með það að markmiði að árið 2001 verði allir þéttbýlisstaðir þar sem íbúar eru 100 eða fleiri tengdir þjóðvegakerfi landsmanna með vegum með bundnu slitlagi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrædd. Þrátt fyrir afgreiðslu vegáætlunar og mikla skýrslu og áætlanagerð á sviði byggðamála er að óbreyttu langt í land að viðunandi úrlausn fáist á þeim samgönguvandamálum sem tillagan tekur á. Hún er því endurflutt og fylgir upphafleg greinargerð hér á eftir.

„Ljóst er að enn er mikið verk óunnið í vegamálum hér á landi til að vegakerfið allt komist í nútímalegt horf. Þótt mikið hafi áunnist sl. 20–25 ár, frá því að framlög til vegamála voru aukin verulega upp úr 1970, er enn gífurlegt verk fyrir höndum. Í framtíðinni verður þörf fyrir enn stærri og dýrari mannvirki sökum aukinnar umferðar; það sem þótti gott og fullnægjandi í gær verður orðið úrelt á morgun.

Einn þáttur vegamála sem heitast brennur á þeim sem við búa er aðstæður þeirra landshluta og byggðarlaga sem tengjast þjóðvegakerfi landsmanna með malarvegum. Á korti sem birt er sem fylgiskjal sést að þetta gildir fyrst og fremst um landsvæði á Vestfjörðum og um vestanvert landið og á Norðausturlandi og Austfjörðum. Þar liggja samgönguleiðir til og frá fjölmennum byggðarlögum og jafnvel heilum landshlutum að hluta til eða að miklu leyti um gamla malarvegi með öllu því óhagræði sem fylgir.

Eftir því sem meginhluti vegakerfisins batnar og akstur á bundnu slitlagi verður regla en ekki undantekning verður erfiðara fyrir þá sem eftir sitja að sætta sig við að nota malarvegina. Kemur þar margt til. Hvað öryggi varðar eru malarvegirnir að sjálfsögðu lakari á allan hátt og bílstjórar verða æ óvanari að aka á slíkum vegum. Heföbundinn fjölskyldubíll er fráleitt framleiddur með akstur á malarvegum í huga enda svo komið að margir veigra sér við því að fara út af bundnu slitlagi, jafnvel ferðamenn við góðar aðstæður á björtum sumardegi, svo ekki sé talað um í rigningartíð á haustin þegar vegirnir eru blautir og holóttir. Ekki skal gert lítið úr þessum þáttum, öryggismálunum og umferð ferðamanna, en þessar lélegu samgöngur bitna ekki síður á heimamönnum vegna skerts notagildis veganna. Valda því bæði erfiðleikar í vetrarsamgöngum vegna snjóþyngsla, því það er sammerkt malarvegunum að þeir eru yfirleitt ekki nægilega vel uppbyggðir, og ekki síður það að þessir vegir hafa yfirleitt ekki fullt burðarþol og þungatakmarkanir eru því frekar reglan en undantekningin á vorin.

Flutningar á landi hafa stóraukist undanfarin ár, m.a. vegna minni sjósamgangna, og flutningatækin gerast æ stærri og afkastameiri en um leið þyngri. Þeim mun fjær eru hinir gömlu malarvegir því að þjóna hlutverki sínu sem fullnægjandi samgönguleiðir fyrir viðkomandi byggðarlög og landshluta. Eftir sem áður er umfangsmikil útflutningsstarfsemi stunduð í þessum landshlutum og byggðarlögum, jafnvel framleiðsla á ferskum matvælum til útflutn-


ings reglubundið með flugi. Gefur auga leið að þessar samgöngur eru ekki fullnægjandi fyrir starfsemi af því tagi. Á kortinu (fylgiskjali) sjást vel þeir landshlutar þar sem þetta á sérstaklega við. Lauslega áætlað er verðmæti útflutningsframleiðslu á þessum svæðum á vestan- og norðaustanverðu landinu 20–30 milljarðar kr. Hluti þessarar framleiðslu fer landleiðina á markað og verulegur hluti allrar neysluvöru og allra almennra flutninga til og frá þessum byggðarlögum og landshlutum fer um vegina. Nokkrar framkvæmdir standa yfir sem lúta að því að stytta leiðir eða byggja upp vegi á þessum landsvæðum og má þar nefna framkvæmdir á leiðinni inn Djúp og einnig á Vesturlandi þótt allt of hægt gangi. Þegar litið er til norðausturhorns landsins, svæðisins frá Húsavík austur um og til Vopnafjarðar, og einnig svæða á Austfjörðum er ljóst að enn hægar miðar og gríðarlega mikið er ógert. Verkefnið er þó ekki stærra en svo að ætla má að verði ríflega veitt til þessara verkefna á vegáætlun og til viðbótar allt að 2.500 millj. kr. af fjárlögum á næstu þremur árum, þ.e. 800–900 millj. kr. hvert ár á árunum 1999–2001, megi ljúka þessu verkefni að mestu. Hér yrði um sérstakt framlag að ræða, samgöngu- eða byggðaframlag sem rynni til þess að jafna þann geysilega aðstöðumun sem felst í því að hluti þjóðarinnar býr enn við hinar frumstæðu malarvegasamgöngur.

Nauðsyn þess að ráðast í þetta verkefni og ljúka því ætti í raun að vera augljós en benda má á að uppbygging í samgöngumálum verður væntanlega hér eftir sem hingað til þrotlaust verkefni. Nýir tímar og ný tækni krefjast nýrra lausna, stærri og dýrari mannvirkja. Kröfur um framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu munu aukast og miklir fjármunir fara til mislægra gatnamóta og aðskildra margra akreina brauta (hraðbrauta) sem byggðar eru samkvæmt nútímastöðlum. Þess verður og án efa ekki langt að bíða að gerðar verði háværar kröfur til þess að mikilvægustu kaflarnir á þjóðvegi 1 verði endurbyggðir og þá miðað við mun hærri gæðastaðal en gert var á sínum tíma. Elstu kaflar þess hluta þjóðvegakerfisins sem lagðir eru bundnu slitlagi, þeir kaflar sem fyrst voru byggðir upp, standa þegar í dag langt að baki þeim sem nýjastir eru. Ef ekki næst að ljúka því að tengja öll helstu byggðarlög og landshluta þjóðvegakerfinu með bundnu slitlagi á allra næstu árum mun þrýstingur aukast á að fjármunir renni í stórauknum mæli til annarra verkefna. Þau byggðarlög og svæði sem hér um ræðir eiga jafnframt í vök að verjast hvað byggðaþróun snertir og er óþarfi að fjölyrða um þau mál. Sá stuðningur sem raunhæfastur er og kemur að mestu gagni er fólginn í því að bæta aðstæður fólks, ekki síst hvað samgöngur varðar. Þá skal því ekki gleymt að þjóðin nýtur þrátt fyrir allt mikillar verðmætasköpunar og útflutningsframleiðslu á þessum svæðum þar sem einmitt er lagður grunnur að mun hærra hlutfalli gjaldeyristekna á hvern íbúa en að meðaltali í landinu.“

Fylgiskjal.

Bundið slitlag í árslok 1996.

(Strikuð og rúðustrikuð svæði sýna þau byggðarlög og landshluta sem tengjast meginþjóðvegakerfinu með malarvegum.)



74. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um að rita sögu landnáms og búsetu Íslendinga á Grænlandi og landafunda í Vesturheimi.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Johnsen, Guðný Guðbjörnsdóttir,
Ísólfur Gylfi Pálmason, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem ráði sérfræðinga til að annast ritun sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi, búsetu þeirra þar og hinna merku landafunda í Vesturheimi. Stefnt skal að því að sagan komi út um aldamótin og tengist hátíðahöldum í tilefni þeirra og afmælis landafunda Íslendinga í Ameríku.

Nefndin hafi heimild til að ráða sér starfsmenn til gagnasöfnunar og söguritunarinnar. Nefndin hafi allt að 15 milljónir króna til ráðstöfunar í þessu skyni á árinu 1999 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum eftir því sem þarf til að ljúka verkefninu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd. Hún er því endurflutt ásamt greinargerð.

Ekki hefur verið gerð nein alvarleg tilraun til þess að skrifa með heildstæðum hætti og aðgengilegum fyrir almenning sögu hins merka landnáms Íslendinga á Grænlandi á söguöld og búsetu þeirra þar. Margvíslegar heimildir er þó að finna bæði skriflegar og í fornminjum um þetta landnám og aldalanga búsetu Íslendinga eða norrænna manna á Grænlandi. Hvað ritaðar heimildir snertir er mikill fengur að samantekt dr. Ólafs Halldórssonar sem birtist í bókinni „Grænland í miðaldaritum". Einnig má nefna rit Björns Þorsteinssonar sagnfræðings, svo og nýlegt rit Helga Guðmundssonar prófessors. Nokkuð hefur verið unnið að rannsóknum og um þessi mál ritað af hálfu Grænlendinga og Dana en á skortir að við Íslendingar höfum sýnt þessum merka hluta af sögu okkar nægilega ræktarsemi. Þessum kafla í Íslandssögunni er ekki nægur gaumur gefinn í kennslubókum. Nokkur vakning varð þó í þessu sambandi þegar haldið var hátíðlegt að 1000 ár væru liðin frá komu Eiríks rauða til Grænlands á sínum tíma.

Nú er á nýjan leik tilefni til að varpa ljósi á þessa sögu og reyna að efla tilfinningu fyrir henni í vitund þjóðarinnar.

Með því að nýta þær heimildir sem til eru, fyrst og síðast Íslendingasögurnar en einnig upplýsingar sem fyrir liggja eða fá má með fornleifarannsóknum, úr bréfa- og skjalasöfnum o.fl., má bregða skýrara ljósi á þetta tímabil, landnámið sjálft og líf og störf Íslendinganna á Grænlandi. Margt bendir til að samskiptin við byggðirnar á Grænlandi og verslun með varning sem þaðan barst hafi haft meiri áhrif á Íslandi og íslenskt efnahagslíf á þjóðveldisöld en hingað til hefur verið talið. Athyglin hefur reyndar í mjög miklum mæli beinst að endalokum búsetu norrænna manna á Grænlandi og þeirri dulúð sem það mál umlykur. Í minna mæli hefur viðfangsefnið verið sjálf búsetan og þær aldir sem liðu frá því að Eiríkur rauði og hans fólk tók sér bólfestu á Grænlandi og allt fram yfir aldamótin 1400 þegar búseta stóð enn sannanlega með nokkrum blóma á Grænlandi. Búseta norrænna manna á Grænlandi hefur að öllum líkindum staðið í hartnær hálft árþúsund og spannar þar af leiðandi mjög afdrifaríkt tímabil í sögu íslensku þjóðarinnar eða allt frá því fyrir kristnitöku og fram á 15. öld.

Spyrja má hver sé tilgangurinn með söguritun af þessu tagi og hvort slíkar bækur komi ekki til með að rykfalla uppi í hillum. Því er til að svara að forsenda þess að unnt sé að upp-

lýsa fólk með trúverðugum hætti um efni af þessu tagi er að frumheimildir séu kannaðar og gögn dregin saman og úr þeim unnið skipulega og vísindalega. Slíka undirstöðuvinnu vantar í þessu tilviki. Á grundvelli hennar og vandaðrar söguritunar má síðan matreiða afmarkaða þætti og hagnýta á margvíslegan hátt. Má þar nefna gerð aðgengilegs kennsluefnis til nota í skólum, upplýsingamiðlun og fræðslu til almennings, gerð kvikmynda og sjónvarpsefnis, efni til nota í landkynningu og til hagnýtingar í ferðaþjónustu o.s.frv. Síðast en ekki síst skiptir hér máli að við sýnum sögunni ræktarsemi og þessum merka kafla sem einnig tengist samskiptum okkar við næstu nágranna okkar á Grænlandi.

Ástæðulaust er að fara út í deilur um það hér hvort norrænir menn á Grænlandi voru Íslendingar eða Grænlendingar. Arfleifðin er sameiginleg báðum þjóðunum og ljóst er að á Grænlandi er einnig mikill áhugi á því að fræðast um þennan þátt í búsetusögu landsins. Reyndar hafa Grænlendingar þegar ákveðið að sýna hinu norræna landnámi og minjum um það aukna ræktarsemi, m.a. með uppbyggingu í Brattahlíð, bæ Eiríks rauða. Þessi mál hafa einnig verið á dagskrá í vestnorrænu samstarfi og má rekja þangað ákveðið frumkvæði að því að halda hinum sameiginlega menningararfi á þessu sviði til haga og hafa hann í heiðri.

Fundur Vínlands og siglingaafrek kappa á borð við Leif heppna Eiríksson, Þorfinn karlsefni og Guðríði Þorbjarnardóttur yrðu að sjálfsögðu vænn kafli í hinni merku sögu landnáms- og siglinga í vestur frá Íslandi.

Í haust sem leið samþykkti Alþingi að vísa til ríkisstjórnarinnar með jákvæðri umsögn tillögu Svavars Gestssonar um að minnast landafundanna sérstaklega. Hefur ríkisstjórnin einnig skipað nefnd um þessi mál. Tillagan dregur fram sérstakan þátt málsins og hana bera að skoða í samhengi og sem viðbót við það sem þegar er í undirbúningi af hálfu stjórnvalda. Vel gæti komið til greina að fela svonefndri landafundanefnd að hafa yfirumsjón með verkinu.

75. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um aðgerðir til að draga úr framboði efnis þar sem ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi, er sýnt í einhverju formi. Sérstaklega verði athygli beint að hvers kyns efni eða athöfnum sem líklegt má telja að börn eða unglingar verði fyrir áhrifum af.

Áætlunin miðist m.a. að því að takmarka eins og kostur er:

a. hvers kyns ofbeldi, misþyrmingar, limlestingar og manndráp í myndefni sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa og á myndböndum,
b. tölvuleiki, leiktæki og leikföng sem byggjast á ofbeldi,
c. ofbeldi á tölvunetum,
d. ofbeldi í sýndarveruleikatækjum,
e. ofbeldisefni í bókum, blöðum og tímaritum,
f. annað efni eða athafnir þar sem ofbeldi er hafið til vegs, réttlætt eða dýrkað, þar sem

ástæðulausar eða tilgangslausar ofbeldisathafnir eru sýndar eða ofbeldi yfirleitt án listræns eða fræðandi gildis,

g. aðgengi barna og unglinga að ofbeldisefni.

Forsætisráðherra skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vinna með viðkomandi ráðuneytum, stofnunum og samtökum að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir á þessu sviði, þar með talið fræðslu, sem lögð verði fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum en í hvorugt skiptið orðið útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt frá síðasta þingi ásamt greinargerð.

„Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt fyrir utan það að gert er skýrt í tillögugreininni að átt er við ofbeldi í víðtækustu merkingu þess orðs, þar með talið kynferðisofbeldi.

Fagna ber aukinni umræðu um ofbeldi í samfélaginu, orsakir þess og hvað beri að gera til að sporna við því. Lagaákvæði hafa verið hert og vonir eru bundnar við starfsemi nýrra eða nýlegra stofnana eða embætta, eins og Barnaverndarstofu og umboðsmanns barna. Eftir stendur að engin heildstæð áætlun er til um samræmdar aðgerðir á þessu sviði. Það er því óbreytt skoðun flutningsmanna að brýn þörf sé fyrir aðgerðir af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir. Bætt er við einu fylgiskjali, blaðaumfjöllun um tölvuleik, sem veitir innsýn í heim ofbeldisleikja er mætti verða ýmsum umhugsunarefni. Að öðru leyti vísast til upphaflegrar greinargerðar sem fylgir hér á eftir.

Sú tilhneiging foreldra að vernda börn sín og hlífa fyrir ljótleika tilverunnar hefur án efa fylgt manninum frá ómunatíð. Í daglegu lífi er reynt að forðast að láta börn horfa upp á þjáningar fólks, þau eru ekki látin vera viðstödd ef aflífa þarf skepnur o.s.frv. Fyrir daga nútímafjölmiðlunar voru aðstæður foreldra í þessu sambandi viðráðanlegar í þeim skilningi að hægt var að halda börnum frá tilteknum stöðum eða sjá til þess að þau væru ekki þátttakendur í athöfnum sem ekki voru taldar við hæfi. Nú er öldin önnur. Ofbeldi í einhverju formi er svo hversdagslegt og útbreitt fyrirbæri á svo fjölmörgum sviðum að ógerningur er að einangra nokkurn þjóðfélagsþegn, þar með talin börn, frá snertingu við það.

Um heim allan hafa áhyggjur manna af áhrifum aukins framboðs ofbeldisefnis, einkum í sjónvarpi og kvikmyndum, aukist síðustu ár og áratugi. Nægir að vísa í því sambandi til fjölda kannana sem gerðar hafa verið á áhrifum þess að börn sem fullorðnir horfi á ofbeldismyndir. Allur þessi fjöldi kannana, allt það fé sem lagt hefur verið í rannsóknir á samhengi ofbeldis í samfélaginu og ofbeldis í fjölmiðlum staðfestir þessar áhyggjur. Hér er hvorki ætlunin að fullyrða neitt né fjölyrða um áhrif ofbeldisefnis í fjölmiðlum eða annars staðar þar sem það er að finna. Vandaðar kannanir sýna svo ekki verður um villst að fylgni er t.d. milli ofbeldishegðunar og mikils áhorfs á ofbeldisefni, þótt heimili, félagslegar aðstæður og fleiri þættir skipti vissulega einnig miklu máli. Vísast í því sambandi m.a. til fylgiskjals I með tillögu þessari.

Á síðustu árum hefur framboð ofbeldisefnis aukist gífurlega en einnig hefur orðið breyting á eðli þess og gerð. Til að tíunda aðeins það helsta má nefna tölvuleiki í heimilistölvum og sérstakar leikjatölvur sem tengja má við sjónvarp. Uppistaðan í leikjum í slíkum tækjum er því miður oftast tengd ofbeldi. Sama gildir um sýndarveruleikatæki, leiktæki í spilasölum og leikföng. Ofbeldi í einhverri mynd sem einhvers konar bardagi eða hernaður er langoftast undirstaðan.

Tæknin kemur hér einnig við sögu að því leyti að efnið sem er framleitt er raunverulegt að allri gerð. Tækninni (tölvugerð mynda) sem unnt er að beita til að gera ofbeldisatriðin eðlileg og lifandi ef svo má segja eru orðin lítil takmörk sett.

Síðast en ekki síst er sífellt að verki vítahringur stigmögnunarinnar. Rétt eins og um annað hliðstætt efni virðist það lögmál gilda að hver mynd eða hver tölvuleikur þurfi helst að taka því næsta á undan fram hvað svæsni snertir. Það þarf með öðrum orðum aðeins stærri skammt í hverri umferð, meiri grimmd, afkastameiri drápstól, miskunnarlausari ofurhetjur, meira blóð.

Þótt ekki sé ætlunin að draga hér upp eina allsherjarhryllingsmynd af ástandinu er fróðlegt að taka dæmi af því ofbeldisefni sem venjulegt skólabarn „gæti" haft aðgang að á einum degi, t.d. grunnskólanemi á 12. ári, í 7. bekk:

„Það er föstudagur 13. september 1996 og Siggi í 7AB Háuhólaskóla kemur heim til sín ásamt Bjössa, einum skólafélaga, um kl. 14.30. Þeir kveikja á sjónvarpinu og á Stöð 2 er verið að sýna kvikmyndina Alive sem er bönnuð innan 16 ára. Næst ákveða þeir að fara í tölvuleiki. Annar tengir leikjatölvu, Super Nintendo, við sjónvarpið og leikur um stund leikinn Mortal Kombat, sem byggir á hrottafengnum bardaga. Hinn fer í heimilistölvuna og þar er að finna í safni leikja, sem eldri bróðir Sigga hefur sett inn, m.a. leikina Doom og Quake.

Á eftir fara þeir um stund niður í herbergi Sigga. Þar hanga á veggjum myndir af ofurhetjum og illmennum og meðal leikfanga eru að sjálfsögðu orrustuþotur, skriðdrekar, herskip, eldflaugar, byssur og rifflar, kylfur, sverð o.s.frv.

Nú er klukkan að verða fjögur og móðir Sigga og yngri systkini koma heim. Bjössi á hins vegar að sjá um sig sjálfur fram undir kvöldmat þar sem faðir hans kemur seint heim og móðir hans sem vinnur vaktavinnu er ekki væntanleg fyrr en um miðnætti. Vinirnir fá leyfi til að leigja spólu og horfa á hana heima hjá Bjössa. Þeir fara á myndbandaleigu og fá leigða án teljandi erfiðleika myndina Broken Arrow sem er bönnuð innan 16 ára. Á leiðinni heim koma þeir við í leiktækjasal þar sem meðal annars er að finna leiki þar sem skotið er úr eftirlíkingum af vélbyssum á skotmörk á tölvuskjá í viðeigandi tækjum. Þarna leika þeir sér um stund óáreittir, þrátt fyrir 14 ára aldurstakmark, fyrir afganginn af vasapeningum vikunnar.

Eftir að hafa horft á myndina og blaðað í hasarmyndablöðum, þar sem menn falla eins og hráviði fyrir kúlum ofurhetjunnar, fer Siggi heim til sín. Á báðum heimilum er horft á kvöldfréttir ríkissjónvarpsins og bæði á undan og eftir fréttunum eru sýndar án nokkurrar viðvörunar auglýsingar um kvikmyndir sem bannaðar eru börnum innan 16 ára. Þrjár myndir (The Quest, Diabolique og White Sguall) eru auglýstar kl. 19.50, rétt fyrir fréttir og tvær myndir (Dead Man Walking og The Quest) kl. 20.35, rétt eftir fréttir."

Síðan skulum við vona að þeir Siggi og Bjössi hafi átt friðsælt kvöld yfir námsbókunum og að þeir búi við góðar fjölskylduaðstæður, ekki mun af veita.

Það fer tæpast hjá því að fjölmargar spurningar vakni með þeim sem velta þessum málum fyrir sér. Fyrst kemur auðvitað spurningin: Hvað á að gera? Er eitthvað hægt að gera? Jafnvel: Er ástæða til að gera nokkuð?

Það er eindregin skoðun tillögumanna að bregðast verði við. Við getum ekki horft aðgerðalaus upp á sívaxandi ofbeldi gegnsýra allt umhverfi okkar og barnanna okkar. Jafnvel þótt vísindalegar sannanir liggi ekki fyrir í einstökum atriðum um samhengi vaxandi ofbeldis í samfélaginu og aukins framboðs á ofbeldisefni, enda erfitt um vik, réttlætir það ekki að láta skeika að sköpuðu. Margt fleira en beint orsakasamband milli aukins framboðs ofbeldisefnis og ofbeldishegðunar og glæpatíðni kallar líka á að brugðist sé við. Við viljum væntanlega

ekki sætta okkur við það að tilvera okkar og umhverfi sé fyllt ljótleika og ofbeldi, slíkir hlutir gegnsýri allt afþreyingarefni og ýti öðru til hliðar.

Við Íslendingar ráðum að sjálfsögðu litlu um heimsmarkaðinn og komum ekki til með að hafa úrslitaáhrif á stefnuna hvað varðar framleiðslu á ofbeldisefni. En við getum sett sjálfum okkur reglur, við getum haldið fram meðvitaðri stefnu um að takmarka ofbeldisefnisflauminn og talað fyrir henni á norrænum vettvangi og alþjóðlega.

Í framkvæmdaáætlun um að draga úr framboði ofbeldisefnis er hægt að hugsa sér ýmsar aðgerðir:

1. Setja má strangar reglur um sýningartíma efnis sem bannað er börnum.
2. Banna ætti auglýsingar á efni sem ekki er leyft til sýningar fyrir alla aldurshópa nema seint í kvölddagskrá sjónvarpsstöðva. Einnig á undan efni í kvikmyndahúsum sem leyft er til sýningar fyrir alla.
3. Aðgöngumiðar að kvikmyndum og útleiga á myndböndum sem sýna ofbeldisefni gæti borið viðbótargjald sem síðan mætti verja til fræðslu- og forvarnarstarfs á viðkomandi sviði.
4. Stórefla þarf kvikmyndaskoðun og bæta aðstöðu barnaverndaryfirvalda og löggæslu til eftirlits, sbr. 9. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995.
5. Framfylgja þarf ströngum reglum um að kvikmyndir séu ekki sýndar eða myndbönd leigð út eða afhent öðrum en þeim sem aldur hafa til að horfa á viðkomandi efni.
6. Framfylgja þarf ströngum reglum um aðgang að leiktækjum sem byggjast á ofbeldisefni.
7. Beina þarf fræðslustarfi að foreldrum jafnt sem börnum þar sem hvatt er til þess að virða aldurstakmörk og takmarka áhorf að ofbeldismyndum eða aðgang að öðru ofbeldisefni o.s.frv.

Flutningsmenn telja brýnt að mál þetta komist formlega á dagskrá og til skoðunar hjá yfirvöldum uppeldis- og menntamála, fjölmiðlunar, félagsmála og heilbrigðismála og annars staðar þar sem ástæða er til og þá auðvitað ekki síst meðal almennings og fjölskyldna í landinu.“

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Til liðs við hið illa. Árni Matthíasson (Mbl. 23. ágúst 1997).
II. Úr skýrslu umboðsmanns barna um ofbeldi í sjónvarpi. Hilmar Thor Bjarnason (október 1996).
III. Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til menntamálaráðherra um ofbeldisefni í fjölmiðlum og munnlegt svar menntamálaráðherra (Björns Bjarnasonar) (235. mál 120. löggjafarþings). Sjá þskj. 317 í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 1893, og svar ráðherra í B-deild, d. 2844–45.
IV. Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til viðskiptaráðherra um kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi og munnlegt svar viðskiptaráðherra (Finns Ingólfssonar) (236. mál, 120. löggjafarþings). Sjá þskj. 318 í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 1894, og svar ráðherra í B-deild, d. 2842–43.

76. Frumvarp til laga [76. mál]

um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Árni Stefánsson,
Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir,
Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn. Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.

2. gr.

Markmið laga þessara er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnavopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

3. gr.

Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti, en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu.

„Eiturefnavopn“ merkir vopn sem byggist á notkun skaðlegra efna eða efnasambanda, þar með talið lífefnaeitur, skaðlegar örverur eða líffræðilegir orsakavaldar.

Í heiti laganna, og annars staðar þar sem annað kemur ekki fram, merkir „Ísland“ íslenskt land, landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt lögum, þjóðarétti og ýtrustu fullveldisréttindum í og á landi, á og yfir hafsbotni, í sjó og ofan sjávar og í lofti.

Hið „friðlýsta svæði“ merkir í lögum þessum allt íslenskt yfirráðasvæði sem lýst er í þessari grein þar sem geymsla, framleiðsla, tilraunir og hvers kyns meðhöndlun eða flutningur kjarnorku- og eiturefnavopna er bannaður, sbr. þó ákvæði 12. gr.

4. gr.

Enginn íslenskur ríkisborgari eða maður sem hefur varanlegt dvalarleyfi á Íslandi, erlendur ríkisborgari sem er í þjónustu íslenska ríkisins eða dvelst innan hins friðlýsta íslenska svæðis má

1. búa til kjarnorkuvopn af neinu tagi, afla sér slíks vopns eða hafa það undir höndum;
2. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða hafi undir höndum kjarnorkuvopn af neinu tagi.

5. gr.

Bannað er innan hins friðlýsta svæðis að koma fyrir kjarnorkuvopnum af neinu tagi, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn annan hátt.

6. gr.

Bannað er að flytja kjarnorkuvopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

7. gr.

Allar tilraunir með kjarnorkuvopn eða tilraunir, sem tengjast notkun kjarnorkuvopna, eru óheimilar innan hins friðlýsta svæðis.

8. gr.

Bannað er að búa til eiturefnavopn af nokkru tagi innan hins friðlýsta svæðis, koma fyrir, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn hátt.

9. gr.

Bannað er að flytja eiturefnavopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

10. gr.

Sérhverju því farartæki, sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku, er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

11. gr.

Öll umferð farartækja, sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang, er bönnuð innan hins friðlýsta svæðis, sbr. þó ákvæði 12. gr.

Losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, er með öllu óheimil innan hins friðlýsta svæðis.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6., 9., 10. og fyrri málsgreinar 11. gr. þessara laga er heimilt að veita undanþágu fyrir friðsamlega umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum. Slíkar undanþágur geta þó aldrei tekið til svæðisins innan 12 sjómílna marka og lofthelginnar þar upp af.

13. gr.

Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum samkvæmt lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila, sem völ er á, til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

14. gr.

Íslensk yfirvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur er. Skal eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skulu yfirvöld leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari.

15. gr.

Hver sá, sem sekur er fundinn um alvarlegt brot gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta fangelsisvist allt að tíu árum.

16. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir og er á ábyrgð utanríkisráðherra, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1991. Heimilt er utanríkisráðherra að fela samgönguráðherra, umhverfisráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt á Alþingi í sjötta sinn, óbreytt ásamt eldri greinargerðum, enda efnið í fullu gildi.

„Frumvarp þetta hefur fjórum sinnum áður verið flutt á Alþingi, síðast á 120. löggjafarþingi, en ekki orðið útrætt. Efni þess er í fullu gildi og þróun í alþjóðamálum er með þeim hætti að auðvelda ætti framgang þess. Má þar nefna framlengingu samningsins um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna (NPT) og niðurstöðu Genfarviðræðna um algert bann við tilraunum með kjarnorkuvopn.

Með þeim samningum og þróun í afvopnunarmálum eykst gildi friðlýstra svæða jafnframt. Þannig er t.d. friðlýsing Afríku nú komin á dagskrá. Frakkar lofa bót og betrun í Kyrrahafinu, hafa hætt kjarnorkutilraunum á svæðinu og hyggjast staðfesta og virða Rarotonga-samninginn. Sú mikla mótmælaalda sem reis um allan heim í kjölfar þess að Frakkar hófu að nýju tilraunasprengingar er til marks um vaxandi andúð almennings víða um heim á öllum kjarnorkuvígbúnaði. Ríkur vilji er til þess að banna alla frekari þróun kjarnorkuvígbúnaðar og stöðva allar tilraunir á því sviði. En jafnvel þótt þróunin sé í rétta átt hvað kjarnorkuvígbúnaðinn snertir stafar áfram mikil hætta af nýtingu kjarnorku á öðrum sviðum. Á það bæði við um nýtingu kjarnorku til raforkuframleiðslu, geymslu eða endurvinnslu kjarnorkuúrgangs og alla flutninga geislavirkra efna í því sambandi, og síðast en ekki síst umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Það er því engu minni ástæða nú en verið hefur fyrir Íslendinga sem eiga allt sitt undir nýtingu lífrænna auðlinda hafsins að taka af skarið og friðlýsa land sitt.

Rétt er að geta þess að lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á tveimur greinum frumvarpsins frá upprunalegri gerð. Er þar annars vegar um að ræða orðalag 12. gr. og hins vegar efni 16. gr. þar sem nú er valin sú leið að láta málið heyra undir utanríkisráðherra, enda mun

ábyrgðin á að afla slíkri friðlýsingu viðurkenningar fyrst og fremst hvíla á hans herðum. Að öðru leyti vísast til eldri greinargerða.

Um framhald greinargerðar og athugasemdir við einstakar greinar vísast til þskj. 8 (8. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 513–521.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Frumvarp til laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar (David Lange).
II. Auglýsing um fullgildingu samnings um að dreifa ekki kjarnavopnum. (Sjá einnig C-deild Stjtíð. 1969, bls. 65–73.)
III. Samþykkt samráðsfundar friðarhreyfinga á Norðurlöndum 23.–24. apríl 1983.
IV. Samningur um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samningurinn árið 1967).
V. Samanburður á skuldbindingum um takmörkun vopna í Rarotonga-samningnum og Tlatelolco-samningnum (Jozef Goldblat og Sverre Lodgaard).
VI. Úr lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978.

Sjá þskj. 182 (168. mál 115. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1991–92, bls. 1576–1610.

77. Frumvarp til laga [77. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Í stað orðanna „1. nóvember 1998“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: 1. janúar 1999.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 89/1997 voru gerðar breytingar á lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, til samræmis við samning sérfræðinga EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins frá nóvember 1996 um að fella inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir. Samkvæmt samningnum tekur Ísland einungis upp þær gerðir sem varða fisk og fiskafurðir en undanþága varðandi lifandi dýr og dýraafurðir helst óbreytt. Lögunum var ætlað að taka gildi 1. nóvember 1997. Gildistökunni var frestað til 1. nóvember 1998 með lögum nr. 114/1997, um breytingu á lögum nr. 89/1997, um breytingu á lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Eins og rakið er í athugasemdum

með frumvarpi til laganna var frestunin nauðsynleg þar sem afgreiðsla samningsins tafðist hjá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Með lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, voru lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, ásamt lögum um breytingu á þeim felld úr gildi. Ákvæði til lögfestingar á umræddum samningi er nú að finna í IV. og V. kafla laga nr. 55/1998. Í samræmi við lög nr. 114/1997 er í 2. mgr. 34. gr. laganna kveðið á um að IV. og V. kafli laganna skuli taka gildi 1. nóvember 1998. Samningurinn var samþykktur í sameiginlegu EES-nefndinni 17. júlí sl. með gildistöku 1. janúar 1999. Því er nauðsynlegt að fresta gildistöku IV. og V. kafla laganna svo að samræmi sé milli gildistökutíma samningsins og gildistöku ákvæða IV. og V. kafla laga nr. 55/1998.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fresta gildistöku IV. og V. kafla laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða um tvo mánuði, eða til 1. janúar 1999. Er það gert til samræmis við gildistöku samnings milli EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir. Sá samningur tekur til sömu þátta og ákvæði IV. og V. kafla laga nr. 55/1998.

Verði frumvarpið að lögum, mun það ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

78. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [78. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 26. gr. stjórnarskrárinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fimmtungur kosningarbærra manna í landinu getur krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Krafan, studd undirskriftum fimmtungs kosningarbærra manna, skal berast forseta lýðveldisins eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Undirskriftasöfnun og krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu frestar ekki gildistöku laga. Efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfunnar. Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að ávallt greiði fimmtungur kosningarbærra manna at-

kvæði gegn gildi laganna. Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. um kynningu á lögunum sem greiða skal atkvæði um, skulu settar í lög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 120., 121. og 122. löggjafarþingi og hlaut þá ekki afgreiðslu. Það var endurflutt með nokkrum breytingum á 122. löggjafarþingi og er nú lagt fram með breytingum er varða fjölda þeirra sem þarf til að krefjast atkvæðagreiðslu.

Með frumvarpinu er kveðið á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Aðeins er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskránni, þ.e. í 11. gr. (ef ¾ hlutar alþingismanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti), í 26. gr. (ef forsetinn synjar um staðfestingu á lagafrumvörpum) og í 79. gr. (ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipaninni). Ekki er að finna þar neitt ákvæði sem gerir þegnum landsins kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur til umfjöllunar.

Þótt oft hafi komið fram krafa um að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu hefur ekkert orðið úr því. Réttur fólks til að hafa áhrif á framgang einstakra mála er bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, svo sem opnun á áfengisútsölum og hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum.

Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. Samkvæmt stjórnskipan okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Telja verður að lýðræðinu séu þannig nokkur takmörk sett, ekki síst þar sem samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórnir það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá loforðum og kosningastefnuskrám.

Með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar. Þannig var hávær krafa uppi hjá stórum hluta þjóðarinnar um að efnt skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar er mikilvægt að þessi leið sé fyrir hendi. Það treystir lýðræðið í landinu og veitir stjórnmálaflokkum meira aðhald en þeir hafa nú.

Forsetinn hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um að synja staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið felur aðeins í sér frestandi neitunarvald því að synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Af framkvæmdinni má því ráða að þetta vald forsetans til að færa valdið frá þinginu til þjóðarinnar sé í raun nánast marklaust. Færa má að því gild rök, eins og að framan segir, að frumvarp til laga um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu sé einmitt mál sem rétt hefði verið að bera undir þjóðina með þessum hætti. Þegnar landsins geta átt réttmæta kröfu á því að fá að taka á beinan hátt þátt í ákvörðun um mikil-

væg atriði, eins og að framan greinir. Því er nauðsynlegt að inn í stjórnarskrána verði tekið ákvæði sem veitir þeim þennan rétt án þess að til atbeina forseta lýðveldisins þurfi að koma.

Í frumvarpi þessu til stjórnarskipunarlaga er því lagt til að fimmtungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvörp sem Alþingi hefur samþykkt. Til greina kemur í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu að undanskilja ákveðna málaflokka líkt og gert er í Danmörku. Krafa um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt frestar ekki gildistöku laga.

Í frumvarpinu eru settir fram tímafrestir varðandi undirskriftasöfnunina og atkvæðagreiðsluna. Þannig er gert ráð fyrir því að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu studd undirskriftum berist forseta eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal síðan fara fram eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfu um atkvæðagreiðsluna. Er þá miðað við reglu þá sem fram kemur í 24. gr. stjórnarskrárinnar um að boðað skuli til alþingiskosninga eigi síðar en 45 dögum eftir að gert var kunnugt um þingrof.

Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að fimmtungur kosningarbærra manna þarf alltaf að greiða atkvæði gegn gildi laganna. Þannig er um tvö sjálfstæð skilyrði að ræða. Þykir eðlilegt að gera kröfur um þátttöku ákveðins hluta kjósenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu og er það gert að danskri fyrirmynd. Því er í raun miðað við að sá fimmtungur kosningarbærra manna sem knýr á um atkvæðagreiðslu fylgi kröfunni eftir með því að mæta á kjörstað og greiða atkvæði. Til skýringar er eftirfarandi dæmi: Í maí 1998 voru 193.632 manns á kjörskrá. Ef þá hefðu verið í gildi reglur þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu hefði þurft fimmtung kosningarbærra manna í landinu, eða u.þ.b. 38.700 manns, til að knýja á um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um gildi laga. Í atkvæðagreiðslunni sjálfri hefði að lágmarki sami fjöldi þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna ef þátttaka hefði verið 40% eða minni. Ef hins vegar t.d. 80% þeirra sem á kjörskrá eru, eða 154.905, hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hefði helmingur þeirra þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna eða 77.452 manns. Þannig þarf alltaf helmingur þeirra sem þátt tekur í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, en ef þátttaka er undir 40% dugir ekki helmingur heldur kemur þá til kasta fimmtungsreglunnar þannig að a.m.k. 20% kosningarbærra manna þurfa að greiða atkvæði gegn gildi laga.

Loks er mælt fyrir um það í ákvæðinu að nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu verði settar í lög. Meðal annars verður að telja nauðsynlegt að setja nánari reglur um kynningu á lögunum sem þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram um, en nútímalöggjöf er iðulega þess eðlis að til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar þarf hvort tveggja þekkingu og lögskýringargögn. Einnig er þörf á því að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði þjóðaratkvæðagreiðslu.

79. Frumvarp til laga [79. mál]

um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI
Starfsemi stjórnmálasamtaka.

1. gr.

Til stjórnmálasamtaka samkvæmt lögum þessum teljast þau samtök einstaklinga og félaga sem bjóða fram til Alþingis eða sveitarstjórnar, starfa í samræmi við lög þessi og eru skráð hjá dómsmálaráðuneyti.

2. gr.

Við skráningu stjórnmálasamtaka hjá dómsmálaráðuneyti skal leggja fram lög samtakanna og stefnuskrá. Stjórnmálasamtök skulu birta opinberlega lög sín, stefnuskrár og stefnumarkandi samþykktir.

3. gr.

Stjórnmálasamtök skulu opin öllum landsmönnum sem náð hafa 16 ára aldri.

4. gr.

Stjórnmálasamtök skulu gæta jafnræðis milli félagsmanna sinna í starfi sínu og skipulagi.

5. gr.

Engan skal heimilt að skrá í stjórnmálasamtök nema hann undirriti yfirlýsingu þess efnis eða lýsi því yfir á annan sannanlegan hátt að hann óski eftir inngöngu.

6. gr.

Æðsta vald í málefnum stjórnmálasamtaka skal vera í höndum félagsmanna eða fulltrúa þeirra á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi.

7. gr.

Stjórnmálasamtök skulu setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega.

8. gr.

Stjórnmálasamtökum er óheimilt að skrá niður upplýsingar á kjörstað.

9. gr.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld samkvæmt ákvæðum laga um bókhald og þeim ber einnig að skila skattframtali.

Árlega skulu reikningar stjórnmálasamtaka endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi stjórnmála-

samtaka og þeir síðan sendir dómsmálaráðuneyti sem sér um að birta þá í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

10. gr.

Stjórnmálasamtökum er heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, þó þannig að fari framlag yfir 300.000 kr. á hverju reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga, sbr. 2. mgr. 9. gr.

II. KAFLI
Ríkisframlög til stjórnmálasamtaka.

11. gr.

Stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til Alþingis, skulu fá framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, þ.e. almenns reksturs og útgáfumála. Framlagið skal ákvarðað í fjárlögum hvers árs.

Framlag til einstakra stjórnmálasamtaka byggist á hlutfallslegri skiptingu þingsæta í undangengnum alþingiskosningum, þó þannig að stjórnmálasamtök, sem hafa fengið a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í kosningunum á landinu öllu án þess að hafa náð þingsæti, eiga rétt á framlagi í eitt ár sem svarar til eins þingsætis. Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í upphafi hvers árs.

12. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði til þingflokka tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks. Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ.e. 1. febrúar, 1. maí o.s.frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ.e. 1. janúar, 1. apríl o.s.frv.

13. gr.

Forseti Alþingis setur í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokkum.

14. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forseta Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum eftir nánari reglum er forseti setur. Sama gildir um þingmann utan flokka.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sviptingu fjárframlaga, svo og þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum þar sem það á við.

16. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999 og jafnframt falla úr gildi lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd til að móta samræmdar reglur um óbeina styrki frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum til stjórnmálasamtaka í tengslum við kosningar, svo sem afslátt af gjaldskrám og aukinn aðgang að þjónustu, t.d. kjörgögnum frá Hagstofu Íslands. Skal nefndin skila af sér tillögum eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

II.

Dómsmálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga undirbúa löggjöf sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum til starfsemi þeirra. Skal undirbúningi lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á fjórum síðustu þingum en hlaut ekki afgreiðslu. Að lokinni fyrstu umræðu á 119. þingi var frumvarpið til umfjöllunar í allsherjarnefnd sem sendi það til umsagna. Umsagnir bárust frá Ríkisendurskoðun og ríkisskattstjóra (sjá fylgiskjöl) og var tekið tillit til ábendinga þeirra við endurflutning frumvarpsins. Í umsögn ríkisskattsjóra segir m.a.: „Af þessu tilefni tekur ríkisskattstjóri fram að telja verður mjög til bóta að settar séu réttarreglur um fjárreiður á því sviði sem hér er til umfjöllunar.“

Oft hefur komið upp umræða á Alþingi og víðar um nauðsyn þess að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka án þess að úr því hafi orðið. Annars staðar á Norðurlöndum eru engin heildarlög um stjórnmálaflokka nema í Finnlandi. Í Noregi fær stjórnmálaflokkur, sem býður fram til Stórþingsins, framlag af fjárlögum hafi hann boðið fram í a.m.k. helmingi kjördæma og hlotið meira en 2,5% heildaratkvæða yfir landið. Flokkar, sem bjóða fram til sveitarstjórna, fá einnig ríkisstyrk. Í Svíþjóð voru lögfestar reglur um ríkisframlög til stjórnmálaflokka árið 1972. Þar eru þau bundin við þá stjórnmálaflokka sem bjóða fram til þings. Árið 1986 voru samþykkt lög í Danmörku um fjárframlög frá ríkinu til stjórnmálaflokka, bæði í tengslum við lands- og sveitarstjórnarframboð. Framangreind lög taka ekki til starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti. Í Finnlandi voru lögfest ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka árið 1969, svo og fjárframlög til þeirra sem bjóða fram til þings.

Skortur á vönduðum vinnubrögðum í stjórnmálum og stjórnsýslu leiðir oft til trúnaðarbrests milli stjórnvalda og fólksins í landinu. Margt bendir til að ekki gæti nægilega faglegra vinnubragða í stjórnsýslu og stefnumótun hins opinbera á Íslandi. Með lagafrumvarpi þessu er ætlunin að setja stjórnmálamönnum reglur í starfi sínu innan flokkanna og gera starfsemi stjórnmálasamtaka sýnilegri en áður hefur verið. Skilgreining á siðgæði getur verið breytileg frá einum tíma til annars og mismunandi mat á því hjá ólíkum þjóðum. Í þróuðum stjórnkerfum er þó hægt að finna meginreglur sem menn eru almennt sammála um að verði að halda í heiðri. Það er þessi sameiginlegi skilningur sem gerir löggjafanum kleift að setja reglur sem byggjast á siðgæðis- og réttarvitund þjóða.

Það er brýn nauðsyn að settar verði siðareglur í stjórnmálum. Það er áhrifaríkt tæki til að vinna gegn spillingu á opinberum vettvangi. Nauðsynlegt er að aðgerðir opinberra aðila

séu opinberar og gerðar fyrir opnum tjöldum. Óskráðar siðareglur taka mið af þeirri skyldu kjörinna fulltrúa og embættismanna að vinna í þágu almannahagsmuna. Siðareglur, hvort sem eru skráðar eða óskráðar, kveða á um hvað sé heimilt og hvað óheimilt. Með siðareglum stjórnmálamanna gera þeir heyrinkunnugt hvernig þeir líta á störf sín. Skráðar siðareglur skýra einnig ábyrgð valdhafa og gera betur kleift en nú er að draga þá til ábyrgðar fyrir embættisfærslu.

Siðareglur gilda nú orðið fyrir fjölmargar starfsstéttir, svo sem lækna, viðskipta- og hagfræðinga, blaðamenn o.fl. Það reynir á siðferði í öllum samskiptum. Í hugum ýmissa heimspekinga er siðaregla ekki lagaregla. Siðaregla verður til í mannlegum samskiptum.

Við samningu frumvarps þessa hefur víða verið leitað fanga og reynt að nýta það sem hefur þótt vænlegt til eftirbreytni, en það á sér enga beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda. Á 97. löggjafarþingi (1975–76) lagði Benedikt Gröndal fram frumvarp til laga um stjórnmálaflokka sem ekki náði fram að ganga. Í frumvarpinu var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka, svo og reglur um fjárframlög til þeirra. Frumvarpið náði aðeins til stjórnmálaflokka sem bjóða fram til Alþingis.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er farin sú leið að setja lagaramma um starfsemi allra stjórnmálaflokka, einnig þeirra sem bjóða fram til sveitarstjórna. Engin haldbær rök eru fyrir því að stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til sveitarstjórna, þurfi ekki að búa við nauðsynlegt aðhald löggjafans. II. kafli laganna nær hins vegar aðeins til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram til Alþingis. Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt fyrir dómsmálaráðherra að undirbúa löggjöf í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum.

Almennt er lítið vitað um fjármál stjórnmálaflokkanna hér á landi, enda eru þeir hvorki framtalsskyldir né skattskyldir. Þó er greinilegt að mikið fjármagn fer oft og tíðum í gegnum fjárhirslur þeirra, ekki hvað síst í kosningabaráttunni. Markmið þessa frumvarps er að gera fjármál stjórnmálaflokka opin og sýnileg, enda er slík leynd einungis til þess fallin að auka tortryggni almennings í garð stjórnmálasamtaka. Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld en hér er lagt til að þau verði einnig framtalsskyld og að þau leggi fram endurskoðaða reikninga árlega í dómsmálaráðuneytinu.

Þess ber að geta að skv. 7. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, hvílir á stofnuninni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þannig getur Ríkisendurskoðun krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði, í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögum er varið. Gera verður ráð fyrir að Ríkisendurskoðun beiti þessari heimild sinni ef hún telur ástæðu til.

Til álita kemur að skylda Ríkisendurskoðun til að endurskoða ársreikninga stjórnmálasamtaka sem fá framlög úr ríkissjóði. Lög um Ríkisendurskoðun kveða hins vegar á um að endurskoðunarskylda stofnunarinnar sé bundin við eignarhald ríkisins eða þátttöku þess í greiðslu meginhluta rekstrarkostnaðar. Þótt stjórnmálsamtök fái framlög úr ríkissjóði er starfsemi þeirra ótengd ríkinu og rekstri þess. Þess vegna er ekki talið rétt að Ríkisendurskoðun endurskoði ársreikninga þeirra, enda eru ársreikningarnir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda samkvæmt frumvarpinu og jafnframt hefur Ríkisendurskoðun heimild til afskipta eins og áður segir. Hér er gerð breyting frá upprunalegu frumvarpi í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Á Íslandi hefur lengi tíðkast að einstaklingar og fyrirtæki styrki fjárhagslega þá stjórnmálaflokka sem þeir styðja. Það getur skapað tortryggni að leynd skuli hvíla yfir háum

styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, enda er það óeðlilegt. Hætta getur einnig verið á hagsmunaárekstrum.

Árið 1993 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fjárframlög til stjórnmálaflokka voru gerð frádráttarbær hjá rekstraraðilum. Í framhaldi af því var gerð breyting á reglugerð, sbr. 15.–18. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Þetta frumvarp fjallar ekki um slík fjárframlög þannig að framkvæmd skattyfirvalda á fyrrnefndu reglugerðarákvæði breytist ekki þótt það verði að lögum.

Auk frjálsra framlaga eru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir af ríkissjóði. Þetta er gert til þess öðrum þræði að jafna aðstöðu flokkanna. Það samræmist ekki hugmyndum manna um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Í annan stað sporna ríkisstyrkir við þeirri tegund af fyrirgreiðslupólitík þegar stjórnmálasamtök verða óeðlilega háð styrktaraðilum.

Samkvæmt upplýsingum stjórnmálafræðinga við Háskóla Íslands er upplýsingaskylda stjórnvalda um fjárreiður undantekingalítið fyrir hendi í nágrannalöndum okkar. Innan stjórnmálafræðinnar er talið nauðsynlegt að stjórnmálaflokkar geri grein fyrir fjárreiðum sínum hvort sem um er að ræða ráðstöfun fjármuna af opinberu fé eða framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum. Slík lagasetning í anda þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir er nauðsynleg til að eyða tortryggni og auka tiltrú almennings á stjórnmálaflokkum og lýðræðislegum stjórnarháttum.

Í umræðunum á Alþingi um frumvarpið komu fram ýmsar ábendingar sem rétt er að allsherjarnefnd skoði við umfjöllun sína. Má þar t.d. nefna hvort hámark eigi að vera á leyfðum framlögum einstaklinga og fyrirtækja til stjórnmálasamtaka, hvort aðskilja eigi kosningastarf frá annarri starfsemi stjórnmálaflokka, hvort setja eigi reglur um prófkjör, þar með talinn fjárhagslegan ramma þeirra, hvort takmarka eigi umfang auglýsinga í kosningabaráttu, hvort setja eigi reglur um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kjördag og hvort þingmenn eigi að leggja fram lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum utan þings.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mótaðar verði lögbundnar reglur um ríkisframlög sem allir stjórnmálaflokkar geti gengið að. Rétt þykir að hafa sérstök lagaákvæði um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, enda eru greiðslur fyrir sérfræðiaðstoð eingöngu ætlaðar, eins og nafnið bendir til, til aðstoðar þingflokkum. Með því að fella lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, inn í frumvarpið verður sjónarmiðum um lagasamræmi náð og krafan um eftirlit með ráðstöfun styrksins verður virkari.

Forsætisráðherra skipaði nefnd árið 1994 til að fjalla um og undirbúa frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðingi tengjast. Þessi nefnd er m.a. skipuð fulltrúum stjórnmálaflokka en illa gekk að fá tilnefningar í nefndina. Nefndin hafði ekki komið saman fyrir kosningar vorið 1995. Nokkur umræða varð um þessa nefnd þegar frumvarpið var til umræðu á vorþingi 1995. Óskað var eftir tilnefningu Þjóðvaka í nefndina en þegar beðið var um nánari upplýsingar um starfssvið nefndarinnar var fátt um svör. Þjóðvaki hefur því ekki tilnefnt fulltrúa í þessa nefnd, enda hefur hún aldrei komið saman. Það er því ljóst að þessum málum verður að finna annan farveg og er frumvarpið liður í því. Að lokinni fyrstu umræðu verður gerð tillaga um að frumvarpinu verði vísað til allsherjarnefndar. Það er von flutningsmanna að allsherjarnefnd vinni faglega að málinu og nái nauðsynlegri samstöðu um efnisatriði þess því brýnt er að sett verði löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka hérlendis.

Um athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og fylgiskjöl vísast til þskj. 189 (158. mál 120. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 1431–1442. Eftirfarandi fylgiskjöl voru með frumvarpinu:

I. Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka. Ríkisskattstjóri (1. september 1995).
II. Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka. Ríkisendurskoðun (26. septemper 1995).

80. Frumvarp til laga [80. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 220. gr. laganna:

a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ef erlent skip skv. 2. og 3. mgr. er rekið eða gert út af íslenskum aðila eða er í ferð á hans vegum er honum heimilt að krefjast þess að sjópróf séu haldin vegna atvika sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., með sömu skilyrðum og þar greinir. Ef áhöfn eða hluti áhafnar eru jafnframt í íslensku stéttarfélagi er viðkomandi stéttarfélagi heimilt að krefjast þess að sjópróf verði haldin vegna sömu atvika.
b. Í stað orðanna „2. og 3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 2., 3. og 4. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðari ár hefur mjög færst í vöxt að íslenskar skipaútgerðir noti í rekstri sínum skip sem skráð eru annars staðar en á Íslandi en manni þau eigi að síður með íslenskri áhöfn, alfarið eða að hluta til. Íslensk löggjöf hefur ekki náð að fylgja þessari þróun að öllu leyti og er í sumum tilfellum nauðsynlegt að laga löggjöfina að þessum veruleika. Má í því sambandi meðal annars benda á breytingu sem gerð var á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, á haustþingi 1997 um að slysatryggja íslenska sjómenn sem starfa um borð í erlendum skipum sem gerð eru út af íslenskum aðilum.

Samkvæmt siglingalögum er einungis Siglingastofnun Íslands og rannsóknarnefnd sjóslysa heimilt að krefjast sjóprófs þegar um er að ræða erlend skip og skiptir þá engu þótt skipin séu rekin eða gerð út af íslenskum aðilum og mönnuð með íslenskri áhöfn. Upp hafa komið tilvik þar sem slíkt hefur verið til baga og má í því sambandi nefna alvarlegt vinnuslys um borð í kaupskipi sem var í leigu hjá íslenskri útgerð en sigldi undir erlendum fána. Í því tilfelli var útgerðaraðilanum mjög umhugað um að haldin yrðu sjópróf til þess að fullnægjandi sönnun fengist um aðdraganda slyssins. Atvik voru þau að gámagripla slóst í íslenskan sjómann, sem var fulltrúi útgerðarinnar um borð í skipinu, þegar verið var að losa skipið í

höfninni í Argentia á Nýfundnalandi, með þeim afleiðingum að hann hlaut beinbrot á hægri lærlegg og missti þrjá fingur hægri handar, auk annarra meiðsla. Íslenska útgerðin, leigutaki skipsins, óskaði eftir því að sjópróf yrðu haldin vegna þessa slyss en héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði því með þeim rökum að útgerðarmanni skips væri ekki heimilt að óska sjóprófs þegar um væri að ræða erlend skip.

Mikilvægt er að tryggja bæði stéttarfélögum íslenskra sjómanna og útgerðaraðila skipsins rétt til þess að krefjast sjóprófs í slíkum tilfellum. Er slíkt til að auka réttaröryggi viðkomandi sjómanna og útgerðar þannig að tryggð verði fullnægjandi sönnun á tildrögum slysa og þannig megi með fyrirbyggjandi aðgerðum koma í veg fyrir frekari slys í framtíðinni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgerðaraðilum verði tryggður réttur til að krefjast sjóprófa vegna atvika sem verða um borð í skipum sem þeir hafa í sínum rekstri að uppfylltum skilyrðum 2. og 3. mgr. 220. gr. laganna. Auk þessa er íslenskum stéttarfélögum tryggður sami réttur, þó að því tilskildu að um sé að ræða skip sem rekin eru eða gerð út af íslenskum útgerðaraðilum.

Tekið skal fram að ákvæði frumvarpsins ber að túlka með þeim fyrirvara sem greinir í 1. gr. siglingalaga um að virða beri reglu þjóðaréttarins við slík sjópróf og við mat á því hvort þau verði haldin.

Útgerðaraðili í frumvarpinu tekur hvort tveggja til útgerðaraðila kaupskipa og fiskiskipa, hvort sem félög eða einstaklingar standa að slíkum rekstri.

81. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]

um vinnuumhverfi sjómanna.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að því að vinnuumhverfi sjómanna sé bætt. Meðal annars þarf að huga að mengunarvörnum um borð í skipum, eftirliti með meðferð matvæla og meðferð hættulegra efna, auk þess sem gefa þarf gaum að vinnuvernd um borð í fiskiskipum og kaupskipum á þann hátt að um vinnuumhverfi sjómanna gildi vinnu-, hollustu- og mengunarvarnareglur sambærilegar við þær sem gilda hjá öðrum starfsstéttum.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur mikið verið rætt um mengun hafsins og útblástur skipa, en lítið hefur verið fjallað um mengun um borð í skipum. Á Íslandi eru ekki í gildi lög sem taka á mengun í skipum. Eftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit hefur náð fram á bryggjubrún, en ekki um borð í skipin. Sama má segja um eftirlit af hálfu Vinnueftirlits ríkisins, nema ef slys verða um borð í skipi í höfn.

Nú er þó von á úrbótum því að á síðasta þingi voru samþykkt lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Í þeim er það merka nýmæli að lög um hollustuhætti taki til farkosta sem ferðast undir íslenskum fána. Skýringar með ákvæðinu eru að vísu rýrar, en af því má draga þá ályktun að eftirlit Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits muni í

framtíðinni ná til allra skipa sem sigla undir íslenskum fána. Í kjölfar samþykktar nýrra laga um hollustuhætti verði þannig sama eftirlit með hollustuháttum á vinnustöðum í landi og í skipum. Mikilvægt er að fylgja þessari lagabreytingu eftir og huga sérstaklega að vinnuumhverfi sjómanna.

Með tillögunni var fylgiskjal: Taka verður á innri mengun í skipum. Guðbjartur Einarsson, vélfræðingur (Mbl. 16. apríl 1997).

82. Beiðni um skýrslu [82. mál]

frá umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Ástu B. Þorsteinsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að umhverfisráðherra flytji Alþingi skýrslu um lagalegar forsendur þeirrar niðurstöðu og ákvörðunar ráðherrans að ekki beri að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

Greinargerð.

Samhljóða skýrslubeiðni var lögð fram á síðasta þingi, en skýrsla hafði ekki borist fyrir þinglok. Framkvæmdir við stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði eru þegar hafnar, en það breytir ekki nauðsyn þess að upplýst verði um lagalegar forsendur fyrir þeirri ákvörðun umhverfisráðherra að ekki skyldi fara fram mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda. Því er beiðnin aftur borin fram. Henni fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

„Í lok mars á þessu ári var tekin sú ákvörðun í stjórn járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði að bæta við þriðja ofninum í verksmiðjunni. Samkvæmt yfirlýsingum forsvarsmanna verksmiðjunnar í fjölmiðlum verður sá ofn einn sá stærsti og afkastamesti í heiminum og verksmiðjan sú stærsta sinnar tegundar. Jafnframt hefur það komið fram að framleiðsluaukningin muni leiða til aukins útstreymis koltvíoxíðs um 160 þús. tonn á ári. Í ljós kom við eftirgrennslan að iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra höfðu komist að þeirri niðurstöðu og staðfest hana við forsvarsmenn verksmiðjunnar að ekki þyrfti að fara fram mat á umhverfisáhrifum af þessari stækkun verksmiðjunnar og vísað til eldri samninga og gildandi laga í því efni. Þessi niðurstaða ráðherranna vakti athygli og undrun margra, einkum með tilliti til þess að í lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, er beinlínis tekið fram í 6. gr. að lögin taki til heimildar fyrir ríkisstjórnina til „að semja við samstarfsaðila sína um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja félaginu fjármagn til að ljúka byggingu á verksmiðju með tveimur 30–45 MW bræðsluofnum fyrir kísiljárn og hefjast handa um rekstur hennar“. Ekki er annars staðar í þeim lögum að finna neitt um stærð verksmiðjunnar

eða framleiðslumagn. Ekki tókst að skýra málið á vettvangi umhverfisnefndar Alþingis þegar eftir því var leitað og ekki heldur með öðrum ráðum. Því er hér óskað eftir skýrslu frá umhverfisráðherra þar sem fram komi ítarlegur rökstuðningur, og nákvæm tilvísun til lagaákvæða, fyrir þeirri niðurstöðu ráðherrans að ekki þyrfti að fara fram mat á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.“

83. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið flutt fjórum sinnum áður, en aldrei orðið útrædd og reyndar aldrei afgreidd frá nefnd. Ástandið í Írak hefur síst skánað og tala látinna hækkar jafnt og þétt. Samkomulag um takmarkaða olíusölu til að kaupa matvæli og lyf breytir litlu um hörmulegar aðstæður alls almennings, enda er um mjög takmarkað magn að ræða og verulegur hluti tekna af olíusölunni er gerður upptækur í stríðsskaðabætur. Tillagan er því endurflutt í von um að Alþingi taki nú afstöðu í málinu. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Það er óumdeilt að aðgerðir viðskiptalegs eðlis ásamt stjórnmálalegum aðgerðum hafa iðulega skilað árangri í alþjóðamálum og er þar nærtækast að nefna þátt viðskiptahindrana og pólitískrar einangrunar í því að ráða niðurlögum hinnar illræmdu aðskilnaðarstefnu í Suður-Afríku. Í alþjóðasamskiptum er að sjálfsögðu nauðsynlegt að kappkosta að beita friðsamlegum aðferðum, þ.e. öðrum en vopnavaldi, við lausn deilumála. Aðgerðir á viðskiptasviðinu, svo sem vopnasölubann, ákvarðanir um viðskiptakjör eða jafnvel viðskiptabann, geta reynst áhrifaríkar en aukin umræða hefur orðið um nauðsyn þess að beiting slíkra aðgerða verði þó ávallt að samræmast viðurkenndum mannúðarsjónarmiðum.

Hörmulegar afleiðingar viðskiptabannsins á Írak og sú staðreynd að Saddam Hussein er þar enn við völd sýna að þörf er á að taka meðferð slíkra „aðgerða“ eða „ráðstafana“ í alþjóðasamskiptum til gagngerrar endurskoðunar.

Undanfarið, eða síðan fljótlega eftir að Flóastríðinu lauk, hafa verið að koma fram skelfilegar upplýsingar um ástand mála í Írak. Ljóst er að lífskjör þar eru afar bágborin og aðstæður alls þorra almennings hörmulegar. Fer þar allt saman, langvarandi vígbúnaðarkapphlaup, harðstjórn og styrjaldarrekstur og síðan alþjóðlegt viðskiptabann sem leitt hefur til vöruskorts og efnahagshruns.

Fórnarlömb þessa ástands eru ekki valdhafar, því að harðstjórn landsins virðist fastari í sessi en nokkru sinni, heldur almenningur, ekki síst börn. Viðskiptabannið er því ekki að

skila neinum sýnilegum árangri varðandi það að knésetja harðstjórn Saddams Hussein eða knýja írösk stjórnvöld til að bæta framferði sitt. Írakar þverskallast enn við að veita fullnægjandi upplýsingar um kjarnorku- og eiturefnaumsvif sín. Afleiðingar viðskiptabannsins eru enn sem komið er ólýsanlegar hörmungar almennings, vöruskortur og hungursneyð, skortur á lyfjum og læknishjálp o.s.frv. Hið alþjóðlega samfélag getur ekki horft upp á slíkt ástand og enn síður borið ábyrgð á því með viðskiptabanni.

Hvað Íslendinga varðar var ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um viðskiptabann fullgilt með auglýsingu frá utanríkisráðuneytinu. Sú sem nú er í gildi er dagsett 28. apríl 1992. Við berum því ábyrgð á þessu ástandi til jafns við aðra.

Íslendingar eiga samkvæmt hefð sinni sem óvopnuð smáþjóð að leggja áherslu á friðsamlegar aðgerðir og mannúðarstefnu í alþjóðastjórnmálum. Endurskoðun viðskiptabannsins á Írak og þessara mála í heild á alþjóðavettvangi er slíkt verkefni.“

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Auglýsing nr. 160 1992, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt. (Lögbirtingablaðið 29. júní 1994.)

II. Grein eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur: Fyrri hluti: „Heil kynslóð íraskra barna að þurrkast út og þið virðist kæra ykkur kollótt.“ (Mbl. 14. maí 1995.) Seinni hluti: „Við erum að rotna sem manneskjur.“ (Mbl. 21. maí 1995.)

84. Frumvarp til laga [84. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Gísli S. Einarsson.

1. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný fyrirsögn, **Landslagsvernd**, og sjö nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (21. gr.)

Eftirtaldar landslagsgerðir skulu njóta almennrar verndar og má ekki raska þeim nema samkvæmt ákvörðun skipulagsyfirvalda að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins:

a. gosmyndanir frá nútíma, eldstöðvar, gervigígar, eldhraun og hraunhellar;
b. aðrar athyglisverðar jarðmyndanir, samkvæmt reglugerð er umhverfisráðherra setur;
c. stöðuvötn og tjarnir yfir 250 fermetrar að flatarmáli;
d. náttúrulegir vatnsfarvegir, ár og lækir;
e. votlendi, mýrar og flóar, yfir 2,5 hektarar að flatarmáli;
f. fjörur, strendur og leirusvæði.

Þá skal þess gætt við ræktunarframkvæmdir, svo sem túnrækt, skógrækt, landgræðslu og skjólbeltagerð, að þær raski ekki sérstæðum náttúruminjum og falli sem best að heildarsvipmóti lands.

b. (22. gr.)

Óheimilt er að breyta landslagi varanlega með jarðraski, efnistöku, mannvirkjagerð eða á annan hátt nema í samræmi við staðfest skipulag og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993.

Ekki skal heimila efnistöku ef hætta er á að hún raski svipmóti lands, merkum náttúruminjum eða vistkerfum. Þá má efnistakan hvorki ganga í berhögg við ákvæði laga þessara um friðlýsingu náttúruminja né staðfesta skipulagsáætlun.

c. (23. gr.)

Á landi í einkaeign er eiganda að teknu tilliti til ákvæða 22. gr. heimil efnistaka hafi sveitarstjórn samþykkt áætlun um hana, sbr. 2. mgr., að fenginni jákvæðri umsögn viðkomandi náttúruverndarnefndar og skipulagsstjóra ríkisins. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til umhverfisráðherra er úrskurðar um málið að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins. Óheimilt er að hefja efnistöku áður en endanlegur úrskurður liggur fyrir. Áður en efnistaka hefst samkvæmt málsgrein þessari skal framkvæmdaraðili senda sveitarstjórn áætlun um hana með ósk um leyfi til efnistöku. Þar skal tilgreint magn og gerð efnis, fyrirhugaður tími efnistöku og frágangur að henni lokinni.

Sá er óskar leyfis til efnistöku skal áður en það er veitt leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu vegna frágangs, sbr. 26. gr., og sem nemur áætluðum úrbótakostnaði verði eigi staðið við sett skilyrði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er landeiganda heimil lítils háttar efnistaka á landi sínu til eigin nota, enda sé gætt ákvæða 2. mgr. 22. gr., svo og 26. gr. um frágang.

d. (24. gr.)

Jarðefnanám í afréttum og almenningum er bannað hafi ekki verið ráð fyrir því gert á staðfestu skipulagi, nema fyrir liggi leyfi umhverfisráðherra og jákvæð umsögn Náttúruverndar ríkisins um áætlun um efnistöku, sbr. 1. mgr. 23. gr.

Eigi má hefja jarðefnanám í landi sem er í eigu sveitarfélags, nema fyrir liggi jákvæð umsögn Náttúruverndar ríkisins og skipulagsstjóra ríkisins. Unnt er að skjóta ágreiningi sem rísa kann vegna þessa til umhverfisráðherra.

e. (25. gr.)

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð hættu á að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts eða lagar er skylt að leita álits Náttúruverndar ríkisins á frumstigi framkvæmdaundirbúnings.

Ef það er vanrækt getur Náttúruvernd ríkisins krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því að verk verði hafið eða því fram haldið.

Við hönnun stórra mannvirkja, svo sem virkjana og verksmiðja, skal hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins. Sama gildir um vegalagningu að slíkum mannvirkjum.

f. (26. gr.)

Hafi jarðrask orðið við efnistöku, mannvirkjagerð eða á annan hátt af manna völdum skal þeim er valdið hefur skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt og þannig að sem best falli að umhverfi. Náttúruvernd ríkisins getur sett fyrirmæli um hvernig við skuli skilið og m.a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi. Skal þessi frestur aldrei vera lengri en eitt ár. Sveitarstjórn skal ganga frá efnistökustað, þar með talið loka efnisnámum og græða upp jarðvegssár á kostnað viðkomandi, ef sýnt þykir að ekki verði sinnt fyrirmælum um frágang. Heimilt er að innheimta slíkan kostnað með aðför. Óheimilt er að láta efnistökustað standa ófrágenginn lengur en tvö ár enda þótt frekara efnisnám sé fyrirhugað síðar.

Bannað er að fleygja eða farga rusli eða öðru óskyldu efni í efnisnámur, nema það sé liður í samþykktum frágangi þeirra enda sé þá gætt ákvæða í lögum og reglugerðum um mengunarvarnir.

g. (27. gr.)

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd landslagsverndar og efnistöku skv. 21.–27. gr.

2. gr.

21., 22. og 23. gr. laganna falla brott og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umhverfisráðuneyti skal vegna frágangs eftir efnistöku og jarðrask, sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laga þessara, láta gera áætlun um úrbætur í samvinnu við sveitarstjórnir. Í því skyni fari fram skipuleg könnun og flokkun á efnistökustöðum og öðru áberandi jarðraski vegna mannvirkjagerðar og fylgi tillögur um hversu frá skuli gengið og hverjir skuli bera kostnað af viðhlítandi frágangi.

Greinargerð.

Umhverfis- og náttúruverndarmál hafa á undanförnum áratugum hlotið aukið vægi. Augu margra beinast að þeim verðmætum sem fólgin eru í ósnortinni náttúru og þeirri staðreynd að víða er verið að vinna óbætanlegt tjón á náttúruverðmætum.

Mikið starf er óunnið hér á landi við heimildasöfnun og rannsóknir á náttúru landsins til að skapa traustan grunn að löggjöf á ýmsum sviðum umhverfismála og til að byggja á eftirlit og eðlilega varúð. Þetta á m.a. við um löggjöf varðandi hvers konar landnotkun og skipulag þar sem brýnna úrbóta er þörf vegna vaxandi umsvifa, breyttrar búsetu og tækniþróunar.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, varðar afmörkuð atriði á sviði náttúruverndar sem brýnt er að kveða á um í lögum með mun ákveðnari og skýrari hætti en verið hefur. Þar er um að ræða víðtæk almenn ákvæði um landslagsvernd og frekari skorður við efnistöku og jarðraski en settar eru í gildandi löggjöf. Valin er sú leið með frumvarpinu að fella nýjan kafla inn í lög nr. 93/1996 undir heitinu Landslagsvernd, setja þar inn nýmæli og breytt

ákvæði um efnistöku, en þau er að finna í gildandi lögum um náttúruvernd undir kaflaheitinu „Aðgangur almennings að náttúru landsins, umgengni, framkvæmdir o.fl."

Frumvarp um sama efni var lagt fram til kynningar af fyrsta flutningsmanni á 119. löggjafarþingi. Flutningsmaður sendi frumvarpið nokkrum aðilum til umsagnar með ósk um að þeir gæfu ábendingar sem hafa mætti hliðsjón af við endurflutning. Viðbrögð við þessari beiðni komu frá Bændasamtökum Íslands, Landgræðslu ríkisins og Náttúruverndarráði. Þessir aðilar taka jákvætt undir meginefni frumvarpsins og gefa jafnframt ábendingar um nokkur atriði til breytinga. Er frumvarpið var endurflutt á 120. löggjafarþingi voru flutningsmenn þess þeir sömu og nú endurflytja frumvarpið. Höfðu þeir hliðsjón af framkomnum ábendingum og voru umræddar umsagnir lagðar fram í þingnefnd. Umhverfisnefnd sendi málið síðan til umsagnar á 120. löggjafarþingi og bárust umsagnir frá Bændasamtökum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins, Skipulagi ríkisins, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Skógrækt ríkisins, Náttúruverndarráði, Vegagerðinni, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Samorku, Náttúrufræðistofnun Íslands, Sjálfboðaliðasamtökum um náttúruvernd og Samtökum iðnaðarins. Við endurflutning málsins á 121. löggjafarþingi voru aðeins gerðar lítils háttar breytingar á frumvarpinu, það var síðan endurflutt á 122. löggjafarþingi og er nú lagt fram óbreytt.

Í gildandi löggjöf um náttúruvernd vantar tilfinnanlega tengsl við lög um skipulag að því er varðar ákvarðanir um ráðstöfun lands til mismunandi nota. Sú aðferð að friðlýsa þurfi með formlegum hætti landsvæði og einstakar náttúrumyndanir til að koma í veg fyrir óeðlilega röskun er allsendis ófullnægjandi, ekki síst þegar almenn ákvæði um efnistöku og annað jarðrask eru jafnopin og lítils megandi út frá náttúruverndarsjónarmiði og raun ber vitni.

Við setningu laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, gerðist það að ákvæði um efnistöku urðu mun veigaminni en þau sem var að finna í því frumvarpi sem lá til grundvallar lagasetningunni. Má segja að lögin hafi í reynd orðið haldlaus þar eð ekki hafi tekist að fylgja annars veikum ákvæðum þeirra eftir. Afleiðingin blasir við sjónum manna í öllum byggðum landsins og víða í óbyggðum þar sem eru ófrágengnar efnisnámur og annað jarðrask. Þrátt fyrir óbrúkleg lagaákvæði hefur í sumum tilvikum tekist allgott samstarf milli Náttúruverndarráðs og framkvæmdaraðila eða sveitarstjórna um efnistökustaði og frágang að lokinni efnistöku. Dæmi um þetta er samvinna milli eftirlitsaðila Náttúruverndarráðs og Vegagerðar ríkisins sem lagður var grunnur að á árunum 1972–73.

Efnisnám verður æ stórtækara, einkum nærri þéttbýli, og hafinn er útflutningur í allríkum mæli á lausum gosefnum án þess að fyrir liggi heildstætt mat á hvar slík efnistaka sé réttlætanleg. Oft er ráðist í framkvæmdir af bráðræði án þess að fram hafi farið nauðsynlegar rannsóknir og aflað hafi verið þekkingar á gerð og gæðum jarðefnanna. Efnistaka er hins vegar nauðsynleg og sjálfsögð til brýnna verkefna en þarf að byggjast á þekkingu, athugun og mati á eðlilegri landnotkun. Góður frágangur lands að efnisnámi loknu verður að vera óaðskiljanlegur hluti framkvæmda.

Ólífræn náttúra landsins er ein af auðlindum þess, enda Ísland alþekkt vegna fjölbreyttra landslagsgerða og gosmyndana sem óvíða í veröldinni eru jafnsýnilegar og aðgengilegar og hérlendis. Sérstætt landslag og jarðmyndanir fá yfirleitt ekki notið sín nema í víðu samhengi og þarf að hafa það í huga þegar settar eru reglur um vernd. Fyrir allan almenning hefur náttúra landsins ómetanlegt gildi og hver kynslóð ber ábyrgð á að hún sé varðveitt fyrir ókomnar kynslóðir. Íslendingar bera jafnframt ábyrgð á því gagnvart heimsbyggðinni að þessar jarðmyndanir séu varðveittar, m.a. vegna vísindarannsókna.

Þá ber einnig að hafa í huga að náttúra landsins, landslag og jarðfræði hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda. Sé þessum gæðum spillt af gáleysi og skammsýni mun það fyrr en varir draga úr áhuga náttúruskoðara á að ferðast um Ísland. Skipulagsleysi í mannvirkjagerð og hömlulítil umferð vélknúinna tækja um landið ásamt gapandi sárum eftir efnistöku er vísasti vegurinn til að gera að engu viðleitni til að byggja upp ferðaþjónustu sem atvinnuveg. Fari sem horfir í þessum efnum verða Íslendingar fljótlega og því miður með réttu frægir að endemum fyrir ómenningu í samskiptum við eigið land.

Mótuð er með frumvarpinu stefna um almenna verndun tiltekinna landslagsgerða og farin svipuð leið og mörkuð er í danskri náttúruverndarlöggjöf. Þannig eru allar gosmyndanir frá jarðsögulegum nútíma felldar undir slíka vernd og aðrar sérstæðar jarðmyndanir frá síðasta jökulskeiði eða eldri samkvæmt nánari reglum er ráðherra umhverfismála setur. Stöðuvötn og tjarnir eru felld undir sömu ákvæði, svo og náttúrulegir vatnsfarvegir og votlendi miðað við ákveðið flatarmál. Ekki er seinna vænna að setja inn slík almenn ákvæði um votlendisvernd svo mjög sem hefur verið gengið á mýrar og annað votlendi með framræslu undangengin 50 ár. Stærðarmörk fyrir tjarnir og votlendi, sem njóti landslagsverndar, voru rýmkuð frá fyrstu gerð frumvarpsins að fenginni umsögn frá Bændasamtökum Íslands. Í umsögn frá landgræðslustjóra er talið æskilegt að undanskilja fyrirhleðslur unnar af Landgræðslu ríkisins til varnar landbroti frá ákvæðum frumvarpsins. Þar er um sértækt mál að ræða sem þó þarf að vanda til áður en ráðist er í framkvæmdir. Með stefnu af því tagi sem hér er lögð til á að tryggja að náttúrufari og landslagi verði ekki breytt hugsunarlítið heldur verði ákvarðanir um breytta landnotkun teknar að athuguðu máli og af þar til bærum aðilum. Slíkar almennar takmarkanir ganga ekki að mati flutningsmanna gegn eignarréttarákvæðum þótt þröngt væru túlkuð og eru þau sjónarmið sem að baki liggja stöðugt að vinna á í alþjóðarétti.

Með frumvarpinu er lögð áhersla á það sem meginreglu að landið sér verndað fyrir breytingum og raski, nema ákvarðanir séu teknar um annað í staðfestu skipulagi eða á þær fallist af skipulags- og náttúruverndaryfirvöldum. Lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, eiga að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag liggi fyrir slíkt mat og verði það fastur liður í gerð skipulagsáætlana. Í 5. gr. laganna eru taldar upp framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, þar á meðal vatnsorku- og jarðvarmavirkjanir, lagning háspennulína, ýmsar verksmiðjur, förgunarstöðvar fyrir úrgang og efnistökustaðir, allt innan tiltekinna stærðarmarka. Umhverfisráðherra hefur hins vegar heimild til að víkja frá þeim mörkum og bæta við hliðstæðum skilyrðum um mat vegna annarra framkvæmda. Almenna reglan að því er varðar efnistökustaði (malarnám) á landi er 50.000 fermetrar eða stærra eða yfir 150 þúsund rúmmetrar að umfangi. Þessi stærðarmörk þarfnast endurskoðunar við þar eð þau virðast of há miðað við íslenskar aðstæður. Þá þyrfti og að tryggja að ákvæði laganna taki einnig til efnisnáms á sjávarbotni.

Um efnistöku eru í frumvarpinu auk framangreindra meginreglna sett fram nánari ákvæði með hliðsjón af því hver telst hafa eignar- eða umráðarétt yfir landinu. Í þeim felast almennar takmarkanir eða skilyrði sem uppfylla verður áður en ráðist er í efnistöku þannig að ekki hljótist af spjöll á landi og náttúruminjum eða varanlegar breytingar á landslagi sem ekki hefur verið ráð fyrir gert samkvæmt staðfestu skipulagi. Ákvæði þessi varða fyrst og fremst sölu eða ígildi sölu á jarðefnum en undanþegin er lítils háttar efnistaka landeiganda til eigin nota, enda valdi hún ekki landskemmdum og vel sé gengið frá efnistökustað.

Sett eru inn fyllri ákvæði en nú eru í gildi um viðhlítandi frágang eftir efnistöku og annað jarðrask og fjárhagslega tryggingu fyrir því að við sett skilyrði verði staðið af hálfu framkvæmdaraðila. Einnig er mælt svo fyrir að ekki megi nota efnisnámur til að fleygja eða farga

þar rusli eða öðru óskyldu efni, en að því eru mikil brögð til enn frekari lýta en fylgja ófrágengnum efnisnámum auk þess sem slíkur úrgangur getur torveldað frágang.

Ófrágengnar efnisnámur skipta hundruðum ef ekki þúsundum í heild á landinu. Athugun á fjölda efnisnáma á Austurlandi, sem gerð var af eftirlitsmanni Náttúruverndarráðs á árinu 1987, leiddi í ljós að efnisnámur í Múlasýslum væru um 400 talsins fyrir utan smærri efnistökustaði bænda og einstaklinga. Stærsti hlutinn var í umsýslu Vegagerðarinnar sem eðlilega hefur mikla þörf fyrir efnistöku.

Í greinargerð Einars Þórarinssonar, eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs, segir m.a. í skýrslu um efnisnám á Austurlandi sem dagsett er 8. febrúar 1995: „Ljóst er að drjúgur hluti þessara náma er ófrágenginn og sumar valda verulegu lýti í umhverfinu. Taka ber fram að Vegagerðin hefur í seinni tíð lagt metnað sinn í að ganga sómasamlega frá öllum stærri námum að notkun lokinni og sama gildir um Landsvirkjun. Ég tel mikla þörf á að gera samræmda úttekt á stöðu þessara mála í fjórðungnum og leggja mat á hvað gera þurfi til að ástandið komist í viðunandi horf. Sem eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs tel ég nauðsynlegt að endurskoða þau lög sem taka til efnisnáms og samræma þau ákvæði sem stangast á svo sem í náttúruverndarlögum og námalögum. Tel ég það algjöra forsendu fyrir að hægt verði í framtíðinni að vinna skipulega og skynsamlega að efnistökumálum í landinu."

Með ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er reynt að taka á því hvernig staðið verði að frágangi eftir efnistöku og jarðrask sem átt hefur sér stað fyrir lögfestingu þessa frumvarps. Þar er verk að vinna og ekki seinna vænna að leggja á ráðin um úrbætur.

Brýnt er að auka eftirlit með að ákvæði náttúruverndarlaga séu virt, þar á meðal um efnistöku. Á þessu sviði blasa við verkefni um allt land og þarf að gera eftirlit í senn einfalt og skilvirkt. Til álita ætti að koma að sameina vissa eftirlitsþætti á sviði umhverfismála og skipta landinu í svæði eða umdæmi í þessu skyni. Það eftirlit, sem Náttúruverndarráð hefur haldið uppi allt frá árinu 1973 að telja, er góðra gjalda vert, en það hefur verið takmarkað af þröngum fjárhag og yfirleitt verið unnið sem hlutastarf. Náttúrustofur, sem nú eru að rísa í kjördæmum í krafti nýrra lagaákvæða, gætu verið eðlilegur aðili til að taka að sér svæðisbundið eftirlit af þeim toga sem hér um ræðir.

Nauðsynlegt er að horfa til annarra laga er varða skyld efni, svo sem laga nr. 123/1940, um bann við jarðraski, og fella ákvæði þeirra að þessu frumvarpi þannig að réttarstaðan verði sem ljósust. Iðnaðarráðherra setti þann 15. september 1995 reglugerð um vinnslu og nýtingu vikurs á grundvelli námulaga og er það jákvætt skref. Þá er æskilegt að taka tillit til ákvæða frumvarpsins við endurskoðun skipulags- og byggingarlaga þannig að fyllsta samræmis sé gætt. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til breytinga á námulögum til að tryggja að við framkvæmd þeirra laga verði tekið tillit til ákvæða laga um náttúruvernd.

Um athugasemdir við einstakar greinar vísast til þskj. 73 (73. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 802–809.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til samhljóða fylgiskjala í þskj. 107 (46. mál 119. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1995, bls. 675–679.

I. Vinnsla lausra gosefna. Bréf til þeirra sem málið varðar. Arnþór Garðarsson, formaður Náttúruverndarráðs (9. janúar 1995).
II. Svar Hins íslenska náttúrufræðifélags (17. janúar 1995).
III. Svar Raunvísindastofnunar Háskólans (7. febrúar 1995).

85. Frumvarp til laga [85. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

C- og e-liður 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Við Vinnumálastofnun skal starfa sérstök deild er annast kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni deildarinnar eru:

a. Að fylgjast með þróun launa og annarra þátta er hafa áhrif á launakjör, jafnt á almennum vinnumarkaði sem hjá hinu opinbera.
b. Að safna upplýsingum um þær breytingar er verða á vinnumarkaði, svo sem um fækkun eða fjölgun starfa, atvinnuleysi, nýsköpun í atvinnulífi og þörf vinnumarkaðarins fyrir vinnuafl, faglært sem ófaglært.
c. Að kanna orsakir þeirra breytinga er verða á vinnumarkaði og benda á líklega þróun hans.
d. Að gefa út skýrslur um þróun launamála, ástand á vinnumarkaði og þær breytingar sem á honum verða. Allar tölulegar upplýsingar skulu vera kyn- og aldursgreindar.
e. Að fylgjast með þróun erlendis í vinnumarkaðsmálum og miðla upplýsingum um hana.
f. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um þörf vinnumarkaðarins fyrir starfsmenntun, endurmenntun og símenntun.
g. Að efla rannsóknir á stöðu kvenna á vinnumarkaði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt öðru sinni.

Fyrir nokkrum árum átti flutningsmaður þess kost að kynna sér stofnun í Svíþjóð sem kölluð var *Arbetslivscentrum* en heitir nú *Institutför arbetslivsforskning* (Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins). Eigendur stofnunarinnar eru sænska ríkið og Alþýðusamband og Vinnuveitendasamband Svíþjóðar. Fram til ársins 1994 voru verkefni stofnunarinnar mjög víðtækar vinnumarkaðsrannsóknir, en þá voru þau skilgreind upp á nýtt og beinir stofnunin nú einkum sjónum að fjórum sviðum vinnumarkaðsrannsókna. Þau eru:

1. alþjóðavæðing og atvinnustefna í Evrópu,
2. samkeppnishæfni, framleiðni og þróun vinnustaða,
3. vinnumarkaðspólitík og breyttir hagsmunir á vinnumarkaði,
4. kvennarannsóknir.

Stofnunin heldur námskeið í vinnumarkaðsrannsóknum og gefur vísindamönnum kost á þjálfun. Að mati Svía hefur stofnunin gegnt afar mikilvægri þjónustu við aðila vinnumarkað-

arins og staðið fyrir umræðum og rannsóknum sem kallað hafa á breytingar á kjarasamningum, lagabreytingar og breytt vinnuumhverfi.

Það væri óskandi að hægt væri að koma upp slíkri stofnun hér á landi, ekki síst í ljósi þeirra miklu breytinga sem nú er spáð á vinnumarkaðnum í kjölfar tæknibyltinga og annarra breytinga. Það er skoðun flutningsmanns að við Íslendingar séum svo langt á eftir í rannsóknum á vinnumarkaði, miðað við t.d. önnur Norðurlönd, að réttara sé að stíga minna skref og byrja á því að byggja upp rannsóknir innan hinnar nýju Vinnumálastofnunar sem vonandi gætu orðið vísir að einhverju meira í nánustu framtíð.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á íslenskum vinnumarkaði. Störfum fækkar með aukinni tækni í rótgrónum atvinnugreinum eins og sjávarútvegi og landbúnaði. Samtímis verða ný störf til í þjónustugreinum, svo sem á sviði ferðaþjónustu, hátækni og upplýsinga. Jafnframt er störfum að fækka og mun fækka enn meir í einstökum þjónustugreinum þar sem tæknin er að leysa mannshöndina af hólmi komi ekki til eitthvað nýtt. Á næstu árum mun störfum væntanlega fækka í bönkum og hjá tryggingafélögum, svo og í starfsemi tengdri fjármagni þar sem beint samband milli kaupenda og seljenda verður æ auðveldara.

Það sem af er þessum áratug hefur atvinnuleysi verið meira en þekkst hefur hér á landi um áratuga skeið þótt verulega hafi dregið úr því á allra síðustu árum. Þótt enn dragi úr atvinnuleysi er nauðsynlegt að stjórnvöld haldi vöku sinni og séu tilbúin með aðgerðir taki aftur að syrta í álinn. Margt bendir til þess að atvinnuleysi sér orðið varanlegt og tölur sýna að það er mun meira á meðal kvenna en karla. Allar þessar breytingar þarf að rannsaka, kanna þarf orsakir og afleiðingar og benda á nýjar leiðir, jafnframt því að spá í framtíðina og átta sig á því hvers konar menntunar og starfsþjálfunar verður þörf á næstu áratugum.

Svo sem áður segir er það mat flutningsmanns að mikið skorti á að kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir séu fullnægjandi hér á landi, hvað þá að hægt sé að öðlast heildarsýn yfir þær breytingar sem eiga og hafa átt sér stað. Enginn aðili innan stjórnkerfisins fæst við það sem meginverkefni að beina sjónum að því sem koma skal í atvinnumálum, hvað þá að stjórnvöld hafi uppi einhver áform um áherslur eða uppbyggingu á einstökum sviðum atvinnulífsins, ef frá er talin stóriðja og verkefni henni tengd.

Um árabil hefur kjararannsóknarnefnd starfað á grundvelli samninga milli aðila á almennum vinnumarkaði og verið kostuð af Atvinnuleysistryggingasjóði. Kjararannsóknarnefnd hefur bundið starf sitt við rannsóknir á launakjörum nokkurra hópa á almennum vinnumarkaði sem eru innan Alþýðusambands Íslands. Þá hefur starfað kjararannsóknarnefnd sem kannað hefur launaþróun meðal opinberra starfsmanna í samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hagstofan hefur safnað gögnum um launaþróun og þróun atvinnustétta, sbr. bæklinga hennar *Konur og karlar 1997* og *Ísland í tölum 1997*. Þá hefur Þjóðhagsstofnun rannsakað launakjör og dreifingu launatekna samkvæmt skattframtölum, jafnframt því að kanna með reglulegu millibili þörf vinnumarkaðarins fyrir vinnuafl.

Eitt er að safna saman tölulegum upplýsingum, annað að kanna hvað að baki býr og spá til um líklega þróun.

Það er skoðun flutningsmanns að þörf sé á því að sameina kraftana hvað varðar upplýsingar um vinnumarkaðsmál eftir því sem hægt er, skilgreina verkefni hverrar stofnunar þannig að þau skarist sem minnst og efla rannsóknir svo sem kostur er. Það er ekki síst mikilvægt til þess að stjórnvöld geti áttað sig á þörf fyrir almenna menntun, starfsmenntun og endurmenntun þegnanna. Því er spáð að á næstu öld þurfi nánast hver einasti einstaklingur að mennta sig fyrir allt að þrjú störf á ævinni sem augljóslega kallar á mun öflugra starfs-

menntakerfi en við höfum nú. Framtíðin kallar á vel menntað vinnuafl og sérhæfingu. Þeir sem ráða yfir færni og nýrri tækni munu standa sig vel, en hætt er við að þeir sem ekki verða læsir á tæknina verði undir. Slíkt ber að varast í lengstu lög. Því er miklvægt að sú deild sem lagt er til að verði stofnuð fylgist vel með þörf fyrir menntun og verði stjórnvöldum til ráðuneytis um æskilegar aðgerðir. Að dómi flutningsmanns eiga rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði best heima innan hinnar nýju Vinnumálastofnunar eftir setningu nýrra laga um vinnumarkaðsaðgerðir á síðasta ári. Hin nýja deild yrði til að efla stofnunina sem þar með mundi sinna mjög nauðsynlegri þjónustu við vinnuveitendur, samtök launafólks, stjórnvöld og allan almenning, að ekki sé talað um æsku landsins sem hugar að framtíðarmenntun og framtíðarstörfum.

Í 1. gr. er lagt til að c- og e-liður 4. gr. laganna falli brott þar sem þau verkefni, sem gert er ráð fyrir í þeim liðum, færast til hinnar nýju deildar er annast kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir, sbr. 2. gr.

Í 2. gr. eru skilgreind þau verkefni sem deildinni er ætlað að annast og ná þau bæði til þróunar innan lands og utan.

86. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um eflingu sparnaðar og aukna hlutdeild almennings í atvinnurekstri.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Tómas Ingi Olrich,
Pétur H. Blöndal, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagasetningu er hafi það að markmiði að efla sparnað í þjóðfélaginu, auðvelda almenningi að eignast hlut í atvinnurekstri og tryggja þannig dreifða eignaraðild í atvinnulífinu. Í því skyni verði starfsfólki fyrirtækja sem skráð eru á hlutabréfamarkaði eða hafa verið einkavædd boðið að stofna sérstaka sparnaðarreikninga með hæstu ávöxtun, sem bundnir verði til þriggja til sjö ára, hjá viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Reikningarnir verði á nafni starfsmanna og verði föst fjárhæð af launum þeirra lögð inn á þá. Að loknum umsömdum binditíma eigi starfsmaðurinn rétt á að nýta sér það fé sem safnast hefur til þess að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu sem hann vinnur hjá á því gengi sem var á hlutabréfum þess þegar sparnaðartímabilið hófst. Kjósi hann hins vegar að verja fénu til annarra nota verði honum það frjálst.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 121. og 122. þingi en hlaut ekki afgreiðslu og er því lögð fram að nýju.

Á síðustu árum hafa einstaklingar tekið vaxandi þátt í hlutabréfakaupum hér á landi og er það mjög í samræmi við alþjóðlega þróun. Enginn vafi er á því að nú er stærri hluti sparnaðar fólks bundinn í hlutabréfaeign en áður.

Þessi þróun er afar æskileg. Með þátttöku í atvinnulífinu aukast áhrif almennings og stuðlar hún jafnframt að þeirri valddreifingu sem flestir telja æskilega. Enginn vafi er heldur

á því að vaxandi eignarhlutdeild almennings í fyrirtækjum veitir stjórnendum aðhald og krafan um upplýsingar eykst.

Reynslan frá Bretlandi.

Víða er þátttaka almennings í atvinnulífinu orðin mjög almenn. Bretland er gott dæmi um það. Einkavæðing stórra ríkisfyrirtækja hefur opnað fólki þar leið til þátttöku í atvinnulífinu af þessu tagi. Eignatekjur eru þess vegna orðnar mun stærri hluti af tekjuöflun almennings en áður var.

Þessi þróun er litin jákvæðum augum af stjórnvöldum í Bretlandi og hafa þau stuðlað að henni á ýmsan hátt, svo sem með skattalegum aðgerðum líkt og raunar hefur verið gert hér á landi. Jafnframt hefur verið komið á margs konar sparnaðarformum til þess að auðvelda almenningi að eignast hlutabréf. Á það ekki síst við starfsfólk einstakra fyrirtækja. Sérstaklega hefur verið hugað að því að starfsfólk einkavæddra ríkisfyrirtækja eigi þess kost að eignast hlutabréf í fyrirtækjunum sem það vinnur hjá. Víðast hvar hefur þetta gengið vel og eru dæmi um að allt að 98% starfsmanna eigi hlut í því fyrirtæki sem þeir starfa hjá. Sú aðferð sem hér er gert ráð fyrir að verði tekin upp hefur einmitt verið reynd í Bretlandi með mjög góðum árangri.

Þrátt fyrir að tekist hafi verið á um einkavæðingu í Bretlandi er enginn vafi á því að almenn sátt er um þá stefnu að auka hlutdeild almennings í atvinnulífinu með hlutafjárkaupum.

Æskileg þróun.

Þessi þróun er afar æskileg. Fyrir því má nefna margs konar rök:

1. Með auknu hlutafé batnar efnahagur fyrirtækjanna enda er hægt að nýta það til þess að greiða niður skuldir eða efla fyrirtækin á annan máta.
2. Eignadreifing verður meiri. Þetta á ekki síst við í stórum fyrirtækjum með markaðsráðandi stöðu.
3. Sparnaður í þjóðfélaginu eykst en á því er mikil þörf hér á landi.

Til styrktar atvinnulífinu.

Það fer ekki á milli mála að íslenskt atvinnulíf er að jafnaði of skuldugt. Alþjóðlegur samanburður leiðir í ljós að hér á landi standa fyrirtækin á afar veikum grunni og geta því illa brugðist við breytilegum aðstæðum. Fyrirtækjarekstur er í eðli sínu áhættusamur og kallar því á að fyrirtækin séu öflug og geti tekist á við óvænt mótlæti og það sem ekki er síður mikilvægt, að fjárfesta í nýrri tækni og nýjum tækifærum. Áhyggjuefni er að fjárfestingar atvinnulífsins hafa dregist mikið saman, raunar svo mjög að um tíma vógu þær varla upp á móti heildarafskriftum. Nú horfir heldur betur að þessu leyti.

Ljóst er að fjárfrekar fjárfestingar eru fram undan ef hér á að vera unnt að halda uppi lífskjörum sem við getum sætt okkur við. Af þessari fjárfestingu getur hins vegar ekki orðið nema til komi aukið áhættufjármagn inn í fyrirtækin í formi hlutafjár.

Stærri fyrirtæki — aukin valddreifing.

Flest bendir til þess að fyrirtæki muni stækka hér á landi sem annars staðar. Alþjóðleg samkeppni sem ekki þekkir nein landamæri fer vaxandi. Stöðugt aukast kröfur um ýtrustu hagræðingu og lækkun kostnaðar. Svar fyrirtækjanna felst meðal annars í auknum samruna er leiðir til lægri kostnaðar og öflugri eininga. Hér á landi sjáum við glögg merki um þetta

í langflestum atvinnugreinum. Þannig hafa einingarnar stækkað mjög í sjávarútvegi og umræður um óeðlilega samþjöppun kvótaeignar hafa að sama skapi aukist á undanförnum mánuðum. Svipaða sögu er að segja af fjármagnsmarkaðnum og á sviði fjölmiðlunar. Jafnframt þessu eru hefðbundin skil á milli atvinnugreina að þurrkast út. Fyrirtæki í einni atvinnugrein hasla sér völl í öðrum greinum atvinnulífsins og bendir allt til þess að sú þróun verði enn örari á næstunni. Þá gerir tæknin það einfaldlega að verkum að skilin á milli fjölmiðlunar og fjarskipta verða óskýr og þess vegna augljóst að á þeim sviðum muni að öllu óbreyttu verða um að ræða verulegan samruna eininga.

Ein leiðin til þess að stuðla að aukinni vald- og eignadreifingu er því sú að örva fleira fólk til þátttöku í atvinnulífinu. Þannig verður minni hætta á því að eignir og völd safnist á hendur fáeinna fyrirtækja, sjóða og samsteypa. Sú leið sem hér er hvatt til gæti verið liður í því að dreifa valdi og eignum, t.d. í sjávarútvegi, fjármálamarkaði og fjölmiðlum.

Aukinn sparnaður — forsenda aukinnar fjárfestingar.

Sparnaður hér á landi var mikill lengst af. Þetta má m.a. sjá á línuritum sem birtust fyrst í skýrslu Seðlabanka Íslands sem út kom haustið 1996 og fjallar um þróun, horfur og stefnu í peningamálum (sjá fylgiskjal I) en hafa verið endurreiknuð miðað við horfur um þessar mundir. Þetta má enn fremur lesa út úr samantekt sem hagfræðideild bankans hefur unnið og er birt í fylgiskjali II. Nú hefur orðið breyting á því. Í alþjóðlegu samhengi er ljóst að innlendur sparnaður er lítill. Eftirtektarvert er að þetta gerist þrátt fyrir að raunvextir séu hærri en almennt þekkist. Þetta er vissulega mjög alvarlegt. Innlendur sparnaður er vitaskuld ein forsenda þess að unnt sé að örva bráðnauðsynlega fjárfestingu í atvinnulífinu. Það gengur auðvitað ekki til lengdar að fjármagna fjárfestingu með erlendu lánsfé. Íslenskur sparnaður þarf að aukast og peningunum þarf að veita út í atvinnulífið.

Þetta er mun brýnna nú en áður þar sem ýmis þenslumerki sjást í efnahagslífinu. Innflutningur neysluvöru hefur aukist gríðarlega sem og skuldir heimilanna. Aukinn kaupmáttur virðist fremur skila sér í auknum kaupum á neysluvörum en til almenns sparnaðar. Margt bendir til þess að fleiri sparnaðarform gætu verið svarið við þessu.

Innlendur sparnaður stendur ekki undir innlendri fjárfestingu.

Samtök iðnaðarins hafa í ályktun frá 15. september 1997 vakið athygli á nauðsyn þess að efla sparnað við núverandi aðstæður. Samtökin segja að sparnaður hérlendis nægi ekki til að fjármagna nema ¾ þeirra fjárfestinga sem verða á árinu. Þó eru fjárfestingar hérlendis einungis í tæpu meðallagi þess sem gerist í OECD-ríkjunum og helmingur þeirrar fjárfestingar sem var hér á sjöunda áratugnum. Afleiðingin er, segja Samtök iðnaðarins, viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun.

Að mati Samtaka iðnaðarins er heppilegast að til staðar séu margvísleg sparnaðarform og nefna þau í því sambandi atriði eins og skattalegt hagræði vegna hlutabréfa, viðbótarlífeyris og húsnæðissparnaðarreikninga. Þessi röksemdafærsla fellur einmitt vel að þeirri grunnhugsun sem liggur að baki þessari þingsályktunartillögu.

Jákvæð þróun.

Hér á landi hefur almenningur tekið æ meiri þátt í kaupum á hlutafé. Fyrir um áratug keyptu sárafáir einstaklingar hlutabréf en árið 1990 varð hins vegar veruleg breyting og um 16.000 einstaklingar nýttu sér skattalegt hagræði hlutabréfakaupa. Síðan dró úr þessum kaupum næsta ár á eftir. Frá þessum tíma má segja að verulegur vöxtur hafi orðið í þessum

kaupum, þó að á síðasta ári hafi ekki jafnmargir nýtt sér hið skattalega hagræði, enda búið að minnka skattafsláttinn frá því sem verið hafði. Rúmlega 12.000 manns keyptu hlutabréf í þessu skyni árið 1994, um 16.300 árið eftir, um 29.500 árið 1996, en um 18.000 manns í fyrra, sbr. fylgiskjöl III og IV. Þó svo að færri hafi nýtt sér kaup af þessu tagi í fyrra en hitteðfyrra er engu að síður ljóst að mjög verulegur hópur hér á landi kaupir ný hlutabréf á hverju ári og óhætt er að fullyrða að tugir þúsunda Íslendinga eiga nú hlutabréf í meira eða minna mæli.

Athyglisvert getur verið að velta fyrir sér hvað þetta þýðir í raun. Talið er að um 150.000 manns séu framtalsskyldir. Af þeim greiðir um þriðjungur tekjuskatt, eða um 50.000 manns. Miðað við þær upplýsingar sem hér er stuðst við lætur nærri að um það bil 60% þeirra sem greiddu tekjuskatt hafi á árinu 1996 keypt hlutabréf í skráðum félögum. Í fyrra var samsvarandi tala um 36%.


Góðærið til fólksins — með arðgreiðslum.


Margt hefur verið ritað um mikilvægi þess að almenningur eignist hlut í atvinnulífinu. Fyrir því má færa margvísleg rök, auk þeirra sem að framan eru rakin. Einkanlega er þó ástæða til þess að nefna að aukin þátttaka almennings í atvinnurekstri gefur fólki tækifæri til þess að fá beinan arð af fyrirtækjunum þegar vel gengur. Þannig mun góðæri í atvinnulífinu skila sér til alls almennings. Jafnframt þessu eykst gagnkvæmur skilningur á milli vinnuveitenda og launþega, sem vitaskuld er gríðarlega þýðingarmikið, og tryggir þar með efnahagslegan stöðugleika, til lengri tíma litið. Þannig má færa fyrir því rök að þessi aðferð skapi atvinnulífinu stöðugra og betra starfsumhverfi sem muni skila sér í bættum lífskjörum þegar fram í sækir.


Fylgiskjal I.


Endurskoðaðar upplýsingar úr greinargerð Seðlabanka Íslands um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum.

(8. október 1998.)









Fylgiskjal II.

Seðlabanki Íslands,
hagfræðisvið.

Þróun sparnaðar árin 1980–98.

	Verðlag hvers árs				Verðlag ársins 1998				Hlutfall af vergri landsframleiðslu			
Ár	Vergur þjóðhagsl. sparnaður	Vergur sparnaður einkageira	Vergur sparnaður hins opinbera	Vergur fjár-sparnaður	Vergur þjóðhagsl. sparnaður	Vergur sparnaður einkageira	Vergur sparnaður hins opinbera	Vergur fjár-sparnaður	Vergur þjóðhagsl. sparnaður	Vergur sparnaður einkageira	Vergur sparnaður hins opinbera	Vergur fjár-sparnaður
1980	3.876	2.612	1.264	546	88.250	59.468	28.782	12.431	24,0%	16,1%	7,8%	3,4%
1981	5.423	3.400	2.022	1.417	82.295	51.602	30.692	21.507	21,5%	13,5%	8,0%	5,6%
1982	7.501	4.338	3.163	776	73.959	42.773	31.186	7.656	19,0%	11,0%	8,0%	2,0%
1983	12.477	8.757	3.720	1.923	69.754	48.958	20.795	10.748	18,3%	12,8%	5,5%	2,8%
1984	14.533	7.211	7.322	6.319	64.742	32.122	32.619	28.149	16,3%	8,1%	8,2%	7,1%
1985	17.715	11.252	6.463	4.105	59.882	38.034	21.848	13.877	14,7%	9,3%	5,3%	3,4%
1986	28.053	19.693	8.360	13.966	77.129	54.145	22.984	38.399	17,4%	12,2%	5,2%	8,7%
1987	31.853	21.597	10.257	21.315	74.353	50.412	23.941	49.755	15,2%	10,3%	4,9%	10,2%
1988	38.477	26.439	12.038	18.574	72.878	50.077	22.801	35.181	15,0%	10,3%	4,7%	7,2%
1989	46.093	34.401	11.692	25.296	71.802	53.588	18.213	39.405	15,0%	11,2%	3,8%	8,2%
1990	58.187	46.452	11.735	31.716	77.076	61.531	15.545	42.012	16,0%	12,7%	3,2%	8,7%
1991	59.307	43.018	16.290	36.192	73.758	53.499	20.259	45.011	14,9%	10,8%	4,1%	9,1%
1992	59.738	45.417	14.321	30.931	71.033	54.004	17.029	36.779	15,0%	11,4%	3,6%	7,8%
1993	68.389	61.728	6.661	27.460	77.905	70.317	7.588	31.280	16,6%	15,0%	1,6%	6,7%
1994	74.584	67.856	6.728	38.986	83.335	75.818	7.517	43.560	17,1%	15,6%	1,5%	9,0%
1995	71.951	64.742	7.209	36.787	78.577	70.704	7.873	40.175	15,9%	14,3%	1,6%	8,1%
1996	77.374	61.657	15.717	55.678	81.864	65.235	16.629	58.909	15,9%	12,7%	3,2%	11,5%
1997	85.065	60.864	24.201	73.700	87.828	62.841	24.987	76.094	16,2%	11,6%	4,6%	14,1%
1998	90.696	61.980	28.716	83.500	90.696	61.980	28.716	83.500	15,6%	10,7%	4,9%	14,4%


Fylgiskjal III.

Fjöldi þeirra sem nýttu sér skattalegt hagræði hlutabréfakaupa á undanförnum árum.

Ár	Fjöldi
1984	1.707
1985	1.652
1986	2.332
1987	438
1988	1.316
1989	5.131
1990	16.350
1991	10.677
1992	10.476
1993	11.136
1994	12.174
1995	16.349
1996	29.520
1997	18.243

Fylgiskjal IV.

Fjöldi þeirra sem nýttu sér skattalegt hagræði hlutabréfakaupa á undanförnum árum.



87. Fyrirspurn [87. mál]

til viðskiptaráðherra um hlutafélög og einkahlutafélög.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg hlutafélög annars vegar og einkahlutafélög hins vegar voru skráð á árunum 1996, 1997 og 1998 (til 1. okt.), sundurliðað eftir árum og starfsgreinum?
2. Hve mikið fjölgaði hlutafélögum annars vegar og einkahlutafélögum hins vegar á þessum árum sem hlutfall af heildarfjölda þeirra, sundurliðað eftir árum og starfsgreinum?

Skriflegt svar óskast.

88. Fyrirspurn [88. mál]

til dómsmálaráðherra um fangaverði.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margar konur gegna nú störfum fangavarða:
   a. í fangelsum fyrir karla,
   b. í fangelsum fyrir konur,
   c. á lögreglustöðvum þar sem er skammtímavistun fanga?
2. Hvert er hlutfall kvenna af fjölda fangavarða?
3. Er það stefna ráðherra að fjölga konum í röðum fangavarða, bæði við gæslu karla og kvenna?

89. Fyrirspurn [89. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um samræmda skráningu og endurskoðun á biðlistum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvernig er skráningum á biðlistum eftir aðgerðum háttað á einstökum deildum á sjúkrastofnunum landsins?
2. Er samræmi í skráningum?
3. Hefur heilbrigðisráðuneytið haft frumkvæði að samræmdri skráningu?
4. Hvernig eru biðlistar á sjúkrahúsum landsins endurskoðaðir?

5. Hversu oft er það gert?
6. Hefur ráðherra sent sjúkrahúsum tilmæli um hversu oft og með hvaða hætti endurskoðun á biðlistum skuli fara fram?

Skriflegt svar óskast.

90. Fyrirspurn [90. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um breyttar reglur um örorkumat.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað er hæft í fréttum um að yfir standi á vegum ráðuneytis og/eða Tryggingastofnunar endurskoðun á lagaákvæðum um örorkumat?
2. Er tilgangur þeirrar vinnu að skilgreina „félagslega örorku“ sem nýtt hugtak og aðgreina hana frá annarri örorku, sbr. 12. gr. laga um almannatryggingar?
3. Er það skoðun ráðherra að umtalsverður fjöldi einstaklinga sé nú metinn öryrkjar og þiggi bætur sem ekki uppfylla ákvæði 12. gr. almannatryggingalaga og ætti að flokkast sem „félagslegir öryrkjar“?
4. Hver ber ábyrgð á því ef stórfelld mistök hafa orðið við örorkumat á undangengnum árum og mikill fjöldi einstaklinga þiggur örorkubætur frá almannatryggingum sem ekki ætti að fá þær?
5. Mun ráðherra beita sér fyrir því að fram fari opinber rannsókn á mistökum í örorkumati ef það er skoðun hans að slík mistök hafi verið gerð?
6. Hyggst ráðuneytið hafa samráð við sveitarfélög ef líkleg niðurstaða af breyttum reglum um örorkumat er að útgjöld flytjist frá almannatryggingum yfir á sveitarfélög?

Skriflegt svar óskast.

91. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta reglur um málsmeðferð við flutning ríkisstofnana milli landshluta. Taki þær reglur m.a. á eftirfarandi þáttum:

a. aðstöðu stofnunar í nýju umhverfi,
b. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem flytja með stofnuninni,
c. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem ekki kjósa að flytja,
d. málsmeðferð gagnvart Alþingi áður en ákvörðun er tekin.

Haft verði samráð við samtök opinberra starfsmanna og önnur stéttarsamtök, eftir því sem við á, um mótun reglnanna. Niðurstöður verði kynntar Alþingi eigi síðar en á haustþingi 1999 ásamt tillögum um lagabreytingar sem þörf er talin á.

Greinargerð.

Flutningur opinberra stofnana frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar hefur oft verið til umræðu undanfarin ár og hafa stjórnskipaðar nefndir skilað tillögum um það efni. Minna má á viðamiklar tillögur nefndar frá árinu 1975 um þetta efni og önnur nefnd skilaði áliti árið 1993. Lítið hefur í reynd gerst í þessum efnum og flutningur ríkisstofnana ekki verið í neinu samræmi við umfang tillagna og mikla umræðu um málefnið. Stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu og dreifingu opinberrar stjórnsýslu hefur lengst af verið afar óskýr og vöntun á svonefndu þriðja stjórnsýslustigi sem er til staðar annars staðar á Norðurlöndum hefur gert málstök erfiðari en ella.

Miklu skiptir fyrir byggðaþróun að dreifa um landið þeim verkefnum sem til falla á vegum ríkisins. Því fylgja m.a. störf fyrir sérhæft fólk sem kemst þá í snertingu við mannlíf og viðfangsefni í byggðum víða um landið. Að mati flutningsmanna tillögunnar hefur of mikill kraftur farið í skeggræður um að flytja stórar og grónar ríkisstofnanir frá höfuðstaðnum út á land í stað þess að byggja með samræmdum hætti upp þjónustu við íbúana í hverju kjördæmi á helstu umsýslusviðum ríkisins.

Mikilvægt er að þessi mál verði tekin öðrum og ákveðnari tökum en hingað til með það að markmiði að færa þjónustu ríkisins með samræmdum hætti nær fólkinu og styrkja svæðisbundna umsýslu. Þannig má stuðla að betri stjórnsýslu, treysta stöðu landsbyggðar með fjölgun starfa og draga úr miðstýringu.

Í umræðu um þessi mál hefur hingað til skort verulega á umfjöllun um starfsaðstöðu þeirrar stjórnsýslu eða stofnana sem flytja á í nýtt umhverfi og enn óljósari hefur stefnan verið að því er varðar kjör og réttindi hlutaðeigandi starfsmanna. Hefur þetta í senn leitt til ómarkvissra vinnubragða og til óvissu og óánægju hjá starfsmönnum sem átt hafa hagsmuna að gæta vegna fyrirhugaðs flutnings.

Tilfinnanlega skortir á að til séu skýrar reglur m.a. um samskipti við starfsmenn viðkomandi stofnunar, bæði þá sem vilja halda starfi sínu áfram og hina sem ekki kjósa að flytjast með stofnuninni.

Segja má að hér sé um að ræða málefni sem varðað geti vinnumarkaðinn í heild og þörf sé á að skoða í víðara samhengi sem viðfangsefni kjarasamninga eða í löggjöf. Til dæmis er full ástæða til að setja almennar reglur sem tryggi frekar rétt verkafólks til sjós og lands, við þær aðstæður að skip eða kvóti er seldur frá því fyrirtæki sem það starfar við. Flutningsmönnum þykir rétt að skipta málinu í tvennt, annars vegar setja reglur gagnvart starfsemi ríkisins, eins og lagt er til hér, og hins vegar um aðra atvinnustarfsemi sem huga þarf betur að.

Hérlendis eru ekki til neinar heildarreglur er taka á réttarstöðu starfsmanns ríkisstofnunar sem fyrirhugað er að flytja á milli landshluta. Hugsanlegt er, vegna ágreiningsmála sem koma upp við flutning stofnunar, að styðjast við reglur sem koma fram í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Nú hafa verið sett ný starfsmannalög en í þeim er ekki, frekar en í gömlu lögunum, að finna reglur eða ákvæði um réttindi starfsmanna við flutning ríkisstofnunar.

Rétt er að minna á að í áliti nefndar um flutning ríkisstofnana frá árinu 1993 kemur fram að leita eigi allra ráða til að stofnunum haldist á starfsmönnum sínum. Þá kemur og fram að starfsmenn, sem láta af störfum vegna flutnings stofnunar, ættu að hafa forgang að hliðstæðum störfum í öðrum ríkisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Að öðru leyti er lítið fjallað um þennan undirstöðuþátt, þ.e. starfsmennina, en mörgum öðrum atriðum eru gerð veruleg skil um leið og settar eru fram ýmsar tillögur um stofnanaflutning.

Við mótun þeirra reglna sem tillagan gerir ráð fyrir er ástæða til að líta til annarra ríkja Norðurlanda þar sem mun stærri skref hafa verið stigin en hérlendis við dreifingu stjórnsýslu ríkisins. Hér á eftir verður greint frá aðalatriðum í reglum sem gilda í Noregi varðandi starfsmenn við stofnanaflutning og m.a. var beitt við flutning Norsk Polarinstitutt frá Ósló til Tromsö. Í tengslum við þá ákvörðun var gerður samningur milli starfsmanna og stofnunar og ráðuneytis þess er stofnunin heyrði undir. Náði samningurinn bæði til þeirra starfsmanna sem fluttu með stofnuninni og þeirra sem ekki fluttu. Í honum felst m.a. að stofnunin greiðir starfsmanni sem flytur ákveðinn kostnað vegna ferðalaga, flutnings og kaupa á nýju húsnæði, svo og kostnað við sölu á eldra íbúðarhúsnæði. Einnig á starfsmaður rétt á lánum frá hinu opinbera vegna kostnaðar sem hann hefur af því að skipta um húsnæði. Þá er reynt er að útvega maka starfsmanns vinnu og börnum hans pláss á barnaheimili. Starfsmaður, sem ekki flytur með stofnun, á möguleika á að fara á tólf mánaða endurmenntunarnámskeið á fullum launum eftir að stofnunin er flutt eða í launalaust leyfi í eitt ár. Þá hefur slíkur starfsmaður forgang að sambærilegri stöðu hjá stofnunum sem heyra undir sama ráðuneyti og svo virðist sem starfsmenn, sem ákveða að flytjast ekki með stofnun, eigi kost á biðlaunum sem nema allt að 100% af fastakaupi þeirra. Einnig er ástæða til að benda á að mörg ár eiga að líða frá ákvörðun um flutning þar til hann er um garð genginn. Með því gefst hlutaðeigandi kostur á rúmum tíma til aðlögunar að breyttum aðstæðum. Verður það ásamt efnahagslegum tryggingum og ýmiss konar fyrirgreiðslu við hlutaðeigandi að teljast grundvallaratriði.

Mál þetta var flutt á 120. löggjafarþingi af fyrsta flutningsmanni og kom þá ekki til umræðu. Það var síðan flutt á 121. og 122. þingi og er nú endurflutt nær óbreytt.

Með tillögunni var fylgiskjal með eftirfarandi umsögnum frá 121. löggjafarþingi:
Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands (3. febrúar 1997).
Umsögn Alþýðusambands Íslands (22. janúar 1997).
Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga (27. desember 1996).

Umsögn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (31. janúar 1997).
Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands (24. janúar 1997).
Umsögn Eyþings – Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum (9. janúar 1997).
Umsögn Vinnumálasambandsins (6. janúar 1997).
Umsögn Byggðastofnunar (6. mars 1997).

92. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um hvalveiðar.

Flm.: Guðjón Guðmundsson Einar K. Guðfinnsson, Stefán Guðmundsson, Siv Friðleifsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni M. Mathiesen, Ólafur Örn Haraldsson, Árni Johnsen, Magnús Stefánsson, Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að hvalveiðar skuli leyfðar frá og með árinu 1999 á þeim tegundum og innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Sjávarútvegsráðherra er falin framkvæmd veiðistjórnar á grundvelli gildandi laga.

Greinargerð.

Þessi tillaga var lögð fram á síðasta þingi en var ekki afgreidd og er nú endurflutt.

Árið 1983 ákváðu Íslendingar að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Sú ákvörðun var tekin eftir miklar umræður. Yfirgnæfandi meiri hluti þingmanna sem tjáðu sig um málið efaðist ekki um réttmæti hvalveiða hér við land. Hins vegar var mat margra að efnahagslegum hagsmunum okkar væri í hættu stefnt ef við héldum áfram hvalveiðum. Andstaða við slíkar veiðar væri mikil í markaðslöndum okkar og því væri ekki á það hættandi að halda veiðunum áfram.

Á þessum árum væntu menn þess líka að banni Alþjóðahvalveiðiráðsins yrði aflétt fyrr en síðar. Margir ætluðu að eingöngu væri um tímabundna ákvörðun að ræða sem standa mundi stutt. Jafnframt banni við hvalveiðum frá strandstöðvum ákvað ráðið að endurmeta ákvörðunina eigi síðar en árið 1990 í ljósi nýrra upplýsinga um ástand hvalastofna sem byggðar væru á vísindalegri ráðgjöf.

Skemmst er frá því að segja að það hefur ekki gengið eftir. Umræður í Alþjóðahvalveiðiráðinu hafa ekki tekið mið af vísindalegum forsendum. Þrátt fyrir að vísindalegar forsendur liggi fyrir um að hefja megi veiðar hefur meiri hluti aðildarþjóðanna þráast við. Á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í Reykjavík vorið 1991 var lögð fram tillaga um nýtt stjórnunarkerfi sem vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins hafði samþykkt nær samhljóða. Tillagan var virt að vettugi.

Brot á sáttmála Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Þannig hefur það gengið ár eftir ár. Allar tilraunir til þess að fjalla um málið á vísindalegum grunni hafa reynst árangurslausar. Fram hefur komið, m.a. í hinu virta bandaríska fjármálatímariti Forbes 11. nóvember 1991, að leiða megi líkur að því að hvalfriðunarsamtök

hafi fjármagnað þátttöku einstakra ríkja í því skyni að hafa bein áhrif á ákvarðanir ráðsins. Dæmi eru um að ríki í Alþjóðahvalveiðiráðinu hafi lýst skilyrðislausri andstöðu við hvalveiðar þótt það sé klárlega brot á sáttmála ráðsins þar sem segir svo í viðauka: „Hvalveiðar í atvinnuskyni skulu leyfðar á hvalastofnum, sem eru í jafnvægi og þær skulu stundaðar í samræmi við tillögur vísindanefndarinnar."

Af þessum ástæðum sögðu Íslendingar sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1992.

Um þessar mundir er reynt að sætta ólík öfl innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ljóst virðist þó að langt er í land með að samþykkt verði að hefja hvalveiðar á grundvelli vísindalegra ráðlegginga.

Þjóðin vill hvalveiðar.

Hér á landi hefur ætíð verið vilji til þess að hefja hvalveiðar að nýju. Þetta hefur komið fram í fjölmörgum skoðanakönnunum þar sem að jafnaði 80–90% landsmanna hafa lýst yfir stuðningi við að hefja hvalveiðar að nýju. Hagsmunasamtök hafa langflest lýst yfir afdráttarlausum stuðningi við hvalveiðar, sbr. fskj. II. Þess er skemmst að minnast að yfirgnæfandi meiri hluti lýsti þessari skoðun sinni þegar leitað var álits hagsmunasamtaka og fyrirtækja eftir að þingsályktunartillaga Guðjóns Guðmundssonar og Matthíasar Bjarnasonar var lögð fram á Alþingi á 116. löggjafarþingi árið 1992. Meðal hagsmunasamtaka sem þá hvöttu til hvalveiða voru heildarsamtök launafólks og útvegsmanna, auk sjómannasamtaka og fleiri aðila.

Á Alþingi hefur líka komið fram greinilegur vilji þingmanna til þess að hvalveiðar megi hefjast að nýju. Í umræðum sem efnt hefur verið til hafa fjölmargir þeirra hvatt til þess að veiðar hefjist.

Má af þessu ráða að hugmyndin um hvalveiðar nýtur víðtæks stuðnings á meðal þjóðarinnar, innan hagsmunasamtaka og á Alþingi.

Réttur og skylda fullvalda þjóðar.

Ekki er um það deilt hér á landi að líffræðilegar forsendur eru til þess að hefja hvalveiðar hér við land að nýju. Íslendingar hafa verið talsmenn sjálfbærrar nýtingar á auðlindum. Augljóst er að sú hugmyndafræði er fullkomlega í samræmi við þá fyrirætlan að veiða hvali eins og aðrar nytjategundir í hafinu í kring um landið. Þeir vilja umgangast auðlindir sínar af varúð og ábyrgð og skila þeim í hendur komandi kynslóða í að minnsta kosti eins og góðu ástandi og þegar nýting þeirra hófst. Það er réttur og skylda fullvalda þjóðar að nýta auðlindina á ábyrgan hátt og í anda þeirrar stefnu um sjálfbæra nýtingu sem Íslendingar hafa gerst talsmenn fyrir. Af því leiðir að rétturinn til þess að nýta hvalastofna sem þola veiði er ótvíræður og sjálfsagður. Íhlutunarsemi erlendra ríkja og samtaka sem miðar að því að koma í veg fyrir að sá réttur sé nýttur er því afskipti af innanríkismálum og gengur um leið gegn þeirri hugmyndafræði varðandi auðlindanýtingu sem stjórnvöld hafa verið talsmenn fyrir innan lands og á erlendum vettvangi.

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar.

Árum saman hefur Hafrannsóknastofnunin fjallað um stofnstærð nokkurra hvalategunda og veiðiþol. Í ritinu Nytjastofnar sjávar 1997/98 fjallar stofnunin um hrefnu-, langreyðar- og sandreyðarstofninn, sbr. fskj. I. Varðandi hrefnuna er lagt til með vísan til úttektar vísindanefndar NAMMCO að aflamarkið verði 250 hrefnur á ári. Er þar um að ræða verulega aukningu frá árinu á undan. Um langreyðina segir Hafrannsóknastofnunin: „Þar sem engin

fastmótuð aflaregla gildir fyrir langreyðarveiðina við Ísland leggur Hafrannsóknastofnunin til í varúðarskyni að ekki verði veiddar fleiri en 100 langreyðar á ári.“ Talið er að um 8.800 sandreyðar séu á íslenska talningasvæðinu en vegna þess að veiðiþol stofnsins hefur ekki verið metið, né aflareglur þróaðar, leggur stofnunin ekki til ákveðið aflamark.

Álit NAMMCO.

Áttundi aðalfundur Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins, NAMMCO, var haldinn í Ósló dagana 1.–4. september sl. Fundinn sóttu sendinefndir frá aðildarlöndum ráðsins, sem eru auk Íslands, Noregur, Grænland og Færeyjar. Enn fremur sátu fundinn áheyrnarfulltrúar ríkisstjórna Kanada, Danmerkur, Japans, Rússlands og St. Lúsíu, auk fjölda fulltrúa alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka. Í fréttatilkynningu NAMMCO frá fundinum kemur m.a. annars eftirfarandi fram:

„Stjórnunarnefnd NAMMCO samþykkti að stofnstærð hrefnu á Mið-Atlantshafssvæðinu er nú nærri hámarki og að taka 292 dýra á ári (samsvarandi meðaltalsveiði frá 1980–84) væri því sjálfbær. Þetta er byggt á ástandsmati vísindanefndarinnar frá því í mars á þessu ári.“

Þetta er að sjálfsögðu staðfesting á því sjónarmiði sem Íslendingar hafa haldið fram. Álit NAMMCO af þessu tagi hlýtur því að styrkja stöðu Íslands í því sjálfsagða máli að geta nýtt auðlindir sínar á sjálfbæran og skynsamlegan hátt, jafnt hvalastofna sem aðra nytjastofna.

Áhrifin á útflutningsgreinarnar.

Í umræðunni um hvalveiðar hefur oft verið vikið að því að þær gætu haft fjárhagslegt tjón í för með sér fyrir íslenskt efnahagslíf. Er þá sérstaklega bent á útflutningsgreinarnar, einkanlega sjávarútveg og ferðaþjónustu. Ekki hefur þó með viðhlítandi hætti verið sýnt fram á réttmæti slíkra fullyrðinga. Öðru nær.

Þessi mál voru sérstaklega könnuð þegar úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu var undirbúin. Í skýrslu nefndarinnar sem gerði tillögu um úrsögnina er vitnað á eftirfarandi hátt í fulltrúa Ferðamálaráðs sem kom fyrir nefndina: „Fulltrúi Ferðamálaráðs taldi að umtal í kjölfar úrsagnar Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu gæti jafnvel eflt ferðaþjónustu hérlendis. Fjölgun ferðamanna hingað til lands á undanförnum árum benti til þess að umræða fyrri ára um hvalveiðimál hafi síst skaðað Ísland sem ferðamannaland. Vísbendingar væru jafnvel til um hið gagnstæða.“

Segja má að þessi orð komi mjög heim og saman við reynslu Norðmanna. Margir í sjávarútvegi, útflutningsiðnaði og ferðaþjónustu óttuðust mjög áhrif hrefnuveiðanna sem Norðmenn hófu fyrir nokkrum árum. Sá ótti hefur reynst gjörsamlega ástæðulaus. Útflutningur hefur aukist, ferðaþjónustan eflst og aðsókn í hvalaskoðunarferðir Norðmanna vaxið, að sögn fulltrúa norska útflutningsráðsins sem hér var á ferð í fyrra.

Mikilvæg atvinnugrein sem stóð á eigin fótum.

Hinu má heldur ekki gleyma að hvalveiðar voru á sínum tíma afar mikilvægur þáttur í atvinnulífi landsins. Af veiðunum urðu miklar útflutningstekjur sem ætla má að gætu orðið enn meiri nú vegna verðþróunar á mörkuðum fyrir hvalaafurðir. Þessi atvinnugrein var mjög þýðingarmikil fyrir einstök sveitarfélög og héruð. Í því sambandi má nefna starfsemi Hvals hf. í Hvalfirði og Flóka hf. á Brjánslæk. Áður en hvalveiðibannið tók gildi árið 1986 höfðu um 250 manns starf af hvalveiðum og vinnslu á hvalvertíðinni, þ.e. frá því í júní til september ár hvert. Hér var um að ræða áhafnir hvalveiðibátanna, starfsfólk í hvalstöðinni í Hval-

firði og í frystihúsi Hvals hf. í Hafnarfirði. Á árunum 1980–85 stunduðu níu bátar hrefnuveiðar frá þó nokkrum stöðum við landið.

Af þessu má sjá að hvalveiðar höfðu mikla efnahagslega þýðingu fyrir íslensku þjóðina alla og fyrir einstök byggðarlög, fyrirtæki og einstaklinga. Ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að hætta hvalveiðum hefur valdið fjárhagslegum skaða og eyðilagt blómlega atvinnugrein sem lagði marga milljarða í íslenska þjóðarbúið, en sóttist hvorki eftir opinberum styrkjum né annarri fyrirgreiðslu.

Hvalveiðar strax á næsta ári.

Þegar þessi mál eru skoðuð í samhengi blasir að við að öll rök hníga að því að hefja hvalveiðar innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Að sjálfsögðu er í valdi ríkisstjórnarinnar að heimila veiðarnar. Alþingi ákvað á sínum tíma, illu heilli, að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Með þessari þingsályktunartillögu er verið að gefa Alþingi kost á að taka nýja ákvörðun í ljósi yfirgnæfandi raka með því að hefja hvalveiðar strax á næsta ári.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Úr skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar: Nytjastofnar sjávar 1997/98. Aflahorfur fiskveiðiárið 1998–99. (Fjölrit nr. 67.)

II. Auglýsing frá Sjávarnytjum: *Hefjum hvalveiðar* (Mbl. 8. maí 1996).

93. Fyrirspurn [93. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fjölda starfsmanna sem vinna við fiskveiðistjórnunarkerfið.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hversu margir sinna störfum við stjórnkerfi fiskveiða og eftirlit með því, talið í starfsmönnum og stöðugildum?
2. Hvernig skiptast þeir starfsmenn og þau stöðugildi eftir stofnunum?
3. Hver hefur þróunin verið frá 1991?

Skriflegt svar óskast.

94. Fyrirspurn [94. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um styrkveitingar hans til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hverjir hafa fengið úthlutað styrkjum af þeirri 80 milljón króna fjárveitingu sem ríkisstjórnin hefur árlega samþykkt sérstaklega til ráðherrans, hversu hár var hver styrkur og til hvaða verkefna voru þeir veittir?
2. Hvernig hafa þessir styrkir verið auglýstir eða kynntir?
3. Hvernig var staðið að mati á umsóknum?
4. Hefur verið um eftirfylgni að ræða hjá ráðuneytinu? Ef svo er, í hverju er hún fólgin?
5. Hefur mat á árangri af þessum fjárveitingum farið fram?

Skriflegt svar óskast.

95. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um sérstakt átak til að draga úr reykingum kvenna.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að efna til sérstaks átaks til að draga úr reykingum kvenna. Verði sjónum einkum beint að stúlkum og ungum konum þannig að takast megi að koma í veg fyrir að stúlkur hefji reykingar og þær sem byrjaðar eru hætti.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 122. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd.

Á undanförnum árum hefur margsinnis verið bent á þá staðreynd að íslenskar konur eru meðal mestu reykingakvenna í Evrópu. Aðeins danskar konur reykja meira en þær íslensku. Á sama tíma og íslenskir karlmenn hafa dregið verulega úr reykingum virðist konum ganga verr að hætta að reykja og nú er svo komið að konur og karlar reykja jafnmikið, en þar höfðu karlar löngum mikið forskot. Jafnframt hefur komið fram að dánartíðni kvenna af völdum lungnakrabba hér á landi er einhver sú hæsta í heimi og hefur því miður hækkað. Nýlegar rannsóknir benda til þess að konur þoli reykingar mun verr en karlar, auk þess sem æ betur kemur í ljós að áhrif reykinga á heilsu kvenna eru miklu víðfeðmari en áður var talið. Þannig valda reykingar ekki aðeins krabbameini í lungum heldur tengjast þær brjóstakrabba, krabbameini í legi, hjarta- og æðasjúkdómum, beinþynningu o.fl. Nikótín er miklu sterkara

eitur en menn hafa viljað viðurkenna. Bandarískur læknir sagði flutningsmanni að rannsóknir sýndu að rottur gerðu engan mun á heróíni og nikótíni, þær væru jafnsólgnar í hvort tveggja. Heróín er stranglega bannað en tóbak er selt ómælt.

Á ráðstefnu um heilsu kvenna sem haldin var á vegum heilbrigðisráðuneytisins sl. vetur kom fram að aldur þeirra kvenna sem hefja reykingar hefur farið stöðugt lækkandi. Upp úr 1960 hófu konur reykingar eftir tvítugt, en nú hefja stúlkur reykingar á unglingsaldri, 14–15 ára. Þetta þýðir að sá tími ævinnar sem konur reykja hefur lengst verulega. Það á því miður eftir að skila sér í mun verri heilsu síðar meir og þar með auknum kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið og í tjóni fyrir samfélagið. Ungir og óþroskaðir líkamar glíma við eiturverkanir sem hljóta að hafa í för með sér heilsutjón síðar meir. Tóbaksframleiðendur sem eiga nú í vök að verjast beina sjónum mjög að ungu fólki og snýst nýjasta herferðin um það að fá konur til að reykja vindla, undir þeim formerkjum að þannig séu þær jafnokar karla, gott ef það hefur ekki örvandi áhrif á samskipti kynjanna að hafa vindla um hönd.

Umhverfið og félagahópurinn hefur veruleg áhrif á það hvort unglingar byrja að reykja eða ekki. Því er afar nauðsynlegt að beina áróðri gegn misnotkun á tóbaki að þeim og þá sérstaklega stúlkunum sem er enn hættara við sjúkdómum og heilsutjóni, þótt alls ekki megi gleyma strákunum.

Afleiðingar reykinga eru eitthvert alvarlegasta og erfiðasta viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar. Það er stórkostlegt hagsmunamál þjóðarinnar að draga úr reykingum til að bæta megi líðan einstaklinga, bjarga mannslífum og draga verulega úr kostnaði samfélagsins. Öflugri forvarnir eru besta leiðin til að ná árangri í baráttunni við þann aldagamla ósið sem tóbaksnotkun er. Tilgangur þessarar tillögu er sá að fá heilbrigðisyfirvöld til þess að beina sjónum að reykingum kvenna sérstaklega þannig að hluti þess fjármagns sem nú þegar er varið til tóbaksvarna verði notaður til að ná til þess allt of fjölmenna hóps kvenna sem reykir.

96. Frumvarp til laga [96. mál]

um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Ögmundur Jónasson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Á eftir orðunum „heimild til“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: greiðsluaðlögunar.

2. gr.

Á eftir 3. þætti laganna kemur nýr þáttur, 4. þáttur, **Greiðsluaðlögun**, með tveimur köflum, 11. kafla, **Heimild til greiðsluaðlögunar**, með sjö nýjum greinum, 64.–70. gr., og 12. kafla, **Réttaráhrif greiðsluaðlögunar**, með tveimur nýjum greinum, 71.–72. gr., og breytist töluröð annarra þátta, kafla og greina samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

A. (11. kafli.)

a. (64. gr.)

Skuldari sem á lögheimili á Íslandi og stundar ekki atvinnurekstur getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. ákvæði 3. mgr., átt rétt á greiðsluaðlögun til allt að átta ára, en með greiðsluaðlögun er átt við að viðkomandi verði leystur að hluta undan fjárskuldbindingum sínum.

Greiðsluaðlögun getur verið bæði frjáls og þvinguð, sbr. ákvæði 70. gr.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt:

1. að skuldari sé í verulegum greiðsluerfiðleikum og ekki fyrirsjáanlegt að hann geti staðið við skuldbindingar sínar,
2. að skuldari sé fjár síns ráðandi,
3. að skuldari hafi þegar ráðið sér mann til faglegrar aðstoðar til þess að koma nýrri skipan á fjármál sín; aðstoðarmaður skuldara þarf að fullnægja hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. og má ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans,
4. að bú skuldara sé hvorki undir gjaldþrotaskiptum né hafi hann fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga á síðustu fimm árum,
5. að aðstæður hans mæli með því að öðru leyti; við matið ber m.a. að taka tillit til fjölskylduaðstæðna, hversu gamlar skuldirnar eru, hvernig til þeirra var stofnað og hvaða ráðstafanir skuldari hefur gert.

Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni.

b. (65. gr.)

Greiðsluaðlögun hefur ekki áhrif á ákveðnar kröfur á hendur skuldaranum, sbr. 1.–5. tölul. 1. mgr. 28. gr. eftir því sem við á. Þó hefur greiðsluaðlögun áhrif á kröfur skv. 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. ef hún er frjáls.

c. (66. gr.)

Skrifleg beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal send héraðsdómi í því umdæmi sem skuldari á lögheimili. Með beiðni skal lögð fram yfirlýsing aðstoðarmanns skuldara um að hann sé fús til að taka að sér starfann og fullnægi hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. Tafarlaust eftir að beiðni hefur borist skal héraðsdómari ákveða hvenær hún verður tekin fyrir á dómþingi, en þinghald í því skyni skal háð svo fljótt sem verða má. Ákvörðun þessa tilkynnir héraðsdómari skuldaranum með sannanlegum hætti og þeim fyrirvara að þingsókn verði komið við.

Þegar beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er fyrst tekin fyrir og mætt af hálfu skuldarans skal héraðsdómari leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verði við beiðninni. Héraðsdómara er rétt að benda skuldaranum á það sem kann að vera áfátt og veita honum skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða til að veita nánari upplýsingar um tiltekin atriði ef það verður talið geta borið árangur, en slíkur frestur skal ekki veittur til lengri tíma en einnar viku og að jafnaði aðeins einu sinni. Héraðsdómara er einnig rétt að veita skuldaranum frest með sama hætti til að ráða sér annan mann til aðstoðar ef sá maður sem hann hefur ráðið í byrjun fullnægir ekki hæfisskilyrðum til starfans að mati héraðsdómara.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans þegar beiðni hans er tekin fyrir skoðast hún afturkölluð.

d. (67. gr.)

Þegar gagnaöflun um beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er lokið skal héraðsdómari án ástæðulauss dráttar kveða upp úrskurð um hvort heimildin sé veitt.

Héraðsdómari skal synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans hafi komið fram á síðustu fimm árum áður en beiðni hans um heimild til greiðsluaðlögunar var sett fram og krafan hafi hvorki verið afturkölluð né henni hafnað með úrskurði,
2. að skuldarinn hafi haft heimild til greiðslustöðvunar eða leitað nauðasamninga á síðustu fimm árum áður en beiðni hans var lögð fram,
3. að ekki verði talið að skuldarinn eigi í slíkum fjárhagsörðugleikum að þeir séu verulegir eða að ónógar upplýsingar hafi komið fram til að lagt verði mat á þá,
4. að ráðagerðir skuldarans um ráðstafanir meðan á greiðsluaðlögun stendur verði ekki taldar heimilar eða samrýmast tilgangi greiðsluaðlögunar, raunhæfar eða líklegar til árangurs, eða upplýsingar um þær séu svo óljósar að ekki þyki fært að leggja mat á þær,
5. að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar af hendi skuldarans séu vísvitandi rangar eða villandi,
6. að beiðni skuldarans eða fylgigögnum með henni sé áfátt í öðrum atriðum eða sá sem hann hefur ráðið sér til aðstoðar verði talinn vanhæfur til að gegna því starfi, enda hafi skuldarinn ekki sinnt ábendingu héraðsdómara skv. 2. mgr. 66. gr.

Telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal tiltekið í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný.

Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til æðra dóms.

e. (68. gr.)

Aðstoðarmaður skuldara skal tafarlaust eftir veitingu heimildar til greiðsluaðlögunar boða lánardrottna skuldara og þá sem gengist hafa í ábyrgðir fyrir hann til fundar sem skal haldinn á varnarþingi skuldarans ekki síðar en þremur sólarhringum fyrir þinghald sem héraðsdómari hefur ákveðið skv. 3. mgr. 67. gr., en að öðru leyti fer um ákvörðun um stað og stund fundarins og fundarboð eftir ákvæðum 13. gr.

f. (69. gr.)

Á fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem boðað er til skv. 68. gr., skal aðstoðarmaður skuldarans leggja fram tæmandi og sundurliðaða skrá um eignir og skuldbindingar skuldarans, en þar skal andvirði hverrar eignar áætlað og fjárhæð hverrar skuldbindingar reiknuð út miðað við úrskurðardag, sbr. 3. mgr. 67. gr. Á fundinum skal aðstoðarmaðurinn gera grein fyrir hvernig hann telur að unnt sé að tryggja kröfur lánardrottna sem best og hvað hefur þegar verið gert í þeim efnum.

Aðstoðarmaðurinn stjórnar fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum og færir fundargerð, en í henni skulu viðhorf þessara aðila til ráðagerða hans og tillögur þeirra koma

skýrlega fram. Í þessum efnum skal farið eftir ákvæðum 4. og 5. mgr. 88. gr. að því leyti sem við getur átt, en rétt til fundarsóknar eiga þeir sem gefa sig fram á fundarstað og kveðast eiga kröfu á hendur skuldaranum sem hann kannast við eða þeir sýna skilríki fyrir eða hafa gengist í ábyrgð fyrir hann.

g. (70. gr.)

Í þinghaldi sem héraðsdómari hefur ákveðið í úrskurði sínum skv. 3. mgr. 67. gr. skal aðstoðarmaður leggja fram skrá um eignir og skuldbindingar skuldarans, sönnur fyrir því að boðað hafi verið til fundar með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum eftir fyrirmælum 68. gr. og leggja fram fundargerð af fundinum og skriflega áætlun um greiðsluaðlögun. Í skriflegri áætlun um greiðsluaðlögun skal m.a. koma fram hversu mikið skuldir eigi að lækka og hvernig greitt verði. Þá skal einnig gera ráð fyrir brýnasta framfærslukostnaði skuldara. Ef lánardrottnar skuldara mæta ekki á dómþing eða gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun með úrskurði.

Mæti lánardrottinn skuldara í þinghald skv. 1. mgr. og leggi þar fram skrifleg og rökstudd mótmæli gegn því að beiðnin verði tekin til greina skal fara með slík mótmæli eftir 175. gr. ef hvorki skuldarinn né lánardrottinn hans falla frá kröfum sínum. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir mótmæli lánardrottins er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun. Slíkum úrskurði verður skotið til æðra dóms.

B. (12. kafli.)

a. (71. gr.)

Heimild til greiðsluaðlögunar sem staðfest er með úrskurði héraðsdómara skv. 70. gr. bindur lánardrottna og þá sem í stað þeirra koma um kröfur þeirra á hendur skuldara. Efndir samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun hafa sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu.

Áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki.

Á meðan greiðsluaðlögun stendur er óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta eða kyrrsetja eignir hans, taka þær í löggeymslu, gera fjárnám í þeim eða ráðstafa þeim með nauðungarsölu.

Heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Heimild til frjálsrar eða þvingaðrar greiðsluaðlögunar leiðir til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð eftir 1.–3. og 5. tölul. 123. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

b. (72. gr.)

Árlega skal aðstoðarmaður skuldara gefa lánardrottnum og ábyrgðarmönnum skýrslu um framkvæmd og efndir skuldara samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 64. gr. um átta ára hámarkstíma greiðsluaðlögunar og ákvæði 4. mgr. sömu greinar um að greiðsluaðlögun skuli aðeins veitt einu sinni er skuldara mögulegt að leggja fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjar-

veru hans frá vinnu. Með slíka beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á.

Þóknun aðstoðarmanns skuldara skal greiðast úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

3. gr.

Í stað orðanna „heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar“ í 1. málsl. 1. mgr. 166. gr. (er verður 175. gr.) kemur: heimild til greiðsluaðlögunar, sbr. 70. gr., og áframhaldandi greiðslustöðvunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að koma á úrræði til að aðstoða einstaklinga sem eru í mjög alvarlegum greiðsluerfiðleikum og er lagt til að tekinn verði upp í lögin um gjaldþrotaskipti o.fl. sérstakur kafli um greiðsluaðlögun sem veiti einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur meiri möguleika á því að takast á við greiðsluvanda sinn en nú. Hér er um að ræða nýtt úrræði og er greiðsluaðlögun ætluð þeim sem árangurslaust hafa reynt ráðgjöf og aðstoð við að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum og ekkert blasir við annað en viðvarandi erfiðleikar eða gjaldþrot.

Hugsunin að baki þessu nýja úrræði er sú að hér sé um að ræða leið sem er ekki aðeins til hagsbóta fyrir einstaklinga eða heimili í miklum greiðsluerfiðleikum, heldur að það sé einnig ávinningur fyrir lánardrottna og samfélagið í heild. Greiðsluaðlögun gefur fólki möguleika á að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþroti. Auk þess gefur þessi leið möguleika á að takast á við fjárhagserfiðleika með nýrri og uppbyggilegri sýn úr annars vonlausri stöðu. Greiðsluaðlögun eykur líkur á því að lánardrottnar fái skuldina að öllu eða einhverju leyti greidda, fremur en að tefla kröfunni í tvísýnu í gjaldþrotameðferð þar sem skuldir gjaldanda eru langt umfram eignir. Auk þess dregur það úr kostnaðarsömum innheimtuaðgerðum lánardrottna sem oft skila litlum árangri. Greiðsluaðlögun dregur líka úr kostnaði sem oft fellur á samfélagið þegar fjölskyldur komast í greiðsluþrot. Kostnaður við nauðungarsölu og gjaldþrot fellur á hið opinbera, upplausn fjölskyldna og félagsleg vandamál fylgja í kjölfarið og eru dýr bæði einstaklingum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild. Hér er því verið að skapa möguleika sem skuldari, lánardrottinn og samfélagið í heild geta fremur haft ávinning af en með þeim úrræðum sem nú bjóðast.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

— Um er að ræða nýtt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar sem komnir eru í algjört og viðvarandi greiðsluþrot og ekkert blasir við að óbreyttu annað en gjaldþrot, sem skuldari, lánardrottnar og samfélagið í heild tapa á.
— Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara, en á greiðsluaðlögunartímabilinu, sem staðið getur í átta ár, er gerð áætlun sem honum er skylt að standa við gagnvart lánardrottnum.
— Brýnasti framfærslukostnaður skuldara er metinn og gert ráð fyrir að á greiðsluaðlögunartímabilinu haldi hann eftir því sem sanngjarnt telst til nauðsynlegrar framfærslu.

— Greiðsluaðlögun felur í sér að greiðslu skulda eða hluta þeirra er frestað og að kröfuhafar gefa eftir vexti, kostnað eða hluta skuldar annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili.
— Greiðsluaðlögun getur verið tvenns konar. Annars vegar getur hún verið frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samkomulagi við lánardrottna um frestun eða niðurfellingu skulda og kostnaðar en héraðsdómari úrskurðar um slíkt samkomulag, en hins vegar þvinguð greiðsluaðlögun sem héraðsdómari getur úrskurðað um þótt ekki náist samkomulag við lánardrottna.
— Skuldara er skylt að ráða sér aðstoðarmann sem fer með málið fyrir hönd skuldara; lánardrottnar geta t.d. ekki krafist kyrrsetningar, fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða á greiðsluaðlögunartímabilinu.
— Ekki er unnt að ganga að ábyrgðarmönnum skuldara á meðan greiðsluaðlögun stendur.
— Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni.
— Ef um er að ræða ófyrirséða atburði eins og slys eða sjúkdóma sem leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru frá vinnu eftir að greiðsluaðlögunartímabil hefst er unnt að framlengja það í fjögur ár.
— Gert er ráð fyrir að þóknun aðstoðarmanns skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Þau úrræði, sem skuldugum einstaklingum standa til boða, svo sem frjálsir samningar, greiðslustöðvun og nauðasamningar, eru sniðin að þörfum atvinnulífsins. Þau miða að því að tryggja kröfuhöfum skilvísa greiðslu af eignum skuldara, fremur en að tryggja afkomu þess sem eftir þeim leitar.

Þann 13. september 1993 var skipuð nefnd af þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem var falið það verkefni að meta gagnsemi þess að koma á fót sérstakri greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Nefndinni var jafnframt falið að kanna reynslu annarra Norðurlandaþjóða af löggjöf um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum og undirbúa frumvarp ef þurfa þætti.

Nefndin skilaði skýrslu um málið 16. maí 1994 og þar kom m. a. fram að Danir voru fyrstir til að koma á sérstakri greiðsluaðlögun, 1. júlí 1984. Í byrjun árs 1993 tóku í gildi lög í Noregi um greiðsluaðlögun. Í skýrslunni segir síðan nánar um norsku lögin: „Markmið þeirra er að aðstoða einstaklinga sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluvandræðum til að ná tökum á fjármálum sínum. Til þess að koma megi á greiðsluaðlögun þarf viðkomandi að leggja fram nákvæmt yfirlit yfir eignir, tekjur og skuldir. Framkvæmdin er á herðum sýslumanns („namsmann"). Umsókn um greiðsluaðlögun fer til úrskurðar hjá „namsrett". Ef skuldameðferð er heimiluð hefst 3ja mánaða tímabil meðan greiðsluaðlögun er undirbúin. Lögin gera ráð fyrir 5 ára greiðsluaðlögunartímabili þar sem skuldara er gert að lifa spart og selja eignir á meðan grynnkað er á skuldum. Að því loknu má fella niður eftirstöðvarnar ef skuldarinn hefur uppfyllt skilyrði greiðsluaðlögunar. Lögin veita skuldara viss réttindi meðan unnið er að undirbúningi greiðsluaðlögunar, þau eru:

— samningsréttur,
— réttur til að halda eftir ákveðnu lágmarki tekna til að geta séð sér farborða,
— heimilisréttur sem tryggir húsnæði sem uppfyllir lágmarkskröfur,
— möguleika á að koma sér úr fjárhagsvandræðum í framtíðinni með því að standast skilyrði greiðsluaðlögunar og sýna þannig vilja til að vinna úr vandanum.

Það er álit flestra að árangur af greiðsluaðlögun sé góður í Noregi. Um 5.500 umsóknir bárust fyrsta árið. Áhrifin hafa m.a. orðið þau að í auknum mæli hafa tekist frjálsir

samningar milli aðila sem taka mið af þeim reglum sem lögin um greiðsluaðlögunin byggja á. Rúmlega 22.000 manns hafa leitað til sýslumanna með fyrirspurnir um greiðsluaðlögun vegna greiðsluerfiðleika. Um 1.100 mál eru í vinnslu en greiðsluaðlögun samkvæmt lögunum er í gangi hjá 315 skuldurum. Auk þess sem að lögin hafa auðveldað frjálsa samninga milli aðila þá hafa þau um leið auðveldað samvinnu milli lánastofnana og opinberra aðila um lausn greiðsluvanda. Lögin hafa lagt grunn að frjálsum samningum milli aðila, verið leiðbeinandi og auðveldað fólki að ná frjálsum samningum þegar í óefni er komið. Fram kemur að opinberir aðilar eiga mun takmarkaðri möguleika á sveigjanleika í samningum vegna þess að þeir starfa jafnan eftir þröngum lagaramma.

Samkvæmt rannsóknum Norðmanna er sá hópur sem lent hefur í erfiðleikum fyrst og fremst fólk með mjög lágar tekjur og skuldir sem eru 5–6 sinnum meiri en almennt gerist. Margir þeirra sem sótt hafa um greiðsluaðlögun eru fráskilið fólk með börn undir 18 ára aldri á sínu framfæri. Einnig reyndust margir vera með litla menntun, en í Osló hins vegar voru 40% umsækjenda með háskólamenntun. 87% umsækjenda eru með skuldir sem tengjast núverandi eða fyrra húsnæði en aðeins um helmingur umsækjenda býr í eigin húsnæði. Næstum allir (98%) eiga ekki fyrir skuldum – eru sem næst gjaldþrota. Mikil vandamál tengjast lánum með ábyrgð þriðja aðila, þ.e. foreldra, systkina, sambúðaraðila eða vina. Í Noregi hafa 20% foreldra sem eiga uppkomin börn gengið í ábyrgð á lánum fyrir börn sín. Verið er að kanna leiðir til úrbóta í þessum málum í Noregi og upplýst hefur verið að væntanlegar eru tillögur um breytingar á reglum um skilyrði fyrir ábyrgð þriðja aðila.“

Þá segir í skýrslunni um ráðgjöf og fyrirbyggjandi aðgerðir í Noregi:

„Í allri umfjöllun Norðmanna um reynsluna af greiðsluaðlögun er undirstrikuð sérstaklega nauðsyn fyrirbyggjandi aðgerða og mikilvægi fræðslu og ráðgjafar um fjármál heimilanna. Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin orðið sú að frelsi á fjármagnsmarkaði hefur aukist með afnámi hafta og skömmtunar á fjármagni. Þá má merkja svipaða þróun útlánaþenslu, aukinnar skuldsetningar heimila, verðfalls fasteigna, aukins atvinnuleysis og greiðsluerfiðleika. Á níunda áratugnum var þróunin á Norðurlöndunum á sama veg, skuldir heimilanna jukust verulega umfram ráðstöfunartekjur. Skuldahlutfallið náði hámarki á hinum Norðurlöndunum á árunum 1988–1989 en hefur farið lækkandi. Þessi þróun hefur leitt til þess að leitað hefur verið ráða til að leysa greiðsluvandamál og ekki síst reynt að girða fyrir frekari vandræði í framtíðinni.

Afnám hafta á fjármagnsmarkaði hefur m.a. leitt til aukinnar samkeppni lánastofnana um lántakendur. Á lánamarkaði eru fleiri kostir í boði en áður og því nauðsynlegt að geta valið um bestu kjör hverju sinni. Oft er erfitt fyrir almenning að gera sér grein fyrir raunverulegum fjármagnskostnaði eða bera saman þá möguleika sem í boði eru. Ráðgjöf og fræðsla eru lykilorð í þessu sambandi.“

Þá segir í stuttu máli um norsku lögin í skýrslunni:

„Norskum lögum um greiðsluaðlögun („Lov om frivillig og tvungen gjeldsordning for privatpersoner“) er ætlað að gefa fólki sem á í alvarlegum greiðsluerfiðleikum möguleika á að ná tökum á fjármálum sínum. Í greiðsluaðlögun felst fjármálameðferð sem miðar að því að finna leið til þess að fólk geti greitt skuldir sínar, að svo miklu leyti sem það er unnt án þess að verða gjaldþrota. Þá er gert ráð fyrir því að þeim verðmætum sem fólkið á, en getur verið án, verði deilt milli kröfuhafa. Fyrst er dregin upp mynd af skulda- og eignastöðu skuldara og síðan er með greiðsluaðlögun, skipulagt hvernig leysa megi úr fjármálunum til frambúðar. Greiðsluaðlögun getur byggst á samningum við kröfuhafa, svonefndri frjálsri greiðsluaðlögun eða á úrskurði, þvingaðri greiðsluaðlögun.

Lögin ná yfir allar skuldir einstaklinga, aðrar en þær sem raktar verða til eigin atvinnurekstrar, nema í undantekningatilvikum. Hverjum manni verður aðeins einu sinni veitt greiðsluaðlögun.“

Í skýrslunni var einnig fjallað um hvort þörf væri á sérstakri löggjöf um greiðsluaðlögun á Íslandi með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið:

„Greiðsluaðlögun eins og hún birtist í lögum nágrannaþjóðanna, sérstaklega í löggjöf Norðmanna, er hér hefur verið gerð grein fyrir, virðist henta einstaklingum sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið, komið reglu á fjármál sín. Hins vegar taka lög nágrannaþjóðanna ekki nema að takmörkuðu leyti til þess að heimilt sé með úrskurði að fella niður eða breyta lánstíma og lánakjörum þegar kemur að skuldum sem veð er fyrir og skilja eftir sem næst eyðu þegar kemur að skuldum tryggðum með ábyrgð þriðja manns, kaupum með eignarréttarfyrirvara eða kaupleigu.

Norsku lögin gera ráð fyrir að íbúðarhúsnæði skuldara sé einungis selt til fullnustu skulda, sé þörf á því, og um sé að ræða of stórt eða dýrt húsnæði. Hvað íslenskar aðstæður varðar er sérstaklega bent á að í kjölfar aukins atvinnuleysis og minnkandi yfirvinnu sem brúað hefur erfiðasta bilið í fjárfestingum einstaklinga, má telja líklegt að um nokkurn tíma haldi áfram að síga á ógæfuhliðina í fjármálum og öruggri búsetu og heimilishaldi einstaklinga. Með það í huga að mikil þörf er þegar fyrir félagslegt eignar- og leiguhúsnæði fyrir einstaklinga sem ýmist hafa ekki haft ráð á því að kaupa eigið húsnæði eða tapað á því í kjölfar nauðungaruppboða eða gjaldþrots, virðist æskilegt að með nokkrum öðrum hætti sé á þessu tekið hér á landi. Í ríkari mæli verði tryggt að íbúðarhúsnæði verði ekki selt, sé það innan hæfilegra marka.

Með framanritað í huga og að þeirri staðreynd gefinni að skuldasamsetning íslenskra heimila sé þannig að þar sé verulegur hluti ýmist veðtryggður, tryggður með ábyrgð þriðja manns eða með öðrum álíka tryggum hætti, má vera ljóst að greiðsluaðlögun að norrænni fyrirmynd myndi ekki leysa til fullnustu þann brýna vanda sem þúsundir íslenskra fjölskyldna glíma nú við. Hins vegar eru ekki til í dag samræmd úrræði til aðstoðar skuldugum einstaklingum og nothæf lögbundin úrræði skortir. Nefndin er því einhuga um að brýn þörf sé fyrir löggjöf um greiðsluaðlögun sem sérstaklega yrði sniðin að íslenskum aðstæðum í samræmi við íslenskt réttarfar. Markmið slíkrar löggjafar yrði jafnframt að fylla í þá eyðu sem vanræksla á fjármunalegu uppeldi og langtíma fjárhagsvandræði hafa skapað í lífi og starfi íslenskra fjölskyldna. Margföldunaráhrif slíkra aðgerða myndu ekki einasta skila sér til þeirra einstaklinga sem í hlut eiga, heldur einnig til nánustu ættingja og vina. Eins myndi úrræði eins og greiðsluaðlögun gera það verklag lánastofnana og aðila í viðskiptalífi, að lána fé án tillits til greiðslugetu lánþega, fráhrindandi. Nauðsynlegt er að á því sé tekið á meðvitaðan hátt, að breyta þeirri hefð að lánsfé sé ætíð falt án tillits til greiðslugetu, einungis ef veð eða sjálfskuldarábyrgðir þriðja manns eru fáanlegar.“

Loks segir í skýrslunni um tillögur nefndarinnar um greiðsluaðlögun og fyrirbyggjandi aðgerðir:

„Nota má þann stofn sem hin norrænu greiðsluaðlögunarlög mynda, sérstaklega hin norsku, sem grunn. Nefndin leggur til að við þennan stofn verði bætt úrræðum sem til lengri tíma myndu skapa einstaklingum skjól til endurskipulagningar og meðvitundar um fjármál sín. Þau myndu gera þeim kleift að greiða verulegan hluta skulda sinna án þess að fjölskyldur þeirra komist á vergang og einnig tryggja kröfuhöfum uppgjör þess hluta krafna sinna sem þeir fyrirsjáanlega myndu fá greiddan í kjölfar gjaldþrots, uppboða eða í skjóli ómarkvissrar

endurskipulagningar fjármála í kjölfar greiðslustöðvana. Líklegt má og telja að með greiðsluaðlögun fengju kröfuhafar meira í sinn hlut en ella yrði.

Til þess að ná þessum markmiðum leggur nefndin til að samið verði frumvarp til laga um greiðsluaðlögun sem taki til einstaklinga utan atvinnureksturs. Einstaklingar sem komist hafa í greiðsluvandræði og jafnframt verið aðilar að atvinnurekstri myndu falla undir lögin hafi starfseminni verið hætt, nema sérstaklega standi á.

Skilyrði yrðu að öðru leyti opin enda vart hægt að leggja til að samofin félagsleg- og fjármálaleg úrræði til bjargar einstaklingum í fjárhagsvandræðum standi ekki öllum til boða sem eru í svipaðri stöðu. Um er að ræða úrræði sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð félagsleg áhrif fjárhagsvandræða svo sem upplausn fjölskyldna, vanrækslu barna og ör búsetuskipti.“

Síðan framangreind skýrsla var unnin hafa stjórnvöld gert tilraunir til að bregðast við vanda einstaklinga í greiðsluerfiðleikum, m.a. með því að setja á fót Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Úrræði þau sem ákveðin voru fyrir einstaklinga í greiðsluvanda með lögum um réttaraðstoð einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996, lögum um mögulega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti, nr. 64/1996, og lögum um mögulega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 71/1996, geta hins vegar ekki komið í stað greiðsluaðlögunar og hafa þau ekki komið til móts við þarfir skuldugra einstaklinga sem vilja ráða bót á fjárhagsvanda sínum. Í fyrirspurn sem Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram á Alþingi vorið 1997 kom í ljós, samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómstólum, að á árunum 1992–95 óskuðu 16 einstaklingar eftir heimild til að leita nauðasamninga. Í 15 tilvikum var slík heimild veitt og nauðasamningur staðfestur í kjölfarið en ein beiðni afturkölluð. Eftir gildistöku framangreindra laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 1. júlí 1996, og fram til 10. nóvember 1997 hafa síðan 47 einstaklingar sótt um slíka aðstoð, 29 fengið, níu verið synjað um slíka aðstoð, þrjár beiðnir verið afturkallaðar og nokkrar beiðnir eru enn í nefnd þeirri sem veitir umsögn um réttaraðstoð samkvæmt lögunum. Miðað við þann fjölda heimila í landinu sem býr við mikla greiðsluerfiðleika og ekkert blasir við nema gjaldþrot ef ekkert verður að gert er ljóst að þetta úrræði er engan veginn nægilega virkt. Þá hefur sú gagnrýni komið fram að fjárhæðin sem einstaklingur á rétt á samkvæmt lögunum, 250 þús. kr. miðað við vísitölu neysluverðs, dugi skammt og stór hluti hennar fari í að standa straum af kostnaði við undirbúningsvinnu lögmanns sem aðstoðar skuldarann. Þá er þess að geta að frá gildistöku framangreindra laga um niðurfellingu á tekju- og eignarskatti til 30. apríl 1997 uppfyllti ekkert erindi skilyrði 4. mgr. 1. gr. laganna, en þar er kveðið á um að telji innheimtumaður að hagsmunum ríkisjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skuli hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er síðan heimilt að samþykkja nauðasamning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og að uppfylltum nánari skilyrðum í lögunum. Þá er þess að geta að á árunum 1993–95 voru 1990 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota eða að meðaltali 663 á ári og á árinu 1995 voru flestir einstaklingar sem úrskurðaðir voru gjaldþrota í aldurshópnum 35–39 ára.

Á 121. löggjafarþingi, árið 1996–97, fluttu Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara. Tillagan tók mið af því að tryggður yrði betur réttur skuldara við fjárnám, nauðungarsölu og gjaldþrotameðferð, m.a. með löggjöf um greiðsluaðlögun sem gæti að verulegu leyti komið í stað nauðungarsölu og gjaldþrotaskipta. Í umsögn Húsnæðisstofnunar ríkisins um tillöguna kom eftirfarandi fram: „Húsnæðisstofnun er þeirrar skoðunar að lög frá fyrra ári um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, lög um hugsanlega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga og

lög um hugsanlega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti vegna greiðsluerfiðleika einstaklinga, komi ekki í stað greiðsluaðlögunar, í því formi sem framangreind nefnd (þ.e. nefnd sú sem Jóhanna Sigurðardóttir skipaði og fjallað er um hér að ofan) lagði til að yrðu tekin upp hér á landi og sem lagt er til að tekin verði upp samkvæmt tillögu til þingsályktunar. Lög um greiðsluaðlögun myndu væntanlega miða að því að verja heimili þeirra fjölskyldna, sem lenda í verulegum greiðsluvanda. Framangreind lög um réttaraðstoð og niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun og á tekju- og eignarskatti ganga ekki nærri eins langt í því efni."

Markmiðið með greiðsluaðlögun er að tryggja afkomu einstaklinga sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið komið reglu á fjármál sín. Greint er á milli tvenns konar greiðsluaðlögunar: Annars vegar frjálsrar greiðsluaðlögunar sem byggist á nokkurs konar samningi skuldara við lánardrottna um frestun á greiðslu skulda, niðurfellingu skulda að öllu eða nokkru leyti eða eftirgjöf vaxta og kostnaðar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili sem stæði yfir í allt að átta ár og úrskurðar héraðsdómari um heimild til slíkrar greiðsluaðlögunar. Hins vegar getur héraðsdómari, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, úrskurðað að greiðsluaðlögun skuli heimil þó að ekki náist samkomulag við lánardrottna og er þá um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun.

Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara og verður honum m.a. gert skylt að ráða sér aðstoðarmann. Greiðsluaðlögun leysir skuldara undan greiðsluskyldu á þeim skuldum sem greiðsluaðlögunin nær til og geta lánardrottnar ekki krafist fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða vegna sömu skuldar á greiðsluaðlögunartímabili. Hið sama gildir um ábyrgðarmenn skuldara. Ekki er unnt að ganga að þeim á meðan greiðsluaðlögun stendur.

Rökin fyrir slíku úrræði eru þau að tryggð verði greiðsla til kröfuhafa meðan enn eru til verðmæti, svo og að komið verði í veg fyrir þjóðfélagslegt tjón sem leiðir af fjöldagjaldþrotum einstaklinga. Til þess að markmið greiðsluaðlögunar náist verður hún að ná til sem flestra skulda, þar með talið skulda sem tryggðar eru með veði í fasteignum skuldara þegar um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða. Veðkröfur falla hins vegar ekki undir áætlun um greiðsluaðlögun ef um þvingaða greiðsluaðlögun er að ræða enda eru veðréttindi óbein eignarréttindi sem varin eru af stjórnarskránni. Þá er hið síðastnefnda einnig í samræmi við önnur úrræði sem kveðið er á um í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting á 1. gr. er gerð til samræmis og með hliðsjón af þeirri breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. að unnt verði að leggja fram beiðni til héraðsdóms um heimild til greiðsluaðlögunar auk þeirra úrræða sem fyrir eru, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 2. gr.

Lagt er til að bætt verði við nýjum þætti í lögin sem ber yfirskriftina Greiðsluaðlögun og undir hann heyri tveir kaflar, 11. kafli, Heimild til greiðsluaðlögunar, og 12. kafli, Réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um A (11. kafla).

Í kaflanum er fjallað um það hvað átt er við með greiðsluaðlögun, hver eru skilyrði hennar, til hvaða krafna áætlun um greiðsluaðlögun nær, aðstoðarmann þess sem beiðist

greiðsluaðlögunar, beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar og meðferð hennar og úrskurð héraðsdómara um frjálsa eða þvingaða greiðsluaðlögun.

Um a-lið (64. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að með greiðsluaðlögun sé átt við að tiltekinn skuldari verði leystur að hluta undan fjárskuldbindingum sínum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau eru annars vegar að skuldari þurfi að eiga lögheimili á Íslandi og hins vegar að hann stundi ekki atvinnurekstur. Með atvinnurekstri er hér átt við atvinnurekstur í skilningi skattalaga. Þá er í málsgreininni vísað til nánari skilyrða skv. 3. mgr. sem þarf að uppfylla og tekið fram að unnt sé að fá heimild til greiðsluaðlögunar til allt að átta ára.

Í 2. mgr. kemur fram að greiðsluaðlögun geti verið bæði frjáls og þvinguð og vísast um það til athugasemda við g-lið, 70. gr.

Í 3. mgr. er að finna nánari skilyrði þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt. Meðal þeirra skilyrða er að skuldari ráði sér aðstoðarmann sem fullnægja þarf ákveðnum hæfisskilyrðum og að auki má aðstoðarmaðurinn ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans.

Í 4. mgr. er síðan tekið fram að ekki sé unnt að veita sama skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 72. gr.

Um b-lið (65. gr.).

Í greininni er kveðið á um að greiðsluaðlögun hafi ekki áhrif á allar kröfur á hendur skuldara og er vísað til ákvæða 1. mgr. 28. gr. laganna, sem tekur til nauðasamninga, í því sambandi eftir því sem við getur átt. Þó gildir sú undantekning að greiðsluaðlögun tekur einnig til veðkrafna á hendur skuldara ef um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða enda er þá um samkomulag við lánardrottna að ræða.

Um c-lið (66. gr.).

Hér er kveðið á um aðgerðir héraðsdómara þegar honum hefur borist beiðni skuldara um heimild til greiðsluaðlögunar. Gert er ráð fyrir að héraðsdómari boði skuldarann til þinghalds af þessu tilefni og setji eftir atvikum þing þegar komið er með beiðnina og taki hana formlega fyrir. Ef skuldari mætir ekki til þings telst beiðni hans afturkölluð, sbr. ákvæði 3. mgr. Ef mætt er af hálfu skuldara er til þess ætlast að héraðsdómari leiti upplýsinga um atriði sem ekki koma nægilega fram í beiðninni eða fylgigögnum með henni en gætu haft þýðingu. Þá er gert ráð fyrir að skuldarinn geti fengið skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða veita nánari upplýsingar eða til að ráða sér nýjan aðstoðarmann ef þess er þörf.

Um d-lið (67. gr.).

Í greininni er að finna ákvæði um hvenær héraðsdómara er heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar. Þá er í 3. mgr. kveðið á um að ef héraðsdómari telur skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar skal tiltaka það í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna þegar endanlegur úrskurður um heimildina verður felldur og þar með gefa skuldara og aðstoðarmanni hans tíma til að ná til lánardrottna og ábyrgðarmanna, sbr. athugasemdir við e-lið, 68. gr., til að kanna afstöðu þeirra.

Um e-lið (68. gr.).

Eftir úrskurð héraðsdómara skv. 67. gr. skal aðstoðarmaður skuldara tafarlaust tilkynna öllum lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem vitað er um, um veitingu heimildar til greiðslustöðvunar og boða þá um leið til fundar við sig sem ber að halda a.m.k. þremur sólarhringum áður en þinghald verður háð til að staðfesta fyrri úrskurð. Aðstoðarmanni ber að senda fundarboðið í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt, með

hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram hvar og hvenær fundur verður haldinn, hvenær heimild hafi verið veitt og hvenær dómari tekur málið fyrir að nýju.

Um f-lið (69. gr.).

Í greininni kemur fram um hvað skal fjalla á fundi aðstoðarmanns og skuldara með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum. Þá er vísað til ákvæða 4. og 5. mgr. 88. gr.

Um g-lið (70. gr.).

Í þinghaldi sem dómari boðar til skv. 67. gr. leggur aðstoðarmaður fram skrá um eignir og skuldbindingar skuldara, sönnur fyrir fundi og fundargerð skv. 68. gr. og skriflega áætlun um greiðsluaðlögun þar sem m.a. skal koma fram hversu mikið skuldir eiga að lækka og tekið tillit til brýnasta framfærslukostnaðar skuldara. Ef lánardrottnar mæta ekki eða mæta og gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun. Mæti lánardrottinn hins vegar og leggi fram skrifleg og rökstudd mótmæli skal farið með slík mótmæli eftir ákvæðum 175. gr. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir framkomin mótmæli er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun, þ.e. greiðsluaðlögun í andstöðu við lánardrottna.

Um B (12. kafla.).

Í kaflanum er fjallað um réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um a-lið (71. gr.).

Í greininni er tekið fram að áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki og gilda því um greiðsluaðlögun að þessu leyti sömu reglur og gilda um réttaráhrif nauðasamninga. Undantekning frá þessu kemur hins vegar fram í 4. mgr. því að heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Um b-lið (72. gr.).

Í 2. mgr. er kveðið á um þá undanþágu frá ákvæðum 64. gr. að skuldari geti lagt fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Með þá beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á. Þá er gert ráð fyrir að þóknun skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Um 3. gr.

Breytingin er lögð fram til samræmis við þá breytingu að nýjum kafla um greiðsluaðlögun er bætt inn í lögin, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1999 og því gefist nokkur tími til aðlögunar.

97. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir,
Árni Steinar Jóhannsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að í stað þess að stefna að miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði verði ríkisstjórninni falið að láta fara fram vandaða úttekt á dreifðum gagnagrunnum með það að markmiði að nýta megi þá betur en nú er gert í þágu rannsókna og bættrar heilbrigðisþjónustu að teknu tilliti til réttinda sjúklinga og ákvæða um persónuvernd. Kannað verði jafnframt hvernig tengja megi saman dreifða gagnagrunna til að auðvelda afmarkaðar og vel skilgreindar rannsóknir og hvernig um þurfi að búa til að tryggja persónuvernd. Sé talið nauðsynlegt að breyta lögum á þessu sviði verði gerðar tillögur þar að lútandi.

Við vinnu að úttektinni verði meðal annars gert ráð fyrir:

1. Að ríki, rannsóknastofnanir og félög sem standa fyrir rannsóknum á heilbrigðissviði eigi framvegis sem hingað til aðild að dreifðum gagnagrunnum.
2. Að upplýsingar úr sjúkraskrám séu varðveittar þar sem þær verða til og ekki verði settur upp miðlægur gagnabanki.
3. Að leitað verði upplýsts samþykkis sjúklinga vegna skráningar upplýsinga í dreifða gagnagrunna vegna rannsókna, eftir því sem við á og unnt er, sbr. tilskipun 95/46/EC, og í hvívetna gætt ákvæða um persónuvernd.
4. Að sérstaklega verði athugað um réttarstöðu þeirra sem sviptir hafa verið sjálfræði eða eru vegna veikinda ófærir um að svara til um skráningu, sem og um heimildir til skráningar upplýsinga um þá sem eru látnir.
5. Að tryggður verði réttur ófullveðja barna til að afturkalla er viðkomandi verður fullveðja heimildir sem foreldrar kunna að hafa veitt til skráningar upplýsinga um viðkomandi.
6. Að athugað verði hvernig koma megi í veg fyrir að upplýsingar úr gagnagrunnum séu misnotaðar af hálfu tryggingafélaga og atvinnurekenda.
7. Að ákvæði alþjóðasamninga og samþykkta á þessu sviði, sem Ísland er aðili að, séu virt í hvívetna, sem og mannréttindaákvæði.
8. Að mörkuð verði stefna um hvort, og þá hvernig, veita eigi aðgang að dreifðum og hugsanlega samtengdum gagnagrunnum til rannsókna og annarra vel skilgreindra verkefna og um gjaldtöku í því sambandi.
9. Að kannaðir verði kostir þess að nýta upplýsingar úr dreifðum og hugsanlega samtengdum gagnagrunnum til að auka gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu.
10. Að tekið verði, eftir því sem við á, tillit til stefnumörkunar um söfnun, vörslu og meðferð lífsýna úr mönnum, sem og laga um réttindi sjúklinga.
11. Að komið verði á skipulegri fræðslu til almennings um erfðatækni og eðli og starfrækslu gagnagrunna á heilbrigðissviði, ekki síst um varhugaverða þætti, svo og um skyldur og trúnað heilbrigðisstarfsstétta gagnvart sjúklingum og um réttindi sjúklinga og persónuvernd.

12. Að tekið verði, eftir því sem við á, mið af „stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins“, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gaf út árið 1997 (rit 1, 1997).

Við úttektina verði haft náið samráð við tölvunefnd og vísindasiðanefnd, sem og þá aðila sem þegar starfrækja gagnagrunna á heilbrigðissviði, þar á meðal erfðafræðinefnd, Krabbameinsfélag Íslands og Hjartavernd. Þá verði og haft samráð við Háskóla Íslands og aðrar rannsóknastofnanir og leitað upplýsinga um fyrirkomulag og þróun hliðstæðra mála í nágrannalöndum austan hafs og vestan.

Skýrsla um úttektina og æskilegar lagabreytingar verði lögð fram á næsta reglulegu Alþingi til kynningar og umræðu.

Greinargerð.

Með þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér er flutt um úttekt á dreifðum gagnagrunnum á heilbrigðissviði og persónuvernd er gert ráð fyrir að í stað miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði sem tillögur hafa komið fram um verði byggt á dreifðum gagnagrunnum í heilbrigðiskerfinu. Kannað verði jafnhliða hvort gera eigi ráð fyrir að unnt sé að samhæfa þessa grunna þannig að þeir nýtist til rannsókna og annarra vel skilgreindra verkefna, meðal annars til að auka gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu.

Hvaða leiðir sem valdar verða þarf að tryggja persónuvernd og friðhelgi manna í fullu samræmi við alþjóðasamþykktir og bestu hefðir og siðareglur. Forsendurnar fyrir því að vel takist til á sviði persónuverndar og öryggis sjúklinga og þjóðarinnar í heild er að ekki sé gengið lengra í lagasetningu og heimildum en svo að yfirgnæfandi líkur séu á að unnt verði að hafa í heiðri reglur á sviði persónuverndar og ekki sé tekin óhæfileg áhætta á því sviði. Þótt máli skipti hvaða tæknilegar útfærslur eru valdar í gagnagrunnum, einnig með tilliti til persónuverndar, er það aukaatriði hjá hinu að lagalega sé þannig um hnúta búið að grunnarnir bjóði ekki upp á misbeitingu og „slys“. Það felst í eðli þeirra rannsókna sem gagnagrunnar eiga að auðvelda að gögn eða upplýsingar sem í þá eru sett eru ekki aftengd. Þessi gögn eru því í reynd persónugreinanleg og væri blekking að halda öðru fram. Af þeim sökum er alltaf tekin áhætta. Því stærri sem grunnurinn er, þeim mun meiri er áhættan að öðru jöfnu. Það eru því lagalegar skilgreiningar og ákvarðanir um hvaða upplýsingar eiga að fara í tiltekinn gagnagrunn á hverjum tíma sem skipta langtum meira máli en tæknilegur umbúnaður. Form dulkóðunar, lyklar o.s.frv. tryggja aldrei fullkomið öryggi. Alltaf eru leiðir til baka og því verður heildstætt mat að ráða niðurstöðu. Þar sýnist varúðarreglan eins og hún hefur verið túlkuð í samhengi umhverfismála vera góður leiðarvísir.

Þörf á vandaðri úttekt.

Tillagan ber með sér að hún er andsvar við þeirri hugmynd sem fram er komin á vegum ríkisstjórnar um miðlægan gagnagrunn á vegum einkaaðila. Henni er ætlað að leggja grunn að annarri og vænlegri þróun þessara mála og svara um leið kalli um aukna skilvirkni í skráningu heilsufarsupplýsinga og að bæta möguleika til rannsókna að teknu tilliti til öryggis í persónuvernd og vörslu upplýsinga.

Sú öra þróun sem nú á sér stað í lífvísindum og upplýsingatækni krefst árvekni stjórnvalda og þess að leitað sé svara við ýmsum grundvallarspurningum. Það á ekki síst við um samband erfðatækni, heilbrigðismála og samfélagsþróunar og í því sambandi koma upp siðferðileg álitaefni við hvert fótmál. Við þessar aðstæður þurfa Íslendingar sem aðrar þjóðir að leita svara með því að meta eigin aðstæður og jafnframt draga að þekkingu og hafa til við-

miðunar alþjóðleg viðhorf. Þeirri úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir er ætlað að bæta úr brýnni þörf og vegna aðstæðna þarf að vinna hratt en vel til að skapa traustan grunn fyrir stefnumótun.

Svara þarf grundvallarspurningum.

Mörg grundvallaratriði hafa ekki fengið þá umfjöllun sem ætti að vera undanfari ákvarðana um skráningu í gagnagrunna á heilbrigðissviði. Þar er um að ræða lagalegar spurningar eins og þær hver eigi upplýsingar í sjúkraskýrslum, en ráðstöfun upplýsinganna og réttur sjúklinga eru meðal annars komin undir svari við því. Önnur spurning er hver eigi að sjá um slíka skráningu, opinberir aðilar og heilsufélög í þágu samfélagsins eins og tíðkast hefur hérlendis til þessa eða einkaaðili í hagnaðarskyni eins og nú er lagt til í stjórnarfrumvarpi. Enn má nefna kostnaðarþáttinn og upplýsingarnar sem verðmæti eða auðlind og þá um leið spurninguna um gjaldtöku, svo og málið allt í þjóðhagslegu samhengi.

Jafnræði vísindamanna og annarra í aðgengi að gagnagrunnum, að svo miklu leyti sem veittur er slíkur aðgangur, þarf að vera ljóst og verður að minnsta kosti að ræða áður en gripið er til einokunar. Þessu til viðbótar hrannast upp spurningar um nýtingu erfðatækni í heilbrigðisþjónustu og beitingu gagnagrunna í því samhengi, en þaðan er stutt yfir á jarðsprengjusvæði.

Erfðarannsóknir ekki nýmæli hérlendis.

Ástæða er til að minna á að erfðarannsóknir eru ekki nýjar af nálinni hérlendis. Þær hafa verið stundaðar hér um árabil og allmargir helgað slíkum viðfangsefnum krafta sína. Væri þörf á að taka saman efni um þá sögu og yfirlit um mannafla sem tengst hefur verkefnum á þessu sviði. Að þessum rannsóknum hefur verið unnið í kyrrþey og afraksturinn birst í vísindagreinum og í margþættu starfi í þágu heilbrigðis- og rannsóknastofnana.

Stofnun fyrirtækisins Íslensk erfðagreining ehf. árið 1996 var merkilegt framtak sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Á vegum þess starfa nú um 250 manns og er fyrirtækið ánægjulegur vaxtarbroddur í atvinnulífi hérlendis. Ekki hefur annað komið fram en að fyrirtækið muni geta dafnað vel þótt ekki komi til sá miðlægi gagnagrunnur sem tengdur hefur verið nafni þess frá því það mál komst í umræðu.

Treysta þarf sem best framtíð erfðarannsókna hérlendis með almennum aðgerðum þar sem gætt verði jafnræðis í aðstöðu til rannsókna og myndunar fyrirtækja. Einnig skiptir miklu að búa vel að stofnunum, vísindastarfi og námi á þessu sviði.

Stefnumörkun síðustu ára jákvæð.

Til skamms tíma leit út fyrir að íslensk stjórnvöld væru að feta sig áfram hægt en eftir atvikum skynsamlega á þessu nýja sviði rafrænna upplýsingakerfa. Lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, tölvulögin, mynduðu allgóðan grunn. Undirbúin voru ný lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, og þau afgreidd á Alþingi fyrir hálfu öðru ári. Þar er að finna ákvæði um vísindasiðanefnd sem skipuð var fyrir ári og henni og siðanefndum á sjúkrahúsum fengin veigamikil verkefni með reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sem sett var 4. júlí 1997. Rannsóknarráð Íslands (RANNÍS) setti á fót starfshóp til að móta reglur um meðferð, notkun og vörslu erfðaefnis úr mönnum og sendi tillögur hópsins með jákvæðri umsögn til heilbrigðisráðherra 26. júní 1997. Sérstakt lagafrumvarp um lífsýni hefur verið í mótun hjá ráðuneyti og sagt væntanlegt innan skamms.

Síðast en ekki síst ber að geta frumkvæðis heilbrigðisráðuneytis með „stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins“ sem út var gefin á árinu 1997 (rit 1, 1997) og fylgt úr hlaði af heilbrigðisráðherra. Margir komu að þeirri vinnu á undirbúningsstigi og var hún kynnt sem „framtíðarsýn um notkun upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu fram til ársins 2010 ... Markmiðin sem sett eru eiga að geta staðið í a.m.k. fimm ár og vísað okkur veginn inn í tuttugustu og fyrstu öldina.“ Þessi stefnumótun lofaði um margt góðu. Í meginniðurstöðum (ágripi) stendur meðal annars eftirfarandi: „Þeirri meginreglu verður fylgt að upplýsingar séu varðveittar þar sem þær verða til. Ekki er áformað að setja upp miðlægan gagnabanka með persónutengdum upplýsingum um heilsufarsmálefni. Gerðar verða ráðstafanir til þess að tryggja rekstraröryggi upplýsingakerfa og öryggi gagna.“ Þá er þar sagt brýnt vegna rafrænnar vinnslu heilsufarsupplýsinga að tölvulögin, nr. 121/1989, verði endurskoðuð og áhersla lögð á að friðhelgi einkalífsins sé tryggð. Tillaga stjórnskipaðrar nefndar að frumvarpi til nýrra persónuverndarlaga liggur nú fyrir og hefur dómsmálaráðherra boðað flutning frumvarps á Alþingi fljótlega.

Framangreind stefnumörkun í áföngum á síðasta áratug sem góð samstaða hafði tekist um er algjör andstaða við þau skjótu veðrabrigði sem urðu í aprílbyrjun 1998 með framlagningu frumvarps heilbrigðisráðherra um gagnagrunna á heilbrigðissviði (661. mál á 122. löggjafarþingi). Þótt efni þess frumvarps sé ekki viðfangsefni þessarar tillögu verður ekki hjá því komist að víkja að því máli.

Hugmynd stjórnvalda um miðlægan gagnagrunn.

Frumvarp heilbrigðisráðherra um gagnagrunna á heilbrigðissviði, sem lagt var fram á Alþingi 6. apríl 1998, kom líkt og þruma úr heiðskíru lofti. Með því sneru stjórnvöld algjörlega við blaðinu frá ársgamalli stefnumörkun. Heilbrigðisupplýsingum um landsmenn skyldi safnað í einn miðlægan gagnagrunn og einum aðila veitt einkaleyfi til að byggja upp grunninn og reka hann á viðskiptalegum forsendum í allt að tólf ár með möguleika á framlengingu.

Þetta stórmál var ótrúlega illa úr garði gert, hroðvirknislega unnið og lítið gert til að varpa ljósi á þau fjölmörgu álitaefni sem málinu tengdust. Ekki var í frumvarpinu og athugasemdum sem því fylgdu reynt að svara þeim mörgu siðferðilegu spurningum sem málið varða eða gerð grein fyrir alþjóðlegum skuldbindingum og samþykktum sem Ísland er aðili að og snerta þetta mál. Þess var farið á leit við Alþingi að lögfesta á örfáum vikum gerð miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði þar sem safnað yrði öllum tiltækum heilsufarsupplýsingum um Íslendinga, látna, lifandi og óborna, og öðru efni sem fært er í sjúkraskrár. Einu fyrirtæki yrði síðan veitt sérleyfi til byggja upp og reka grunninn og gera þær upplýsingar sem í honum yrðu að verslunarvöru.

Það duldist engum að frumvarpið var samið eftir forskrift frá forsvarsmönnum eins fyrirtækis, Íslenskrar erfðagreiningar ehf., sem ætlunin væri að veita rekstrarleyfi að grunninum. Var beinlínis að fyrirtækinu vikið í greinargerð með frumvarpinu og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar gerðist óopinber talsmaður stjórnvalda gagnvart almenningi og fjölmiðlum, enda kunnugri innviðum og bakgrunni málsins en ráðherra og embættismenn ráðuneytisins. Hefur ósmekklegri málafylgja ekki sést hér í mikilsverðu máli á undirbúningsstigi um langt skeið.

Við umræður um frumvarpið á Alþingi síðastliðið vor kom fram hörð gagnrýni á frumvarpið af hálfu nokkurra þingmanna og margir settu fram fyrirvara um einstök atriði þess. Ýmsir þingmenn töldu ótækt með öllu að afgreiða svo stórt mál á fáeinum vikum á mesta

annatíma þingsins. Frá fjölda málsmetandi manna, ekki síst úr röðum vísindamanna, lækna og annarra heilbrigðisstétta, bárust alvarlegar athugasemdir við frumvarpið og þá fyrirætlan að lögfesta það. Töldu margir að með því yrði unnið óbætanlegt tjón á heilbrigðiskerfi landsmanna og vísindamönnum yrði gróflega mismunað í aðgangi að upplýsingum til rannsókna. Einna alvarlegast væri þó að með frumvarpinu, ef að lögum yrði, væri trúnaðarsambandi lækna og sjúklinga stefnt í mikla hættu.

Heilbrigðisráðherra sá þann kost vænstan í apríllok 1998 að falla frá fyrirætlunum um að reyna að fá frumvarpið lögfest á vorþinginu. Þess í stað var gengið út frá því við forustu í heilbrigðisnefnd að frumvarpið kæmi að nýju fram að hausti og fengi þá flýtimeðferð. Æskilegast hefði verið að þingnefndin fjallaði um málið til að móta framhaldið. Þess í stað tók ráðherra frumvarpið í sínar hendur og lét fara yfir það og gera á því breytingar um sumarið. Málsmeðferð sem þessi vekur spurningar um hlut Alþingis við mótun löggjafar og stöðu þingnefnda í því samhengi.

Framhaldið þekkja menn. Um gagnagrunns-„frumvarpið“ og hugmyndir ráðuneytisins hefur staðið linnulaus umræða sem ekki sér fyrir endann á, en boðað er að málið verði lagt fyrir Alþingi um miðjan október 1998. Allmargar breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu raska ekki megingrundvelli þess og markmiðum. Ólíklegt er því að um það takist sú sátt í þjóðfélaginu sem heilbrigðisráðherra hefur lýst sem forsendu fyrir framgangi málsins. Þar við bætist að ýmis ákvæði frumvarpsins stangast eftir sem áður á við alþjóðasamþykktir sem Ísland hefur heitið að virða og ekki verður auðveldlega bætt úr.

Einstök atriði í útfærslu málsins eru afar óljós og gætu reynst örðug í framkvæmd. Þetta á meðal annars við um aðgengi rekstrarleyfishafa að upplýsingum frá heilbrigðisstofnunum. Rekstrarleyfishafi á samkvæmt ákvæðum í greinargerð með frumvarpsdrögum ráðuneytis að gera „samninga við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um flutning upplýsinga úr sjúkraskrám í gagnagrunn á heilbrigðissviði“.

Meginannmarkar frumvarps ríkisstjórnarinnar felast í allsendis ófullnægjandi persónuvernd og áhættu sem fylgir miðlægum gagnagrunni, óljósum og óskilgreindum ákvæðum um hvað í hann verði sett, stærð hans og fyrirhugaðri samkeyrslu við erfða- og ættfræðiupplýsingar, og síðast en ekki síst viðskiptalegum forsendum fyrir uppbyggingu hans og rekstri. Þá verður vísindamönnum mismunað gróflega að því er varðar aðgengi að upplýsingum úr grunninum. Verði frumvarpið að lögum getur verið skammt í að „stóri bróðir“ berji að dyrum á mörgum heimilum á Íslandi.

Kostir dreifðra gagnagrunna.

Eins og áður er getið er í stefnumótun heilbrigðisyfirvalda frá árinu 1997 því slegið föstu sem meginreglu að upplýsingar séu varðveittar þar sem þær verða til. Nánar er í stefnumörkuninni bent á að með tölvutækni skapist nýir möguleikar til samtengingar sjúkragagna, svo sem myndrænna upplýsinga, talaðs máls og rannsóknasvara. Helstu kostir rafrænnar sjúkraskrár eru þar taldir: auknir möguleikar á samfelldri meðferð, greiðari aðgangur að upplýsingum og hraðari upplýsingamiðlun sem leiðir af sér skjótari og vandaðri ákvarðanatöku, aukið öryggi við varðveislu gagna og betri notkun fjármagns, tækja og mannafla. Síðar segir: „Samræma þarf öflun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga mismunandi stofnana til að kostir rafrænnar sjúkraskrár nýtist. Stöðlun klínískra upplýsinga er langtímaverkefni sem vinna þarf á komandi árum samhliða gerð klínískra upplýsingakerfa.“

Hér er lýst fyrirætlunum um uppbyggingu dreifðra en samræmdra gagnagrunna á sjúkrastofnunum í landinu sem komi til viðbótar gagnagrunnum sem fyrir eru, m.a. hjá Krabba-

meinsfélaginu, Hjartavernd og erfðafræðinefnd. Landlæknisembættið hefur stuðlað að þessari þróun og gæti áfram haft forustu á hendi um samhæfingu slíkra grunna.

Í samanburði við miðlægan gagnagrunn hafa dreifðir grunnar margháttaða kosti. Þar má nefna að ekki yrði um stórfelldan flutning gagna að ræða frá heilbrigðisstofnununum í miðlægan gagnagrunn heldur yrðu upplýsingarnar í vörslu stofnana þar sem þeim er safnað. Með þessu yrði trúnaðarsambandi læknis og sjúklinga í engu spillt.

Hér er að vissu marki um að ræða hliðstæða tilhögun og gert er ráð fyrir í Noregi samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar (sjá fylgiskjal I). Gera þarf strangar öryggiskröfur um vörslu og meðferð gagna í dreifðum gagnagrunnum og bæta úr því sem aflaga kann að hafa farið.

Athugun á samhæfingu gagnagrunna.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að kannað verði hvernig tengja megi saman dreifða gagnagrunna til að auðvelda afmarkaðar, vel skilgreindar rannsóknir og tryggja um leið persónuvernd. Með því móti gætu tölvunefnd og vísindasiðanefnd hugsanlega heimilað vísindamönnum vissan aðgang að upplýsingum úr hinum dreifðu grunnum samkvæmt umsóknum sem byggðar væru á vel skilgreindum rannsóknaáætlunum. Gagnamiðlun færi aðeins fram eftir lokuðum kerfum heilbrigðisstofnana og tryggja þyrfti að enginn utanaðkomandi komist inn á þessi kerfi. Hverju sinni væri aðeins miðlað þeim gögnum sem þörf væri á til viðkomandi athugana og rannsókna. Síðan væri gögnunum eytt eða þau varðveitt tímabundið ef brýn þörf væri talin á, t.d. í vörslu landlæknisembættisins, þar sem koma mætti fyrir tölvu til að framkvæma fyrir fram heimilaða gagnaöflun úr dreifðum grunnum.

Með þessu móti ætti að vera unnt að finna ásættanlega lausn, þar sem leyfðar væru afmarkaðar rannsóknir á gögnum úr gagnagrunnum heilbrigðisstofnana og samkeyrslur við aðra gagnagrunna undir eftirliti án þess að tefla skilyrðum um persónuvernd í tvísýnu. Jafnframt yrði unnt að tryggja jafnræði vísindamanna sem sótt gætu um upplýsingar úr gagnagrunnunum á grundvelli rannsóknaáætlana. Móta þarf stefnu um hugsanlegar greiðslur fyrir aðgang að gagnagrunnum heilbrigðisþjónustunnar og um önnur skilyrði sem uppfylla þyrfti til að fá að þeim aðgang.

Athyglisverð stefnumörkun í Noregi.

Eins og áður er getið hafa norsk stjórnvöld undanfarið unnið að stefnumörkun um vörslu og miðlun upplýsinga á heilbrigðissviði. Flutningsmaður tillögunnar heimsótti heilbrigðisráðuneytið í Ósló 25. september 1998 til að afla þar upplýsinga um stöðu þessara mála. Stjórnskipuð nefnd skilaði áliti um aðgang að sjúkraskrám árið 1997 (Tilgang til helseregistre. NOU 1997:26). Þar er gert ráð fyrir að byggt verði á samvinnu milli gagnagrunna í vörslu heilbrigðisstofnana, norsku hagstofunnar, norsku félagsvísindagagnaþjónustunnar og samvinnu við rannsóknaraðila. Við nýtingu dreifðra gagnagrunna vegna rannsókna er gert ráð fyrir að Hagstofan fái afhent gögn og beri ábyrgð á að tengja saman gögn úr heilbrigðisskýrslum og úr öðrum skrám og tryggja um leið persónuvernd. Íslensk þýðing á erindisbréfi og meginniðurstöðum nefndarinnar er birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögunni. Stutt yfirlit er að finna í norsku skýrslunni um skipan þessara mála á öðrum Norðurlöndum. Ráðuneytið vinnur nú að samningu lagafrumvarps um meðhöndlun heilsufarsupplýsinga. Fram kom í viðtölum að norska gagnaeftirlitið (Datatilsynet) væri andvígt stórum gagnagrunnum og vildi skipta þeim upp svæðisbundið.

Þá skilaði áliti vorið 1997 nefnd sem skipuð var 1995 af norska dómsmálaráðuneytinu til að endurskoða lög um skráningu persónuupplýsinga. Vinnur ráðuneytið nú að því að móta frumvarp á grundvelli þessa álits. Skýrsla nefndarinnar, „Bætt persónuvernd" (Et bedre personvern — forslag til lov om behandling av personopplysninger. NOU 1997:19, 223 blaðsíður) er mjög ítarleg og getur eflaust gagnast við þá endurskoðun „tölvulaga" sem fram undan er hérlendis að tillögu dómsmálaráðherra.

Rétt er og að geta þess að 11. ágúst 1998 skipaði norska félags- og heilbrigðisráðuneytið (SHD) nefnd til að athuga um aðgang tryggingafélaga að heilsufarsupplýsingum. Er í skipunarbréfi m.a. vísað til þess að tryggingafélög noti heilsufarsupplýsingar sem grunn í samningum við viðskiptavini og því þurfi að athuga betur en hingað til hvernig slíkt falli að kröfum um persónuvernd og siðfræði. Sama gildi um störf sérfróðra lækna fyrir tryggingafélög í skaðabótamálum. Nefndinni er ætlað að koma með tillögur að lagafyrirmælum um aðgang tryggingafélaga til að safna, nota og geyma upplýsingar um heilsufar og lífsstíl til nota við einstaklingsbundna tryggingasamninga. Einnig á nefndin að koma með tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir hagsmunaárekstra í samskiptum tryggingafélaga og lækna.

Víða erlendis hafa menn áhyggjur af misnotkun heilsu- og erfðaupplýsinga í höndum tryggingafélaga og atvinnurekenda. Umræða um þetta er allhávær í Bandaríkjunum þar sem ekki er til staðar velferðarkerfi og mikil hreyfing er á vinnuafli. Í Evrópu er einnig töluvert fjallað um þessi mál, meðal annars vegna mikils atvinnuleysis. Full ástæða er til, einnig hér á landi, að gjalda varhug við misnotkun og mismunun af þessum toga, eins og lagt er til í þingsályktunartillögunni. Slík mismunun getur ekki síst varðað þá sem höllum fæti standa fyrir, þar á meðal konur og fólk sem komið er af besta skeiði.

Persónuverndin — tveir fræðimenn hafa orðið.

Um gömul gildi á sviði samskipta lækna og sjúklinga og breytt viðhorf vegna tækniþróunar og markaðsvæðingar hefur mikið verið fjallað síðustu áratugi. Hér verður vitnað til ummæla tveggja manna sem á síðasta ári rituðu um þessi efni á alþýðlegan hátt í Úlfljót, tímarit lögfræðinema (2. tbl. 50. árg. ágúst 1997).

Þorgeir Örlygsson, lagaprófessor og formaður tölvunefndar, segir þar meðal annars:

„Mönnum er í ræðu og riti tamt að nefna hugtökin upplýsingaþjóðfélag og þekkingarþjóðfélag. Upplýsingar og þekking eru að verða sífellt fyrirferðarmeiri í samfélaginu. Samfara þessu hafa menn gert sér grein fyrir því, að upplýsingar og þekking geta verið markaðsvara, þ.m.t. persónuupplýsingar. Framboð á upplýsingum hefur stórlega aukist í seinni tíð, um leið og tækni til vinnslu og framsetningar þeirra hefur tekið stórstígum framförum. Á sama tíma hafa möguleikar manna til þess að nálgast upplýsingar gerbreyst, og nú er svo komið að það er nánast hægt að nálgast hvað sem er, hvenær sem er og hvaðan sem er á afar hraðvirkan og auðveldan hátt.

Hvaða afleiðingar hefur þetta í för með sér, er þá eðlilegt að spurt sé. Þetta hefur að mínu viti fyrst og fremst þær afleiðingar, að þýðing réttarreglna, sem vernda friðhelgi einkalífs, mun fara vaxandi á komandi árum. Alþjóðleg þróun á þessu réttarsviði, sem við Íslendingar erum skuldbundnir til þess að fylgja til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar, hnígur öll í þá átt að auka og styrkja persónuverndina að þessu leyti og þar með takmarka svigrúm til skráningar og annarrar meðferðar persónuupplýsinga. Það er verðugt umhugsunarefni, hvort sú stóraukna áhersla, sem stjórnarskráin leggur nú á rétt manna til þess að njóta friðhelgi um einkalíf sitt, hafi ekki þær afleiðingar í för með sér, að jafnan þegar rekast á annars vegar rétturinn til að njóta friðhelgi um einkalíf sitt og hins vegar tjáningarfrelsið

þá beri í vafatilvikum að skýra lagareglurnar þannig, að það séu persónuverndin og friðhelgi einkalífs sem gangi framar tjáningarfrelsinu."

Dr. Haraldur Briem læknir, varaformaður tölvunefndar, segir m.a. í sama hefti Úlfljóts undir millifyrirsögninni „Þróun í meðferð heilsufarsgagna — hnignun einkalífsverndar?":

„Búast má við átaki á komandi árum við að upplýsingavæða heilbrigðisþjónustuna og að heilsufarsgögn verði varðveitt í rafrænu formi þannig að pappírsgögn hverfi að miklu leyti. Gera má ráð fyrir því að almenningur geti nálgast upplýsingar um heilsufarsmálefni greiðar en áður hefur þekkst og ýmiss konar tölfræðilegar upplýsingar um heilbrigðisþjónustuna verði aðgengilegri. Rafrænar heilsufarsupplýsingar hafa þann kost að vera aðgengilegar fyrirvaralaust þeim sem stunda sjúkling og fjarlækningar verða mögulegar með auðveldari hætti.

Á hinn bóginn hefur verið bent á að erfitt geti verið að tryggja persónuvernd í rafrænum heilsufarsupplýsingum (Woodward B Sounding Board. The computer-based patient record and confidentiality. N Engl J Med. 1995; 333:1419–22). Rafrænni sjúkraskrá sem aðgangur er að á netvæddu upplýsingakerfi hefur verið líkt við að handrit, þ.e. handrituð sjúkraskrá, hafi verið gefið út í stóru upplagi. Rafrænni sjúkraskrá í stöðluðu formi er ætlað að vera nákvæm og rétt en í raun sé erfitt að ná þeim markmiðum. Upplýsingar um sjúkling sem auðvelt er að ná fram með rafrænum hætti geta verið úreltar, rangar eða villandi miðað við aðstæður og þannig grafið undan sjálfstæðu mati læknis á tímabundnu ástandi sjúklings.

Fjöldi þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem heimild hefur til að lesa sjúkraskrár hefur farið vaxandi á undangengnum áratugum. Utanaðkomandi aðilar eins og eftirlitsaðilar, greiðendur fyrir heilbrigðisþjónustu og þeir sem skipuleggja heilbrigðisþjónustu telja sig einnig þurfa aðgang að heilsufarsupplýsingum í vaxandi mæli. Einnig má búast við vaxandi ásókn lyfjaiðnaðarins, rannsóknastofnana, tryggingafélaga og fleiri aðila eftir heilsufarsupplýsingum. Ekki fer milli mála að með vaxandi fjölda þeirra sem aðgang hafa að heilsufarsupplýsingum er grafið undan persónuvernd sjúklinga.

Afar brýnt er að gætt sé að persónuvernd í að því er virðist óhjákvæmilegri netvæðingu rafrænna heilsufarsupplýsinga. Sé ekki gætt að persónuverndinni verður fyrr eða síðar alvarlegur trúnaðarbrestur milli sjúklinga og heilbrigðiskerfisins sem gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir það gagn sem hafa má af greiðri upplýsingamiðlun sem nýtast á sjúklingum til hagsbóta."

Ör þróun á alþjóðavettvangi.

Þau vandamál sem hafa skapast við tölvuvæðingu og margháttaða aukna ásókn í upplýsingar á heilbrigðissviði hafa leitt af sér mikið átak víða um lönd til verndar persónuupplýsingum. Hefur það og haldist í hendur við aukna áherslu á mannréttindi og friðhelgi einkalífs. Hér verður þó ekki gefið tæmandi yfirlit um þá sáttmála, ESB-tilskipanir og samþykktir Evrópuráðsins sem hafa verður í huga í tengslum við persónuvernd, upplýsingar og rafræn samskipti á heilbrigðissviði.

Í þessu sambandi myndar mannréttindasáttmáli Evrópu frá árinu 1950 traustan grunn. Sérstaklega hefur verið bent á 8. gr. sáttmálans varðandi vernd persónuupplýsinga. Þá er að geta sáttmála Evrópuráðsins nr. 108 frá janúar 1981, um vernd gagna, sem Ísland er aðili að ásamt 17 öðrum ríkjum. Tilskipun Evrópusambandsins 95/46 um vernd persónuupplýsinga hefur og þýðingu í þessu máli.

Síðla árs 1996 gekk ráðherranefnd Evrópuráðsins frá samningi um verndun mannréttinda og mannlegrar reisnar að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði sem kallaður er

samningurinn um mannréttindi og líflæknisfræði. Má hann teljast grundvöllur fyrir aðgerðum og reglum á þessu sviði. Einnig hefur á alþjóðvettvangi verið unnið að mótun sértækra reglna um vísindarannsóknir í mannerfðafræði og um meðferð og skráningu persónuupplýsinga. Má í því sambandi nefna samþykkt UNESCO frá í nóvember 1997 undir heitinu *alhliða yfirlýsing um erfðamengi mannsins og mannréttindi* og samþykkt siðfræðinefndar Stofnunarinnar um mannerfðamengi (Human Genome Organization, HUGO) sem ber heitið *yfirlýsing um viðeigandi verklag við erfðarannsóknir.*

Þá er mikilvæg samþykkt Evrópuráðins nr. R (97) 5 frá 13. febrúar 1997, um verndun heilsufarsupplýsinga, sem og samþykkt R (97) 18 ásamt skýringum um vernd persónuupplýsinga sem safnað er og unnar eru í tölfræðilegum tilgangi. Enn er að geta um tilskipun ESB og Evrópuþingsins 96/9/EC frá 11. mars 1996 um réttarvernd gagnagrunna og sem lögleiða átti hér á landi fyrir 1. janúar 1998. Samþykktir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) geta einnig haft þýðingu í þessu sambandi. Þannig mætti lengi telja.

Í allar þessar samþykktir er margt að sækja þegar mótaðar eru reglur og sett löggjöf um gagnagrunna og lífsýni.

Um gildi og réttaráhrif alþjóðasamþykkta í tengslum við gagnagrunn á heilbrigðissviði hefur Páll Þórhallsson lögfræðingur ritað ágætar yfirlitsgreinar í Morgunblaðið á þessu ári og eru þrjár þeirra birtar sem fylgiskjöl.

Ástæða er til að nefna fróðlegt erindi sem Peter J. Hustinx, forseti Gagnaverndarstofnunar Hollands, hélt á málþingi Háskóla Íslands um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði 10. október 1998. Benti hann á dæmi um ýmsa veikleika í væntanlegu frumvarpi heilbrigðisráðherra að því er varðar persónuvernd og alþjóðlegar skuldbindingar.

Alvarlegar athugasemdir gagnaverndarfulltrúa EES-ríkja.

Á alþjóðlegri ráðstefnu um gagnavernd í Santiago de Compostela á Spáni 16.–18. september 1998 komu gagnaverndarfulltrúar frá ESB- og EES-ríkjum saman til fundar og fjölluðu sérstaklega um frumvarp til laga um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Gengu þeir frá ályktun um málið sem send var Þorsteini Pálssyni dómsmálaráðherra með bréfi dags. 24. september 1998. Í ályktuninni minna þeir m.a. á að virða beri ákvæðið um frjálst og upplýst samþykki einstaklinga vegna innsetningar og vinnslu með gögn um þá í gagnagrunnum, sem og réttinn til að hætta þátttöku í grunninum. Viðskiptalegir hagsmunir notenda gagnagrunns megi ekki leiða til útfærslu á upprunalegum tilgangi með skráningu. Lýsa þeir miklum áhyggjum vegna frumvarpsins og mæla með því við íslensk stjórnvöld að endurmeta áform um miðlægan gagnagrunn.

Fræðsla um erfðatækni, gagnagrunna og persónuvernd.

Rík ástæða er til þess að af opinberri hálfu verði hlutast til um fræðsluátak um erfðatækni, gagnagrunna og persónuvernd. Þróun á þessu sviði hefur verið svo ör að ekki er við því að búast að almenningur hafi náð að fylgjast með. Margt af því sem hefur verið að gerast á sviði erfðatækni er líka svo nýstárlegt að ekki nema sérfróðir kunna á því viðhlítandi skil. Sama á við um persónuvernd og réttindi almennings á því sviði. Sú mikla umræða sem hófst snemma á þessu ári í tengslum við tillögur um miðlægan gagnagrunn hefur vakið forvitni með mörgum að kynnast bakgrunni þessara mála. Fjölmiðlar eins og Morgunblaðið hafa verið vettvangur fyrir umræðu og útskýringar. Hið fyrsta ætti að taka saman handhæg rit til að upplýsa og fræða almenning og sem einnig mætti nota til fræðslu í skólum.

Um ítarefni með tillögunni.

Með tillögunni eru birt allmörg fylgiskjöl er snerta málið. Eru þau hugsuð sem viðbót við þessa greinargerð og til upplýsinga fyrir þá sem vilja kynna sér málið betur. Hér er þó aðeins um að ræða lítið brot af því mikla safni greina og ritsmíða sem birst hefur á þessu ári um „gagnagrunnsmálið". Af ásettu ráði voru ekki teknar með athugasemdir og umsagnir sem sendar voru heilbrigðisráðuneytinu sem viðbrögð við frumvarpsdrögum þess. Þær eru aðgengilegar á heimasíðu ráðuneytisins.

Fylgiskjal I.

Tilgang til helseregistre. Norges Offentlige Utredninger.

(NOU 1997:26, 1., 2. og 9. kafli.)

1. KAFLI
Aðgangur að heilsufarsskrám.

1. kafli A.

1.1 Aðdragandi tilnefningar starfshópsins.

Á seinni árum hafa verið gerð margs konar yfirlit af heildarástandi heilbrigðismála í Noregi. Sem dæmi um þetta má nefna „Heilbrigðis- og lífskjaraatlas Hörðalands og Noregs" 1996, Heilbrigðismálarannsókn 1995 og fyrstu skýrsluna sem félags- og heilbrigðisráðuneytið gaf út um almannaheilbrigðismál árið 1994. Hún var grundvallargagn skýrslu heilbrigðismálaráðherra til Stórþingsins um almannaheilsufar. En m.a. frá sviðum sem vinna með slík heildaryfirlit hafa komið fram óskir um að fá aðgang að gögnum úr þeim heilbrigðisskrám sem þegar eru fyrir hendi. Sérstaklega hefur verið erfitt að skoða upplýsingar úr hinum ýmsu skrám í samhengi.

Sem dæmi um slíkt má vísa til NOU 1997:20 „Umönnun og þekking. Norsk krabbameinsáætlun." Þar stendur m.a. (bls. 27):

Sérstakar ráðstafanir. Heilbrigðisþjónustugögn.

Vinnan við þessa skýrslu hefur leitt í ljós að mikilvægar upplýsingar um ýmsa þætti norskrar heilbrigðisþjónustu eru gloppóttar. Upplýsingunum er dreift til ýmissa ríkisstofnana og annarra geira, en oft eru þær óaðgengilegar án verulegrar samstillingar- og greiningarvinnu, og að nokkru leyti ófullkomnar (t.d. yfirlit yfir heilbrigðisþjónustustarfsmenn), og í sumum tilvikum er krafist greiðslu fyrir aðgang að gögnunum. Yfirlit yfir og stjórn á norskum heilbrigðismálum, þar með talin mikilvæg skipulagsvinna, getur ekki gengið með svo tilviljanakenndum, ónógum og óaðgengilegum upplýsingum.

Þessi nefnd mun þess vegna leggja til að félags- og heilbrigðisráðuneytið skilgreini fyrir árið 2000 gögn, gagnaþætti og skýrslur sem eiga að vera aðgengilegar varðandi norska heilbrigðisþjónustu og að árlega verði gefin út skýrsla um heilbrigðismál í Noregi sem tengir saman slíkar upplýsingar og skiptingu í sjúkdómaflokka.

Lögin um heilbrigðisþjónustu sveitarfélaga (1.–4. gr.) kveða á um að „heilbrigðisþjónusta sveitarfélaga skuli á hverjum tíma hafa yfirlit yfir heilsufarsástand sveitarfélagsins og þau atriði sem þar hafa áhrif". Sama máli gegnir um kröfur til fylkjanna og ríkisins. Vís-

indamenn hafa þörf fyrir upplýsingar. Þess vegna er mikilvægt að stjórnsýsla og rannsóknaraðilar eigi auðveldari aðgang að heilsufarsskrám. Auk þess að bæta aðgengi að einstökum skrám og að tengja saman fleiri heilsufarsskrár er æskilegt að gera gögn aðgengileg fyrir tengingar við upplýsingar, m.a. um lýðfræði, fjármál, umhverfisaðstæður o.fl., ekki hvað síst til þess að stjórnvöld á hverjum stað geti fengið aðgang að upplýsingum um heilsufar íbúanna úr þjóðarheilsufarsskrám og lagt þær til grundvallar staðbundnum áætlunum og ákvarðanatöku sem tengist bæði heilbrigðisþjónustu og heilsufarsástandi.

Á síðustu 20 árum hefur hvað eftir annað verið farið yfir aðalfaraldsfræðiskrár í Noregi bæði á faglegum og skipulagslegum forsendum. Í heild hafa athuganirnar m.a. leitt til ábendinga um að greiningarmöguleikar sem felast í samræmingu gagna ýmissa heilsufarsskráa séu allt of illa nýttir. Þrátt fyrir að í Noregi séu til á ákveðnum sviðum faraldsfræðilegar skrár á heimsmælikvarða er talið erfitt og tímafrekt að fá yfirlit yfir viss svæði eða þjóðfélagið í heild. Um tíma hefur staðið yfir mat á því sem mælt var með í skýrslunni NOU 1993:22, „Dulkóðaðar heilsufarsskrár". Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara ekki að tillögum skýrslunnar um svæðisbundnar heilsufarsskrár. Í stað þess er óskað eftir að reynt sé að finna aðferðir til að nýta betur þær skrár þegar eru fyrir hendi.

Á þessum forsendum ákvað ríkisstjórnin haustið 1996 að skipa starfshóp, sem í eru fulltrúar félags- og heilbrigðisráðuneytis auk utanaðkomandi aðila, til þess að gera grein fyrir samræmingarstarfsemi og til að finna skipulag til að nýta betur gögn úr heilsufarsskrám þjóðarinnar.

Starfshópurinn var beðinn um að meta möguleika á stöðlun innan skráningarstarfseminnar sem lið í hagkvæmari nýtingu fjármagns, þar á meðal möguleika á að koma á laggirnar sameiginlegum kóða og flokkunarkerfi. Við störf sín átti hópurinn að hafa í huga:

— Þörf yfirvalda fyrir góðar stjórnunarupplýsingar, sem og kröfu um markmiða- og árangursstjórnun og mikilvægi faglegs eftirlits.
— Þörf vísindarannsókna fyrir aðgang að gögnum úr skrám.
— Persónuverndarhagsmuni.
— Kröfur um mikla faglega hæfni.
— Hagkvæma starfsskiptingu þar sem gætt er að nauðsynlegri samræmingu.
— Gagnaöryggi í sambandi við upplýsingatækni nútímans.
— Gæði og uppfærslu sem miðist við nútímaþekkingu á sjúkdómum og heilbrigðisþjónustu.

Starfshópurinn átti ekki að koma með tillögur um skipulagsbreytingar á skrám sem eru til en ræða mismunandi stjórnunarlíkön við samræmingu gagna og gagnaflæðis frá skránum.

Um leið ákvað ríkisstjórnin, meðal annars á grundvelli Boe-nefndarinnar, að setja af stað vinnu við að fara yfir heimildagrundvöll til að safna, nota og miðla gögnum frá heilsufarsskrám og öðrum upplýsingakerfum með það fyrir augum að semja ný lög um skrár og upplýsingar á sviði heilbrigðismála. Þessi starfsemi heyrir undir félags- og heilbrigðisráðuneytið og er þegar hafin. Tillögur starfshópsins eiga að verða hluti af lagastarfinu. Auk þess hefur ríkisstjórnin ákveðið að eignarheimild á heilsufarsskrám eigi að flytjast til félags- og heilbrigðisráðuneytisins og að nýju lögin skuli byggð á slíkum grunni.

1.2 Verkefni starfshóps.

Starfshópnum ber að:

— Ræða viðmið fyrir, meta og gera yfirlit yfir það hvaða skrár sem tengjast heilbrigðismálum eigi að samhæfa í heildstæðara skipulag.

— Ræða og meta hvernig á að veita stjórnsýslu og vísindum auðveldari aðgang að, og þannig betri nýtingu á, gögnum úr þeim heilsufarsskrám sem til eru. Undir þetta falla bæði ópersónugreinanleg gögn og kerfisbundin/dulkóðuð. Við matið á að leggja til grundvallar að verja sem best persónulega hagsmuni.
— Hluti þessa mats á að vera að athuga möguleika og kosti þess að samhæfa enn frekar skráningarstarf sem lið í skynsamlegri nýtingu fjár, þar með talið möguleika á að koma upp sameiginlegu kóðakerfi og flokkun. Þetta verður að eiga sér stað í náinni samvinnu við það starf sem nú er unnið í SMRK (Samhæfingarráðið fyrir skipulagsvinnu á læknisfræðilegu kóðakerfi og flokkunum).

Gera skal grein fyrir eftirfarandi skipulagslíkönum:

1. „Tengipunktseiningu" sem nýtist sem upplýsinga- og þjónustumiðstöð þar sem hægt er að panta skráningargögn fyrir stjórnsýslu og vísindarannsóknir. Einingin á hvorki að geyma upplýsingar né framkvæma hugsanlegar samtengingar, heldur miðla upplýsingum, vera hvetjandi fyrir skráningarstofnanir og vera stjórnsýslueining. Helsta markmið einingarinnar á að vera að greiða fyrir vísindarannsóknum, eiga mikilvægt frumkvæði og stuðla að betra aðgengi að gögnum fyrir stjórnsýslu og vísindarannsóknir. Einingin á að hafa mikla faglega hæfni á sviði skráningar, miðla gagnaskrám, fylgjast með því sem er að gerast á hlutaðeigandi sviði og annast um þjónustu við alla þá sem að kerfinu koma. Leggja verður fram skýrt samskiptafyrirkomulag við skrárnar og Tölvugagnaeftirlitið. Gera verður raunhæfar tillögur um hvernig tryggja má slíkri einingu aðgang að gögnum úr heilsufarsskrám og gera uppkast að lýsingum um á starfseminni.

   Forsendurnar eiga að vera þær að „tengipunkturinn" eigi ekki að vera viðamikill. Tillögum á heldur ekki að svipa til þess að þar sé verið að koma upp sjúkdóma- og slysaskrá.
2. Annað tilbrigði af „tengipunktseiningunni" er að auk þess að vera upplýsinga- og þjónustumiðstöð, sem miðlar skráningargögnum til stjórnsýslu og vísindarannsókna, eins og lýst er að framan, sjái hún einnig um vissa greiningar- og rannsóknarvinnu. Í því felst að sjá um afmörkuð rannsóknarverkefni, m.a. samtengingu skráningargagna o.s.frv. Meta verður í hvaða formi þetta starf á að vera, hver hugsanlega geti pantað þjónustu frá greiningar- og rannsóknareiningunni og hvort slík skipulagning felur í sér að einingin sjálf hafi umsjón með gögnum, t.d. í formi „lítillar gagnagrunnssamstæðu" (MBDS). Starfshópurinn verður einnig að taka afstöðu til hvort, og hugsanlega hvernig, slík eining á að geta séð um og framkvæmt samtengingu skráa fyrir „viðskiptavin".
3. Samstarfslíkan án „tengipunktsstigs", þar með taldir möguleikar á að koma upp sambandsvettvangi eða þvílíku með það í huga að greiða fyrir hagkvæmri nýtingu skráningargagna, ásamt betri samskiptum og samvinnu. Starfshópurinn á einnig að kanna önnur hugsanleg skipulagslíkön. Eins og í síðasttalda líkaninu verður starfshópurinn þá að ræða sérstaklega samvinnuform og upplýsingaskipti milli núverandi heilsufarsskráa, þar með talda nauðsyn þess að koma á sambandsvettvangi til að ná hagkvæmri nýtingu heildarfjármagns á þessu sviði. Þátttöku notenda í slíkri samstarfsstofnun og áhrif verður að meta sérstaklega.

Varðandi öll líkön verður að athuga sérstaklega að gæðin séu tryggð og að gögnin séu uppfærð á hverjum tíma.

Starfshópurinn á að athuga og tíunda stuttlega í skýrslu sinni fyrirkomulag sambærilegra eininga í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi.

Starfshópurinn verður að gera grein fyrir hugsanlegum áhrifum á stjórnsýslu og fjármál.

1.3 Lýsing á vandanum.

Ástæða þess að starfshópnum var komið á fót var sú að bæði stjórnvöld og notendur gagna frá heilsufarsskránum urðu fyrir óþægindum af:

— erfiðu aðgengi að gögnum í heilsufarsskrám,

— lélegri nýtingu á gögnum í þeim heilsufarsskrám sem til eru.

Þessi vandamál er af ýmsum ástæðum sem sumar tengjast skipulagi, aðrar menningaraðstæðum og enn aðrar almennari vandamálum. Mikilvægt er að leggja áherslu á að vandamálin eru margvísleg og að þau verði að skoða í samhengi. Einnig er mikilvægt að leggja áherslu á að hér er átt við dæmigerðar og algengar tilhneigingar og að skrárnar eru mjög mismunandi.

Almenn vandamál tengjast oft:

— löngum afgreiðslutíma gagna,

— seinagangi við uppfærslu gagna,

— ófullnægjandi staðfestingu (dokumentation) gagna, söfnunaraðferðum o.s.frv.,

— ófullnægjandi gögnum,

— skorti á yfirstjórn.

Að verulegu leyti er stjórnun skránna miðuð við eigið fagumhverfi. Engin yfirstjórn metur nýtingu fjár og forgangsröðun á fjármálasviði. Ástæða þess getur að hluta til verið sú að yfirvöld hafa ekki tekið þátt í mótun stefnu og skipulags, t.d. við gerð starfsáætlana. Skortur á yfirsýn og eftirfylgni hefur stuðlað að eins konar „einkavæðingu“ á stjórn þess efnis sem tekið er fyrir. Þetta er talið slæmt af ýmsum notendum skránna þar sem það hefur mikla þýðingu fyrir þá þjónustu sem veitt er miðað við þau gögn sem látin eru af hendi.

Ýmsir telja að margar heilsufarsskrár hafi aðeins í takmörkuðum mæli komið á föstu skipulagi og starfsaðferðum sem leiða af sér fljóta og góða þjónustu sem gæti hentað stórum hópi notenda. Svo virðist að of lítil áhersla sé lögð á samræmingu og samskipti. Tvíverknaður á sér stað. Skortur er á sameiginlegu kóðakerfi, flokkun og stöðlun og margs konar verðmætar upplýsingar nýtast ekki þar sem þær eru settar fram á formi sem ekki er nothæft óbreytt.

Margt bendir til þess að eignaraðild og ábyrgðardreifing innan skráningargeirans sé úrelt þegar um er að ræða markmiðs- og árangursstjórnun og með tilliti til breytts sjúkdómsmynsturs. Menn hafa heldur ekki gert sér grein fyrir því að eftirspurn eftir upplýsingum um heilbrigðismál eykst í samfélaginu, m.a. til rannsókna og almennrar stjórnunar og sem grundvöllur fyrir ákvarðanatöku í stjórnsýslunni.

1.4 Skipan starfshópsins.

Félags- og heilbrigðisráðuneytið skipaði starfshópinn vorið 1997 þannig:

Bjørn Henrichsen, formaður, forstjóri Norsku þjóðfélagsfræðigagnaþjónustunnar.

Elin Anglevik, aðalforstjóri félags- og heilbrigðisráðuneytis.

Jan Vilhelm Bakke, sérfræðilæknir í sveitarfélaga- og vinnumálaráðuneyti/Vinnumálaeftirliti.

Truls Bjerklund Johansen prófessor, aðalsjúkrahúsinu í Þelamörk og norsku þvagfæralækningastofnuninni.

Eystein Glattre prófessor, yfirlæknir Krabbameinsskrárinnar.

Sidsel Graff-Iversen, fagstjórnandi Heilbrigðiskönnunar ríkisins.

Asbjørn Haugsbø, ráðgjafi Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

Ola Kindset, forstjóri SINTEF Unimed (norska sjúklingaskráin),
Per Magnus, yfirlæknir Ríkisstofnunar almannaheilbrigðismála,
Dag S Thelle prófessor, Óslóarháskóla.
Grethe S. Tell prófessor, Háskólanum í Björgvin.
Johan-Kristian Tønder, fagforstjóri Hagstofunnar.

Auk þess var ákveðið að starfshópurinn fengi ritaraaðstoð frá gagnaþjónustu Norsku þjóðfélagsvísindastofnunarinnar og félags- og heilbrigðismálaráðuneytinu.

Øyvind Christiansen, aðalráðunautur í félags- og heilbrigðisráðuneytinu, og Dag Kiberg, aðalráðunautur gagnaþjónustu Norsku þjóðfélagsvísindastofnunarinnar, hafa unnið sem ritarar fyrir starfshópinn.

1.5 Aðferðir starfshópsins.

Starfshópurinn hefur á tímabilinu 10. apríl til 6. október 1997 haldið sex fundi. Á einum fundinum veitti Torbjørg Hogsnes úr félags- og heilbrigðisráðuneytinu upplýsingar um framkvæmdaáætlun IT í heilbrigðisgeiranum og um samræmingarhóp læknisfræðilegra kóðakerfa og flokkana (SMKK). Starfshópurinn hefur auk þess haldið námskeið fyrir fulltrúa frá heilsufarsskránum og þar lögðu sitt af mörkum:

Gunstein Sundene, IT-samræmingarfulltrúi fylkislæknanna.
Magnus Stenbeck, Faraldsfræðimiðstöðinni í Svíþjóð.
Finn Gjertsen hjá Dánarorsakaskrá Hagstofunnar.
Lorenz Irgenz hjá Læknisfræðilegri fæðingarskrá.
Leif Havelin hjá Mjaðmaskránni.
Inger Stensvold, Ullevål-sjúkrahúsinu.
Frøydis Langmark, Krabbameinsskránni.

Í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur starfshópurinn framkvæmt yfirlitsrannsókn á heilsufarsskrám í landinu. Auk þess hefur tilmælum verið beint til Faraldsfræðimiðstöðvarinnar í Svíþjóð, STAKES í Finnlandi og heilbrigðismálastjórnar Danmerkur.

2. KAFLI
Útdráttur.

Í þessum kafla eru dregin saman aðalatriði greinargerðarinnar. Tillögur starfshópsins að líkani að betra aðgengi og nýtingu eru í 8. kafla. Skiptingin fylgir uppbyggingu greinargerðarinnar.

2.1 Skrár sem tengjast heilsufarsskrám í Noregi.

Starfshópurinn á að gera grein fyrir möguleikum á betri nýtingu gagna frá helstu heilsufarstengdum skrám. Hópurinn í heild hefur ekki talið það mikilvægt að skilgreina nákvæmlega hugtakið heilsufarstengdar skrár þjóðarinnar, heldur reynt að ná yfir sem víðast svið. Samt hefur verið nauðsynlegt að skýra sum hugtök. Skýringarnar gilda ekki endilega almennt en standa í beinu sambandi við það hvernig starfshópurinn hefur kosið að túlka verksvið.

Starfshópurinn hefur athugað nokkuð af skrám á heilbrigðissviði. Þeim er lýst í 3. kafla. Skrárnar sem voru athugaðar voru mjög mismunandi að gerð. Í skýrslunni er skránum skipt samkvæmt eftirfarandi flokkun:

— aðalfaraldsfræðilegar skrár,
— gæðaskrár,

— stjórnunarskrár.

Faraldsfræðilegum skrám hefur verið komið á til þess að sjá hvar tilteknir gallar, áverkar eða sjúkdómar koma fyrir eða breiðast út til þess að geta fylgst með ákveðnum þróunartilhneigingum. Venjulega eru í skránum upplýsingar um einstaklinga sem oft eru byggðar á tilkynningarskyldu.

Hugtakið „gæðaskrár" er notað um skrár sem komið hefur verið upp í þeim aðaltilgangi að koma á beinu eftirliti með læknismeðferð. Flestar slíkar skrár takmarkast við einn sjúkdóm eða eina tegund meðferðar. Í mörgum tilvikum getur verið erfitt að skilja þessar skrár frá öðrum heilsufarsskrám. Það byggist á því að í þeim skrám eru oft upplýsingar sem eru dæmigerðar fyrir gæðaskrárnar.

Í stjórnunarskrám geta falist upplýsingar um heilbrigðismál eða þær þjónað sem bakgrunnur að greiningu á heilbrigðistengdum vandamálum. Þó veldur vanda að skrárnar eru yfirleitt ekki skipulagðar með slíka greiningu í huga. Flestum slíkum skrám er aftur á móti komið á laggirnar með það fyrir augum að taka einstakar ákvarðanir eða semja opinberar tölfræðilegar skýrslur. Af því leiðir m.a. að fáar stjórnunarskrár eru staðfestar með tilliti til vísindalegra rannsókna. Við það bætist að skrárnar eru oft tæknilega óaðgengilegar. Upplýsingamagnið er iðulega einnig mikið að vöxtum.

2.2 Fyrri athuganir á skipulagi á heilsufarsskrám.

Á seinustu 20 árum hafa verið lagðar fram ýmsar tillögur um rekstur og skipulag heilbrigðiskránna í Noregi. Stjórnvöld virðast aðallega hafa talið skrárnar hluta af faraldsfræðilegri skráningu þjóðarinnar í heild en skrárnar talið sig vera hluta af þeim læknisfræðilegum sérgreinum sem hver um sig tengist.

Félags- og heilbrigðismálaráðuneytið hefur á ýmsan hátt verið upptekið af því að stjórnunarleg og rekstrarleg samhæfing hinna ýmsu skráa gæti orðið til þess að skrárnar gætu nýtt heildarupplýsingar betur en raun ber vitni þegar hver skrá er út af fyrir sig. Það er einmitt nýting skránna sem hefur verið aðalmálið í fyrri athugunum á skránum og starfshópurinn hefur talið það eðlilegt að fara yfir fyrri greinargerðir. Í kaflanum eru tíundaðar eftirfarandi skýrslur:

USEL- skýrslur (1976–78) en í þeim var veigamesta ályktunin sú að til þess að sinna því hlutverki sem hver skrá um sig gegndi væri nauðsynlegt að bæta aðgang einstakra skráa að gögnum. Ekki var stungið upp á beinum samruna.

Lerche-nefndin stakk upp á því árið 1985 að koma ætti á laggirnar „ríkisráðgjafanefnd faraldsfræðinnar". Það átti að tryggja betri samræmingu faraldsfræðistarfs sem byggist á skránum.

Hellands-nefndin (1991) gaf í hlutaskýrslu nr. 6, „Yfirferð yfir faraldsfræðilegar skrár í heilbrigðismálastjórnun ríkisins", yfirlit yfir stöðu skránna. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að faraldsfræðiskrárnar nái yfir lítinn hlut af heildarmynd sjúkdóma og að miðlæg gagnaskrá væri æskileg til þess að fá umfangsmeiri skráningu og meiri möguleika á að nota gögn í rannsóknir og stjórnun.

Nefnd um greinargerð fyrir notkun og afhendingu persónuupplýsinga úr heilbrigðiskerfinu og afstöðu til þagnarskyldu, Boe-nefndin (1989–93), samdi frumvarp til laga um heilsufarsskrár fyrir vísinda- og stjórnunaraðstæður. Niðurstaðan varð sú að ekki ætti að koma á miðlægum persónugreinanlegum gagnagrunni. Aftur á móti taldi starfshópurinn að gera ætti tilraun með nýtt svæðaskráningarkerfi fyrir heilbrigðisstofnanir sem byggðist á dulnefnum í stað nafna og nafnnúmera. Hópurinn taldi einnig að taka ætti upp réttindi skráðra sjúklinga.

Minni hluti starfshópsins taldi að koma ætti á miðlægum persónugreinanlegum sérskrám með kennitölu og um þær ættu að gilda sérstök lög.

Engin þeirra athugana sem gerðar hafa verið hafa leitt til skipulagsbreytinga sem hefðu haft áhrif á þau svið sem þessi starfshópur á að meta. Til þess liggja margar ástæður. Ein af þeim er að í þeim er gert ráð fyrir að komið sé á nýjum stofnunum eða skrám sem hefðu haft áhrif á fleira en þær skrár eða skráningarumhverfið sem til er nú. Önnur ástæða er tillit til persónuverndar. M.a. fékk Lerche-nefndin mótbyr vega tillögu sinnar um miðlæga sjúkdóma- og slysaskrá. Boe-nefndin stakk upp á öðrum möguleika sem byggðist á persónuleynd. Tillaga þeirrar nefndar hefði m.a. haft mikil áhrif á skrárnar sem til voru.

Á grunni fyrri athugana hefur starfshópurinn kosið að byggja eins og frekast er unnt á þeim stofnunum sem fyrir eru varðandi reglur og samstarfsform sem vitað er að hafa reynst vel.

2.3 Skipulagning skráa sem tengjast heilbrigðismálum á Norðurlöndum.

Það hefur verið mikilvægt fyrir starfshópinn að fá yfirlit yfir skipulagningu heilsufarsskráa/gagnagrunns annars staðar á Norðurlöndum og hvernig þjónusta er veitt varðandi rannsóknir og stjórnsýslu. Í þessum kafla er stutt yfirlit yfir aðstæður í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð.

Að vissu marki er það svipað sem skráð er í löndunum öllum. Í Noregi eru sérstakar skrár/gögn m.a. yfir sjúklinga á sjúkrahúsum, fæðingar, fæðingargalla, dauða og krabbamein. Annars staðar á Norðurlöndum er reksturinn á slíkum gögnum aftur á móti miðlægur. Ekki er nein skráningarstofnun í Noregi sem hefur sambærilega yfirburðarstöðu. En hvað varðar svonefndar gæðaskrár svipar Noregi meira til hinna landanna.

Eftir mat á því hvernig heilsufarsskrár eru skipulagðar annars staðar á Norðurlöndum hefur starfshópurinn myndað sér þá skoðun að það muni ekki vera heppilegt að byggja á skipulagslíkani frá þeim. Bakgrunnur þess er að skrárnar í Noregi eru dreifðar og verulegt fjármagn þarf til að ná fram breytingum sem svara til skipulagslíkananna hjá hinum löndunum. Það er samt sem áður mikilvægt að leggja áherslu á að við það að leysa grunnverkefnið, þ.e. að fá bættan aðgang að gögnum þjóðarheilbrigðisskránna, er til lengri tíma litið hægt að búa í haginn fyrir beinni aðgang að persónuaftengdum faraldsfræðiupplýsingum, t.d. á internetinu.

2.4 Kóðakerfi, skilgreiningar og stöðlun.

Starfshópurinn telur að sem virkust notkun upplýsinga í mismunandi skrám sem tengjast heilbrigðismálum krefjist þess að kóðanotkun skránna sé stöðluð og samræmd þannig að gögn frá mismunandi skrám megi nýta saman. Auk þess er mikilvægt að kóðakerfið sem notað er sé aðlagað raunveruleikanum varðandi læknisfræðilegar og heilbrigðisfaglegar staðreyndir sem það lýsir. Nauðsynlegt er að kóða- og flokkunarkerfin sem notuð verði séu löguð að þekktum alþjóðlegum stöðlum. Það eykur möguleika á samnýtingu gagnanna og tryggir að kerfin séu vel unnin á öllum sviðum og staðfest með heimildatilvísunum.

Í þessum kafla eru kynnt veigamestu samtök sem vinna að og með þróun og framkvæmd læknisfræðilegra kóða í skránum. Auk þess koma fram upplýsingar um helstu kóðakerfin.

Með þessum aðdraganda mælir starfshópurinn með eftirfarandi þegar um er að ræða flokkunar- og kóðafyrirkomulag:

— Koma verður á lagaheimild sem veitir heilbrigðisyfirvöldum möguleika á að mæla fyrir um notkun ákveðinna skráningar- og kóðakerfa í heilbrigðisþjónustunni.

— Samræmda, ábyrga meðferð á skráningar- og kóðakerfi í heilbrigðisþjónustunni verður að tryggja með því að fasttengja slíkt faglegum og stjórnsýslulegum grunni.
— Þeim sem sjá um heilsufarsskrár á að bera skylda til að tilkynna bæði framkvæmdaraðilum heilbrigðisþjónustunnar og þeim yfirvöldum þjóðarinnar sem ábyrgð bera á kóða- og skráningarkerfum ef þeir verða vitni að rangri notkun á kóðakerfi og flokkun sem búið er að koma á laggirnar.
— Heilbrigðisþjónustu verður því að tryggja möguleika á samskiptum við þá sem stjórna kóða- og flokkunarkerfum, um notkun, skilgreiningar og þörf fyrir breytingar. Eins og þetta starf er skipulagt núna eiga því heilsufarsskrárnar að hafa nána samvinnu við SMKK.
— Á hverjum tíma verður að vera til uppfærðar (dagréttar) upplýsingar um kóða- og flokkunarkerfi, t.d. með „on-line" tengingu við fyrirhugaðan KKT-gagnagrunn (KKT-gagnagrunnurinn er sameiginlegur gagnagrunnur um kóðakerfi, flokkun og íðorðaforða), sem verið er að koma á hjá Hæfnimiðstöðinni fyrir IT í heilbrigðisþjónustunni H/F (KITH).

2.5 Markmiðið.

Starfshópurinn hefur stefnt að því að stinga upp á fyrirkomulagi sem auðveldar stjórnsýslunni og rannsóknaraðilum að koma í gagnið upplýsingum sem fyrir liggja í ýmsum skrám og að búa í haginn fyrir nýjar upplýsingar með því að tengja gögn frá mismunandi heimildum saman. Forsendur eru að ekki eigi að grípa inn í tilvist þeirra skráa sem fyrir hendi eru, hlutverk þeirra eða þjónustu við upprunalega notendur. Óskað er eftir því að byggja áfram á þeim grunni þekkingar og fagmennsku sem safnast hefur hjá einstökum skrám og mun verða til í framtíðinni. Önnur forsenda er sú að ekki hefur verið óskað eftir að koma á fót nýjum stofnunum heldur byggja á stofnunum, fyrirkomulagi og reynslu sem til er. Einnig er mikilvægt að ekki sé komist í andstöðu við þau ákvæði sem í gildi eru um skrárnar um persónuvernd og þagnarskyldu.

Þegar um er að ræða hver eigi að hafa aðgang að gögnunum telur starfshópurinn að markmiðið verði að vera að aðalreglan sé að almennur aðgangur, innan þagnar- og persónuverndarreglna, sé fyrir hendi. Einnig má athuga hvort aðgang eigi að takmarka við vissa tegund afnota, t.d. vísindarannsóknir. Það á að krefjast faglegrar hæfni notendanna og hugsanlega einnig hjá leiðbeinanda sem tekur á sig formlega ábyrgð.

Gott aðgengi gagna helgast af fleiri atriðum:
— gögn verða að vera til staðar,
— gögn þarf að kynna,
— gögn verða að vera rétt,
— gögn verða að vera staðfest,
— hægt verður að vera að afhenda gögnin.

2.6 Skipulagslíkan fyrir bætta nýtingu gagna frá þjóðarheilsufarsskrám.

Samkvæmt verklýsingu átti starfshópurinn að athuga þrjú mismunandi skipulagslíkön, sem nefndust A, B og C, en mátti einnig fjalla um aðra kosti. Í umræðu um líkön sem stungið var upp á hefur starfshópurinn lagt sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði:
— að skipulagið tryggi betri aðgang að gögnum fyrir stjórnsýslu og vísindarannsóknir,
— að tekið sé tillit til persónuverndar,

— að hægt sé að framkvæma tillögurnar fremur fljótt og í samræmi við raunhæfa möguleika á fjármögnun.

Starfshópurinn hefur skiptar skoðanir á því hvaða fyrirkomulag, að teknu tilliti til allra þátta, muni veita besta grundvöll fyrir betri nýtingu af heilsufarsskrám þjóðarinnar. Í meiri hluta eru allir í hópnum að undanskildum Eystein Glattre.

A-líkanið byggist á „tengipunktseiningu" sem starfar sem upplýsinga- og þjónustustofnun og er einnig dreifingar- og leiðbeiningaraðili fyrri notendur skráningargagna í stjórnsýslu og vísindarannsóknum. Einingin sjálf á ekki að hafa gögn undir höndum eða sjá um samtengingar. Líkanið mun upp að vissu marki bæta aðgengi að gögnum. Þar er einnig vandalaust að gæta persónuleyndar. Starfshópurinn telur þó að vafamál sé að hún væri nægilega áhrifamikil til þess að geta stuðlað að hámarksnýtingu gagna í heilsufarsskrám þjóðarinnar. Einkum ber að leggja áherslu á að einingin mun ekki sjálf ráða yfir sérstökum aðferðum.

Í B-líkaninu á „tengipunkturinn" bæði að hafa umsjón með gögnum, tengja þau gögnum frá öðrum skrám og annast athuganir. Starfshópurinn telur að þessi atriði eigi að skilja hvert frá öðru. Umsjón gagna og tengingu á einnig að skilja að með tilliti til persónuverndar. Gagnamiðlun og eigin athuganir á einnig að skilja að þar sem annars getur auðveldlega orðið hagsmunaárekstur þeirra á milli. Starfshópurinn telur sig þess vegna ekki geta mælt með slíku fyrirkomulagi.

C-líkanið er samstarfslíkan án „tengipunktsstarfsemi" en með sambandsvettvangi til þess að greiða fyrir hagkvæmri notkun gagna og byggist á samvinnu og samskiptum milli skránna. Meiri hlutinn telur að líkanið feli í sér veigaminna skipulag á starfinu við að bæta nýtingu gagna og komi þess vegna síður til greina en A-líkanið. Minni hlutinn telur aftur á móti að það líkan styrki skipulagningu á vinnu við að bæta nýtingu gagna og hefur þess vegna byggt tillögu sína á slíku líkani.

2.6.1 Tillaga starfshópsins að skipulagslíkani.

Líkan meiri hlutans byggist á samvinnu milli skránna, Hagstofunnar, Norsku félagsvísindagagnaþjónustunnar (NSD) og rannsóknar- og stjórnunarhópa. Hagstofan fær afhent gögn og ber ábyrgð á að tengja saman gögn frá heilsufarsskrám og önnur hugsanleg gögn frá öðrum skrám. Á þennan hátt er byggt á getu Hagstofunnar í tengingu á skrám, þeim vinnuaðferðum sem skapast hafa, ekki síst í meðferð viðkvæmra upplýsinga. Auk þess eru margar skrár sem eðlilegt er að byggja á nú þegar vistaðar á Hagstofunni.

Þjónustan verður hjá Norsku félagsvísindagagnaþjónustunni, NSD. Nú er náin samvinna milli Hagstofunnar og NSD. Gögn sem veittur er aðgangur að eru sömu gerðar og eiga að geta fengist samkvæmt líkaninu. Fyrirkomulagið sem komist hefur á hefur verið í notkun í mörg ár og nú nýta sér það vísindamenn frá ýmsum félagsvísinda- og læknisfræðifaghópum. Að vissu marki eru gögn einnig látin af hendi til stjórnsýslu.

Í líkaninu er burðarásinn grundvallarreglan um dulkóðuð persónugögn. Það þýðir í framkvæmd að Hagstofan fær 1) persónuleg gögn úr heilsufarsskrám, 2) breytir nafnnúmeri í dulnefni, 3) annast hugsanlegar tengingar og 4) flytur gögnin til NSD. Grundvallarreglan veitir mikinn sveigjanleika með tilliti til tenginga og útfærslu á skrám sem tilbúnar eru til greiningar fyrir notendur, en um leið er persónuleyndar vel gætt.

Minni hlutinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að þegar allt er metið muni samvinnulíkanið sem getið var í verklýsingu hópsins (C) vera traustasti grundvöllur bættrar nýtingar gagna frá heilsufarsskrám þjóðarinnar. Þetta líkan, sem leggur mesta áherslu á samskipta-

vettvang, sé ódýrara og virkara en líkanið sem meiri hlutinn stakk upp á. Það tryggi gagnagæðin langtum betur en líkan meiri hlutans og verði jafnfljótvirkt.

Sambandsvettvangurinn, en þar eiga að vera fulltrúar frá öllum heilsufarsskrám sem hlut eiga að máli, mikilvægir notendur og fulltrúar frá félagsmála- og heilbrigðisráðuneyti, á að vinna að því að bæta skrárnar og sjá um að þær séu samhæfðar með tilliti til gagnasvæða, kóðakerfa o.s.frv. Samtenging á gögnum frá mismunandi skrám á að eiga sér stað samkvæmt samkomulagi sem skiptir starfinu milli skránna með það í huga að kostnaður verði í algjöru lágmarki. Samskiptaformið á að geta tryggt málsmeðferðartíma og gæði. Árlega á að eiga sér stað mat á því hvernig vettvanginum hefur gengið að ná því takmarki sem stefnt var að.

2.7 Stjórnunarleg og fjárhagsleg áhrif.

Burðarásinn í tillögu meiri hlutans er að byggt skuli á rótgrónum stofnunum og tengjast að því marki sem hægt er þeim starfsaðferðum sem þegar eru notaðar. Þannig má beina fjármagni og kröftum beint að því að gera aðgang að gögnum auðveldari. Meiri hlutinn telur að þörf verði á fjárveitingum til staðfestingar gagna og útfærslu hjá skránum, fyrir fleiri starfsmönnum hjá Hagstofunni sem hafi sérþekkingu á gögnum læknisfræðilegu skránna og viðbótarmannafla við þjónustueininguna ásamt þeim starfsmönnum sem þegar eru til staðar.

9. KAFLI
Stjórnunarlegar og fjárhagslegar afleiðingar.

9.1 Tillaga meiri hlutans.

Burðarásinn í tillögu meiri hlutans er að byggt skuli á rótgrónum stofnunum og tengjast að því marki sem hægt er þeim starfsaðferðum sem þegar eru notaðar. Þetta þýðir að ekki þarf nýtt samskipta- og þjónustukerfi til að nýta betur gögn úr heilsufarsskrám. Þannig má beina fjármagni og kröftum beint að því að gera aðgang að gögnum auðveldari. Meiri hlutinn telur að þörf verði á fjárveitingum til eftirtalinna verkefna:

1. Staðfesting gagna á grundvelli heimilda og útfærsla gagna í skránum. Þetta ætti að vera fjármagn ætlað til nota á þriggja ára tímabili til þess að hægt sé að koma á föstum vinnuaðferðum við flutning og heimildasönnun gagna. Tilvísanahópurinn á að ráða yfir fénu og skipta því niður eftir umsóknum frá skránum. Stungið er upp á 1 millj. norskra kr. árlega í þrjú ár í þessum tilgangi.
2. Þörf mun verða á auknum mannafla á Hagstofunni, sem hafi sérþekkingu á gögnum læknisfræðilegu skránna. Mikilvægt er að skapa þessu starfi umhverfi og hópurinn stingur upp á fjárveitingu fyrir tveimur stöðum fyrstu árin. Síðan má stilla þetta af sem eitt ársverk. Kostnaður við þetta mun í upphafi vera 1,2 millj. norskar kr. á ári.
3. Þjónustueiningin mun hafa lykilaðstöðu við að koma á framfæri óskum notenda og við útfærslu gagna. Hér er einnig þörf á mannafla til viðbótar því starfsfólki sem fyrir er. Á þessu sviði er líka mikilvægt að færa út kvíarnar og lagt er til að tveir starfsmenn sinni sérstaklega starfsemi við heilsufarsgögn. Þar við bætast nokkur útgjöld vegna búnaðar í upphafi starfsins.
4. Heildarútgjöldin sem stungið er upp á nema því í norskum kr.:

1. ár:		
Vinna við skrárnar		1.000.000
Hagstofan		1.200.000
NSD: mönnun, rekstur,		1.200.000
upphaf, búnaður	150.000	1.350.000
Heildarútgjöld		3.550.000
2.–3. ár, árlega:		
Vinna við skrárnar		1.000.000
Hagstofan		1.200.000
NSD		1.200.000
Heildarútgjöld		3.400.000
Síðan árlega:		
Innlimun nýrra skráa.		
verkefni skránna		500.000
Hagstofan		600.000
NSD		1.200.000
Heildarútgjöld		2.300.000

Ekki er gert ráð fyrir væntanlegum verð- né launahækkunum.

Hópurinn gerir ráð fyrir að ráðuneytið veiti fé til þessarar starfsemi. Þar sem hluti starfs þjónustueiningarinnar nýtist rannsóknarstarfi er stungið upp á því að eitthvað af fjárveitingum til þjónustustarfseminnar renni beint til rannsóknarráðsins þannig að rannsóknirnar tengist einnig ráðinu. Útgjöld í sambandi við rekstur tilvísanahópsins eru talin með í útgjöldunum.

9.2 Tillögur minni hlutans.

Tillögur minni hlutans gætu komið til framkvæmda frá 1. janúar 1998. Á tímabilinu 1998–2002 er talið að árlegur kostnaður verði, í norskum kr.:

Aukavinna við skrárnar *	650.000
Sambandsvettvangur skrifstofudeildar	350.000
Önnur útgjöld	250.000
Heildarútgjöld	1.250.000

* Þetta eru lægri útgjöld en í tillögum meiri hlutans vegna þess að skrárnar þurfa ekki að annast þá aukavinnu sem meiri hlutinn ætlar þeim.

9.3 Greiðsla notenda.

Báðar tillögurnar gera ráð fyrir því að afhending gagna sé svo til ókeypis fyrir notendur þeirra.

Fskj. 1.

Dæmi um hagnýtt fyrirkomulag á líkani meiri hlutans.

Meiri hlutinn vill draga upp mynd af fyrirkomulaginu sem stungið er upp á. Þetta verður að taka sem dæmi og forsendur eru þær að endanleg gerð verði rædd í smáatriðum við Tölvugagnaeftirlitið, svo og alla aðra sem hlut eiga að máli.

Dæmið byggist á því að gögn verði flutt frá Hagstofunni til NSD, annaðhvort nafnlaus eða undir dulnefni.[1] Nafnlaus gögn þýðir að nafn hefur verið fjarlægt og ellefu stafa nafnnúmerið, ásamt öðrum ótvíræðum persónutilvísunum, en allar aðrar upplýsingar eru til staðar þannig að með þeim upplýsingum er með óbeinum hætti mögulegt að bera kennsl á hvern einstakling.

Bæði hugtökin *dulnefni* og *dulkóðuð persónugögn* þýða raunverulega að persónuupplýsingum, sem oftast eru ellefu stafa nafnnúmer, er breytt samkvæmt sérstökum lykli. Lykillinn er geymdur út af fyrir sig en ekki hjá skránum til að tryggja að óviðkomandi geti *ekki* séð um hvaða einstakling sé að ræða. Skrá sem byggist á dulkóðuðum persónugögnum telst þekkjanleg persónuskrá þar sem hægt er að ganga þar að upplýsingum um einstaklinga. Það er þó öruggara en þegar hægt er að ganga beint að upplýsingunum. Þetta hefur m.a. haft í för með sér að Tölvugagnaeftirlitið hefur talið sér fært að samþykkja skrár þar sem nauðsynlegt var að hafa persónugögn, en skráning undir ellefu stafa nafnnúmeri hefði ekki verið leyfð.

Í líkaninu er aðaláhersla lögð á meginregluna um dulkóðuð persónugögn. Þetta þýðir að Hagstofan; 1) fær persónuupplýsingar úr heilsufarsskrám, 2) afmáir persónutilvísanir eða kóðar nafnnúmer í dulnefni, 3) annast hugsanlegar tengingar og 4) flytur gögnin yfir í NSD. Notkun dulkóðunar á nafnnúmerum er komin í gagnið og hefur nýst KIRUT-gagnagrunni mjög vel.[2] Aðferðin veitir mikinn sveigjanleika með tilliti til tenginga og útfærslu á skrám sem tilbúnar eru til greiningar fyrir notendur, en á sama tíma er persónuleyndar vel gætt. Aðgangur að nafnlausum gögnum veitir sömuleiðis þeim sem eiga að gera skrárnar aðgengilegar meiri sveigjanleika en ópersónugreinanleg gögn bjóða upp á.[3]

Líkanið býður ekki upp á að tenging á gögnum frá heilsufarsskrám eigi að verða reglubundin ef ekki er á því bein þörf. Forsendur fyrir tengingu eru að um slíkt sé beðið. Þegar tenging hefur átt sér stað er mikilvægt að tengd gögn séu geymd í skjalasafni fyrir sérgreind framtíðarverkefni, til að koma í veg fyrir óþarfakostnað. Meiri hlutinn telur það óþarfakostnað ef sama tenging þarf að eiga sér stað hvað eftir annað. Til þess að tenging gagna gangi fljótt fyrir sig og á virkan hátt er hins vegar mikilvægt að Hagstofan leggi fyrir fé til að geta haldið uppi tengingarbúnaði.

Þetta þýðir í raun og veru að í slíkum tilvikum flytur Hagstofan nafnlaus gögn til NSD sem kemur þeim í gagnið fyrir notendur. NSD geymir gögnin undir dulnefni eða ópersónugreinanleg. Útfærsla gagna getur einnig verið fólgin í því að tengja gögn frá öðrum gagnagrunnum.

---

1 Hugtökin *nafnlaus* og *dulnefni* fá nánari umfjöllun í fskj. 3.

2 KIRUT er gagnagrunnur hjá NSD sem felur í sér upplýsingar um hvernig einstaklingur er ýmist í vinnu, atvinnulaus, ýmiss konar tryggingafyrirkomulag og félagslega aðstoð. Fram að þessu er búið að skrá gögn fyrir 10% úrval íbúa Noregs á aldrinum 16–67 ára fyrir árin 1989–94. Þessar upplýsingar eru frá Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Hagstofunni. KIRUT er með dulkóðuðum persónuupplýsingum þannig að ellefu stafa nafnnúmeri er breytt. Hagstofan annast dulkóðunina áður en gögnin eru flutt yfir til NSD.

3 Í ópersónugreinanlegum skrám eru engar upplýsingar sem beint eða óbeint tengja þær við einstaka persónu. Það hefur oft í för með sér að fjarlægja verður mikilvægar upplýsingar eða fella þær undir grófari flokkun.

Grundvallaratriði í líkaninu er að heilsufarsskrárnar eigi reglubundið, a.m.k. einu sinni á ári, að skila af sér fyrir fram skilgreindu gagnasetti til Hagstofunnar, sem síðan fer eftir þeim aðferðum sem lýst er hér að framan. Líkanið hefur einnig þær forsendur að flutningur gagna ad-hoc (með slíkt fyrir augum) sé eðlilegur hluti kerfisins og að slíkur flutningur fylgi sömu aðferðafræði og venjubundinn hluti líkansins.

Ekki er talin ástæða til að öll afhending gagna fari fram eftir þeim leiðum sem nefndar hafa verið. Því er talið að skrárnar skuli áfram þjóna notendum með eigin gögnum og að Hagstofan eigi að geta þjónað stjórnsýslunni og auk þess vísindarannsóknum í sérstökum tilvikum.

Fskj. 2.

Tillit til persónuverndar, þagnarskyldu o.fl.

1. Inngangur.

Skráning og söfnun persónulegra upplýsinga mun alltaf hafa í för með sér vissa hættu á misnotkun og að brotið sé á persónulegri friðhelgi, t.d. með því að viðkvæmar upplýsingar liggi á glámbekk eða séu misnotaðar. Þess vegna mun alltaf verða að vega og meta annars vegar hættuna á að persónuleg friðhelgi sé rofin og hins vegar gagnsemi þeirrar skráningar sem framkvæmd er.

Það liggur í augum uppi að einstaklingurinn sækist ekki aðeins eftir trúnaðarskyldu, heldur t.d. einnig því að biðlistar í heilbrigðiskerfinu styttist, sjúkdómavarnir eflist og skattfé sé nýtt á sem hagkvæmastan hátt. Þetta eru dæmi um þau svið þar sem nauðsynlegt er að yfirvöld fái aðgang að fullnægjandi og réttum upplýsingum á réttum tíma og að rannsóknarsvið fái eins góðan og greiðan aðgang og hægt er að gæðagögnum. Þörf á upplýsingum og gögnum verður aðeins fullnægt með því að upplýsingar um einstaklinga séu fengnar og nýttar.

Til þess að koma til móts við hagsmuni einstaklinga við að verja persónuleg málefni sín hefur verið komið upp ýmiss konar fyrirkomulagi og tækni sem draga úr hættu á misnotkun og dreifingu upplýsinga án eftirlits.

Nærtækustu aðgerðirnar eru að koma upp áþreifanlegum og tæknilegum varúðarráðstöfunum (aðgangsorðum) til þess að gögn týnist ekki eða hægt sé að skoða skrárnar. Í þessu sambandi verði lögð áhersla á aðra tækni sem hefur verið þróuð til að bæta öryggið og að koma í veg fyrir að hægt sé að greina einstaklinginn og misnota persónulegar upplýsingar.

2. Persónugreining.

Gögn um einstakar persónur er í meira eða minna mæli hægt að rekja aftur til ákveðinna einstaklinga. Því er gagnlegt þegar spurningar um persónuvernd og þagnarskyldu ber á góma að flokka skrárnar eftir því hversu auðvelt er að rekja upplýsingarnar. Í töflu 2.1 hefur þeim verið skipt í þrennt.

1. *Ópersónugreinanleg* þýðir að ekki er mögulegt að rekja upplýsingar til ákveðins einstaklings. Ekki skortir aðeins beinar persónutilvísanir, eins og nafn og nafnnúmer heldur einnig upplýsingar sem óbeint geta gefið upplýsingar um einstaklinginn. Til þess að skráin geti talist ógreinanleg getur t.d. verið þörf á að skilja eftir eða fjarlægja upp-

lýsingar um störf þess sem skráður er eða heimilisfang — eða hvort tveggja. Venjulega eru ekki neinar afgreiðsluhindranir tengdar persónuvernd og þagnarskyldu á þessari gerð gagna.

2. *Nafnlaus* þýðir að bein persónutilvísun er fjarlægð. Þó er hægt að bera kennsl á einstaklinginn þar sem aðrar breytur, oft í tenglsum hver við aðra, eru svo „þéttriðnar" að hægt er að greina hver í hlut á.
3. *Persónugreinanleg* þýðir að í skránni eru upplýsingar sem greinilega og beint tengja gögnin ákveðnum persónum. Um getur verið að ræða nafn eða nafnnúmer. Afhending slíkra gagna er venjulega háð sérstökum ráðstöfunum, annaðhvort tilkynningu eða umsókn til Tölvugagnaeftirlitsins og/eða undanþágu eða að þagnarskylda er afnumin.

Bæði nafnlausar og persónurekjanlegar skrár ganga undir nafninu persónuskrár. Það þýðir m.a. að þær falla undir ákvæði um persónuskráalögin og valdsvið Tölvugagnaeftirlits.

Í seinni tíð er það orðið venjulegra að nota hugtökin *dulkóðuð gögn* og *ótvírætt persónudulkóðuð* gögn. Bæði hugtökin þýða í raun og veru að persónutilvísunni, sem oftast er ellefu talna nafnnúmer, er breytt með tilliti til ákveðins lykils. Lykillinn er geymdur aðskilinn frá skránum til að tryggja að óviðkomandi geti *ekki* vitað um hvaða einstakling er að ræða. Ef óskað er eftir enn meiri tryggingu má geyma lykilinn hjá annarri stofnun en þeirri sem færir skrárnar. Í slíkum tilvikum nást þau viðbótaráhrif að sá sem færir skrárnar getur ekki bætt við gögnum frá öðrum skrám án aðstoðar þeirrar stofnunar sem geymir lykilinn.

Skrá sem byggist á dulkóðuðum persónugögnum telst persónugreinanleg þar sem hægt er að ganga þar að upplýsingum um einstaklinga. Það er þó öruggara en þegar hægt er að ganga beint að upplýsingunum. Þetta hefur m.a. haft í för með sér að Tölvugagnaeftirlitið hefur talið sér fært að samþykkja skrár þar sem nauðsynlegt var að hafa persónugögn, en skráning undir ellefu stafa nafnnúmeri hefði ekki verið leyfð.

Tafla 2.1. Aðgengi og möguleikar á þekkja einstaklinga, skipt eftir gerð persónugagna.

Gerð einstaklingsgagna:	Ópersónugreinanleg	Nafnlaus/dulkóðuð	Persónugreinanleg
Persónugreinanleg:	Ómögulegt að greina einstakling	Að hluta til persónugreinanleg	Vel mögulegt að þekkja einstaklinga
Aðgengi:	Auðvelt	Með skilyrðum	Erfitt aðgengi

3. Réttarfarsreglur.

Þegar heilsufarsskrám er komið upp eða haldið til haga verður tvennt að liggja fyrir:

1. Er mögulegt að nálgast þagnarskylduupplýsingar í skránum?
2. Er mögulegt að koma upp skrá með þessum upplýsingum?

Svarið við fyrri spurningunni miðast við reglur um þagnarskyldu. Þegar því hefur verið svarað hvort möguleikar eru á, eða skyldu ber til, að láta heilsufarsupplýsingar af hendi er fyrst hægt að svara spurningunni um hvort hægt er að láta upplýsingarnar í varanlega skráningu. Svörin ákvarðast af persónuskráningarlögunum ásamt stjórnsýslu- og persónuverndarlagalegum grundvallarreglum. Nokkrar skrár fá slíkar upplýsingar vegna heimildar um tilkynningarskyldu á vissum læknisfræðilegum upplýsingum. Slíkur heimildaleyfisgrunnur jafngildir ekki því að hægt sé að koma upp heilsufarsskrám án frekari umsvifa.

Hér á eftir er gerð grein fyrir veigamestu lagaákvæðunum.

Lög um persónuskrár.

Lög um persónuskrár o.fl. gengu í gildi 1. janúar 1980. Þau fólu m.a. í sér ákvæði sem hafa þýðingu fyrir afnot vísindamanna af persónugögnum í rannsóknarskyni. Einkum eru það ákvæði 9. gr. laganna og ákvæði um undanþágur vegna starfsleyfa í fyrirmælum 2.–17. gr. sem hafa áhrif á notkun persónuupplýsinga.

Samkvæmt laganna hljóðan er skrá persónuskrá þegar í henni felast:

1. upplýsingar og mat sem beint eða óbeint má tengja einstaklingum, samtökum eða stofnunum,
2. upplýsingar og mat sem geymt er samkvæmt skipulagi, þannig að hægt sé að finna aftur upplýsingar um einstaklinga.

Skrár með dulkóðuðum upplýsingum falla utan skilgreiningar laganna. Skrárnar verða að vera þannig settar upp að hvorki sé beint eða óbeint hægt að leita uppi einstakar persónur. Eins og sjá má er þetta í fullu samræmi við framanskráða töflu.

9. gr. um skyldu til að leita samþykkis fyrir því að koma upp persónuskrá.

Í 4. kafla persónuskráningarlaganna, 9. gr., eru ákvæði um skyldu til að leita samþykkis Tölvugagnanefndar til þess að koma upp persónuskrám. Þar stendur m.a.:

Krafist er samþykkis konungs (starfsleyfis) til að koma á fót persónuskrám einstaklinga þar sem nota á rafeindatæknileg hjálpargögn. Krafist er einnig slíks samþykkis til að stofna aðrar persónuskrár ef í þeim eiga að felast:

1. upplýsingar um kynþátt, stjórnmála- eða trúarbragðaskoðanir,
2. upplýsingar um að maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverða hegðun,
3. upplýsingar um heilsufar eða um misnotkun fíkniefna,
4. upplýsingar um kynferðismál, eða
5. upplýsingar um fjölskyldusástæður aðrar en þær sem varða skyldleika eða fjölskyldustöðu, eignaskipti milli hjóna og framfærslubyrði.

Starfsleyfisundanþágur.

Ný fyrirmæli 2. kafla persónuskráningarlaganna, 2.–17. gr., veita einstökum vísindarannsóknaskrám undanþágu frá starfsleyfisskyldu. Þar segir:

Skrár sem stofnaðar eru í sambandi við vísindarannsóknir fá undanþágu frá starfsleyfisskyldu skv. 1. lið 9. gr. ef:

1. verkefnið byggist á frjálsi þátttöku þeirra sem skráðir eru, og
2. fyrsta samband kemst á við milligöngu persónu með faglega ábyrgð við þá stofnun sem sá sem svarar er skráður hjá, og
3. sá sem svarar hefur gefið skriflegt samþykki fyrir öllum þáttum rannsóknarinnar, og
4. efnið sem safnað verður saman er dulkóðað eða þurrkað út þegar áætluninni lýkur, og
5. áætluninni lýkur á ákveðnum tíma innan fimm ára frá upphafi hennar.

Skrána má aðeins nota í samræmi við tilgang áætlunarinnar og með samþykki hinna skráðu. Ef áætlunin felur í sér samtengingar á skrám þarf sérstakt leyfi frá Tölvugagnaeftirliti til þess.

Samantekt.

Þetta felur í sér að ef koma á upp persónuskrá með rafeindatæknilegum hjálpargögnum verður að sækja um starfsleyfi. Sama gildir um handfærðar skrár ef í þeim eiga að felast viðkvæmar upplýsingar. Við sumar gefnar aðstæður kemur þó tilkynningarskylda til Tölvugagnaeftirlitsins í stað einkaleyfisskyldunnar.

Reglur um þagnarskyldu.

Í sambandi við vísindarannsóknir er eru það einkum tvenn lög sem segja til um þagnarskyldu, læknalögin og stjórnsýslulögin.

Læknalögin.

Í 31. gr. læknalaganna stendur að læknir hafi þagnarskyldu og eigi að koma í veg fyrir að aðrir komist að upplýsingum um líkamlega- og andlega sjúkdóma manna eða aðrar persónulegar aðstæður sem hann fær vitneskju um í læknisstarfi sínu.

Þetta gildir þó ekki þegar í lögum segir að læknir skuli ekki hafa þagnarskyldu, eða aðrar sérstakar ástæður liggja til þess að rétt má teljast að tilkynna upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu. Gagnvart þeim sem þegar þekkir til upplýsinganna gildir þagnarskyldan ekki.

Þagnarskylda fellur niður að því marki sem sá sem á kröfu á að upplýsingum sé haldið leyndum eða upplýsingarnar varða samþykkir að aðrir fái aðgang að þeim. Ef hlutaðeigandi er yngri en 16 ára þurfa foreldrar eða forráðamenn að veita samþykki sitt. Ef hlutaðeigandi er 12 til 16 ára á spyrja hann álits.

Varðandi samband þagnarskyldu og vísindarannsókna segir í 36. gr. læknalaganna að *þagnarskylda komi ekki í veg fyrir að læknir geti tilkynnt upplýsingar, sem annars eru háðar þagnarskyldu, varðandi líkamlegt eða andlegt heilbrigðisástand þegar einstaklingseinkenni eru fjarlægð eða þeim breytt þannig að hlutaðeigandi er verndaður gegn því að þekkjast.*

Heilbrigðiseftirlitið getur samkvæmt umboði frá félags- og heilbrigðisráðuneytinu ákveðið að hægt sé eða leyfilegt að láta af hendi upplýsingar til notkunar við vísindarannsóknir og að það geti átt sér stað án þess að þagnarskylda komi í veg fyrir slíkt. Hægt er að tengja slíka ákvörðun ákveðnum skilyrðum. Þeir sem taka við slíkum upplýsingum hafa sömu þagnarskyldu og læknar og sömu hegningarábyrgð samkvæmt lögum þessum. Félagsmála- og heilbrigðisráðuneytið getur aftur á móti sett nánari ákvæði um notkun þagnarskyldugagna í vísindarannsóknarskyni.

Stjórnsýslulögin.

Það er ósjaldan sem nauðsyn ber til þess að afla í vísindaskyni upplýsinga sem háðar eru þagnarskyldu frá skrám í stjórnsýslustofnunum. Þær geta verið frá tryggingaskrifstofu, heilsufarsskrá eða öðrum stofnunum sem færir slíkar skrár. Stjórnsýslustofnun hefur heldur enga ástæðu til að láta af hendi nafn á hlutaðeigandi aðilum.

Í slíkum tilvikum á venjulega að afla samþykkis einstaklinganna en oft er það hvorki mögulegt né æskilegt. Úrtakshópurinn getur t.d. verið það fjölmennur að óeðlilegur kostnaður fylgdi því að hafa samband við hvern og einn. Einnig er hægt að ímynda þær aðstæður að að ekki sé æskilegt út frá siðfræðilegu eða mannlegu sjónarmiði að hafa samband við hvern og einn áður en upplýsingar eru veittar. Þetta mun sérstaklega eiga við um þá sem af einhverjum ástæðum eru ekki færir um að meta hverju þeir hugsanlega játa eða neita.

Í slíkum tilvikum er hægt að sækja um undanþágu frá þagnarskyldu skv. 13. gr. d í stjórnsýslulögunum, en þar segir m.a.:

„Þegar talið er sanngjarnt og það bitnar ekki á öðrum hagsmunum getur ráðuneytið ákveðið að stjórnsýslustofnun megi eða skuli veita upplýsingar til nota við vísindarannsóknir án þess að þagnarskylda stofnunarinnar skv. 13. gr. komi í veg fyrir það."

Það þýðir að ef vísindamaður óskar eftir aðgangi að gögnum sem háð eru þagnarskyldu frá opinberri stofnun um einhverja persónu, og persónan er af einhverri ástæðu ekki beðin um að samþykkja slíkt, getur hlutaðeigandi fagráðuneyti ákveðið að slík afhending skuli eiga sér stað.

Hvað varðar heilsufarsskrár er þessi ákvörðun í höndum félagsmála- og heilbrigðisráðuneytis sem aftur á móti hefur falið Heilbrigðiseftirliti ríkisins þetta hlutverk. Ákvarðanir eru teknar eftir beint mat á umsókn frá hverjum vísindamanni um sig.

Umsókn um undanþágu hlýtur meðferð sem tengist ekki umsókn um starfsleyfi. Jafnvel þótt undanþága sé leyfð getur Tölvugagnaeftirlitið, án tillits til þess, neitað að gefa starfsleyfi til þess að koma upp skrá með umræddum upplýsingum.

Áhersla skal lögð á að afhending gagna úr heilsufarsskrám fellur undir stjórnsýslulög en ekki læknalög.

Reglur um tilkynningarskyldu.

Í læknalögum er getið um skyldu til að tilkynna ýmsa sjúkdóma, fæðingar og dauðsföll. Samkvæmt NOU 1993:22, „dulkóðaðar heilsufarsskrár", er ekki sjálfgefið að þagnarskyldan víki fyrir tilkynningarskyldunni en að hún sé bein forsenda. Þar sem það verður ekki ótvírætt ráðið af orðanna hljóðan verður nánari túlkun ákvæðanna að segja til um hvort tilkynningin eigi að vera í því formi að hægt sé að rekja hana beint til persónunnar og hvort þagnarskyldan eigi að víkja. Þegar vafi leikur á því er þagnarskyldan tilkynningarskyldunni fremri ef annað er ekki skýrt tekið fram. (Óðalsþingsfrumvarp nr. 1 1979–80, bls. 149.)

Með tillögunni voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

II. Kapp er best með forsjá. Páll Þórhallsson (Mbl. 4. apríl 1998).
III. Lagafrumvarp um gagnagrunna á heilbrigðissviði. Oddur Benediktsson, prófessor við tölvunarfræðiskor Háskóla Íslands (Mbl. 16. apríl 1998).
IV. Öryggi og eignarréttur. Jón Erlendsson (DV 17. apríl 1998).
V. Bréf frá Krabbameinsfélaginu til þingmanna (21. apríl 1998).
VI. Um gagnagrunn og skyld efni. Alfreð Árnason (Mbl. 22. apríl 1998).
VII. „Stóri bróðir" gerist æ ágengari. Hjörleifur Guttormsson (leiðari í Austurlandi 23. apríl 1998).
VIII. Athugasemdir Læknafélags Íslands við frumvarp um gagnagrunna á heilbrigðissviði (24. apríl 1998).
IX. Erfðafræði og rannsóknir. Leiðari (Mbl. 28. apríl 1998).
X. Stórpólitískasta mál í tæpa hálfa öld. Tómas Helgason (Mbl. 29. apríl 1998).
XI. Erfðafræði og persónuupplýsingar. Jón Erlendsson (DV 5. maí 1998).
XII. Ógæfumál nái frumvarpið fram að ganga. Jón Jóhannes Jónsson (Læknablaðið 1998:84).

XIII. Tölvunefnd gerir ýmsar athugasemdir við frumvarpið — segir Haraldur Briem (Læknablaðið 1998:84).
XIV. Svona lagað er hvergi leyft í veröldinni — segir Einar Oddsson (Læknablaðið 1998:84).
XV. Ætla menn að rekja sig aftur til einstaklinganna? Dögg Pálsdóttir (Læknablaðið 1998:84).
XVI. Um gen og menn. Skúli Sigurðsson (Læknablaðið 1998:84).
XVII. Verndun heilsufarsupplýsinga í upplýstum heimi. Guðmundur Björnsson (Læknablaðið 1998:84).
XVIII. Helgar tilgangurinn meðalið? Ólafur Þór Ævarsson (Læknablaðið 1998:84).
XIX. Þ(v)ingræði OG þögn fjölmiðla. Vilhjálmur Árnason (Mbl. 9. maí 1998).
XX. Endurskoðað frumvarp um gagnagrunna á heilbrigðissviði. Páll Þórhallsson (Mbl. 1. ágúst 1998).
XXI. Um „drög að frumvarpi til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði". Guðmundur Björnsson og Gísli Einarsson (Mbl. 13. ágúst 1998).
XXII. Hildarleikur um gagnagrunn. Hjörleifur Guttormsson (Mbl. 1. september 1998).
XXIII. Sögulegt löggjafarslys? Björn Þ. Guðmundsson (Mbl. 12. september 1998).
XXIV. Skráning heilsufars-, ættar- og erfðafræðiupplýsinga barna. Reynir Arngrímsson (Mbl. 26. september 1998).
XXV. Erfðavísindi og persónugreinanleg gögn. Reynir Arngrímsson (Mbl. 7. október 1998).
XXVI. Gagnabankar og persónuvernd. Ómar Friðriksson (Mbl. 7. október 1998).
XXVII. Vísindarannsóknir og persónuvernd. Páll Þórhallsson (Mbl. 8. október 1998).
XXVIII. Stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1997. Ágrip.
XXIX. Reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði (4. júlí 1997).

98. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að setja á fót nefnd sem hafi það hlutverk að kanna hvort og þá hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir geti orðið til að draga úr þunglyndi meðal kvenna. Verði tillögum nefndarinnar síðan fylgt eftir með sérstöku átaki heilbrigðisyfirvalda.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 122. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd.

Á ráðstefnu heilbrigðisráðuneytisins um heilsu kvenna sem haldin var sl. vetur kom fram að um 20% kvenna fá veruleg þunglyndiseinkenni einhvern tíma á ævinni meðan samsvarandi tala fyrir karla er um 10%. Erfiðlega hefur gengið að skýra þennan mikla mun og hafa

margar kenningar verið settar fram, svo sem um áhrif kvenhormóna, erfðir, önnur áhrif lyfja á konur en karla o.fl. Ljóst er að félagslegar aðstæður kvenna hafa mikil áhrif á líkamlegt og andlegt ástand þeirra, en svo sem kunnugt er þá eru félagslegar aðstæður kvenna að jafnaði verri en karla nánast alls staðar í heiminum. Kvenfyrirlitning sem m.a. birtist í lágum launum kvenna, mikið vinnuálag, ábyrgð á heimili og börnum, heimilisofbeldi, skilnaðir og einvera með börnum, ásamt ýmiss konar áföllum í lífinu, allt hefur þetta áhrif í þá veru að gera margar konur kvíðnar og þunglyndar.

Á fyrrnefndri ráðstefnu var því varpað fram af Halldóru Ólafsdóttur geðlækni hvort ekki væri ástæða til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að draga úr þunglyndi. Á sínum tíma hófst mikil herferð til að draga úr hjarta- og æðasjúkdómum með góðum árangri. Fólki var bent á hvernig breytt mataræði og aukin hreyfing gæti dregið úr hættu á slíkum sjúkdómum sem leiddi til þess að margir hugsa nú mun betur um heilsuna en áður. Með aukinni fræðslu um þunglyndi og einkenni þess, sem og bættum rannsóknum á áhættuþáttum og ráðleggingum um æskileg viðbrögð mætti án efa draga úr þunglyndi meðal kvenna og karla og þar með bæta heilsu og líðan og minnka lyfjanotkun og kostnað í heilbrigðiskerfinu.

Öllum má ljóst vera að það er ekki á valdi heilbrigðisráðherra að bæta félagslega stöðu kvenna nema hvað varðar tryggingabætur og aðgang að heilbrigðisþjónustu. Þar þurfa aðrar og víðtækari aðgerðir að koma til. Heilbrigðisyfirvöld geta þó lagt sitt af mörkum til að draga úr þunglyndi kvenna með því að efla rannsóknir og efna til fræðsluherferðar sem einkum yrði beint að konum og fjölskyldum þeirra. Það er tilgangur þessarar tillögu að fá heilbrigðisyfirvöld til að grípa nú þegar til aðgerða þannig að draga megi verulega úr þeim hörmulegu afleiðingum sem þunglyndi hefur á líf þeirra sem við það stríða, sem og aðstandenda þeirra og samfélagið allt.

99. Fyrirspurn [99. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á kóröllum og svömpum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur útbreiðsla og fjölbreytni kóralla og stórra svampa á sjávarbotni verið könnuð á Íslandsmiðum? Ef svo er, um hvaða svæði er að ræða? Hefur þýðing kóralla og svampa fyrir vistkerfi sjávar og nytjastofna verið rannsökuð?
2. Er vitað um einhver svæði á Íslandsmiðum þar sem kóröllum eða stórum svömpum hefur fækkað verulega á undanförnum árum eða áratugum? Ef svo er, af hvaða ástæðum hefur sú fækkun orðið?
3. Hafa áhrif veiðarfæra á tilvist og útbreiðslu kóralla og stórra svampa á Íslandsmiðum verið könnuð?
4. Hefur verið reynt með einhverjum hætti að vernda kóralla og lífríki sem þeim fylgir fyrir skemmdum af völdum veiðarfæra?

Skriflegt svar óskast.

100. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Egill Jónsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Halldórsdóttir, Hjörleifur Guttormsson,
Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að stefna beri að því að öll hefðbundin matvælaframleiðsla skuli vottuð á forsendum sjálfbærrar þróunar fyrir árið 2001. Á framangreindum forsendum skal stefnt að því að 20% landbúnaðarframleiðslunnar verði vottuð lífræn.

Þá skal unnið að því ötullega að koma á vottunarkerfi sjávarafurða sem byggist á stjórnunarkerfi og vinnslu sjávarafurða þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi.

Greinargerð.

Nágrannalönd okkar hafa flest sett sér markmið hvað varðar framleiðslu lífrænna landbúnaðarafurða. Þau búa þó við þann ókost að á mörgum svæðum er jörð mengaðri af völdum áburðarnotkunar en þekkist hér á landi. Íslendingar geta margt lært af nágrannaþjóðunum í þessu efni, en möguleikar okkar eru ekki síðri, m.a. vegna legu landsins. Hins vegar getur Ísland verið forustuland hvað varðar vottun sjávarafurða, ekki þarf annað að gera en að byggja á því stjórnunarkerfi sem nú er unnið eftir í landinu og er meðal þeirra fremstu í heiminum. Ísland hefur þá sérstöðu að 82% gjaldeyristekna vegna vöruútflutnings koma úr sjávarútvegi og það undirstrikar mikilvægi málsins sem hér er fjallað um. Við getum ekki beðið eftir að aðrar þjóðir setji okkur leikreglur um hvernig skuli fara með sjávarafurðir heldur eigum við að setja upp vottunarkerfi á þeim grunni sem við höfum byggt upp í landinu. Það má ljóst vera að neytendur gera æ meiri kröfur um að vita um uppruna þeirra matvæla sem þeir kaupa, hvaða tegund sem um er að ræða. Það verður spurt um alla þætti, frá veiðum á fiski eða framleiðslu landbúnaðarvara til þess þegar afurðirnar eru komnar á borð neytenda. Því verður að vinna ötullega að framgangi vottunar íslenskra matvæla um heilbrigði, hreinleika og hollustu.

Miklar breytingar eiga sér stað á aðferðum við framleiðslu matvæla. Ástæðan er aukin krafa neytenda til umhverfisþátta og siðferðisþátta í umgengni við dýr, svo og um aukin gæði framleiðslunnar og hollustu fæðunnar. Mikilvægt er að koma á jafnvægi milli náttúruverndarsjónarmiða, gæða með tilliti til heilsufars og góðrar meðferðar á skepnum og þjóðhagslegra sjónarmiða sem lúta að arðbærum rekstri atvinnugreinanna.

Á Íslandi er lítið um lífræna framleiðslu en þó hefur í nokkurn tíma verið stunduð slík ræktun og náðst mjög góður árangur. Má þar nefna starf bænda í Pétursey í nágrenni Víkur í Mýrdal, Skaftholti í Gnúpverjahreppi, Sólheimum í Grímsnesi, Dyrhólum, Mýrdal, Neðri-Hálsi í Kjós og Vallarnesi á Héraði sem dæmi. Afurðir þessara bænda eru mjög eftirsóttar, þær hafa vakið athygli fyrir hollustu og seljast vel þegar þær eru í boði.

Neytendur krefjast í æ ríkari mæli meira framboðs lífrænna matvæla og gera einnig kröfu um að fæðuframleiðslan taki tillit til umhverfisþátta. Einnig er þung áhersla lögð á að landbúnaður valdi sem minnstu álagi á umhverfið og að bændur framleiði gæðavöru.

Traust neytenda á lífrænt ræktuðum vörum á sér stoð í þróuðu eftirlitskerfi og leyfisveitingum. Nú eru fyrirliggjandi lög nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu, og

reglugerð þar að lútandi, þannig að umgerðin er til, en tilgangur tillögu þessarar er að fylgja lögunum eftir.

Ef skyggnst er fram til þess tíma sem tillaga þessi er miðuð við má gera ráð fyrir að neytendur muni þá gera enn stífari kröfur í þessum efnum. Því mætti telja eðlilegt að setja það markmið að árið 2002 verði hlutur lífrænna framleiðsluvara 20% af smávöruverslun á heimamarkaði.

Langtímamarkmið í landbúnaði verður að snúast um sjálfbæran búskap sem er grundvöllur lífrænnar matvælaframleiðslu og að greinin standist kröfur um vörugæði, meðferð dýra og vistvæna sambúð við náttúruna. Matvælaframleiðsluna verður að byggja á samstilltri hringrás lífræns efnis. Ljóst er að maturinn endurspeglar umhverfið sem hann er framleiddur í. Því verður að skerpa áherslur varðandi þessi mál til að svara kröfum tímans.

Íslendingar, íslenskir bændur, eiga að setja sér það markmið að framleiða búvörur í heimsins hreinasta landi. Með þessu markmiði getum við mætt alþjóðasamkeppni. Við þurfum að geta gefið, og staðið við, þau skilaboð til umheimsins að Íslendingar rækti í hreinustu moldinni, noti hreinasta vatnið, búi við hreinasta loftið og lúti ströngustu kröfum um meðferð matvæla.

Nágrannaþjóðir okkar hafa sett sér markmið um lífræna framleiðslu. Danir stefna t.d. að því að árið 2000 verði 15–20% landbúnaðarframleiðslu þeirra viðurkennd sem slík, þar af grænmeti u.þ.b. 50%, og stefna þeir að verulegum útflutningi lífrænt ræktaðs grænmetis ásamt auknu framboði á heimamarkaði.

Sums staðar erlendis hefur notkun áburðar og varnarefna aukist mikið frá árinu 1970 og því er framboðsaukningin mikil. Heildarframleiðsla margfaldaðist í fyrstu, dróst síðan snögglega saman til ársins 1980 en hefur aukist jöfnum skrefum síðan þá. Talið er að sjö alþjóðleg fyrirtæki ráði u.þ.b. 80% af matvælamarkaðinum í heiminum. Því er ekki að undra að fjármagnið leiti út fyrir frumframleiðsluna.

Lífrænn landbúnaður væri mótvægi við þessa þróun. Kostnaður af aðföngum og vélum minnkar og það vegur upp tekjutap af minni uppskeru. Milliliðakostnaður er miklu minni á lífrænu mörkuðunum en það skilar sér í auknum tekjum til bænda. Þetta verður tvímælalaust hagur þjóðfélagsins og landbúnaðarins í heild því að lífræn framleiðsla hlífir umhverfinu og gerir kröfu til þess að viðkvæm svæði séu ekki of nytjuð. Draga mun úr kostnaði vegna efnamengunar en það stuðlar að betri ímynd landbúnaðarins.

Segja má að að lífrænn landbúnaður sé lykillinn að bættri sambúð manns og náttúru, landbúnaðar og samfélagsins.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Áhrif ES-reglugerðar nr. 2078/92, um þróun lífræns landbúnaðar í Evrópusambandinu. Dr. Nicolas Lampkin, rannsóknastofnun landbúnaðarins við háskólann í Wales (frá CEPFAR/IFOAM-ráðstefnunni um lífrænan landbúnað, Vignola, Ítalíu, 6.–8. júní 1996).

II. Súlurit sem sýna vistræna framleiðslu í Vestur-Evrópu (úr ES-reglugerð nr. 2078/92).

Sjá þskj. 81 (80. mál 121. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1996–97, bls. 771–780.

101. Fyrirspurn [101. mál]

til dómsmálaráðherra um útköll lögreglu á geðdeildir sjúkrahúsa.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hversu oft undanfarin fimm ár hefur lögregla verið kölluð til aðstoðar á geðdeildum sjúkrahúsa vegna erfiðra tilfella? Hversu oft hafa geðsjúkir verið fluttir af sjúkrahúsi og settir í fangageymslur?

Skriflegt svar óskast.

102. Fyrirspurn [102. mál]

til forsætisráðherra um sveigjanleg starfslok.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvenær var nefnd skipuð til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok, sbr. ályktun Alþingis nr. 7/111 frá 13. apríl 1989?
2. Hvað líður störfum nefndarinnar?

Skriflegt svar óskast.

103. Fyrirspurn [103. mál]

til dómsmálaráðherra um útköll björgunarþyrlna Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hversu oft hafa þyrlur Landhelgisgæslunnar verið kallaðar út í sjúkra- eða björgunarflug frá ársbyrjun 1996:

a. til sæfarenda,
b. til fólks á landi?

104. Frumvarp til laga [104. mál]

um breytingu á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Árni R. Árnason.

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað.

1. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Alþingi greiðir sannanlegan kostnað við ferðir sem alþingismaður fer á vegum þingsins eða vegna starfs síns sem alþingismaður innan lands og til útlanda.

4. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Greiða skal 60% biðlaun þegar biðlaun skv. 1. mgr. falla niður. Þau skulu greidd í jafnlangan tíma og full biðlaun voru greidd.

b. 2. mgr. orðast svo:

   Nú hefur alþingismaður sem nýtur biðlauna skv. 1. eða 2. mgr. tekjur af starfi og skulu þá biðlaunagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef tekjurnar sem starfinu fylgja eru jafnar eða hærri en biðlaunagreiðslur til hans. Ef tekjurnar af starfinu eru lægri skal greiða honum mismuninn.

6. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Þingfararkaup skal nema 375.000 kr. á mánuði.

Árlegt þingfararkaup alþingismanna skal ekki nema hærri fjárhæð en 4.500.000 kr. að frádregnum helmingi þeirra tekna skv. 7. gr. laga nr. 75/1981 sem þeir njóta í starfi fyrir annað en þingmennsku. Aldrei skal þingfararkaup þó vera lægra en 2.250.000 kr. á ári.

Forsætisnefnd Alþingis ákveður aðrar greiðslur samkvæmt lögum þessum og setur nánari reglur um þær. Upplýsa skal um allar greiðslur vegna einstakra alþingismanna.

7. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna.

8. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Eftirlaunin skulu fylgja þingfararkaupi alþingismanns eins og það er á hverjum tíma og vera 60% þess hundraðshluta sem eftirlaunarétturinn skv. 1. mgr. segir til um.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 9. maí 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þingmaður sem átt hefur sæti á Alþingi og tekur sæti á Alþingi að nýju að afloknum alþingiskosningum 9. maí 1999 getur óskað þess að njóta launakjara samkvæmt lögum nr. 88/1995 eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara. Skulu launakjör hans vera með þeim hætti út kjörtímabil hans. Slík ósk skal koma fram innan tveggja mánaða frá kosningum.

Greinargerð.

Laun alþingismanna hafa mikið verið til umræðu að undanförnu. Fáar launagreiðslur eru eins mikið í sviðsljósinu og hefur m.a. verið haldinn fjölmennur útifundur gagngert til að hafa áhrif á laun alþingismanna. Þeir sem þar gagnrýndu há laun alþingismanna eru margir hverjir með miklu hærri laun. Enn fremur hefur margt fólk þær ranghugmyndir að alþingismenn fái alls kyns aukagreiðslur fyrir setu í nefndum þingsins og störf fyrir það erlendis. Reyndar fá varaforsetar Alþingis og formenn þingnefnda 15% álag á þingfararkaupið en að öðru leyti er ekki greitt fyrir nefndastörf þingsins eða störf erlendis sérstaklega.

Almenningur og lífeyrisþegar tóku á sig miklar kjaraskerðingar þegar syrti í álinn upp úr 1990 með vísan til bágrar stöðu atvinnulífsins og til að viðhalda stöðugleika. Nú hafa laun hækkað umtalsvert og langt umfram hækkun launa í nágrannalöndum okkar. Var ekki vanþörf á. Kjör lífeyrisþega hafa líka batnað en ekki eins mikið. Verkefni næstu ára verður að gera atvinnulífið svo burðugt að það geti staðið undir góðu velferðarkerfi. Sú hækkun þingfararkaups sem hér er lögð til hefur ekkert með þessa þróun að gera eins og rætt verður hér á eftir. Spyrja má þeirrar spurningar hvort þjóðin hafi efni á að greiða hásetum á þessari skútu svo illa að hún verði ekki toppmönnuð.

Þegar fólk sem starfar t.d. við stjórnun í atvinnulífinu eða hjá hinu opinbera er spurt hvort það vilji gefa kost á sér til starfa á Alþingi fást oft þau svör að það hafi ekki efni á því að fara á þing, það lækki svo mikið í launum. Svo getur fallið til mikill kostnaður við prófkjör sem hleypur jafnvel á milljónum. Hugsanlega nær fólk svo ekki kjöri. Starfið er mikið í sviðsljósinu sem oft er nokkuð óvægið. Svo hugsa margir til þess hvað taki við þegar þeir hætta á þingi. Fyrirtæki hafa ekki verið áfjáð í að ráða fyrrverandi alþingismenn til starfa.

Það getur verið mjög skaðlegt fyrir þjóðina ef þessi hópur fólks gefur ekki kost á sér til setu á Alþingi, sérstaklega með hliðsjón af því hvað öll löggjöf er orðin flókin og gerir miklar kröfur til þekkingar og yfirsýnar á þjóðfélaginu og atvinnulífinu sérstaklega. Þess vegna

er hér lagt til að hækka þingfararkaupið umtalsvert og bæta biðlaunarétt þeirra alþingismanna sem ekki fá vinnu strax þegar þeir falla af þingi.

Komið hefur fram að forsætisráðherra landsins, sem jafnframt er alþingismaður, er með allt að helmingi lægri tekjur en margir forstjórar ríkisfyrirtækja og æðstu embættismenn. Slík staða er illskiljanleg.

Þingfararkaupið er núna um 220 þús. kr. á mánuði. Ekki er greiddur þrettándi mánuðurinn. Hækkunin verður því 70% fyrir þá alþingismenn sem ekki sinna öðrum störfum jafnframt þingmennsku. Hækkunin verður miklu minni hjá þeim þingmönnum sem ekki hafa haft þann kostnað sem fastar kostnaðargreiðslur, 25 þús. kr. bifreiðastyrkur og 40 þús. kr. föst kostnaðargreiðsla, eiga að dekka. Reyndar hafa ekki allir alþingismenn tekið við föstu 40 þús. kr. kostnaðargreiðslunni. Hækkunin verður að sjálfsögðu engin hjá þeim þingmönnum sem falla af þingi.

Nokkuð eru um fastar greiðslur til að mæta kostnaði. Það er eflaust mjög misjafnt eftir því hvernig alþingismenn kjósa að starfa hvernig þessar greiðslur koma út fyrir einstaka þingmenn. Sumir hafa ekki þennan kostnað, aðrir miklu meiri. Auk bifreiðastyrksins og föstu kostnaðargreiðslunnar eru dagpeningagreiðslur vegna ferða til útlanda nokkuð ríflegar eða 80% af dagpeningum opinberra starfsmanna og hótelgisting er greidd. Þessar föstu greiðslur má eflaust meta til launaauka í mörgum tilfellum. Svo er gerð tilraun til að bæta alþingismönnum utan af landi kostnað við rekstur tveggja heimila. Auk þess eru greidd afnot af heimilissíma og Alþingi sér þingmönnum fyrir heimilistölvu.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að hverfa frá föstum greiðslum en taka upp greiðslu sannanlegs kostnaðar. Þess vegna verður launahækkunin ekki eins mikil og virðist við fyrstu sýn. Ekki er ætlunin að taka á lífeyrismálum alþingismanna en lífeyrisréttur þeirra tekur óverulegum breytingum. Þannig lækkar rétturinn umtalsvert (40%) miðað við hækkað þingfararkaup. Sjálfsagt er að sú þingnefnd sem fær málið til afgreiðslu hugi að því að alþingismenn njóti almennra lífeyriskjara og núverandi kjör verði metin til launa. Þessi breyting gerir launakjör alþingismanna gagnsærri en því hefur verið haldið fram að launamisrétti sem viðgengst allt of víða og fer vaxandi frekar en hitt sé falið með ógagnsæjum launakjörum. Sumir fái alls konar aukagreiðslur en aðrir ekki. Breytingin er því liður í því að auka jafnrétti fólks. Þegar litið er á þessa hækkun þingfararkaups ber einnig að hafa í huga að rekstur Alþingis kostar um eina milljón kr. á mánuði fyrir hvern þingmann.

Frá stofnun Alþingis ákváðu alþingismenn þingfararkaup sitt sjálfir en virtust ekki geta hækkað þau nægilega mikið. Sem lausn á þessum vanda ákvað Alþingi að fela Kjaradómi að annast þessi mál í trausti þess að þannig yrðu launin sanngjörn og eðlileg. Kjaradómur hefur gert tilraun til þess að bæta kjörin en ríkisstjórn og Alþingi hafa séð sig knúin til að ómerkja þá hækkun. Þessu verður að breyta. Alþingi má ekki láta kjör alþingismanna verða svo léleg að þau séu ekki á nokkurn hátt eftirsóknarverð fyrir hæfileikafólk.

Þessari breytingu er ætlað að taka gildi eftir næstu kosningar og enn er ekki búið að loka fyrir þátttöku í prófkjörum eða stilla upp listum. Því fólki sem finnst þetta há og eftirsóknarverð laun er því í lófa lagið að sækjast eftir kjöri til Alþingis og ber að fagna því ef mikið og aukið mannval býður sig fram þjóðinni til heilla. Þeir alþingismenn sem styðja þetta frumvarp eru því ekki að skara eld að sinni köku heldur safna glóðum elds að höfði sér því að samkeppni um þingsætin mun væntalega stóraukast.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 4. gr. núgildandi laga njóta opinberir starfsmenn þeirra forréttinda umfram fólk á almennum vinnumarkaði að halda starfinu í allt að fimm ár og hafa forgang að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera í allt að fimm ár í viðbót þegar þeira taka að sér þingmennsku. Þetta leiðir óhjákvæmilega til þess að það er minni áhætta fyrir opinbera starfsmenn að taka að sér þingmennsku og veldur því að það eru frekar opinberir starfsmenn sem sækjast eftir þingmennsku. Það er mjög bagalegt því að allar stéttir þurfa að eiga fulltrúa á Alþingi og mikið vægi opinberra starfsmanna á þingi kann að skekkja afstöðu þess til ríkisrekstrar, sveitarfélaga og borgaranna.

Í stað þessara forréttinda opinberra starfsmanna er lögð til lenging á biðlaunum til þeirra alþingismanna sem verða atvinnulausir, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt lauslegri könnun skrifstofu Alþingis mun um helmingur alþingismanna hafa verið opinberir starfsmenn áður en þeir tóku við þingmennsku. Hins vegar eru um 20% kjósenda opinberir starfsmenn.

Um 2.–4. gr.

Hér er lagt til að reglur um endurgreiðslu kostnaðar við ferðir innan lands og til útlanda lúti samræmdum reglum sem settar verði af forsætisnefnd skv. 14. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Endurgreiðslur skulu vera í samræmi við sannanlegan kostnað en horfið er frá föstum greiðslum sem sætt hafa nokkurri gagnrýni. Sama á við um endurgreiðslu almenns starfskostnaðar, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Þessar breytingar hafa einnig í för með sér að dagpeningar falla niður sem föst greiðsla en þess í stað verði greitt samkvæmt reikningum. Þó verður að gera ráð fyrir að smærri greiðslur, eins og fyrir leigubíla, hóflegan mat o.s.frv., þurfi ekki að sanna með reikningum, enda er óeðlilegt að reikna alltaf með að fólk svindli. Núverandi fyrirkomulag dagpeninga er allt of rýmilegt og er í reynd tekjuauki fyrir þá alþingismenn sem fara í ferðir.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að bæta biðlaunarétt þeirra alþingismanna sem eiga í erfiðleikum með að fá vinnu þegar þeir falla út af þingi í samræmi við það sem rætt er um í almennri greinargerð. Alþingismönnum verði tryggt fullt þingfararkaup í þrjá eða sex mánuði, eða 375 þús. kr. á mánuði. Eftir það eru þeim tryggð 60% af þingfararkaupi í jafnlangan tíma eða 225 þús. kr. á mánuði. Laun fyrir önnur störf koma að fullu til frádráttar.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þingfararkaup verði ákveðið með lögum í stað þess að Kjaradómur ákvarði það. Alltaf hefur verið viðkvæmt hver geti ákvarðað þingfararkaup og sú ákvörðun hefur ætíð verið umdeild. Vegna þrískiptingar ríkisvaldsins er mjög vafasamt að dómur ákvarði laun löggjafarvaldsins. Hins vegar eru alþingismenn í vanda þegar kemur að því að ákvarða eigin laun. Þessi vandi er leystur í þessu frumvarpi með því að það þing sem situr núna ákvarðar laun þess þings sem verður kosið í næstu kosningum. Þennan vanda mætti leysa til frambúðar þannig að hvert þing ákvarði tímanlega laun þess þings sem tekjur við. Þó að eflaust verði margir núverandi alþingismenn endurkjörnir er ekki á vísan að róa í því sambandi. Gert er ráð fyrir að þingfararkaupið verði 375.000 kr. á mánuði eða 4,5 millj. kr. á ári og er þá tekið mið af launum lægri stjórnenda í atvinnulífinu og hjá hinu opinbera.

Gert er ráð fyrir að 50% af launum þingmanna sem þeir fá fyrir störf utan Alþingis skerði þingfararkaupið en það verði þó aldrei lægra en helmingur óskerts þingfararkaups. Hér er tekið mið af því að þingmennskan er orðin svo umfangsmikil að annað hvort starfið hljóti að líða fyrir hitt nema bæði snúi að sama verki. Því er í öllum tilfellum eðlilegt að skerða þingfararkaupið um allt að helming.

Óbreytt er ákvæði um að forsætisnefnd Alþingis ákveði aðrar greiðslur samkvæmt lögunum og setji nánari reglur um þær. Nýmæli er að upplýsa beri um allar greiðslur. Það er í samræmi við vaxandi kröfur um upplýsingar, eyðir tortryggni og eykur aðhald.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott sérstök heimild til að greiðsla þingfararkostnaðar sé framtalsskyld en ekki skattskyld. Rétt er að alþingismenn falli undir skattalögin eins og aðrir borgarar.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að breyta grundvelli lífeyrisgreiðslna núverandi og fyrrverandi alþingismanna þannig að lífeyrisréttur taki ekki hækkunum eins og þingfararkaupið heldur verði grundvöllur lífeyrisgreiðslna skertur um 40%. Lífeyrir miðast við 225 þús. kr. á mánuði en hefur miðast við 220 þús. kr. á mánuði. Hann hækkar því óverulega eða um 2%. Mikil skerðing verður á lífeyri vegna framtíðariðgjalda miðað við hækkuð laun og kann að vera að 10% iðgjaldið gefi tilefni til betri lífeyrisréttar. Það þyrfti að skoða í nefnd.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að lögin taki gildi þegar eftir næstu kosningar.

105. Frumvarp til laga [105. mál]

um miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og rekstur tímabundinna miðlægra gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið með lögum þessum er að heimila miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og gerð og starfrækslu tímabundinna miðlægra gagnagrunna með dulkóðuðum persónutengdum heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til miðlægrar úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og gerðar og starfrækslu tímabundinna miðlægra gagnagrunna á heilbrigðissviði í þeim tilgangi.

Lögin taka til miðlægrar úrvinnslu og samkeyrslu upplýsinga allra sjúkraskrárkerfa einstakra heilbrigðis- og rannsóknastofnana, gagnasafna vegna vísindarannsókna á einstökum sjúkdómum eða sjúkdómaflokkum og skráa sem stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og tryggingamála halda um notendur heilbrigðisþjónustu og rekstur heilbrigðiskerfisins. Lögin taka ekki til vörslu, meðferðar eða aðgangs að lífsýnum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Gagnagrunnar á heilbrigðissviði:* Söfn gagna er hafa að geyma heilsufarsupplýsingar og aðrar upplýsingar þeim tengdar sem skráðar eru með samræmdum kerfisbundnum hætti í miðlæga gagnagrunna sem ætlaðir eru til tiltekinnar úrvinnslu og upplýsingamiðlunar.
2. *Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga:* Samkeyrsla upplýsinga úr tveimur eða fleiri frumgagnagrunnum.
3. *Tímabundnir afleiddir miðlægir gagnagrunnar á heilbrigðissviði:* Miðlægir gagnagrunnar sem ætlaðir eru til úrvinnslu tiltekinna verkefna og eytt er að verkefni loknu. Afleiddir merkir hér að upplýsingar í gagnagrunninum eru afrit af upplýsingum sem geymdar eru í frumgagnagrunni og fengnar þaðan.
4. *Persónuupplýsingar:* Upplýsingar er varða einkamálefni, þar með taldar heilsufarsupplýsingar, fjárhagsmálefni eða önnur málefni persónugreinds eða persónugreinanlegs einstaklings sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.
5. *Vörslumenn heilsufarsupplýsinga:* Einstakir læknar eða yfirlæknar deilda eða skora sem ábyrgir eru fyrir öryggi sjúkraskráa.
6. *Heilsufarsupplýsingar:* Upplýsingar er varða heilsu einstaklinga og hópa, þar með taldar erfðafræðilegar upplýsingar.

7. *Erfðafræðilegar upplýsingar:* Hvers kyns upplýsingar sem varða erfanlega eiginleika einstaklings.

II. KAFLI
Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga og gerð og starfræksla tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði.

4. gr.
Samræmd skráning heilsufarsupplýsinga.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að kveða á um að allar heilbrigðisstofnanir í landinu, sem skrá heilsufarsupplýsingar í rafræna gagnagrunna, samræmi skráningu sína og noti sömu eða samræmd gagnagrunnsforrit.

Stefnt skal að því að allar heilbrigðisstofnanir fái tölvubúnað sem veiti aðgang að rafrænum gagnagrunnum þeirra í gegnum alnetið með samnets- eða breiðbandstengingu. Öryggiskröfur skulu vera þær sömu eða meiri en öryggiskröfur fjármálastofnana sem leyfa aðgang að tölvukerfum sínum í gegnum alnetið.

5. gr.
Veiting rekstrarleyfis og greiðslur leyfishafa.

Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga og gerð og starfræksla tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði er einungis heimil þeim sem fengið hefur rekstrarleyfi heilbrigðisráðherra samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ráðherra er heimilt að veita rekstrarleyfi og semja um uppsetningu og rekstur búnaðar til miðlægrar úrvinnslu. Ráðherra er jafnframt heimilt að semja við sama aðila um langtímasamstarf og vinnslu einstakra verkefna.

Ráðherra skal leita álits tölvu- og vísindasiðanefnda, svo og nefndar um starfrækslu tímabundinna gagnagrunna, sbr. 7. gr., áður en leyfið er veitt.

Rekstrarleyfishafi skal greiða gjald fyrir veitingu leyfisins til þess að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess.

Leyfishafi skal jafnframt árlega greiða gjald sem nemur kostnaði af starfi nefnda skv. 7. og 10. gr. og öðrum kostnaði sem varðar eftirlit með starfrækslunni, þar með talið eftirlit tölvunefndar samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Rekstrarleyfishafi skal kosta vinnslu upplýsinga til flutnings í gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að ákveða að gjald komi fyrir nýtingu upplýsinga sem fást með miðlægri úrvinnslu.

6. gr.
Rekstrarleyfi.

Rekstrarleyfi til gerðar og starfrækslu tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Tímabundnir gagnagrunnar séu alfarið staðsettir hér á landi.
2. Tækni-, öryggis- og skipulagslýsing uppfylli kröfur tölvunefndar. Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga er því aðeins heimil að persónugreining sé einungis möguleg með notkun greiningarlykils sem sá aðili er hefur upplýsingar undir höndum hefur ekki aðgang að. Ekki má vera unnt að persónugreina einstaklinga án greiningarlykils nema verulegum tíma og mannafla þurfi að verja til þess að það takist. Notkun greiningarlykils til þess að persónugreina einstaklinga í tímabundnum miðlægum gagnagrunnum skal

einungis fara fram undir stjórn landlæknis og með leyfi tölvu- og/eða vísindasiðanefndar.
3. Skráning og úrvinnsla heilsufarsupplýsinga sé framkvæmd og henni stjórnað af fólki með starfsréttindi á sviði heilbrigðisþjónustu.
4. Fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um starfssvið og verkefni rekstrarleyfishafa.
5. Fyrir liggi ítarleg verkáætlun rekstrarleyfishafa sem uppfyllir skilyrði og markmið laga þessara um verktilhögun og verkframvindu.
6. Heilbrigðisráðuneyti og landlæknir eigi ætíð óheftan aðgang að viðkomandi búnaði og upplýsingum úr gagnagrunnunum þannig að þær nýtist við gerð heilbrigðisskýrslna og aðra tölfræðilega úrvinnslu vegna áætlanagerðar, stefnumótunar og annarra verkefna þeirra.
7. Rekstrarleyfishafi kosti vinnslu upplýsinga heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna til flutnings í miðlæga gagnagrunna. Upplýsingarnar skulu unnar með þeim hætti að þær uppfylli þarfir viðkomandi stofnunar fyrir samræmt upplýsingakerfi og þarfir heilbrigðisyfirvalda, sbr. 6. tölul.

Ráðherra getur bundið rekstrarleyfi frekari skilyrðum. Rekstrarleyfi skal vera tímabundið.

Í rekstrarleyfi skal ákveðið með hvaða hætti megi miðla upplýsingum úr gagnagrunni.

Hvorki rekstrarleyfi né tímabundnir gagnagrunnar sem myndaðir eru samkvæmt lögum þessum eru framseljanlegir eða aðfararhæfir.

Óheimilt er að setja rekstrarleyfi eða tímabundna gagnagrunna á heilbrigðissviði til tryggingar fjárskuldbindingum.

Afrit af gagnagrunnum skulu ávallt geymd í bankahólfi eða á annan tryggilegan hátt samkvæmt nánari ákvörðun í rekstrarleyfi. Afrit skal afhenda nefnd um starfrækslu gagnagrunna skv. 7. gr. til eyðingar þegar leyfistíma lýkur samkvæmt ákvæðum í rekstrarleyfi, og ef rekstrarleyfi er afturkallað eða leyfishafi er sviptur rekstrarleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Eftirlit með miðlægri úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og gerð og starfrækslu tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Ráðherra skal skipa nefnd sem skal hafa eftirlit með miðlægri úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og gerð og starfrækslu tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir skipaðir til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera lögfræðingur, annar heilbrigðisstarfsmaður með þekkingu á faraldsfræði og hinn þriðji skal hafa þekkingu á sviði upplýsingafræði. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og uppfylla sömu skilyrði.

Hlutverk nefndarinnar er að meta umsóknir um rekstrarleyfi og sjá um að öll starfsemi sé í samræmi við leyfið og ákvæði laga þessara og þeirra reglugerða sem settar verða á grundvelli þeirra að því leyti sem ekki er um að ræða lögbundið hlutverk tölvunefndar. Nefndin skal hafa umsjón með gerð samninga rekstrarleyfishafa annars vegar og heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna hins vegar. Nefndin skal veita heilbrigðisyfirvöldum ráðgjöf varðandi nýtingu upplýsinga úr gagnagrunnunum. Verði rekstrarleyfi afturkallað skal nefndin starfrækja búnað til miðlægrar úrvinnslu uns ráðherra hefur tekið ákvörðun um starfrækslu hans til frambúðar. Nefndin skal tafarlaust gera ráðherra viðvart ef hún telur að misfellur séu á starfrækslu tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um starfsemina undangengið ár eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Nefndinni skal séð fyrir starfsaðstöðu í samræmi við starfsemi á hverjum tíma. Nefndin skal afla sér sérfræðiaðstoðar eftir því sem þurfa þykir. Starfsemi nefndarinnar er kostuð af leyfisgjaldi sem rekstrarleyfishafi greiðir árlega, sbr. 5. mgr. 5. gr.

III. KAFLI
Söfnun upplýsinga.

8. gr.
Aðgengi rekstrarleyfishafa og heilbrigðisyfirvalda að upplýsingum.

Rekstrarleyfishafa er, að fengnu samþykki viðkomandi vörslumanna og stjórnar viðkomandi stofnunar, heimilt að fá til miðlægrar úrvinnslu og flutnings í tímabundna gagnagrunna á heilbrigðissviði upplýsingar úr sjúkraskrám og aðrar heilsufarsupplýsingar sem skráðar hafa verið hjá þeim. Slík úrvinnsla er einungis heimil á stöðluðum upplýsingum en óheimilt er að flytja óstaðlaðar sjúkrasögur í afleidda miðlæga gagnagrunna.

Miðlæg úrvinnsla og flutningur gagna í tímabundna gagnagrunna á heilbrigðissviði er einungis heimil til tiltekinna fyrir fram skilgreindra verkefna sem samþykkt hafa verið af eftirlitsaðilum skv. 13. gr. og skal gagnagrunnum eytt að verkefni loknu. Breytingar á verkefnum skulu aðeins leyfðar með samþykki eftirlitsnefnda.

Við meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga skal fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Slíkar upplýsingar skulu dulkóðaðar við flutning í gagnagrunn þannig að tryggt sé að starfsmenn rekstrarleyfishafa vinni einungis með dulkóðaðar upplýsingar.

Starfsmenn viðkomandi heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skulu búa upplýsingar til flutnings í tímabundna gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Rekstrarleyfishafi skal kosta samræmda skráningu upplýsinga og flutning þeirra í gagnagrunninn.

Um aðgang annarra að upplýsingum úr sjúkraskrám fer samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga, læknalögum, lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

9. gr.
Réttindi sjúklinga.

Sjúklingur getur óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í tímabundinn gagnagrunn á heilbrigðissviði. Beiðni sjúklings getur varðað allar upplýsingar sem þegar liggja fyrir um hann í sjúkraskrám, upplýsingar er kunna að verða skráðar síðar eða nánar tilteknar upplýsingar. Skylt er að verða við slíkri beiðni og skal athugasemd þess efnis þegar lögð með sjúkraskrá viðkomandi á heilbrigðisstofnun eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni.

Ákvæði þetta tekur ekki til upplýsinga sem nauðsynlegar eru við gerð heilbrigðisskýrslna og aðra tölfræðilega skráningu heilbrigðisyfirvalda. Slíkum upplýsingum mega einungis fylgja upplýsingar um kyn, aldur og eftir atvikum heilbrigðisstofnun.

IV. KAFLI
Vinnsla, hagnýting og meðferð skráðra upplýsinga.

10. gr.
Aðgengi að upplýsingum í tímabundnum gagnagrunnum á heilbrigðissviði.

Heilbrigðisyfirvöld eiga ávallt rétt á upplýsingum úr tímabundnum gagnagrunnum á heilbrigðissviði við gerð heilbrigðisskýrslna og aðra tölfræðilega vinnu vegna áætlanagerðar,

stefnumótunar og annarra verkefna heilbrigðisyfirvalda og skulu upplýsingarnar látnar í té án endurgjalds.

Ráðherra skal skipa nefnd um aðgang vísindamanna að upplýsingum úr miðlægum gagnagrunnum.

Nefndinni er heimilt að veita vísindamönnum aðgang að upplýsingum úr gagnagrunnum til notkunar í vísindarannsóknum nema um sé að ræða rannsókn sem fyrirsjáanlegt er að mati nefndarinnar að skarist við hagsmuni rekstrarleyfishafa eða annarra. Viðkomandi vísindamenn skulu einungis greiða kostnaðarauka leyfishafa við þá gagnaöflun og vinnslu sem þeir óska eftir.

Nefndin skal skipuð þremur mönnum til fjögurra ára. Læknadeild Háskóla Íslands og vísindasiðanefnd tilnefna einn fulltrúa hvor og ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Starf nefndarinnar er kostað af leyfisgjaldi sem rekstrarleyfishafi greiðir árlega, sbr. 5. mgr. 5. gr.

Nánar skal kveðið á um starfsemi nefndarinnar í reglugerð.

11. gr.

Hagnýting tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Rekstrarleyfishafa skal heimil vinnsla í tímabundnum gagnagrunni á heilbrigðissviði úr þeim heilsufarsupplýsingum og öðrum upplýsingum sem þar eru skráðar, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu upplýsinga að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum án greiningarlykils sem hann hefur ekki aðgang að.

Upplýsingar, sem skráðar eru eða aflað er með úrvinnslu í tímabundnum gagnagrunnum á heilbrigðissviði, má nýta til þess að þróa nýjar eða bættar aðferðir við heilsueflingu, forspá, greiningu og meðferð sjúkdóma, til að leita hagkvæmustu leiða í rekstri heilbrigðiskerfa, í þágu skýrslugerðar á heilbrigðissviði eða í öðrum sambærilegum tilgangi á heilbrigðissviði.

Rekstrarleyfishafa er á leyfistíma heimil fjárhagsleg hagnýting upplýsinga úr gagnagrunnunum með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum og rekstrarleyfi.

Tímabundna gagnagrunna á heilbrigðissviði má eigi flytja úr landi og úrvinnsla úr þeim má einungis fara fram hér á landi.

12. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn í þjónustu rekstrarleyfishafa eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI
Eftirlit.

13. gr.

Tölvunefnd hefur eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunna á heilbrigðissviði að því er varðar skráningu og meðferð persónuupplýsinga og annast eftirlit með því að þeim skilmálum sem hún setur sé fylgt.

Nefnd um starfrækslu tímabundinna gagnagrunna, sbr. 7. gr., skal hafa umsjón með því að við starfsemi gagnagrunna á heilbrigðissviði sé í hvívetna fylgt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim sem og skilyrðum rekstrarleyfis.

VI. KAFLI
Refsingar og önnur viðurlög.

14. gr.

Ráðherra getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða rekstrarleyfishafi verður ófær um að starfrækja gagnagrunn. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki skilyrðum þeim sem sett eru í rekstrarleyfi skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni rekstrarleyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla rekstrarleyfi hans. Sé um að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi getur ráðherra afturkallað rekstrarleyfi án undanfarandi aðvörunar og frests til úrbóta.

15. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varðar fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði sem sett eru fyrir rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglur settar samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni samkvæmt lögunum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans brotið ákvæði laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu rekstrarleyfis, enda sé brot framið til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

16. gr.

Rekstrarleyfishafa má, auk refsingar skv. 15. gr., svipta rekstrarleyfi með dómi ef um ásetning eða stórfellt gáleysi er að ræða. Að öðru leyti eiga hér við ákvæði 1. og 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Gera má upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

17. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerðum.

Ráðherra skal setja reglugerð um starfsemi nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sbr. 7 . gr., og starfsemi nefndar um aðgegni að upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði, sbr. 10. gr.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðbirgða.

Gjald rekstrarleyfishafa skv. 4. og 5. mgr. 5. gr. skal fyrsta árið byggt á áætluðum kostnaði við undirbúning og eftirlit með starfsemi tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Greinargerð.

Frumvarp þetta um miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og gerð tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði miðar að því að ná fram þeim meginmarkmiðum sem lögð voru til grundvallar stjórnarfrumvarpi um svipað efni er lagt var fram á Alþingi á 122. löggjafarþingi en fékk þá ekki afgreiðslu. Ætlunin er að ná þeim markmiðum í þessu frumvarpi án þess að vafi leiki á að lögin standist stjórnarskrá, gildandi lög, alþjóðlegar skuldbindingar og viðteknar hefðir. Frumvarp heilbrigðisráðherra gengur í veigamiklum atriðum gegn viðteknum starfsvenjum og e.t.v. gildandi lögum og reglum. Til dæmis verður að gera ráð fyrir að grundvallarhugtök eins og persónuvernd og persónuupplýsingar, sem varða stjórnarskrárvarin réttindi, verði vart endurskilgreind í lagatexta sem þessum. Líklegt er að staða rekstrarleyfishafa verði allsendis óviðundandi vegna réttaróvissu ef frumvarp heilbrigðisráðherra verður að lögum.

Til þess að auðvelda málefnalegan samanburð er frumvarp þetta sniðið eftir frumvarpi heilbrigðisráðherra sem lagt var fram á síðasta þingi. Það er hins vegar frábrugðið frumvarpi heilbrigðisráðherra í veigamiklum atriðum. Þar ber helst að nefna að hér er gert ráð fyrir að heilsufarsupplýsingar verði áfram í vörslu þeirra sem öfluðu þeirra en aðeins fluttar dulkóðaðar til úrvinnslu í miðlæga tímabundna gagnagrunna sem síðan verður eytt að viðkomandi verkefni loknu. Til þess má nota nýjustu tækni á alnetinu og öryggisstaðla sem fjármálastofnanir hafa nýlega tekið í notkun. Ekki verður annað séð en að öll úrvinnsla heilsufarsupplýsinga og samkeyrsla gagna úr mörgum gagnagrunnum verði jafnauðveld með þessum hætti og ef þær væru fluttar í afleiddan miðlægan gagnagrunn til frambúðar. Gæði upplýsinganna ættu að vera meiri og öryggi þeirra betur tryggt, sbr. umfjöllun um miðlæga gagnagrunna hér á eftir.

Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að einum aðila sé veittur einkaréttur til nýtingar upplýsinga sem fást með miðlægri úrvinnslu. Hins vegar er gert ráð fyrir að heilbrigðisráðuneytið geti samið við einn aðila um uppsetningu og starfrækslu þess búnaðar sem notaður yrði til slíkrar úrvinnslu úr nettengdum frumgagnagrunni. Heilbrigðisráðuneytinu væri jafnframt heimilt að gera samstarfssamning við slíkan aðila um úrvinnslu tiltekinna verkefna.

Hér á eftir verða nokkur álitamál sem frumvarpið varða reifuð stuttlega.

Forræði heilsufarsupplýsinga.

Vegna eðlis heilsufarsupplýsinga og hvernig til þeirra er stofnað lúta þær ekki lögmálum eignarréttar í venjulegum skilningi. Í athugasemdum með drögum að frumvarpi heilbrigðisráðherra segir svo: „Stofnanir, fyrirtæki eða einstaklingar geta því ekki átt þær eða verið með forræði þeirra.“ Þetta er ekki rétt. Venja hefur verið hin síðari ár að líta svo á að persónutengdar heilsufarsupplýsingar séu í vissum skilningi eign viðkomandi einstaklings enda getur hann átt mikilla sérhagsmuna að gæta þegar kemur að notkun slíkra upplýsinga. Sett hafa verið lög og reglur sem miða að því að einstaklingar hafi meira um það að segja en áður hvernig slíkar upplýsingar eru nýttar.

Vörsluaðili heilsufarsupplýsinga (einstakir læknar eða yfirmenn starfseiningar í heilbrigðisþjónustunni) er ábyrgur fyrir öryggi þeirra gagna sem hann safnar og hefur hann því óhjákvæmilega forræði þeirra. Slíkt er nauðsynlegt því hann er sá aðili sem þarf að njóta nægilegs trúnaðartrausts sjúklingsins til þess að upplýsingaöflunin verði greið. Samkvæmt gildandi lögum geta aðeins læknar veitt þriðja aðila óheftan aðgang að sjúkraskrám.

En hver einstaklingur á bæði sérhagsmuna og almennra hagsmuna að gæta. Hinir almennu hagsmunir einstaklings felast í því að heilsufarsupplýsingar séu nýttar til þess að auka gæði læknisþjónustu honum og hans til hagsbóta.

Vörslumanni heilsufarsupplýsinga er óheimilt að láta þær af hendi nema það sé gert í þágu sjúklingsins eða til vísindarannsókna og þá því aðeins að sérhagsmunir sjúklingsins séu tryggðir og trúnaður við hann sé virtur. Viðtakandi trúnaðarupplýsinga skal hafa *skilgreinda þörf* fyrir upplýsingarnar annaðhvort í þágu sjúklingsins eða til vísindarannsókna sem samþykktar hafa verið af viðeigandi eftirlitsaðilum, svo sem siða- og tölvunefndum. Þessum skilyrðum verður aldrei fullnægt á viðundandi hátt ef flytja á upplýsingarnar í afleiddan miðlægan gagnagrunn án þess að skilgreina áður að fullu á hvern hátt þær skuli nýttar.

Hingað til hefur oftast verið litið svo á að einstaklingum sé heimilt að miðla eigin heilsufarsupplýsingum að vild, en með tilkomu upplýsinga um erfðamengi sjúklinga skapast ný viðhorf því sjúklingur sem miðlar upplýsingum um erfðamengi sitt miðlar jafnframt upplýsingum um erfðamengi ættingja sinna. Þessi nýju viðhorf kalla á hertar reglur um miðlun slíkra upplýsinga og bætt eftirlit.

Réttindi sjúklinga.

Á síðustu árum hefur verið gerð ófrávíkjanleg krafa um að sjúklingar gefi upplýst samþykki (informed consent) þegar þeir, eða gögn upprunnin frá þeim, eru notuð í framsæjar (prospective) vísindarannsóknir. Ef um aftursæjar (retrospective) rannsóknir er að ræða er heimilt að framkvæma þær án slíks samþykkis ef öflun þess er illframkvæmanleg. Þá er ófrávíkjanlegt skilyrði að rannsóknirnar séu gerðar undir eftirliti viðeigandi eftirlitsaðila og skaði ekki á nokkurn hátt hagsmuni sjúklinganna.

Með upplýstu samþykki er átt við að sjúklingnum sé gerð full grein fyrir öllum atriðum er varða rannsóknina, þ.m.t. hugsanlegum ávinningi, áður en hann gefur samþykki sitt. Ef upplýsingar eru fluttar í miðlægan afleiddan gagnagrunn til framtíðargeymslu eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi heilbrigðisráðherra verður samþykki sjúklings ekki „upplýst“ vegna þess að ekki liggur fyrir til hvers nota á upplýsingarnar þegar flutningur í gagnagrunninn fer fram.

Miðlægur afleiddur gagnagrunnur á heilbrigðissviði.

Við fyrstu sýn virðist vera ávinningur að miðlægum afleiddum gagnagrunni heilsufarsupplýsinga. Við nánari athugun koma þó í ljós alvarlegir gallar á slíku fyrirkomulagi og í nýsamþykktri stefnumótun heilbrigðisráðuneytisins í upplýsinga- og tölvumálum er lagst gegn þeirri skipan. Þar er ákveðið að upplýsingar skuli geymdar á þeim stað sem þær verða til. Rökin eru margvísleg og skulu nokkur atriði rakin hér á eftir:

a. *Gæði gagna.* Töluvert er um að villur slæðist inn í gagnagrunna sem heilsufarsupplýsingar eru settar í jafnóðum og þær verða til. Því þarf stöðugt að leiðrétta og breyta upplýsingum sem þar eru, jafnvel löngu eftir að þær eru skráðar. Slíkar leiðréttingar eru tiltölulega auðveldar meðan upplýsingarnar eru í vörslu þess sem aflaði þeirra en ef þeim hefur verið dreift þarf að senda leiðréttingar þangað sem upplýsingarnar hafa verið sendar. Því þarf að hafa eftirfarandi meginreglu í heiðri. Ef aðili A aflar upplýsinga og

miðlar þeim til aðila B er mikilvægt að ef aðili C þarf einnig á sömu upplýsingum að halda þá fái hann þær frá A en ekki B. Slíkt fyrirkomulag tryggir best að rangar upplýsingar fari ekki „á flot“ í gagnagrunnum þar sem erfitt er að koma við leiðréttingum. Fyrst þegar farið var að safna upplýsingum um fjárhag einstaklinga og fyrirtækja í rafræna gagnagrunna urðu margir fyrir alvarlegum skaða þegar upplýsingar fóru „á flot“ í gagnagrunnum sem erfitt var að ná til. Gæði gagnanna er því mest meðan þau eru í vörslu þess aðila sem aflaði þeirra í upphafi.

b. *Túlkun upplýsinga.* Í tímans rás breytast nafngiftir, skilgreiningar og skráningarkóðar. Erfitt getur reynst síðar meir að vita hvaða skilgreining var notuð eða hvenær breytingar voru gerðar, nema með hjálp þess sem skráði upplýsingarnar. Erfitt getur reynst að meta áhrif slíkra breytinga nema með aðstoð sérfræðings á viðkomandi sviði og þá helst þess eða þeirra sem öfluðu gagnanna. Túlkun gagna er því nákvæmust þegar hún fer fram með fulltingi þeirra sem öfluðu þeirra.

c. *Öryggi gagna.* Þegar rætt er um öryggi gagna koma eftirfarandi atriði helst til álita: Gæði gagnanna, óvarleg meðferð starfsmanna á upplýsingum, hugsanleg innbrot í gagnagrunninn og tiltrú manna á öryggi upplýsinganna. Raunverulegir hagsmunir sjúklinganna eru helst háðir gæðum gagnanna. Rangar upplýsingar eru líklegri til að skaða sjúklinginn en leki á trúnaðarupplýsingum. Atriði er varða gæðin hafa nokkuð verið rædd hér að framan. Óvarleg meðferð einstakra starfsmanna gæti verið vandamál sem þyrfti að glíma við en raunveruleg hætta á skaða vegna innbrots í gagnagrunn er líklega lítil. Líkur á skaða vegna óvarlegrar meðferðar starfsfólks eða innbrots verða meiri ef „öllum“ upplýsingum er safnað á einn stað en ef þær eru geymdar í mörgum gagnagrunnum. Raunverulegir hagsmunir sjúklinga eru einnig háðir tiltrú þeirra á öryggi upplýsinga. Sjúklingar eru líklegir til að leyna mikilvægum upplýsingum og jafnvel segja ósatt ef tiltrú þeirra er skert. Ef um trúnaðarbrest verður að ræða er skaðinn einnig mun meiri ef um er að ræða miðlægan gagnagrunn með „allar“ heilsufarsupplýsingar „allra“ en ef um er að tefla einn af mörgum gagnagrunnum með takmarkað magn upplýsinga.

Tiltrú heilbrigðisstarfsmanna á öryggi gagnanna er einnig afar mikilvæg. Tiltrúin er líkleg til að vera meiri ef gagnagrunnurinn er geymdur á stofnun þar sem upplýsinganna er aflað en ef þær eru sendar í gagnagrunn sem stofnunin hefur ekkert vald yfir. Læknir sem biður sjúkling um viðkvæmar trúnaðarupplýsingar verður að geta gert grein fyrir hvar upplýsingarnar verða geymdar og hvernig og hvenær þeim verður miðlað. Ef læknirinn efast um öryggi gagnagrunns ber honum skylda til að koma í veg fyrir skráningu í hann. Einfaldur lagatexti frumvarpsins leysir lækninn ekki undan þessari skyldu. Ætla má að öryggi gagna og tiltrú á öryggi gagna rýrni við skráningu í miðlægan gagnagrunn.

d. *Dulkóðun heilsufarsupplýsinga.* Venja er að láta auðkenni sjúklings, svo sem nafn, nafnnúmer, heimilisfang eða kennitölu, fylgja öllum heilsufarsupplýsingum. Þetta er gert til þess að tryggja að upplýsingar eða leiðréttingar á upplýsingum tengist örugglega réttum einstaklingi. Reynt er að hafa auðkennin a.m.k. tvö til þess að auðvelda villuleit. Helstu undantekningar eru þegar viðkvæmar upplýsingar, svo sem um geðsjúkdóma eða kynsjúkdóma, eru sendar milli aðila. Þá er oft gripið til dulkóðunar. Gæta verður mikillar varkárni svo upplýsingar tengist ekki röngum einstaklingi því mörg dæmi eru um slík mistök. Dulkóðun er aftur á móti næsta haldlítil ef „allar“ heilsufarsupplýsingar eru í viðkomandi skrá vegna þess hve auðvelt getur verið að þekkja einstakling á öðrum upplýsingum en auðkenni. Einnig er grunnur eða „formúla“ kóðans í hættu þegar nokkrir einstaklingar í gagnasafninu eru þekktir. Öryggi dulkóðans minnkar í réttu hlutfalli við magn þeirra upplýsinga sem tengjast honum og fjölda þeirra tilvika sem

hann er notaður. Dulkóðun kemur því aðeins að góðu haldi að um takmarkað magn upplýsinga sé að ræða og að kóðanum sé breytt við hverja keyrslu eða færslu. Dulkóðar gagnast illa til þess að fela auðkenni í miðlægum gagnagrunni en nýtast mun betur við samkeyrslu takmarkaðs magns upplýsinga úr dreifðum gagnagrunnum.

e. *Trúnaður.* Skilgreining á trúnaðarupplýsingum felur í sér að aðeins takmarkaður fjöldi einstaklinga á rétt á aðgangi að þeim (the right to know) og að aðgangurinn er bundinn við skilgreinda þörf á aðgangi (the need to know). Í þessu felst að það mun alltaf orka tvímælis að heimila vörslumönnum trúnaðarupplýsinga að skrá þær í miðlægan gagnagrunn án þess að þörfin sé skilgreind í hverju einstöku tilfelli fyrir sig. Af þessu leiðir að tryggast er að geyma upplýsingar á þeim stað sem þær urðu til á, þar til að þær verða notaðar í ákveðnum skilgreindum tilgangi.

f. *Kostnaður.* Gera verður ráð fyrir að geymslu- og viðhaldskostnaður aukist verulega við það að öll gögn og öryggisafrit af þeim eru geymd á tveim stöðum í stað eins. Skráning „allra" heilsufarsupplýsinga í miðlægan gagnagrunn veldur því umtalsverðum aukakostnaði.

Meðal annars af þeim ástæðum sem raktar hafa verið hér að framan sést að söfnun heilsufarsupplýsinga í miðlægan afleiddan gagnagrunn til frambúðargeymslu rýrir gæði og öryggi upplýsinganna og veldur auknum kostnaði.

Kostnaður.

Í athugasemdum með frumvarpi heilbrigðisráðherra segir: „Ljóst er að verulegur kostnaður er samfara smíði gagnagrunns af því tagi sem hér um ræðir. Óraunhæft er að nefna einhverja ákveðna fjárhæð í því sambandi en nefndar hafa verið tölur allt frá 3–4 milljörðum króna til 12 milljarða króna." Síðar hafa verið nefndar tölur á bilinu 10–20 milljarðar króna. Engar raunhæfar kostnaðaráætlanir liggja fyrir og því er lítið vitað um raunverulegan kostnað. Kostnaður við miðlæga úrvinnslu heilbrigðisgagna eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi yrði þó væntanlega minni en ef farin yrði sú leið sem gert er ráð fyrir í frumvarpi heilbrigðisráðherra.

Í athugasemdum með frumvarpi heilbrigðisráðherra segir einnig: „Á undanförnum árum hefur talsvert verið unnið að þróun hugbúnaðar fyrir heilbrigðiskerfið hér á landi og á sl. ári var samþykkt stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins (heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, rit 1 1997). Þar er gert ráð fyrir að byggt verði upp samhæft upplýsingakerfi fyrir heilbrigðisstofnanir. Fyrir liggur að framkvæmd af því tagi yrði gífurlega kostnaðarsöm og ekki fyrirsjáanlegt að af henni geti orðið á næstu árum, nema til komi fjármögnun einkaaðila." Þetta er einkennileg fullyrðing svo ekki sé meira sagt. Í fyrsta lagi er augljóst að slík upplýsingavæðing verður aldrei fjármögnuð af einkaaðila nema hann hagnist á aðgangi að gögnum heilbrigðiskerfisins og vandséð hvers vegna heilbrigðiskerfið getur ekki komið gögnum sínum í verð sjálft. Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að einkaaðilar geti haft aðgang að þessum upplýsingakerfum og að eðlileg greiðsla komi fyrir slíkt aðgengi.

Í öðru lagi er tölvuvæðing heilbrigðiskerfisins óhjákvæmileg af tveimur ástæðum:

Tölvuvæðingin mun auka gæði og öryggi gagna verulega og hún mun einnig valda umtalsverðri hagræðingu. Nú fer stór hluti af vinnutíma heilbrigðisstarfsfólks í öflun, miðlun og aðra umsýslu með skrifleg gögn. Ætla má að tölvuvæðing muni spara fjárhæðir sem geri meira en að vega upp á móti þeim kostnaði sem af henni hlýst.

Pappírslaus samskipti og skilvirkni og traustari upplýsingamiðlun innan heilbrigðiskerfisins mun spara verulegan tíma og kostnað innan kerfisins. Telja ýmsir að sparnaður af þeim sökum geti hlaupið á milljörðum króna árlega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um það markmið laganna að heimila miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og gerð og starfrækslu tímabundinna miðlægra gagnagrunna með dulkóðuðum heilsufarsupplýsingum. Með því að koma upp öflugum miðlægum tölvubúnaði, sem starfræktur væri undir eftirliti heilbrigðisyfirvalda, mætti nýta þá fjármuni sem renna til heilbrigðismála á markvissari hátt en ella og tryggja betri og öruggari úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og bæta eftirlit með slíkri starfsemi.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna. Lögin taka til allra tilvika þar sem um er að ræða miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og samkeyrslu gagna úr hinum ýmsu gagnagrunnum heilbrigðiskerfisins. Ekki er gerður greinarmunur á starfsemi opinberra aðila og einkaaðila enda ættu kröfur um trúnað og öryggi að vera hinar sömu. Gert er ráð að slík starfsemi fari eingöngu fram á grundvelli rekstrarleyfis sem heilbrigðisráðherra veitir skv. 5. gr.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á meginhugtökum laganna.

Um 1. tölul.

Hugtakið gagnagrunnur á heilbrigðissviði tekur til gagnasafna sem hafa að geyma heilsufarsupplýsingar og aðrar upplýsingar þeim tengdar sem skráðar eru kerfisbundið. Með öðrum upplýsingum tengdum heilsufarsupplýsingum er t.d. átt við ýmsar lýðfræðilegar upplýsingar sem notaðar eru til að greina og túlka heilsufarsupplýsingar, svo og upplýsingar um kostnað í heilbrigðisþjónustu.

Um 2. tölul.

Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

Um 3. tölul.

Með afleiddum gagnagrunni er átt við gagnagrunn sem er settur saman úr tilteknum upplýsingum sem koma úr öðrum sjálfstæðum gagnagrunnum.

Um 4. og 5. tölul.

Liðirnir þarfnast ekki skýringa.

Um 6. tölul.

Skilgreining á heilsufarsupplýsingum í lögum þessum er í samræmi við skilgreiningu samþykktar Evrópuráðsins nr. R(97)5.

Um 7. tölul.

Við skilgreiningu á hugtakinu erfðafræðilegar upplýsingar er byggt á skilgreiningu á hugtakinu í áðurnefndri samþykkt Evrópuráðsins.

Um 4. gr.

Til að hagnýting heilsufarsupplýsinga verði hagkvæm er æskilegt að allar upplýsingar verði skráðar á stöðluðu formi í samræmda rafræna gagnagrunna.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. mgr. verður miðlæg úrvinnsla heilbrigðisgagna og gerð og starfræksla gagnagrunna á heilbrigðissviði í þeim tilgangi einungis heimil þeim sem fengið hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögunum. Allir þeir sem uppfylla skilyrði laganna geta fengið leyfi til rekstrar tímabundinna miðlægra gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að ráðherra veiti rekstrarleyfi að fengnu áliti tölvu- og vísindasiðanefndar, sem og nefndar um starfrækslu gagnagrunns, sbr. 7. gr. Heimild rekstrarleyfishafa til þess að fá upplýsingar verður þó eftir sem áður háð því að hann fylgi þeim skilyrðum sem tölvunefnd setur og samþykki viðkomandi vörslumanns. Nánar er kveðið á um skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfis í öðrum ákvæðum laganna, einkum 6. gr.

Í 4. mgr. kemur fram að rekstrarleyfishafi skuli greiða gjald fyrir veitingu leyfis skv. 5. gr. til þess að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess. Árlega verði ákvarðað gjald til að standa undir kostnaði vegna nefnda sem starfa skv. 7. og 10. gr. og öðrum kostnaði vegna þjónustu og eftirlits með starfsemi rekstrarleyfishafa og eftirlits tölvunefndar. Gert er ráð fyrir að gjaldtakan ár hvert verði einkum byggð á kostnaðaráætlun nefnda skv. 7. og 10. gr. Fyrsta starfsárið yrði að áætla kostnað við undirbúning við útgáfu leyfis og annað starf varðandi viðkomandi gagnagrunn. Mikils af þeim upplýsingum sem eru í vörslu heilbrigðiskerfisins hefur verið aflað með miklum tilkostnaði. Því er eðlilegt að heilbrigðisráðherra geti ákveðið að gjald komi fyrir nýtingu upplýsinga sem fást með miðlægri úrvinnslu heilsufarsupplýsinga. Jafnvel má gera ráð fyrir að slík gjaldtaka verði reiknuð sem hlutdeild í arði starfsleyfishafa af starfseminni.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. eru sett ýmis skilyrði fyrir því að aðili geti fengið rekstrarleyfi. Í 1. tölul. er það gert að skilyrði að gagnagrunnurinn verði alfarið staðsettur hér á landi. Í því felst að ekki væri heimilt að veita rekstrarleyfi aðila sem hygðist flytja þær upplýsingar sem hann safnaði eða fengi aðgang að í gagnagrunn sem gerður yrði og starfræktur erlendis. Er þetta skilyrði sett til að hægt verði að koma við fullnægjandi eftirliti íslenskra stjórnvalda. Í 2. tölul. er kveðið á um að liggja þurfi fyrir tækni-, öryggis- og skipulagslýsing sem uppfyllir kröfur tölvunefndar. Í 3. tölul. er það skilyrði sett að þessi vinna sé framkvæmd og henni stjórnað af fólki með starfsréttindi á sviði heilbrigðisþjónustu. Er þetta í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar samþykktar Evrópuráðsins nr. R(97)5. Fer það síðan eftir eðli einstakra þátta úrvinnslunnar hvers konar sérmenntunar er þörf í hverju tilviki. Tilgangurinn er að tryggja sem best að kunnáttusamlega sé staðið að kerfisbundinni skráningu og úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og að fyllsta trúnaðar sé gætt. Í 4. tölul. er kveðið á um að liggja skuli fyrir ítarlegar upplýsingar um starfssvið og verkefni rekstrarleyfishafa. Er talið nauðsynlegt að slíkar upplýsingar liggi fyrir áður en rekstrarleyfi er veitt. Í 5. tölul. er sett það skilyrði að fyrir liggi ítarleg verkáætlun rekstrarleyfishafa sem að mati ráðherra uppfyllir skilyrði um verktilhögun og verkframvindu þannig að ljóst sé hvort áætlanir samrýmast markmiðum laganna. Í 7. tölul. er loks kveðið á um það skilyrði að rekstrarleyfishafi kosti nauðsynlega úrvinnslu upplýsinga fyrir flutning í gagnagrunna til miðlægrar úrvinnslu með þeim hætti að hún uppfylli jafnframt þarfir viðkomandi stofnunar fyrir samræmt upplýsingakerfi og þarfir heilbrigðisráðuneytisins og landlæknis.

Um 7. gr.

Lagt er til að skipuð verði sérstök nefnd til að hafa umsjón með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði fyrir hönd ráðherra. Talið er nauðsynlegt að slík nefnd starfi

við umsjón og eftirlit með starfseminni sem gæti orðið umtalsverð. Nefndinni er ekki ætlað að taka við lögbundnu hlutverki annarra eftirlitsaðila, svo sem tölvunefndar, vísindasiðanefndar eða landlæknis.

Nefndinni er ætlað að hafa eftirlit með daglegri starfsemi gagnagrunnsins. Gert er ráð fyrir að hún hafi umsjón með gerð samninga við vörslumenn upplýsinga, m.a. hvað varðar gerð hugbúnaðar sem notaður verður við samræmda skráningu hjá þessum aðilum. Mikilvægt er að vandað verði til þeirrar skráningar þannig að hún nýtist heilbrigðisstofnunum, heilbrigðisyfirvöldum og vísindamönnum sem stunda rannsóknir á heilbrigðissviði. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi náið samstarf við tölvunefnd. Þá er gert ráð fyrir að nefndin geri ráðherra og tölvunefnd þegar viðvart ef vart verður við misfellur í starfrækslu gagnagrunnsins, svo sem ef skilyrðum sem kveðið er á um í rekstrarleyfi er ekki fylgt eða upp koma önnur atriði sem þykja að mati nefndarinnar athugaverð. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um starfsemina fyrir 1. mars ár hvert. Nefndinni skal útveguð starfsaðstaða í samræmi við umfang starfs hennar á hverjum tíma en gera má ráð fyrir að það verði mest í upphafi en minnki síðan þegar starfsemin er hafin að fullu. Þá er kveðið á um að nefndin afli sér sérfræðiaðstoðar eftir því sem þurfa þykir. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi nefndina án tilnefningar, en gerð er sú krafa að nefndarmenn uppfylli tiltekin skilyrði um menntun. Tilgangur þess er að tryggja að innan nefndarinnar sé fyrir hendi þekking sem nauðsynleg er talin vegna verkefna nefndarinnar. Þar sem aðeins er um að ræða þrjá einstaklinga er gert ráð fyrir að nefndin þurfi að afla sér sérfræðiaðstoðar.

Um 8. gr.

Í 8. gr. segir að rekstrarleyfishafa sé heimilt, að fengnu samþykki viðeigandi heilbrigðisstarfsmanna og stjórnar heilbrigðisstofnunar, að fá til flutnings í gagnagrunn upplýsingar úr sjúkraskrám eða aðrar heilsufarsupplýsingar. Með öðrum heilsufarsupplýsingum er m.a. átt við niðurstöður vísindarannsókna sem ekki eru hluti af einstökum sjúkraskrám. Þá er kveðið á um að við meðferð skráa og annarra gagna og upplýsinga skuli fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Jafnframt er það skilyrði sett að upplýsingar þær sem um ræðir skuli dulkóðaðar fyrir flutning í gagnagrunninn. Í gildandi lögum er meginreglan sú að aðeins læknar geta heimilað aðgang að sjúkraskrám án undangengins dómsúrskurðar. Í frumvarpsdrögum heilbrigðisráðherra er gert ráð fyrir að veita stjórnum heilbrigðisstofnana slíka heimild þegar um er að ræða flutning í miðlægan gagnagrunn. Slík grundvallarbreyting á ábyrgð á öryggi heilsufarsupplýsinga er óráðleg án nánari umfjöllunar og undanfarandi breytinga á öðrum viðeigandi lögum. Hér er því gert ráð fyrir að samþykki vörslumanna þurfi einnig til flutnings gagna í afleiddan miðlægan gagnagrunn.

Þá er sérstaklega tekið fram að starfsmenn viðkomandi vörslumanna skuli búa upplýsingarnar til miðlægrar úrvinnslu. Mikilvægt er að tryggja þannig að starfsmenn rekstrarleyfishafa fjalli ekki á neinu stigi um persónutengdar upplýsingar. Þá verður ekki heimilt að flytja óstaðlaðar sjúkrasögur (endursögn frásagna sjúklinga) í miðlæga gagnagrunna. Slíkar sjúkrasögur geta gert sjúklinga auðþekkjanlega og dulkóðun þannig gagnslausa, auk þess sem slíkar upplýsingar eru gagnslitlar við miðlæga úrvinnslu því að hún kallar á staðlaðar upplýsingar. Þess vegna er gert ráð fyrir að ef nota á upplýsingar úr sjúkrasögum í miðlægum gagnagrunni þurfi fyrst að staðla þær í frumgagnagrunninum.

Eins og fram kemur í 4. mgr. skal vinnsla upplýsinga úr sjúkraskrám og annar undirbúningur fyrir flutning unninn af starfsmönnum viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Hins vegar er gert ráð fyrir að tölvunefnd sjái um að upplýsingarnar verði dulkóðaðar. Samkvæmt ákvæði 5. mgr. skal rekstrarleyfishafi greiða allan kostnað vegna fyrrgreindrar vinnu, þ.m.t. nauð-

synlegan tölvubúnað og launakostnað, samkvæmt nánari ákvæðum í samningi aðila. Um aðgang rekstrarleyfishafa að öðru leyti fer samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Það mundi t.d. eiga við um upplýsingar tengdar heilsufarsupplýsingum, svo sem ættfræðiupplýsingar eða upplýsingar um kostnað í heilbrigðisþjónustu. Vegna samtengingarheimildar væri aðgangur að ættfræðiupplýsingum til flutnings í gagnagrunn háður leyfi tölvunefndar. Fyrir skráningu í gagnagrunn bæri að dulkóða þær upplýsingar sem hér um ræðir. Ekki yrði heimilt að tengja slíkar upplýsingar heilsufarsupplýsingum í gagnagrunni, nema persónuvernd væri nægilega tryggð að mati tölvunefndar.

Loks er áréttað í 6. mgr. að aðgangur annarra en rekstrarleyfishafa verður óbreyttur. Um hann gilda eftir sem áður lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, læknalög, nr. 53/1988, og lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að sjúklingur geti óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki skráðar í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Skylt er að verða við beiðni sjúklings og leggja athugasemd þess efnis í sjúkraskrá hans.

Í 2. mgr. er ákvæði, hliðstætt ákvæði 11. gr. laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, en kveðið er á um að ákvæði 1. mgr. taki ekki til upplýsinga sem nauðsynlegar eru við gerð heilbrigðisskýrslna og aðra tölfræðilega skráningu heilbrigðisyfirvalda. Í þeim tilvikum yrðu upplýsingar ekki einungis dulkóðaðar heldur endanlega aftengdar persónuupplýsingum fyrir flutning þannig að ekki yrði hægt að tengja þær við viðkomandi einstakling með notkun greiningarlykils. Talið er nauðsynlegt að kveða á um slíka undanþágu þannig að upplýsingar úr gagnagrunninum sem heilbrigðisyfirvöld byggja m.a. heilbrigðisskýrslur á séu fyllilega marktækar, t.d. varðandi fjölda tilvika tiltekinna sjúkdóma sem upp koma á ári hverju. Sem dæmi má nefna að mikilvægt getur verið að halda nákvæma skrá yfir skæða smitsjúkdóma sem upp kunna að koma.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er fjallað um aðgengi að upplýsingum í miðlægum gagnagrunnum á heilbrigðissviði. Annars vegar er kveðið á um það að heilbrigðisyfirvöld eigi ætíð rétt á upplýsingum úr gagnagrunninum vegna verkefna sinna, sbr. 6. tölul. 6. gr. Hér er bæði átt við grunnupplýsingar og afleiddar upplýsingar. Gert er ráð fyrir að þær verði veittar án ástæðulausrar tafar og í því formi sem heilbrigðisyfirvöld þurfa vegna verkefna sinna. Þá er tekið fram að upplýsingarnar skuli veittar án endurgjalds. Hins vegar er kveðið á um að skipuð verði nefnd um aðgengi vísindamanna að upplýsingum úr grunninum. Nefndinni er heimilt að veita vísindamönnum sem starfa hjá þeim aðilum sem vinna upplýsingar í gagnagrunn á heilbrigðissviði aðgengi að upplýsingum úr grunninum til notkunar í vísindarannsóknum, nema nefndin telji fyrirsjáanlegt að viðkomandi rannsókn skarist við hagsmuni rekstrarleyfishafa eða annarra. Viðkomandi vísindamenn skulu einungis greiða viðbótarkostnað við að vinna þær afmörkuðu spurningar sem umsókn varða.

Rétt er að undirstrika að aðgangur að þeim upplýsingum sem skráðar eru á einstökum stofnunum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum verður óbreyttur þannig að vísindamenn geta eftir sem áður fengið aðgang að þeim vegna vísindarannsókna samkvæmt þeim reglum sem um slíkan aðgang gilda.

Gert er ráð fyrir að nefndin verði skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af læknadeild Háskóla Íslands, einum af vísindasiðanefnd og einum sem heilbrigðisráðherra skipar án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Starf nefndarinnar skal kostað af gjaldi sem rekstrarleyfishafi greiðir skv. 5. mgr. 5. gr.

Nánar skal kveðið á um starfsemi nefndarinnar í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 18. gr.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild starfsleyfishafa til vinnslu þeirra upplýsinga sem skráðar eru í gagnagrunn á heilbrigðissviði, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu að ekki sé unnt að tengja upplýsingarnar persónugreinanlegum einstaklingum nema með notkun greiningarlykils.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig nýta megi upplýsingar úr gagnagrunninum. Í 3. mgr. kemur fram að rekstrarleyfishafa sé á leyfistíma heimil fjárhagsleg nýting gagnagrunnsins með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum, reglugerðum og rekstrarleyfi. Í 4. mgr. er ítrekað að gagnagrunninn megi ekki flytja úr landi og úrvinnsla úr honum megi einungis fara fram hér á landi. Um þetta vísast til athugasemdar við 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar er byggt á ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að tölvunefnd hafi eftirlit með framkvæmd laganna að því er varðar vernd persónuupplýsinga. Þannig taki tölvunefnd ákvörðun um framkvæmd skráningar og starfsemi gagnagrunnsins að því leyti sem það heyrir undir lögbundið hlutverk hennar. Þá skal tölvunefnd annast eftirlit með því að þeim skilmálum sem hún setur varðandi starfsemi gagnagrunnsins sé fylgt.

Í 2. mgr. er einnig gert ráð fyrir að nefnd um starfrækslu gagnagrunns sem kveðið er á um í 7. gr. skuli hafa umsjón með að við starfsemi gagnagrunnsins sé í hvívetna fylgt fyrirmælum samkvæmt lögunum og reglugerðum sem settar verða á grundvelli þeirra og skilyrðum í rekstrarleyfi. Lögð er áhersla á að nefndinni er ætlað að styðja tölvunefnd í hennar starfi en hún á hvorki að hafa eftirlit með þeim þáttum í starfsemi gagnagrunns sem undir tölvunefnd heyra né skilmálum tölvunefndar. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi náið samstarf við tölvunefnd og nýti sér í starfi sínu þá sérþekkingu og reynslu sem tölvunefnd býr yfir.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um heimild ráðherra til að afturkalla leyfi ef brotið er gegn ákvæðum laganna eða skilyrðum leyfis er ekki fullnægt. Áður en rekstrarleyfi er afturkallað skal ráðherra þó veita leyfishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sé um að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi getur ráðherra þó afturkallað leyfi án þess að gefa aðvörun eða veita frest til úrbóta.

Um 15.–19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

106. Frumvarp til laga [106. mál]

um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðin „og ungmennum“ í 1. málsl. 1. mgr. og „eða ungmenni“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað 4. málsl. 1. mgr. koma tveir málsliðir sem orðast svo: Skal barnaverndarstarfi hagað þannig að það stuðli að stöðugleika í uppvexti barna. Börn skulu njóta réttinda í samræmi við vaxandi aldur og þroska.
c. 2. mgr. orðast svo:
   Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 18 ára aldurs.

2. gr.

Orðin „og ungmennum“ í 2. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „og ungmenni“ og „og ungmenna“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „og ungmennum“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og ungmenna“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
c. Orðin „eða ungmennis“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.

5. gr.

Orðin „og ungmennum“ í 2. málsl. 5. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 3. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 3. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „og ungmenna“ og „eða ungmenna“ í 1. mgr. og „og ungmenna“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.*

9. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 1. og 2. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

11. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 4. málsl. 17. gr. laganna falla brott.

12. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í b-lið 1. mgr. og „eða ungmenna“ í 1. málsl. 2. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

13. gr.

Orðin „og ungmenni“ í 1. málsl. 20. gr. laganna falla brott.

14. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. og c-lið 1. mgr. 21. gr. laganna falla brott.

15. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir er barnaverndarnefnd heimilt í samráði við foreldra að vista barn til meðferðar og rannsóknar á viðeigandi stofnun eða heimili. Vistun skal ávallt vera tímabundin og eigi standa lengur en þörf krefur. Hún skal sæta endurskoðun eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Ef vistun er gegn vilja barns sem orðið er 12 ára skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta og rétt er að gefa barni undir 12 ára aldri kost á að tjá sig með sama hætti ef það þykir hafa aldur og þroska til eða óski barnið þess, sbr. 43. gr. a.

c. 3. mgr. fellur brott.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skylda barnaverndarnefndar við börn í hættu vegna eigin hegðunar.*

16. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 46. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 43. gr. a.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skylda barnaverndarnefndar við barn sem verður fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum.*

17. gr.

Í stað orðanna „sbr. 2. mgr. 27. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984“ í 1. málsl. 26. gr. laganna kemur: samkvæmt ákvæðum lögræðislaga.

18. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: 18 ára.

19. gr.

Orðin „eða ungmenni“ og „eða ungmenninu“ í 1. málsl. 28. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart einstökum börnum og fjölskyldum þeirra.**

21. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. og „og ungmenna“ í 2. mgr. 32. gr. laganna falla brott.

22. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 37. gr. laganna falla brott.

23. gr.

Orðin „eða ungmennis“ hvarvetna í 43. gr. laganna falla brott.

24. gr.

Við lögin bætist ný grein, 43. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttindi barns við málsmeðferð.

Veita ber barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn máls, allt í samræmi við aldur og þroska barnsins.

Ávallt skal veita barni 12 ára og eldra kost á að tjá sig um mál.

Barnaverndarnefnd ber að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess ef þörf krefur.

25. gr.

Orðið „ungmennum“ í 1. málsl. 1. mgr. 45. gr. laganna fellur brott.

26. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmennis“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað 2. og 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Um réttindi barns við málsmeðferð gilda ákvæði 43. gr. a.

27. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. Orðin „eða unglinga“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „fyrir unglinga“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fyrir börn.
c. Orðin „og ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr., „og ungmenni“ í 4. mgr. og „og ungmennum“ í 5. mgr. falla brott.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Heimili fyrir börn.*

28. gr.

Orðin „og ungmenni“ í 2. mgr. 53. gr. laganna falla brott.

29. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. og „og ungmenna“ í 2. málsl. 54. gr. laganna falla brott.

30. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 1. málsl. og „eða ungmennum“ í 2. málsl. 55. gr. laganna falla brott.

31. gr.

Í stað orðsins „ungmennum“ í 1. málsl. 56. gr. laganna kemur: börnum.

32. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 58. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmennum“ í 1. málsl. 2. mgr. og 4. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „Ungmenni“ í 3. mgr. kemur: Börn.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Aðgangur barna að dansleikjum og öðrum skemmtunum.*

33. gr.

Orðin „eða ungmennis“ í 60. gr. laganna falla brott.

34. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 61.–66. gr. laganna falla brott.

35. gr.

Heiti laganna verður: **Barnaverndarlög.**

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu lög nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995, halda gildi sínu gagnvart ungmennum, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra laga, sem fædd eru fyrir 1. janúar 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 1. janúar 1998 tóku gildi ný lögræðislög, nr. 71/1997, þar sem sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Sú breyting kallar á breytingar á ákvæðum gildandi laga um vernd barna og ungmenna og hefur frumvarpið að geyma nauðsynlegustu breytingar sem gera þarf vegna hækkunar sjálfræðisaldurs barna. Félagsmálaráðuneytið hefur jafnframt skipað nefnd til að endurskoða lögin í heild sinni og við þá endurskoðun verður unnið að frekari æskilegum breytingum eftir því sem við á.

Núgildandi lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995, hafa að geyma skilgreiningu á börnum og ungmennum í 2. mgr. 1. gr. laganna sem er svohljóðandi:

„Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru einstaklingar 16–18 ára.“

Lögin gera nokkurn greinarmun á ákvæðum sem gilda um börn annars vegar og ungmenni hins vegar, m.a. með tilliti til þess að foreldrar fóru einungis með forsjá barna til 16 ára aldurs. Nauðsynlegt þykir að fella hugtakið ungmenni úr lögunum og að í staðinn komi alls staðar hugtakið barn. Með börnum er þá átt við einstaklinga innan 18 ára aldurs. Ef til vill kallar þessi breyting á að upp verði velt nýjum hugmyndum um hugtakanotkun því að orkað getur tvímælis að það falli að eðlilegri málvitund að nota hugtakið barn yfir unglinga allt að 18 ára aldri. Svo er þó gert í barnalögum, nr. 20/1992, og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og til að gæta samræmis í notkun hugtaka er svo einnig gert hér.

Með þessari breytingu, sem lögð er til í frumvarpinu, munu barnaverndarlögin gilda með sama hætti fyrir alla einstaklinga að 18 ára aldri. Þar sem eðli máls samkvæmt má gera ráð fyrir miklum mun á þroska einstaklinga í þessum hópi er í frumvarpinu lagt til að reiknað verði með ríkari þátttöku eldri barna í ákvörðunum um eigin mál en þegar um yngri börn er að ræða. Í markmiðsgrein frumvarpsins er m.a. lagt til að barn skuli njóta réttinda í samræmi við vaxandi aldur og þroska. Þetta orðalag er fengið úr samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 5. og 12. gr. hans:

„Aðildarríki skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra, eða eftir því sem við á þeirra sem tilheyra stórfjölskyldu eða samfélagi samkvæmt staðbundnum venjum, eða lögráðamanna eða annarra sem að lögum eru ábyrgir fyrir barni, til að veita því tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess er það beitir réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum."

„1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska."

Samningurinn gerir þannig ráð fyrir að börn hafi ríkari rétt og ábyrgð með vaxandi þroska án þess að það sé bundið ákveðnu aldursári. Til að mæta þessu er lögð til breyting á ákvæði 1. mgr. 1. gr. laganna um markmið barnaverndar. Gera má ráð fyrir að þessi sjónarmið verði einnig höfð í huga við heildarendurskoðun laganna og muni hugsanlega hafa áhrif á lagatextann víðar að lokinni þeirri endurskoðun.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir breytingu á 22. gr. laganna. Í þeirri grein er fjallað um vistun barna sem stefna heilsu sinni og þroska í hættu með eigin hegðun. Umræða um úrræði til handa börnum á aldrinum 16–18 ára var sérstaklega áberandi í umfjöllun Alþingis um breytingu á lögræðislögum á vorþingi 1997. Í ljósi þess, og að breyttum lögræðislögum, þykir rétt að kveða í lögunum skýrar á um meðferð barna sem stefna heilsu sinni og þroska í hættu með hegðun sinni. Í lögum um vernd barna og ungmenna er einungis tekið á möguleikanum á að vista barn til skammtímavistunar eða rannsóknar í allt að fjórar vikur í senn. Hefur þó ætíð verið litið þannig á að í krafti forsjárvalds hafi foreldrar heimild til þess að samþykkja vistun til lengri tíma, enda er ljóst að fjögurra vikna vistun er í fæstum tilvikum nægileg til að veita barninu nauðsynlega meðferð. Búast má við að þetta ákvæði núgildandi laga komi, að breyttum lögræðislögum, helst til álita varðandi aldurshópinn 16–18 ára. Því er mikilvægt að það sé skýrara til að tryggja stöðu þessa aldurshóps.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir nýju ákvæði um réttindi barns í VIII. kafla um málsmeðferð. Samkvæmt núgildandi lögum er börnum einungis tryggður réttur til að tjá sig um mál ef um er að ræða vistun skv. 22. gr. eða úrskurð skv. 45. gr., sbr. 2. og 3. mgr. 46. gr. Er hér lögð til breyting til þess að tryggja hagsmuni barns betur með hliðsjón af 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þá má ætla að þörf barns fyrir talsmann aukist með aldri og með hliðsjón af breyttum sjálfræðisaldri þykir því nauðsynlegt að leggja þessu breytingu til nú. Ákvæðinu er ætlað að tryggja rétt barns til að tjá sig áður en tekin er

ákvörðun er varðar barnið, hvort sem ákvörðun er tekin í formi úrskurðar eða ekki. Einnig er lagt til að ákvæði núgildandi laga um skipan talsmanns verði rýmkað. Lagt er til að barnaverndarnefnd beri að eigin frumkvæði að skipa barni talsmann ef málsatvik eru með þeim hætti að þörf er á því að talsmaður tali máli barns, svo sem ef barn leitar sjálft ásjár barnaverndarnefndar. Af þessu ákvæði mun einnig leiða að barnaverndarnefnd ber að gæta þess að barn fái að tjá sig um það hvort skipa eigi því talsmann og að það beri að taka tillit til skoðana barnsins þar að lútandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að með börnum verði átt við einstaklinga innan 18 ára aldurs. Fallið er frá flokkun þessara einstaklinga í börn og ungmenni. Í samræmi við það er lagt til að orðið ungmenni verði fellt brott úr greininni. Þess í stað er tiltekið að börn eigi að njóta réttinda í samræmi við vaxandi aldur og þroska.

Um 2.–14. gr.

Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 1. gr. núgildandi laga er lagt til í greinunum að orðið ungmenni falli út í þeim myndum sem það kemur fyrir í 2.–21. gr. núgildandi laga um vernd barna og ungmenna, ásamt tengiorðum.

Um 15. gr.

Lögð er til breyting á 22. gr. laganna. Skv. 1. málsl. 2. mgr. greinarinnar er einungis tiltekinn möguleiki á að vista barn til skammtímameðferðar eða rannsóknar í allt að fjórar vikur í senn. Í framkvæmd hefur starfsemi heimila og stofnana á vegum ríkisins þar sem fer fram sérhæfð meðferð hins vegar miðast við lengri vistun en fjórar vikur. Hefur ætíð verið litið svo á að foreldrar hafi í krafti forsjárvalds síns heimild til þess að samþykkja vistun til lengri tíma enda ljóst að fjögurra vikna vistun er í fæstum tilvikum nægileg til að veita barninu nauðsynlega meðferð þegar við erfiðleika er að etja eins og lýst er í 1. mgr. 22. gr. Með hliðsjón af þeirri áherslu sem frumvarpið leggur á sjálfstæð réttindi barnsins í samræmi við vaxandi aldur þess og þroska, sbr. b-lið 2. gr. þess, verður að teljast ófullnægjandi að gera ráð fyrir að forsjárvald foreldra geti falið í sér sjálfsagða heimild til að framlengja vistun barns umfram þau mörk sem annars eru tilgreind í greininni svo sem tíðkast hefur fram til þessa. Óvissa í þessum efnum er jafnframt líklegri til að valda erfiðleikum í framkvæmd eftir því sem börnin eru eldri og þroskaðri eins og hækkun sjálfræðisaldurs felur í sér. Þess vegna er talið brýnt að taka af öll tvímæli um þetta atriði, en þó þannig að jafnframt sé tryggt að vistun standi eigi lengur en þörf krefur og sæti reglulegri endurskoðun, eða eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Þá er í greininni nokkuð hert á rétti barns til að tjá sig við ákvarðanir sem standa gegn vilja þess og er það í samræmi við fyrrnefndar áherslur. Enn fremur er 3. mgr. 22. gr. felld brott, enda á hún ekki við nú eftir breytingu lögræðislaga, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða með frumvarpinu.

Um 16. gr.

Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 1. gr. núgildandi laga er lagt til að orðið ungmenni í 23. gr. laganna verði fellt brott í þeim myndum sem það kemur þar fyrir í ásamt tengiorðum.

Um 17. gr.

Með hliðsjón af því að samþykkt hafa verið á Alþingi ný lögræðislög er lögð til breyting á vísun í lögræðislög í 26. gr. núgildandi laga um vernd barna og ungmenna.

Um 18. gr.

Með hliðsjón af breyttum sjálfræðisaldri er lagt til að í 27. gr. núgildandi laga verði miðað við 18 ára aldur í stað 16 ára.

Um 19.–23. gr.

Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 1. gr. núgildandi laga er lagt til að orðið ungmenni falli brott úr 28., 32., 37. og 43. gr. laganna í þeim myndum sem það kemur þar fyrir í ásamt tengiorðum.

Um 24. gr.

Lagt er til að bætt verði við nýju ákvæði um réttindi barns við málsmeðferð. Samkvæmt núgildandi lögum er börnum einungis tryggður réttur til að tjá sig um mál ef um er að ræða vistun skv. 22. gr. eða úrskurð skv. 45. gr., sbr. 2. og 3. mgr. 46. gr. Ákvæðinu er ætlað að tryggja rétt barns til að tjá sig áður en tekin er ákvörðun er varðar barnið, hvort sem ákvörðun er tekin í formi úrskurðar eða ekki. Einnig er lagt til að ákvæði núgildandi laga um skipan talsmanns verði rýmkað. Lagt er til að barnaverndarnefnd beri að eigin frumkvæði að skipa barni talsmann ef málsatvik eru með þeim hætti að þörf er á því að talsmaður tali máli barns, svo sem ef barn leitar sjálft ásjár barnaverndarnefndar. Af þessu nýju ákvæði mun einnig leiða að barnaverndarnefnd ber að gæta þess að barn fái að tjá sig um það hvort skipa eigi því talsmann og að það beri að taka tillit til skoðana barnsins þar að lútandi.

Um 25. gr.

Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 1. gr. núgildandi laga er lagt til að orðið ungmenni falli brott í 45. gr. laganna í þeim myndum sem það kemur þar fyrir í ásamt tengiorðum.

Um 26. gr.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til í 24. gr. frumvarpsins í þá veru að við núgildandi lög bætist ný grein, 43. gr. a, er hér lagt til að vísað skuli til þeirrar greinar varðandi réttindi barns við málsmeðferð.

Um 27.–34. gr.

Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 1. gr. núgildandi laga er lagt til að orðin ungmenni og unglingur falli út í 51., 53.–56., 58. og 60.–66. gr. laganna í þeim myndum sem það kemur þar fyrir í ásamt tengiorðum.

Um 35.gr.

Rétt þykir að breyta heiti laganna úr „lög um vernd barna og ungmenna“ í „barnaverndarlög“. Þegar lagt er til að hugtakið ungmenni verði fellt brott úr lögunum er nauðsynlegt að breyta heiti þeirra og þykir þá rétt að leggja til að lögin fái það heiti sem þau hafa oft gengið undir og á nú vel við efnisins vegna.

Um 36. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

Með frumvarpinu er ætlað að gera breytingar sem nauðsynlegar eru í kjölfar lögræðislaga, nr. 71/1997, þar sem sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Tilgangur þess er að gera breytingar sem nauðsynlegar eru vegna hækkunar sjálfræðisaldurs.

Þau atriði sem hafa áhrif á kostnað eru eftirfarandi:

a. Samkvæmt c-lið 2. gr. frumvarpsins stækkar skjólstæðingahópur barnaverndarnefnda um tvo árganga. Erfitt er að leggja mat á kostnað ríkissjóðs við þessa breytingu sem varðar einkum vistunarúrræði fyrir aldurshópinn 16–18 ára á vegum Barnaverndarstofu. Sveitarfélög munu standa undir auknum kostnaði af starfsemi barnaverndarnefnda. Að mati Barnaverndarstofu má ætla að um sambærilega meðferðarþörf sé að ræða fyrir hópinn 16–18 ára og þann sem er 14–16 ára. Það jafngildir því að sett yrðu á laggirnar 4–5 meðferðarheimili með rými fyrir 30 einstaklinga. Stofnkostnaður er áætlaður allt að 52 m.kr. og rekstrarkostnaður þessara nýju heimila mun nema allt að 90 m.kr. á ársgrundvelli. Í fjárlögum ársins 1998 er veitt 21 m.kr. til nýrra meðferðarúrræða vegna hækkunar sjálfræðisaldurs og renna þeir fjármunir annars vegar til eflingar neyðarvistunar í bráðatilvikum og hins vegar til nýs meðferðarheimilis í Skagafirði sem tekur til starfa í byrjun árs 1999. Í frumvarpi til fjárlaga 1999 er gert ráð fyrir 16 m.kr. hækkun á framlagi til nýrra meðferðarúrræða vegna hækkunar sjálfræðisaldurs umfram launa- og verðlagsbætur.

b. Í 25. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um réttindi barna við málsmeðferð sem leggur barnaverndarnefndum þá skyldu á herðar að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess ef þörf krefur. Sveitarfélögin þurfa að standa straum af þessum kostnaði, en hann er óverulegur.

Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs, verði það að lögum, eru óvissu háð. Í fyrsta lagi liggur ekki fyrir raunveruleg vistunarþörf. Í annan stað þarf að kanna betur möguleika á nýjum eða breyttum úrræðum og hvernig lágmarka megi kostnað við þau. Loks er það háð fjárveitingum í fjárlögum hve hratt verður byggt upp vistunarrými fyrir aldurshópinn 16–18 ára.

107. Frumvarp til laga [107. mál]

um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 85,3 milljónum SDR í 117,7 milljónir SDR. Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvótans, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Kvótahækkunin.

Með lagafrumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að taka þátt í elleftu hækkuninni á stofnfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Stofnfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem jafnan er nefnt kvóti, er endurskoðað með reglulegu millibili og nú í ellefta sinn. Við elleftu almennu kvótahækkunina er miðað við að heildarkvótar sjóðsins hækki úr 145,3 milljörðum SDR í 209,5 milljarða SDR, sem er um 45% aukning. Kvóti Íslands hækkar úr 85,3 milljónum SDR í 117,7 milljónir SDR, sem jafngildir um 11.426 millj. kr. miðað við gengisskráningu í lok árs 1997. Hlutdeild Íslands í kvótum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins helst óbreytt við þessa breytingu og nemur áfram 0,06% af heildarkvóta. Tíunda kvótaendurskoðunin leiddi ekki til hækkunar kvóta en við þá níundu hækkaði kvóti Íslands úr 59,6 milljónum SDR í 85,3 milljónir SDR, sbr. lög nr. 103/1990, um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Í samræmi við ákvæði í stofnskrá sjóðsins er fjórðungur hækkunarinnar greiddur í SDR (jafnvirði rúmlega 786 millj. kr.) en þrír fjórðu hlutar greiðast í íslenskum krónum. Sá hluti kvótahækkunarinnar, sem greiddur er í SDR, greiðist af Seðlabankanum, sem er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Myndar þessi hluti sérstaka gjaldeyrisinnstæðu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og telst áfram til gjaldeyrisforða Seðlabankans. Er þar því í rauninni einungis um að ræða breytingu á samsetningu gjaldeyrisforðans. Þrír fjórðu hlutar kvótahækkunarinnar eru í rauninni ekki inntir af hendi heldur eignast Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn innstæðu í Seðlabankanum sem nemur umræddri fjárhæð.

Ávinningur Íslands af því að taka þátt í þessari almennu kvótahækkun er einkum af tvennum toga. Í fyrsta lagi geta aðildarríki sjóðsins tekið hagstæð lán hjá honum úr ýmsum lánaflokkum og miðast lánsfjárhæðir við tiltekið margfeldi af kvóta viðkomandi ríkis sem er breytilegt frá einum lánaflokki til annars. Ísland hefur nokkrum sinnum tekið lán hjá sjóðnum, eins og síðar verður vikið að. Í öðru lagi ræðst atkvæðavægi einstakra ríkja í stjórn sjóðsins af kvóta þeirra. Af þessum sökum er það Íslandi tvímælalaust í hag að taka þátt í þessari kvótahækkun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Ellefta almenna kvótahækkunin var samþykkt af sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 30. janúar 1998 og frestur aðildarríkja til að staðfesta aukningu á kvóta sínum rennur út 29. janúar 1999.

2. Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (The International Monetary Fund) var stofnaður skömmu eftir lok síðari heimstyrjaldarinnar og var Ísland eitt af stofnríkjum hans. Nú eru 182 ríki aðilar að honum. Starfsemi sjóðsins hefur tekið ýmsum breytingum frá stofnun hans. Í fyrstu beindust kraftar hans að því að útrýma hömlum á gjaldeyrisviðskiptum þjóða á milli. Góður árangur á því sviði ásamt farsælu samstarfi fjölmargra þjóða heimsins um tollalækkanir og afnám ýmissa viðskiptahafta og samstarf iðnríkjanna í Efnahags- og framfarastofnuninni í París (OECD) hefur án efa örvað milliríkjaviðskipti og átt sinn þátt í öðrum efnahagsframförum á áratugunum eftir síðari heimstyrjöldina. Þessi þróun hefur ekki síst komið smáum ríkjum, eins og Íslandi, til góða sem reisa hagsæld sína að miklu leyti á utanríkisviðskiptum. Þegar fastgengisfyrirkomulagið leið undir lok árið 1971 varð breyting á starfsemi sjóðsins þar sem hann gegndi ekki lengur lykilhlutverki í ríkjandi gengisfyrirkomulagi.

Önnur veigamikil breyting varð á starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar skuldakreppan í fjölmörgum þróunarríkjum, ríkjum rómönsku Ameríku og í nokkrum ríkjum Austur-Evrópu hófst árið 1982. Sjóðurinn gegndi lykilhlutverki í aðgerðum til að létta skuldabyrði þessara ríkja og finna leiðir til að örva hagvöxt og auka útflutningstekjur til að standa undir afborgunum og vöxtum af erlendum lánum. Oft og tíðum hafa frumkvæði og þátttaka sjóðsins í aðgerðum til hjálpar skuldugum þjóðum verið forsenda þess að aðrar fjölþjóðlegar fjármálastofnanir, einstök ríki og einkaaðilar hafa verið reiðubúin að leggja hönd á plóginn. Eftir hrun Sovétríkjanna hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn með lánveitingum og efnahagsráðgjöf átt stóran þátt í viðreisn efnahagslífsins í þessum heimshluta.

Aukið frjálsræði í alþjóðlegum markaðsviðskiptum og efnahagskreppa á borð við kreppuna í Mexíkó um miðjan áratuginn og í suðaustur Asíu nýlega hafa leitt til þess að auknar kröfur eru gerðar til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varðandi skammtímafjármögnun og efnahagsráðgjöf. Hefur sjóðurinn haft lykilhlutverki að gegna í endurreisn efnahagslífsins í kjölfar slíkra erfiðleika. Markmiðið með starfi sjóðsins á þesum vettvangi er ekki síst að forða heimsbúskapnum frá alvarlegum áföllum sem fylgt geta staðbundinni efnahagskreppu. Til þess að sjóðurinn geti innt af hendi þær skyldur sem á hann eru lagðar þarf að tryggja honum aukið starfsfé, en mikilvægasta leið sjóðsins í því efni eru stofnframlög aðildarríkja.

3. Kvótar aðildarríkja.

Starfsfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins byggist fyrst og fremst á framlögum (kvótum) aðildarríkja hans sem ákveðin eru með hliðsjón af þjóðartekjum viðkomandi ríkis, umfangi utanríkisviðskipta þess og nokkrum öðrum þáttum. Heildarkvótar sjóðsins hafa verið auknir með almennum kvótahækkunum úr innan við 10 milljörðum SDR á fyrstu árum sjóðsins í núverandi stærð, 145,3 milljarða SDR. Með þeirri kvótahækkun sem nú hefur verið ákveðin er ætlunin að auka kvótana í 209,5 milljarða SDR. Hækkunin tekur mið af aukinni efnahagsstarfsemi og alþjóðaviðskiptum í heiminum frá síðustu almennu kvótahækkuninni árið 1990, sem og fjárhagsstöðu sjóðsins, áætlunum um starfsemi hans og nauðsyn fyrir aukið starfsfé á komandi árum.

Atkvæðavægi aðildarríkja í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fer fyrst og fremst eftir kvóta þeirra. Bandaríkin hafa stærsta kvótann, 17,84% af heildinni, en þar á eftir koma Japan með 5,55%, Þýskaland 5,55%, Bretland 5,00%, Frakkland 5,00%, og Sádi-Arabía 3,46%. Eftir elleftu kvótahækkunina mun hlutur Bandaríkjanna af heildinni verða 17,74%, Japans 6,33%, Þýskalands 6,22%, Bretlands 5,12%, Frakklands 5,12% og Sádi-Arabíu 3,34%. Hvert þessara ríkja hefur einn fulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins en þeir eru 24 talsins. Norðurlönd og Eystrasaltsríki ráða nú til samans yfir 3,48% af heildarkvóta sjóðsins.

Með elleftu kvótahækkuninni hækkar samanlögð hlutdeild þeirra í 3,55%, en þar af er hlutur Íslands 0,06%, eins og fyrr segir. Norðurlönd og Eystrasaltsríki skipa sameiginlega einn fulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins.

4. Lántökur Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Ísland tók í fyrsta sinn lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum árið 1960. Nam það 6,8 milljónum Bandaríkjadala og var tekið í tengslum við efnahagsaðgerðir sem þá var ráðist í. Síðan hefur Ísland þrisvar tekið lán vegna halla á viðskiptum við útlönd: 15 milljónir dala 1967–68, 62,2 milljónir SDR 1974–76 og 21,5 milljón SDR árið 1982 úr lánaflokki sem ætlaður er til að mæta útflutningsbresti. Á sama ári tók Ísland einnig til sín 9 milljónir SDR af gjaldeyrisinnstæðu Seðlabankans hjá sjóðnum. Síðasta afborgunin af lánum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var innt af hendi árið 1987 og frá þeim tíma hefur Ísland verið skuldlaust við sjóðinn.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til hækkunar kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimiluð verði hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 85,3 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 117,7 milljónir. Hækkunin mun verða framkvæmd þannig að hún færist eigna- og skuldamegin í efnahagsreikning Seðlabanka Íslands og hefur því ekki áhrif á hag ríkissjóðs.

Hækkun kvótans hefur þá þýðingu annars vegar að lántökumöguleikar Íslands hjá sjóðnum aukast, en Ísland hefur nokkrum sinnum notfært sér hann. Hins vegar skapar kvótinn þá kvöð að sjóðurinn getur dregið á innstæðu sína í Seðlabankanum til að lána öðrum þjóðum, enda sé það gert í samkomulagi við íslensk stjórnvöld.

108. Frumvarp til laga [108. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem samþykktar voru af yfirstjórn sjóðsins 23. september 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fyrri breytingar á henni.

Ísland gerðist aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum við stofnun hans samkvæmt lögum nr. 105/1945. Stofnskrá sjóðsins var undirrituð af Íslands hálfu 27. desember 1945, sbr. auglýsingu nr. 1/1946. Stofnskráin var fyrst birt sem samningur nr. 54 í ritinu *Samningar Íslands við erlend ríki*, sbr. auglýsingu nr. 17/1946 í C-deild Stjórnartíðinda.

Með lögum nr. 82/1968 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá sjóðsins. Með þeirri breytingu var m.a. komið á varasjóðseigninni SDR við sjóðinn sem úthlutað er til aðildarríkja hans og myndar hluta af gjaldeyrisforða þeirra.

Með lögum nr. 15/1977 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingu á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Breytingin á stofnskránni var umfangsmikil og staðfesti fráhvarf frá gulltengdu fastgengisfyrirkomulagi áranna eftir stríð. Hún kvað einnig á um að hætt skyldi að nota gull í viðskiptum sjóðsins við aðildarríki sín, formi og umfangi SDR skyldi breytt, heimilt skyldi að stofnsetja sérstakt ráð (council) við sjóðinn og nokkrum skipulagsbreytingum skyldi hrint í framkvæmd. Stofnskráin, með áorðnum breytingum og viðaukum, var birt í heild sem auglýsing nr. 18/1978 í C-deild Stjórnartíðinda.

Með lögum nr. 104/1990 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem samþykktar voru af yfirstjórn sjóðsins 28. júní 1990. Breytingin á stofnskránni heimilar sjóðnum að svipta aðildarríki atkvæðisrétti tímabundið, brjóti það gegn ákvæðum stofnskrár. Áður gat sjóðurinn einungis svipt aðildarríki réttinum til að nota fjármagn sjóðsins, en að öðrum kosti vísað því úr sjóðnum, bætti það ekki ráð sitt.

2. Tillaga að breytingu á stofnskránni.

Á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur á undanförnum árum verið rætt um nýja úthlutun varasjóðseignar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sérstakra dráttarréttinda eða SDR, og er þeim ætlað að koma til viðbótar öðrum varasjóðseignum. SDR er jafnframt greiðslueining Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og er grunnur fyrir greiðslueiningar ýmissa annarra stofnana. Gengi SDR er ákvarðað daglega í samræmi við vog fimm mynta: Bandaríkjadals, þýsks marks, fransks franka, japansks jens og sterlingspunds. Vextir á SDR eru vegið meðaltal innlendra skammtímavaxta í þessum fimm myntum.

Eitt brýnasta hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að stuðla að auknum og jöfnum vexti utanríkisviðskipta í heiminum, en það krefst traustra varasjóðseigna aðildarlanda. Frá því að sérstökum dráttarréttindum var hleypt af stokkunum 1969, hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sex sinnum úthlutað til aðildarríkjanna samtals 21,4 milljarði SDR. Á tímabilinu 1970–72 var úthlutað samtals 9,3 milljörðum SDR og á árunum 1978–81 var samtals 12,1 milljarði SDR úthlutað til aðildarríkja. Sérstökum dráttarréttindum hefur ekki verið ráðstafað síðan. Síðasta úthlutun fór fram í byrjun árs 1981 og var þá 4,1 milljarði SDR ráðstafað til aðildarríkjanna sem þá voru 141 að tölu. Frá þessum tíma hafa um fjörutíu ríki bæst í hóp aðildarríkja sjóðsins. Mörg þeirra eru févana og þau njóta þess ekki í utanríkisviðskiptum að eiga aðgang að sérstökum dráttarréttindum til jafns við önnur aðildarríki.

Sérstök dráttarréttindi nema um 1,7% af heildarvarasjóðseignum aðildarlanda öðrum en gulli. Aðildarlönd sjóðsins geta notað SDR í greiðslum sín á milli og gagnvart nokkrum fjölþjóðastofnunum, auk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sjálfs. Aðildarlönd í greiðsluerfiðleikum geta notað sérstök dráttarréttindi til kaupa á gjaldeyri af öðrum aðildarlöndum, sem tilnefnd hafa verið af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Hong Kong í september 1997 samþykkti yfirstjórn sjóðsins samhljóða breytingu á stofnskrá um úthlutun sérstakra dráttarréttinda að fjárhæð 21,4 milljarði SDR. Hér er um að ræða tvöföldun á þeirri fjárhæð sérstakra dráttarréttinda sem úthlutað hefur verið til þessa. Við úthlutunina mun hlutfall sérstakra dráttarréttinda borið saman við stofnfé verða hið sama fyrir sérhvert aðildarland sjóðsins, eða um 29,3%. Umrædd breyting á stofnskrá haggar ekki gildandi heimild sjóðsins til að gefa út SDR þegar þörf krefur að fullnægðum þeim skilyrðum sem sett eru í því sambandi.

Stofnskrárbreytingar skal bera undir atkvæði einstakra aðildarríkja. Til að þær öðlist gildi þurfa þrjú af hverjum fimm aðildarríkjum með samtals 85% heildaratkvæðamagns að veita samþykki sitt. Verði þeim skilyrðum fullnægt mun Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn senda aðildarríkjum staðfestingu á stofnskrárbreytingunni að atkvæðagreiðslu lokinni. Stofnskrárbreytingin tekur gildi eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu staðfestingarinnar gagnvart öllum aðildarríkjum sjóðsins, óháð því hvort þau hafi greitt atkvæði með breytingunni eða ekki.

Úthlutun sérstakra dráttarréttinda til Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum nemur nú samtals 16,4 milljónum SDR, eða um 1,6 milljörðum kr. miðað við gengi í byrjun nóvember 1997. Við nýja úthlutun sérstakra dráttarréttinda í samræmi við samþykkt yfirstjórnar sjóðsins mundu tæplega 8,6 milljónir SDR bætast við þá fjárhæð og næmi hún þá samtals um 25 milljónum SDR, eða tæplega 2,5 milljörðum kr. Ný úthlutun bætist við gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands sem er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Með frumvarpi þessu er leitað heimildar til staðfestingar á breytingu á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Svo sem segir í athugasemdum með frumvarpinu, felur breytingin m.a. í sér að sjóðnum verði heimilt að úthluta sérstökum dráttarréttindum til viðbótar við þegar orðna úthlutun. Ef af verður mun gjaldeyrisforði Íslands í SDR aukast um 8,6 milljónir SDR (um 820 milljónir króna) og verða samtals 25 milljónir SDR (um 2,4 milljarða króna). Hér er um að ræða úthlutun án endurgjalds og mun því samþykkt frumvarpsins ekki valda kostnaði fyrir ríkissjóð.

109. Frumvarp til laga [109. mál]

um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið með lögum þessum er að heimila gerð og starfrækslu miðlægs gagnagrunns með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði. Lögin taka ekki til sjúkraskrárkerfa einstakra heilbrigðis- og rannsóknastofnana, gagnasafna vegna vísindarannsókna á einstökum sjúkdómum eða sjúkdómaflokkum eða skráa sem stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og tryggingamála halda um notendur heilbrigðisþjónustu og rekstur heilbrigðiskerfisins. Lögin taka ekki til vörslu, meðferðar eða aðgangs að lífsýnum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Gagnagrunnur á heilbrigðissviði:* Safn gagna er hefur að geyma heilsufarsupplýsingar sem skráðar eru á samræmdan kerfisbundinn hátt í einn miðlægan gagnagrunn sem ætlaður er til úrvinnslu og upplýsingamiðlunar.
2. *Persónuupplýsingar:* Allar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Maður telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.
3. *Ópersónugreinanlegar upplýsingar:* Upplýsingar um einstakling sem ekki er persónugreinanlegur samkvæmt skilgreiningu 2. tölul.
4. *Dulkóðun*: Umbreyting orða eða talna í óskiljanlega runu af táknum.
5. *Dulkóðun í eina átt:* Umbreyting orða eða talna í óskiljanlega runu af táknum sem ekki er hægt að rekja til baka með greiningarlykli.
6. *Heilsufarsupplýsingar*: Upplýsingar er varða heilsu einstaklinga, þ.m.t. erfðafræðilegar upplýsingar.
7. *Erfðafræðilegar upplýsingar:* Hvers kyns upplýsingar sem varða erfanlega eiginleika einstaklings.

II. KAFLI
Rekstrarleyfi og nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.

4. gr.
Veiting rekstrarleyfis og greiðslur leyfishafa.

Gerð og starfræksla gagnagrunns á heilbrigðissviði er einungis heimil þeim sem fengið hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum.

Að fenginni umsókn er heilbrigðisráðherra heimilt að veita rekstrarleyfi til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara.

Rekstrarleyfishafi skal greiða gjald fyrir veitingu rekstrarleyfis til þess að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess. Leyfishafi skal jafnframt árlega greiða gjald sem nemur kostnaði af starfi nefnda skv 6. og 9. gr. og öðrum kostnaði sem tengist þjónustu og eftirliti með starfrækslunni, þ.m.t. eftirliti tölvunefndar sem starfar samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og kostnað við útgáfu og kynningu skv. 8. gr.

Rekstrarleyfishafi skal greiða allan kostnað við vinnslu upplýsinga til flutnings í gagnagrunn, sbr. 7. tölul. 5. gr.

5. gr.
Skilyrði rekstrarleyfis o.fl.

Rekstrarleyfi til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Gagnagrunnurinn sé alfarið staðsettur hér á landi.
2. Tækni-, öryggis- og skipulagslýsing uppfylli kröfur tölvunefndar.
3. Skráning og úrvinnsla heilsufarsupplýsinga sé framkvæmd eða henni stjórnað af fólki með starfsréttindi á sviði heilbrigðisþjónustu.
4. Fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um starfssvið og verkefni umsækjanda um rekstrarleyfi.
5. Fyrir liggi ítarleg verkáætlun umsækjanda sem uppfyllir skilyrði og markmið laga þessara um verktilhögun og verkframvindu.
6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlæknir eigi ætíð aðgang að tölfræðilegum upplýsingum úr gagnagrunninum í aðgengilegu formi, þannig að þær nýtist til gerðar heilbrigðisskýrslna, áætlana, stefnumótunar og annarra verkefna fyrrgreindra aðila.
7. Rekstrarleyfishafi greiði allan kostnað við vinnslu upplýsinga heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna til flutnings í gagnagrunninn. Upplýsingarnar skulu unnar með þeim hætti að þær uppfylli þarfir viðkomandi stofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns fyrir samræmt upplýsingakerfi, þarfir sérgreina og þarfir heilbrigðisyfirvalda, sbr. 6. tölul., og að þær nýtist við vísindarannsóknir.
8. Rekstrarleyfi sé tímabundið og ekki veitt til lengri tíma en 12 ára í senn.
9. Rekstrarleyfishafi afhendi nefnd skv. 6. gr. afrit af gagnagrunninum og skal afritið uppfært reglulega samkvæmt nánari ákvörðun í rekstrarleyfi. Afritið skal geymt í bankahólfi eða á annan tryggilegan hátt samkvæmt nánari ákvörðun í rekstrarleyfi.
10. Rekstrarleyfishafi skal tryggja að þegar leyfistíma lýkur fái heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, eða sá sem ráðherra felur starfrækslu gagnagrunnsins, ótímabundin afnot af öllum hugbúnaði og réttindum sem nauðsynleg eru til viðhalds og starfrækslu gagnagrunnsins.

Ráðherra getur bundið rekstrarleyfi frekari skilyrðum en að framan greinir.

Þegar leyfistíma lýkur samkvæmt ákvæðum í rekstrarleyfi tekur ráðherra ákvörðun um starfrækslu gagnagrunnsins að fengnu áliti nefndar skv. 6. gr. og tölvunefndar. Sama gildir

ef rekstrarleyfi er afturkallað eða leyfishafi er sviptur rekstrarleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Rekstrarleyfi og gagnagrunnur samkvæmt lögum þessum eru hvorki framseljanleg né aðfararhæf. Óheimilt er að setja rekstrarleyfi eða gagnagrunn til tryggingar fjárskuldbindingum.

6. gr.

Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Ráðherra skal skipa nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera heilbrigðisstarfsmaður með þekkingu á faraldsfræði, annar skal hafa þekkingu á sviði upplýsinga- og/eða tölvunarfræði. Sá þriðji skal vera lögfræðingur, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu uppfylla sömu skilyrði.

Hlutverk nefndarinnar er að sjá um að gerð og starfræksla gagnagrunnsins sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra og skilyrði sem sett eru í rekstrarleyfi, að því leyti sem ekki er um að ræða lögbundið hlutverk tölvunefndar. Nefndin skal hafa umsjón með gerð samninga rekstrarleyfishafa annars vegar og heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna hins vegar. Nefndin skal veita heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlækni ráðgjöf varðandi nýtingu upplýsinga úr gagnagrunninum. Verði rekstrarleyfi afturkallað eða leyfishafi sviptur rekstrarleyfi skal nefndin starfrækja grunninn uns ráðherra hefur tekið ákvörðun um starfrækslu hans til frambúðar, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Nefndinni skal séð fyrir starfsmönnum og starfsaðstöðu. Nefndin skal afla sér sérfræðiaðstoðar eftir því sem þurfa þykir.

Nefndin skal tafarlaust gera ráðherra og tölvunefnd viðvart ef hún telur að misfellur séu á starfrækslu gagnagrunnsins.

Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um starfrækslu gagnagrunnsins undangengið ár eigi síðar en 1. mars ár hvert.

III. KAFLI
Söfnun upplýsinga.

7. gr.

Aðgengi að upplýsingum úr sjúkraskrám.

Að fengnu samþykki heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna er rekstrarleyfishafa heimilt að fá upplýsingar, sem unnar eru úr sjúkraskrám, til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Heilbrigðisstofnanir skulu hafa samráð við læknaráð og faglega stjórnendur viðkomandi stofnunar áður en gengið er til samninga við rekstrarleyfishafa.

Við meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga skal fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Upplýsingar skulu dulkóðaðar fyrir flutning í gagnagrunninn þannig að tryggt sé að starfsmenn rekstrarleyfishafa vinni einungis með ópersónugreinanlegar upplýsingar. Starfsmenn viðkomandi heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skulu búa upplýsingar til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Þeir skulu annast dulkóðun heilsufarsupplýsinga og persónuauðkenna. Persónuauðkenni skulu dulkóðuð í eina átt, þ.e. með dulkóðun sem ekki er hægt að rekja til baka með greiningarlykli. Tölvunefnd skal annast frekari dulkóðun persónuauðkenna og heilsufarsupplýsinga með þeim aðferðum sem hún telur tryggja persónuvernd best.

Um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám fer að öðru leyti samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga, læknalögum, lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

8. gr.

Réttindi sjúklings.

Sjúklingur getur óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Beiðni sjúklings getur varðað allar upplýsingar sem þegar liggja fyrir um hann í sjúkraskrám eða kunna að verða skráðar eða nánar tilteknar upplýsingar. Skylt er að verða við slíkri beiðni. Sjúklingur skal tilkynna landlækni um ósk sína. Landlæknir skal annast gerð eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggi frammi á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Landlæknir skal sjá til þess að dulkóðuð skrá yfir viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Landlæknir skal sjá til þess að upplýsingar um gagnagrunn á heilbrigðissviði og um rétt sjúklings skv. 1. mgr. séu aðgengilegar almenningi. Heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skulu hafa þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum.

IV. KAFLI

Aðgengi að gagnagrunni, hagnýting upplýsinga o.fl.

9. gr.

Aðgengi að upplýsingum í gagnagrunni á heilbrigðissviði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlæknir eiga ávallt rétt á tölfræðilegum upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði í aðgengilegu formi þannig að þær nýtist til gerðar heilbrigðisskýrslna, áætlana, stefnumótunar og annarra verkefna þeirra. Upplýsingar skulu látnar fyrrgreindum aðilum í té án endurgjalds.

Ráðherra skal skipa nefnd um aðgang vísindamanna, sem starfa hjá þeim aðilum sem vinna upplýsingar í gagnagrunn á heilbrigðissviði, að upplýsingum úr grunninum.

Nefndin skal skipuð þremur mönnum til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af landlækni, og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn af læknadeild Háskóla Íslands og einn af rekstrarleyfishafa. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndinni er heimilt að veita fyrrgreindum vísindamönnum aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum til notkunar í vísindarannsóknum, enda sé ekki um að ræða rannsókn sem fyrirsjáanlegt er að mati nefndarinnar að skerði viðskiptahagsmuni rekstrarleyfishafa. Viðkomandi vísindamenn skulu einungis greiða kostnaðarauka leyfishafa við þá gagnaöflun og vinnslu sem þeir óska eftir.

Nánar skal kveðið á um starfsemi nefndarinnar í reglugerð. Þar skal m.a. fjallað um hvaða upplýsingar vísindamenn þurfa að leggja fyrir nefndina.

10. gr.

Hagnýting gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Upplýsingar, sem skráðar eru eða aflað er með úrvinnslu í gagnagrunni á heilbrigðissviði, má nýta til þess að þróa nýjar eða bættar aðferðir við heilsueflingu, forspá, greiningu og meðferð sjúkdóma, til að leita hagkvæmustu leiða í rekstri heilbrigðiskerfa og í þágu skýrslugerðar á heilbrigðissviði.

Rekstrarleyfishafa skal heimil vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði úr þeim heilsufarsupplýsingum sem þar eru skráðar, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu upplýsinga að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum. Óheimilt er að veita upplýsingar um einstaklinga og skal það m.a. tryggt með aðgangstakmörkunum.

Rekstrarleyfishafa er óheimilt að veita beinan aðgang að gögnum í gagnagrunninum.

Rekstrarleyfishafa er á leyfistíma heimil fjárhagsleg hagnýting upplýsinga úr gagnagrunninum með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum og í rekstrarleyfi.

Gagnagrunn á heilbrigðissviði má eigi flytja úr landi og úrvinnsla úr honum má einungis fara fram hér á landi.

11. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn í þjónustu rekstrarleyfishafa, þ.m.t. verktakar, eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI
Eftirlit.

12. gr.

Eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Tölvunefnd hefur eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði að því er varðar skráningu og meðferð persónuupplýsinga og öryggi gagna í gagnagrunninum og annast eftirlit með því að þeim skilmálum sem hún setur sé fylgt.

Nefnd um starfrækslu gagnagrunns, skv. 6. gr., skal hafa umsjón með því að við starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði sé í hvívetna fylgt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og skilyrðum rekstrarleyfis. Nefndin skal fylgjast með öllum fyrirspurnum og úrvinnslu úr gagnagrunninum. Hún skal reglulega senda vísindasiðanefnd skrá um allar fyrirspurnir sem berast gagnagrunninum, ásamt upplýsingum um fyrirspyrjendur.

VI. KAFLI
Refsingar og önnur viðurlög.

13. gr.

Afturköllun rekstrarleyfis.

Ráðherra getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða rekstrarleyfishafi verður ófær um að starfrækja gagnagrunninn. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki skilyrðum þeim sem sett eru í rekstrarleyfi skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni rekstrarleyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla rekstrarleyfi. Sé um að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi getur ráðherra afturkallað rekstrarleyfi án undanfarandi aðvörunar og frests til úrbóta.

14. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum laga þessara varðar fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði sem sett eru fyrir rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni samkvæmt lögunum eða reglugerða settum samkvæmt þeim.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans brotið ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu rekstrarleyfis, enda sé brot framið til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

15. gr.

Svipting rekstrarleyfis o.fl.

Rekstrarleyfishafa má, auk refsingar skv. 14. gr., svipta rekstrarleyfi með dómi ef um ásetning eða stórfellt gáleysi er að ræða. Að öðru leyti eiga hér við ákvæði 1. og 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Gera má upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

16. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Reglugerðir.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerðum.

Ráðherra skal setja reglugerð um starfsemi nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sbr. 6. gr., og starfsemi nefndar um aðgengi að upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði, sbr. 9. gr.

18. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Gjald rekstrarleyfishafa skv. 4. mgr. 4. gr. skal fyrsta árið byggt á áætluðum kostnaði við undirbúning og eftirlit með starfsemi gagnagrunns á heilbrigðissviði.

II.

Flutningur upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði skal ekki hefjast fyrr en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

III.

Áður en vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði hefst skal nefnd um starfrækslu gagnagrunns skv. 6. gr. sjá til þess að fyrir liggi úttekt óháðs sérfræðings á sviði öryggismála upplýsingakerfa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

1. Vinnsla frumvarpsins.

Frumvarp þetta um gagnagrunn á heilbrigðissviði byggist að meginstefnu til á frumvarpi sama efnis er lagt var fram á Alþingi á 122. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Vinnuhópur á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hefur undanfarna mánuði unnið að endurskoðun þess frumvarps.

Vinnuhópinn skipuðu eftirtaldir:

Guðmundur H. Pétursson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,

Guðmundur Sigurðsson, heilsugæslulæknir, tilnefndur af landlækni,

Guðríður Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, formaður,

Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,

Ragnhildur Arnljótsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,

Sveinn Magnússon, héraðslæknir og deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,

Þórir Haraldsson, aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Vinnuhópurinn átti fundi með ýmsum sérfræðingum, m.a. á sviði læknisfræði, rannsókna, lögfræði, hagfræði og siðfræði og íslenskum og erlendum sérfræðingum á sviði Evrópuréttar.

Vinnuhópurinn endurskoðaði fyrra frumvarp og studdist þar m.a. við fjölmargar ábendingar sem fram komu í ræðu og riti og vann úr þeim umsögnum er bárust heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis og ráðuneytinu við umfjöllun um málið á 122. löggjafarþingi. Í lok júlí sl. voru drög að endurskoðuðu frumvarpi send fjölda aðila til umsagnar og bárust um 40 umsagnir (fskj. II). Vinnuhópurinn hefur nú unnið úr þessum umsögnum og hefur frumvarpið tekið miklum breytingum frá fyrra frumvarpi, sbr. IV kafla þar sem fjallað er um helstu breytingar.

2. Gildi heilsufarsupplýsinga, kostnaður við smíði gagnagrunns o.fl.

Íslendingar standa einna fremstir meðal þjóða heims samkvæmt mælikvörðum á heilbrigði. Þessi staða er eftirsóknarverð og ber því að leggja mikla áherslu á að varðveita hana og styrkja. Nú eru teikn á lofti um að Íslendingar geti fært sér þessa sérstöðu í nyt með nýjum og áhugaverðum hætti til margs konar ávinnings.

Skráðar upplýsingar um heilsu íslensku þjóðarinnar eru þjóðarauður sem ber að varðveita og ávaxta eftir því sem kostur er. Sjúklingar og aðrir skjólstæðingar heilbrigðisþjónustunnar hafa gefið heilbrigðisstarfsmönnum ítarlegar upplýsingar um heilsu sína í þeim tilgangi að fá bót meina sinna eða til þess að taka þátt í ýmiss konar rannsóknum. Upplýsingunum hefur verið safnað skipulega í marga áratugi og mikil vinna verið lögð í að tryggja sem vandaðasta skráningu. Þannig hafa upplýsingarnar orðið til fyrir atbeina starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar, skjólstæðinga hennar og íslenskra vísindamanna og kostnaður hefur verið greiddur af almannafé.

Heilsufarsupplýsingar verða ekki metnar til fjár því gildi þeirra er fyrst og fremst fólgið í möguleikunum til að efla heilbrigði. Verði þeir möguleikar ekki nýttir er safn slíkra upplýsinga ekki mikils virði. Það eykur augljóslega verðmæti upplýsinganna að Íslendingar geta státað af góðri heilbrigðisþjónustu, góðum árangri ýmissa aðgerða til að efla heilsu landsmanna og öflugu vísindastarfi.

Vegna eðlis þessara upplýsinga og hvernig til þeirra er stofnað geta þær ekki lotið lögmálum eignarréttar í venjulegum skilningi. Stofnanir, fyrirtæki eða einstaklingar geta því ekki átt þær. Þær eru fyrst og fremst til vegna meðferðar sjúklinga. Hins vegar er bæði rétt og skylt að nýta þær einnig til framgangs heilbrigðisvísindunum og til eflingar lýðheilsu. Það verður best gert með því að ríkisvaldið heimili gerð og starfrækslu eins miðlægs gagnagrunns þar sem þessum upplýsingum væri safnað saman og úr þeim unnið.

Á undanförnum árum hefur talsvert verið unnið að þróun hugbúnaðar fyrir heilbrigðiskerfið hér á landi og á síðasta ári var samþykkt stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins (heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, rit 1 1997).

Þau stefnumið sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur áherslu á í ritinu eru eftirfarandi:

- Þjónusta við sjúklinga verði bætt.
- Trúnaður við sjúklinga verði tryggður.
- Kostnaði verði haldið í skefjum.
- Stjórnun verði gerð einfaldari og skilvirkari
- Aðgangur að upplýsingum verði fljótvirkari og öruggari.

Af ritinu er ljóst að mjög brýnt er að hrinda í framkvæmd mörgum verkefnum á sviði upplýsingamála heilbrigðisþjónustunnar. Eitt af brýnustu verkefnunum er þróun samræmds sjúklingaupplýsingakerfis. Það mundi síðan smám saman mynda dreifða, persónutengda gagnagrunna sem hægt væri að tengja saman. Þeir yrðu bæði til hagræðis við notkun sjúkragagna í daglegu starfi og við vísindarannsóknir, til að mynda á sviði faraldsfræði, lýðheilsu og erfðatengsla sjúkdóma. Það verkefni eitt er svo umfangsmikið og kostnaðarsamt að vandséð er hvernig hægt er að fjármagna það með fjárveitingum í fjárlögum. Þetta á sérstaklega við ef gera á eldri upplýsingar aðgengilegar í tölvum heilbrigðisstarfsmanna, en af slíku væri ómælt hagræði fyrir daglega þjónustu þeirra við sjúklinga. Ljóst er að tölvuvæðing sjúkraskráa heilbrigðisstofnana mundi jafnframt tryggja betur persónuvernd, þar sem þá yrði unnt að setja nauðsynlegar aðgangstakmarkanir, þannig að ekki hefðu aðrir aðgang en þeir sem þurfa á því að halda vegna meðferðar sjúklings.

Kveikjan að frumvarpi þessu eru hugmyndir Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, um gagnagrunn með heilsufarsupplýsingum um Íslendinga. Hugmyndir um slíkan gagnagrunn voru settar fram hér á landi þegar á árunum 1975–76, en komust ekki í framkvæmd, sumpart vegna skorts á fjármagni og upplýsingatækni en auk þess komu fram sams konar efasemdir og nú varðandi persónuvernd. Fyrrgreindar tillögur um gerð og fjármögnun gagnagrunns á heilbrigðissviði gjörbreyta möguleikum til þess að koma hugmyndinni í framkvæmd, en gert er ráð fyrir að sá sem fær heimild til starfrækslu miðlægs gagnagrunns standi straum af öllum kostnaði við uppbyggingu hinna dreifðu gagnagrunna á heilbrigðisstofnunum landsins.

Ljóst er að verulegur kostnaður er samfara smíði gagnagrunns af því tagi sem hér um ræðir. Eignamatið sf. hefur að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins metið kostnað við hönnun og uppsetningu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði (fskj. III, Gagnagrunnar á heilbrigðissviði, mat á stofnkostnaði, Eignamatið sf., Stefán Ingólfsson, september 1998). Samkvæmt niðurstöðum matsins er þess að vænta að kostnaðurinn verði á bilinu

10,5–19,3 milljarðar kr. Kostnaðurinn fer eftir því hve langt verður gengið í skráningu þeirra gagna sem þegar liggja fyrir hjá heilbrigðisstofnunum. Kostnaðurinn sundurliðast þannig að 2,0 milljarðar kr. eru vegna upplýsingakerfis fyrir heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn, 1,3 milljarðar kr. vegna gagnagrunnskerfis miðlæga grunnsins og 7,2–16,0 milljarðar kr. vegna skráningar fyrirliggjandi gagna. Ýmsir fyrirvarar fylgja kostnaðarmati fyrirtækisins. Þeir varða aðallega óvissu um magn skjala í sjúkraskrám og hve mikil vinna verði að skrá þau þannig að þau uppfylli þarfir heilbrigðisstofnana og þarfir rekstrarleyfishafa við gerð miðlægs gagnagrunns. Það er ljóst að hér er um mjög kostnaðarsama framkvæmd að ræða, en nokkur óvissa er um hve mikill kostnaðurinn gæti orðið.

Skipta má ávinningi af gagnagrunninum í fjóra meginþætti: 1) öflun nýrrar þekkingar um eðli heilsu og sjúkdóma, 2) aukin gæði og sparnaður í heilbrigðiskerfum, 3) uppbygging hátækniiðnaðar á Íslandi og þar með atvinna menntaðs fólks í landinu, 4) möguleikar á því að laða til Íslands starfsemi sem tengist gagnagrunninum. Áhættan af gagnagrunninum felst aðallega í möguleikum á misnotkun upplýsinga. Því er í frumvarpinu lögð rík áhersla á að tryggja öryggi persónuupplýsinga.

II. Evrópuréttur og alþjóðlegar skuldbindingar.

Vinnuhópurinn hefur kynnt sér tilskipun Evrópusambandsins nr. 95/46 um persónuvernd og frjálst flæði upplýsinga (Directive of the European Parliament and of the Council on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data) og tekið mið af ákvæðum hennar við samningu frumvarpsins (fskj. IV). Tilskipunin er ekki orðin hluti EES-samningsins en ákvörðun hefur verið tekin um að hún verði felld undir samninginn. Gert er ráð fyrir ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um það í desember 1998. Enn fremur hefur vinnuhópurinn tekið mið af ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/9 um lögverndun gagnagrunna en hún er þegar hluti af EES-samningnum (fskj. V). Auk þess hefur vinnuhópurinn kynnt sér ýmsar viðskiptareglur EES-samningsins, t.d. samkeppnisreglur, reglur um opinber innkaup og reglur um ríkisstyrki. Það var niðurstaða vinnuhópsins að ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 83/189 um tilkynningarskyldu vegna setningar tæknilegra staðla og reglugerða (Council Directive laying down a procedure for the provisions of information in the field of technical standards and regulations) ætti ekki við um frumvarpið þar sem tilskipunin fjallar eingöngu um vörur.

Vinnuhópurinn kynnti sér einnig samning Evrópuráðsins um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá 28. janúar 1981 (birtur í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1991) og samning um verndun mannréttinda og mannlegrar reisnar að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði, þ.e. samning um mannréttindi og líflæknisfræði frá 19. nóvember 1996 (undirritaður af hálfu Íslands 4. apríl 1997).

Vinnuhópurinn kynnti sér og hafði hliðsjón af tilmælum Evrópuráðsins R(97) 5 frá 13. febrúar 1997 um vernd heilsufarsupplýsinga (Recommendation of the Committee of Ministers to Member States on the Protection of Medical Data), (sjá fskj. VI), m.a. varðandi skilgreiningu á heilsufarsupplýsingum, erfðafræðilegum upplýsingum og það hvenær persónuupplýsingar eru nafnlausar. Þar segir að einstaklingur skuli ekki teljast persónugreinanlegur ef verja þurfi verulegum tíma og mannafla til að persónugreina hann. Síðan segir að þegar einstaklingur er ekki persónugreinanlegur sé litið svo á að upplýsingarnar séu nafnlausar. Einnig var stuðst við ákvæði tilmælanna um að skráning og úrvinnsla heilsufarsupplýsinga yrði framkvæmd og henni stjórnað af fólki með starfsréttindi á sviði heilbrigðisþjónustu.

Einnig kynnti vinnuhópurinn sér önnur tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins, svo sem tilmæli nr. R(91) 10 frá 9. september 1991 um heimild opinberra aðila til að veita þriðja

aðila upplýsingar um persónur (Recommendation of the Committee of Ministers to Member States on the Communication to Third Parties of Personal Data Held by Public Bodies), tilmæli nr. R(92) 3 frá 10. febrúar 1992 um erfðarannsóknir fyrir heilbrigðisþjónustu (Recommendation of the Committee of Ministers to Member States on Genetic Testing and Screening for Health Care Purposes) og tilmæli nr. R(97)18 frá 30. september 1997 um vernd persónuupplýsinga sem safnað hefur verið saman og unnið úr í þeim tilgangi að fá tölfræðiupplýsingar (Recommendation of the Committee of Ministers to Member States Concerning the Protection of Personal Data Collected and Processed for Statistical Purposes).

Loks hefur vinnuhópurinn kynnt sér ýmsa aðra samninga, yfirlýsingar og leiðbeiningar á þessu sviði sem hafa þjóðréttarlegt gildi, sérstaklega Helsinki-yfirlýsingu alþjóðafélags lækna frá 1964 um ráðleggingar og leiðbeiningar fyrir lækna varðandi læknisfræðirannsóknir sem gerðar eru á mönnum.

III. Meginatriði frumvarpsins.

1. Rekstrarleyfi til gerðar og starfrækslu gagnagrunns.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra verði heimilt að veita rekstrarleyfi til 12 ára í senn til gerðar eins miðlægs gagnagrunns, með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum, í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu. Kveðið er á um að rekstrarleyfishafi greiði allan kostnað við vinnslu upplýsinga til flutnings í gagnagrunninn. Upplýsingarnar skulu unnar með þeim hætti að þær uppfylli þarfir viðkomandi stofnunar fyrir samræmt upplýsingakerfi og þarfir heilbrigðisyfirvalda vegna heilbrigðisskýrslna, áætlanagerðar og annarra verkefna þeirra. Jafnframt skal við vinnslu upplýsinganna leitast við að taka tillit til þarfa vísindamanna sem stunda rannsóknir á heilbrigðissviði. Þannig yrðu annars vegar til dreifðir persónutengdir gagnagrunnar hjá heilbrigðisstofnunum, en hins vegar miðlægur gagnagrunnur með ópersónugreinanlegum upplýsingum frá mörgum stofnunum. Hinn miðlægi gagnagrunnur hefði að geyma allar aðgengilegar upplýsingar síðustu áratuga. Hann yrði síðan uppfærður reglulega þegar nýjar upplýsingar bættust við.

2. Vernd persónuupplýsinga.

Vernd persónuupplýsinga er mikilvægasta viðfangsefnið við setningu reglna um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði. Í frumvarpinu er lögð rík áhersla á að hvers kyns upplýsingar sem unnið er með og færðar verða í gagnagrunninn verði gerðar ópersónugreinanlegar og að við meðferð gagna sé fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Þá er kveðið á um að við úrvinnslu og samtengingu sé þess gætt að ekki sé unnt að tengja upplýsingar persónugreinanlegum einstaklingum og að óheimilt sé að veita upplýsingar um einstaklinga úr grunninum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fól hugbúnaðarfyrirtækinu Stika ehf. að gera tillögur um dulkóðun (fskj. VI, minnisblað um feril upplýsinga frá heilbrigðisstofnun í miðlægan gagnagrunn; Stiki ehf., 29. september 1998). Gert er ráð fyrir að dulkóðun skuli a.m.k. vera jafnörugg og sett er fram í fyrrgreindri tillögu Stika ehf. Þar er um að ræða mjög trygga dulkóðun gagna og auk þess er gert ráð fyrir aðgangstakmörkunum til að tryggja persónuvernd. Starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar munu samkvæmt frumvarpinu annast samræmda skráningu upplýsinga, dulkóðun heilsufarsupplýsinga og fyrstu dulkóðun persónuauðkenna þannig að þeir sem starfa við gagnagrunninn fái aldrei í hendur persónugreindar upplýsingar úr sjúkraskrám. Tölvunefnd annast frekari dulkóðun persónuauðkenna með þeim aðferðum sem hún á hverjum tíma telur bestar til að tryggja öryggi upplýsinganna. Dulkóðun persónuauðkenna skal vera þannig að ekki sé hægt

að rekja upplýsingar til baka með greiningarlykli og er það breyting frá fyrra frumvarpi. Með henni er fallist á það sjónarmið sem fram kemur í umsögn tölvunefndar, dags. 4. september 1998, að upplýsingar séu persónuupplýsingar ef til sé greiningarlykill. Þá er skilgreiningu persónuupplýsinga breytt í samræmi við sjónarmið tölvunefndar og tekin upp orðrétt þýðing skilgreiningar persónuupplýsinga í tilskipun Evrópusambandsins 95/46 um persónuvernd og frjálst flæði upplýsinga (Directive of the European Parliament and of the Council on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data). Rétt er að taka fram að tilskipunin er ekki hluti EES-samningsins. Hins vegar hefur verið tekin ákvörðun um að fella hana undir samninginn. Gert er ráð fyrir ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í desember 1998 og hefur Ísland síðan sex mánuði til þess að aðlaga löggjöf sína tilskipuninni. Þegar hefur verið samið frumvarp til laga um vernd persónuupplýsinga vegna gildistöku hennar. Með þetta í huga þótti eðlilegt að taka tillit til ákvæða tilskipunarinnar við samningu frumvarps þessa.

Auk þeirra aðgerða sem að framan greinir miða mörg önnur ákvæði frumvarpsins að vernd einstaklinganna, og skulu hér hin helstu talin og efni þeirra rakið í stuttu máli.

Ákvæði er í frumvarpinu um að við meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga skuli fylgt skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg. Tölvunefnd mun því hafa mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna.

Sett eru fjölmörg skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfis sem gera miklar kröfur til rekstrarleyfishafa. Má þar nefna að gagnagrunninn má eigi flytja úr landi og úrvinnsla má aðeins fara fram hér á landi. Það skilyrði er sett til þess að tryggja að hægt sé að framfylgja reglum, sem tryggja eiga persónuvernd. Ákvæði er í frumvarpinu um úttekt óháðs fyrirtækis á sviði öryggismála upplýsingakerfa og skal hún liggja fyrir áður en starfsemi hefst.

Skráningu og vinnslu heilsufarsupplýsinga er stjórnað af fagmenntuðu heilbrigðisstarfsfólki sem bundið er þagnarskyldu samkvæmt lögum um viðkomandi heilbrigðisstétt og háð siðareglum stéttar sinnar. Auk þess er sérstakt ákvæði í frumvarpinu um þagnarskyldu starfsmanna rekstrarleyfishafa.

Gert er ráð fyrir að í gagnagrunninn fari aðeins upplýsingar sem má túlka með tölum. Við ákvörðun um hvaða upplýsingar fara í gagnagrunninn ber að taka mið af þörfum stofnana og sérgreina, sem geta verið mismunandi. Því er eðlilegt að láta frekari útfærslu bíða samninga við einstakar stofnanir. Við þessa vinnu skal fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd telur nauðsynleg hverju sinni.

Ákvæði er í frumvarpinu um upplýsingaskyldu stjórnvalda, svipað og í lögum um réttindi sjúklinga. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að þegnarnir geri sér grein fyrir hvað felst í miðlæga gagnagrunninum og rétti sínum til að hafna þátttöku og geti þannig tekið ákvarðanir byggðar á þekkingu.

Einstaklingar geta hafnað því að upplýsingar um þá fari í gagnagrunninn með einfaldri tilkynningu til landlæknis eins og nánar er skýrt síðar í athugasemdum við einstakar greinar. Fellt er brott ákvæði úr fyrri frumvarpsdrögum sem kvað á um að upplýsingar til notkunar við gerð heilbrigðisskýrslna færu í miðlæga grunninn, þrátt fyrir höfnun. Engar upplýsingar verða því í gagnagrunninum um þá einstaklinga sem hafna þátttöku. Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að ekki megi hefja flutning upplýsinga í gagnagrunninn fyrr en að liðnum sex mánuðum frá samþykkt frumvarps, þannig að mönnum gefist tími og svigrúm til að ákveða hvort þeir vilji hafna þátttöku.

Takmarkandi reglur verða settar um aðgengi rekstrarleyfishafa, heilbrigðisyfirvalda og vísindamanna að upplýsingum úr grunninum, þannig að ekki verði hægt að skoða einstak-

linga eða lítinn hóp. Í sama augnamiði fá viðskiptavinir rekstrarleyfishafa aldrei aðgang að gögnum í grunninum, aðeins afleiddar, unnar upplýsingar um hópa.

Um aðgang að öðrum persónuupplýsingum en úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna og samtengingu þeirra við heilbrigðisupplýsingar í gagnagrunninum fer samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Starfsemi gagnagrunns á heilbrigðissviði er háð eftirliti tölvunefndar og starfrækslunefndar auk heföbundins eftirlits landlæknis. Þá skal þess að lokum getið að ítarleg ákvæði eru í frumvarpinu um viðurlög við brotum, m.a. um afturköllun eða sviptingu rekstrarleyfis.

3. Réttur sjúklings.

Samkvæmt fyrrgreindri tilskipun Evrópusambandsins um persónuvernd ber almennt að afla upplýsts samþykkis viðkomandi fyrir notkun persónuupplýsinga í öðrum en upphaflegum tilgangi. Á hinn bóginn þarf ekki að afla slíks samþykkis ef ekki er um persónuupplýsingar að ræða. Því má segja að tvær leiðir komi til greina við gerð miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Í fyrsta lagi er hægt að gera gagnagrunn með persónugreindum eða persónugreinanlegum upplýsingum sem skráðar yrðu í gagnagrunninn að fengnu samþykki allra viðkomandi einstaklinga. Kostir þess eru að auðvelt er að rekja upplýsingar til einstaklinga ef á þarf að halda vegna heilsu þeirra eða af öðrum ástæðum. Ókostirnir eru að hugsanlega yrði þátttaka minni, þannig að minni not yrðu af gagnagrunninum. Ljóst er að það mundi kosta mikla fyrirhöfn, tíma og fjármagn að afla samþykkis allra viðkomandi við eins viðamikla upplýsingasöfnun og hér er um að ræða. Því fjármagni mætti annars verja til að tryggja persónuvernd og byggja upp hina dreifðu grunna.

Í öðru lagi er hægt að byggja upp ópersónugreinanlegan gagnagrunn. Þá þarf ekki að afla samþykkis, enda persónuauðkenni dulkóðuð og ekki hægt að rekja upplýsingarnar til baka. Ókostir eru þeir að ekki er hægt að rekja sig til baka og finna einstaklinga sem þyrftu á heilbrigðisþjónustu að halda. Það yrði að gera með hinni heföbundnu leið, þ.e. í gegnum heilbrigðisstofnanir. Kostir eru að mun betur yrði gengið frá persónuvernd og mun líklegra yrði að heildstæðar upplýsingar fengjust. Þá er talið líklegra að fjármögnun fengist til að byggja upp slíkan gagnagrunn.

Þar sem ætlunin er að nýta upplýsingarnar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, þ.e. til að selja úrvinnslu m.a. til erlendra stórfyrirtækja, þykir rétt að ganga út frá ópersónugreinanlegum grunni. Því var ákveðið að fara síðarnefndu leiðina og gera ráð fyrir gagnagrunni með ópersónugreinanlegum upplýsingum. Persónuauðkenni verða eins og fyrr greinir dulkóðuð með þeim hætti að ekki verði hægt að rekja þau til baka til tiltekins einstaklings með greiningarlykli. Í fyrra frumvarpi var gert ráð fyrir því að til væri greiningarlykill sem rekstrarleyfishafi hefði ekki aðgang að, þannig að unnt væri að rekja upplýsingar til baka til einstaklings. Með fyrrgreindri breytingu er þessum möguleika hins vegar fórnað til þess að ekki þurfi að afla samþykkis fyrir flutningi upplýsinga í grunninn og þarf því eins og áður greinir að finna einstaklinga í gegnum heilbrigðisþjónustuna ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna viðkomandi einstaklinga.

Eins og fyrr greinir verða upplýsingar í gagnagrunninum ekki persónuupplýsingar og er því ekki nauðsynlegt að afla upplýsts samþykkis fyrir flutningi þeirra í gagnagrunninn. Af sömu ástæðu er heldur ekki nauðsynlegt að gefa sjúklingum kost á að hafna því að upplýsingar um þá séu færðar í grunninn. Þrátt fyrir það þykir rétt að gefa þeim sem kunna að hafa á móti því að upplýsingar úr sjúkraskrám þeirra séu fluttar í grunninn kost á að hafna því. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjúklingur geti, á þar til gerðu eyðublaði, sett fram ósk

um að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í grunninn. Slíkar óskir skuli tilkynntar landlækni. Hann skal sjá um að dulkóðuð skrá um viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði og er hér tekið mið af ábendingum sem fram komu í umsögnum um drög að frumvarpinu, m.a. umsögn tölvunefndar. Gert er ráð fyrir að einstaklingum gefist nokkurt svigrúm til þess að ganga frá slíkum tilkynningum og að vinnsla í gagnagrunninum hefjist í fyrsta lagi sex mánuðum eftir gildistöku laganna. Landlækni er samkvæmt frumvarpinu falið að sjá til þess að upplýsingar um gagnagrunninn og rétt sjúklings til þess að neita því að upplýsingar um hann fari í grunninn séu aðgengilegar almenningi.

4. Aðgangur vísindamanna.

Frumvarpið kveður skýrt á um að starfræksla miðlægs gagnagrunns hefti ekki þann aðgang sem vísindamenn hafa fram til þessa haft að upplýsingum hjá heilbrigðisstofnunum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Þá skal rekstrarleyfishafi kosta samræmt upplýsingakerfi fyrir heilbrigðisstofnanir og skal m.a. tekið tillit til þarfa vísindamanna við gerð þess. Sjúkraskrár heilbrigðisstofnana ættu því að verða í aðgengilegra og betra formi fyrir vísindamenn en nú. Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir að sérstök nefnd, skipuð fulltrúum tilnefndum af landlækni, læknadeild Háskóla Íslands og rekstrarleyfishafa, geti veitt vísindamönnum aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum til notkunar í vísindarannsóknum, en það er eitt af skilyrðum rekstrarleyfis að við vinnslu upplýsinga í gagnagrunninn verði tekið tillit til þarfa vísindamanna.

5. Samningar rekstrarleyfishafa við heilbrigðisstofnanir.

Frumvarpið byggist á því að rekstrarleyfishafi geri samninga við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisstofnanir hafi við samningagerðina samráð við læknaráð og faglega stjórnendur viðkomandi stofnana um það hvort og þá hvaða upplýsingar verði fluttar í gagnagrunninn. Jafnframt er gert ráð fyrir að nefnd um starfrækslu gagnagrunnsins veiti ráðgjöf og aðstoð eftir þörfum heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og hafi eftirlit með samningagerðinni eftir því sem þurfa þykir.

6. Eftirlit með starfrækslu gagnagrunns.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tölvunefnd hafi eftirlit með því að öryggi persónuupplýsinga sé tryggt. Þannig er það grundvallarskilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfis samkvæmt frumvarpinu að fylgt sé þeim skilyrðum sem tölvunefnd telur nauðsynleg. Mikilvægt er að tölvunefnd verði búin nauðsynleg aðstaða til þess að sinna þessu nýja og aukna hlutverki. Tölvunefnd hefur þegar reynslu af því að þróa reglur um vinnuferli við vísindarannsóknir á heilbrigðissviði sem tryggja eiga persónuvernd, m.a. dulkóðun, og mun væntanlega geta byggt á þeirri þekkingu. Auk þess er nauðsynlegt að gera ýmsar frekari öryggisráðstafanir, svo sem að setja strangar og vel skilgreindar aðgangstakmarkanir, og ljóst er að margir þættir frumvarps þessa fela í sér nýmæli varðandi gagnavinnslu sem kalla á verulega sérfræðiþekkingu. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að sett verði á fót sérstök nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunnsins. Nefndinni er ætlað mikilvægt hlutverk við undirbúning gagnagrunnsins þannig að tryggt sé að skráning upplýsinga taki mið af þörfum sjúklinga, heilbrigðisstofnana, sérgreina, vísindamanna og heilbrigðisyfirvalda. Þá er nefndinni ætlað að tryggja að við daglega starfsemi sé í hvívetna fylgt skilyrðum laga, reglugerða og rekstrarleyfis að því leyti sem ekki er um að ræða lögbundið hlutverk tölvunefndar. Þá skal hún fylgjast með öllum

fyrirspurnum og úrvinnslu úr gagnagrunninum og senda vísindasiðanefnd reglulega skrá um allar fyrirspurnir sem berast gagnagrunninum ásamt upplýsingum um fyrirspyrjendur. Loks er gert ráð fyrir að óháður sérfræðingur á sviði öryggismála upplýsingakerfa geri úttekt á gagnagrunninum áður en starfræksla hans hefst. Sú vinna yrði að fara fram eftir að tölvunefndin og eftirlitsnefndin hefðu fjallað um þessa þætti.

IV. Helstu breytingar frá frumvarpi til laga um gagnagrunna á heilbrigðissviði sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi.

1. Gerð er grein fyrir þeim markmiðum laganna að heimila gerð og starfrækslu miðlægs gagnagrunns með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu. (1. gr.)
2. Gert er ráð fyrir einum miðlægum gagnagrunni og að einum aðila verði veitt tímabundið rekstrarleyfi. Frumvarpið tekur ekki til starfsemi annarra gagnagrunna sem starfræktir eru á afmörkuðum sviðum. (1. og 2. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 3. gr.)
3. Ekki er gert að skilyrði að um íslenskan lögaðila sé að ræða heldur einungis að gagnagrunnurinn sé alfarið staðsettur hér á landi. (1. tölul. 1. mgr. 5. gr.) Þessi breyting var gerð þar sem talið var að skilyrði um þjóðerni kynni að brjóta í bága við ákvæði EES-samningsins um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis.
4. Skilgreining hugtaksins „persónuupplýsingar" byggir alfarið á skilgreiningu tilskipunar Evrópusambandsins nr. 95/46 um persónuvernd og frjálst flæði upplýsinga (Directive of the European Parliament and of the Council on the Protection of Individuals with regard to the Processing of Personal Data and on the Free Movement of such Data) (2. tölul. 1. mgr. 3. gr.)
5. Hugtökin „dulkóðun" „dulkóðun í eina átt" eru skilgreind og kveðið er á um að persónuauðkenni skuli dulkóðuð í eina átt þannig að ekki sé unnt að rekja upplýsingar til baka með greiningarlykli. (4. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 7. gr.)
6. Sett eru ítarlegri ákvæði um þann kostnað sem rekstrarleyfishafi skal greiða. (4. gr.)
7. Sett eru ítarleg ákvæði um vörslu, meðferð og starfrækslu gagnagrunnsins bæði þegar leyfistíma lýkur og ef röskun verður á starfsemi leyfishafa. M.a. eru sett ákvæði til að tryggja að heilbrigðisyfirvöld fái ótímabundin afnot af hugbúnaði og réttindum sem nauðsynleg eru til starfrækslu gagnagrunnsins. (10. 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 5. gr.)
8. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja manna nefnd til þess að hafa umsjón með gerð og starfrækslu gagnagrunnsins og samningum leyfishafa við heilbrigðisstofnanir. Nefndin skal skipuð lögfræðingi, sem jafnframt er formaður, heilbrigðisstarfsmanni með þekkingu á faraldsfræði og einstaklingi með þekkingu á sviði upplýsinga- og eða tölvunarfræði. Kveðið er á um að nefndin skuli ávallt varðveita afrit af gagnagrunninum. Verði rekstrarleyfi afturkallað eða leyfishafi sviptur rekstrarleyfi skal nefndin starfrækja gagnagrunninn þar til ráðherra hefur tekið ákvörðun um starfrækslu til frambúðar. (6. gr.)
9. Heilbrigðisstofnanir skulu hafa samráð við læknaráð og faglega stjórnendur áður en gengið er til samninga við rekstrarleyfishafa. (2. málsl. 1. mgr. 7. gr.)
10. Kveðið er á um að starfsmenn heilbrigðisstofnana skuli annast dulkóðun heilbrigðisupplýsinga og persónuauðkenna fyrir flutning í gagnagrunninn. Dulkóðun persónuauðkenna skal vera þannig að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til baka til tiltekins einstaklings með greiningarlykli. Tölvunefnd skal síðan annast frekari dulkóðun með þeim aðferðum sem hún telur tryggja best persónuvernd. (2. mgr. 7. gr.)

11. Kveðið er á um að skylt sé að verða við óskum sjúklinga um að upplýsingar um þá verði ekki fluttar í gagnagrunninn. Hafi sjúklingur sett fram slíka ósk fara engar upplýsingar um hann í gagnagrunninn. Landlæknir skal sjá til þess að dulkóðuð skrá um viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunninn. Jafnframt er kveðið á um að landlæknir skuli sjá til þess að upplýsingar um gagnagrunn á heilbrigðissviði og rétt sjúklings til að hafna því að upplýsingar um hann séu fluttar í gagnagrunninn séu ávallt aðgengilegar almenningi. (8. gr.)
12. Vísindamenn, sem starfa hjá aðilum sem vinna upplýsingar í gagnagrunninn, geta fengið aðgang að upplýsingunum með leyfi sérstakrar aðgangsnefndar og þurfa þeir aðeins að greiða breytilegan kostnað vegna vinnslu upplýsinganna. Nefndin er skipuð fulltrúum landlæknis, læknadeildar Háskóla Íslands og rekstrarleyfishafa og skal fulltrúi landlæknis vera formaður nefndarinnar. (9. gr.) Samkvæmt 7. tölul. 5. gr. skal taka tillit til þarfa vísindamanna við vinnslu upplýsinga í gagnagrunninn. Kveðið er skýrt á um að þeir hafi jafnframt, eins og áður, aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám samkvæmt núgildandi reglum. (3. mgr. 7. gr.)
13. Nánar er kveðið á um takmarkanir á vinnslu rekstrarleyfishafa úr upplýsingum í gagnagrunninum, m.a. þannig að tryggt sé að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum og að óheimilt sé að veita úr grunninum upplýsingar um einstaklinga eða veita beinan aðgang að gögnum úr grunninum og skuli það tryggt með aðgangstakmörkunum. (10. gr.)
14. Tekin eru af tvímæli um að tölvunefnd skuli falið eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunnsins að því er varðar persónuvernd og öryggi gagna í gagnagrunninum. (1. mgr. 12. gr.)
15. Nefnd um starfrækslu gagnagrunns skal hafa umsjón með því að fylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerða og skilyrðum rekstrarleyfis. Þá skal hún fylgjast með öllum fyrirspurnum og úrvinnslu úr gagnagrunninum og senda vísindasiðanefnd reglulega skrá um allar fyrirspurnir sem berast gagnagrunninum ásamt upplýsingum um fyrirspyrjendur. (2. mgr. 12. gr.)
16. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði m.a. nánar kveðið á um starfsemi nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði og starfsemi nefndar um aðgengi að upplýsingum úr gagnagrunni, svo sem hvaða upplýsingar vísindamenn, sem óska eftir upplýsingum vegna rannsókna, þurfi að leggja fyrir nefndina. (17. gr.)
17. Í ákvæði til bráðabirgða er tekið fram að flutningur upplýsinga í gagnagrunn skuli ekki hefjast fyrr en í fyrsta lagi sex mánuðum eftir gildistöku laganna, þannig að sjúklingar hafi svigrúm til þess að koma á framfæri óskum um að upplýsingar um þá verði ekki fluttar í gagnagrunninn. Þá er í ákvæði til bráðabirgða kveðið á um að nefnd um starfrækslu gagnagrunns skuli sjá til þess að fyrir liggi úttekt óháðs sérfræðings á sviði öryggismála upplýsingakerfa áður en vinnsla í gagnagrunninum hefst.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um það markmið laganna að gerður verði og starfræktur miðlægur gagnagrunnur með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum. Gert er ráð fyrir að aðeins verði starfræktur hér á landi einn miðlægur gagnagrunnur. Þannig verði unnt að tryggja markvissari og öruggari skráningu upplýsinga og eftirlit með starfseminni. Upplýsingarnar verði fyrir flutning í gagnagrunninn gerðar ópersónugreinanlegar með dulkóðun sem ekki verði hægt að rekja til baka með greiningarlykli og með ýmsum frekari ráðstöfunum til að tryggja

persónuvernd. Með því að safna upplýsingum úr sjúkraskrám má afla nýrrar þekkingar til að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu. Jafnframt gefast möguleikar á að nýta þá fjármuni sem renna til heilbrigðismála með markvissari hætti.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna. Lögin taka einungis til gerðar og starfrækslu eins miðlægs ópersónugreinanlegs gagnagrunns á heilbrigðissviði sem starfræktur yrði á grundvelli rekstrarleyfis sem heilbrigðisráðherra veitti skv. 4. gr. laganna. Með miðlægum gagnagrunni er átt við heildargagnagrunn með upplýsingum úr sjúkraskrám allra heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna sem samþykkja flutning upplýsinga í gagnagrunninn. Til að taka af öll tvímæli þótti rétt að taka fram að lögin tækju ekki til sjúkraskrárkerfa einstakra stofnana, skráa sem stjórnvöld halda, gagnasafna vegna vísindarannsókna á einstökum sjúkdómum eða sjúkdómaflokkum, eða skráningar slysa. Þannig taka lögin t.d. ekki til starfrækslu skráa Hjartaverndar eða Krabbameinsfélagsins. Fyrrgreindir aðilar geta því haldið óbreyttri starfsemi innan ramma gildandi laga og aðgangur þeirra að gögnum úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana verður með sama hætti og áður. Þá taka lögin ekki til vörslu, meðferðar eða aðgangs að lífsýnum en frumvarp þess efnis verður lagt fram á þessu þingi. Rétt er þó að taka fram að hafi niðurstaða rannsóknar á lífsýni verið skráð í sjúkraskrá verður aðgangur rekstrarleyfishafa að þeim upplýsingum sá sami og að öðrum upplýsingum í sjúkraskrá samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Hér er að finna skilgreiningar á meginhugtökum laganna.

1. tölul. Hugtakið gagnagrunnur á heilbrigðissviði tekur í frumvarpinu til safns gagna sem hafa að geyma heilsufarsupplýsingar sem skráðar eru með kerfisbundnum hætti í einn miðlægan gagnagrunn sem ætlaður er til úrvinnslu og upplýsingamiðlunar.

2. tölul. Skilgreining hugtaksins persónuupplýsingar er orðrétt þýðing skilgreiningar persónuupplýsinga í tilskipun Evrópusambandsins 95/46 um persónuvernd og frjálst flæði upplýsinga (Directive of the European Parliament and of the Council on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data) (fskj. IV). Samkvæmt þeirri skilgreiningu eru allar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling persónuupplýsingar. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann. Í inngangi fyrrgreindrar tilskipunar, 26. lið, kemur fram að reglur um persónuvernd taki ekki til upplýsinga sem hafi verið gerðar nafnlausar með þeim hætti að einstaklingur sé ekki lengur persónugreinanlegur. Tilskipun Evrópusambandsins 95/46 um persónuvernd og frjálst flæði upplýsinga hefur ekki öðlast gildi hér á landi, en þar sem ákvörðun hefur verið tekin um að fella hana undir EES-samninginn, þótti eðlilegt að taka tillit til ákvæða hennar við samningu frumvarps þessa.

3. tölul. Hér eru ópersónugreinanlegar upplýsingar skilgreindar með hliðsjón af skilgreiningu persónuupplýsinga í 2. tölul.

4. tölul. Hér er dulkóðun skilgreind sem umbreyting orða eða talna í óskiljanlega runu af táknum.

5. tölul. Í 5. tölul. er dulkóðun í eina átt skilgreind sem dulkóðun sem ekki er hægt að rekja til baka með greiningarlykli. Séu upplýsingar dulkóðaðar með þeirri aðferð er ekki til greiningarlykill til þess að tengja upplýsingar aftur við tiltekinn einstakling.

6. tölul. Við skilgreiningu á orðinu heilsufarsupplýsingum í lögum þessum er stuðst við skilgreiningu fyrrgreindra tilmæla Evrópuráðsins nr. R(97)5 um vernd heilsufarsupplýsinga (fskj. VI).

7. tölul. Við skilgreiningu á hugtakinu erfðafræðilegar upplýsingar er stuðst við skilgreiningu á hugtakinu í áðurnefndum tilmælum Evrópuráðsins nr. R(97)5, um vernd heilsufarsupplýsinga (fskj. VI).

Um 4. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að þeir sem óska eftir rekstrarleyfi leggi fram umsókn ásamt nauðsynlegum upplýsingum, sbr. 5. gr., og að ráðherra sé síðan, að fenginni umsókn eða umsóknum, heimilt að veita rekstrarleyfi að uppfylltum skilyrðum laganna. Nánar er kveðið á um skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfis í öðrum ákvæðum laganna, einkum 5. gr.

Í 3. mgr. kemur fram að rekstrarleyfishafi skuli greiða gjald fyrir veitingu leyfis til þess að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess. Árlega verði ákvarðað gjald til að standa undir kostnaði vegna nefnda sem starfa skv. 6. og 9. gr. og öðrum kostnaði við þjónustu og eftirlit með starfsemi rekstrarleyfishafa og eftirlit tölvunefndar og kostnaði vegna útgáfu og kynningar skv. 8. gr. Gert er ráð fyrir að árlegt gjald verði einkum byggt á kostnaðaráætlun nefnda skv. 6. og 9. gr. Fyrsta starfsárið yrði að áætla kostnað við undirbúning við útgáfu leyfis og annað starf varðandi gagnagrunninn. Reynist gjaldtaka í upphafi meiri en raunverulegur kostnaður skal draga það sem umfram er frá gjaldtöku vegna annars starfsárs og skal gjaldtakan síðan jöfnuð árlega með sama hætti þann tíma sem rekstrarleyfi varir. Á sama hátt skal bæta við gjald næsta árs ef áætlað gjald fyrra árs hefur ekki staðið undir raunverulegum kostnaði.

Skv. 4. mgr. skal rekstrarleyfishafi greiða allan kostnað við vinnslu upplýsinganna. Gert er ráð fyrir að rekstrarleyfishafi semji við einstakar heilbrigðisstofnanir um vinnsluna og skal nefnd skv. 6. gr. hafa umsjón með gerð samninganna. Þar skal m.a. tryggja að upplýsingarnar séu unnar með samræmdum hætti, að þær uppfylli þarfir stofnunarinnar fyrir samræmt sjúkraskrárkerfi og rekstrarupplýsingar og þarfir heilbrigðisyfirvalda vegna heilbrigðisskýrslna, áætlanagerðar, stefnumótunar og annarra verkefna heilbrigðisyfirvalda. Eins og fram kemur í 2. mgr. 7. gr. skal vinnsla upplýsinga úr sjúkraskrám og annar undirbúningur fyrir flutning unninn af starfsmönnum viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Rekstrarleyfishafi skal greiða allan kostnað vegna fyrrgreindrar vinnslu, þ.m.t. launakostnað og kostnað vegna nauðsynlegs hugbúnaðar og tölvubúnaðar, samkvæmt nánari ákvæðum í samningi aðila. Gert er ráð fyrir að vinnslan fari fram á vegum heilbrigðisstofnana og sé um aðkeypta vöru eða þjónustu að ræða lúti hún almennum reglum um opinber innkaup.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. eru sett ýmis skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfis.

Í 1. tölul. er það gert að skilyrði að gagnagrunnurinn verði alfarið staðsettur hér á landi. Í því felst að ekki væri heimilt að veita rekstrarleyfi aðila sem hygðist flytja þær upplýsingar sem hann fengi aðgang að samkvæmt lögunum í gagnagrunn sem gerður yrði og starfræktur erlendis. Er þetta skilyrði sett til að hægt verði að koma við fullnægjandi eftirliti íslenskra stjórnvalda.

Í 2. tölul. er kveðið á um að liggja þurfi fyrir tækni-, öryggis- og skipulagslýsing sem uppfyllir kröfur tölvunefndar. Miðar þetta skilyrði bæði að því að tryggja öryggi við söfnun og meðferð heilsufarsupplýsinga, m.a. þannig að þær verði gerðar ópersónugreinanlegar

áður en þær eru fluttar í gagnagrunninn, og að ekki verði við samtengingu upplýsinga og vinnslu unnt að tengja þær persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi.

Í 3. tölul. er það skilyrði sett að skráning og úrvinnsla heilsufarsupplýsinga sé framkvæmd eða henni stjórnað af fólki með starfsréttindi á sviði heilbrigðisþjónustu. Er þetta í samræmi við ákvæði tilmæla Evrópuráðsins Nr. R(97)5, um vernd heilsufarsupplýsinga. Fer það síðan eftir eðli einstakra þátta úrvinnslunnar hvers konar sérmenntunar er þörf í hverju tilviki. Tilgangur þess er að tryggja sem best að kunnáttusamlega sé staðið að kerfisbundinni skráningu og úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og að fyllsta trúnaðar sé gætt.

Í 4. tölul. er kveðið á um það að liggja skuli fyrir ítarlegar upplýsingar um starfssvið og verkefni umsækjanda um rekstrarleyfi. Er talið nauðsynlegt að slíkar upplýsingar liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin um veitingu rekstrarleyfis

Í 5. tölul. er sett það skilyrði að fyrir liggi ítarleg verkáætlun umsækjanda sem uppfyllir skilyrði og markmið laganna um verktilhögun og verkframvindu þannig að fyrir liggi hvort áætlanir umsækjanda samrýmist markmiðum laga þessara um gerð og starfrækslu gagnagrunnsins.

Í 6. tölul. kemur fram að heilbrigðisráðuneyti og landlæknir skuli ætíð eiga aðgang að tölfræðilegum upplýsingum úr gagnagrunninum í aðgengilegu formi, þannig að þær nýtist við gerð heilbrigðisskýrslna, stefnumótun og önnur verkefni heilbrigðisyfirvalda. Gert er ráð fyrir að tölvunefnd hafi eftirlit með því að persónuverndar sé gætt við aðgang fyrrgreindra aðila.

Í 7. tölul. er kveðið á um það skilyrði að rekstrarleyfishafi kosti nauðsynlega úrvinnslu upplýsinga heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna fyrir flutning í gagnagrunninn. Upplýsingarnar skulu unnar með þeim hætti að vinnslan uppfylli jafnframt þarfir viðkomandi stofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns fyrir samræmt upplýsingakerfi og þarfir heilbrigðisráðuneytisins og landlæknis skv. 6. tölul. Þá er sett það skilyrði að úrvinnsla upplýsinga uppfylli þarfir sérgreina innan læknisfræði. Loks er gert ráð fyrir að upplýsingarnar séu unnar með þeim hætti að þær nýtist við vísindarannsóknir. Þar er bæði haft í huga að dreifðir gagnagrunnar á heilbrigðisstofnunum, sem verða til við vinnslu upplýsinganna, nýtist vegna vísindarannsókna og að upplýsingar í gagnagrunninum nýtist, bæði til vísindarannsókna rekstrarleyfishafa og annarra vísindamanna. Gert er ráð fyrir að samráð verði haft við viðkomandi sérgreinafélög, forstöðulækna sviða og hjúkrunarstjórnendur til að tryggt sé að upplýsingarnar nýtist sem best við stjórnun og rannsóknir. Einnig er gert ráð fyrir að samráð verði haft m.a. við fyrrgreinda aðila um hvaða upplýsingar séu unnar úr sjúkraskrám og hvort einhverjar upplýsingar séu þess eðlis að ekki sé rétt að flytja þær í miðlægan gagnagrunn.

Í 8. tölul. er gert er ráð fyrir að rekstrarleyfi samkvæmt lögunum verði veitt tímabundið til allt að 12 ára í senn. Sá tími er miðaður við það að talsverðan tíma taki að undirbúa starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði og að jafnvel megi gera ráð fyrir að full starfræksla hefjist ekki fyrr en nokkrum árum eftir að rekstrarleyfi hefur verið veitt.

Í 9. tölul. er kveðið á um að rekstrarleyfishafi skuli afhenda nefnd skv. 6. gr. afrit af gagnagrunninum og að það skuli uppfært reglulega. Tekið er fram að afritið skuli ávallt geymt í bankahólfi eða á annan tryggan hátt og skuli það nánar ákveðið í rekstrarleyfi. Þar verði m.a. kveðið á um í hvaða formi afrit skuli vera og hversu oft það skuli uppfært. Þetta skilyrði er eitt af mörgum sem tryggja eiga öryggi upplýsinga í gagnagrunninum og hagsmuni heilbrigðisþjónustunnar við vinnslu upplýsinga í einn miðlægan gagnagrunn. Um er að ræða upplýsingar sem nýta ber fyrir þjóðfélagið í heild og það er heilbrigðisyfirvalda að tryggja að svo verði.

Í 10. tölul. er kveðið á um að rekstrarleyfishafi skuli tryggja að heilbrigðisyfirvöld fái, þegar leyfistíma lýkur, afnot af hugbúnaði og réttindum sem nauðsynleg eru til starfrækslu gagnagrunnsins. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að réttur samkvæmt höfundarréttarlögum og/eða tilskipun Evrópusambandsins nr. 96/9, um lögverndun gagnagrunna (fskj. V) standi ekki í vegi fyrir því að heilbrigðisráðuneytið, eða sá sem ráðherra felur starfrækslu grunnsins, hafi nauðsynlegan afnotarétt af hugbúnaði og samsetningu gagnagrunnsins. Gert ráð fyrir að frá því verði gengið í rekstrarleyfi.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að ráðherra geti bundið rekstrarleyfi frekari skilyrðum, m.a. kynni að vera nauðsynlegt að setja í rekstrarleyfi skilyrði til þess að tryggja að samningar við heilbrigðisstofnanir og starfræksla gagnagrunnsins samrýmist gildandi samkeppnisreglum, m.a. reglum EES-samningsins. Þá er gert ráð fyrir þeim möguleika að samið verði um hlutdeild í hagnaði af starfrækslu gagnagrunnsins. Gert er ráð fyrir að slíkum hagnaði yrði þá varið til eflingar heilbrigðisþjónustu, m.a. með því að auka rannsóknir á þjónustu heilbrigðisstofnana og gæðum hennar. Loks er talið nauðsynlegt að almenn heimild til að setja frekari skilyrði sé fyrir hendi t.d. ef við undirbúning málsins eða eftir að starfræksla gagnagrunns er hafin koma upp atriði sem taka þarf sérstaklega á.

Í 3. mgr. er ákvæði þess efnis að þegar leyfistíma lýkur, rekstrarleyfi er afturkallað eða leyfishafi sviptur rekstrarleyfi taki ráðherra ákvörðun um starfrækslu gagnagrunnsins að fengnu áliti nefndar skv. 6. gr. og tölvunefndar. Mikilvægt er að kveðið sé á um viðbrögð, ef slíkar aðstæður sem hér um ræðir koma upp þar sem verulegir hagsmunir felast í upplýsingum í gagnagrunninum og mikilvægt er bæði vegna öryggissjónarmiða og möguleika á hagnýtingu gagna að þau glatist ekki.

Í 4. mgr. er kveðið á um að rekstrarleyfi og gagnagrunnur samkvæmt lögunum séu hvorki framseljanleg né aðfararhæf. Þá er rekstrarleyfishafa óheimilt að setja rekstrarleyfi eða gagnagrunninn til tryggingar fjárskuldbindingum. Talið er nauðsynlegt að setja slík skilyrði til að tryggja öryggi upplýsinga í gagnagrunninum og hagsmuni og hagnýtingarmöguleika heilbrigðisyfirvalda ef röskun verður á starfsemi leyfishafa.

Um 6. gr.

Lagt er til að skipuð verði sérstök nefnd til að hafa umsjón með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði fyrir hönd ráðherra. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi nefndina án tilnefningar, en gerð er sú krafa að nefndarmenn uppfylli tiltekin skilyrði varðandi menntun. Tilgangur þess er að tryggja að innan nefndarinnar sé fyrir hendi þekking sem nauðsynleg er talin vegna verkefna nefndarinnar. Þar sem aðeins er um að ræða þrjá einstaklinga er gert ráð fyrir að nefndin þurfi jafnframt að afla sér sérfræðiaðstoðar.

Nefndinni er ætlað að hafa eftirlit með daglegri starfsemi gagnagrunnsins, að því leyti sem það heyrir ekki undir tölvunefnd. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi umsjón með gerð samninga við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn, m.a. hvað varðar gerð hugbúnaðar sem notaður verður við samræmda skráningu hjá þessum aðilum. Mikilvægt er að vandað verði til þeirrar skráningar þannig að hún nýtist heilbrigðisstofnunum, heilbrigðisyfirvöldum og vísindamönnum sem stunda rannsóknir á heilbrigðissviði eða öðrum sviðum þar sem slíkar upplýsingar gætu nýst. Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst að gæta hagsmuna heilbrigðisþjónustunnar við samningsgerðina, þ.e. heilbrigðisyfirvalda og heilbrigðisstofnana, m.a. að nauðsynlegs samræmis sé gætt. Heilbrigðisstofnun eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmaður tekur hins vegar ákvörðun um hvort samið verður um flutning upplýsinga. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi náið samstarf við tölvunefnd, en hlutverk hennar er að gæta hagsmuna sjúklinga hvað varðar persónuvernd. Verði rekstrarleyfi

afturkallað eða leyfishafi sviptur rekstrarleyfi er nefndinni ætlað að starfrækja grunninn uns ráðherra hefur tekið ákvörðun um starfrækslu hans til frambúðar, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Nefndinni skal útveguð starfsaðstaða og starfsmenn í samræmi við umfang starfs hennar á hverjum tíma en gera má ráð fyrir að það verði mest í upphafi en minnki síðan þegar starfsemi gagnagrunnsins er hafin að fullu. Jafnframt skal nefndinni gert kleift að afla sér sérfræðiaðstoðar eftir því sem þörf er á enda mikilvægt að nefndin geti á hverjum tíma aflað sér bestu sérþekkingar sem völ er á.

Gert er ráð fyrir að nefndin geri ráðherra og eftir atvikum tölvunefnd þegar viðvart ef vart verður við misfellur í starfrækslu gagnagrunnsins, svo sem ef skilyrðum sem kveðið er á um í rekstrarleyfi er ekki fylgt eða upp koma önnur atriði sem þykja að mati nefndarinnar athugaverð.

Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um starfrækslu gagnagrunnsins fyrir 1. mars ár hvert.

Gert er ráð fyrir því í 17. gr. að heilbrigðisráðherra setji reglugerð um starfsemi nefndarinnar.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að rekstrarleyfishafa sé heimilt, að fengnu samþykki heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna, að fá til flutnings í gagnagrunn upplýsingar sem unnar eru úr sjúkraskrám. Sé um að ræða sjálfstætt starfandi lækni þarf samþykki hans. Sé um að ræða heilbrigðisstofnun þarf samþykki þeirra sem bærir eru til að taka ákvörðun fyrir hennar hönd. Hafa skal samráð við læknaráð og faglega stjórnendur áður en gengið er til samninga við rekstrarleyfishafa. Gert er ráð fyrir að inn í grunninn fari aðallega flokkaðar og kóðaðar upplýsingar, sem koma má á tölulegt form. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að í samningum rekstrarleyfishafa við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um flutninginn verði settar þær takmarkanir sem heilbrigðisstofnun, heilbrigðisstarfsmenn, tölvunefnd og nefnd um starfrækslu gagnagrunns telja rétt að setja.

Rétt er að taka fram að heimild rekstrarleyfishafa skv. 1. mgr. til flutnings upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði tekur einungis til upplýsinga úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna. Um aðgang að öðrum persónuupplýsingum en úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna og samtengingu þeirra við heilbrigðisupplýsingar í gagnagrunninum fer samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að við meðferð skráa og annarra gagna og upplýsinga skuli fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Jafnframt er það skilyrði sett að persónuauðkenni og heilsufarsupplýsingar skuli dulkóðaðar fyrir flutning í gagnagrunninn, þannig að tryggt sé að starfsmenn rekstrarleyfishafa vinni einungis með ópersónugreinanlegar upplýsingar.

Þá er sérstaklega tekið fram að starfsmenn viðkomandi stofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skuli búa upplýsingarnar til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði og er það í samræmi við tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R(97)5, um vernd heilsufarsupplýsinga. Tekið er fram að starfsmenn heilbrigðisstofnana skuli annast dulkóðun heilsufarsupplýsinga og persónuauðkenna. Dulkóðun persónuauðkenna skal vera dulkóðun í eina átt, þannig að ekki verði unnt að rekja upplýsingarnar til baka til tiltekins einstaklings með greiningarlykli. Með slíkri dulkóðun og frekari öryggisráðstöfunum, svo sem aðgangstakmörkunum, sbr. 2. mgr. 10. gr., á að vera tryggt að starfsmenn rekstrarleyfishafa fái aldrei persónugreinanlegar upplýsingar. Tölvunefnd skal síðan annast frekari dulkóðun persónuauðkenna og heilsufarsupplýsinga með þeim aðferðum sem hún á hverjum tíma telur tryggja persónuvernd best. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fól hugbúnaðarfyrirtækinu

Stika ehf. að gera tillögur um dulkóðun (fskj. VI, minnisblað um feril upplýsinga frá heilbrigðisstofnun í miðlægan gagnagrunn, Stiki ehf., 29. september 1998). Gert er ráð fyrir að dulkóðun skuli a.m.k. vera jafnörugg og sett er fram í fyrrgreindri tillögu Stika ehf.

Gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi um flutning upplýsinga úr sjúkraskrám látinna.

Um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám fer að öðru leyti samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga, læknalögum, lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Reglur um aðgang annarra en rekstrarleyfishafa að upplýsingum úr sjúkraskrám verða því óbreyttar. Upplýsingarnar ættu hins vegar að verða mun aðgengilegri þegar samræmd upplýsingakerfi eru orðin til á heilbrigðisstofnunum, en skv. 7. tölul. 1. mgr. 5. gr. skal m.a. tekið tillit til þarfa vísindamanna við gerð þeirra.

Um 8. gr.

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins 95/46 um persónuvernd og frjálst flæði upplýsinga (fskj. IV) ber að afla upplýsts samþykkis viðkomandi fyrir notkun persónuupplýsinga í öðrum tilgangi en þeirra var upphaflega aflað. Frá því eru þó nokkrar undantekningar. Samkvæmt 7. gr. eru persónuauðkenni dulkóðuð með þeim hætti að ekki er hægt að rekja upplýsingar til baka til tiltekins einstaklings með greiningarlykli. Upplýsingar í gagnagrunninum verða því ekki persónuupplýsingar og er því ekki nauðsynlegt að afla upplýsts samþykkis fyrir flutningi þeirra í gagnagrunninn. Af sömu ástæðum er ekki skylt að gefa sjúklingum kost á að hafna því að upplýsingar um þá séu færðar í grunninn. Þótt persónuvernd sé nú betur tryggð en í fyrra frumvarpi þykir samt rétt að gefa þeim kost á því. Hér er því gert ráð fyrir að sjúklingur geti, á þar til gerðu eyðublaði, óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Beiðnin getur varðað allar upplýsingar eða tilteknar upplýsingar og er skylt að verða við beiðninni og skal hún virt, einnig eftir lát sjúklings. Sjúklingur skal tilkynna landlækni um ósk sína. Til þess að auðvelda sjúklingum að koma slíkum óskum á framfæri er gert ráð fyrir að landlæknir skuli annast gerð eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggi frammi á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Þá skal landlæknir sjá til þess að dulkóðuð skrá um viðkomandi sjúklinga sé aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði, þ.e. tölvunefnd eða þeim sem hún felur að annast flutning upplýsinga. Þetta ákvæði er sett til að tryggja að upplýsingar fari ekki í gagnagrunninn gegn yfirlýstum vilja sjúklinga og að aðrir en landlæknir hafi ekki upplýsingar um hverjir þessir sjúklingar eru.

Engin ákvæði eru í frumvarpinu um hver taki ákvörðun fyrir hönd barna eða ósjálfráða einstaklinga um flutning upplýsinga í gagnagrunninn. Um það gilda því almennar reglur um hver sé bær til að taka ákvörðun fyrir þeirra hönd.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að einstaklingar geti hafnað því að upplýsingar um látna foreldra þeirra séu færðar í gagnagrunninn.

Í 2. mgr. eru ákvæði sem eiga að tryggja að upplýsingar um rétt til að hafna flutningi upplýsinga í gagnagrunninn séu aðgengilegar almenningi og sjúklingum.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er fjallað um aðgengi að upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði. Annars vegar er kveðið á um það að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlæknir eigi ætíð rétt á upplýsingum úr gagnagrunninum vegna verkefna sinna, sbr. 6. tölul. 5. gr. Gert er ráð fyrir að þær verði veittar án ástæðulausrar tafar og í því formi sem heilbrigðisyfirvöld þurfa vegna verkefna sinna. Þá er tekið fram að upplýsingarnar skuli veittar án endurgjalds. Gert

er ráð fyrir að það falli undir hlutverk tölvunefndar samkvæmt lögunum að hafa eftirlit með því að persónuverndar sé gætt við aðgang fyrrgreindra aðila.

Hins vegar er kveðið á um að skipuð verði nefnd um aðgengi vísindamanna að upplýsingum úr grunninum. Gert er ráð fyrir að nefndin verði skipuð þremur mönnum til fjögurra ára, einum tilnefndum af læknadeild Háskóla Íslands, einum af rekstrarleyfishafa og einum af landlækni og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndinni er heimilt að veita vísindamönnum sem starfa hjá þeim aðilum sem vinna upplýsingar í gagnagrunn á heilbrigðissviði aðgengi að upplýsingum úr grunninum til notkunar í vísindarannsóknum, nema nefndin telji fyrirsjáanlegt að viðkomandi rannsókn skerði viðskiptahagsmuni rekstrarleyfishafa. Viðkomandi vísindamenn skulu einungis greiða viðbótarkostnað við að vinna þær afmörkuðu spurningar sem umsókn varðar. Hvað varðar aðgang annarra vísindamanna, sem stunda rannsóknir sem byggjast á aðgangi að upplýsingum sem fengnar eru úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana, er bent á að slíkar rannsóknir eru í flestum tilfellum gerðar í samstarfi við starfsmenn viðkomandi stofnana og þykir eðlilegt að gera ráð fyrir því að svo verði áfram. Rétt er að undirstrika að aðgangur að þeim upplýsingum sem skráðar eru á einstökum stofnunum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum verður óbreyttur. Vísindamenn geta því eftir sem áður fengið aðgang að upplýsingum vegna vísindarannsókna samkvæmt þeim reglum sem um slíkan aðgang gilda og gildir það hvort sem um er að ræða upplýsingar úr sjúkraskrám í núverandi formi eða úr upplýsingakerfum heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna sem verða til samkvæmt lögum þessum.

Nánar skal kveðið á um starfsemi nefndarinnar í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 17. gr. Þar skal m.a. annars kveðið á um hvaða upplýsingar vísindamenn þurfa að leggja fyrir nefndina og um þagnarskyldu nefndarmanna. Gert er ráð fyrir að vísindamenn sem óska eftir upplýsingum úr gagnagrunninum þurfi ekki að leggja meiri upplýsingar fyrir nefndina en nauðsynlegt er til þess að nefndarmenn geti metið hvort viðkomandi rannsókn skerði viðskiptahagsmuni rekstrarleyfishafa.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um í hvaða tilgangi nýta megi upplýsingar úr gagnagrunninum.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild starfsleyfishafa til vinnslu þeirra upplýsinga sem skráðar eru í gagnagrunn á heilbrigðissviði, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu að ekki sé unnt að tengja upplýsingarnar persónugreinanlegum einstaklingum. Þá er tekið fram að óheimilt sé að veita upplýsingar um einstaklinga og skal það m.a. tryggt með aðgangstakmörkunum. Slíkar aðgangstakmarkanir þurfa að uppfylla kröfur tölvunefndar, sbr. m.a. 2. tölul. 5. gr. Þær gætu t.d. falist í því að ekki væri unnt að fá svör við fyrirspurnum sem ættu einungis við einn einstakling eða lítinn hóp einstaklinga, t.d. færri en tíu einstaklinga.

Í 3. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að veita beinan aðgang að gögnum í gagnagrunninum. Einungis er heimilt að svara spurningum, en ekki væri t.d. heimilt að veita beinan aðgang að frumgögnum í gagnagrunninum eða afriti af þeim.

Í 4. mgr. kemur fram að rekstrarleyfishafa sé á leyfistíma heimil fjárhagsleg nýting gagnagrunnsins með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum, reglugerðum og rekstrarleyfi.

Í 5. mgr. er ítrekað að gagnagrunninn megi ekki flytja úr landi og úrvinnsla úr honum megi einungis fara fram hér á landi. Sjá umfjöllun í athugasemdum við 1. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar er byggt á ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá er sérstaklega tekið fram að þagnarskylda taki ekki einungis til starfsmanna rekstrarleyfishafa heldur einnig til verktaka. Um þagnarskyldu starfsmanna heilbrigðisstofnana sem vinna upplýsingar til flutnings í gagnagrunninn gilda lög um viðkomandi heilbrigðisstétt.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að tölvunefnd hafi eftirlit með framkvæmd laganna að því er varðar vernd persónuupplýsinga, þ.e. vernd upplýsinga fyrir flutning í gagnagrunninn. Tölvunefnd mundi þannig hafa eftirlit með dulkóðun upplýsinga fyrir flutning í gagnagrunninn. Þá er einnig kveðið á um það í 1. mgr. að hún skuli hafa eftirlit með öryggi gagna í gagnagrunninum. Nefndin á því að hafa eftirlit með því að við vinnslu í gagnagrunninum, samtengingu upplýsinga og aðgang að honum sé öryggi upplýsinga tryggt eins vel og kostur er. Þannig taki tölvunefnd ákvörðun um framkvæmd skráningar og starfsemi gagnagrunnsins að því leyti sem það heyrir undir lögbundið hlutverk hennar. Þá skal tölvunefnd annast eftirlit með því að þeim skilmálum sem hún setur varðandi starfsemi gagnagrunnsins sé fylgt.

Í 2. mgr. er einnig gert ráð fyrir því að nefnd um starfrækslu gagnagrunnsins, sem kveðið er á um í 6. gr., skuli hafa umsjón með því að við starfrækslu gagnagrunnsins sé í hvívetna fylgt fyrirmælum samkvæmt lögunum og reglugerðum sem settar verða á grundvelli þeirra og skilyrðum í rekstrarleyfi. Loks er tekið fram að nefndin skuli fylgjast með öllum fyrirspurnum og úrvinnslu úr gagnagrunninum. Gert er ráð fyrir að hún hafi aðgang að skrá yfir fyrirspyrjendur, fyrirspurnir og úrvinnslu. Þetta er gert til að unnt verði að fylgjast með hvernig gagnagrunnurinn verður nýttur. Þá er gert ráð fyrir að nefndin sendi vísindasiðanefnd skrá um allar fyrirspurnir sem berast gagnagrunninum, ásamt upplýsingum um fyrirspyrjendur, þannig að vísindasiðanefnd geti fylgst með hvort starfsemin fari í bága við vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið. Lögð er áhersla á að nefndinni er ætlað að styðja tölvunefnd í hennar starfi en hún á ekki að hafa eftirlit með þeim þáttum í starfsemi gagnagrunns sem undir tölvunefnd heyra né skilmálum tölvunefndar. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi náið samstarf við tölvunefnd og nýti sér í starfi sínu þá sérþekkingu og reynslu sem tölvunefnd býr yfir.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um heimild ráðherra til að afturkalla leyfi ef brotið er gegn ákvæðum laganna eða skilyrðum leyfis er ekki fullnægt. Áður en rekstrarleyfi er afturkallað skal ráðherra þó veita leyfishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sé um að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi getur ráðherra þó afturkallað leyfi án þess að gefa aðvörun eða veita frest til úrbóta.

Um 14.–16. gr.

Ákvæði greinanna eru efnislega samhljóða sams konar ákvæðum í lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og þarfnast því ekki sérstakra athugasemda.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið á um endurskoðun laganna eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er gert ráð fyrir að flutningur upplýsinga í gagnagrunninn hefjist ekki fyrr en sex mánuðum eftir gildistöku laganna. Tilgangur þessa ákvæðis er að gefa þeim sem óska eftir að gögn um þá fari ekki inn í gagnagrunninn svigrúm til að koma því á framfæri áður en flutningur upplýsinga í gagnagrunninn hefst.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Hér er nefnd um starfrækslu gagnagrunns falið að láta gera úttekt óháðs sérfræðings á sviði öryggismála upplýsingakerfa. Tilgangur þessa skilyrðis er að tryggja enn frekar öryggi persónuupplýsinga.

Fylgiskjöl:

I. Umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis.
II. Listi yfir umsagnir um drög að frumvarpi til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, dags. 31. júlí 1998.
III. Gagnagrunnar á heilbrigðissviði. Mat á stofnkostnaði. Eignamatið sf. September 1998.
IV. Tilskipun ESB 95/46 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.
V. Tilskipun ESB 96/9 um lögverndun gagnagrunna.
VI. Minnisblað Stika ehf. um feril heilsufarsupplýsinga frá heilbrigðisstofnun í miðlægan gagnagrunn.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Með frumvarpinu er sett löggjöf um meðferð og hagnýtingu miðlægs gagnagrunns með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum. Heilbrigðisráðherra veitir leyfi til starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði og skal rekstrarleyfishafi greiða gjald til þess að mæta öllum kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins. Rekstrarleyfishafi skal enn fremur greiða árlegt gjald sem nemur kostnaði vegna starfs nefnda skv. 6. og 9. gr. frumvarpsins og öðrum kostnaði vegna þjónustu og eftirlits með starfrækslunni, svo sem eftirliti tölvunefndar og kostnaði landlæknis vegna óska þeirra sjúklinga sem vilja ekki að upplýsingar um þá verði skráðar í gagnagrunninn. Verði rekstrarleyfi afturkallað skal gagnagrunnurinn starfræktur í umsjón nefndar uns ráðherra tekur ákvörðun um starfrækslu hans til frambúðar. Við þær aðstæður

gæti skapast óverulegur kostnaður fyrir ríkissjóð. Að öðru leyti á frumvarpið ekki að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram tekjur af leyfis- og eftirlitsgjöldum verði það óbreytt að lögum.

Fylgiskjal II.

Umsagnir
sem hafa borist heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu
um drög, dags. 31. júlí 1998,
að frumvarpi til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Blóðbankinn
Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag íslenskra sjúkraþjálfara
Geðhjálp
Héraðslæknir Norðurlands eystra
Héraðslæknir Vestfjarða
Héraðslæknir Vesturlands
Héraðslæknirinn í Reykjavík
Hjartavernd
Högni Óskarsson, geðlæknir
Iðjuþjálfafélag Íslands
Krabbameinsfélag Íslands
Læknadeild Háskóla Íslands
Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur
Læknaráð Landspítalans
Læknaráð Sjúkrahúss Reykjavíkur
Landlæknisembættið
Landssamband sjúkrahúsa á Íslandi
Landssamtök heilsugæslustöðva
Miðstöð í erfðafræði, Háskóla Íslands
Nefnd á vegum samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík
Neytendasamtökin
Rannsóknarráð Íslands
Ríkiskaup
Samkeppnisstofnun
Siðaráð landlæknis
Siðfræðistofnun Háskóla Íslands
Sigurður Guðmundsson, form. vísindasiðanefndar, Karl G. Kristinsson, varaform. og Ásgeir Haraldsson, varafulltrúi
Sjúkrahús Reykjavíkur
Slysavarnafélag Íslands
Slysavarnaráð
Stjórnarnefnd Ríkisspítala

Tannlæknadeild Háskóla Íslands
Tölvunefnd
Þroskaþjálfafélag Íslands
Vísindafélag Íslendinga
Vísindasiðanefnd
15 prófessorar og dósentar við læknadeild Háskóla Íslands

Fylgiskjal III.

Stefán Ingólfsson verkfræðingur,
Eignamatið sf.:

GAGNAGRUNNAR Á HEILBRIGÐISSVIÐI
Mat á stofnkostnaði.
(September 1998.)

MÁLEFNI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur óskað eftir því að metinn verði kostnaður við hönnun og uppsetningu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði. Matið byggist á þeim hugmyndum sem fyrir liggja um slíkan gagnagrunn. Óskað er eftir að matsfjárhæð verði sundurliðuð miðað við kostnað við gerð og uppsetningu upplýsingakerfis á sjúkrastofnunum, hönnun og uppsetningu miðlægs gagnagrunns og kostnað við skráningu upplýsinga af gögnum sem varða heilsufar landsmanna. Þá óskar ráðuneytið eftir umsögn um hvaða atriði hafi áhrif á nákvæmni matsins og önnur atriði sem máli geta skipt varðandi verkefnið.

NIÐURSTÖÐUR

Þess er að vænta að kostnaður við uppsetningu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði verði á bilinu 10,5–19,3 milljarðar. Kostnaðurinn fer eftir því hversu langt verður gengið við skráningu gagna um heilsufar landsmanna. Matið er gert með þeim fyrirvörum sem tilgreindir eru í athugasemdum. Allar fjárhæðir eru með inniföldum virðisaukaskatti. Hér á eftir er mat á þremur kostum miðað við að misjafnlega langt verði gengið í yfirferð skráðra gagna í skjalageymslum og misjafnlega miklar kröfur gerðar um skráningu upplýsinga. Áætlun á kostnaði sundurliðast þannig:

Lágmarksverð:

Sjúklingaupplýsingakerfi	2,0 milljarðar
Gagnagrunnskerfi	1,3 “
Skráning gagna	7,2 “
Samtals	10,5 milljarðar

Miðlungsverð:

Sjúklingaupplýsingakerfi	2,0 milljarðar
Gagnagrunnskerfi	1,3 “
Skráning gagna	10,8 “
Samtals	14,1 milljarðar

Hámarksverð:

Sjúklingaupplýsingakerfi	2,0 milljarðar
Gagnagrunnskerfi	1,3 “
Skráning gagna	16,0 “
Samtals	19,3 milljarðar

ATHUGASEMDIR

Í þessari skýrslu er ekki lagt mat á rekstrarkostnað kerfis fyrir miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Frá sjónarhóli þess sem kostar uppsetningu og rekstur hans skiptir svonefndur eignarhaldskostnaður mestu máli. Það er samanlagður stofnkostnaður og rekstrarkostnaður grunnsins á gefnu tímabili. Í skýrslunni er einungis að finna mat á stofnkostnaði. Þá er kostnaður við markaðsfærslu grunnsins ekki reiknaður með. Mikilvægar ákvarðanir sem hafa áhrif á matsfjárhæðir hafa ekki enn verið teknar. Óvissa ríkir sérstaklega um skráningu upplýsinga af pappírsgögnum. Mikilvægt er að menn átti sig almennt á því gríðarlega magni upplýsinga sem um er að ræða. Hugsanlegt er að menn verði að draga úr áformum um yfirferð og skráningu pappírsgagna og sögulegra gagna. Ekki er í skýrslunni lagt mat á þann tíma sem nauðsynlegur er til að framkvæma umrædda skráningarvinnu en hún kann að hafa áhrif á hagkvæmni þess að skrá gögnin. Gerð og uppsetningu sjúklingaupplýsingakerfis verður ekki lokið á skömmum tíma. Þekkt lögmál úr framkvæmdafræði við hugbúnaðargerð valda því að ekki er unnt að hraða framkvæmdum nema að ákveðnu marki. Óhemjumiklar öryggiskröfur eru gerðar til þeirra kerfa sem hér um ræðir. Hafa hugmyndir manna hvað þann þátt áhrærir vaxið mikið á skömmum tíma. Öryggiskröfur sem gerðar verða til upplýsingakerfanna eru svo strangar að þær einar sér munu auka kostnað um tugi prósenta.

Stefán Ingólfsson.

1. ALMENNT

Umræða og hugmyndir um gagnagrunna á heilbrigðissviði eru nú á því stigi að mjög mörg atriði sem hafa munu áhrif á kostnað við gerð þeirra eru óþekktir. Ekki hefur verið ákveðið hvaða upplýsingar verði valdar til að skrá í miðlægan gagnagrunn. Kröfulýsing fyrir sjúklingaupplýsingakerfi hefur ekki heldur verið samin. Uppbygging íslenska heilbrigðisnetsins og áform um gagnaflutning liggja ekki fyrir. Einungis unnt að áætla með óbeinum hætti hversu mikið magn skjala liggi í sjúkraskrám og öðrum gagnasöfnum um heilbrigðismál. Ástand og skipulag skjalasafna hefur ekki verið tekið út. Yfirlit vantar um þá staði þar sem gögn er að finna, magn gagna og ástand þeirra. Þá hefur innihald sjúkraskráa og annarra safna ekki verið greint með tilliti til þess hvernig gögnin liggi fyrir til tölvuskráningar upplýsinga. Skilgreining upplýsinga sem færa á í miðlægan gagnagrunn liggur ekki fyrir, hvorki um efnisatriði eða fjölda atriða sem skrá þarf fyrir hvern einstakling. Ljóst er að mikil vinna er óunnin áður en unnt er að segja fyrir með vissu hversu umfangsmikið og dýrt það verk er sem hér um ræðir.

Tölur sem nefndar eru í þessari skýrslu verður að lesa með þeim fyrirvörum sem áður eru nefndir. Ekki er unnt að líta á þær sem nákvæmar áætlanir heldur verður að skoða þær sem gróft mat á horfum miðað við fyrirliggjandi vitneskju. Þetta á einkum við um kostnað og tíma við skráningu upplýsinga af pappírsgögnum. Því eru miklar skorður settar tæknilega hversu langt er unnt að ganga í þeirri vinnu nema að miklu fé sé varið til hennar og langur tími ætlaður til verksins.

Í skýrslunni eru matsfjárhæðir sundurliðaðar í þrjár stærðir: Í fyrsta lagi stofnkostnað mjög vandaðs sjúklingaupplýsingakerfis til að halda tölvuunna sjúkraskrá og nota við dagleg störf. Í öðru lagi kostnað við að skrá upp af pappírsgögnum ítarlegar upplýsingar um sjúkrasögu einstaklinga og færslu þeirra í tölvuunna sjúkraskrá á viðkomandi sjúkrastofnun og í miðlægan gagnagrunn. Í þriðja lagi stofnkostnað upplýsingakerfis fyrir miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, kerfi til að safna í hann upplýsingum frá sjúkrastofnunum með reglubundnum hætti og tölvukerfi til að halda honum við og nota í rannsóknaskyni.

Í skýrslunni er ekki að finna mat á árlegum rekstrarkostnaði áðurnefndra upplýsingakerfa, kostnaði við þróun þeirra og viðhaldskostnað tölvukerfa. Sama máli gegnir um markaðssetningu og kynningu gagnagrunnsins á alþjóðavettvangi.

Í skýrslunni er hugtakið nýviði notað um kostnað við að setja upp upplýsingakerfi. **Nýviði** er það verð sem greiða þyrfti fyrir nýtt kerfi sem samanstendur af nýjasta búnaði og hannað er með nýjustu aðferðum. Í nýviði er innifalinn allur kostnaður við kaup, uppsetningu, kennslu og þjálfun.

2. UPPLÝSINGAKERFI SJÚKRASTOFNANA

Gert er ráð fyrir að á sjúkrastofnunum verði tekin í notkun tölvuvædd upplýsingakerfi sem þjóni tvennum tilgangi. Annars vegar nýtist þau stofnununum sjálfum við daglegan rekstur og hins vegar verði dregnar úr þeim upplýsingar til færslu í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Til upplýsingakerfa stofnana verður að gera ákveðnar kröfur. Mikilvægt er að þau veiti alhliða stuðning við starf stofnunarinnar. Upplýsingakerfi sjúkrastofnana eru sett saman úr mörgum minni tölvukerfum sem mörg eru þó stór á okkar mælikvarða. Þeim má skipta í nokkra flokka. Nefna má kerfi fyrir þætti sem snúa að sjúkradeildum („klínisk" upplýsingakerfi), þjónustudeildakerfi og fjármála- og starfsmannahaldskerfi. Þessi flokkun er samhljóða því sem gert er í skýrslu um stöðu tölvumála á sjúkrahúsum sem Skýrr vann fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1995. Kerfin verða að vera samhæfð og mynda þannig heillegt upplýsingakerfi sjúkrastofnana. Í þessari umfjöllun skipta einungis kerfi sem þjóna meðhöndlun sjúklinga máli.

Sjúklingaupplýsingakerfi („klínisk" upplýsingakerfi): Þau kerfi sem helst eru talin koma við sögu á sjúkradeildum eru sjúkraskrárkerfi, rannsóknastofukerfi, röntgenkerfi, legudeildakerfi, göngudeildakerfi, slysadeildakerfi og skurðstofukerfi. Einnig má nefna blóðbankakerfi, krabbameinskerfi, vistmannakerfi fyrir dvalarstofnanir og annað. Miðað við ráðandi hugmyndir um skipan tölvumála mun sjúkraskrárkerfið verða eitt það mikilvægasta af þeim sem áður eru talin. Því er ætlað að halda utan um og uppfæra tölvutæka sjúkraskrá. Tölvutæka sjúkraskráin verður meginuppistaðan í gagnagrunni hverrar sjúkrastofnunar. Sjúkraskrárkerfið verður vafalaust dýrast af öllum kerfum á sjúkradeildum. Því valda margir þættir sem hafa áhrif á kostnað. Sjúkraskrárkerfið verður að hafa öruggar aðgangsstýringar, mikið skráningaröryggi og geta sent upplýsingar til annarra tölvukerfa og tekið á móti upplýsingum frá þeim. Margar aðgerðir í ýmsum þessara kerfa þjóna ekki beinlínis þeim tilgangi að safna og varðveita upplýsingar sem síðar væru fluttar í miðlægan gagnagrunn. Engu að síður er mikilvægt að þau séu tekin með þegar áætlaður er stofnkostnaður upplýsingakerfis fyrir sjúkraupplýsingar.

Öryggismál: Undanfarið hafa allar kröfur um hvers konar öryggismál snaraukist. Enn liggja ekki fyrir samræmdar reglur um hverjum skuli heimill aðgangur að hinum ólíku upplýsingum sem skráðar verða um sjúklinga. Þó er ljóst að þegar þær líta dagsins ljós munu þær verða enn strangari en menn töldu hæfilegt fyrir fáum missirum. Það mun hafa veruleg áhrif á kostnað við öflun tölvukerfa, einkum sjúkraskrárkerfis og boðmiðlunarkerfis innan

sjúkrastofnana. Þá verða reglur um rekstraröryggi og gagnaöryggi að vera það ákveðnar að öryggi sjúklinga verði ekki hætt ef tölvukerfið skyldi bregðist að einhverju eða öllu leyti.

Upplýsingamiðlun innan stofnana: Gera verður ráð fyrir að hanna þurfi sérstakt tölvukerfi til að sjá um upplýsingaskipti á milli hinna ýmsu tölvukerfa. Gert er ráð fyrir að einstök tölvukerfi séu í raun sjálfstæðar einingar og geti starfað sem slíkar. Sérstakt tölvukerfi annist síðan miðlun upplýsinga á milli þeirra innan stofnana. Þannig megi líta á hvert kerfi sem eins konar svartan kassa. Gögn sem úr því þurfa að fara séu hins vegar stöðluð og sama gildi um gögn sem í það koma úr öðrum kerfum. Þessu fyrirkomulagi hefur verið líkt við það sem gerist þegar læknar senda læknabréf til annarra stofnana en varðveita sjúkraskrárnar sjálfar í eigin skjalasöfnum. Af því sem áður segir leiðir að smíða þurfi eitt samskiptakerfi fyrir hverja stofnun auk hinna sérhæfðu kerfa.

Öflun upplýsingakerfis: Við öflun upplýsingakerfa fylgja menn almennt fastmótuðu verklagi. Reiknað er með að það verði einnig gert við öflun þess upplýsingakerfis sem hér um ræðir. Þá verði samdar kröfulýsingar fyrir öll helstu tölvukerfi sem mynda heillegt fullkomið sjúklingaupplýsingakerfi („klíniskt" upplýsingakerfi). Þar komi fram innri kröfur um notkun, söfnun og kóðun upplýsinga, kröfur um öryggi, notkunarsvið og annað sem máli skiptir. Einnig verði því lýst hvaða upplýsingum kerfin skuli geta miðlað til annarra kerfa á sömu stofnun og tekið á móti frá þeim. Þá komi fram kröfur um innihald og form upplýsinga sem skila á inn í „söfnunarkerfi" miðlægs gagnagrunns. Innan þess ramma sem kröfulýsingarnar setja og að uppfylltum skilyrðum um form upplýsinga gætu stofnanir síðan valið sér sjálfar kerfi við hæfi. Margt bendir til að þarfir og aðstæður á sjúkrastofnunum séu það ólíkar að ekki sé grundvöllur fyrir einu samræmdu kerfi. Með kröfulýsingar að vopni geta einstakar stofnanir hins vegar keypt kerfi sem hentar þeirra starfsumhverfi en standast þó allar kröfur um samræmingu og staðla.

Kostnaðarmat: Við öflun upplýsingakerfa er á undirbúningsstigi samin kröfulýsing sem tiltekur þær kröfur sem þau verða að standast. Kröfulýsingin liggur síðan til grundvallar kostnaðarmati. Kröfulýsing hefur ekki enn verið unnin fyrir helstu tölvukerfi sem mynda heildstætt sjúkradeildakerfi. Kostnaðarmat hlýtur þess vegna á þessu stigi að byggjast á veikum grunni og verður af þeim sökum ekki nákvæmt. Á þessu stigi er hugsanlegt að leggja mat á líklegt nýviði út frá þeirri vitneskju sem fyrir liggur um kostnað við öflun þeirra tölvukerfa sem þegar eru til.

Enn er ekki vitað hversu útbreidd tölvuvæðingin verður á sjúkrastofnunum mælt í fjölda vinnustöðva. Í heilsugæslunni er gert ráð fyrir að skjáhlutfall verði hátt í 1,0. Á sjúkrahúsum er vinnufyrirkomulag frábrugðið auk þess sem unnið er á vöktum svo að skjáhlutfallið verður lægra. Í eftirfarandi matsreikningum er gert ráð fyrir að skjáhlutfall lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, sjúkraliða, starfsfólks á rannsóknastofum, stjórnenda og skrifstofufólks verði nálæg 0,4. Samanlagt er þá gert ráð fyrir að 3.750 skjáir verði í notkun á sjúkradeildum, dvalarheimilum og heilsugæslustöðvum. Nálægt 350 skjám má líklega bæta við vegna sérfræðinga og annarra. Samtals verða þá 4.100 vinnustöðvar tengdar sjúkradeildakerfum ef allir þessir aðilar tölvuvæðast og tengjast gagnagrunninum.

Nýviði búnaðar er áætlað sem ákveðið verð á vinnustöð. Við áætlun einingarverða er einkum stuðst við þá reynslu sem aflast hefur við tölvuvæðingu heilsugæslunnar. Nýviðið áætlast eftirfarandi:

Tafla 1 — Nýviröi sjúkraupplýsingakerfis:

Vélbúnaður og kerfishugbúnaður	880	milljónir
Sjúkradeildakerfi	990	"
Boðskiptakerfi	110	"
Samtals	1.980	milljónir

Að auki bætast við að minnsta kost 180 milljónir vegna kostnaðar við tölvuvæðingu sjálfstæðra sérfræðinga og annarra.

Í áðurnefndu mati er ekki tekið tillit til þess að þegar hefur verið keypt nýtt sjúkraskrárkerfi fyrir 580 vinnustöðvar á heilsugæslustöðvum og hugsanlega nýtast tölvukerfi sem þegar eru í notkun á sjúkrastofnunum, hugbúnaður og vélbúnaður.

3. MIÐLÆGUR GAGNAGRUNNUR

Miðlægur gagnagrunnur mun samanstanda af nokkrum einingum sem vinna saman. Nýviröi gagnagrunnsins ræðst af nokkrum tiltölulega aðskildum þáttum. Uppsetning og rekstur grunnsins er þó slík nýjung að flestar kennitölur skortir til að framkvæma áreiðanlegt mat.

Söfnun upplýsinga og dulkóðun: Setja verður upp kerfi til söfnunar tölvutækra upplýsinga frá heilbrigðisstofnunum. Kerfið verður einhvers konar „upplýsinganet" sem tekur á móti upplýsingum á hverri sjúkrastofnun og sendir þær áfram til miðlægs gagnagrunns. Kerfið gæti þurft að safna upplýsingum úr tugum ólíkra tölvukerfa á hundruðum vinnustaða. Það samanstendur af forritum á hverjum stað til að draga út upplýsingar og búa þær til sendingar áfram með öryggisráðstöfunum sem tryggja mikið öryggi varðandi persónuvernd. Villur í gögnum verður að laga á viðkomandi stofnun og þær verður að finna á meðan gögnin eru enn persónutengd. Á þessu stigi verða upplýsingar væntanlega aftengdar persónuauðkennum í fyrsta sinn og þeim gefinn sérstakur dulkóði sem tryggja skal persónuöryggi á meðan gögnin eru flutt á milli tölvukerfa. Þess vegna þarf að fara fram flókin vinna við villuleitir, afstemmingar, dulkóðun og önnur atriði. Upplýsingarnar sem berast frá sjúkrastofnunum verða mótteknar í sérstöku miðlægu tölvukerfi í umsýslu þess aðila sem annast daglegan rekstur gagnagrunnsins. Áður en gögn eru færð inn á hinn miðlæga gagnagrunn verða þau aftengd fyrsta dulkóðanum og fluttar á dulkóða gagnagrunnsins sjálfs. Þetta fyrirkomulag kallar á flókið tölvukerfi sem hanna verður sérstaklega fyrir þennan þátt vinnslunnar.

Gagnagrunnskerfi: Gagnagrunnurinn verður allmargbrotinn. Hér er einungis hugað að upplýsingum sem safnað er af sjúkrastofnunum og annars staðar í heilbrigðiskerfinu eða skráðar beint inn í grunninn af eldri gögnum. Uppbygging þessa upplýsingakerfis er hins vegar enn ekki þekkt með vissu hvað varðar úrvinnslu og gagnaskipan. Til dæmis er óljóst hversu miklar og ítarlegar upplýsingar verði skráðar um hvern einstakling og hversu ríkar nákvæmniskröfur verði gerðar. Sama máli gegnir um tæknilega uppbyggingu gagnagrunnsins sjálfs og dulkóðunarkerfisins.

Aðstaða, upplýsingabúnaður, uppsetning og þjálfun starfsfólks: Koma verður upp aðstöðu í traustu húsnæði með vélbúnaði, kerfishugbúnaði, stöðluðum hugbúnaði, öryggisbúnaði og öðru sem þarf til rekstrarins. Þá þarf að ráða starfsfólk og þjálfa það í notkun búnaðarins og rekstri grunnsins. Í upphafi þarf að setja upp gagnagrunninn með þeim upplýsingum sem til eru þegar starfsemi hefst.

Úrvinnsla og markaðssetning: Sá sem kostar uppsetningu og rekstur gagnagrunnsins þarf að endurheimta fjárfestingu sína og rekstrarkostnað á ákveðnum tíma auk þess að skila eðlilegum arði. Fyrir afnot gagnagrunnsins verða þess vegna að koma greiðslur. Í þessum útreikningum er ekki lagt mat á hvernig þeirra verður aflað. Þó er ljóst að ef selja á þjónustu

verður að eyða miklu fé í kynningar, sölumennsku og auglýsingar. Notkun gagnagrunnsins mun felast í því að ákveðin líkön verða þróuð. Þau verða almenns eðlis eða sérsmíðuð fyrir einstök verkefni. Á þessu stigi liggur ekkert fyrir um hvernig þessum þætti verður háttað. Í þessari skýrslu er ekki lagt fjárhagslegt mat á þessa þætti.

Kostnaðarmat: Ekki liggur enn fyrir kröfulýsing fyrir gagnagrunnskerfið sjálft. Miðað við það fyrirkomulag sem áður er lýst og að 15 manns annist rekstur grunnsins í sérhönnuðu húsnæði, að 400 aðilar tengist grunninum er kostnaðarmat eftirfarandi:

Tafla 2 — Stofnkostnaður gagnagrunnskerfis:

Upplýsingasöfnunarkerfi (hugbúnaður og vélbúnaður)	220	milljónir
Móttaka, framfærsla og dulkóðun	200	"
Vélbúnaður, húsbúnaður og þjálfun	550	"
Gagnagrunnskerfi	300	"
Samtals	1.270	milljónir

4. SKRÁNING UPPLÝSINGA AF ELDRI GÖGNUM

Gera verður marga fyrirvara við mat á kostnaði við að tölvuskrá upplýsingar af gögnum sem varða heilsufar landsmanna. Ákvarðanir liggja ekki fyrir um mikilvæg atriði á borð við hvaða upplýsingar skuli skrá, hversu langt verði gengið í skráningu upplýsinga og hvaða verklag verði haft á skráningunni. Þá liggja ekki fyrir nægilega ítarlegar upplýsingar um skjalasöfn sem hafa að geyma gögn sem skrá á. Af þessum sökum verður kostnaður ekki metinn af nákvæmni og minniháttar breytingar á forsendum geta haft mikilvæg áhrif á matsniðurstöður. Ljóst er þó að um er að ræða verkefni sem hvað umfang varðar verður tæplega líkt við neitt sem gert hefur verið hér á landi áður. Skiptir þá ekki máli hversu langt verður gengið í skráningunni. Aðalmat fasteigna sem fólst í skoðun og mati allra fasteigna á landinu 1963–1971 kemst hugsanlega einna næst því. Ætla má að vinna við það verk hafi numið 300–400 mannárum. Ef öll fyrirliggjandi gögn um heilbrigði landsmanna sem til eru á landinu verða yfirfarin má gera ráð fyrir að sú vinna sem færi í skráninguna væri sjö til níu sinnum meiri en vinnan við fasteignamatið.

Gögn á mörgum stöðum: Gögn sem varða heilsufar landsmanna er að finna á mörgum stöðum á landinu. Ekki liggur enn fyrir úttekt á því hvar gögn liggi í skjalasöfnum. Ekki er heldur til úttekt á ástandi þessara safna. Sum eru skipulega sett upp og aðgengileg til könnunar en ekki er víst að svo sé um þau öll. Mesta magn gagna liggur vafalaust hjá stærstu sjúkrahúsunum, Ríkisspítölum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Mikið af gögnum er í vörslu sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Talsvert er til af gögnum um látið fólk. Gögn sem varða fólk sem látist hefur síðustu áratugi eru varðveitt í sjúkraskrám eins og þeim sem notaðar eru í dag. Einnig liggja fyrir eldri gögn og er form þeirra í samræmi við það sem tíðkaðist á þeim tíma þegar þau voru færð. Hvorki liggur fyrir úttekt á því hvar þessi gögn geti legið né hvernig þau henti til úrvinnslu. Senda ber gögn á Þjóðskjalasafn eftir ákveðinn tíma en þó er ljóst að gögn liggja víða annarsstaðar.

Óhemjumikið magn gagna: Reiknað er með að gögn einstaklinga sem nú eru á pappír í sjúkraskrám verði skráð inn í upplýsingakerfið. Gera verður ráð fyrir að gögnin fari bæði inn í upplýsingakerfi sjúkrastofnananna sjálfra og að auki inn á miðlægan gagnagrunn. Enn er fjölmörgum spurningum ósvarað um þessa upplýsingaskráningu. Í heilbrigðiskerfinu og víðar liggja óhemjumikil gögn um heilsufar einstaklinga. Lausleg áætlun bendir til að aðeins

í söfnum sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva liggi um 1.150 þúsund sjúkraskrár einstaklinga. Sjúkraskráin er í vörslu þeirrar stofnunar þar sem hún er færð svo margar sjúkraskrár eru þess vegna til um hvern landsmann. Í áðurnefndu magni eru þó ekki talin gögn sem verða til á slysadeildum en lauslega metið eru á landinu ekki færri en 3 milljónir „gagna“ um komur á slysadeildir eftir 1977. Auk sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva eru mikil gögn hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum. Sjúkraskrár sérfræðinga eru varla færri en 500 þúsund. Þá eru enn ótalin dvalarheimili og hliðstæðar stofnanir og aðrar sjúkrastofnanir. Mikil gögn eru til sem varða látna einstaklinga. Lauslega áætlað er ekki færri en 260 þúsund sjúkraskrár látinna að finna á sjúkrahúsum. Miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja nú er ekki raunhæft að áætla magn annarra sögulegra gagna.

Vandamál við skráningu: Við skráningu upplýsinga af skjölum á tölvutækt form skiptir miklu máli hvernig staðið verður að verki. Hið mikla gagnamagn skapar eitt sér ýmis framkvæmdaleg vandamál. Til þess að útskýra nánar hvað hér er átt við má taka dæmi. Á Sjúkrahúsi Reykjavíkur eru nú 107 þúsund sjúkraskrármöppur varðveittar með skipulegum hætti í skjalasafni sjúkrahússins sem er vel skipulagt. Enn er verið að bæta við gögnum og skrá og gætu möppur af legudeildum þess vegna orðið um 185 þúsund þegar allar sjúkraskrár hafa verið settar í skjalasafnið. Skjalasafnið verður þá væntanlega yfir 1.250 hillumetrar. Væri safninu skipað í eina hillu í beinni röð næði hún neðan frá Lækjartorgi og inn fyrir Hlemm. (Þá eru reyndar ótaldar möppur látins fólks sem bæta mundu 450 metrum við, gögn göngudeilda (300 metrar) og gögn frá Slysadeild.) Yfirferð á þessum gögnum til skráningar mundi lauslega áætlað taka 220 mannár. Væri safnið skráð upp á 3 árum þyrftu 73 starfsmenn að vinna stöðugt við verkefnið. Þeir þyrftu ekki minna en 1.100 m^2 húsnæði til starfseminnar svo flytja þyrfti skjölin á milli húsa til skráningar, 1.200 möppur á viku. Það eru 30 stórir pappakassar. Til að mæta þessu er líklegt að skjöl væru ekki flutt úr skjalasafni heldur skönnuð á segulmiðla, ljósrituð eða míkrómynduð og síðan unnið með afritunum. Afrita þyrfti þá á skjalasafninu varla minna en 240 möppur á dag. Í þeim gætu verið 10–15 þúsund skjöl eða 50–80 kg af pappír.

Afköst í skráningu: Við skráningu þarf að fara yfir hverja sjúkraskrá sérstaklega. Skrárnar sem almennt eru varðveittar í möppum eru misjafnlega miklar að vöxtum. Í þeim er mikið af gögnum sem ekki skipta máli, tvítekningar og annað. Þær upplýsingar sem máli skipta fyrir skráningu verður að finna með því að fara yfir öll gögn í hverri möppu. Auðkenna verður þessi atriði og kóða til innfærslu á tölvumiðla. Aðeins eru áform um að skrá upplýsingar sem unnt er að kóða í töluleg auðkenni með samræmdum hætti, mæligildi eða samræmd heiti. Hin skráðu gögn verða færð inn í tölvuvædd upplýsingakerfi viðkomandi sjúkrastofnana. Hver sjúklingur fær þá tölvuvædda sjúkraskrá. Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn á landinu munu nota þær í starfi sínu. Þess vegna er nauðsynlegt að sérfróðir menn fari yfir gögnin og merki þau atriði sem tölvuskrá skal. Ýmis einfaldari vinna getur hins vegar lent á höndum annarra starfsmanna. Miðað við magn gagna í hverri sjúkraskrá og mikilvægi þess að rétt sé skráð verður að gera ráð fyrir að talsverður tími fari í vinnu við hverja sjúkraskrá. Ekki er unnt að svo komnu máli að meta af nákvæmni það vinnuframlag sem nauðsynlegt er við úrvinnslu dæmigerðrar sjúkraskrár. Fjöldi efnisatriða sem skráð verða, magn þeirra, kröfur til nákvæmni og verkskipulag munu ráða því. Þá skiptir meginmáli hversu vel skjalasöfnin eru skipulögð. Í sumum tilfellum getur þurft að leggja í mikla vinnu til að gera þau aðgengileg. Áður en unnt er að gera sæmilega áreiðanlegt mat á afköstum verður að gera úrtakskönnun á skráningu ákveðins fjölda af sjúkraskrám, fara yfir þær, kóða og skrá upplýsingar. Þær fáu vísbendingar sem nú liggja fyrir benda þó til að vinnuframlag við hverja sjúkraskrá verði allmikið, jafnvel nálægt 2 klukkustundum, stundum

meira og oft minna. Þá er gert ráð fyrir að gerðar verði miklar kröfur um nákvæmni í skráningu enda fari hinar tölvuskráðu upplýsingar inn í sjúkraskrá viðkomandi sjúklinga. Ekki er ósennilegt að við skipulag jafn umfangsmikils verkefnis og hér um ræðir megi með ítarlegri skipulagningu fagmanna finna leiðir til að auka afköstin. Í þessari skýrslu er þó miðað við að 1,5–2,0 klst. vinnu verði þörf við hverja sjúkraskrá.

Mat á kostnaði: Í eftirfarandi mati er gert ráð fyrir að farið verði yfir öll gögn sem liggja í skjalasöfnum og þau færð á kóðuðu formi inn í tölvukerfin eins og um nýskráningu upplýsinga væri að ræða. Við mat á kostnaði við upplýsingaskráninguna er eins og fyrr segir miðað við að 2 klst. þurfi til úrvinnslu á hverri sjúkraskrá. Fjöldi sjúkraskráa er áætlaður með hliðsjón af skoðun á sjúkraskrám í vörslu Sjúkrahúss Reykjavíkur. Sá tími sem gefist hefur til verksins er skammur og ekki hefur verið tími til að kanna magn á öðrum sjúkrastofnunum. Magn gagna á öðrum sjúkrahúsum er áætlað með hliðsjón af reynslu Sjúkrahúss Reykjavíkur að teknu tilliti til fjölda sjúkrarúma. Með frekari athugunum má leiðrétta þessa fyrstu áætlun enda eru sjúkrahúsin að ýmsu leyti ólík. Næsta skref væri að kanna ástandið á Ríkisspítölum og síðan á minni sjúkrahúsum. Í heilsugæslunni er reiknað með að hver landsmaður hafi eina sjúkraskrá sem fylgi honum þegar hann skiptir um heilsugæslustöð. Á stofum sjálfstætt starfandi sérfræðinga er reiknað með að ekki færri en 500 þúsund sjúkraskrár liggi. Áætlun á fjölda sjúkraskráa (mappa) er eftirfarandi:

Tafla 3 — Gögn með sjúkraupplýsingum á heilbrigðisstofnunum (mat):

Sjúkrahús legudeildir	690	þúsund
Heilsugæslan	270	þúsund
Sjúkrahús göngudeildir	200	þúsund
Sérfræðingar	500	þúsund
Samtals	1.660	þúsund
Látnir	260	þúsund
Sögulegt annað	100	þúsund
Slysadeildir	3	milljónir einfaldar „möppur“

Tafla 4 — Áætlaður tími til að fara yfir sjúkragögn og skrá upplýsingar:

Sjúkrahús og heilsugæsla	2.320.000	klst. eða	1.365	mannár
Sérfræðingar	1.000.000	klst. eða	590	mannár
Slysadeildir	500.000	klst. eða	290	mannár
Látnir	520.000	klst. eða	305	mannár
Söguleg gögn	150.000	klst. eða	90	mannár
Annað	100.000	klst. eða	60	mannár
Samtals	4.590.000	klst. eða	2.700	mannár

Auk beins vinnuframlags við upptöku upplýsinga verður að reikna með vinnu við yfirferð, skipulag og annað. Hér er það talið 10%. Þá er reiknað með að innifalið í kostnaði starfsmanna sé hefðbundinn kostnaður við stjórnun, húsnæði, aðstöðu og annað.

Við starfsmannakostnað verður að hafa í huga að um er að ræða stórt verk þar sem mannafli nýtist vel. Mannárið er reiknað á 5,5 milljónir að viðbættum 10% yfirkostnaði eða 6,0 milljónir. Virðisaukaskattur er innifalinn í fjárhæðum.

Tafla 5 — Kostnaður við skráningu fyrirliggjandi gagna:

Sjúkrahús og heilsugæsla	8,2	milljarðar
Sérfræðingar	3,6	milljarðar
Slysadeildir	1,7	milljarðar
Látnir	1,8	milljarðar
Söguleg gögn	0,5	milljarðar
Annað	0,4	milljarðar
Samtals	16,2	milljarðar

Upplýsingar sem þegar eru tölvuskráðar: Til frádráttar þeirri fjárhæð sem áður er nefnd kemur að eitthvað af upplýsingum sem áður voru taldar eru þegar tölvuskráðar. Heilsugæslustöðvar hafa um áratugs skeið notað tölvukerfið Medicus til að skrá sjúkraskrárgögn. 11 heilsugæslustöðvar notuðu kerfið í árslok 1996. Þá hafa tvö önnur tölvukerfi Starri og Hippókrates verið notuð í heilsugæslunni en aðeins á 2–3 heilsugæslustöðvum. Egilsstaðakerfið svonefnda hefur einnig að geyma upplýsingar sem að gagni koma þó að það sé ekki raunverulegt sjúkraskrárkerfi. Ekki hefur verið lagt mat á hversu miklar upplýsingar þessi tölvukerfi í heilsugæslunni hafa að geyma. Rannsóknadeildir sjúkrahúsa hafa lengi notað tölvukerfi, Borgarspítalinn til dæmis frá 1970. Ekki hefur verið kannað hvernig nýta má þessar upplýsingar en ljóst er að kostnaður við upptöku þeirra er mun minni en þegar skrá þarf upplýsingar af skjölum.

NÆMISGREINING

Þær tímasetningar og fjárhæðir sem nefndar eru í fyrri köflum eru næmar fyrir þeim forsendum sem gengið er út frá. Viðkvæmasti þátturinn er að sjálfsögðu hversu langt menn munu ganga í skráningunni. Þar á eftir kemur sá tími sem eyða þarf í hverja sjúkraskrá. Starfsmannakostnaður við skráningu er einnig óvissuþáttur en þó minni. Hér á eftir er fjallað um þessa þætti hvern um sig og þau áhrif sem frávik geta haft á matsniðurstöður.

Hversu langt verður gengið í skráningu: Að framan hefur verið reiknað með að öll gögn verði yfirfarin og allítarlegar upplýsingar skráðar af þeim. Ýmsir þættir geta ráðið því hversu langt verði gengið í skráningunni. Í fyrsta lagi geta vörsluaðilar gagna ráðið nokkru um það hvaða gögn verði heimilað að skrá. Miðað við umræðu undanfarinna vikna gæti gögnum sem færð hafa verið á ákveðnum sjúkradeildum til dæmis verið haldið utan við gagnagrunninn. Yfirstjórnir ákveðinna stofnana gætu einnig ákveðið að gögn þeirra öll eða að hluta fari ekki inn á gagnagrunninn. Þá er það að sjálfsögðu í valdi sjálfstætt starfandi aðila hvort þeir leggja gögn til skráningar. Í öðru lagi geta menn ákveðið að takmarka skráninguna og sleppa ákveðnum gögnum alveg eða að hluta. Það gæti til dæmis átt við um gögn sem varða látna, söguleg gögn eða gögn sem til verða á slysadeildum. Í þriðja lagi er hugsanlegt að menn ákveði að takmarka það magn upplýsinga sem skráðar verða. Það gæti gerst þannig að í stað þess að skrá sjúkrasögu fólks mjög ítarlega væri ákveðið að takmarka skráninguna við færri og afmarkaðri efnisatriði.

Tími í skráningu úr hverri möppu: Í mati á umfangi skráningar er gengið út frá því að tveir tímar fari í úrvinnslu hverrar möppu. Þessi tími ræður mestu um kostnað og tímaþörf verksins í heild og er mesti óvissuþáttur matsins. Hann ræðst af því hversu ítarlega fara þarf yfir heilsufarsgögn. Blöð og önnur gögn í sjúkraskrám eru af ýmsum toga. Ekki er um að ræða stöðluð eyðublöð þar sem finna má ákveðin efnisatriði í ákveðnum reitum. Séu gerðar miklar kröfur um nákvæmni og skráning er ítarleg þarf að lesa mikið af gögnum nánast frá

orði til orðs áður en unnt er að finna hvað skuli skrá. Að því loknu þarf að skrá atriðin í kóðuðu formi og að lokum þarf að bera saman það sem skráð hefur verið við frumgögnin til að koma í veg fyrir villur. Hafa verður í huga að hin tölvuskráðu gögn eiga að mynda tölvusjúkraskrá einstaklings sem flett verður í þegar hann kemur næst á viðkomandi sjúkrastofnun. Með því að takmarka skráninguna má stytta yfirlestrartíma og skráningarvinnu. Hversu langt unnt er að ganga er ekki ljóst. Þó er hugsanlegt að spara megi tugi prósenta á þessum þætti.

Launaforsendur: Starfsmannakostnaður ræðst að langmestu leyti af því hversu miklar kröfur gera þarf til þess fólks sem fer yfir frumgögnin. Vissir þættir á borð við húsnæði, tölvur og hliðstæð tæki, hugbúnað og fleira eru þó nokkuð óháð mannaflanum. Þá bætast við laun fastir liðir á borð við launatengd gjöld, þjálfunarkostnað, yfirstjórn, virðisaukaskatt og fleira. Með aukinni hagræðingu og góðum verk- og skráningarlýsingum er hugsanlega unnt að lækka þennan kostnað en ekki svo að matfjárhæðir breytist mikið.

Næmismat: Með því að slaka umtalsvert á kröfum frá því sem um hefur verið rætt og minnka umfang skráningar mætti lækka áðurnefndar fjárhæðir mikið. Taka má nokkur dæmi sem sýna hversu fjárhæðir eru háðar verklagi og hversu umfangsmikil skráningin verður.

Dæmi 1: Séu skráð 60% af gögnum og takist að takmarka yfirferð við 1,5 klst. á sjúkraskrá gæti samanlagður kostnaður orðið 10,5 milljarðar. Miðað við fyrirliggjandi forsendur um kröfur til kerfisins verður að telja þetta raunhæft lágmark á kostnaðarmati

Dæmi 2: Séu 90% af gögnum sjúkrahúsa og heilsugæslu skráð, 50% af gögnum sjálfstætt starfandi sérfræðinga, 50% af gögnum látinna og 25% af gögnum af slysadeildum gæti samanlagður kostnaður orðið 14,1 milljarðar. Þá er miðað við 2,0 klst. á möppu. Þetta mætti líta á sem eins konar miðtölu þeirra möguleika sem fyrir hendi eru.

Dæmi 3: Séu öll gögn allra sjúkrastofnana skráð og 2,0 klst. teknar á hverja sjúkraskrármöppu verður samanlagður kostnaður 19,3 milljarðar. Miðað við þau gögn sem fyrir liggja verður að telja þetta raunhæft hámark á kostnaðarmati.

Innan þess ramma sem ofangreind dæmi marka er unnt að setja upp ótal tilbrigði. Að sjálfsögðu er unnt hreint reikningslega að setja upp dæmi sem gera ráð fyrir enn minna vinnuframlagi en gert er að framan og að enn skemmra verði gengið í skráningu gagna. Undirritaður telur þó að ekki séu forsendur fyrir slíkum reikningum á þessu stigi.

Fylgiskjal IV.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 95/46/EB

frá 24. október 1995

um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmið bandalagsins, sem mælt er fyrir um í stofnsáttmálanum, eins og honum var breytt með sáttmálanum um Evrópusambandið, eru að skapa nánari einingu meðal þjóða Evrópu, stuðla að nánari samskiptum milli þeirra ríkja er bandalagið mynda, tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir með því að taka höndum saman um að ryðja úr vegi þeim tálmum sem skipta Evrópu, bæta stöðugt lífskjör þjóða sinna, varðveita og efla frið og frelsi og hefja á loft lýðræði sem byggist á grundvallarréttindum sem eru viðurkennd í stjórnarskrám og lögum aðildarríkjanna og í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

2) Gagnavinnslukerfi eru hönnuð til að þjóna mönnum. Þau skulu því vera í samræmi við grundvallarréttindi manna, einkum réttinn til friðhelgi einkalífs, án tillits til ríkisfangs eða búsetu og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum, auknum viðskiptum og velferð manna.

3) Tilkoma og starfsemi hins innri markaðar, sem felur í sér frjálsa vöruflutninga, frjálsa fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga samkvæmt 7. gr. a í sáttmálanum, útheimtir ekki einungis að miðla megi persónuupplýsingum óhindrað frá einu aðildarríki til annars heldur einnig að standa beri vörð um grundvallarréttindi manna.

4) Notkun persónuupplýsinga eykst stöðugt á ýmsum sviðum atvinnu- og þjóðlífs í bandalaginu. Framfarir í upplýsingatækni auðvelda mjög vinnslu og skipti á slíkum upplýsingum.

5) Sá efnahagslegi og félagslegi samruni, sem fylgir tilkomu og starfsemi innri markaðarins í skilningi 7. gr. a í sáttmálanum, leiðir óhjákvæmilega til verulega aukins flæðis persónuupplýsinga yfir landamæri milli allra sem taka þátt í atvinnu- og þjóðlífi í aðildarríkjunum, hvort heldur er í einkageiranum eða opinbera geiranum. Ekki verður komist hjá vaxandi skiptum á persónuupplýsingum milli fyrirtækja í aðildarríkjunum. Samkvæmt lögum bandalagsins ber yfirvöldum í aðildarríkjunum að starfa saman og skiptast á persónuupplýsingum til að þau geti rækt skyldur sínar og unnið verk fyrir hönd yfirvalds í öðru aðildarríki á innri markaðinum, sem er svæði án ytri landamæra.

6) Aukið samstarf í vísindum og tækni og samræmd stofnun nýrra fjarskiptakerfa í bandalaginu útheimtir enn fremur og auðveldar flæði persónuupplýsinga yfir landamæri.

7) Mannréttindi og mannfrelsi, einkum rétturinn til friðhelgi einkalífs, njóta mismikillar verndar í aðildarríkjunum í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og getur það hindrað miðlun þessara upplýsinga frá yfirráðasvæði eins aðildarríkis til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis. Þessi munur getur því orðið hindrun í vegi ýmiss konar atvinnustarfsemi á vettvangi bandalagsins, raskað samkeppni og komið í veg fyrir að yfirvöld sinni

([1]) Stjtíð. EB nr. C 277, 5. 11. 1990, bls. 3 og Stjtíð. EB nr. C 311, 27. 11. 1992, bls. 30.

([2]) Stjtíð. EB nr. C 159, 17. 6. 1991, bls. 38.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 11. mars 1992 (Stjtíð. EB nr. C 94, 13. 4. 1992, bls. 198), staðfest 2. desember 1993 (Stjtíð. EB nr. C 342, 20. 12. 1993, bls. 30); sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. febrúar 1995 (Stjtíð. EB nr. C 93, 13. 4. 1995, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. júní 1995 (Stjtíð. EB nr. C 166, 3. 7. 1995).

skyldustörfum sínum samkvæmt lögum bandalagsins. Þennan mun á vernd má rekja til mikils munar á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna.

8) Ef ryðja á úr vegi hindrunum á flæði persónuupplýsinga verður vernd mannréttinda og mannfrelsis í tengslum við vinnslu slíkra upplýsinga að vera sambærileg í öllum aðildarríkjunum. Þetta markmið er afar mikilvægt fyrir innri markaðinn en aðildarríkin geta ekki náð því ein og sér, einkum ef horft er til þess hve stórvægilegur munur er nú á viðeigandi lögum aðildarríkjanna og hve nauðsynlegt er að samræma lög aðildarríkjanna til að tryggja að flæði persónuupplýsinga yfir landamæri falli undir heildarreglur sem eru í samræmi við markmið innri markaðarins eins og kveðið er á um þau í 7. gr. a í sáttmálanum. Það er því nauðsynlegt að bandalagið geri gangskör að því að samræma þessi lög.

9) Sambærileg vernd, sem samræming innlendra laga hefur í för með sér, gerir það að verkum að aðildarríkin geta ekki lengur hindrað frjálsa miðlun persónuupplýsinga milli aðildarríkjanna með skírskotun í vernd mannréttinda og mannfrelsis, einkum vernd réttarins til friðhelgi einkalífs. Aðildarríkin munu fá svigrúm sem atvinnulífið og aðilar markaðarins geta nýtt sér í tengslum við framkvæmd tilskipunarinnar. Aðildarríkin geta þannig sett almenn skilyrði um löglega gagnavinnslu í löggjöf sína. Með því móti skulu aðildarríkin leitast við að auka þá vernd sem nú er kveðið á um í löggjöf þeirra. Komið getur upp ósamræmi við framkvæmd tilskipunarinnar innan marka þessa svigrúms og í samræmi við lög bandalagsins, sem getur haft áhrif á miðlun upplýsinga innan einstakra aðildarríkja svo og innan bandalagsins.

10) Löggjöf aðildarríkjanna um vinnslu persónuupplýsinga er ætlað að vernda grundvallarréttindi og mannfrelsi, ekki síst réttinn til friðhelgi einkalífs, sem eru viðurkennd bæði í 8. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis og í almennum meginreglum laga bandalagsins. Samræming þessara laga má því ekki leiða til minni verndar en þau veita heldur skal þvert á móti leitast við að tryggja mikla vernd í bandalaginu.

11) Meginreglur þessarar tilskipunar um vernd mannréttinda og mannfrelsis, einkum vernd réttarins til friðhelgi einkalífs, eru nánari mótun og rýmkun á reglum í samningi Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga í tengslum við rafræna vinnslu persónuupplýsinga.

12) Reglurnar um vernd skulu gilda um alla vinnslu aðila, sem stunda starfsemi sem lög bandalagsins taka til, á persónuupplýsingum. Þó ber að undanskilja vinnslu einstaklings á upplýsingum ef hún er hluti af starfsemi sem er einungis í þágu hans sjálfs eða fjölskyldu hans, svo sem bréfaskriftir og skrár yfir heimilisföng.

13) Starfsemin, sem um getur í V. og VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið, er lýtur að almannaöryggi, landvörnum, öryggi ríkisins eða starfsemi ríkisins á sviði refsilaga, fellur utan lögsögu bandalagsins, samanber þó skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt 2. mgr. 56. gr., 57. gr. eða 100. gr. a í sáttmálanum um Evrópusambandið. Tilskipun þessi tekur ekki til vinnslu persónuupplýsinga sem er nauðsynleg til að vernda efnahagslega farsæld ríkisins, ef slík vinnsla varðar öryggismál ríkisins.

14) Í upplýsingaþjóðfélaginu á sér nú stað mikilvæg framþróun í þeirri tækni sem notuð er til að taka upp, senda, meðhöndla, skrá, geyma upplýsingar eða miðla þeim í hljóði og mynd um einstaklinga og því er rétt að þessi tilskipun gildi um vinnslu slíkra upplýsinga.

15) Þessi tilskipun tekur aðeins til vinnslu slíkra upplýsinga ef vinnslan er með rafrænum hætti eða ef hinar unnu upplýsingar eru geymdar, eða geyma á þær, í skráningarkerfi sem er byggt upp samkvæmt sérstökum viðmiðunum er tengjast einstaklingum þannig að auðvelt sé að nálgast umræddar persónuupplýsingar.

16) Hljóð- og myndvinnsla upplýsinga, til dæmis við eftirlit með aðstoð eftirlitsmyndavéla, fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar ef eftirlitið fer fram vegna almannaöryggis, landvarna, öryggis ríkisins eða starfsemi ríkisins á sviði refsilaga eða vegna annarrar starfsemi sem fellur ekki undir lögsögu bandalagsins.

17) Að því er varðar hljóð- og myndvinnslu upplýsinga vegna fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða list-

rænnar starfsemi, einkum í hljóð- og myndmiðlun, gilda meginreglur tilskipunarinnar á takmarkaðan hátt samkvæmt ákvæðum sem sett eru í 9. gr.

18) Til að tryggja að einstaklingar séu ekki sviptir þeirri vernd sem þeir eiga rétt á samkvæmt þessari tilskipun verður öll vinnsla á persónuupplýsingum í bandalaginu að fara fram í samræmi við lög einhvers aðildarríkis. Í því sambandi verður vinnsla, sem fer fram á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu í aðildarríki, að falla undir lög þess ríkis.

19) Með staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis er átt við virka og raunverulega starfsemi með föstu fyrirkomulagi. Rekstrarform slíks fyrirtækis að lögum, hvort sem einungis er um að ræða útibú eða dótturfyrirtæki með réttarstöðu lögpersónu, hefur ekki úrslitaáhrif að því er þetta varðar. Ábyrgðaraðili, sem hefur staðfestu á yfirráðasvæði margra aðildarríkja, einkum gegnum dótturfyrirtæki, verður að sjá til þess að hvert fyrirtæki uppfylli þær kröfur, sem innlend lög gera til starfsemi þess, til að komast hjá því að innlendar lagareglur séu sniðgengnar.

20) Þótt vinnsla upplýsinga sé í höndum aðila sem hefur staðfestu í þriðja landi má það ekki koma í veg fyrir að einstaklingar fái þá vernd sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Í slíkum tilvikum skal vinnslan falla undir lög aðildarríkisins þar sem tækin, sem notuð eru við vinnsluna, eru staðsett og skal leggja fram ábyrgðir fyrir því að virt verði réttindi þau og skyldur, sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

21) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði um lögsögu sem gilda í refsimálum.

22) Þegar aðildarríkin setja lög eða gera ráðstafanir á grundvelli þessarar tilskipunar skulu þau skilgreina nánar hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að vinnsla upplýsinga sé lögleg. Ákvæði 5. gr., í tengslum við ákvæði 7. og 8. gr., gera aðildarríkjunum kleift að setja sérstök skilyrði fyrir vinnslu upplýsinga á tilteknum sviðum og með tilliti til hinna ýmsu flokka upplýsinga sem fjallað er um í 8. gr.

23) Aðildarríkin hafa vald til að framfylgja vernd einstaklinga, bæði með almennum lögum um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og með sérlögum, til dæmis um hagstofur.

24) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf um vernd lögpersóna í tengslum við vinnslu upplýsinga sem varða þær.

25) Meginreglur um vernd skulu annars vegar birtast í þeim skyldum sem lagðar eru á einstaklinga, opinber yfirvöld, fyrirtæki, stofnanir eða aðra aðila sem annast vinnslu upplýsinga, einkum að því er varðar gæði upplýsinganna, tæknilegt öryggi, tilkynningar til eftirlitsyfirvalds og hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að vinnslan megi fara fram, og hins vegar í rétti þeirra einstaklinga, sem upplýsingarnar fjalla um, til að fá vitneskju um að vinnsla upplýsinganna eigi sér stað, til að skoða upplýsingarnar, til að krefjast leiðréttinga á þeim og jafnvel til að mótmæla vinnslu þeirra við ákveðnar aðstæður.

26) Meginreglur um vernd skulu gilda um allar upplýsingar er varða persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Til að ákveða hvort maður sé persónugreinanlegur skal tekið mið af öllum aðferðum sem eðlilegt er hugsa sér að ábyrgðaraðili eða annar aðili beiti til að bera kennsl á viðkomandi einstakling. Meginreglur um vernd skulu ekki gilda um upplýsingar sem hafa verið aftengdar persónuauðkennum þannig að ekki er lengur unnt að persónugreina hina skráðu. Siðareglur, í skilningi 27. gr., geta verið hentugt tæki til að leiðbeina um hvernig megi aftengja upplýsingar persónuauðkennum og geyma þær í því formi að ekki sé lengur unnt að persónugreina hina skráðu.

27) Vernda ber einstaklinga hvort sem um er að ræða rafræna eða handunna vinnslu upplýsinga. Umfang þessarar verndar má í reynd ekki vera háð þeirri tækni sem notuð er, þar eð við það skapast hætta á að lögin verði sniðgengin. Að því er viðvíkur handunninni vinnslu tekur þessi tilskipun þó aðeins til skráningarkerfa en ekki til óskipulagðra skráa. Einkum skal skipuleggja innihald skráningarkerfis samkvæmt sérstökum viðmiðunum viðvíkjandi einstaklingum til að auðvelda aðgang að persónuupplýsingunum. Í samræmi við skilgreiningu í c-lið 2. gr. er hverju aðildarríki heimilt að mæla fyrir um hinar ýmsu viðmiðanir sem gera það

kleift að ákvarða efnisþætti skipulagsbundins safns persónuupplýsinga og hinar ýmsu viðmiðanir um aðgang að slíku safni. Skrár eða skráasöfn, sem eru ekki skipulögð samkvæmt tilteknum viðmiðunum, og forsíður þeirra skulu ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

28) Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að vera lögleg og sanngjörn gagnvart hinum skráðu. Einkum skulu upplýsingarnar vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við markmiðin með vinnslunni. Þessi markmið skulu vera nákvæmlega tilgreind og lögmæt og ákveðin við söfnun upplýsinganna. Vinnslumarkmið, sem eru sett að söfnun lokinni, mega ekki vera ósamrýmanleg þeim markmiðum sem voru tilgreind í upphafi.

29) Frekari vinnsla persónuupplýsinga í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst venjulega ekki ósamrýmanleg þeim markmiðum sem voru forsenda söfnunarinnar, að því tilskildu að aðildarríkin setji viðeigandi öryggisákvæði. Þessi öryggisákvæði verða einkum að útiloka notkun upplýsinga til stuðnings ráðstöfunum eða ákvörðunum viðvíkjandi tilteknum einstaklingi.

30) Ef vinnsla persónuupplýsinga á að teljast lögleg verður hún að auki að fara fram með samþykki hins skráða eða vera nauðsynleg fyrir gerð eða framkvæmd samnings sem er bindandi fyrir hinn skráða, eða byggjast á lagaskilyrði, eða fara fram vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds eða í þágu hagsmuna einstaklinga eða lögpersóna, nema hagsmunir, réttindi eða frelsi hins skráða gangi fyrir. Aðildarríkjum er heimilt, einkum til að gæta jafnt hagsmuna þeirra sem hlut eiga að máli og tryggja um leið virka samkeppni, að ákveða hvaða skilyrði skuli vera fyrir hendi til að nota megi persónuupplýsingar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við lögmæta venjubundna starfsemi fyrirtækja og annarra aðila. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að tilgreina hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að miðla megi persónuupplýsingum til þriðja aðila vegna markaðssetningar, hvort sem hún er í atvinnuskyni eða á vegum góðgerðafélaga eða annarra samtaka eða stofnana, til dæmis stjórnmálalegs eðlis, samanber þó ákvæði sem heimila skráðum aðila að andmæla, sér að kostnaðarlausu og án rökstuðnings, vinnslu persónuupplýsinga sem lúta að honum.

31) Einnig verður að telja vinnslu persónuupplýsinga löglega ef tilgangurinn með henni er að vernda hagsmuni sem skipta sköpum fyrir líf hins skráða.

32) Aðildarríkin ákveða hvort ábyrgðaraðili, sem vinnur verk í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds skuli vera opinber stjórnsýsluaðili eða annar einstaklingur eða lögpersóna sem heyrir undir opinberan rétt, eða einkamálarétt, svo sem fagfélög.

33) Upplýsingar, sem geta eðli sínu samkvæmt verið brot gegn grundvallarfrelsi eða friðhelgi einkalífs, skulu ekki teknar til vinnslu nema hinn skráði veiti afdráttarlaust samþykki sitt til þess. Þó skal skýrt kveðið á um undanþágur frá þessu banni til að mæta tilteknum þörfum, einkum ef menn, sem eru þagnarskyldir, vinna upplýsingarnar með ákveðnu heilsufarslegu markmiði eða þær eru unnar í tengslum við lögmæta starfsemi tiltekinna samtaka eða stofnana sem hafa það að markmiði að tryggja grundvallarfrelsi.

34) Ef sýna má fram á að brýnir almannahagsmunir krefjist þess skulu aðildarríkin einnig geta vikið frá banni um vinnslu viðkvæmra flokka upplýsinga, til dæmis á sviði almannaheilbrigðis og almannatrygginga, einkum til að tryggja gæði og hagkvæmni málsmeðferðarreglna um uppgjör krafna um bætur og þjónustu í sjúkratryggingakerfi, á sviði vísindarannsókna og opinberra hagskýrslna. Þeim ber þó skylda til að setja sértæk og viðeigandi öryggisákvæði til að vernda grundvallarréttindi manna og rétt þeirra til friðhelgi einkalífs síns.

35) Ef brýnir almannahagsmunir krefjast þess fer auk þess fram vinnsla opinberra yfirvalda á persónuupplýsingum fyrir opinberlega viðurkennd trúarsamtök til að ná markmiðum samkvæmt stjórnskipunarlögum eða þjóðarétti.

36) Ef starfsemi vegna kosninga í ákveðnum aðildarríkjum útheimtir að stjórnmálaflokkar safni upplýsingum um stjórnmálaskoðanir manna til að lýðræðiskerfið geti þjónað hlutverki sínu er heimilt að leyfa vinnslu þessara upplýsinga ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir krefjist þess, að því tilskildu að sett hafi verið viðeigandi öryggisákvæði.

37) Vinnslu persónuupplýsinga vegna fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi, einkum í hljóð- og myndmiðlun, ber að undanþiggja krófum tiltekinna ákvæða þessarar tilskipunar að því marki sem

þörf er á til að samræma grundvallarréttindi manna og réttinn til að láta í ljós álit sitt, að meðtöldum réttinum til að fá og miðla vitneskju, eins og meðal annars er kveðið á um í 10. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Því ber aðildarríkjunum að mæla fyrir um nauðsynlegar undanþágur og takmarkanir til að halda jafnvægi milli grundvallarréttinda, að því er varðar almennar ráðstafanir viðvíkjandi lögmæti gagnavinnslu, ráðstafanir um miðlun upplýsinga til þriðju landa og vald eftirlitsyfirvaldsins. Þetta má þó ekki verða til þess að aðildarríkin mæli fyrir um undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja öryggi gagnavinnslu. Einnig er rétt að kveða á um ákveðnar heimildir eftir á til handa eftirlitsyfirvaldinu sem ber ábyrgð á þessu sviði, t.d. heimild til að birta reglubundið skýrslu eða til að vísa málum til dómsyfirvalda.

38) Ef vinnsla upplýsinga á að vera með sanngjörnum hætti verður hinn skráði að geta fengið vitneskju um að vinnsla fari fram og, þegar upplýsingar eru fengnar hjá honum, fengið áreiðanlegar og fullar upplýsingar með hliðsjón af aðstæðum við söfnun.

39) Tilteknar vinnsluaðgerðir taka til upplýsinga sem ábyrgðaraðili hefur ekki fengið beint frá hinum skráða. Enn fremur er unnt að miðla upplýsingum á lögmætan hátt til þriðja aðila þótt það hafi ekki verið fyrirhugað á þeim tíma sem upplýsingarnar voru fengnar hjá hinum skráða. Í öllum þessum tilvikum skal skýra hinum skráða frá þessu þegar upplýsingarnar eru skráðar eða í síðasta lagi þegar upplýsingarnar eru látnar þriðja aðila í té í fyrsta sinn.

40) Ekki er þó nauðsynlegt að kveða á um slíka tilkynningarskyldu ef hinn skráði hefur þegar fengið vitneskju um upplýsingarnar sem skráðar voru eða ef skýrt er kveðið á um skráningu eða miðlun upplýsinganna í lögum eða ef sýnt er að ómögulegt er að veita hinum skráða upplýsingar eða að það kostaði óhóflega fyrirhöfn, sem kann að vera reyndin þegar vinnslan fer fram í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi. Í þessu sambandi er heimilt að taka tillit til fjölda skráðra, aldurs upplýsinganna og þeirra uppbótarráðstafana sem unnt er að gera.

41) Hver og einn skal hafa rétt til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig sem eru í vinnslu, einkum til að sannreyna áreiðanleika upplýsinganna og lögmæti vinnslunnar. Af sömu ástæðum skal sérhver skráður aðili einnig hafa rétt til vitneskju um fyrirkomulag rafrænnar vinnslu upplýsinga um sjálfan sig, að minnsta kosti þegar um er að ræða ákvarðanir sem byggjast á rafrænni gagnavinnslu eins og um getur í 1. mgr. 15. gr. Þessi réttur má ekki skerða viðskiptaleynd eða hugverkarétt, einkum höfundarrétt til verndar hugbúnaði. Þetta má þó ekki verða til þess að hinum skráða sé neitað um allar upplýsingar.

42) Aðildarríkjunum er heimilt, með tilliti til hagsmuna hins skráða eða til að vernda réttindi og frelsi annarra, að takmarka rétt til aðgangs og upplýsinga. Þeim er til dæmis heimilt að ákveða að einungis sé hægt að fá aðgang að heilsufarsupplýsingum fyrir atbeina sérfræðings á heilbrigðissviði.

43) Aðildarríkin geta einnig takmarkað rétt til aðgangs og upplýsinga og tilteknar skyldur ábyrgðaraðila ef það er nauðsynlegt, til dæmis vegna þjóðaröryggis, landvarna, almannaöryggis eða mikilvægra efnahagslegra eða fjárhagslegra hagsmuna aðildarríkis eða Evrópusambandsins sem og vegna rannsókna og lögsókna í refsimálum og aðgerða vegna brota á siðareglum í lögvernduðum atvinnugreinum. Undantekningar og takmarkanir skulu einnig ná til eftirlits-, skoðunar- og reglusetningarstarfa sem eru nauðsynleg á þremur síðastnefndu sviðum er varða almannaöryggi, efnahagslega eða fjárhagslega hagsmuni og forvarnastarf í glæpamálum. Þetta hefur þó ekki áhrif á lögmæti undantekninga eða takmarkana vegna öryggis ríkisins eða landvarna.

44) Aðildarríkin geta einnig neyðst til, vegna ákvæða í lögum bandalagsins, að víkja frá ákvæðum þessarar tilskipunar um rétt til aðgangs, tilkynningarskyldu gagnvart einstaklingum og gæði upplýsinganna, til að tryggja að ákveðin markmið, sem um getur hér að framan, nái fram að ganga.

45) Í tilvikum þar sem unnt er að vinna upplýsingar á lögmætan hátt með skírskotun í almannahagsmuni, beitingu opinbers valds eða lögmæta hagsmuni einstaklings eða lögpersónu skal sérhver skráður aðili eftir sem áður hafa rétt til að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna. Aðildarríkin geta þó sett í löggjöf sína ákvæði um hið gagnstæða.

46) Vernd réttinda og frelsis skráðra aðila í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga útheimtir að gerðar séu viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, bæði

við hönnun vinnslukerfisins og í vinnslunni sjálfri, einkum til að varðveita öryggi og koma þannig í veg fyrir óleyfilega vinnslu. Aðildarríkjunum ber að sjá til þess að ábyrgðaraðilar hlíti þessum ráðstöfunum. Ráðstafanirnar verða að tryggja nægilegt öryggi, að teknu tilliti til nýjustu tækni og kostnaðar við framkvæmd þeirra miðað við þá áhættu sem vinnslan felur í sér og hvers konar upplýsingar á að vernda.

47) Þegar send eru boð, sem innihalda persónuupplýsingar, með aðstoð fjarskipta- eða tölvupóstþjónustu sem gerir það eitt að senda slík boð, telst ábyrgðaraðili að venju til upphafsmaður boðanna, að því er varðar persónuupplýsingarnar í boðunum, fremur en sá sem annast sendingarþjónustuna. Þeir sem annast slíka þjónustu teljast þó að jafnaði ábyrgðaraðilar að því er varðar vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem þarf til viðbótar til að unnt sé að inna þjónustuna af hendi.

48) Málsmeðferðarreglur um tilkynningu til eftirlitsyfirvalds eru samdar með það fyrir augum að tryggja að markmið og helstu einkenni vinnslunnar verði birt til að sannreyna að vinnslan sé í samræmi við innlend ákvæði sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar.

49) Til að unnt sé að komast hjá óhentugum formsatriðum í stjórnsýslunni er aðildarríkjunum heimilt að leyfa undanþágur frá og einföldun á tilkynningarskyldu um vinnslu sem ólíklegt er að brjóti í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila, að því tilskildu að það sé í samræmi við ráðstöfun sem viðkomandi aðildarríki samþykkir þar sem takmörk vinnslunnar eru tilgreind. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að kveða á um undanþágu frá tilkynningu eða um einföldun á tilkynningu ef aðili, sem ábyrgðaraðili útnefnir, sér til þess að ólíklegt sé að vinnslan, sem fram fer, fari í bága við réttindi og frelsi hinna skráðu. Þessi gagnaverndarfulltrúi, hvort sem hann er starfsmaður ábyrgðaraðila eða ekki, skal geta unnið starf sitt alveg sjálfstætt.

50) Unnt er að kveða á um undanþágu frá eða einföldun á tilkynningu þegar um er að ræða vinnslu í þeim tilgangi einum að halda skrá sem er gerð í samræmi við innlend lög í því skyni að veita almenningi upplýsingar og sem almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem getur sýnt fram á að hann hafi lögmætra hagsmuna að gæta.

51) Þótt ábyrgðaraðili eigi kost á einföldun á eða undanþágu frá tilkynningarskyldu leysir það hann ekki undan öðrum skyldum samkvæmt þessari tilskipun.

52) Í þessu tilviki telst sannprófun lögbæru yfirvaldanna eftir á almennt nægja.

53) Sum vinnsla getur þó falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi hinna skráðu vegna eðlis hennar, umfangs eða markmiða, svo sem vinnsla í þeim tilgangi að útiloka einstaklinga frá því nýta sér rétt, fá bætur eða ná samningi, eða vegna notkunar nýrrar tækni. Aðildarríkjunum er í sjálfsvald sett að tilgreina slíkar hættur í löggjöf sinni.

54) Miðað við alla þá vinnslu sem fer fram í þjóðfélaginu ætti umfang þeirrar vinnslu sem skapar þessa sérstöku hættu að vera ákaflega takmarkað. Aðildarríkin skulu kveða á um að eftirlitsyfirvaldið eða gagnaverndarfulltrúi í samráði við eftirlitsyfirvaldið, skuli athuga slíka vinnslu áður en hún fer fram. Að lokinni slíkri forathugun er eftirlitsyfirvaldinu heimilt að leggja fram álit sitt á vinnslunni eða veita leyfi fyrir henni í samræmi við innlenda löggjöf. Forathugunin getur einnig verið liður í undirbúningi laga frá löggjafarþingi aðildarríkisins, eða undirbúningi annarrar ráðstöfunar sem heimild er fyrir í slíkum lögum, þar sem eðli vinnslunnar er skilgreint og viðeigandi öryggisákvæði sett.

55) Í löggjöf aðildarríkjanna skal kveðið á um réttarúrræði í þeim tilvikum þar sem ábyrgðaraðili virðir ekki réttindi hinna skráðu. Ábyrgðaraðila er skylt að bæta tjón sem aðili verður fyrir vegna ólöglegrar vinnslu, en heimilt er að undanþiggja hann skaðabótaábyrgð ef hann sannar að hann eigi ekki sök á tjóninu, einkum ef hann sýnir fram á að hinn skráði hafi gert mistök eða aðstæður hafi verið óviðráðanlegar. Hver sá aðili sem brýtur gegn innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, skal sæta viðurlögum hvort sem hann heyrir undir einkamálarétt eða opinberan rétt.

56) Flæði upplýsinga yfir landamæri er nauðsynlegt vegna vaxandi alþjóðaviðskipta. Sú vernd einstaklinga, sem tryggð er í bandalaginu með þessari tilskipun, kemur ekki veg fyrir miðlun persónuupplýsinga til þriðju

landa þar sem viðunandi vernd er tryggð. Meta verður hvort verndin, sem þriðja land veitir, er viðunandi með hliðsjón af öllum aðstæðum sem hafa áhrif á miðlunaraðgerðina eða viðkomandi tegund miðlunaraðgerða.

57) Leggja skal bann við miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands sem tryggir ekki viðunandi vernd.

58) Rétt er að kveða á um undanþágur frá þessu banni við tilteknar aðstæður þar sem hinn skráði hefur veitt samþykki sitt, ef miðlun er nauðsynleg í tengslum við samning eða dómsmál, ef þörf er á því til að vernda brýna almannahagsmuni, til dæmis þegar um er að ræða alþjóðlega miðlun upplýsinga milli skatt- eða tollyfirvalda eða milli almannatryggingayfirvalda eða þegar miðlað er úr skrá sem er gerð í samræmi við lög og almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta. Ekki er þó rétt að þessi miðlun taki til allra upplýsinga eða heilla flokka upplýsinga í viðkomandi skrá og ef fyrirhugað er að veita þeim aðgang að skránni sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta skal miðlunin aðeins fara fram að beiðni þessara aðila eða ef þeir eru sjálfir viðtakendur.

59) Gera má sérstakar ráðstafanir til að bæta upp skort á vernd í þriðja landi ef ábyrgðaraðili leggur fram viðeigandi tryggingar. Enn fremur skulu sett ákvæði um málsmeðferð fyrir samningaviðræður milli bandalagsins og þessara þriðju ríkja.

60) Hvað sem öðru líður er miðlun upplýsinga til þriðju landa aðeins heimil ef hún er í fullu samræmi við ákvæði sem aðildarríkin samþykkja á grundvelli þessarar tilskipunar, einkum 8. gr.

61) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, hvert á sínu valdsviði, hvetja atvinnugreinasamtök og önnur fulltrúasamtök, sem hlut eiga að máli, til að semja siðareglur í því skyni að auðvelda beitingu þessarar tilskipunar, með hliðsjón af hinum sérstöku eiginleikum þeirrar vinnslu sem fer fram á tilteknum sviðum og í samræmi við innlend ákvæði sem samþykkt eru vegna framkvæmdar tilskipunarinnar.

62) Stofnun eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjunum, sem vinna störf sín alveg sjálfstætt, er grunnþáttur í vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

63) Þessi yfirvöld skulu fá nauðsynlegar heimildir til að vinna skyldustörf sín, þar á meðal heimildir til rannsóknar og íhlutunar, einkum að því er varðar kærur frá einstaklingum, og heimild til að fara með mál fyrir dóm. Þessi yfirvöld skulu stuðla að því að gagnsæi vinnslunnar verði tryggt í því aðildarríki þar sem þau eiga lögsögu.

64) Yfirvöld í hinum ýmsu aðildarríkjum skulu skiptast á aðstoð við skyldustörf sín til að tryggja að verndarreglunum sé fylgt til hins ítrasta í öllu bandalaginu.

65) Á vettvangi bandalagsins skal stofna starfshóp um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og skal hópurinn starfa alveg sjálfstætt. Hann skal vera ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórnina í krafti sjálfstæðis síns, og skal einkum stuðla að samræmdri beitingu innlendra reglna sem samþykktar eru á grundvelli þessarar tilskipunar.

66) Með hliðsjón af miðlun gagna til þriðju landa er nauðsynlegt, til að unnt sé að beita þessari tilskipun, að veita framkvæmdastjórninni heimildir til að koma henni í framkvæmd og koma á málsmeðferð eins og mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins 87/373/EBE ([1]).

67) Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin bráðabirgðasamkomulag um framkvæmd lagagerða sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. b í sáttmála EB.

68) Heimilt er að bæta við eða skýra nánar meginreglur þessarar tilskipunar um vernd mannréttinda og mannfrelsis, einkum vernd réttarins til friðhelgi einkalífs, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, einkum að því er varðar tiltekin svið, með því að setja sérreglur sem skulu vera í samræmi við þessar meginreglur.

69) Eftir að innlend lagaákvæði, sem lögleiða tilskipunina, öðlast gildi hafa aðildarríkin þrjú ár til að byrja, í áföngum, að beita þessum nýju innlendu reglum við alla vinnslu sem þegar var hafin. Til að auðvelda kostnaðarhagkvæmni í framkvæmd þeirra skulu aðildarríkin

([1]) Stjtíð. EB nr. L 197, 18. 7. 1987, bls. 33.

fá viðbótarfrest, sem rennur út 12 árum eftir að tilskipun þessi var samþykkt, til að tryggja samræmi milli þeirra handunnu skráningarkerfa sem eru fyrir hendi og tiltekinna ákvæða tilskipunarinnar. Ef upplýsingar í slíkum skráningarkerfum eru handunnar á hinum framlengda aðlögunartíma skulu kerfin færð til samræmis við fyrrnefnd ákvæði tilskipunarinnar þegar sú vinnsla fer fram.

70) Ekki er nauðsynlegt að skráður aðili veiti samþykki sitt öðru sinni til að ábyrgðaraðila sé heimilt til að halda áfram að vinna viðkvæmar upplýsingar, eftir að innlend ákvæði sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar taka gildi, ef upplýsingarnar eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd samnings sem gerður er með óþvinguðu og upplýstu samþykki áður en þessi ákvæði taka gildi.

71) Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki samþykki reglur um markaðssetningu sem miðast við neytendur sem búa á yfirráðasvæði þess, að því marki sem slíkar reglur lúta ekki að vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

72) Tilskipun þessi gerir kleift að taka mið af meginreglunni um aðgang almennings að opinberum skjölum við framkvæmd ákvæða hennar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið tilskipunarinnar

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við þessa tilskipun, vernda grundvallarréttindi og -frelsi manna, einkum rétt þeirra til friðhelgi einkalífs síns, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

2. Aðildarríkin skulu hvorki takmarka né banna frjálst flæði persónuupplýsinga milli aðildarríkjanna með skírskotun í ástæður sem tengjast þeirri vernd sem veitt er samkvæmt 1. mgr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „persónuupplýsingar“: allar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („hinn skráða“). Maður telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti;

b) „vinnsla persónuupplýsinga“ („vinnsla“): aðgerð eða röð aðgerða, rafrænna eða annarra en rafrænna, svo sem söfnun, skráning, kerfisbinding, geymsla, aðlögun eða breyting, heimt, leit, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samantenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, afmáun eða eyðilegging;

c) „skráningarkerfi fyrir persónuupplýsingar“ („skráningarkerfi“): allar skipulagsbundnar persónuupplýsingar sem eru aðgengilegar samkvæmt tilteknum viðmiðunum, hvort sem þær eru miðlægar, dreifðar eða skipt upp eftir notkun eða staðsetningu;

d) „ábyrgðaraðili“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða annar aðili sem ákveður, einn og sér eða í samvinnu við aðra, markmið og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Ef markmið og aðferðir við vinnsluna eru ákveðin í innlendum lögum og reglugerðum eða lögum og reglugerðum bandalagsins er heimilt að tilgreina ábyrgðaraðila eða tilteknar viðmiðanir um útnefningu hans í lögum viðkomandi lands eða bandalagsins;

e) „vinnsluaðili“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða annar aðili sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila;

f) „þriðji aðili“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða aðrir aðilar, nema hinn skráði, ábyrgðaraðili, vinnsluaðili og einstaklingar sem hafa heimild til að vinna upplýsingar samkvæmt beinu umboði frá ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila;

g) „viðtakandi“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða annar aðili sem fær upplýsingar, hvort sem hann er þriðji aðili eða ekki; yfirvöld, sem kunna að fá upplýsingar sem svar við einstökum fyrirspurnum, teljast þó ekki viðtakendur;

h) „samþykki skráðs aðila“: óþvinguð, sértæk og upplýst viljayfirlýsing skráðs aðila um að hann samþykki vinnslu persónuupplýsinga er varða hann sjálfan.

3. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um vinnslu persónuupplýsinga sem er með rafrænum hætti að hluta eða í heild, og um vinnslu með öðrum aðferðum en rafrænum á persónuupplýsingum sem eru geymdar, eða geyma á, í skráningarkerfi.

2. Tilskipun þessi tekur ekki til vinnslu persónuupplýsinga:

— vegna starfsemi sem fellur utan gildissviðs laga bandalagsins, svo sem starfsemi sem kveðið er á um í V. og VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið, og alls ekki til vinnslu sem varðar almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins (þar á meðal efnahagslega farsæld ríkisins ef vinnslan tengist öryggismálum ríkisins) og starfsemi ríkisins á sviði refsilaga.

— af hálfu einstaklings ef vinnslan er hluti af starfsemi sem er einungis í þágu hans sjálfs eða fjölskyldu hans.

4. gr.

Gildandi innlend lög

1. Aðildarríkin skulu beita innlendum ákvæðum, sem þau samþykkja á grundvelli þessarar tilskipunar, þegar um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga:

a) sem fer fram í tengslum við starfsemi fyrirtækis ábyrgðaraðila á yfirráðasvæði aðildarríkis; ef sami ábyrgðaraðili hefur staðfestu á yfirráðasvæði margra aðildarríkja verður hann að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvert þessara fyrirtækja uppfylli þær skyldur sem mælt er fyrir um í gildandi innlendum lögum;

b) af hálfu ábyrgðaraðila sem hefur ekki staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis heldur á stað þar sem innlend lög þess gilda í krafti þjóðaréttar;

c) af hálfu ábyrgðaraðila sem hefur ekki staðfestu á yfirráðasvæði bandalagsins og notar rafrænan búnað eða annan búnað, sem er staðsettur á yfirráðasvæði umrædds aðildarríkis, til vinnslu persónuupplýsinga, nema þessi búnaður sé aðeins notaður til umflutnings um yfirráðasvæði bandalagsins.

2. Í því tilviki sem um getur í c-lið 1. mgr. skal ábyrgðaraðili útnefna fulltrúa sem hefur staðfestu á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, án þess að það hafi áhrif á hugsanlega lögsókn á hendur ábyrgðaraðila.

II. KAFLI

ALMENNAR REGLUR UM LÖGMÆTI VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

5. gr.

Aðildarríki skulu ákveða nánar, í samræmi við ákvæði þessa kafla, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að vinnsla persónuupplýsinga sé lögleg.

I. ÞÁTTUR

MEGINREGLUR UM GÆÐI GAGNA

6. gr.

1. Aðildarríki skulu kveða á um að persónuupplýsingar skuli:

a) vinna með sanngjörnum og lögmætum hætti;

b) fengnar með skýrt tilgreindum og lögmætum markmiðum og að frekari vinnsla þeirra megi ekki vera ósamrýmanleg þessum markmiðum. Frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg, að því tilskildu að aðildarríkin setji viðeigandi öryggisákvæði;

c) vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við markmiðin með söfnuninni og/eða vinnslunni;

d) vera áreiðanlegar og, ef þörf krefur, uppfærðar; gera verður allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar, sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við markmiðin með söfnun þeirra eða frekari vinnslu, verði afmáðar eða leiðréttar;

e) geymdar í því formi að ekki sé unnt að persónugreina skráða aðila lengur en þörf er á miðað við markmiðin með söfnun upplýsinganna eða frekari vinnslu þeirra. Aðildarríkin skulu setja nauðsynleg öryggisákvæði um persónuupplýsingar sem eru geymdar í langan tíma í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi.

2. Ábyrgðaraðila ber skylda til að tryggja að farið sé að ákvæðum 1. mgr.

II. ÞÁTTUR

VIÐMIÐANIR UM LÖGMÆTA VINNSLU UPPLÝSINGA

7. gr.

Aðildarríkin skulu kveða á um að vinnsla persónuupplýsinga sé aðeins heimil ef:

a) hinn skráði hefur gefið ótvírætt samþykki sitt; eða

b) vinnslan er nauðsynleg vegna framkvæmdar samnings sem hinn skráði er aðili að eða í því skyni að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður; eða

c) vinnslan er nauðsynleg til að uppfylla lögskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila; eða

d) vinnslan er nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða; eða

e) vinnslan er nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili eða þriðji aðili, sem upplýsingunum er miðlað til, fer með; eða

f) vinnslan er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili eða þriðji aðili eða aðilar, sem upplýsingunum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna sinna, nema grundvallarréttindi og -frelsi hins skráða, sem vernda ber samkvæmt 1. mgr. 1. gr., gangi fyrir.

III. ÞÁTTUR

SÉRSTAKIR FLOKKAR VINNSLU

8. gr.

Vinnsla sérstakra flokka upplýsinga

1. Aðildarríkin skulu banna vinnslu persónuupplýsinga er varða kynþátt eða uppruna, stjórnmálaskoðanir, trúar- eða heimspekiskoðanir og þátttöku í stéttarfélagi og vinnslu upplýsinga um heilsuhagi eða kynlíf.

2. 1. mgr. gildir ekki ef:

a) hinn skráði hefur veitt afdráttarlaust samþykki sitt fyrir vinnslu þessara upplýsinga, nema kveðið sé á um það í löggjöf aðildarríkisins að óheimilt sé að aflétta banninu, sem um getur í 1. mgr., þrátt fyrir samþykki hins skráða; eða

b) vinnslan er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili geti staðið við skuldbindingar sínar og nýtt sér tiltekin réttindi samkvæmt vinnulöggjöfinni, að því marki sem vinnslan er heimil samkvæmt innlendum lögum þar sem sett eru viðeigandi öryggisákvæði; eða

c) vinnslan er nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings ef hinn skráði er líkamlega eða í lagalegum skilningi ófær um að veita samþykki sitt; eða

d) vinnslan er þáttur í lögmætri starfsemi stofnunar, samtaka eða annarra aðila sem starfa ekki í hagnaðarskyni og hafa stjórnmálaleg, heimspekileg, trúarleg eða stéttarfélagsleg markmið og veita viðeigandi tryggingar, að því tilskildu að vinnslan taki einungis til meðlima stofnunarinnar eða manna sem eiga stöðug samskipti við hana sem varða markmið hennar og upplýsingarn-

ar séu ekki látnar þriðja aðila í té án samþykkis hinna skráðu; eða

e) vinnslan tengist upplýsingum sem hinn skráði hefur skilmerkilega gert opinber eða er nauðsynleg til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef vinnsla upplýsinganna er nauðsynleg til að unnt sé að fyrirbyggja eða greina sjúkdóma, hjúkra eða veita meðferð eða stjórna heilsugæslu og ef upplýsingarnar eru unnar af starfsmanni á heilbrigðissviði sem fellur undir innlend lög eða reglur um þagnarskyldu, sem innlendir lögbærir aðilar hafa sett, eða af öðrum einstaklingi sem er einnig bundinn samsvarandi þagnarskyldu.

4. Með fyrirvara um setningu viðeigandi öryggisákvæða er aðildarríkjum heimilt, ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir krefjist þess, að mæla fyrir um undanþágur til viðbótar þeim sem mælt er fyrir um 2. mgr., annaðhvort í innlendum lögum eða með ákvörðun eftirlitsyfirvalds.

5. Vinnsla upplýsinga er varða lögbrot, refsidóma eða öryggisráðstafanir er því aðeins heimil að hún fari fram undir eftirliti opinbers yfirvalds eða ef sett eru viðeigandi sértæk öryggisákvæði í innlendum lögum, með fyrirvara um undanþágur sem aðildarríkinu er heimilt að veita samkvæmt innlendum ákvæðum þar sem sett eru viðeigandi sértæk öryggisákvæði. Þó er aðeins heimilt að færa heildarskrá yfir refsidóma undir eftirliti opinbers yfirvalds.

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að vinnsla upplýsinga um viðurlög eða dóma í einkaréttarmálum skuli einnig vera undir eftirliti opinbers yfirvalds.

6. Undanþágur frá 1. mgr., sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr., skulu tilkynntar framkvæmdastjórninni.

7. Aðildarríkin skulu ákvarða með hvaða skilyrðum vinnsla kennitalna eða annarra almennra auðkenna skuli vera leyfileg.

9. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga og tjáningarfrelsi

Aðildarríkin skulu því aðeins kveða á um undanþágur eða frávik frá ákvæðum þessa kafla, IV. kafla og VI. kafla vegna vinnslu persónuupplýsinga sem fer einungis fram vegna fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi, að það sé nauðsynlegt til að samræma réttinn til friðhelgi einkalífs og reglur um tjáningarfrelsi.

IV. ÞÁTTUR

UPPLÝSINGAR SEM BER AÐ VEITA SKRÁÐUM AÐILA

10. gr.

Upplýsingar sem ber að veita við öflun upplýsinga hjá skráðum aðila

Aðildarríkin skulu kveða á um að ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skuli skýra skráðum aðila frá eftirfarandi atriðum, ef aflað er upplýsingum frá honum um hann sjálfan, nema hann hafi þegar fengið vitneskju um þau:

a) heiti ábyrgðaraðila og fulltrúa hans, ef einhver er;

b) markmiðum með vinnslu upplýsinganna;

c) öllum viðbótarupplýsingum, svo sem:

— viðtakendum eða flokkum viðtakenda upplýsinganna,

— hvort skylt sé eða valfrjálst að svara spurningunum og hvaða afleiðingar það kunni að hafa að svara ekki,

— hvort veittur sé réttur til aðgangs og réttur hins skráða til að leiðrétta upplýsingar um sig,

að því marki sem þessar viðbótarupplýsingar eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við söfnunina, til að tryggja hinum skráða að vinnslan fari fram á sanngjarnan hátt gagnvart honum.

11. gr.

Upplýsingar sem ber að veita þegar gögn hafa ekki verið fengin hjá skráðum aðila

1. Hafi upplýsingar ekki verið fengnar hjá skráðum aðila skulu aðildarríkin kveða á um að ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skuli, þegar skráning persónuupplýsinga fer fram eða, ef fyrirhugað er að láta þær þriðja aðila í té, í síðasta lagi þegar upplýsingunum er í fyrsta sinn miðlað til þriðja aðila, skýra hinum skráða að minnsta kosti frá eftirfarandi atriðum, nema hann hafi þegar fengið vitneskju um þau:

a) heiti ábyrgðaraðila og fulltrúa hans, ef einhver er;

b) markmiðum með vinnslunni;

c) öllum viðbótarupplýsingum, svo sem:

— flokkum viðkomandi upplýsinga,

— viðtakendum eða flokkum viðtakenda,

— hvort veittur sé réttur til aðgangs og réttur hins skráða til að leiðrétta upplýsingar um sig.

að því marki sem þessar viðbótarupplýsingar eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu persónuupplýsinganna, til að tryggja að vinnslan fari fram á þann hátt sem er sanngjarn gagnvart hinum skráða.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki, einkum ef um er að ræða vinnslu í tölfræðilegum tilgangi eða vegna sagnfræðilegra eða vísindalegra rannsókna, ef ekki er unnt að veita hinum skráða upplýsingar eða að það kostaði óhóflega fyrirhöfn eða ef skýrt er mælt fyrir um skráningu eða miðlun upplýsinganna í lögum. Í þeim tilvikum skulu aðildarríkin setja viðeigandi öryggisákvæði.

V. ÞÁTTUR

RÉTTUR SKRÁÐS AÐILA TIL AÐGANGS AÐ UPPLÝSINGUM

12. gr.

Réttur til aðgangs

Aðildarríkin skulu tryggja öllum skráðum aðilum rétt til að krefjast af ábyrgðaraðila:

a) án nokkurra hafta, með eðlilegu millibili og án ástæðulausrar tafar eða kostnaðar:

— staðfestingar á því hvort verið sé að vinna upplýsingar er varða hann og vitneskju í það minnsta um markmið vinnslunnar, flokka viðkomandi upplýsinga og viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,

— tilkynningar á máli sem hann skilur um upplýsingar sem eru í vinnslu og alla fáanlega vitneskju um hvaðan þær eru komnar,

— vitneskju um fyrirkomulag rafrænnar vinnslu upplýsinga um sig, að minnsta kosti þegar um er að ræða ákvarðanir sem byggjast á rafrænni gagnavinnslu eins og um getur í 1. mgr. 15. gr.;

b) eftir því sem við á, leiðréttingar, afmáunar eða aðgangstakmarkana á upplýsingum ef vinnsla þeirra uppfyllir ekki ákvæði þessarar tilskipunar, einkum ef þær eru ófullkomnar eða óáreiðanlegar;

c) tilkynningar til þriðju aðila, sem hafa fengið upplýsingarnar, um allar leiðréttingar, afmáun eða aðgangstakmarkanir sem hafa farið fram í samræmi við b-lið, nema það sé ekki unnt eða kosti óhóflega fyrirhöfn.

VI. ÞÁTTUR

UNDANÞÁGUR OG TAKMARKANIR

13. gr.

Undanþágur og takmarkanir

1. Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja lagaákvæði til að takmarka gildissvið skyldna og réttinda sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og í 12. og 21. gr. ef slík takmörkun er nauðsynleg vegna:

a) þjóðaröryggis;

b) landvarna;

c) almannaöryggis;

d) forvarna, rannsókna, uppljóstrana og lögsóknar í refsimálum, eða vegna brota á siðareglum í lögvernduðum atvinnugreinum;

e) mikilvægra efnahagslegra eða fjármálalegra hagsmuna aðildarríkis eða Evrópusambandsins, þar með talin gjaldeyrismál, fjárlög og skattamál;

f) eftirlits-, skoðunar- eða reglusetningarstarfa sem tengjast, þótt aðeins sé endrum og eins, beitingu opinbers valds í þeim tilvikum sem um getur í c-, d- og e-lið;

g) verndar skráðs aðila eða mannréttinda og mannfrelsis annarra.

2. Með fyrirvara um viðunandi öryggisákvæði í lögum, einkum til að upplýsingar séu ekki notaðar til að gera ráðstafanir eða taka ákvarðanir er varða ákveðinn einstakling, er aðildarríkjum heimilt, þegar ljóst er að ekki er hætta á að brotið verði á rétti hins skráða til friðhelgi einkalífs síns, að takmarka með lagaákvæði réttinn, sem kveðið er á um í 12. gr., ef upplýsingarnar eru einungis unnar vegna vísindarannsóknar eða aðeins geymdar í formi persónuupplýsinga í þann tíma sem þarf til hagskýrslugerðar.

VII. ÞÁTTUR

ANDMÆLARÉTTUR SKRÁÐS AÐILA

14. gr.

Andmælaréttur skráðs aðila

Aðildarríkin skulu veita skráðum aðila rétt til:

a) að minnsta kosti í þeim tilvikum sem um getur í e- og f-lið 7. gr., að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður

vegna sérstakra aðstæðna sinna, nema kveðið sé á um annað í innlendum lögum. Ef andmælin eiga rétt á sér er ekki lengur heimilt að nota þessar upplýsingar í vinnslu þeirri sem ábyrgðaraðili stofnaði til.

b) að andmæla, með beiðni og sér að kostnaðarlausu, vinnslu persónuupplýsinga um sig sem ábyrgðaraðili fyrirhugar vegna beinnar markaðssetningar, eða rétt til að honum sé skýrt frá því áður en persónuupplýsingarnar eru fyrst fengnar þriðja aðila eða notaðar fyrir þeirra hönd vegna beinnar markaðssetningar og að fá skýrt tilboð um að nýta rétt sinn til að andmæla slíkri miðlun eða notkun, sér að kostnaðarlausu;

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skráðir aðilar hafi vitneskju um réttinn sem um getur í fyrsta undirlið b-liðar.

15. gr.

Ákvarðanir er varða einstaklinga og byggjast á rafrænni gagnavinnslu

1. Aðildarríkin skulu veita öllum aðilum rétt til að þurfa ekki að hlíta ákvörðunum sem hafa réttaráhrif er varða hann eða skipta verulegu máli fyrir hann og sem byggjast einungis á rafrænni gagnavinnslu í þeim tilgangi að meta ákveðna þætti er varða hagi hans, svo sem frammistöðu hans í starfi, lánshæfi, áreiðanleika, hegðun o.s.frv.

2. Með fyrirvara um aðrar greinar þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin kveða á um að unnt sé að skylda menn til að hlíta ákvörðun af þeim toga sem um getur í 1. mgr., ef ákvörðunin:

a) er tekin við gerð eða framkvæmd samnings, að því tilskildu að ósk hins skráða um gerð eða framkvæmd samningsins hafi verið uppfyllt eða að til séu viðunandi ráðstafanir til að vernda lögmæta hagsmuni hans, svo sem fyrirkomulag sem gerir honum kleift að koma sjónarmiðum sínum á framfæri; eða

b) er heimil samkvæmt lögum þar sem einnig eru ákvæði til verndar lögmætum hagsmunum hins skráða aðila.

VIII. ÞÁTTUR

TRÚNAÐUR OG ÖRYGGI VINNSLUNNAR

16. gr.

Trúnaður við vinnsluna

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum er aðeins heimilt að vinna þær samkvæmt fyrirmælum ábyrgðaraðila, nema í tilvikum sem kveðið er á um í lögum.

17. gr.

Öryggi vinnslunnar

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn eyðileggingu af slysni eða ólöglegri eyðileggingu, gegn glötun eða breytingum af slysni, gegn óleyfilegri miðlun eða aðgangi, einkum ef vinnslan felur í sér sendingu upplýsinga um net, og gegn allri annarri ólöglegri vinnslu.

Þessar ráðstafanir skulu tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að ábyrgðaraðili skuli, ef vinnsla fer fram fyrir hans hönd, velja vinnsluaðila sem veitir nægilegar tryggingar að því er varðar þær tæknilegu öryggis- og skipulagsráðstafanir sem gera skal, og sjá til þess að þessum ráðstöfunum sé hlítt.

3. Vinnsla, sem fer fram með hjálp vinnsluaðila, skal falla undir ákvæði samnings eða annarrar bindandi réttargjörðar milli vinnsluaðila og ábyrgðaraðila þar sem einkum er kveðið á um:

— að vinnsluaðili skuli aðeins starfa samkvæmt fyrirmælum ábyrgðaraðila,

— að skyldur samkvæmt 1. mgr., eins og þær eru skilgreindar í lögum aðildarríkisins þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu, skuli einnig hvíla á vinnsluaðila.

4. Til að varðveita sönnunargögn skulu þeir hlutar samnings eða réttargjörðar, sem varða vernd upplýsinga, og þær kröfur, sem varða ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr., vera skriflegar eða á sambærilegu formi.

IX. ÞÁTTUR

TILKYNNINGAR

18. gr.

Tilkynningarskylda gagnvart eftirlitsyfirvaldi

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans, ef einhver er, skuli tilkynna það eftirlitsyfirvaldinu sem um getur í 28. gr. áður en hann

framkvæmir vinnsluaðgerð sem er rafræn, í heild eða að hluta, eða röð slíkra aðgerða sem hafa sama markmið eða markmið sem eru tengd innbyrðis.

2. Aðildarríkjunum er aðeins heimilt að kveða á um einföldun á eða undanþágu frá tilkynningarskyldu í eftirfarandi tilvikum og með eftirfarandi skilyrðum:

— þegar um er að ræða flokka vinnslu sem ólíklegt er, með hliðsjón af þeim upplýsingum sem vinna á, að fari í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila, ef tilgreind eru markmiðin með vinnslunni, hvaða upplýsingar eða flokka upplýsinga eigi að vinna, hvaða viðtakendur eða flokkar viðtakenda eigi að fá upplýsingarnar og hversu lengi upplýsingarnar skuli geymdar, og/eða

— þegar ábyrgðaraðili útnefnir, í samræmi við innlend lög, gagnaverndarfulltrúa sem skal meðal annars sjá um:

  — að tryggja á sjálfstæðan hátt innri beitingu innlendra ákvæða sem sett eru á grundvelli þessarar tilskipunar,

  — að halda skrá yfir þær vinnsluaðgerðir sem ábyrgðaraðili framkvæmir og taka til þeirra upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 21. gr.,

og tryggja þannig að ólíklegt sé að vinnslan fari í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að 1. mgr. gildi ekki um vinnslu sem fer fram í þeim eina tilgangi að halda skrá er skuli, samkvæmt lögum og reglugerðum, veita almenningi upplýsingar og sem almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem getur sýnt fram á að hann eigi lögmætra hagsmuna að gæta.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágu frá tilkynningarskyldu eða einföldun tilkynningar ef um er að ræða vinnslu samkvæmt d-lið 2. mgr. 8. gr.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um að tiltekin eða öll vinnsla, sem er ekki með rafrænum hætti og tekur til persónuupplýsinga, skuli tilkynnt eða fyrirskipa einfalda tilkynningu um slíka vinnslu.

19. gr.

Efni tilkynninga

1. Aðildarríkin skulu tilgreina hvaða upplýsingar skuli gefa í tilkynningu. Þar skal að minnsta kosti koma fram:

a) heiti og heimilsfang ábyrgðaraðila og fulltrúa hans, ef einhver er;

b) markmið vinnslunnar;

c) lýsing á flokki eða flokkum skráðra aðila og upplýsingum eða flokkum upplýsinga þeim viðvíkjandi;

d) viðtakendur eða flokkar viðtakenda sem hugsanlegt er að upplýsingarnar verði látnar í té;

e) tillögur um miðlun upplýsinga til þriðju landa;

f) almenn lýsing sem gerir það kleift að meta til bráðabirgða hvort ráðstafanir, sem teknar eru samkvæmt 17. gr. til að tryggja öryggi vinnslunnar, séu viðeigandi.

2. Aðildarríkin skulu tilgreina hvaða málsmeðferð skuli nota við tilkynningu til eftirlitsyfirvaldsins um breytingar sem hafa áhrif á upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.

20. gr.

Forathugun

1. Aðildarríkin skulu ákvarða hvers konar vinnsla gæti falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila og tryggja að vinnslan verði athuguð áður en hún hefst.

2. Eftirlitsyfirvaldið gerir þessar forathuganir, eftir að því hefur borist tilkynning frá ábyrgðaraðila, eða gagnaverndarfulltrúa, sem skal ráðfæra sig við eftirlitsyfirvaldið sé hann í vafa.

3. Aðildarríkjum er einnig heimilt að gera slíkar athuganir í tilefni af undirbúningi að setningu laga á löggjafarþingi eða vegna ráðstöfunar sem grundvallast á slíkri lagasetningu, þar sem eðli vinnslunnar er skilgreint og mælt fyrir um viðeigandi öryggisákvæði.

21. gr.

Aðgangur almennings að upplýsingum um vinnsluna

1. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um vinnsluna,

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að eftirlitsyfirvaldið skuli halda skrá yfir þá vinnslu sem er tilkynnt í samræmi við 18. gr.

Í skránni skulu að minnsta kosti vera upplýsingar samkvæmt a- til e-lið 1. mgr. 19. gr.

Öllum er heimilt að skoða skrána.

3. Ef um er að ræða vinnsluaðgerðir sem eru ekki tilkynningarskyldar skulu aðildarríkin kveða á um að ábyrgðaraðila, eða öðrum aðila sem aðildarríkin útnefna, beri að minnsta kosti að veita hverjum þeim sem þess æskir aðgang að upplýsingunum sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 19. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að þetta ákvæði gildi ekki þegar um er að ræða vinnslu í þeim eina tilgangi að halda skrá sem er gerð í samræmi við lög eða reglugerðir í því skyni að veita almenningi upplýsingar og almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta.

III. KAFLI

RÉTTARÚRRÆÐI, SKAÐABÓTAÁBYRGÐ OG VIÐURLÖG

22. gr.

Úrræði

Með fyrirvara um ákvæði, sem kunna að verða sett, um möguleika á stjórnsýslukæru, til dæmis til eftirlitsyfirvaldsins sem um getur í 28. gr., áður en máli er skotið til dómsyfirvalda, skulu aðildarríkin kveða á um rétt hvers og eins til réttarúrræða ef brotið er gegn réttindum sem honum eru tryggð í innlendum lögum sem taka til viðkomandi vinnslu.

23. gr.

Skaðabótaábyrgð

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að hver sá sem hefur orðið fyrir tjóni vegna ólöglegrar vinnslu eða athafna, sem samrýmast ekki innlendum ákvæðum sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar, eigi rétt á skaðabótum frá ábyrgðaraðila fyrir það tjón sem hann hefur orðið fyrir.

2. Heimilt er að undanþiggja ábyrgðaraðila þessari skaðabótaábyrgð, í heild eða að hluta, ef hann sannar að hann eigi ekki sök á þeim atburði sem olli tjóninu.

24. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þessi tilskipun komi að fullu til framkvæmda og skulu einkum mæla fyrir um viðurlög við brotum á ákvæðum sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar.

IV. KAFLI

MIÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA TIL ÞRIÐJU LANDA

25. gr.

Meginreglur

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að miðlun til þriðju landa á persónuupplýsingum, sem eru í vinnslu eða eru ætluð til vinnslu að miðlun lokinni, skuli því aðeins heimil að viðkomandi þriðja land tryggi nægilega vernd og að því tilskildu að farið sé að inniendum ákvæðum sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar.

2. Meta skal hvort sú vernd, sem þriðja land veitir, sé nægileg með hliðsjón af öllum aðstæðum sem hafa áhrif á miðlunaraðgerðina eða viðkomandi tegund miðlunaraðgerða. Við matið skal einkum skoða eðli upplýsinganna,

markmið og tímalengd fyrirhugaðrar vinnsluaðgerðar eða -aðgerða, upprunaland eða endanlegt viðtökuland, þær almennu eða sértæku lagareglur sem gilda í viðkomandi þriðja landi og reglur um góðar viðskiptavenjur og öryggisráðstafanir sem eru í gildi í landinu.

3. Telji aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin að þriðja land tryggi ekki nægilega vernd í skilningi 2. mgr. skulu þau tilkynna það hvort öðru.

4. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 31. gr., að þriðja land tryggi ekki nægilega vernd í skilningi 2. mgr. þessarar greinar skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra alla miðlun sams konar upplýsinga til viðkomandi þriðja lands.

5. Framkvæmdastjórnin hefur samningaviðræður þegar tími er til kominn í því skyni að ráða bót á því ástandi sem skapast vegna niðurstaðna samkvæmt 4. mgr.

6. Framkvæmdastjórnin getur komist að þeirri niðurstöðu, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr., að þriðja land tryggi nægilega vernd í skilningi 2. mgr. þessarar greinar í krafti laga sinna eða alþjóðaskuldbindinga um vernd friðhelgi einkalífs og grundvallarfrelsis og -réttinda manna, þar með taldar skuldbindingar sem stofnað er til eftir samningaviðræðurnar sem um getur í 5. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

26. gr.

Undanþágur

1. Þrátt fyrir ákvæði 25. gr. og sé ekki mælt fyrir um annað í innlendum lögum, er varða einstök tilvik, skulu aðildarríkin kveða á um að aðgerð eða tegund aðgerða er varða miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa, sem tryggir ekki næga vernd í skilningi 2. mgr. 25. gr., sé heimil:

a) ef hinn skráði hefur gefið ótvírætt samþykki sitt fyrir fyrirhugaðri miðlun; eða

b) ef miðlun er nauðsynleg vegna framkvæmdar samnings milli hins skráða og ábyrgðaraðila eða vegna ráðstafana sem gripið er til að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður; eða

c) ef miðlun er nauðsynleg vegna gerðar eða framkvæmdar samnings, milli ábyrgðaraðila og þriðja aðila, sem gerður er í þágu hins skráða; eða

d) ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur; eða

e) ef miðlun er nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða; eða

f) ef miðlað er úr skrá sem ætlað er, samkvæmt lögum og reglugerðum, að veita almenningi upplýsingar og sem almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem sannanlega hefur lögmætra hagsmuna að gæta, að því marki sem skilyrði í lögum um opinberan aðgang eru uppfyllt í hverju einstöku tilviki.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. er aðildarríki heimilt að leyfa aðgerð eða tegund aðgerða er varða miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa, sem tryggja ekki nægilega vernd í skilningi 2. mgr. 25. gr., ef ábyrgðaraðili veitir nægilegar tryggingar að því er varðar vernd á rétti til friðhelgi einkalífs og grundvallarréttindum og -frelsi manna og beitingu samsvarandi réttinda; þessar tryggingar geta einkum komið fram í viðeigandi samningsákvæðum.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um heimildir sem þau veita á grundvelli 2. mgr.

Andmæli aðildarríki eða framkvæmdastjórnin með fullnægjandi rökum er skírskota til verndar á rétti til friðhelgi einkalífs og á grundvallarréttindum og -frelsi manna, skal framkvæmdastjórnin gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 31. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

4. Ákveði framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr., að tiltekin stöðluð samningsákvæði veiti nægilegar tryggingar samkvæmt 2. mgr. skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

V. KAFLI

SIÐAREGLUR

27. gr.

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hvetja til þess að samdar verði siðareglur, sem eiga að stuðla að réttri framkvæmd innlendra ákvæða sem aðildarríkin samþykkja á grundvelli þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna á hinum ýmsu sviðum.

2. Aðildarríkin skulu setja ákvæði um að atvinnugreinasamtök og aðrir aðilar, sem eru fulltrúar annarra flokka ábyrgðaraðila, sem hafa samið drög að innlendum siðareglum eða hafa í hyggju að breyta gildandi innlendum siðareglum eða rýmka þær, skuli geta leitað álits á þeim hjá innlenda yfirvaldinu.

Aðildarríkin skulu kveða á um að þetta yfirvald gangi meðal annars úr skugga um hvort drögin, sem lögð eru fyrir það, séu í samræmi við innlend ákvæði sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar. Sjái yfirvaldið ástæðu til þess getur það óskað eftir umsögn skráðra aðila eða fulltrúa þeirra.

3. Heimilt er að leggja drög að siðareglum bandalagsins og breytingar eða rýmkun á gildandi siðareglum bandalagsins fyrir starfshópinn sem um getur í 29. gr. Þessi starfshópur skal meðal annars ákvarða hvort drögin, sem lögð eru fyrir hann, eru í samræmi við innlend ákvæði sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar. Sjái yfirvaldið ástæðu til þess getur það óskað eftir umsögn skráðra aðila eða fulltrúa þeirra. Framkvæmdastjórnin getur séð til þess að siðareglunar, sem starfshópurinn hefur samþykkt, verði birtar á viðeigandi hátt.

VI. KAFLI

EFTIRLITSYFIRVALD OG STARFSHÓPUR UM VERND EINSTAKLINGA Í TENGSLUM VIÐ VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

28. gr.

Eftirlitsyfirvald

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að eitt eða fleiri opinber yfirvöld beri ábyrgð á eftirliti með beitingu ákvæða, sem aðildarríkin samþykkja á grundvelli þessarar tilskipunar, á yfirráðasvæði þess.

Þessi yfirvöld skulu starfa alveg sjálfstætt að þeim verkum sem þeim eru fengin.

2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að haft sé samráð við eftirlitsyfirvöld við samningu stjórnsýslulaga eða -reglugerða um vernd mannréttinda og mannfrelsis í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

3. Hvert yfirvald skal einkum:

— hafa heimildir til rannsókna, svo sem heimildir til aðgangs að upplýsingum sem eru í vinnslu og heimildir til að afla allra upplýsinga sem því er þörf á við eftirlitsstörf sín,

— hafa vald til að hlutast til um mál með skilvirkum hætti, til dæmis með því að leggja fram álit áður en vinnsluaðgerðir hefjast, í samræmi við 20. gr., og tryggja viðeigandi birtingu slíkra álitsgerða, með því að fyrirskipa aðgangstakmarkanir að upplýsingum eða afmáun eða eyðileggingu þeirra, með tímabundnu eða varanlegu banni á vinnslu, með viðvörun eða áminningu til ábyrgðaraðila eða með því að skjóta málinu til löggjafarþings eða annarra stjórnmálastofnana,

— hafa heimildir til að skjóta brotum á innlendum ákvæðum, sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar, til dómstóla eða vekja athygli dómsyfirvalda á þessum brotum.

Unnt er að áfrýja til dómstóla þeim ákvörðunum eftirlitsyfirvaldsins sem eru tilefni kæru.

4. Öllum aðilum, eða samtökum sem eru fulltrúar þeirra, er heimilt að leggja fram beiðni til eftirlitsyfirvalds um vernd réttinda þeirra og frelsis í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynna skal viðkomandi aðila um niðurstöður málsins.

Öllum aðilum er einkum heimilt að leggja fram beiðni til eftirlitsyfirvalda um athugun á lögmæti gagnavinnslu þegar innlend ákvæði, sem samþykkt eru á grundvelli 13. gr. þessarar tilskipunar, eiga við. Aðilunum skal í öllum tilvikum gert viðvart um að athugun hafi farið fram.

5. Hvert eftirlitsyfirvald skal semja skýrslu um starfsemi sína með reglulegu millibili. Skýrslan skal gerð opinber.

6. Hvert eftirlitsyfirvald er bært á yfirráðasvæði eigin aðildarríkis til að beita þeim heimildum sem því hafa verið fengnar í samræmi við 3. mgr., án tillits til þess hvaða lög gilda um viðkomandi vinnslu. Hvert yfirvald getur farið þess á leit við yfirvald annars aðildarríkis að það beiti heimildum sínum.

Eftirlitsyfirvöld skulu starfa saman að því marki sem er nauðsynlegt til að þau geti gegnt skyldustörfum sínum, einkum með því að skiptast á öllum gagnlegum upplýsingum.

7. Aðildarríkin skulu kveða á um að aðilar að eftirlitsyfirvaldinu og starfsmenn þess skuli bundnir þagnarskyldu, einnig eftir að þeir hafa hætt störfum, um trúnaðarupplýsingar sem þeir hafa aðgang að.

29. gr.

Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga

1. Hér með er komið á fót starfshópi um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, hér á eftir kallaður „starfshópur".

Hann skal gegna ráðgjafarhlutverki og starfa sjálfstætt.

2. Starfshópurinn er skipaður fulltrúa þess eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsyfirvalda sem tilnefnd eru af hverju aðildarríki og fulltrúa yfirvalds eða yfirvalda sem hefur verið komið á fót fyrir stofnanir og aðila bandalagins, og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Hver meðlimur starfshóps skal tilnefndur af þeirri stofnun, yfirvaldi eða yfirvöldum sem hann er fulltrúi fyrir. Hafi aðildarríki tilnefnt fleiri en eitt eftirlitsyfirvald skulu þau tilnefna sameiginlegan fulltrúa. Það sama skal gilda um yfirvöldin sem komið er á fót fyrir stofnanir og aðila bandalagsins.

3. Starfshópurinn skal taka ákvarðanir með einföldum meirihluta fulltrúa eftirlitsyfirvalda.

4. Starfshópurinn kýs sér formann. Formaðurinn er kosinn til tveggja ára. Heimilt er að endurkjósa hann

5. Framkvæmdastjórnin sér starfshópnum fyrir skrifstofuþjónustu.

6. Starfshópurinn setur sér starfsreglur.

7. Starfshópurinn fjallar um mál sem formaðurinn setur á dagskrá hans, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa eftirlitsyfirvalda eða framkvæmdastjórnarinnar.

30. gr.

1. Starfshópurinn skal:

a) fjalla um öll mál, sem taka til beitingar innlendra ákvæða sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar, í því skyni að stuðla að samræmdri beitingu þessara ákvæða;

b) skila áliti til framkvæmdastjórnarinnar um umfang verndar í bandalaginu og þriðju löndum;

c) vera ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórnina um allar tillögur að breytingum á þessari tilskipun, um viðbótareða sérráðstafanir sem ber að gera til að standa vörð um mannréttindi og mannfrelsi í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um allar aðrar tillögur að bandalagsráðstöfunum sem hafa áhrif á þau réttindi og frelsi;

d) skila áliti um siðareglur sem samdar eru á vettvangi bandalagsins.

2. Komist starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að munur sé á lögum og venjum aðildarríkjanna sem líklegt er að hafi áhrif á jafna vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í bandalaginu skal hún tilkynna það framkvæmdastjórninni.

3. Starfshópur getur, að eigin frumkvæði, borið fram tilmæli í öllum málum er varða vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í bandalaginu.

4. Álit og tilmæli starfshópsins skal senda áfram til framkvæmdastjórnarinnar og nefndarinnar sem um getur í 31. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna starfshópnum til hvaða aðgerða hafi verið gripið í framhaldi af álitsgerð hans og tilmælum. Framkvæmdastjórnin semur í því til-

efni skýrslu sem skal einnig send Evrópuþinginu og ráðinu. Skýrslan skal gerð opinber.

6. Starfshópurinn semur árlega skýrslu um ástand í málum er varða vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í bandalaginu og í þriðju löndum og leggur hana fyrir framkvæmdastjórnina, Evrópuþingið og ráðið. Skýrslan skal gerð opinber.

VII. KAFLI

FRAMKVÆMDARÁÐSTAFANIR BANDALAGSINS

31. gr.

Nefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skilar áliti sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er.

Álitið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna ráðinu um þær án tafar. Ef svo ber undir:

— skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur tekið ákvörðun um, um þrjá mánuði frá dagsetningu tilkynningarinnar,

— ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirgreininni hér að framan.

LOKAÁKVÆÐI

32. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en þremur árum eftir að hún var samþykkt.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að vinnsla, sem var þegar hafin daginn sem innlend ákvæði, sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar, taka gildi, sé samræmd þessum ákvæðum innan þriggja ára frá þeim degi.

Þrátt fyrir undirgreinina hér að framan geta aðildarríkin kveðið á um að vinnsla upplýsinga, sem eru þegar komnar í handunnið skráningarkerfi á gildistökudegi innlendra ákvæða sem samþykkt eru til framkvæmdar þessari tilskipun, skuli samræmd við 6., 7. og 8. gr. þessarar tilskipunar innan 12 ára frá samþykki hennar. Aðildarríkin skulu þó veita hinum skráða rétt til að fá fram, að beiðni hans og einkum í tengslum við beitingu réttar hans til aðgangs, leiðréttingu, afmáun eða aðgangstakmörkun að upplýsingum sem eru ófullkomnar, óáreiðanlegar eða geymdar á einhvern þann hátt sem er ósamrýmanlegur þeim lögmætu markmiðum sem ábyrgðaraðili stefnir að.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um, með fyrirvara um viðeigandi öryggisákvæði, að ekki þurfi að samræma upplýsingar, sem eru aðeins geymdar

til sagnfræðilegra rannsókna, við 6., 7. og 8. gr. þessarar tilskipunar.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

33. gr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu með reglubundnu millibili fyrir ráðið og Evrópuþingið, í fyrsta sinn eigi síðar en þremur árum eftir daginn sem um getur í 1. mgr. 32. gr., um framkvæmd þessarar tilskipunar ásamt, ef þörf krefur, viðeigandi breytingartillögum. Skýrslan skal gerð opinber.

Framkvæmdastjórnin skal einkum skoða beitingu þessarar tilskipunar varðandi hljóð- og myndvinnslu upplýsinga um einstaklinga og leggja fram viðeigandi tillögur, ef þörf er á þeim, með hliðsjón af þróun í upplýsingatækni og í upplýsingaþjóðfélaginu.

34. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 24. október 1995.

Fyrir hönd Evrópuþingsins	*Fyrir hönd ráðsins,*
K. HÄNSCH	L. ATIENZA SERNA
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal V.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/9

frá 11. mars 1996

um lögverndun gagnagrunna

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 57. gr., 66. og 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gagnagrunnar njóta ekki nægilegrar verndunar í öllum aðildarríkjunum samkvæmt gildandi löggjöf. Verndunin er með ýmsu móti þar sem hana er á annað borð að finna.

2) Ósamræmi í lögum aðildarríkjanna um lögverndun gagnagrunna hefur bein neikvæð áhrif á starfsemi innri markaðarins hvað gagnagrunna varðar og einkum á möguleika einstaklinga og lögpersóna til að bjóða upp á beinlínutengda gagnagrunnsþjónustu og -vörur með sömu skilyrðum í öllu bandalaginu. Ósamræmið á hugsanlega eftir að aukast ef aðildarríkin samþykkja ný lög á þessu sviði sem verður sífellt alþjóðlegra.

3) Nauðsynlegt er að leiðrétta það ósamræmi sem er fyrir hendi og raskar starfsemi innri markaðarins og koma í veg fyrir að það skapist að nýju en ekki er nauðsynlegt að leiðrétta eða koma í veg fyrir ósamræmi sem hefur ekki neikvæð áhrif á starfsemi innri markaðarins eða þróun upplýsingamarkaðar í bandalaginu.

4) Höfundarréttur á gagnagrunnum er verndaður með ýmsum hætti í aðildarríkjunum í samræmi við löggjöf eða fordæmisrétt en viðvarandi ósamræmi í löggjöfinni, með tilliti til þess hversu víðtæk verndunin er og á hvaða forsendum hún byggir, getur komið í veg fyrir frjálsa vöruflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi innan bandalagsins.

5) Höfundarréttur er það form einkaréttar sem hentar vel til að vernda rétt höfunda að gagnagrunnum.

6) Ekki er til samræmd löggjöf um óréttmæta samkeppni eða fordæmisrétt og því er nauðsynlegt að grípa til annarra ráðstafana þessu til viðbótar til að koma í veg fyrir óheimilan útdrátt og/eða endurnýtingu á efni gagnagrunns.

7) Smíði gagnagrunna krefst mikillar fjárfestingar í mannauði, tækni og búnaði en hægt er að afrita eða komast inn í slíka gagnagrunna fyrir aðeins brot af því sem það kostar að smíða þá af eigin rammleik.

8) Óleyfilegur útdráttur og/eða endurnýting á efni gagnagrunns er eitt af því sem getur haft alvarlegar efnahagslegar og tæknilegar afleiðingar.

9) Gagnagrunnar eru mikilvægt tæki við þróun upplýsingamarkaðarins í bandalaginu. Þeir geta einnig nýst á mörgum öðrum sviðum.

10) Magn upplýsinga, sem er framleitt og meðhöndlað árlega á öllum sviðum verslunar og iðnaðar, vex jafnt og þétt í bandalaginu og heiminum öllum og gerir þá kröfu til aðildarríkjanna að þau fjárfesti í háþróuðum gagnavinnslukerfum.

11) Um þessar mundir ríkir mikið ójafnvægi í fjárfestingum á sviði gagnagrunna, bæði milli aðildarríkja og milli bandalagsins og þeirra þriðju ríkja sem framleiða mest af gagnagrunnum.

12) Ekki verður fjárfest í nútímalegum gagnageymslu- og gagnavinnslukerfum í bandalaginu fyrr en búið er að taka upp stöðugar og einsleitar réttarreglur til verndunar réttindum höfunda gagnagrunna.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 156, 23. 6. 1992, bls. 4 og Stjtíð. EB nr. C 308, 15. 11. 1993, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 19, 25. 1. 1993, bls. 3.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 23. júní 1993 (Stjtíð. EB nr. C 194, 19. 7. 1993, bls. 144), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. C 288, 30. 10. 1995, bls. 14), ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. C 17, 22. 1. 1996) og ákvörðun ráðsins frá 26. febrúar 1996.

13) Þessi tilskipun á að vernda söfn, stundum nefnd syrpur, verka, gagna eða annars efnis sem er komið fyrir, geymt eða er aðgengilegt með rafrænum, rafsegul- eða ljósfræðilegum aðferðum eða hliðstæðum aðferðum.

14) Sú verndun sem þessi tilskipun veitir ætti einnig að taka til gagnagrunna sem eru ekki á rafrænu formi.

15) Viðmiðanirnar, sem eru notaðar til að ákvarða hvort gagnagrunnur skuli njóta verndunar á grundvelli höfundarréttar, skal skilgreina með hliðsjón af því að val eða niðurröðun efnis í gagnagrunninum sé hugverk höfundar. Verndunin ætti að taka til þess hvernig gagnagrunnurinn er skipulagður.

16) Eina viðmiðunin sem réttlætanlegt er að nota, þegar ákvarða á hvort gagnagrunnur skuli njóta verndunar á grundvelli höfundarréttar, er frumleiki hugverks höfundar og einkum ber að gæta þess að nota ekki fagurfræðilegar eða efnislegar viðmiðanir.

17) Líta ber svo á að hugtakið „gagnagrunnur" taki til safna bókmennta-, lista- eða tónverka eða annarra verka eða safna annars efnis svo sem texta, hljóða, mynda, talna, staðreynda og gagna. Hér er átt við söfn sjálfstæðra verka, gagna eða annars efnis sem er sett fram með skipulegum eða kerfisbundnum hætti og hægt er að nálgast hvert um sig. Af þessu leiðir að upptaka hljóð- eða myndverks, kvikmyndar, bókmennta- eða tónverks fellur sem slík ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.

18) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á frelsi höfunda til að ákveða hvort og með hvaða hætti þeir leyfa notkun verka sinna í gagnagrunnum, svo sem hvort veitt er einkaleyfi eða ekki. Verndun gagnagrunna á grundvelli *sinnar tegundar* réttar (*sui generis*) hefur ekki áhrif á gildandi réttindi er varða efni þeirra. Heimili höfundur eða rétthafi að sum verka hans eða efni séu sett í gagnagrunn samkvæmt almennum samningi getur þriðji aðili haft not af þessum verkum eða efni, að fengnu tilskildu leyfi höfundar eða rétthafa skyldra réttinda, án þess að unnt sé að beita *sinnar tegundar* rétti eiganda gagnagrunnsins því til hindrunar, með því skilyrði að þessi verk eða efni sé hvorki dregið út úr gagnagrunninum né endurnýtt á grundvelli hans.

19) Almenna reglan er sú að syrpa nokkurra hljóðupptaka af tónlistarflutningi á geisladiski fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar, bæði vegna þess að slík syrpa fullnægir ekki skilyrðum um höfundarréttarvernd og að baki henni liggur ekki nægileg fjárfesting til að hún falli undir *sinnar tegundar* réttinn.

20) Verndun samkvæmt þessari tilskipun getur einnig tekið til efnis sem er nauðsynlegt til að unnt sé að keyra og leita í tilteknum gagnagrunnum, eins og samheita- og atriðisorðakerfa.

21) Verndunin sem kveðið er á um í þessari tilskipun tekur til gagnagrunna þar sem verkum, gögnum eða öðru efni hefur verið komið fyrir á skipulegan eða kerfisbundin hátt. Það er ekki gert að skilyrði að efninu hafi í reynd verið komið fyrir með skipulegum hætti.

22) Í rafrænum gagnagrunnum í skilningi þessarar tilskipunar getur einnig verið búnaður eins og geisladiskar (CD-Rom) og gagnvirkir geisladiskar (CD-I).

23) Hugtakið „gagnagrunnur" nær ekki til tölvuforrita sem eru notuð við smíði eða keyrslu gagnagrunna er njóta verndunar samkvæmt tilskipun ráðsins 91/250/EBE frá 14. maí 1991 um lögvernd fyrir tölvuforrit ([1]).

24) Leiga eða útlán á gagnagrunnum er falla undir höfundarrétt og skyld réttindi falla alfarið undir tilskipun ráðsins 92/100/EBE frá 19. nóvember 1992 um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarrétti á sviði hugverkaréttar ([2]).

25) Fjallað er um hugtakið „höfundarréttur" í tilskipun ráðsins 93/98/EBE frá 29. október 1993 um samhæfingu á hugtakinu um verndun höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda ([3]).

26) Verk sem njóta verndunar á grundvelli höfundarréttar og efni er nýtur verndunar á grundvelli skyldra réttinda, og sem eru hluti af gagnagrunni, njóta eftir sem áður verndunar á grundvelli þessara réttinda og er óheimilt að setja þau í eða taka úr gagnagrunni án leyfis rétthafa eða þeirra sem tekið hafa við réttinum.

27) Önnur gildandi réttindi er varða upprunalegt val eða niðurröðun verka eða efnis í gagnagrunni hafa ekki

([1]) Stjtíð. EB nr. L 122, 17. 5. 1991, bls. 42. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/98/EBE (Stjtíð. EB nr. L 290, 24. 11. 1993, bls. 9).
([2]) Stjtíð. EB nr. L 346, 27. 11. 1992, bls. 61.
([3]) Stjtíð. EB nr. L 290, 24. 11. 1993, bls. 9.

áhrif á höfundarrétt á slíkum verkum og skyld réttindi vegna efnis sem þannig er komið fyrir í gagnagrunni.

28) Siðferðileg réttindi þess einstaklings sem hefur smíðað gagnagrunninn tilheyra honum og skulu þau sótt í samræmi við löggjöf aðildarríkjanna og ákvæði Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum. Slík siðferðileg réttindi falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

29) Aðildarríkjunum skal eftirlátið að ákveða hvaða fyrirkomulag skuli gilda um hugverk starfsmanna. Af þeim sökum er ekkert í þessari tilskipun sem er því til fyrirstöðu að aðildarríkin setji ákvæði í eigin löggjöf þess efnis að vinnuveitandi hafi, þegar starfsmaður smíðar gagnagrunn við skyldustörf sín, eða samkvæmt fyrirmælum vinnuveitanda, einkarétt á að neyta allra efnahagslegra réttinda sem varða gagnagrunn sem þannig hefur orðið til, nema annað sé áskilið með samningi.

30) Einkaréttur höfundar skal fela í sér rétt höfundar til að ákveða með hvaða hætti verk hans eru nýtt og af hverjum, hér er einkum átt við eftirlit með dreifingu á verkum hans til einstaklinga sem hafa ekki leyfi.

31) Höfundarréttarvernd á gagnagrunnum nær einnig til þess að veita aðgang að gagnagrunnum með öðrum hætti en dreifingu afrita.

32) Aðildarríkjunum ber að sjá til þess að ákvæði sem þau setja séu að minnsta kosti efnislega sambærileg við einkaréttarákvæðin, með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

33) Fullnustunot dreifingarréttarins koma ekki til álita þegar um beinlínutengda gagnagrunna er að ræða enda falla þeir undir þjónustustarfsemi. Þetta á einnig við um afrit af efni slíks gagnagrunns sem notandi viðkomandi þjónustustarfsemi hefur tekið með samþykki rétthafa. Öfugt við það sem gildir um geisladiska eða gagnvirka geisladiska, þar sem hugverkaréttur er fólginn í efnislegum hlut, með öðrum orðum vöru, er beinlínutengd þjónustustarfsemi í raun aðgerð sem skal háð leyfi enda sé gert ráð fyrir því í höfundarréttinum.

34) Hafi rétthafi hins vegar kosið að gefa notanda kost á að nota eintak af gagnagrunninum, hvort heldur sem er með beinlínutengingu eða með annars konar dreifingu, verður notandinn að hafa aðgang að og geta notað gagnagrunninn í þeim tilgangi og með þeim hætti sem kveðið er á um í samningi við rétthafa, jafnvel þótt aðgangur og notkun af þessu tagi feli í sér aðgerðir sem eru allajafna takmarkaðar.

35) Taka ber saman skrá yfir undantekningar frá aðgerðum sem takmarkanir gilda um þar sem mið skal tekið af því að höfundarréttur samkvæmt þessari tilskipun gildir einungis um val á efni eða niðurröðun þess í gagnagrunni. Aðildarríkin ættu að hafa tök á að kveða á um slíkar undantekningar í vissum tilvikum. Þennan möguleika ber hins vegar að nota í samræmi við Bernarsáttmálann og að því tilskildu að undantekningarnar varði skipulag gagnagrunnsins. Gera ber greinarmun á undantekningum vegna einkanotkunar og undantekningum vegna fjölföldunar til einkanota sem fellur undir ákvæði innlendra laga sumra aðildarríkja um álögur á óátekna miðla eða upptökubúnað.

36) Hugtakið „vísindarannsókn“ í skilningi þessarar tilskipunar tekur bæði til náttúruvísinda og hugvísinda.

37) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á 1. mgr. 10. gr. Bernarsáttmálans.

38) Aukin notkun stafrænnar upptökutækni eykur hættuna á því að efni gagnagrunns sé afritað og því endurraðað með rafrænum hætti, án leyfis höfundar, þannig að til verður gagnagrunnur með sams konar efni sem brýtur þó ekki gegn höfundarrétti um skipulag á gagnagrunni hans.

39) Þessari tilskipun er ætlað, jafnframt því að miða að því að vernda rétt höfundar hvað varðar upprunalegt val eða niðurröðun efnis í gagnagrunni, að verja höfunda gagnagrunna gegn því að aðrir eigni sér heiðurinn af afrakstri fjárhagslegrar og faglegrar fjárfestingar, sem lagt hefur verið út í við öflun og söfnun efnis, með því að vernda allan eða umtalsverðan hluta gagnagrunnsins gegn tilteknum aðgerðum notanda eða samkeppnisaðila.

40) Markmiðið með þessum *sinnar tegundar* rétti er að tryggja að fjárfesting, sem lagt er út í til að afla, sannreyna eða setja efni í gagnagrunn, sé varin í þann takmarkaða tíma sem réttarinn varir. Fjárfestingin getur falist í nýtingu fjármagns og/eða tíma og fyrirhöfn.

41) Markmiðið með *sinnar tegundar* réttinum er að gefa höfundi gagnagrunns kost á að koma í veg fyrir óleyfilegan útdrátt og/eða endurnýtingu alls eða umtalsverðs hluta viðkomandi gagnagrunns. Höfundur gagnagrunns er sá sem hefur frumkvæði að og tekur á sig áhættu sem fylgir fjárfestingum. Þetta undanskilur undirverktaka sérstaklega frá skilgreiningu á höfundi.

42) Sérstakur réttur til að koma í veg fyrir óleyfilegan útdrátt og/eða endurnýtingu tekur til aðgerða notanda er ganga lengra en hann hefur lögmætan rétt til og skaða þannig fjárfestinguna. Réttur til að banna útdrátt og/eða endurnýtingu alls eða umtalsverðs hluta gagnagrunns tekur ekki einungis til framleiðslu sjóræningjavöru keppinautar heldur einnig til þeirra notenda sem valda með athöfnum sínum umtalsverðum skaða á fjárfestingunni, metið með hliðsjón af magni eða mikilvægi.

43) Þegar um er að ræða beinlínutengdan gagnaflutning er rétturinn til að banna endurnýtingu ekki tæmdur, hvorki að því er varðar gagnagrunninn né afrit af efni viðkomandi gagnagrunns eða hluta hans, sem móttakandi gagnasendingarinnar hefur tekið með samþykki rétthafa.

44) Þegar yfirfæra þarf allt efni gagnagrunns, eða verulegan hluta þess, hvort heldur sem er varanlega eða tímabundið, yfir á annan miðil til að unnt sé að birta efni gagnagrunnsins á tölvuskjá skal slík aðgerð háð leyfi rétthafa.

45) Í réttinum til að hindra óleyfilegan útdrátt og/eða endurnýtingu felst á engan hátt rýmkun á höfundarréttarvernd þannig að hún taki til hreinna staðreynda eða gagna.

46) Rétturinn til að hindra óleyfilegan útdrátt, og/eða endurnýtingu alls eða umtalsverðs hluta verka, gagna eða efnis í gagnagrunni, leiðir ekki af sér nýjan rétt sem tæki til sjálfra verkanna, gagnanna eða efnisins.

47) Með tilliti til samkeppni milli birgja vara og þjónustu á sviði upplýsingamiðlunar skal ekki veita verndun á grundvelli *sinnar tegundar* réttar með þeim hætti að það ýti undir misnotkun á yfirburðastöðu, einkum að því er varðar framsetningu eða dreifingu nýrrar vöru og þjónustu sem í felst virðisauki hvað varðar heimildagildi og skapandi, tæknilega, efnahagslega og viðskiptalega þætti. Ákvæði þessarar tilskipunar hafa því ekki áhrif á beitingu samkeppnisreglna bandalagsins og aðildarríkjanna.

48) Markmiðið með þessari tilskipun, sem er að veita hæfilega og einsleita verndun fyrir gagnagrunna í því skyni að tryggja höfundi gagnagrunnsins endurgjald, og er það frábrugðið markmiði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um verndun einstaklinga í tengslum við meðferð persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]), sem er að tryggja frjálsa dreifingu persónuupplýsinga á grundvelli samhæfðra reglna er eiga að tryggja grundvallarréttindi, einkum réttinn til friðhelgi einkalífs sem er viðurkenndur í 8. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á löggjöf um upplýsingavernd.

49) Þrátt fyrir réttinn til að koma í veg fyrir útdrátt og/eða endurnýtingu alls eða umtalsverðs hluta gagnagrunns, ber að mæla fyrir um að höfundi gagnagrunns eða rétthafa sé óheimilt að hindra löglegan notanda gagnagrunnsins í að draga út og endurnýta óverulega hluta hans. Sami notandi má þó ekki ganga með óeðlilegum hætti gegn réttmætum hagsmunum rétthafa *sinnar tegundar* réttarins eða rétthafa höfundarréttar eða skyldra réttinda að því er varðar verk eða efni sem er að finna í gagnagrunninum.

50) Aðildarríkjunum skal gert kleift að kveða á um undantekningar frá réttinum til að hindra óleyfilegan útdrátt og/eða endurnýtingu á umtalsverðum hluta gagnagrunns, enda sé það gert í einkaþágu, til kennslu eða til vísindarannsókna eða ef útdráttur og/eða endurnýting fer fram í þágu almannaöryggis eða vegna stjórnsýslu- meðferðar eða málareksturs. Slíkar aðgerðir mega ekki hafa áhrif á einkarétt höfundar til að nýta gagnagrunninn og þær mega ekki fara fram í hagnaðarskyni.

51) Þegar aðildarríkin nýta sér möguleikann til að heimila löglegum notanda gagnagrunns að draga út umtalsverðan hluta hans til að nota við kennslu eða vísindarannsóknir geta þau takmarkað heimildina við ákveðnar tegundir kennslu- eða rannsóknastofnana.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 281, 23. 11. 1995, bls. 31.

52) Þeim aðildarríkjum sem hafa sérstakar reglur um rétt sambærilegan við *sinnar tegundar* réttinn, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skal vera heimilt að halda, að því er nýja réttinn varðar, þeim undantekningum sem venja er að veita í slíkum reglum.

53) Höfundi gagnagrunns ber að sanna hvaða dag var lokið við að smíða gagnagrunninn.

54) Höfundi breytts gagnagrunns ber að sanna að viðmiðanir, sem gera kleift að slá því föstu að litið sé á umtalsverðar breytingar á efni gagnagrunns sem umtalsverða nýja fjárfestingu, séu virtar.

55) Umtalsverðri nýrri fjárfestingu, sem leiðir af sér nýjan verndartíma, getur fylgt gagnger úttekt á efni gagnagrunnsins.

56) Réttur til að hindra óleyfilegan útdrátt og/eða endurnýtingu gagnagrunns nær því aðeins til gagnagrunna höfunda sem eru ríkisborgarar þriðju landa, eða hafa þar fasta búsetu, eða gagnagrunna lögpersóna sem eru ekki með staðfestu í aðildarríki, í skilningi sáttmálans, að hlutaðeigandi þriðju lönd veiti gagnagrunnum, sem ríkisborgarar aðildarríkis eða einstaklingar með fasta búsetu á yfirráðasvæði bandalagsins framleiða, sambærilega verndun.

57) Auk þeirra úrræða sem kveðið er á um í löggjöf aðildarríkjanna varðandi brot á höfundarrétti eða öðrum réttindum skulu aðildarríkin kveða á um viðeigandi úrræði gegn óleyfilegum útdrætti og/eða endurnýtingu á efni gagnagrunns.

58) Til viðbótar við þá verndun sem þessi tilskipun veitir uppbyggingu gagnagrunnsins með höfundarréttinum, og efni hans gegn óleyfilegum útdrætti og/eða endurnýtingu með *sinnar tegundar* réttinum, halda önnur lagaákvæði um framboð á vörum og þjónustu í tengslum við gagnagrunna áfram að gilda í aðildarríkjunum.

59) Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að reglur um útsendingu á hljóð- og myndefni í sjónvarpi, sem kunna að vera viðurkenndar í löggjöf aðildarríkjanna, séu notaðar um gagnagrunna sem innihalda hljóð- og myndverk.

60) Í sumum aðildarríkjum njóta gagnagrunnar, sem fullnægja ekki þeim skilyrðum sem eru sett í þessari tilskipun um höfundarréttarvernd, engu að síður verndunar á grundvelli höfundarréttar. Jafnvel þótt viðkomandi gagnagrunnar eigi rétt á að njóta verndunar á grundvelli þess réttar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun til að unnt sé að koma í veg fyrir óleyfilegan útdrátt og/eða endurnýtingu á efni þeirra, er verndartíminn samkvæmt þeim rétti umtalsvert styttri en gert er ráð fyrir í gildandi fyrirkomulagi aðildarríkjanna. Samræming viðmiðana sem eru notaðar til að ákveða hvort gagnagrunnur skuli njóta verndunar samkvæmt höfundarrétti má ekki leiða til þess að verndartíminn, sem viðkomandi rétthafar njóta eins og sakir standa, styttist. Mæla ber fyrir um undanþágu í þessa veru. Áhrif slíkrar undanþágu skulu takmarkast við yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkja.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun tekur til lögverndunar hvers konar gagnagrunna.

2. Að því er þessa tilskipun varðar merkir „gagnagrunnur" safn sjálfstæðra verka, gagna eða annars efnis sem er komið fyrir með skipulegum eða kerfisbundnum hætti og hægt er að komast í með rafrænum aðferðum eða öðrum hætti.

3. Verndun samkvæmt þessari tilskipun tekur ekki til tölvuforrita sem eru notuð við smíði eða rekstur gagnagrunna sem aðgangur er veittur að með rafrænum hætti.

2. gr.

Takmörkun á gildissviði

Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um ákvæði bandalagsins er varða:

a) lögverndun tölvuforrita;

b) leigurétt, útlánsrétt og tiltekin réttindi er varða höfundarrétt á sviði hugverkaréttar;

c) verndartíma vegna höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda.

II. KAFLI

HÖFUNDARRÉTTUR

3. gr.

Markmið verndunar

1. Í samræmi við þessa tilskipun skulu gagnagrunnar, sem vegna vals eða niðurröðunar efnis teljast vera hugverk höfundar, njóta verndunar sem slíkir á grundvelli höfundarréttar. Ekki skal notast við aðrar viðmiðanir til að ákveða hvort þeir eigi að njóta slíkrar verndunar.

2. Höfundarréttarvernd gagnagrunna samkvæmt þessari tilskipun tekur ekki til efnis þeirra og er með fyrirvara um annan rétt sem tekur til efnisins sjálfs.

4. gr.

Höfundur gagnagrunns

1. Höfundur gagnagrunns skal vera einstaklingur eða hópur einstaklinga sem hafa smíðað grunninn eða, ef slíkt er leyfilegt samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna, lögpersóna sem telst vera rétthafi samkvæmt þeirri löggjöf.

2. Ef löggjöf aðildarríkis viðurkennir safnverk tilheyra fjárhagsleg réttindi þeim sem á höfundarréttinn.

3. Hafi gagnagrunnur verið smíðaður af hópi einstaklinga í sameiningu tilheyrir einkarétturinn þeim sameiginlega.

5. gr.

Einkaréttindi

Að því er varðar framsetningu gagnagrunns, sem getur fallið undir höfundarréttarvernd, skal höfundur gagnagrunns hafa einkarétt á því að framkvæma eða heimila:

a) tímabundna eða varanlega afritun, með hvaða móti sem er og í hverju formi sem er, í heild eða að hluta;

b) þýðingu, aðlögun, niðurröðun og hverja aðra breytingu;

c) hvers konar dreifingu til almennings á gagnagrunninum eða á afritum hans. Þegar rétthafinn, eða einhver í hans nafni, selur fyrsta eintak gagnagrunnsins í bandalaginu tæmist rétturinn til að hafa eftirlit með endursölu þessa eintaks innan bandalagsins;

d) aðgengi, sýningu eða framboð handa almenningi;

e) fjölföldun, dreifingu, aðgengi, sýningu eða framboð handa almenningi á afrakstri þeirra aðgerða sem um getur í b-lið.

6. gr.

Undantekningar frá einkaréttindum

1. Löglegur notandi gagnagrunns eða afrits af honum getur, án þess að fá til þess sérstakt leyfi frá höfundi grunnsins, framkvæmt hverja þá aðgerð sem um getur í 5. gr. ef hún er nauðsynleg forsenda þess að notandinn geti fengið aðgang að efni gagnagrunnsins og notað það með eðlilegum hætti. Hafi löglegi notandinn einungis leyfi til að nota hluta af gagnagrunninum á þetta ákvæði við um þann hluta.

2. Aðildarríkin skulu eiga þess kost að takmarka réttindin sem getið er í 5. gr. í eftirtöldum tilvikum:

a) ef um ræðir afritun til einkanota á efni órafræns gagnagrunns;

b) ef eingöngu er um að ræða notkun til útlistunar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að uppruna sé getið og að því marki sem tilgangurinn, sem má ekki vera viðskiptalegs eðlis, gerir ráð fyrir;

c) ef um er að ræða notkun í þágu almannaöryggis eða vegna stjórnsýslumeðferðar eða málareksturs;

d) ef um er að ræða aðrar undantekningar á höfundarrétti sem venja er að veita samkvæmt innlendum lögum, með fyrirvara um a-, b- og c-lið.

3. Í samræmi við Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum er óheimilt að túlka þessa grein þannig að heimilt sé að beita henni gegn réttmætum hagsmunum rétthafa eða þannig að hún stríði gegn eðlilegri nýtingu gagnagrunnsins.

III. KAFLI

SINNAR TEGUNDAR RÉTTUR

7. gr.

Viðfang verndunar

1. Þegar unnt er að sýna fram á að lagt hafi verið út í umtalsverða fjárfestingu til að afla, sannprófa eða setja fram efni gagnagrunns, metið með hliðsjón af magni eða mikilvægi, skulu aðildarríkin tryggja höfundi gagnagrunnsins rétt til að koma í veg fyrir útdrátt og/eða endurnýtingu á öllum eða umtalsverðum hluta hans, metið með hliðsjón af magni eða mikilvægi.

2. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „útdráttur“: tímabundin eða varanleg yfirfærsla alls eða umtalsverðs hluta efnis gagnagrunns á annan miðil með hvaða móti sem er og í hverju formi sem er;

b) „endurnýting“: þegar almenningi er veittur aðgangur, í hvaða formi sem er, að öllum eða umtalsverðum hluta efnis gagnagrunns með dreifingu afrita, leigu, beinlínutengingu eða öðrum flutningsaðferðum. Þegar rétthafinn, eða einhver í hans nafni, selur fyrsta eintak gagnagrunnsins í bandalaginu tæmist rétturinn til að hafa eftirlit með endursölu þessa eintaks innan bandalagsins.

Opinbert útlán telst ekki vera útdráttur eða endurnýting.

3. Heimilt er að yfirfæra réttinn sem um getur í 1. mgr., ánafna hann eða veita öðrum samkvæmt samningsleyfi.

4. Rétturinn sem kveðið er á um í 1. mgr. gildir óháð því hvort gagnagrunnurinn uppfyllir skilyrði fyrir verndun á grundvelli höfundarréttar eða annarra réttinda. Þetta á einnig við óháð því hvort efni gagnagrunnsins uppfyllir skilyrði fyrir verndun á grundvelli höfundarréttar eða annarra réttinda. Verndun gagnagrunna á grundvelli réttarins sem kveðið er á um í 1. mgr. hefur ekki áhrif á réttindi sem kunna að vera fyrir hendi varðandi efni þeirra.

5. Óleyfilegur er endurtekinn og kerfisbundinn útdráttur og/eða endurnýting óverulegra hluta af efni gagnagrunnsins sem geta jafnast á við aðgerðir er stríða gegn eðlilegri nýtingu gagnagrunnsins eða ganga með óeðlilegum hætti gegn réttmætum hagsmunum höfundar gagnagrunnsins.

8. gr.

Réttindi og skyldur löglegra notenda

1. Höfundi gagnagrunns, sem er opnaður almenningi með einhverjum hætti, er óleyfilegt að hindra löglegan notanda í að draga út og/eða endurnýta óverulegan hluta af efni hans, metið með hliðsjón af magni og/eða mikilvægi, hver svo sem tilgangurinn kann að vera. Hafi löglegur notandi einungis leyfi til að draga út og/eða endurnýta hluta af gagnagrunninum gildir þessi málsgrein aðeins um þann hluta.

2. Löglegur notandi gagnagrunns, sem er opnaður almenningi með einhverjum hætti, má ekkert aðhafast sem stríðir gegn eðlilegri nýtingu gagnagrunnsins eða stríðir á ósanngjarnan hátt gegn réttmætum hagsmunum höfundar gagnagrunnsins.

3. Löglegum notanda gagnagrunns, sem er opnaður almenningi með einhverjum hætti, má ekkert aðhafast sem getur skaðað hagsmuni rétthafa höfundarréttar eða skyldra réttinda að því er varðar verk eða efni sem er að finna í gagnagrunninum.

9. gr.

Undantekningar frá sinnar tegundar réttinum

Aðildarríkin geta mælt fyrir um að löglegum notendum gagnagrunns, sem er opnaður almenningi með einhverjum hætti, sé heimilt, án leyfis höfundar, að draga út eða endurnýta umtalsverðan hluta efnis hans:

a) ef um er að ræða útdrátt til einkanota á efni órafræns gagnagrunns;

b) ef um er að ræða útdrátt sem á að nota til útlistunar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að uppruna sé getið og að því marki sem tilgangurinn, sem má ekki vera viðskiptalegs eðlis, gerir ráð fyrir;

c) ef útdráttur og/eða endurnýting er í þágu almannaöryggis eða vegna stjórnsýslumeðferðar eða málareksturs.

10. gr.

Verndartími

1. Rétturinn sem kveðið er á um í 7. gr. gildir frá þeim degi er lokið er við smíði gagnagrunnsins. Hann fellur úr gildi fimmtán árum eftir 1. janúar næsta árs á eftir að lokið er við smíðina.

2. Ef um er að ræða gagnagrunn, sem er opnaður almenningi með einhverjum hætti, áður en tímabilið sem kveðið er á um í 1. mgr. rennur út, skal verndartíminn sem sá réttur veitir renna út fimmtán árum eftir 1. janúar næsta árs á eftir að gagnagrunnurinn var fyrst opnaður almenningi.

3. Þegar um er að ræða umtalsverða breytingu, metna með hliðsjón af magni eða mikilvægi, á efni gagnagrunns, til að mynda umtalsverða breytingu sem má rekja til margra viðbóta er fylgja hver á fætur annarri, niðurfellinga eða breytinga, sem valda því að gagnagrunnurinn telst vera umtalsverð ný fjárfesting, metið með hliðsjón af magni eða mikilvægi, ber að líta svo á að gagnagrunnurinn, sem er afrakstur þessarar fjárfestingar, öðlist sinn eigin verndartíma.

11. gr.

Rétthafar verndunar samkvæmt sinnar tegundar rétti

1. Rétturinn sem kveðið er á um í 7. gr. gildir um gagnagrunna þegar höfundur eða rétthafi er ríkisborgari aðildarríkis eða hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði bandalagsins.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um félög og fyrirtæki sem eru stofnuð í samræmi við lög aðildarríkis og hafa skráða skrifstofu, aðalstjórn eða aðalstarfsstöð í bandalaginu. Hafi félagið eða fyrirtækið hins vegar einungis skráða skrifstofu sína á yfirráðasvæði bandalagsins verður starfsemi þess að vera órjúfanlega tengd hagkerfi aðildarríkis til frambúðar.

3. Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, gera samninga er rýmka réttinn sem kveðið er á um í 7. gr. þannig að hann taki til gagnagrunna sem eru smíðaðir í þriðju löndum og falla ekki undir ákvæði 1. og 2. mgr. Verndartími sem er rýmkaður og látinn taka til gagnagrunna út á þessa málsmeðferð skal ekki vera lengri en verndartíminn sem kveðið er á um í 10. gr.

IV. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

12. gr.

Úrræði

Aðildarríkin skulu hafa tiltæk viðeigandi úrræði vegna brota á rétti sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

13. gr.

Áframhaldandi beiting annarra lagaákvæða

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði er varða til að mynda höfundarrétt, rétt er tengist höfundarrétti eða önnur réttindi eða skuldbindingar er fylgja gögnum, verkum eða öðru efni sem er tekið upp í gagnagrunn, einkaleyfi, vörumerki, hönnunarrétt, varðveislu þjóðarverðmæta, lög um samkeppnishömlur og óréttmæta samkeppni, viðskiptaleyndarmál, öryggi, trúnaðarkvaðir, verndun persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífsins, aðgang að opinberum skjölum og samningarétt.

14. gr.

Beiting til lengri tíma

1. Verndun samkvæmt þessari tilskipun er varðar höfundarrétt tekur einnig til gagnagrunna, sem hafa verið smíðaðir fyrir þann dag sem um getur í 1. mgr. 16. gr., enda uppfylli þeir þann dag kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun um verndun gagnagrunna á grundvelli höfundarréttar.

2. Ef gagnagrunnur, sem nýtur verndunar í aðildarríki samkvæmt fyrirkomulagi um höfundarrétt, fullnægir á útgáfudegi tilskipunarinnar ekki þeim viðmiðunum sem fullnægja þarf til að njóta verndunar á grundvelli höfundarréttar samkvæmt 1. mgr. 3. gr., má þessi tilskipun, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., ekki fela í sér skerðingu þess verndartíma sem eftir lifir í viðkomandi aðildarríki og fékkst samkvæmt fyrirkomulaginu.

3. Verndun samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, sem snertir réttinn sem kveðið er á um í 7. gr., skal einnig taka til gagnagrunna, sem lokið var við síðustu fimmtán árin fyrir daginn sem um getur í 1. mgr. 16. gr., enda fullnægi þeir kröfum 7. gr. á þeim degi.

4. Verndunin, sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr., er með fyrirvara um gerninga og réttindi sem hafa áunnist fyrir daginn sem um getur í þessum málsgreinum.

5. Þegar um er að ræða gagnagrunn, sem lokið hefur verið við að smíða síðustu fimmtán árin fyrir daginn sem um getur í 1. mgr. 16. gr., skal verndartíminn, sem fæst með réttinum sem kveðið er á um í 7. gr., renna út fimmtán árum eftir 1. janúar næsta árs á eftir þennan dag.

15. gr.

Bindandi eðli tiltekinna ákvæða

Samningsákvæði sem ganga gegn 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. eru ógild.

16. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1998.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Eigi síðar en í lok þriðja ársins eftir dagsetninguna sem um getur í 1. mgr., og á þriggja ára fresti þaðan í frá, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar, og í henni skal hún meðal annars á grundvelli sérstakra upplýsinga frá aðildarríkjunum rannsaka beitingu *sinnar tegundar* réttarins, að 8. og 9. gr. meðtöldum, og ganga sérstaklega úr skugga um hvort beiting þessa réttar hafi leitt til misnotkunar á yfirburðastöðu eða hindrað á annan hátt frjálsa samkeppni, sem gæti réttlætt að gripið yrði til ráðstafana, svo sem að komið yrði á nauðungarleyfum. Ef nauðsyn krefur skal hún leggja fram tillögur um aðlögun þessarar tilskipunar að þróuninni á þessu sviði.

17. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. mars 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
K. HÄNSCH	L. DINI
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal VI.

Reykjavík, 29. september 1998

Minnisblað um feril heilsufarsupplýsinga
frá heilbrigðisstofnun í miðlægan gagnagrunn

Til: Heilbrigðisráðuneytisins
Frá: Stika ehf.

1. Skýringar

Dulkóðun:
Dulkóðun gerir upplýsingar ólæsilegar þeim sem hafa ekki leyfi til að lesa þær. Þegar orð eða talnarunur eru dulkóðaðar er þeim umbreytt með ákveðinni aðferð, algrími ("algorithm"), þannig að útkoman verður óskiljanleg runa af táknum. Til að afkóða upplýsingarnar og gera þær skiljanlegar á ný þarf að umbreyta kóðuðu upplýsingunum til baka.

- *Með brenglun í eina átt:* Inntaki, orði eða talnarunu t.d. kennitölu, er breytt í runu af táknum sem ekki er hægt að rekja til baka með kóðunarlykli. Þetta er oft gert með stærðfræðilegu falli, hakkafalli í eina átt ("one-way hash function"). Hægt er að velja fall þannig að alltaf fáist sama útkoma úr kóðun á sama inntaki.
- *Með einum lykli (samhverf):* Orði eða talnarunu er umbreytt með því að nota ákveðið algrím og lykil. Sá sem dulkóðar velur sjálfur lykilinn og þarf að gæta hans fyrir óviðkomandi. Sami lykillinn er notaður til að umbreyta kóðuðum upplýsingum til baka (afkóða).
- *Með tveimur lyklum (ósamhverf):* Mismunandi lyklar eru notaðir til að kóða og afkóða. Búið er til lyklapar. Annar lykillinn er notaður til að kóða upplýsingarnar, hinn lykillinn er notaður til að afkóða upplýsingarnar. Lyklarnir eru stærðfræðilega tengdir en samt er ekki hægt að finna afkóðunarlykilinn út frá kóðunarlyklinum. Þegar svona dulkóðun er notuð skiptir mestu máli að halda afkóðunarlyklinum leyndum fyrir þeim sem ekki er ætlað að komast í kóðuðu upplýsingarnar. Við dulkóðun í tölvupóstsendingum er algengt að nota þessa leið til dulkóðunar. Sendandi dulkóðar póstinn með opinberum lykli ("public key") viðtakandans. Viðtakandinn afkóðar síðan póstinn með einkalykli ("private key") sínum.

Persónugreining:
Að finna einstakling, t.d. með kennitölu og nafni.

Einstaklingsgreining:
Að greina á milli einstaklinga án þess að þekkja þá með kennitölu eða nafni.

Gagnagrunnur:
Upplýsingakerfi, hugbúnaður til geymslu og meðhöndlunar upplýsinga. Hægt er að nota mismunandi aðferðir við geymslu og framsetningu upplýsinganna.

- *Gagnasafn:* Safn upplýsinga um afmarkað efni oft birt í töflum í dálkum og röðum.
- *Gagnaskipan:* Fyrirkomulag og niðurröðun upplýsinga í töflur.
- *Tengitafla:* Tafla sem notuð er til að samtengja upplýsingar sem geymdar eru í öðrum töflum.

2. Ferill heilsufarsupplýsinga (sjá meðfylgjandi mynd)

Hver heilbrigðisstofnun dregur saman þær upplýsingar sem senda á í miðlægan gagnagrunn.
Áður en upplýsingarnar eru sendar er kennitala dulkóðuð með brenglun í eina átt[1]. Upplýsingarnar sjálfar eru dulkóðaðar með opinberum lykli frá miðlæga gagnagrunninum. Stjórnendur gagnagrunnsins varðveita einkalykilinn.

Upplýsingarnar eru sendar til tölvunefndar. Hún getur hvorki lesið upprunalegar kennitölur né upprunalegar heilsufarsupplýsingar. Tölvunefnd dulkóðar kennitölur í annað sinn með brenglun í eina átt[2].

---

[1] Að lokinni kóðun er búið að rjúfa samband við kennitölu (persónu) en einstaklingar eru greinanlegir. Allar stofnanir nota sömu aðferð við dulkóðun. Sama kennitala gefur alltaf sömu niðurstöðu úr kóðun hvar sem kóðað er.
[2] Þessi kóðun treystir þá fyrstu (hjá heilbrigðisstofnun) en rýfur jafnframt samband við hana.

Tölvunefnd sendir upplýsingarnar til miðlæga gagnagrunnsins. Þar eru áður tvídulkóðaðar kennitölur dulkóðaðar í þriðja sinn með lykli sem er í vörslu stjórnenda gagnagrunnsins[3].

3. Öryggismat

Hér er fjallað um mat á öryggi ferilsins en ekki er fjallað sérstaklega um öryggi mismunandi dulkóðunaraðferða.

Dulkóðun hjá heilbrigðisstofnun

Upplýsingakerfi þau sem notuð verða hjá heilsugæslustöðvum og á öðrum þeim stöðum sem senda gögn inn í miðlægan grunn munu öll nota sömu aðferð við dulkóðun í eina átt. Gert er ráð fyrir að persónutengd heilsufarsgögn verði með sérstakri vinnslu dregin saman og kóðuð fyrir flutning. Kóðunin er tvíþætt. Kennitölur eru kóðaðar með brenglun í eina átt. Sjálfar heilsufarsupplýsingarnar eru kóðaðar með opinberum lykli frá miðlæga gagnagrunninum.

Til þess að brjóta persónuvernd á þessu stigi þarf aðgang að kennitölum í þjóðskrá og aðferð heilbrigðisstofnanna við dulkóðun. Hægt að dulkóða alla þjóðskrá og þekkja persónur með samanburði. Sá sem kóðar hefur aðgang að kennitölum, aðferðinni sem notuð er við dulkóðun og dulkóðuðu kennitölunum. Hann er í aðstöðu til að brjóta dulkóðunina en hefur jafnframt aðgang að öllu sem dulkóðað er.
Heilsufarsupplýsingarnar eru ekki þekktar eða staðlaðar á sama hátt og kenntitölur. Sá sem vill brjóta dulkóðun þeirra verður annað hvort að verða sér úti um einkalykil miðlæga gagnagrunnsins eða nota "brute force" aðferð, þ.e. prófa alla möguleika. Sá hinn sami verður jafnframt að þekkja einhver dæmi um inntak fyrir og úttak eftir dulkóðun.

Dulkóðun hjá tölvunefnd

Viðtakandi ofangreindra gagna er tölvunefnd eða dulkóðunarstofnun sem tölvunefnd fer með boðvald yfir. Þeir sem þar taka við gögnunum geta ekki lesið kennitölur eða aðrar upplýsingar. Þeir hafa hvorki aðgang að aðferð þeirri sem notuð er við fyrstu kóðun né einkalykli miðlæga gagnagrunnsins sem þarf til að gera heilsufarsupplýsingarnar læsilegar á ný.
Dulkóðaðar kennitölur eru nú dulkóðaðar í annað sinn í eina átt með nýrri aðferð. Heilsufarsupplýsingarnar eru ekki dulkóðaðar aftur, aðeins sendar áfram. Hér er engum gögnum safnað. Gögnin staldra aðeins við meðan dulkóðun fer fram. Að dulkóðun lokinni eru þau send áfram til miðlæga gagnagrunnsins.

Til þess að komast framhjá dulkóðun kennitölu á þessu stigi þarf aðgang að kennitölum í þjóðskrá og aðferð heilbrigðisstofnanna. Þá er hægt að dulkóða alla þjóðskrá og með samanburði þekkja persónur. Heilsufarsupplýsingarnar eru eftir sem áður ólæsilegar.

Dulkóðun hjá miðlægum gagnagrunni

Miðlægi gagnagrunnurinn hefur einkalykil að heilsufarsupplýsingunum. Gert er ráð fyrir að allar heilsufarsupplýsingar séu geymdar dulkóðaðar. Ennfremur er gert ráð fyrir að önnur gagnasöfn í miðlægum gagnagrunni sé geymd í aðskildum grunnum og dulkóðuð með mismunandi opinberum lyklum. Þetta torveldar enn frekar samtengingu upplýsinga, s.s. um erfðir og ættir, við heilsufarsupplýsingar.
Geymsla einkalyklanna verði háð samþykki tölvunefndar. Aðeins verði leyft að vinna úr upplýsingum í sérstökum vinnslugrunni sem krefst notkunar eins eða fleiri einkalykla, allt eftir því hve mikil samtenging gagna á sér stað í vinnslunni. Vinnslugrunnur erfi ekki fyrri einstaklingsauðkenni, heldur fái einstaklingar ný dulkóðuð auðkenni. Fyrirspurnir verði aðeins leyfðar í vinnslugrunni og þar verði persónuvernd sérstaklega tryggð. Þar mega t.d. ekki birtast upplýsingar sem leitt geta til þess að einstakar persónur eða ættir þekkist, t.d. af samanburði við opinberar eða þekktar persónuupplýsingar.

Til að hér sé unnt að brjóta til baka dulkóðun kennitölu þarf viðkomandi að verða sér út um bæði aðferð heilbrigðisstofnananna og tölvunefndar og keyra þjóðskrá gegnum hvora aðferð fyrir sig eða beita "brute force" aðferð, þ.e. prófa alla möguleika. Þjóðskrá með öllum kennitölum Íslendinga er opinber og er því fyrrnefnda aðferðin mun auðveldari.

---

[3] Allar upplýsingar í grunninum eru geymdar dulkóðaðar. Kennitalan er þríkóðuð og heilsufarsupplýsingarnar eru einkóðaðar. Stjórnendur gagnagrunnsins hafa lykil að síðustu dulkóðun kennitölu og einkalykil ("private-key") að heilsufarsupplýsingum. Þessa lykla er hægt að nota til afkóðunar við vinnslu í grunninum.

Aðrir möguleikar á að brjóta persónuvernd

Fram til þessa hefur verið fjallað um möguleika þeirra þriggja aðila sem þátt eiga í ferlinu á að brjóta það. Hvað ef fjórði aðili, einhver óþekktur og utanaðkomandi, vildi brjóta dulkóðunina? Hvaða möguleika hefur sá aðili til þess? Brjótast þarf inn hjá fleiri en einum hinna þriggja til þess að eiga meiri möguleika en rakið hefur verið fyrir hvern þeirra.

4. Ábendingar um frekari ráðstafanir til persónuverndar

- Gagnaskipan í miðlæga gagnagrunninum dreifi upplýsingum á þann hátt að torvelt sé að draga saman upplýsingar sem gætu átt við einn einstakling nema hafa aðgang að öllum dulkóðunarlyklum og tengitöflum sem tilheyra grunninum.


- Söfnun annarra upplýsinga sem tengdar yrðu við heilsufarsupplýsingarnar, t.d. um ættfræði og erfðir, fylgi sams konar ferli og söfnun heilsufarsupplýsinga, þ.e. að kennitölur dulkóðist á sama hátt. Þannig er komið í veg fyrir samtengingu persónutengdra gagna þó svo samtenging einstaklingsauðkenndra gagna sé möguleg. Allar upplýsingar eru því ónafngreindar.

- Til að auka öryggi og torvelda samtengingu einstaklingsauðkenndra ónafngreindra gagna verði öðrum gagnasöfnum, t.d. um ættfræði og erfðaupplýsingar, haldið aðskildum frá heilsufarsgagnasafninu. Notaðir verði mismunandi dulkóðunarlyklar við dulkóðun einstaklingsauðkennis í þessum söfnum.

- Við úrvinnslu og framsetningu upplýsinga úr gagnagrunninum verði þess gætt að einstaklingar þekkist ekki.

Guðmundur Sigurðsson	Svana Helen Björnsdóttir	Bjarni Þór Bjömsson
læknir	verkfræðingur	stærðfræðingur

Ferill heilsufarsupplýsinga frá heilbrigðisstofnun í miðlægan gagnagrunn.



110. Frumvarp til laga [110. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Í stað orðanna „7,00 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: 5,00 kr.

2. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts og nautgripakjöts til framleiðenda. Verðskerðingargjaldið skal vera 2% af framleiðendaverði hrossakjöts. Af nautgripakjöti skal gjaldið vera 400 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Auk þess verði 400 kr. lagðar á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.

3. gr.

21. gr. laganna, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 69/1998, fellur brott.

4. gr.

Orðin „og/eða 1. mgr. 21. gr.“ í 7. mgr. 29. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 124/1995, falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðmiðlunargjöld og verðskerðingargjöld, sem innheimt verða af verði til framleiðenda og af slátur- og heildsölukostnaði eftir 1. september 1998, skulu endurgreidd framleiðendum og sláturleyfishöfum í samræmi við ákvæði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, er flutt vegna framkominna tillagna frá Bændasamtökum Íslands um lækkun á verðjöfnunargjaldi sem lagt er á kindakjöt og að verðskerðingargjöld, sem lögð eru á kindakjöt og tekin hafa verið af verði til bænda og af sláturleyfishöfum, verði afnumin. Samhljóða tillögur hafa borist frá Landssamtökum sauðfjárbænda. Þá er verðskerðingargjöldum af nautgripakjöti breytt að beiðni Landssambands kúabænda.

Um er að ræða að verðjöfnunargjald af kindakjöti verði lækkað um 2 kr. á kg kindakjöts, úr 7 kr. í 5 kr. á kg, og að verðskerðingargjöld verði afnumin, en þau gjöld hafa numið 3% af verði til framleiðenda og 1,8% af slátur- og heildsölukostnaði. Verðskerðingargjöld af nautgripakjöti eru lækkuð úr 600 kr. í 400 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Þá er lækkað gjald sem lagt er á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum frá 1. september til 31. desember ár hvert, úr 1.100 kr. í 400 kr.

Verðskerðingargjaldi kindakjöts, sem lagt hefur verið á framleiðendur og sláturleyfishafa, hefur verið ætlað að standa undir markaðsaðgerðum til að koma á jafnvægi í framleiðslu og neyslu kindakjöts og sláturs. Þessi gjöld voru ákveðin mjög há við breytingu á búvörulögum sem fylgdi í kjölfar samninga um framleiðslu sauðfjárafurða milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands frá 1. október 1995. Vegna þess hversu vel tókst til að koma birgðum kindakjöts í hæfilegt magn, sem var eitt af aðalatriðum við áðurnefnda samningagerð, voru verðskerðingargjöld lækkuð þegar árið 1997 þannig að í stað þess að leggja 5% verðskerðingargjald á framleiðendur kindakjöts var það lækkað í 3% og verðskerðingargjald sem tekið var af afurðastöðvum vegna kindakjöts var lækkað úr 3% í 1,8%.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 1997 voru tekjur af verðskerðingargjaldi kindakjöts eftirfarandi:

Verðskerðingargjöld, bændur	44.531.967 kr.
Verðskerðingargjöld, sláturleyfishafar	16.261.219 kr.

Gjöldin voru ætluð til að greiða álag á útflutning 1997, vegna uppgjörs á innmat, og til markaðsráðs kindakjöts vegna markaðsstarfsemi.

Innheimt verðjöfnunargjald, sem lagt var á kindakjöt, nam samkvæmt ársreikningi 43.729.517 kr. árið 1997. Því var ráðstafað til að jafna flutningskostnað á sláturfé og flutning á kindakjöti og til markaðs- og kynningarstarfsemi á vegum markaðsráðs kindakjöts.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 1997 voru tekjur af verðskerðingargjaldi nautgripakjöts 11.964.935 kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að verðjöfnunargjald af kindakjöti lækki úr 7 kr. á kg í 5 kr. á kg. Áætla má að tekjur af gjaldinu muni nema eftir þá lækkun 31 milljón kr. Tillögurnar fela ekki í sér breytingu á þeim verkefnum sem gjaldið er ætlað til.

Um 2. gr.

Lagt er til að hætt verði að innheimta verðskerðingargjöld af framleiðendum kindakjöts skv. 20. gr. laganna, en aðrar breytingar eru ekki gerðar. Þá er lagt til að verðskerðingargjöld af nautgripakjöti verði lækkuð. Felur sú tillaga ekki í sér breytingu á þeim verkefnum sem gjaldið er ætlað til.

Um 3. gr.

Lagt er til að hætt verði að innheimta verðskerðingargjöld hjá afurðastöðvum af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts hjá afurðastöðvum, en aðrar breytingar eru ekki gerðar.

Um 4. gr.

Breytingarnar varða eingöngu innheimtufyrirkomulag á þeim gjöldum sem falla niður samkvæmt ákvæðum í 2. og 3. gr.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að verðmiðlunargjald af kindakjöti verði lækkað og verðskerðingargjöld afnumin. Jafnframt er lögð til lækkun á verðskerðingargjöldum sem lögð eru á alla slátraða nautgripi sem flokkast í UN- og K-gæðaflokka.

Í fjárlagafrumvarpi 1999 er áætlað að tekjur af verðmiðlunargjaldi og verðskerðingargjöldum nemi alls 110 m.kr. og verði þeim varið m.a. til að jafna flutningskostnað frá framleiðendum til afurðastöðva og til markaðsaðgerða. Verði frumvarpið að lögum er áætlað að innheimtar verði um 30 m.kr. vegna verðjöfnunar á kindakjöti og um 6 m.kr. vegna verðskerðingar á nautgripakjöti, eða samtals 36 m.kr., og að útgjöld nemi sömu fjárhæð. Samþykkt frumvarpsins hefur því ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs.

111. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara er þríþættur: að stuðla að jarðvegs- og gróðurvernd, að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp örfoka og lítt gróið land.

Við framkvæmd laganna skal byggt á vistfræðilegri þekkingu og varúðarreglu. Við það skal miðað að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri landsins.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Því aðeins skal taka til notkunar í landgræðslu innflutta plöntutegund að óhætt sé talið að mati Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, með hliðsjón af umsögnum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Sé nauðsyn talin á skal Rannsóknastofnun landbúnaðarins beita sér fyrir rannsóknum á viðkomandi tegund, einkum með tilliti til þess hvort hætta sé á að hún valdi röskun á lífríkinu þannig að vegið sé að fjölbreytni þess og náttúrulegum gróðursamfélögum.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr.

3. gr.

Síðari málsgrein 40. gr. laganna orðast svo:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins ber ásamt Landgræðslu ríkisins að leita nýrra leiða við uppgræðslu lands og gera rökstuddar tillögur um plöntutegundir sem vænlegar gætu orðið til landgræðslu, enda falli þær að ákvæðum laga þessara um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúrulegra gróðurlenda.

4. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Landgræðslu ríkisins, eða öðrum aðilum, er heimilt að fjölga plöntum af þeim tegundum sem ákveðið hefur verið að nýta til landgræðslu á grundvelli laga þessara.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Líffræðistofnun Háskóla Íslands leggja mat á hvort einhverjar tegundir, sem nú eru notaðar til landgræðslu, falli ekki að alþjóðlegum skuldbindingum og lagaákvæðum um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúrulegra gróðurlenda og skila um það áliti til ráðherra fyrir árslok 1999. Landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra skulu fjalla sameiginlega um álitið og gefa út fyrirmæli til Landgræðslu ríkisins á grundvelli þess.

II.

Landbúnaðarráðherra skal í samráði við umhverfisráðherra skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 17/1965, um landgræðslu, með síðari breytingum, og leggja fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um gróður- og jarðvegsvernd og landgræðslu fyrir árslok 1999.

Greinargerð.

Mikill og vaxandi áhugi er á gróðurvernd og landgræðslu hérlendis. Núverandi ásýnd gróðurlenda og jarðvegs er öðru fremur afleiðing búsetunnar. Gróður- og jarðvegsvernd og rannsóknir á því sviði þurfa að verða meðal forgangsmála. Veruleg reynsla er fengin af starfi Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins á þessari öld sem og af starfi áhugamanna. Breyttir búskaparhættir og auknir möguleikar á stjórnun beitar og friðun stórra landsvæða fyrir beit skapa nýja möguleika sem hagnýta þarf skipulega til að endurheimta landgæði. Í því starfi þarf að beita bestu tiltækri þekkingu á vistkerfum landsins og auka við hana með rannsóknum. Alþjóðleg reynsla og þekking getur einnig orðið að liði en aðlaga þarf þá reynslu að aðstæðum hér á landi. Mikið er um þessi efni fjallað erlendis, m.a. var þeim helgaður sérstakur kafli í árbók Worldwatch Institute 1996.

Nýmæli samkvæmt frumvarpinu.

Það frumvarp sem hér er flutt um breytingu á lögum um landgræðslu snertir aðallega notkun innfluttra plantna í landgræðslu. Í gildandi löggjöf er ekki tekið á þeim þætti og því er hér um nýmæli að ræða. Markmiðið með frumvarpinu er að reynt verði að tryggja að notkun innfluttra plantna í þessu skyni falli að stefnu um gróðurvernd og alþjóðlegum skuldbind-

ingum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Eins og nú háttar má segja að hver og einn geti tekið sér sjálfdæmi um að breyta gróðurríkinu að eigin geðþótta, t.d. á afréttum.

Frumvarpið var lagt fram á 118. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið var lagt fram aftur á 120. löggjafarþingi og var endurflutt á 121. löggjafarþingi með nokkrum breytingum sem gerðar voru í ljósi umsagna sem bárust landbúnaðarnefnd. Meðal annars var gerð breyting á 2. gr. með hliðsjón af umsögn umhverfisnefndar, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Mat á því hvort óhætt sé talið at taka innflutta tegund til notkunar í landgræðslu er sett í hendur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, að fengnum umsögnum tiltekinna aðila. Með þessu er m.a. komið til móts við athugasemdir umhverfisnefndar, sem ekki taldi rétt að einstakir umsagnaraðilar hefðu neitunarvald. Að öðru leyti lýsti umhverfisnefnd sig hlynnta því að settar yrðu reglur um notkun innfluttra plantna í landgræðslu og tók undir með flutningsmönnum um að mikilvægt sé að notkun innfluttra plantna við landgræðslu falli að stefnumörkun um gróðurvernd og alþjóðlegum skuldbindingum um líffræðilega fjölbreytni (sjá fylgiskjal III). Þá er Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands bætt við sem umsagnaraðilum. Málið var síðan flutt á 122. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Alþjóðasamningur um líffræðilega fjölbreytni var gerður á vegum Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) og lagður fram til undirritunar á Ríó-ráðstefnunni í júní 1992. Alþingi heimilaði fullgildingu hans með þingsályktun 6. maí 1994. Ýmis ákvæði í samningnum varða efni þessa frumvarps og er þau m.a. að finna í 6.–9. gr. hans. Í 8. gr. samningsins er fjallað um vernd upprunalegs umhverfis og segir þar m.a.: „Hver samningsaðili skal eftir því sem hægt er og viðeigandi koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær."

Álit starfshóps um umhverfismál og landbúnað.

Í áliti starfshóps um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og landbúnaði, sem skilaði í maí 1994 skýrslu til umhverfisráðherra um ástand, markmið og leiðir, segir m.a. í kafla um innflutning plantna:

„Enn sem komið er hafa innfluttar tegundir valdið lítilli röskun á íslenskum gróðurlendum en mörg dæmi eru um að slíkar tegundir séu að breiðast út. Gildandi löggjöf um innflutning plantna tekur ekki til eftirlits og varúðarráðstafana vegna hugsanlegrar ógnunar við vistkerfi landsins. ... Umræða um notkun á innfluttum tegundum og varúðarráðstafanir þeirra vegna þarf að vera þáttur í gerð landgræðslu- og skógræktaráætlana sem vinna á fyrir opnum tjöldum. Í slíkum áætlunum þarf að taka afstöðu til einstakra tegunda með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að á hverju svæði fyrir sig."

Í starfshópnum áttu sæti 19 fulltrúar ýmissa stofnana og samtaka; formaður hans var Sveinbjörn Eyjólfsson frá landbúnaðarráðuneyti. Í tillögum hópsins um aðgerðir segir m.a.:

„Innfluttum tegundum verði ekki dreift til notenda fyrr en lagt hefur verið mat á hugsanlegan skaða sem leitt gæti af dreifingu viðkomandi tegundar. ... Sett verði löggjöf um innflutning tegunda og um útrýmingu skaðlegra tegunda. Þar verði m.a. tekið tillit til skuldbindinga í rammasáttmála um verndun fjölbreytileika lífs og samþykkta Evrópuráðsins. Kveðið verði á um það hver beri ábyrgð á því að meta hugsanlegan skaða af innfluttum tegundum áður en dreifing þeirra hefst."

Þessi kafli úr áliti starfshópsins er birtur í heild sem fylgiskjal I með frumvarpinu.

Á umhverfisþingi sem haldið var í Reykjavík 8.–9. nóvember 1996 var fjallað um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi og framkvæmdaáætlun til aldamóta. Þar segir í kafla um innflutning plantna í kafla um landbúnað:

„Settar verði reglur um notkun á innfluttum tegundum. Þar verði tilgreint við hvaða aðstæður notkun þeirra eigi við og metnar afleiðingar þess að dreifa þeim á svæðum þar sem þær teljast ekki eiga heima."

Skaðleg röskun vegna innflutnings tegunda.

Í erindum sem flutt voru á ráðstefnu um innflutning plantna, sem Líffræðifélag Íslands, Landgræðsla ríkisins og fleiri stofnanir efndu til 21. mars 1994, kom fram margvíslegur fróðleikur um þetta efni. Auk margra innlendra fyrirlesara flutti bandarískur prófessor, Richard N. Mack frá Washington State University, erindi um innflutning plantna til Bandaríkjanna og fleiri landa. Hann rakti dæmi um reynslu af slíkum innflutningi og tilgreindi margar tegundir í því sambandi. Ályktunarorð hans voru að reynslan af slíkum innflutningi sýni ljóslega að vandlega þurfi að meta hugsanlegar neikvæðar afleiðingar, ekki síður en jákvæðar, af sérhverri framandi plöntutegund áður en hún er tekin í notkun.

Hér verða nefnd örfá dæmi af mörgum um að innflutningur og dreifing aðfluttra plöntutegunda geti haft meiri háttar áhrif á umhverfið:

— Trjátegundin Myrica faya á Hawaii, en hún bindur köfnunarefni líkt og lúpína.
— Runninn Mimosa pigra af belgjurtaætt, en hann barst frá Mið-Ameríku til Ástralíu og hefur frá 1950 breiðst út á flóða- og votlendissvæðum í norðanverðri Ástralíu.
— Jurtin Heracleum mantagazzianum af sveipjurtaætt sem á heimkynni í vestanverðu Kákasus en hefur borist til margra Evrópulanda og veldur þar miklum vandræðum, meðal annars í Svíþjóð.
— Jurtin Lythrum salicaria sem barst til Norður-Ameríku snemma á 19. öld og hefur síðan breiðst út um stór landsvæði þar sem hún leggur undir sig votlendi. Innflutningur hennar og dreifing er nú bönnuð í 13 ríkjum Bandaríkjanna.
— Eucalyptus-tré í Tælandi sem flutt var þangað frá Ástralíu til nota sem hráefni í pappírsiðnaði. Tegundin er mjög hraðvaxta, frek til vatns og kæfir meginhluta undirgróðurs.
— Runnar og jurtir sem flutt hafa verið til Nýja-Sjálands, svo sem Ulex europeus, Cytisus scoparius og Hieracium pilosella, en aðstæðum á Nýja-Sjálandi svipar um sumt til þess sem er hér á landi vegna mikilla beitaráhrifa.

Innfluttar tegundir á Íslandi — áhrif alaskalúpínu.

Sem dæmi um innfluttar tegundir hérlendis sem dreifa sér hratt og vaxa þétt og geta kæft annan gróður má nefna alaskalúpínu (Lupinus nootkatensis), spánarkerfil (Myrrhis odorata) og skógarkerfil (Anthriscus sylvestris).

Hér á landi hefur mest umræða og deilur orðið um alaskalúpínu og notkun hennar til landgræðslu. Tegundin var flutt hingað til lands frá Alaska árið 1946 og var fyrst í stað dreift á nokkrum skógræktarsvæðum. Plantan er afar öflug og bindur köfnunarefni úr lofti með aðstoð rótargerla. Nú er hana að finna víða á landinu og Landgræðsla ríkisins hefur hafið fjölgun á henni í stórum stíl til nota í landgræðslu (sjá fylgiskjal II, greinargerð frá Náttúruverndarráði um vistfræði lúpínu og notkun hennar í landgræðslu á Íslandi).

Rannsóknir á vistfræði og útbreiðsluháttum alaskalúpínu á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Borgþór Magnússon o.fl.) hafa m.a. leitt í ljós að hún breiðist ekki aðeins út á bersvæði heldur einnig á grónu landi (mosaþembum, mólendi, blómlendi, snjódældum og hraunum). Í erindi á fyrrgreindri ráðstefnu Líffræðifélags Íslands um innflutning plantna sagði Borgþór Magnússon plöntuvistfræðingur m.a.:

„Gróðurframvinda í lúpínubreiðum er mjög breytileg. Á Suðurlandi ber víða á mosum, vallarsveifgrasi, blásveifgrasi og túnvingli. Plöntutegundunum fækkar yfirleitt til muna þar sem lúpínan breiðist yfir land, einkanlega ef um gróið land er að ræða.

Óvíða sjást merki um að lúpínan hafi hörfað af landi en víða hefur hún gisnað talsvert. Dæmi um algjöra hörfun eru aðeins af litlum blettum á þremur til fjórum stöðum. Í Múlakoti í Fljótshlíð er lúpínan enn í miklum þrótti eftir 40 ár. Eindregnust merki um gisnun eru frá þurrum svæðum í innsveitum á Norðurlandi. Fræforði er talsverður í jarðvegi í gömlum lúpínubreiðum. Gera má ráð fyrir að lúpínan verði víða viðvarandi í gróðri."

Á Kvískerjum í Öræfum var alaskalúpína sett niður í brekku við bæinn sumarið 1954 og hafa Kvískerjabræður fylgst náið með útbreiðslu hennar síðan. Um plöntuna segir Hálfdán Björnsson í viðtali við DV 19. júlí 1995:

„Ég held mikið upp á lúpínu þar sem hún má vera en hins vegar er ég alveg í vandræðum með hana þar sem hún má ekki vera og fer út fyrir. Hún er ákaflega gjörn á að fara um allt með vatni og jafnvel vindum.

Þetta er alveg ódrepandi jurt þar sem hún nær fótfestu og ég held að menn átti sig ekki alltaf á því að lúpínan útrýmir öðrum jurtum og getur verið stór skaðvaldur. Og það er mjög varasamt að planta henni innan um annan gróður þar sem fé nær ekki til.

Ýmsum sögum fer reyndar af því hvernig jurtin fer í sauðfé en sjálfur hef ég orðið var við að rollur hafi orðið „drukknar" eftir að hafa étið lúpínur. Sauðfénaðurinn náði þó alveg að jafna sig eftir „drykkjuna" en rollurnar eru ekki síst hrifnar af ungplöntum.

Ég er ekki frá því að Landgræðslan hafi litið á lúpínur sem patentlausn en jurtin má vissulega vera í friði á ákveðnum svæðum eins og á Mýrdalssandi þar sem er lítill mannagróður. Þar getur hún átt rétt á sér.

Það þarf hins vegar að passa vel upp á lúpínur og að þær renni ekki út um allt. Hún hefur breiðst mjög mikið út hin seinni ár og er enn þá að breiðast út. Það vantar t.d. að hafa varanlegar leiðbeiningar með fræjunum þegar þau eru seld en plantan er mjög öflug og hún er í engum vandræðum með að breiðast út um allt."

Hörður Kristinsson grasafræðingur sagði m.a. um alaskalúpínu á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 1994:

„Það er tegund sem við verðum að læra að umgangast með varúð. Svo ágæt sem hún er til að græða sanda og mela og bæta rýran jarðveg, þá er hún jafnframt mjög hættuleg íslenskum gróðurlendum, ef hún fær lausan tauminn. Þar sem hún sáir sér í gróðurlendi eyðir hún flestum þeim tegundum sem fyrir eru. Það er því ófyrirgefanlegt kæruleysi, þegar verið er að hvetja almenning til þess að dreifa lúpínu sem víðast um gróðurlendi Íslands."

Vandamál vegna lúpínu eru þekkt víðar en hér á landi. Önnur lúpínutegund, Lupinus arboreus, hefur breiðst hratt út í framandi umhverfi, svo sem á strandsvæðum við Humboldt Bay í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Á Nýja-Sjálandi hefur Russel-lúpína (lupinus polyphyllus) tekið að breiðast ört út undanfarna áratugi og er hún sumsstaðar talin ógna sérstæðu lífríki í þjóðgörðum og á verndarsvæðum, þar sem gripið hefur verið til aðgerða til að hefta útbreiðslu hennar.

Hér er ekki lagt til að notkun lúpínu til landgræðslu verði bönnuð fyrir fullt og allt, heldur að notkun hennar verði endurmetin og mörkuð um það stefna við hvaða aðstæður forsvaranlegt sé að nýta hana. Jafnframt verði ráðist í frekari rannsóknir er varða vistfræði hennar og áhrif á umhverfið.

Heildarendurskoðun laga um landgræðslu.

Frumvarpið, sem hér er flutt, felur í sér breytingu á þremur greinum núgildandi laga um landgræðslu auk þess sem bætt er við nýju ákvæði um notkun innfluttra plöntutegunda í landgræðslu.

Ákvæði til bráðabirgða eru tvíþætt. Hið fyrra varðar mat á þeim tegundum sem nú eru notaðar til landgræðslu, það síðara gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að endurskoða í heild lög nr. 17/1965, um landgræðslu.

Lögin um landgræðslu eru að stofni til 30 ára gömul og viðhorf til gróðurverndarmála hafa breyst mikið frá þeim tíma og þekkingu hefur fleygt fram. Nægir að minna á þá byltingu í viðhorfum til náttúruverndar sem síðan er orðin og að lítið var farið að huga að jarðvegsvernd og gróðurvistfræði hérlendis á þeim tíma. Við mótun nýrrar löggjafar á þessu sviði er m.a. æskilegt:

— að samþætta lagaákvæði um verndun jarðvegs og gróðurs,
— að gera vistfræðileg og siðræn gildi að undirstöðu í verndun og nýtingu,
— að hafa að leiðarljósi ákvæði alþjóðasáttmála, m.a. um baráttu gegn eyðimerkurmyndun og verndun líffræðilegrar fjölbreytni,
— að tengja ákvæði löggjafar um jarðvegs- og gróðurvernd ásamt landgræðslu við aðra umhverfislöggjöf, m.a. lög um skipulagsmál og lög um náttúruvernd,
— að festa í sessi ákvæði um að landnotandi beri ábyrgð á meðferð og ástandi lands og að eftirlit á þessu sviði verði vel skilgreint og gert virkt.

Þótt flutningsmenn þessa frumvarps telji sig þannig geta bent á ýmislegt sem betur mætti fara til viðbótar því sem tillaga er gerð um í frumvarpi þessu þykir rétt að fleiri komi að heildarendurskoðun laganna. Hér verður til viðbótar bent á nokkur atriði sem augljóslega þurfa athugunar við í slíkri endurskoðun:

— Skipan gróðurverndarmála og landgræðslu í stjórnkerfinu.
— Tengsl við stofnanir er fjalla um skógrækt og skógvernd.
— Innra skipulag í málaflokknum, m.a. tengsl við skyld málefni.
— Menntunarkröfur til starfsmanna.
— Tilhögun rannsókna- og þróunarstarfs og yfirstjórn þess.
— Svæðisbundin tengsl í stað eða til viðbótar núverandi gróðurverndarnefndum.
— Áætlanagerð og annar undirbúningur landgræðsluaðgerða, þar á meðal mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar landnotkunar.
— Fjármögnun fyrir málaflokkinn, tengd framkvæmdaáætlun.
— Samningar og tengsl við umráðaaðila yfir landi og sveitarfélög.
— Skilyrði fyrir styrkjum til landgræðslu og meðferð lands í kjölfar aðhlynningar.
— Beitarmálefni, þar með talin lausaganga sauðfjár og hrossa.
— Tengsl við rannsóknaraðila.
— Almennt eftirlit með jarðvegi og gróðri.
— Áætlanir um rannsóknaþörf og fjármögnun rannsókna.
— Tengsl og samstarf við frjáls félagasamtök.

Æskilegt er að hraða setningu nýrrar löggjafar um gróðurvernd og landgræðslu þar eð margþætt verkefni blasa við á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á markmiðsgrein laganna, 1. gr.

Meginefnisbreyting sem lögð er til í fyrri málsgrein greinarinnar er að bætt er við þriðja markmiðinu; að stuðla skuli að jarðvegs- og gróðurvernd. Með því er átt við að eitt af meginmarkmiðum með lögunum verði að hlúa að þeim jarðvegi og gróðri sem fyrir er og vernda gegn ofnýtingu. Þá er lagt til að uppsetningu greinarinnar verði breytt og að í stað orðanna

„eydd“ og „vangróin“, sem þykja óljós og of matskennd, komi orðin „örfoka“ og „lítt gróið“ en þau þykja lýsa betur því ástandi sem réttlætir beinar landgræðsluaðgerðir.

Í síðari málsgrein er lagt til að við markmiðsgrein laganna verði bætt nýrri málsgrein þar sem fram koma þau grundvallaratriði sem hafa ber að leiðarljósi við framkvæmd laganna. Annars vegar er lagt til að kveðið verði á um að áður en ráðist verði í framkvæmdir skuli liggja fyrir vistfræðileg þekking og að aðgerðir skuli að öðru leyti byggjast á varúðarreglu sem er m.a. skilgreind í formála alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni (samningurinn öðlaðist þjóðréttarlegt gildi með samþykki Alþingis 6. maí 1994) með eftirfarandi orðum: „... þar sem hætta er á umtalsverðri rýrnun eða tjóni á líffræðilegri fjölbreytni ætti ekki að nota ónóga vísindalega þekkingu sem tilefni þess að fresta aðgerðum til að forðast eða draga eins mikið úr þeirri hættu og mögulegt er“. Hins vegar er lagt til að aðgerðir skuli miða að því að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri og er það í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist, sbr. m.a. samninginn um líffræðilega fjölbreytni.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að á eftir 5. gr. laganna komi ný grein þar sem kveðið er á um skilyrði þess að innflutt plöntutegund verði tekin til notkunar í landgræðslu hér á landi. Þetta ákvæði er í samræmi við breytingar sem lagt er til að gerðar verði á markmiðsgrein laganna. Rannsóknastofnun landbúnaðarins er falið að meta hvort óhætt sé að taka innfluttar plöntutegundir til notkunar í landgræðslu, og þá með hliðsjón af umsögnum tiltekinna rannsóknastofnana og stjórnsýsluaðila á sviði náttúruverndar. Meðal annars er talið mikilvægt að Náttúruvernd ríkisins, sem gegnir lögbundnu hlutverki á sviði gróðurverndar og fer m.a. með yfirstjórn friðlýstra svæða og þjóðgarða hér á landi, fjalli um þessi mál áður en ákvarðanir eru teknar. Þá er einnig lagt til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins geti átt frumkvæði að því að gerðar verði rannsóknir áður en tekin er ákvörðun um að taka til notkunar í landgræðslu nýjar plöntutegundir. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji að höfðu samráði við umhverfisráðherra frekari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

Um 3. gr.

Lagt er til að síðari málsgrein 40. gr. laganna, sem fjallar um rannsóknir, verði breytt á þann veg að Rannsóknastofnun landbúnaðarins komi, auk Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins, að athugunum á nýjum leiðum við uppgræðslu lands og plöntutegundum til landgræðslu. Eðlilegt er að nýta í þessu skyni þá þekkingu og aðstöðu sem Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins býr yfir.

Um 4. gr.

Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 41. gr. laganna, eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að fleiri en Landgræðslu ríkisins verði heimilað að annast fjölgun plantna sem ákveðið hefur verið að taka til landgræðslu. Er talið eðlilegt að fleiri en Landgræðslan geti stundað þá starfsemi. Þá er lagt til að landbúnaðarráðherra setji að höfðu samráði við umhverfisráðherra reglur þar sem kveðið er á um framkvæmd, m.a. um þau skilyrði sem viðkomandi aðilar þurfa að uppfylla og eftirlit með starfsemi þeirra.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.
Um skýringu vísast til greinargerðar með frumvarpinu.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Úr skýrslu til umhverfisráðherra um ástand, markmið og leiðir. (Starfshópur um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og landbúnaði, maí 1994.)
II. Greinargerð um vistfræði lúpínu (Lupinus nootkatensis) og notkun hennar í landgræðslu á Íslandi (Náttúruverndarráð, febrúar 1995).
III. Umsögn umhverfisnefndar um frumvarp til laga breyting á lögum um landgræðslu (93. mál 120. löggjafarþings). (14. maí 1996.)

Sjá þskj. 212 (190. mál 121. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1996–97, bls. 1775–1793.

112. Frumvarp til laga [112. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ágúst Einarsson.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna er málið varða og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, bæði af embættismönnum, einstökum mönnum og lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 121. og 122. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga.

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er því haldið fram að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunarinnar. Alþingi ber skylda til að standa vörð um það hlutverk sitt að vera meginstoð stjórnskipunar landsins. Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing. Þessi staðreynd er alvarleg fyrir lýðræðið í landinu og telja má að þingræðið sé í hættu vegna þessa.

Stjórnarfrumvörp eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneytanna eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Þessir sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndar sem fjallar um málið sem þeir hafa samið og sitja gjarnan yfir nefndinni við meðferð málsins. Frumkvæði í lagasetningu hefur því smátt og smátt færst frá löggjafarvaldi til framkvæmdarvaldsins því að stærstum hluta eru það einungis frumvörp ríkisstjórna sem ná fram að ganga. Allt of mikið er líka um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til framkvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægjanlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað, ef að lögum verður, að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, umfram það sem þær nú þegar hafa í 26. gr., sbr. 28. gr. þingskapalaga. Árið 1981 hafði Vilmundur Gylfason frumkvæði að því að flytja á Alþingi frumvarp svipaðs efnis, en það náði ekki fram að ganga.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þetta ákvæði hefur reynst mjög þungt í vöfum. Nokkrum sinnum hafa komið fram á Alþingi tillögur er varða þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og á miðjum 6. áratugnum náði ein fram að ganga þegar samþykkt var skipan nefndar til að rannsaka okur. Nefnd þingmanna rannsakaði málið og skilaði um það skýrslu til Alþingis.

Alþingi hefur óumdeilt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslu ríkisins, sbr. t.d. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Að mati flutningsmanna ber þinginu því skylda til þess að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé farið með það vald sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins. Ef eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt er ákvæði stjórnarskrárinnar ekki nægjanlegt. Frumvarpið byggist á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar en með flutningi þess er stefnt að því að koma á virku aðhaldi og eftirliti fastanefnda Alþingis með framkvæmdarvaldinu, um framkvæmd laga og reglugerða og meðferð opinberra fjármuna. Þannig getur þingnefnd hvenær sem henni þykir ástæða til haft frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því frá Alþingi. Í lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, er kveðið á um að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en jafnframt er skýrt tekið fram í lögunum að ríkisendurskoðandi njóti sjálfstæðis í starfi sínu. Fumvarpinu er að sjálfsögðu ekki ætlað að breyta neinu varðandi stöðu Ríkisendurskoðunar.

Ef frumvarpið nær fram að ganga má búast við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerða áður en þær eru gefnar út, sérstaklega stærri reglugerða sem ekki lúta einungis að tæknilegum útfærslum. Frumvarpið er þó einungis flutt til að taka af allan vafa um þessi atriði þar sem unnt væri að binda lagaheimild til setningar reglugerðar því skilyrði að samráð yrði haft við þingnefnd áður en reglugerð er gefin út. Í nefndaráliti gæti einnig komið fram ósk nefndar um sama atriði. Þótt fjárlög séu ekki almenn lög og hafi því e.t.v. takmarkað fordæmisgildi á þessu sviði má þó benda á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, en í greininni eru nokkrar heimildir til fjármálaráðherra m.a. bundnar samþykki fjárlaganefndar. Í Danmörku er reglugerðarheimild stundum bundin samráði við hlutaðeigandi þingnefnd en einnig eru dæmi þess að nefnd óski eftir því að sjá drög að reglugerð eða viðkomandi ráðherra óski eftir því að bera reglugerð undir þingnefnd.

Helsta nýmæli þessa frumvarps er tillaga um að þingnefnd geti tekið mál er varða framkvæmd laga og meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar er að öllu jöfnu fari fram fyrir opnum tjöldum. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða erlendis. Munur á rannsókn samkvæmt fyrri mgr. 1. gr. frumvarpsins og þeirri

seinni er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt seinni málsgreininni og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Því er það gert að skilyrði að nefnd telji ríka ástæðu til þeirrar málsmeðferðar sem fyrir er mælt um í seinni málsgreininni og ber að beita ákvæðinu af varúð. Þannig mundi þingnefnd ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum.

113. Frumvarp til laga [113. mál]

um þjónustukaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingaframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir.

Með neytanda er átt við einstakling þegar um er að ræða kaup á þjónustu sem lög þessi taka til og ekki eru liður í atvinnurekstri einstaklingsins.

2. gr.

Lög þessi eiga ekki við um:

1. smíði á hlut þegar sá á að leggja til efnið sem hlutinn býr til og um er að ræða kaup í skilningi laga um lausafjárkaup,
2. samsetningar, smíði eða annars konar vinnu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í samningi hans og neytanda um kaup í skilningi laga um lausafjárkaup,
3. úrbætur á göllum sem seljandi gerir eða lætur gera á grundvelli laga um lausafjárkaup,
4. vinnu við eða geymslu á lifandi dýrum.

3. gr.

Eigi má með samningi víkja frá ákvæðum laga þessara neytanda í óhag.

II. KAFLI
Samningur um kaup þjónustu o.fl.
Efni og vinna verks.

4. gr.

Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skylt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.

Seljandi þjónustu leggur fram nauðsynleg efni og aðföng nema um annað sé sérstaklega samið.

Öryggi.

5. gr.

Seljandi þjónustu skal gæta þess að hún sé í samræmi við almennar reglur, staðla, reglur sem stjórnvöld setja, stjórnvaldsákvarðanir og lög sem gilda um veitta þjónustu í þeim tilgangi að vernda öryggi neytanda.

Leiðbeiningarskylda seljanda.

6. gr.

Seljanda þjónustu er skylt að veita upplýsingar um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrir neytandann að teknu tilliti til kostnaðar við verkið með hliðsjón af verðgildi hlutarins eða öðrum atriðum sem áhrif hafa á hagkvæmni þeirrar þjónustu sem óskað er eftir.

Verði seljanda ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en vinna er hafin eða að verð þjónustunnar muni verða verulega hærra en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir skal seljandi tilkynna neytanda um það og óska eftir fyrirmælum um hvort frekari vinna skuli af hendi leyst. Hafi seljandi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni, ekki óskað eftir fyrirmælum og ætla má að neytandi hefði hætt við samninginn að fengnum upplýsingum skulu greiðslur fyrir verkið miðast við að neytandi hefði dregið sig út úr samningnum á því stigi.

Hafi seljanda þjónustu ekki tekist að ná til neytanda eða hann hefur ekki fengið fyrirmæli frá neytanda innan sanngjarns frests er honum heimilt að hætta og leysa ekki frekari vinnu af hendi samkvæmt þjónustusamningnum. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sérstaka ástæðu til að ætla að neytandi vilji að lokið verði við verkið.

7. gr.

Seljandi getur þrátt fyrir ákvæði 6. gr. krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt.

Viðbótarverk.

8. gr.

Seljanda þjónustu ber að tilkynna neytanda ef í ljós kemur þegar verk er unnið að eðlilegt sé að vinna önnur verk samtímis vegna tengsla þeirra við aðalverk. Skal seljandi óska eftir fyrirmælum neytanda um viðbótarverk.

Náist ekki til neytanda eða seljandi þjónustu fær ekki fyrirmæli frá honum innan sanngjarns frests skal hann vinna viðbótarverkið ef:

1. viðbótarkostnaður vegna þess er óverulegur eða má teljast óverulegur miðað við verð þjónustu sem samið hefur verið um,
2. sérstakar ástæður mæla með því að neytandi vilji láta vinna viðbótarverkið í tengslum við kaup hans á þjónustunni,
3. ekki er unnt að fresta því vegna hættu sem af því getur stafað.

Hafi seljandi þjónustu unnið viðbótarverk í samræmi við ákvæði þessara laga ber honum greiðsla fyrir þau verk samkvæmt ákvæðum VII. kafla.

III. KAFLI
Galli á seldri þjónustu.

Galli.

9. gr.

Seld þjónusta telst gölluð ef:

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta víkur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,
2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,
3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,
4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,
5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að hann fer á ný að búa við áhættu og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,
6. seld þjónusta víkur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.

Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósanngjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann.

10. gr.

Neytandi getur borið fyrir sig galla á veittri þjónustu í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1.–4. og 6. tölul. 9. gr. þótt seljandi þjónustu hafi tekið að sér að vinna verk með fyrirvara sem ekki telst sanngjarn.

Úrbótaskylda seljanda.

11. gr.

Ef seld þjónusta er gölluð getur neytandinn krafist þess að seljandi hennar bæti úr göllunum nema það valdi seljanda þjónustunnar óhæfilega miklum kostnaði eða verulegu óhagræði.

Hafi neytandi rétt til að krefjast úrbóta skv. 1. mgr. og seljandi þjónustu bætir ekki úr galla innan hæfilegs frests er neytanda heimilt að láta bæta úr gallanum á kostnað seljanda þjónustunnar enda sé unnt að bæta úr án óhóflegs kostnaðar og til frádráttar komi sú greiðsla sem neytanda ber að greiða hefði seljandi sjálfur bætt úr hinni seldu þjónustu, sbr. 12. gr.

Neytanda er heimilt að halda eftir greiðslu þar til úrbætur hafa farið fram. Teljist gallinn óverulegur getur neytandinn aðeins haldið eftir fjárhæð sem nemur því sem kostar að bæta úr gallanum.

12. gr.

Bæti seljandi úr galla á þjónustu sem hann hefur innt af hendi er eingöngu heimilt að krefja neytanda um greiðslu fyrir þjónustu sem honum hefði borið að greiða ef hún hefði í upphafi verið innt af hendi rétt og gallalaus.

Afsláttur.

13. gr.

Sé veitt þjónusta gölluð getur neytandinn krafist afsláttar frá verði þjónustunnar sem svarar til gallans.

Riftun.

14. gr.

Ef seld þjónusta er gölluð og vinnu sem hefur verið unnin er verulega áfátt miðað við tilgang verksins og þjónustu sem fyrirhugað var að kaupa getur neytandinn rift samningnum.

Ef hluta verksins er lokið og gera má ráð fyrir að því verði ekki lokið að fullu án þess að það verði verulega gallað er neytanda heimilt að rifta samningnum um kaup á þjónustunni að þeim hluta sem ólokið er. Séu skilyrði 1. mgr. jafnframt fyrir hendi getur neytandinn einnig rift kaupum á þjónustu sem veitt hefur verið.

Ákvæði 22. gr. eiga við um uppgjör milli aðila eftir því sem við getur átt.

Skaðabætur.

15. gr.

Verði neytandi fyrir tjóni vegna gallaðrar þjónustu á hann rétt til skaðabóta nema seljandi þjónustunnar sýni fram á að gallinn verði ekki rakinn til vanrækslu hans. Neytandi á einnig rétt til skaðabóta ef á hina seldu þjónustu skortir eitthvað sem telja má að áskilið sé.

Þessi grein á ekki við um bætur vegna líkams- og eignatjóns sem neytandi kann að verða fyrir.

Úrbótaréttur seljanda þjónustu.

16. gr.

Tilkynni neytandi um galla og bjóðist seljandi þjónustunnar til að bæta úr honum getur neytandi ekki krafist afsláttar frá verði né heldur rift samningi um kaup á þjónustunni enda sé bætt úr galla innan sanngjarns frests og án kostnaðar eða verulegs óhagræðis fyrir neytandann. Þetta gildir nema neytandi hafi sérstakar ástæður til þess að hafna að seljandi þjónustunnar taki að sér að bæta úr gallanum. Ákvæði 12. gr. eiga við eftir því sem við getur átt.

Tilkynningarskylda neytanda.

17. gr.

Vilji neytandi bera fyrir sig galla á keyptri þjónustu skal hann tilkynna seljanda það innan sanngjarns frests eftir að neytandinn vissi eða mátti hafa verið ljóst að hún væri gölluð. Hafi neytandi ekki gætt þess glatar hann rétti sínum til að bera fyrir sig gallann.

Ef neytandi kvartar ekki innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki, ef seljandi þjónustu hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Þessi grein á ekki við ef seljandi þjónustu hefur brotið gegn almennum viðskiptaháttum eða á annan hátt sýnt af sér vítavert gáleysi.

18. gr.

Tilkynningu skv. 17. gr. er hægt að beina til fyrri söluaðila sem í tengslum við verk sem unnið er samkvæmt samningi hefur tekið að sér að bæta úr göllum sem kunna að verða á því.

IV. KAFLI
Áhætta af verki flyst frá seljanda til neytanda.

19. gr.

Seljandi þjónustu ber áhættu af tjóni, eða rýrnun, sem verður áður en hann skilar af sér verki nema hann sýni fram á að tjónið sé vegna atvika sem ekki eru á hans valdi. Heimilt er að semja um að seljandinn skili af sér verkinu í áföngum ef telja má að samningurinn sé sanngjarn með hliðsjón af framkvæmd og eðli verksins eða öðrum aðstæðum.

Þegar keypt þjónusta varðar hlut sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu telst seljandi hafa skilað af sér verkinu þegar sá hlutur er kominn aftur í vörslu neytanda. Í öðrum tilvikum telst seljandi hafa skilað af sér verki þegar telja má að allri vinnu sé lokið.

Þegar vinnu er að fullu lokið en verki hefur ekki verið skilað á réttum tíma vegna aðstæðna sem varða neytanda verður áhættan þar með hans, sbr. þó 4. mgr.

Komi gallar í ljós við afhendingu verksins og neytandi krefst þess að bætt verði úr, sbr. ákvæði 11. gr., eða seljandi þjónustu býðst til að bæta úr á grundvelli 16. gr. verður áhættan neytandans eftir að úrbætur hafa farið fram og verki hefur verið skilað.

V. KAFLI
Dráttur á að ljúka þjónustu.

20. gr.

Seldri þjónustu skal vera lokið á þeim tíma sem samið hefur verið um. Bregðist það vegna atvika sem neytandi ber ekki áhættu af er um drátt á því að ræða.

Hafi seljandi þjónustu ekki tekið fram í samningi hvenær henni skuli vera lokið eða það hefur ekki á annan hátt verið ákveðið telst dráttur vera til staðar ef seljandi þjónustu skilar ekki af sér verki innan sanngjarns frests eftir að krafa um það kemur fram.

Að svo miklu leyti sem það telst sanngjarnt getur seljandi þjónustu áskilið sér frest til að inna hana af hendi vegna óviðráðanlegra atvika. Í því tilviki gilda ekki ákvæði 2. mgr. Seljandi þjónustu getur aðeins borið fyrir sig slík atvik ef hann hefur innan sanngjarns frests eftir að slík atvik komu upp tilkynnt neytanda um þau og hvaða áhrif þau hafi.

Riftun.

21. gr.

Verði dráttur á að þjónustu ljúki getur neytandi rift samningi ef:

1. drátturinn skiptir hann verulegu máli og seljanda þjónustu mátti vera það ljóst,
2. seljandi þjónustu leysir hana ekki af hendi innan umsamins frests eða innan sanngjarns frests eftir að krafa hefur komið fram um afhendingu.

Sé verk hafið getur neytandi aðeins rift samningi fyrir þann hluta verksins sem ólokið er. Neytandi getur þó krafist riftunar á verkinu öllu hafi tilgangurinn með því minnkað verulega vegna þess dráttar sem orðið hefur.

22. gr.

Komi til riftunar samnings skulu aðilar skila því sem þeir hafa fengið afhent að svo miklu leyti sem það er unnt og gert verður án verulegs óhagræðis. Fyrir vinnu sem seljandi hefur leyst af hendi á hann rétt til greiðslu.

Komi til riftunar samnings að hluta getur seljandi þjónustu krafist greiðslu fyrir þann hluta verksins sem hefur verið unninn. Greiðsla getur þó aldrei orðið hærri en nemur heildarverði þjónustunnar samkvæmt samningi við neytanda að frádregnu almennu verði þeirrar þjónustu sem ólokið er.

Neytanda er heimilt að halda eftir því sem honum hefur verið skilað til að tryggja endurgreiðslu á því sem hann hefur greitt eða greiðslu á skaðabótum sem hann á rétt til.

Skaðabætur.

23. gr.

Neytandi getur krafist skaðabóta fyrir tjón sem hann verður fyrir vegna dráttar sem verður á að þjónustu ljúki, nema seljandi hennar sýni fram á að drátturinn sé ekki af hans völdum.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um tjón sem neytandi verður fyrir vegna þess að seljandi þjónustu virðir ekki tímamörk sem samið hefur verið um og valdið hafa neytanda verulegum óþægindum.

Seljandi þjónustu á kröfu með sama hætti og neytandi ef tímamörk sem samið hefur verið um eru ekki virt.

24. gr.

Vilji neytandi bera fyrir sig að dráttur hafi orðið á að seld þjónusta væri af hendi leyst skal hann tilkynna seljanda hennar um það innan sanngjarns frests. Hafi hann ekki gætt þess glatar hann rétti sínum til að rifta samningnum eða krefjast skaðabóta. Hið sama gildir ef neytandi vill bera fyrir sig ákvæði 2. mgr. 23. gr.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um rétt til riftunar á samningi þegar engin vinna hefur verið unnin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef seljandi þjónustunnar hefur brotið gegn góðum viðskiptaháttum eða á annan hátt sýnt af sér vítavert gáleysi.

VI. KAFLI
Tjón á eignum neytanda.

25. gr.

Verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.

26. gr.

Hafi hlutur sem vinna á við verið afhentur seljanda þjónustu ber hann áhættu af því ef hlutnum er stolið eða hann skemmist af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Þetta gildir þó ekki ef hlutur hefur ekki verið afhentur neytanda á réttum tíma vegna ástæðna sem varða hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda með sama hætti um efni sem nota á til að vinna verk sem neytandi hefur falið seljanda þjónustu.

27. gr.

Sé hlutur sem vinna á við mun meira virði en seljandi þjónustu má gera ráð fyrir ber neytanda að gera seljanda þjónustu grein fyrir því. Hið sama gildir ef við geymslu eða meðferð hlutarins ber að sýna sérstaka varkárni. Hafi neytandi vanrækt upplýsingaskyldu sína er heimilt að takmarka eða fella niður bótaskyldu seljanda þjónustu skv. 25. og 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. gilda með sama hætti um skyldu neytanda til að gefa upplýsingar um efni sem nota á til verksins og neytandinn hefur afhent seljanda þjónustunnar.

VII. KAFLI
Verðið.

28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.

29. gr.

Hafi seljandi þjónustu látið neytanda verðáætlun í té má verðið ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun.

30. gr.

Þrátt fyrir að seljandi þjónustu hafi gert tilboð eða verðáætlun ber honum viðbótargreiðsla hafi verð hækkað vegna kringumstæðna sem hann gat ekki séð fyrir.

31. gr.

Hafi seljandi þjónustu áskilið sér fyrirvara um verð og í ljós kemur að það muni hækka verulega eða atvik verða sem nefnd hafa verið í 30. gr. skal seljandi tilkynna neytanda það án tafar og óska eftir fyrirmælum um verkið.

Fullnægi seljandi þjónustu ekki tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. getur hann ekki gert kröfu um fullt verð eða krafist viðbótargreiðslu, sbr. þó ákvæði 7. gr.

32. gr.

Í tilgreindu verði skulu innifalin öll opinber gjöld nema neytandi hafi sannanlega haft vitneskju um að þau væru það ekki.

33. gr.

Seljanda þjónustu, sem að beiðni neytanda hefur tekið að sér undirbúningsvinnu í þeim tilgangi að skilgreina hve vinna væri mikil eða verð þjónustu sem inna skal af hendi, er heimilt að krefjast greiðslu fyrir hana.

34. gr.

Hafi ekki verið samið um verð getur neytandi krafist þess að seljandi geri honum sundurliðaðan reikning fyrir hinni seldu þjónustu, þannig að hann geti séð með hvaða hætti heildarverð þjónustunnar er reiknað út.

Neytanda ber ekki skylda til að greiða seljanda fyrir þjónustu fyrr en hann hefur fengið reikning sem er í samræmi við ákvæði 1. mgr. og gildandi opinber fyrirmæli um gerð reikninga.

VIII. KAFLI
Réttur neytanda til að afpanta verk.

35. gr.

Neytanda er heimilt að afpanta þjónustu sem hann hefur óskað eftir og óska eftir að frekari vinnu verði hætt þótt verk sé hafið.

36. gr.

Seljanda þjónustu er heimilt að krefjast greiðslu fyrir vinnu sem innt hefur verið af hendi þótt neytandi afpanti þjónustu, sbr. 35. gr., svo og fyrir þá vinnu sem nauðsynlegt er að ljúka þrátt fyrir afpöntun. Fjárhæð endurgjalds ber að ákveða með tilliti til heildarverðs fyrir þjónustuna og að öðru leyti með hliðsjón af 28. gr.

Auk endurgjalds samkvæmt 1. mgr. getur seljandi þjónustu krafist skaðabóta fyrir afleitt tjón enda sýni hann fram á það. Þetta á ekki við ef neytandi afpantar þjónustu vegna tilkynningar seljanda þjónustu á grundvelli 2. mgr. 6. gr., 3. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 31. gr.

Skyldur neytanda skv. 1. og 2. mgr. geta ekki orðið meiri en sem nemur heildarverði þess verks sem samið hefur verið um.

IX. KAFLI
Hlutir sem neytandi sækir ekki.

37. gr.

Hafi hlutur verið afhentur seljanda þjónustu og hann ekki verið sóttur á réttum tíma vegna aðstæðna sem varða neytanda skal seljandi þjónustu annast hlutinn á kostnað neytanda.

Seljanda þjónustu ber að vara neytanda við því með sannanlegum hætti til hverra ráðstafana hann muni grípa. Sé söluandvirði hlutar hærra en krafa seljanda á hendur neytanda ber honum að endurgreiða neytanda án tafar þann mismun.

38. gr.

Hlut, sem afhentur er seljanda þjónustu og neytanda ber að sækja, er heimilt að selja á kostnað neytanda ef:

1. þrír mánuðir eða meira eru liðnir frá því að vinnu við hlutinn var lokið og unnt var að afhenda hann í samræmi við samning aðila enda hafi neytandi ekki á nokkurn hátt gert ráðstafanir til að sækja hann,
2. salan fer fram á tryggilegan hátt.

Ef ekki er unnt að selja hlut eða augljóst er að kostnaður vegna sölu er meiri en nemur söluverði hans er seljanda þjónustu heimilt að fleygja hlut enda sé fullnægt skilyrðum 1. tölul. 1. mgr.

39. gr.

Seljanda þjónustu er óheimilt að áskilja sér frekari rétt en kveðið er á um í þessum kafla.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

40. gr.

Hafi tilkynning sem nefnd er í ákvæðum þessara laga verið afhent til flutnings með ritsíma, pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum sem gilt þykir að nota missir tilkynnandi engan rétt við það að tilkynningunni seinkar eða hún kemst ekki til skila.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi að liðnum sex mánuðum frá samþykkt Alþingis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur þörf á almennri lagasetningu sem tekur til seldrar þjónustu farið vaxandi. Þjóðfélagið tekur örum breytingum og verður flóknara og neytendur þurfa í síauknum mæli að treysta á þjónustu sem hinar ýmsu fagstéttir veita. Lög um þjónustukaup hafa verið sett annars staðar á Norðurlöndum að Danmörku undanskilinni. Finnsk lög um þjónustukaup ganga einna lengst í vernd til handa neytendum en sænsk og norsk lög nokkuð skemmra. Frumvarp þetta tekur mið af lagasetningu annars staðar á Norðurlöndum en danskt frumvarp sem samið var árið 1988 um þetta efni hefur enn fremur verið haft til hliðsjónar við samningu frumvarpsins. Ákvæði þessa frumvarps um neytendavernd þegar keypt er þjónusta er nýmæli í löggjöf hér á landi.

Velta þjónustugreina hefur aukist um 10–20% að raunvirði á tímabilinu 1990–1995. Þar af hefur velta í bifreiðaviðgerðum aukist um 15% og velta í skóviðgerðum um 9%. Velta í greinum eins og tölvuþjónustu hefur aukist mun meira.

Hlutur þjónustu af einkaneyslu landsmanna hefur jafnframt aukist, eða úr 35,4% af allri einkaneyslu á árinu 1990 og upp í 37,8% af einkaneyslu árið 1995. Enn fremur er þjónusta,

sem veitt er í tengslum við fasteignir og sumarhús, stór útgjaldaliður enda hefur fasteignum fjölgað mjög á seinni árum og nauðsynlegt viðhald og endurbætur á þessum eignum þar af leiðandi stóraukist.

Nýjar þjónustugreinar hafa bæst við eins og geymsla á lausafjármunum þar sem engin eiginleg vinna er tengd hlutunum, t.d. búslóðageymsla, frystigeymslur o.fl. Af þessari ástæðu ná ákvæði frumvarpsins einnig til þjónustu sem felst í geymslu muna og er stunduð í atvinnuskyni gegn endurgjaldi.

Umsvif aukast sífellt á sviði seldrar þjónustu, svo og fjölbreytni hennar, og má nefna í því sambandi ráðgjafarþjónustu af ýmsu tagi. Um ýmsar þjónustugreinar gilda einnig oft á tíðum sérlög, sbr. t.d. lög nr. 34/1986, um fasteignasala, og lög nr. 117/1994, um ferðaskrifstofur. Aðalhvatinn að lagasetningu á sviði þjónustu hér á landi er hinn sami og í öðrum ríkjum sem sett hafa sérstök lög um þjónustukaup, þ.e. að leysa úr brýnni þörf á lagareglum til að greiða úr réttarágreiningi sem kann að rísa vegna kaupa á þjónustu. Að vísu geta skýr samningsákvæði seljanda og kaupanda þjónustu oft leyst úr vandamálum er upp kunna að koma en það er sjaldgæft að gert sé ítarlegt samkomulag um þau þjónustuverk sem á að vinna. Enn fremur er oft stuðst við ákvæði laga sem gilda um kaup á vöru þegar leysa á úr réttarágreiningi en takmarkaðar leiðbeiningar getur verið að finna í slíkum lagaákvæðum.

Að öllu framangreindu athuguðu þótti rétt að leggja fram frumvarp til laga um þjónustukaup. Í 1. gr. er kveðið á um gildissvið þessa frumvarps. Samkvæmt 1. gr. gilda ákvæði þess um hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í atvinnustarfsemi hans. Í 2. gr. er að finna ýmsar mikilvægar undantekningar frá gildissviði frumvarpsins en meginatriði þeirrar afmörkunar er að ef um viðskipti aðila fer eftir ákvæðum laga um lausafjárkaup gilda ekki ákvæði þessa frumvarps.

Í frumvarpinu er nokkrum sinnum vísað til laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Tilvísun til þeirra laga er einnig að finna í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins en þar hefur verið kosið að nota orðið kaupalög í stað hins formlega heitis laganna enda eru þau ekki síður þekkt undir því heiti.

Meginefni frumvarpsins skiptist í eftirtalda kafla:

I. kafli. Gildissvið.
II. kafli. Samningur um kaup á þjónustu o.fl.
III. kafli. Galli á seldri þjónustu.
IV. kafli. Áhætta af verki flyst frá seljanda til neytanda.
V. kafli. Dráttur á að ljúka þjónustu.
VI. kafli. Tjón á eignum neytanda.
VII. kafli. Verðið.
VIII. kafli. Réttur neytanda til að afpanta verk.
IX. kafli. Hlutir sem neytandi sækir ekki.
X. kafli. Ýmis ákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpi þessu er ætlað að taka jafnt til vinnu við fasteignir og lausafjármuni, sbr. 1. og 2. tölul. greinarinnar. Ekki er unnt að telja upp á tæmandi hátt þær þjónustugreinar sem falla undir ákvæði frumvarpsins. Þau eru nýmæli hér á landi og tilgangur frumvarpsins er að auka vernd neytenda við kaup á þeirri þjónustu sem fellur undir gildissvið þess.

Um 1. mgr.

Í þessari málsgrein eru taldar upp þjónustugreinar sem frumvarpið tekur til. Hvers konar viðgerðarþjónusta á ýmsum lausafjármunum er dæmigerð þjónusta sem fellur undir 1. tölul., svo sem bifreiðaviðgerðir, skóviðgerðir, úraviðgerðir, viðgerðir á heimilistækjum o.s.frv. Í 2. tölul. er kveðið svo á að þjónusta sem felur í sér vinnu við fasteignir, byggingaframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á landi falli undir gildissvið frumvarpsins. Vart er unnt að telja upp með tæmandi hætti þau tilvik sem fallið geta undir þennan lið. Nefna má þó að hvers kyns þjónusta, sem veitt er í tengslum við fasteignir, svo sem vegna pípulagna, raflagna, málningarvinnu, þakvinnu og annarrar þjónustu, hvort heldur sem er innan eða utan húss, fellur undir gildissvið frumvarpsins. Hið sama gildir um vinnu við nýbyggingar. Enn fremur fellur þjónusta sem felur í sér vinnu í tengslum við byggingaframkvæmdir, undir ákvæði frumvarpsins, enda verði ekki talið að um samning aðila fari eftir ákvæðum kaupalaga en slík tilvik eru undanskilin gildissviði þessa frumvarps, sbr. ákvæði 2. gr. Yfirleitt mun aðilum vera ljóst hvort um er að ræða kaupsamning eða samning um að inna af hendi tiltekna þjónustu fyrir neytanda. Sem dæmi má nefna að eigandi sumarhúss kann að óska eftir því að járniðnaðarmaður smíði við sumarhús sitt grindverk úr járni milli steyptra stólpa sem þar eru. Efni og annað sem þarf til verksins er á staðnum. Hér væri um að ræða kaup á tiltekinni þjónustu og um vanefndir vegna galla færi eftir ákvæðum þessa frumvarps. Ef eigandi sumarhússins hefur hins vegar keypt tilbúið grindverk af járnsmiðju sem tekur að sér að flytja það á staðinn og setja upp mundi vera um að ræða kaup í skilningi kaupalaga og mundu þau lög gilda um efndir og vanefndir á samningi aðila.

Frumvarpinu er ætlað að taka til þjónustustarfsemi sem eingöngu felst í því að taka hluti til geymslu, sbr. 3. tölul. Á undanförnum árum hafa þróast ýmsar nýjar þjónustugreinar, t.d. búslóðageymsla, og þykir því rétt að taka sérstaklega fram að ákvæðum frumvarpsins er ætlað að ná til slíkra tilvika enda sé um að ræða starfsemi sem fram fer í atvinnuskyni og endurgjald kemur fyrir. Þjónusta, sem felur í sér geymslu á fatnaði, þ.e. fatageymsla, t.d. á hótelum og veitingastöðum, fellur hér undir enda komi endurgjald fyrir. Endurgjald getur verið hluti af heildarverði ákveðinnar þjónustu, svo sem aðgangseyri að leikhúsi, matsölu- eða skemmtistað. Í vafatilvikum fer ábyrgð seljanda þjónustu eftir samningi hverju sinni.

Í 4. tölul. er tekið fram að frumvarpið nái til ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við sölu á þjónustu. Aðilum, sem gera úttektir og veita ráðgjöf um endurbætur á fasteignum, svo sem arkitektum og verkfræðingum, verður skylt að hlíta ákvæðum þessa frumvarps. Vernd af því tagi sem lögð er til í frumvarpinu er ekki síður nauðsynleg vegna starfsemi þessara aðila en ýmissa annarra sem það beinist að. Í samskiptum neytenda og ráðgjafa reynir á svipuð atriði og svipuð sjónarmið og frumvarpið snýst um, svo sem leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu, hvernig leitað skuli eftir heimild til viðbótarverkefna og hvenær seld þjónusta telst gölluð.

Um 2. mgr.

Í þessari málsgrein er hugtakið þjónusta skilgreint. Þjónusta telst vera heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir en hér getur verið um að ræða greiðslu fyrir vinnu sem innt er af hendi, svo og greiðslu fyrir varahluti og annan kostnað, svo sem akstur. Þannig liggur fyrir með skýrum hætti hvað átt er við þegar í frumvarpi þessu er vísað til þjónustu.

Um 3. mgr.

Megintilgangur frumvarpsins er að auka neytendavernd í viðskiptum við seljendur þjónustu. Hér gildir sú afmörkun að þegar rætt er um neytanda í frumvarpinu, er átt við að kaupandi þjónustu sé einstaklingur og viðskipti hans og seljanda þjónustu eru ekki talin vera liður í atvinnurekstri einstaklingsins. Framangreind skilgreining á neytanda er í samræmi við sam-

bærilegar skilgreiningar sem stuðst er við í norrænni löggjöf, svo og tilskipunum Evrópusambandsins.

Um 2. gr.

Gildissvið frumvarpsins er hér afmarkað nánar. Ljóst er að ákvæði frumvarpsins eiga ekki við ef ákvæði kaupalaga gilda um viðskiptin. Tekið er mið af skilgreiningu kaupalaga í þessu sambandi. Stundum kann að vera mjótt á munum hvort um er að ræða verksamning eða kaupsamning. Þá kemur til athugunar sá samningur sem liggur til grundvallar viðskiptunum. Ef meginmarkmið samningsins lýtur að framsali eignarréttinda verður að líta svo á að um kaup sé að ræða í skilningi kaupalaga.

Um 1. tölul.

Um smíði á hlut þegar sá leggur til efnið sem hlutinn býr til fer eftir ákvæðum kaupalaga. Þá er ekki um að ræða að viðgerð eða endurgerð hlutar heldur er verið að kaupa nýjan hlut.

Um 2. tölul.

Í 2. tölul. kemur fram að ákvæði frumvarpsins taki ekki til vinnu sem er liður í samningi um kaup á lausafjármunum. Þá hefur seljandi selt hlut og samkvæmt samningi hvílir á honum skylda að afhenda hlutinn tilbúinn og fullfrágenginn. Sé hið selda gallað fara úrræði kaupanda að öllu leyti eftir ákvæðum kaupalaga. Þetta gildir þótt gallann megi rekja að hluta eða öllu leyti til þess að það sem gert var við hlutinn teljist til þjónustu sem ákvæði frumvarpsins taka til.

Um 3. tölul.

Svipuð sjónarmið eru höfð í huga varðandi þennan tölulið og 2. tölul. og tekið er fram að vinna sem unnin er í tengslum við ákvæði kaupalaga um úrbætur falli utan ramma þessa frumvarps enda ber að líta á árangur þess verks með hliðsjón af kaupalögum.

Um 4. tölul.

Í 4. tölul. er tekið fram að ákvæði þessa frumvarps skuli ekki gilda um vinnu við eða geymslu á lifandi dýrum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er m.a. kveðið á um upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu í viðskiptum hans við neytanda. Seljanda þjónustu ber einnig að leita eftir fyrirmælum frá kaupanda þjónustunnar ef upp koma vafaatriði í tengslum við verk sem vinna skal.

Um 4. gr.

Um 1. mgr.

Verk skulu byggð á og unnin af fagþekkingu. Ekki er þó átt við að óheimilt sé að gera samning um að verk sé unnið þar sem gerðar eru minni gæða- og/eða verðkröfur. Samningur aðila gildir í öllum tilvikum og í reynd mun þetta ekki valda erfiðleikum í framkvæmd. Til dæmis má nefna að ef samkomulag er gert um að teppi sé ekki fest við gólf, heldur aðeins tilsniðið í herbergið, er slíkur samningur gildur og ekki um galla að ræða nema teppið sé ekki sniðið rétt. Segja má að ekki sé faglega rétt að vinna verkið með þeim hætti sem hér er getið en unnt er að vinna verk þar sem slegið er af kröfum ef um það hefur verið samið. Hvað sé fagþekking miðast því við aðstæður hverju sinni en hefur mikla almenna þýðingu við mat á því hvernig til hefur tekist við framkvæmd verks og hvort seld þjónusta er gölluð eða ekki. Kröfur, sem gerðar eru til fagþekkingar seljenda þjónustu, hafa einnig áhrif á mat á því hvort

leiðbeiningarskyldu hafi verið sinnt með fullnægjandi hætti en þar er um að ræða aðra mikilvæga grundvallarreglu samkvæmt þessu frumvarpi, sbr. 6. gr.

Um 2. mgr.

Hér er kveðið á um að sú meginregla skuli gilda að seljandi þjónustu leggi til efni sem til þarf. Í því felst einnig að gerð er sú krafa að hann velji það á grundvelli faglegrar þekkingar sinnar og reynslu.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru gerðar ákveðnar kröfur til þeirrar þjónustu sem neytendum er seld og að hún uppfylli þau lágmarksskilyrði sem sett eru á hverjum tíma með tilliti til öryggis o.fl. Kveðið er á um að veitt þjónusta skuli ávallt vera í samræmi við lög og reglur sem stjórnvöld setja og staðla. Hér eru einkum höfð í huga ýmis ákvæði sem sett eru af hinu opinbera. Telja má að mikilvægustu dæmi um framangreind lög og fyrirmæli séu t.d. byggingarreglugerð og ýmsar reglur er varða öryggi í sambandi við rafmagnsvörur og tengingu rafmagns. Í gildi eru einnig ýmsir íslenskir staðlar sem fara ber eftir. Þá er í greininni einnig nefnt að ekki skuli vinna verk í andstöðu við stjórnvaldsákvörðun sem tekin hefur verið t.d. í þeim tilgangi að vernda öryggi neytandans. Í þessu sambandi koma til athugunar nýleg lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, en samkvæmt þeim lögum er stjórnvöldum heimilt að leggja bann við notkun tiltekinnar vöru ef sannað þykir að hún sé ekki nægilega örugg. Slíkt bann gildir gagnvart þeim sem það beinist að, þ.e. framleiðanda og dreifingaraðilum, en getur eftir atvikum einnig náð til seljanda þjónustu. Þetta á við ef seljandi þjónustu notar vísvitandi hluti sem stjórnvöld hafa úrskurðað að standist ekki kröfur sem gerðar eru til vörunnar samkvæmt áðurnefndum lögum. Neytandi getur því borið fyrir sig að þjónustan sé gölluð ef svo er háttað sem hér segir. Til álita koma því venjuleg vanefndaúrræði neytandans, svo sem afsláttur frá uppsettu verði o.s.frv. Rétt er þó að benda á að þetta ákvæði útilokar ekki að tekin verði til athugunar sjónarmið sem varða eigin sök neytanda. Líta verður svo á að ákvæði 5. gr. beri að skoða með hliðsjón af VI. kafla frumvarpsins, þannig að unnt væri að lækka bætur til neytanda eða fella þær alveg niður hafi hann með einhverjum hætti stuðlað að því að ekki var farið eftir ákvæðum þessarar greinar.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lögð á seljanda þjónustu leiðbeiningarskylda gagnvart neytanda. Ákvæði þessarar greinar er rétt að skoða með tilliti til ákvæðisins í 4. gr. þar sem gerð er krafa um faglega þekkingu. Segja má að ákvæðið sé á vissan hátt nánari útfærsla á þeim meginsjónarmiðum sem koma fram í 4. gr. frumvarpsins. Markmiðið með ákvæðum 6. gr. er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld. Ákvæði þessarar greinar hafa einnig þýðingu þegar leysa þarf úr ágreiningi sem kann að rísa um kaup á þjónustu og uppgjör milli aðila í því sambandi.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. er kveðið á um leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu gagnvart neytanda. Neytandi er í lakari stöðu að dæma um hvort tiltekin þjónusta sem hann óskar eftir, t.d. viðgerð á hlut, sé hagkvæm eða ekki með tilliti til verðgildis hlutarins. Aðili sem atvinnu hefur af því að selja þjónustu sína á grundvelli fagþekkingar, er betur fær um að gera sér grein fyrir hvort það svari kostnaði að vinna verkið. Af reglunni leiðir einnig að seljandi þjónustu og kaupandi eiga að ræða sem nánast um verk sem vinna skal og komast að samkomulagi um hvað gera eigi í hverju einstöku tilviki. Æskilegt væri að í framkvæmd yrði meira stuðst við eyðublöð en nú þegar þjónusta er pöntuð til að auðveldara verði að sanna hvaða upplýsingar hafa

verið veittar, svo og til að ljóst sé hvaða þjónustu neytandinn hefur óskað eftir. Venjulega mun leiðbeiningarskylda seljanda hafa í för með sér að hann ráðleggi kaupanda hvort vinna eigi verkið eða ekki. Rétt þykir þó að ákvörðun um það sé alfarið í höndum neytandans á grundvelli þeirra upplýsinga sem seljandi veitir honum. Gera verður ráð fyrir að neytandinn viti hvert er markaðsverð hlutar sem hann hefur komið með í viðgerð og geti metið af upplýsingum sem hann fær hvort gera eigi við hlutinn eða ekki. Í 1. mgr. segir einnig að miða skuli við að fyrirhuguð kaup á þjónustu séu ekki óhagkvæm fyrir neytandann. Hér er átt við að það eigi að vera fjárhagslega hagkvæmt fyrir neytanda að verkið sé unnið. Ákvæðið á því ekki við um verk sem með réttu verða ekki talin hafa fjárhagslegt gildi fyrir neytanda. Til dæmis ef óskað er eftir að málaðar séu skrautrendur á bifreið verður vart talið að þær hafi fjárhagslegt gildi. Hins vegar getur staðið þannig á að vafasamt sé að leggja í kostnað við málningu, t.d. ef bifreið er mjög ryðguð. Rétt væri að vekja athygli neytanda á því. Í 1. mgr. er auk atriða sem snerta hagkvæmni verksins nefnt að upplýsingar skuli veittar með hliðsjón af verðgildi hlutarins og kostnaði við verkið. Framangreind atriði styðja það að ætlast er til að fram fari hlutlægt mat, byggt á fagþekkingu seljanda þjónustunnar, á því hvort ráðlegt sé að framkvæma verkið á þann hátt sem neytandi hefur óskað eftir. Loks er nefnt að seljandi skuli veita upplýsingar með hliðsjón af öðrum atriðum en þeim sem hér hafa verið nefnd, eftir því sem við getur átt. Hér er haft í huga að af samskiptum sínum við neytanda verði seljanda þjónustunnar ljóst að neytandi telji að til þess að unnt sé að nota ákveðinn hlut þurfi að gera á honum tiltekna viðgerð eða vinna við hlutinn. Ef seljandi veit að óþarfi er að vinna það verk sem farið er fram á ber honum að upplýsa neytandann um það. Markmið 1. mgr. er að veita seljanda þjónustu aðhald varðandi upplýsingaskyldu. Greinin kemur hins vegar ekki í veg fyrir að seljandi þjónustu sinni verkefnum sem telja verður að séu ekki hagkvæm, t.d. af því að neytandi vill að verkið sé unnið óháð því mati, þar sem hluturinn, ef um hlut er að ræða, hefur mikið tilfinningagildi fyrir hann. Rétt er þó að vekja athygli á því að undir vissum kringumstæðum getur seljanda þjónustu verið rétt að neita að taka að sér verkefni, einkum ef hann telur hættu á því að neytandi muni síðar beita vanefndaúrræðum vegna galla á þjónustunni með tilvísun til 1. og 4. tölul. 9. gr. frumvarpsins.

Um 2. mgr.

Hér er kveðið svo á að verði seljanda ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en verk er hafið ber honum að tilkynna það og óska eftir fyrirmælum neytandans. Tilgangur þessa ákvæðis er hinn sami og í 1. mgr. Óski neytandi ekki eftir því að frekari vinna verði leyst af hendi fer um rétt hans til þess að afpanta þjónustuna í heild eða að hluta samkvæmt ákvæðum VIII. kafla frumvarpsins. Ákvæðið getur átt við þegar seljandi hefur gefið upp áætlað verð, sbr. VII. kafla frumvarpsins. Meginsjónarmið að baki þessu ákvæði er að verð þjónustunnar hefur mikla þýðingu fyrir neytandann. Hafi hann tekið ákvörðun sína um hvort vinna eigi verkið á grundvelli upplýsinga um verð og verði breytingar þar á getur hann þurft að endurskoða þá ákvörðun.

Enn fremur er hér kveðið á um að seljanda beri að tilkynna neytanda ef þjónustan verður mun dýrari en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir. Ekki þykir rétt að setja nákvæmari viðmiðun inn í lagatextann en hér er gert. Það verður að ráðast fyrst og fremst í framkvæmd hvað átt er við með orðunum „mun dýrari“. Um þetta atriði hljóta þó ávallt að gilda mismunandi venjur eftir því á hvaða þjónustusviði samningur er gerður. Æskilegt væri að fagsamtök í einstökum þjónustugreinum stuðluðu, t.d. í samvinnu við Neytendasamtökin, að gerð staðlaðra eyðublaða sem nota mætti þegar samið væri um kaup á þjónustu. Nánari leiðbeiningum um eðlilegar viðmiðanir væri unnt að koma á framfæri á slíkum eyðublöðum.

Hér er einnig kveðið á um afleiðingar þess að seljandi þjónustu vanrækir leiðbeiningarskyldu sína og veitir ófullnægjandi upplýsingar um hagkvæmni verksins og önnur atriði sem máli skipta. Meginreglan er að neytanda ber ekki að greiða hærri fjárhæð en nemur því er hann hefði þurft að greiða seljanda ef hann hefði hætt við verkið á grundvelli fullnægjandi upplýsinga af hans hálfu. Hér er kveðið svo á að neytandi eigi að vera eins settur og ef hann hefði ekki óskað eftir þjónustunni hefði seljandi hefði uppfyllt með fullnægjandi hætti leiðbeiningarskyldu sína skv. 6. gr. Hnígi sterk rök til þess að neytandi hefði ekki óskað eftir þjónustunni ef hann hefði fengið fullnægjandi upplýsingar er honum heimilt að neita að greiða seljanda þjónustu að fullu fyrir það verk sem unnið er. Í því tilviki að neytandi hefði afþakkað að frekari vinna yrði innt af hendi er honum aðeins skylt að greiða þann útlagða kostnað sem þykir sanngjarnt hverju sinni, sbr. nánar ákvæði 7. gr. frumvarpsins.

Um 3. mgr.

Í málsgreininni eru leiðbeiningar um hvað gera skuli þegar ekki tekst að ná í neytanda sem pantað hefur þjónustu. Neyðist seljandi þjónustu til þess að hætta við verk af þeim ástæðum sem hér er rætt um er hugsanlegt að í því séu fólgin aukaútgjöld fyrir hann og ber neytanda að bæta honum þann kostnað. Ákvæðið getur því haft áhrif við mat á kostnaði sem neytanda er skylt að greiða.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari grein ber seljanda greiðsla fyrir vinnu og útlagðan kostnað og tillit skal tekið til þess hvort notagildi, t.d. viðgerðs hlutar, hefur aukist.

Um 8. gr.

Algengt er að eftir að verk er hafið komi í ljós að eðlilegt sé að vinna meira en upphaflega var áætlað. Undir þessum kringumstæðum reynir enn á leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustunnar, rétt hans og skyldu til að halda vinnunni áfram. Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins tekur á slíkum tilvikum og bætir úr brýnni þörf á leiðbeiningum hvernig með skuli fara.

Um 1. mgr.

Ákvæðið á einungis við ef upp kemur sú staða að seljanda verður ljóst að vinna þarf viðbótarverk sem ekki verður talið að hafi falist í upphaflegu samkomulagi við neytandann. Seljanda ber að gera neytanda grein fyrir þeirri viðbótarvinnu sem hann telur nauðsynlega og óska eftir fyrirmælum hans um verkið. Nánar fer um þetta eftir samningi aðila. Sem dæmi má nefna að samningur mæli fyrir um viðgerð á bifreið, þannig að hún „komist í gegnum skoðun". Þegar samningur er svo almennur kemur ákvæði þessarar greinar ekki til álita en hins vegar yrði að líta til 2. mgr. 6. gr. þegar svo háttar. Þegar rætt er um „viðbótarverk" er átt við verk sem ætla má að hefðu getað verið í upphaflegum samningi aðila en undir þetta hugtak falla ekki verk sem liggja utan starfssviðs seljanda þjónustunnar. Skylda seljanda til að upplýsa neytandann um viðbótarverk sem vinna þarf, en liggja utan hans starfssviðs, mótast af almennum reglum um óbeðinn erindisrekstur og þeim meginviðhorfum sem koma fram í 4. gr. Með ákvæðum 8. gr. er stefnt að því að aðalreglan sé að neytandinn taki sjálfur ákvörðun um hvort verk sé unnið eða ekki. Því er mikilvægt að seljandi þjónustu hafi fullt samráð um verkið og leiti fyrirmæla ef þörf krefur.

Um 2. mgr.

Frávik frá þeirri aðalreglu að kaupandi taki sjálfur ákvörðun um hvort verk sé framkvæmt eða ekki er að finna í 1.–3. tölul. 2. mgr. Þar kemur fram að fái seljandi þjónustu ekki fyrirmæli frá neytanda eða náist ekki til hans er seljanda þjónustu skylt undir sérstökum kringumstæðum að inna af hendi tiltekin verk. Hér er um að ræða verk sem hafa í för með sér óveru-

legan viðbótarkostnað eða um er að ræða viðbótarverk sem er óverulegt ef miðað er við verð þjónustunnar sem samið hefur verið um. Hið sama gildir ef augljóst er að það ylli beinlínis hættu ef viðbótarverk yrði ekki unnið, svo og þegar seljandi þjónustu getur ekki aflað fyrirmæla frá neytanda nægilega fljótt og þörf er skjótra aðgerða.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um réttarstöðu seljanda þjónustu og neytanda þegar seld þjónusta er gölluð. Til hliðsjónar eru höfð sambærileg ákvæði í dönsku frumvarpi sem samið hefur verið um þetta efni en þau ákvæði eru m.a. byggð á ófrávíkjanlegum reglum sem settar voru um neytendakaup í tengslum við breytingu á kaupalögum í Danmörku árið 1979.

Í 9.–10. gr. er hugtakið galli afmarkað. Í 11.–15. gr. er lýst vanefndaúrræðum neytanda vegna gallaðrar þjónustu. Í 16. gr. er kveðið á um úrbótarétt seljanda þjónustu þegar neytandi telur að seld þjónusta sé gölluð.

Loks er að finna í 17.–18. gr. ákvæði um tilkynningarskyldu neytanda þegar hann verður var við að seld þjónusta er gölluð og hann vill beita þeim úrræðum sem lögð eru til í frumvarpinu.

Um 9. gr.

Um 1. tölul. 1. mgr.

Hér er vísað til þess að ef árangur af unnu verki stenst ekki þær almennu kröfur sem gera má til útseldrar þjónustu sem veitt er í atvinnuskyni, sbr. 4. gr., eða hin selda þjónusta er ekki fullnægjandi, sbr. 5. gr., er þjónustan gölluð í skilningi þessa frumvarps.

Ákvæði þetta nær einungis til þess að verk skuli fullnægja ákveðnum opinberum skilyrðum svo að það geti talist lögmætt. Þessar kröfur eru settar til að vernda almannahagsmuni, t.d. gæða-, öryggis- og umhverfishagsmuni. Einungis er um að ræða reglur sem settar eru í lögum, reglugerðum o.s.frv. Sem dæmi má nefna ákvæði í umferðarlögum um ökutæki og útbúnað þeirra eða ákvæði um rafmagnsvörur og prófun á þeim. Einnig nær þetta ákvæði frumvarpsins til reglna um hvaða efni heimilt er að nota við þjónustu.

Ef samið er um ákveðið verk og því lokið en samt næst ekki sá árangur að öðru leyti sem þörf var á er það á ábyrgð neytandans. Ef t.d. bifreiðaverkstæði tekur að sér að lagfæra bremsur í bíl er verkið gallað ef ekki er gert við þær þannig að þær standist reglur umferðarlaga. Ef stýrisbúnaður er einnig bilaður er það á ábyrgð neytandans.

Viðmiðunartíminn, þ.e. hvenær seljandi á að skila verkinu ógölluðu, er þegar áhættan af verkinu flyst frá seljandanum til neytandans.

Um 2. tölul. 1. mgr.

Ákvæðið nær til rangra eða villandi upplýsinga sem hafa áhrif á ákvörðun neytanda um kaup á þjónustunni. Upplýsingarnar geta varðað allt verkið eða hluta þess, t.d. efni sem nota skal eða þá aðferð sem beitt er. Þetta geta verið upplýsingar um verð eða endingu svo dæmi séu nefnd. Ef upplýsingar eru til þess fallnar að vekja hjá neytanda vonir sem ekki eiga við rök að styðjast falla þær upplýsingar undir þetta ákvæði enda séu þær forsenda fyrir kaupum á þjónustunni.

Ekki eru sett nein skilyrði fyrir því hvernig þessum upplýsingum er komið á framfæri. Því geta þær verið bæði munnlegar og skriflegar. Jafnvel geta viðtöl í fjölmiðlum fallið undir þetta ákvæði. Ef um er að ræða upplýsingar sem eingöngu eru ætlaðar fagfólki en ekki almenningi getur neytandi ekki byggt rétt sinn á þeim.

Neytandinn getur byggt rétt sinn á upplýsingum frá aðilum á fyrri stigum máls, framleiðendum og dreifingaraðilum sem markaðssetja vöruna.

Ef neytandinn útvegar sér sjálfur upplýsingar frá þjónustuaðilum á fyrri stigum og þær reynast rangar ber seljandi ekki ábyrgð á þeim. Sama á við ef upplýsingarnar koma frá samkeppnisaðila seljanda eða samkeppnisaðila fyrri þjónustuaðila. Seljendur bera heldur ekki ábyrgð á upplýsingum frá yfirvöldum eða neytendasamtökum.

Neytandanum verður að hafa verið kunnugt um þessar upplýsingar í síðasta lagi þegar gengið var frá samningi við seljanda um þann hluta af samningnum sem upplýsingarnar tengjast.

Seljandi þjónustu getur firrt sig ábyrgð með því að skýra neytanda frá því áður en samningur er gerður að upplýsingar sem neytandi hefur séu rangar og vara hann við að taka mið af þeim.

Um 3. tölul. 1. mgr.

Ákvæðið fjallar um það þegar seljandi fullnægir ekki upplýsingaskyldu sinni. Sú skylda er lögð á seljanda að upplýsa um það sem hann veit eða má vita. Á seljanda hvílir sú skylda að fylgjast með nýjungum á sínu sviði.

Ekki er unnt að gera þá kröfu til seljandans að hann upplýsi neytandann um að unnt sé að kaupa þjónustuna á lægra verði hjá öðrum. Slíkt gæti ekki talist galli. Sama á við ef seljandi telur að upplýsingarnar skipti neytandann engu máli og byggir þá skoðun á atriðum sem liggja fyrir við samningsgerð. Ef neytandinn er fagmaður á viðkomandi samningssviði eða hefur fagmann sér til ráðgjafar við samningsgerðina má gera vægari kröfur til upplýsingaskyldu ef seljandi má gera ráð fyrir að viðkomandi fagmaður hafi leiðbeint neytanda um þau atriði.

Hafi seljandi ekki veitt neytanda upplýsingar í samræmi við 6. gr. frumvarpsins hefur hann einnig brotið gegn þessu ákvæði. Neytandinn getur því valið á milli þess hvort hann vill beita ákvæðum 6. gr. eða vanefndaúrræðum vegna galla. Hann getur ekki farið eftir úrræðum 6. gr. um verðið og einnig krafist afsláttar, svo dæmi sé tekið. Ef seljandi er skaðabótaskyldur á neytandi alltaf rétt á að fá bættan þann kostnað sem hlýst af tjóninu, t.d. vegna matsgerða o.s.frv.

Um 4. tölul. 1. mgr.

Samkvæmt frumvarpinu er seld þjónusta gölluð ef hún felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni.

Þjónustan verður að fullnægja almennum öryggisskilyrðum. Ef neytandi hefur við samningsgerð gefið til kynna að þjónustan eigi einungis að tryggja ákveðinn árangur er ekki unnt að taka tillit til hættu í tengslum við annað. Sem dæmi má nefna að ef einhver er fenginn til að gera við bátsskrokk og að lokinni viðgerð kemur í ljós að báturinn er ekki vatnsheldur er ekki um galla að ræða ef neytandi hefur skýrt frá því að ekki eigi að nota bátinn til siglinga heldur eigi hann að standa á þurru landi.

Ef verkið hefur t.d. í för með sér hættu á ofnæmi eða heilsuspillandi áhrifum verður að meta það hverju sinni hvort um sé að ræða almenna hættu, þannig að verkið sé gallað. Ef svo er gæti 6. tölul. þessarar greinar átt við.

Ákvæði þetta á eingöngu við ef þjónustan sjálf hefur í för með sér hættu, ekki ef hluturinn sem unnið er við er hættulegur að öðru leyti.

Ákvæðið nær einnig til þeirra efna sem seljandi notar, jafnvel þótt neytandinn útvegi þau, en hér getur átt við ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.

Ákvæðið nær til líkamstjóns, þ.e. tjóns á líkama eða heilbrigði. Það getur verið varanlegt eða tímabundið. Tjónið getur varðað neytandann sjálfan og eignir hans eða þriðja mann og hans eignir. Hætta, sem stafar af verkinu á meðan unnið er að því, getur haft í för með sér riftun á grundvelli þessa ákvæðis.

Um 5. tölul. 1. mgr.

Þjónustan verður með tilliti til notagildis að svara til þess sem seljandi hefur lofað eða er með réttu áskilið af neytanda enda uppfylli hún eðlilegar kröfur. Verð þjónustunnar getur skipt máli, svo og hvaða upplýsingar seljandi hefur gefið.

Þjónustan er gölluð þótt hún sé ekki minna virði en ella fjárhagslega ef hún hefur minna notagildi en um var samið, t.d. ef veggur er málaður í öðrum lit en óskað var eftir.

Ef árangur þjónustunnar verður ekki sá sem um var samið og það er ekki á ábyrgð neytanda er þjónustan gölluð, óháð því hvort um sök er að ræða hjá seljanda. Ábyrgðin er hlutlæg að þessu leyti en varðandi vanefndaúrræðin skiptir sök máli. Þegar samið er um ráðgjöf verður hún að vera í samræmi við það sem gera má almennt kröfu til hjá seljendum slíkrar þjónustu. Strangari kröfur eru gerðar við mat á galla ef seljandi er eða læst vera vera sérfræðingur á sínu sviði.

Ef minna verðgildi eða notagildi þjónustunnar en ella er tengt efnisgalla er þjónustan gölluð, jafnvel þótt seljandi hafi ekki tekið á sig neina ábyrgð á efninu, enda sé um að ræða vanrækslu af hans hálfu. Þegar þjónustan hefur minna notagildi en annars væri vegna einhvers sem neytandi ber ábyrgð á er verkið ekki gallað. Neytandinn ber sjálfur áhættuna af því að verkið sé minna virði eða hafi minna notagildi en ella ef efni sem neytandi útvegar er óhentugt eða leiðbeiningar, sem neytandi eða aðili á hans vegum veitir seljanda um hvernig á að vinna verkið, leiða til þeirrar niðurstöðu. Ef seljandi vissi eða mátti vita að niðurstaðan yrði þessi bar honum að leiðbeina neytanda um það, að öðrum kosti telst þjónustan gölluð. Sama gildir ef túlka má samninginn þannig að seljandi hafi lofað ákveðnum árangri af þjónustunni og sá árangur næst ekki.

Hugsanlega getur orðið að skipta sök ef gallanum valda ástæður sem tengjast bæði seljanda og neytanda.

Ef neytandi hefur sérstaka ráðgjafa, svo sem arkitekt eða verkfræðing, getur seljandi haft ástæðu til að treysta ráðum þeirra, t.d. varðandi mat á efni og hvernig vinna skuli verkið. Ef það er unnið í samræmi við ráðleggingar sérfræðinganna verður þjónusta seljanda að teljast gallalaus þótt hún sé minna virði en ráð var fyrir gert.

Meta skal hvernig þjónustan er þegar áhættan af verkinu flyst frá seljandanum til neytandans. Ef verkið hefur á þeim tíma ekki verið unnið eins og neytandi átti kröfu til er það gallað, jafnvel þótt gallinn komi í ljós síðar. Ef seljandi er í vafa um hvort þjónustan fullnægir settum skilyrðum verður hann að skýra neytanda frá því og gæti hann þannig firrt sig bótaábyrgð. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða öryggisatriði, sbr. 1. tölul.

Þegar notuð eru ný efni eða aðferðir ber seljandi ábyrgð á hvernig þau reynast nema efnin/aðferðirnar séu notuð samkvæmt fyrirmælum sérfræðinga á vegum neytanda eða eftir þeirra ráðgjöf. Ef langur tími líður áður en kemur í ljós að þessi nýju efni/aðferðir duga ekki er hvorki unnt að rifta samningi né krefjast skaðabóta. Unnt er að krefjast úrbóta í samræmi við skilyrði sem sett eru fyrir úrbótarétti seljanda.

Ef annað leiðir ekki af samningi aðila á neytandi aðeins kröfu til þess að þjónustan nýtast honum og dugi þann tíma sem venja er.

Meginreglan er sú að neytandi beri sönnunarbyrðina vilji hann sanna að ágallar séu á þjónustunni þegar hann fer að búa við áhættuna af seldri þjónustu á ný. Ef unnt er að sýna fram á að á henni hafi á þeim tíma verið ýmsir annmarkar ber seljandi ábyrgð á því nema hann geti sannað að sök neytanda sé ástæðan fyrir því að ekki náðist sá árangur með þjónustunni sem til var ætlast.

Ákvæði þetta er bundið því skilyrði að um vanrækslu sé að ræða hjá seljanda eða starfsmönnum hans.

Um 6. tölul. 1. mgr.

Þessi töluliður þarfnast ekki skýringar.

Um 2. mgr.

Ákvæði þetta nær til reglnanna í 1. og 4. tölul. 1. mgr.

Sem dæmi um notkun á þessu ákvæði má nefna að ef neytandi hefur gefið seljanda rangar upplýsingar og þær haft áhrif á mat seljanda á ólögmæti eða hættu samfara þjónustunni eða neytandi sjálfur hafi borið ábyrgð á því að þjónustan var andstæð lögum, hættuleg eða fól í sér hættu á líkams- eða eignatjóni.

Tilgangur ákvæðisins er aðallega að koma í veg fyrir að neytandi geti séð sér fjárhagslegan hag í framangreindu.

Ef seljandi vissi eða mátti vita um ólögmæti eða hættu sem stafað gat af þjónustunni getur hann ekki borið fyrir sig 2. mgr. nema hann hafi leiðbeint neytanda og skýrt honum frá þessu. Hafi ekki verið svo er um gallaða þjónustu að ræða, sbr. 3. tölul. 1. mgr. Ef seljandi gætir þessarar leiðbeiningarskyldu en neytandi kýs samt að láta verkið halda áfram getur seljandi borið fyrir sig ákvæði þessarar málsgreinar.

Annar megintilgangurinn með þessu ákvæði er að koma í veg fyrir að seljandi sé gerður ábyrgur fyrir galla sem neytandi ber áhættuna af. Sérstaklega á það við þegar ólögmæti eða hættur stafa t.d. af leyndum göllum í efni sem neytandi útvegar.

Ef opinberar reglur eru til um hvernig leysa skuli verk af hendi eða hvaða efni skuli nota og seljandi hefur fylgt þessum reglum á þessi grein við ef þjónustan, sem afleiðing af því að fylgja reglunum, felur í sér einhverjar hættur.

Um 10. gr.

Ef seljandi þjónustu hefur sett fyrirvara sem ekki telst sanngjarn getur neytandi borið fyrir sig galla á veittri þjónustu í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1.–4. og 6. tölul. 1. mgr. 9. gr.

Hafi ekki verið sanngjörn ástæða fyrir fyrirvara seljanda í sambandi við verk hefur fyrirvarinn engin áhrif á rétt neytanda. Þetta á einnig við ef seljandi hefur þrátt fyrir fyrirvara reiknað sér sérstaklega hátt verð fyrir þjónustuna eða talið neytanda trú um að þjónusta sín hefði sérstaklega mikla kosti og hann gæti þannig sinnt henni eins og best yrði á kosið við hvaða aðstæður sem er. Taka þarf tillit til þess á hvaða forsendum þessi almenni fyrirvari er settur, t.d. þegar neytandinn vill að verkið sé unnið við erfiðar aðstæður eða á styttri tíma en venjulegt er eða þegar seljandi er ekki fagmaður. Einnig væri fyrirvari hugsanlegur ef neytandi vill láta vinna verkið á ódýran hátt, efnið sem á að nota samkvæmt ósk hans er ekki fullnægjandi eða neytandinn hefur aðeins óskað eftir að gert sé við það allra nauðsynlegasta.

Um 11. gr.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar hvílir ákveðin úrbótaskylda á seljanda þjónustu. Ekki er þó unnt að krefjast úrbóta ef seljandi getur sýnt fram á að það muni valda honum óhæfilegum kostnaði eða verulegu óhagræði.

Yfirleitt má segja að það séu bæði hagsmunir seljanda og neytanda að bætt sé úr galla sem er á verki. Neytandi á þess þó kost að beita öðrum vanefndaúrræðum ef hann vill. Skv. 12. gr. frumvarpsins er sá réttur takmarkaður ef seljandi kýs að bæta úr galla.

Í 2. og 3. mgr. er getið um úrræði neytanda þegar svo háttar til að seljandi fullnægir ekki úrbótaskyldu sinni.

Um 1. mgr.

Að bæta úr galla felur í sér að veita gallalausa þjónustu.

Ekki er sett skilyrði um hvers eðlis gallinn þurfi að vera til þess að neytandi eigi rétt á úrbótum. Seljandi getur sjálfur ákveðið hvort hann bætir úr galla eða lætur annan bæta úr honum. Úrbætur eru á kostnað seljanda. Ef þær verða til þess að seljandi þarf að vinna verk sem ekki var samið um í upphafi getur hann krafist greiðslu fyrir það, svo framarlega sem neytandi þarf ekki að greiða meira en hann hefði þurft ef þjónustan hefði verið rétt af hendi leyst frá upphafi. Neytandi er skuldbundinn til að leggja sitt af mörkum svo að unnt sé að bæta úr gallanum. T.d. þarf hann að hleypa seljanda inn á heimili sitt ef það er nauðsynlegt. Ef um litla og létta hluti er að ræða þarf hann að koma þeim á starfsstofu seljanda til viðgerðar. Sérstök regla gildir um hvar áhættan liggur þegar gallinn kemur í ljós við afhendingu, sbr. 4. mgr. 19. gr. Verði skemmdir á verkinu þegar verið er að bæta úr galla verður að líta á þær skemmdir sem galla.

Úrbótaskyldan nær ekki til þess ef úrbætur eru óhæfilega kostnaðarsamar eða valda seljanda verulegu óhagræði. Ekki er unnt að gera kröfu um að úr öðru sé bætt þótt galli á þjónustunni hafi valdið tjóni en neytandi getur þó átt rétt á skaðabótum vegna þess.

Um 2. mgr.

Neytandi á rétt á að láta bæta úr galla á kostnað seljanda ef seljandi hefur ekki bætt úr honum innan hæfilegs frests.

Krafa um úrbætur skv. 1. mgr. getur verið munnleg eða skrifleg en hún verður að berast seljanda til að hafa réttaráhrif. Neytandi verður að sanna að hann hafi komið slíkri kröfu á framfæri.

Úrbæturnar verða að eiga sér stað innan hæfilegs frests að teknu tilliti til þess tíma sem tekur að lagfæra gallann. Meta verður hvert tilvik og taka sérstakt tillit til þess hver er þörf neytandans fyrir úrbætur og hvaða möguleika seljandi hefur til að bæta úr. Ef úrbætur hafa tekist að mestu leyti er rétt að gefa seljanda kost á að bæta alveg úr gallanum.

Um 3. mgr.

Neytandi getur haldið eftir greiðslu samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Neytandi getur haldið eftir greiðslu meðan annar aðili en upphaflegur seljandi þjónustunnar bætir úr. Ef gallinn er verulegur má halda eftir allri greiðslunni. Ef gallinn er óverulegur má aðeins halda eftir því sem augljóslega kostar að bæta úr galla.

Forsenda þessa ákvæðis er að úrbótakrafa neytandans sé réttmæt. Ef seljandi er ekki úrbótaskyldur vegna þess að óhóflega kostnaðarsamt er að bæta úr gallanum eða það ylli honum verulegu óhagræði fellur niður réttur til að halda eftir greiðslu.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um að seljandi sem bætir úr gallaðri þjónustu sem hann hefur veitt eigi einungis kröfu á neytanda um greiðslu fyrir þessar úrbætur að svo miklu leyti sem seljandi hefði átt kröfu á greiðslu ef þjónustan hefði verið leyst óaðfinnanlega af hendi í upphafi.

Neytandi skal, eftir að bætt hefur verið úr göllum, vera eins settur fjárhagslega og þjónustan hefði frá upphafi verið leyst óaðfinnanlega af hendi.

Neytandi og seljandi þjónustu geta gert með sér samkomulag um dýrari úrbætur en samið var um upphaflega og á þá seljandi kröfu á greiðslu sem því nemur.

Um 13. gr.

Sambærilegt ákvæði er í kaupalögum. Ekki er skilyrði að neytandi hafi skorað á seljanda að bæta úr galla áður en því er beitt. Ákvæðið á einkum við ef ekki er unnt að krefjast úrbóta. Seljandi getur með því að bjóðast til að bæta úr galla komist hjá afsláttarkröfu samkvæmt þessari grein.

Skilyrði fyrir afsláttarkröfu er að þjónustan sé minna virði en ella vegna gallans. Þá lækkar endurgjaldið hlutfallslega í samræmi við það.

Afsláttur getur aldrei orðið meiri en nemur þeirri fjárhæð sem greiða átti í upphafi. Miða skal afslátt við hvers virði þjónustan er neytandanum eftir að hún hefur verið innt af hendi.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um heimild neytanda til riftunar þegar þjónustan er ekki fullnægjandi en í 2. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar í ljós kemur meðan á verkinu stendur að ekki verður unnt að ljúka því án þess að gallar séu á. Í 3. mgr. er vísað til 22. gr. frumvarpsins um réttaráhrif þess að rift er kaupum á þjónustu í heild eða hluta.

Um 1. mgr.

Mat á því hvort þjónustu er verulega áfátt byggist á því hvers konar þjónusta var keypt og hverjir ágallarnir voru.

Þjónustunni telst verulega áfátt ef vinnan er svo illa af hendi leyst eða svo fjarri því sem um var samið að hún hefur litla sem enga þýðingu fyrir neytanda. Sem dæmi má nefna málningarvinnu sem er svo illa unnin að aftur þarf að mála.

Þjónustunni getur verið verulega áfátt án þess að um sé að kenna vanefndum seljanda. Sem dæmi má nefna að verk komi fyrir lítið vegna atvika sem neytandinn sjálfur ber ábyrgð á og verður að taka á sig áhættuna af. Ef svo er getur neytandi hvorki rift kaupum á þjónustu né beitt öðrum vanefndaúrræðum. Neytanda ber að sanna hvort verki er verulega áfátt vegna galla.

Hugsanlegt er að gallar séu á verki í skilningi þessa ákvæðis, til dæmis ef fenginn er málari til að mála tvær stofur í húsi neytandans og gallar eru á málningu annarrar en hinnar ekki. Um uppgjör vegna riftunar fer skv. 22. gr.

Um 2. mgr.

Neytandinn getur rift samningi sýni hann fram á að að verulegir gallar séu á þeim verkhluta sem þegar er lokið eða á pöntuðu eða afhentu efni til verksins og ef ætla má að á verkinu verði verulegir gallar þegar því lýkur. Ef seljandi getur sýnt fram á að þeir verði lagfærðir og verkinu skilað án verulegra galla á ákvæðið ekki við. Ef seljanda tekst þetta ekki getur neytandi án frekari fyrirvara rift kaupunum á þeim hluta sem ólokið er. Þetta á einnig við um efni sem ekki hefur enn verið notað þótt búið sé að afhenda það. Um uppgjör er vísað til 2. mgr. 22. gr. Ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi er einnig unnt að rifta verkinu í heild og fer um uppgjör skv. 1. mgr. 22. gr.

Um 3. mgr.

Þar sem réttaráhrif þess að rifta samningi vegna galla eru þau sömu og þegar honum er rift vegna afhendingardráttar er vísað til 22. gr. um uppgjör milli aðila. Ef samningi er rift í heild á 1. mgr. 22. gr. við. Ef verkinu er rift að hluta er vísað til 2. mgr. sömu greinar. Í 3. mgr. 22. gr. er neytanda tryggður réttur til að halda eftir greiðslu.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um tjón sem neytandi verður fyrir vegna gallaðrar þjónustu. Hafa verður í huga að neytandi verður að bera fyrir sig galla innan sanngjarns frests, sbr. ákvæði

17. gr. Þetta ákvæði á ekki við um líkams- eða eignatjón, sbr. 2. mgr. Bótagrundvöllurinn er sá sami og vegna afhendingardráttar, sbr. 23. gr.

Um 1. mgr.

Sönnun fyrir því að verk sé gallað hvílir á neytanda, sbr. 11. gr. Einnig hvílir sönnunarbyrðin á neytanda vilji hann sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna gallans. Ef neytanda tekst að sanna hvort tveggja hvílir sönnunarbyrðin á seljanda vilji hann sanna að gallinn tengist ekki vanrækslu hans.

Ef seljandi felur öðrum að vinna verk hvílir bótaskylda á seljanda nema hann geti sýnt fram á að óhætt verið að fela öðrum að vinna verkið og allt hafi verið gert til að vinna það á réttan hátt. Þetta á við hvort sem seljandi fól starfsmanni sínum eða öðrum að vinna verkið.

Ef gallar eru á verki vegna galla í efni sem notað var verður seljandi skaðabótaskyldur nema hann sýni fram á að hann hafi hvorki vitað né mátt vita að efnið var gallað.

Sé verk gallað skv. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. er seljandi skaðabótaskyldur nema hann geti sýnt fram á að hann hafi hvorki vitað né mátt vita að upplýsingar sem veittar voru hafi verið rangar eða villandi.

Þegar verk telst gallað með vísan til 3. eða 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. er seljandi skaðabótaskyldur enda um að ræða vanrækslu hans í báðum tilvikum.

Teljist verk gallað með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. er seljandi skaðabótaskyldur nema hann geti sýnt fram á að hann hafi hvorki vitað né mátt vita að verkið var í andstöðu við opinber fyrirmæli eða reglur. Ef neytandi hefur fengið seljanda til að víkja frá þessum fyrirmælum getur 2. mgr. 9. gr. átt við eða bætur verða lækkaðar eða felldar niður vegna eigin sakar neytanda.

Ef galli telst vera fyrir hendi með vísan til 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. er seljandi skaðabótaskyldur nema hann geti sýnt fram á að hann hafi ekki vitað eða mátt vita að verkið gæti haft í för með sér hættu á líkams- eða eignatjóni. Ef seljandi sýnir fram á að hann hafi innt verkið af hendi með þeim hætti sem talinn var eðlilegur á verktímanum er hann ekki skaðabótaskyldur, jafnvel þótt síðar sé leitt í ljós að vinnan hafi haft í för með sér hættu á líkams- eða eignatjóni.

Samkvæmt ákvæðinu á neytandi einnig rétt til bóta ef á hina seldu þjónustu skortir eitthvað sem telja má að sé áskilið. Þetta á við hvort sem seljandi vissi eða mátti vita að svo væri. Þetta er sambærilegt við ákvæði í kaupalögum. Það er áskilið sem seljandi hefur lofað eða ábyrgst að yrði til staðar. Sama á við ef seljandi hefur veitt upplýsingar um að eitthvað sem telja má áskilið yrði til staðar eða hann hefur með framkomu sinni að öðru leyti gefið neytanda ástæðu til að ætla að svo yrði.

Um 2. mgr.

Ákvæðið undanskilur tjón sem neytandi verður fyrir á líkama eða eignum. Ef neytandi bíður eignatjón í tengslum við verkið fer um það skv. VI. kafla.

Um 16. gr.

Í þessu ákvæði kemur fram réttur seljanda til að bæta úr göllum á hinni seldu þjónustu og koma þannig í veg fyrir að neytandi beiti vanefndaúrræðum. Þau vanefndaúrræði eru riftun og krafa um afslátt. Neytandi á þó kröfu á skaðabótum en úrbætur geta haft áhrif á hve háar þær verða.

Það skilyrði er sett að seljandi bjóðist til að bæta úr galla og geri það innan sanngjarns frests. Seljandi verður að bjóða úrbætur án óþarfa dráttar eða um leið og hann fær tilkynningu frá neytanda um galla. Ekki er alltaf unnt að krefjast þess af seljanda að hann taki afstöðu til þess án umhugsunar hvort og hvernig hann sé tilbúinn að bæta úr galla. Verður

hann að fá tíma til að meta verkið og staðfesta að um galla sé að ræða og hvort og hvernig unnt sé að bæta úr honum.

Ef seljandi býðst til að bæta úr verður neytandi að sætta sig við það nema það valdi neytanda verulegu óhagræði og kostnaði eða hann hafi sérstakar ástæður til að neita seljanda þjónustunnar um að taka að sér að bæta úr gallanum.

Úrbætur verður að gera innan sanngjarns tíma. Sá tími hefst þegar neytandi hefur tilkynnt seljanda um gallann, sbr. einnig 17. og 18. gr.

Lengd frestsins byggist á því hver þörf neytanda er fyrir gallalausa þjónustu og aðstæðum að öðru leyti í hverju tilviki. Um þetta má vísa til athugasemda við 11. gr. Þar sem frumkvæði að úrbótum er hjá seljanda samkvæmt þessari grein er fresturinn styttri en skv. 11. gr.

Úrbætur mega ekki valda neytanda kostnaði eða verulegu óhagræði. Neytandi verður þó að leggja sitt af mörkum eins og við á skv. 11. gr. Seljandi á ekki úrbótarétt ef galli kemur fram við aðstæður sem krefjast þess að bætt sé úr þegar í stað og það mundi valda neytanda verulegu óhagræði að gefa seljanda færi á úrbótum. Sem dæmi má nefna að ef neytandi er á ferðalagi í bíl sem hefur verið í viðgerð en fram kemur að henni hefur verið ábótavant á hann rétt á að láta bæta úr gallanum án þess að tilkynna seljanda og veita honum rétt til að bæta úr.

Neytandi hefur heimild til að hafna úrbótum seljanda af sérstökum ástæðum. Neytandi getur synjað seljanda um að bæta úr ef seljandi hefur reynst ófær um að vinna verkið, ef verulegt ósamkomulag er milli aðila eða ef seljandi hefur ekki staðið við umsamin tímamörk. Gera verður þá kröfu til neytanda að hann geti sýnt fram á að seljandi gæti ekki hagsmuna hans eins og við á.

Um rétt neytanda til að halda eftir greiðslu vísast til 12. gr. frumvarpsins og athugasemda með henni.

Úrbætur hafa oft í för með sér vinnu sem ekki er hluti af þjónustunni sem samið var um. Þetta á t.d. við þegar seljandi á rétt á greiðslu skv. 30. gr. eða fær greitt samkvæmt reikningi og gallinn felst í því að minna var gert en þurfti og reikningur er miðaður við vinnuna sem unnin var. Tilvísun ákvæðisins í 12. gr. hefur þá þýðingu að neytandi þarf þó ekki að greiða meira en hann hefði þurft í upphafi ef verkið hefði verið unnið rétt. Um þetta er vísað til athugasemda með 12. gr.

Ef gallinn tengist skorti á leiðbeiningum af hálfu seljanda á hann ekki úrbótarétt.

Um 17. gr.

Ákvæðið fjallar um skyldu neytanda til að tilkynna seljanda um galla ef hann ætlar að bera hann fyrir sig.

Um 1. mgr.

Frestur samkvæmt ákvæðinu reiknast frá þeim tíma þegar neytandi vissi eða mátti vita að verk væri gallað. Ekki er lögð nein skylda á neytanda til þess að athuga verkið sérstaklega.

Aðilum er heimilt að semja um að neytandi eða einhver á hans vegum athugi verkið sérstaklega þegar því er lokið. Slíkur samningur gæti haft áhrif á þau tímamörk sem ákvæðið fjallar um. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að unnt sé að tilkynna um galla eftir á enda sé það gert innan sanngjarns frests og slíkur samningur breytir ekki réttarstöðunni vegna leyndra galla sem ekki koma fram við athugun.

Lengd frestsins verður að byggja á aðstæðum hverju sinni.

Yfirleitt má þó ekki líða langur tími frá því að neytandi veit eða má vita um galla uns tilkynning er send seljanda. Neytandi verður að hafa tíma til að hugsa sig um og ráðfæra sig við aðra. Einnig getur þurft að taka til tillit til aðstæðna hans, t.d. fjarveru. Sérstakar

ástæður geta valdið því að senda ber tilkynningu fyrr en ella, t.d. ef viðgerð fer fram á húsi og þar eru vinnupallar sem á að fara að taka niður en eru nauðsynlegir vegna viðgerðar. Frestur telst vera í fyrsta lagi frá þeim tíma þegar verki er skilað.

Tilkynning getur verið munnleg eða skrifleg. Ef tilkynning er send með pósti veldur það neytanda ekki tjóni þótt hún glatist eða henni seinki. Þetta er í samræmi við ákvæði kaupalaga. Sú byrði hvílir á neytandanum að sýna fram á að hann hafi sent slíka tilkynningu. Í henni þarf að koma fram að verk sé gallað og neytandi muni beita vanefndaúrræðum.

Ef tilkynning er ekki send innan sanngjarns tíma hefur það í för með sér að neytandi glatar rétti sínum til að beita vanefndaúrræðum. Þetta á þó ekki við ef seljandi hefur brotið gegn almennum viðurkenndum viðskiptaháttum eða sýnt af sér vítavert gáleysi. Krafa neytanda fellur niður í síðasta lagi þegar hinn almenni fyrningarfrestur fyrir kröfur af þessu tagi er liðinn.

Um 2. mgr.

Í gildandi lögum um lausafjárkaup er frestur til að bera fyrir sig galla eitt ár. Í drögum að nýju frumvarpi til laga um kaup er lagt til að þessi frestur verði tvö ár. Til að gæta samræmis við væntanlega nýja löggjöf um lausafjárkaup er lagt til að samsvarandi frestur í þjónustukaupum verði tvö ár.

Um 3. mgr.

Málsgreinin þarfnast ekki skýringa en benda má á samsvarandi ákvæði í kaupalögum.

Um 18. gr.

Unnt er að senda öðrum en seljanda tilkynningu skv. 17. gr. Um getur verið að ræða framleiðanda efnis eða innflytjanda eða einhvern annan aðila sem getur bætt úr göllum á verkinu.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er einungis ein grein og er þar fjallað um hvenær áhættan af unnu verki flyst frá seljanda til neytanda.

Um 19. gr.

Greinin kveður á um hver beri áhættuna ef tjón rýrir gildi þjónustu að einhverju eða öllu leyti. Hvíli áhættan á seljanda getur neytandi beitt vanefndaúrræðum nema seljandi bæti úr tjóni tímanlega og endurgjaldslaust. Hvíli áhættan á neytanda skal hann greiða þjónustuna að fullu.

Meginreglan í 1. mgr. er sú að áhættan af þjónustunni hvílir á seljanda þar til hann hefur skilað af sér verki og allri vinnu er lokið, sbr. 2. mgr. Skýran greinarmun ber að gera á því hvar áhættan liggur eftir því hvort hlutur er afhentur seljanda þjónustu, sbr. 2. mgr., eða ekki, sbr. 1. mgr. Dæmi um tilvik sem falla undir 1. mgr. er þegar gert er við ljósritunarvél á vinnustað neytanda. Hafi ljósritunarvél verið afhent seljanda þjónustu á 2. mgr. við.

Sérregla kemur fram í 3. mgr. þegar aðstæður er varða neytanda valda afhendingardrætti. Þá er fyrir hendi viðtökudráttur sem hefur áhrif á hvar áhættan liggur.

Í 4. mgr. eru ákvæði um galla við afhendingu og úrbætur á þeim. Áhættan færist yfir á neytanda eftir að úrbætur seljanda þjónustu hafa verið gerðar.

Um 1. mgr.

Hér kemur fram sú meginregla að áhætta af tjóni hvílir á seljanda þar til afhending hefur farið fram.

Sé um sök að ræða hjá seljanda þjónustu eða starfsmönnum hans er um að ræða vanefnd hvort sem tjónið verður fyrir eða eftir afhendingu. Ef neytandi eða einhver á hans vegum veldur tjóninu skal neytandi án tillits til þess hvenær tjónið varð greiða fullt endurgjald fyrir þjónustuna. Verði tjón, svo sem vegna eldsvoða eða þjófnaðar, ber seljandi þjónustu áhættu af því tjóni nema hann sanni að það verði rakið til atvika sem ekki eru á hans valdi.

Hafi seljandi þjónustu ekki getað séð að því fylgdi ákveðin áhætta að inna af hendi vinnu eins og óskað var eftir er áhættan neytandans nema um annað hafi verið samið. Seljandi þjónustu rækir að þessu leyti samningsskyldur sínar og á rétt á venjulegu endurgjaldi fyrir.

Hafi seljandi þjónustu mátt sjá að hætta væri á ófullnægjandi árangri er um vanefnd af hans hálfu að ræða. Engu breytir um skiptingu áhættu hvort vinna fer fram samkvæmt reikningi eða tilboði.

Heimilt er að leysa af hendi þjónustu í áföngum ef það telst sanngjarnt með hliðsjón af eðli og framkvæmd verksins. Forsenda þess er að unnt sé að skipta henni í þætti. Ef umsaminni þjónustu er lokið að einhverjum hluta og neytandi óskar eftir að nota sér það þegar í stað telst það sanngjarnt að seljandi skili þeim verkþætti af sér.

Um 2. mgr.

Hafi hlutur sem vinna á við verið afhentur seljanda þjónustu telst hann hafa skilað honum af sér þegar hluturinn er kominn aftur í vörslu neytanda. Eigi neytandi að sækja hlut telst hann afhentur þegar hann eða fulltrúi hans tekur við honum. Hafi verið samið um að seljandi þjónustu sendi hlut til neytanda hefur afhending farið fram þegar hluturinn er kominn í vörslu neytanda eða þeirra sem flytja eiga. Hafi neytandi óskað eftir að hlutur sé sendur öðrum en honum hefur afhending farið fram þegar hlutur er kominn í vörslu viðkomandi eða þeirra sem flytja eiga. Afhendi seljandi þjónustu hlut án samráðs við neytanda, t.d. nágranna, hefur afhending ekki farið fram nema sérstakar ástæður valdi því að seljandi þjónustu hafi mátt ætla að neytandi væri samþykkur þessu.

Hafi hvorki verið samið um verklok í áföngum né hlutur verið afhentur seljanda þjónustu hefur afhending farið fram þegar þjónustu er endanlega lokið, sbr. 2. málsl. þessarar málsgreinar. Hafi seljandi þjónustu ekki látið neytanda vita um verklok og leiki á því vafi hvort tjón hafi orðið fyrir eða eftir verklok hvílir sönnunarbyrðin á seljanda þjónustunnar.

Hér er gerð krafa um að allri þjónustu sé lokið. Með því er átt við að seljandi þjónustu teljist hafa skilað af sér verki þegar hann hefur jafnframt lokið „hliðarskyldum“ sínum í sambandi við það, t.d. hreingerningu eða öðrum verkum sem venja hefur verið að innt séu af hendi fyrir verklok.

Hafi aðilar samið um þjónustuverklok á ákveðnum tíma er það í samræmi við almennar reglur kröfuréttar að seljandi þjónustu getur ekki firrt sig ábyrgð fyrir þann tíma. Sé þjónustu lokið fyrir umsaminn tíma þarf að bíða hans nema neytandi samþykki að seljandi skili af sér fyrr. Neytandi telst gera það taki hann t.d. hlut í notkun.

Um 3. mgr.

Málsgreinin fjallar um hvar áhættan liggur ef um viðtökudrátt neytanda er að ræða. Það er viðtökudráttur ef afhending getur ekki farið fram á réttum tíma vegna aðstæðna sem varða neytanda. Ekki er um viðtökudrátt að ræða hafi umsaminn afhendingartími verið framlengdur.

Dæmi um aðstæður sem valdið geta viðtökudrætti er ef neytandi lætur hjá líða að útvega nauðsynleg efni til vinnu eða hann veitir seljanda þjónustu ekki nægilegar leiðbeiningar um hvernig vinna skuli verkið. Sama á við ef þjónustu er lokið í áföngum.

Hindri neytandi seljanda þjónustu í að inna af hendi eðlilegar hliðarskyldur við verklok flyst áhættan yfir á neytanda.

Þótt samið hafi verið um afhendingu á ákveðnum tíma þýðir það ekki að neytanda beri skylda til að sækja hlutinn á þeim tíma. Afhending innan hæfilegs eða sanngjarns frests yrði einnig talin vera á réttum tíma. Mat á því hvað teljist hæfilegur eða sanngjarn frestur fer eftir því hversu íþyngjandi það er fyrir seljanda þjónustu að geyma hlutinn. Neytanda ber t.d. skylda til að sækja bifreið sem fyrst eftir að honum hefur verið tilkynnt um verklok. Annað á við um t.d. skartgripi og þess háttar, þá þarf neytandi að sækja hlut innan hæfilegs tíma nema seljandi þjónustu hafi sérstaklega tekið annað fram.

Um 4. mgr.

Málsgreinin tekur til þess þegar við afhendingu koma í ljós gallar sem bæta skal úr. Þá flyst áhættan yfir á neytanda eftir að úrbætur hafa verið gerðar.

Hafi neytandi tekið við hlut en afhent hann aftur seljanda þjónustu til að fá bætt úr galla flyst áhættan yfir á neytanda þegar hluturinn er kominn í hans vörslu á ný, sbr. meginregluna í 2. mgr. Ef ekki er unnt að afhenda neytanda hlutinn eins og um var samið eftir að úrbótum er lokið vegna atvika er varða hann er um viðtökudrátt að ræða og á þá 3. mgr. við. Sé ekki um hlut að ræða flyst áhættan yfir á neytanda eftir að úrbótum er að fullu lokið, sbr. 2. mgr.

Um V. kafla.

Markmið þessa kafla er að tryggja neytanda sanngjörn réttarúrræði vegna afhendingardráttar. Í 20. gr. er skilgreint hvenær afhendingardráttur er fyrir hendi. Skilgreiningin er rakin til hins almenna hugtaks kröfuréttarins um afhendingardrátt. Í 21.–24. gr. eru reglur um riftunar- og skaðabótakröfu neytanda og einnig um tilkynningarskyldu hans.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er skýrt hvenær afhendingardráttur er fyrir hendi.

Um 1. mgr.

Hér er hugtakið afhendingardráttur skilgreint þegar samið er um afhendingartíma. Um afhendingardrátt er að ræða ef verki er ekki skilað á umsömdum tíma.

Ef í ljós kemur áður en skila á verki að það verði ekki gert á réttum tíma, þ.e. vanefnd er fyrirsjáanleg, getur neytandi borið fyrir sig afhendingardrátt. Sama á við ef seljandi þjónustu viðurkennir að hann geti ekki skilað af sér verki á réttum tíma.

Hafi afhending dregist vegna aðstæðna neytandans sem seljandi þjónustu gat ekki séð fyrir við samningsgerð verður neytandi í samræmi við almennar reglur kröfuréttar að bera áhættuna af því sjálfur.

Sem dæmi má nefna að neytandi ber áhættuna ef efni sem hann á að útvega seinkar eða seljandi þjónustu gat ekki framkvæmt verkið vegna tafa af völdum þriðja aðila.

Framangreindar ástæður valda því að samningsákvæði eða forsendur samningsins um afhendingartímann eru ekki lengur bindandi fyrir seljanda þjónustu.

Um 2. mgr.

Ef ekki hefur verið samið um afhendingartíma eða hann er ekki með öðrum hætti ákveðinn telst það afhendingardráttur ef verki er ekki skilað innan sanngjarns frests.

Við mat á sanngjörnum fresti skal miða við eðlilegan verktíma í þjónustugreininni. Þó skal taka tillit til þess ef óvenjulegar hindranir verða áður en eða á meðan verk er unnið. Meta þarf þó, eftir að hafa tekið tillit til framangreinds, hvenær ekki sé lengur sanngjarnt að meina neytanda að beita vanefndaúrræðum.

Gera má ríkari kröfur en ella ef seljandi þjónustu veit að á miklu veltur fyrir neytanda að verklok verði sem fyrst. Sama á við þótt seljandi þjónustu fái fyrst vitneskju um það eftir að verk er hafið enda hafi hann möguleika á að flýta verkinu án aukinna óþæginda eða kostnaðar.

Kröfu um afhendingu má bæði setja fram skriflega og munnlega. Þar sem sönnunarbyrðin fyrir því að krafa sé komin fram hvílir á neytanda er ráðlegt að gera það skriflega. Sé krafa skrifleg er hún gild eftir að hún berst seljanda þjónustu.

Ef afhendingartíminn er ekki ákveðinn getur neytandi hvenær sem er sett fram kröfu um afhendingu.

Hafi neytandi krafist afhendingar innan frests sem ekki telst sanngjarn getur hann ekki borið fyrir sig vanefndaúrræði enda þótt verkið sé ekki afhent innan þess frests. Krafa um afhendingu hefði samt í för með sér að seljandi þjónustu ætti að skila af sér verkinu innan sanngjarns tíma.

Um 3. mgr.

Ákvæðið lýtur að því hvort og hvenær seljandi þjónustu geti frestað afhendingu af óviðráðanlegum ástæðum.

Seljandi þjónustu getur krafist afhendingarfrests í nokkrum tilvikum, t.d. vegna eldsvoða, verkfalla, verkbanna eða náttúruhamfara.

Hafi seljandi þjónustu tilkynnt neytanda við samningsgerð að hætta væri á því að afhending drægist, eins og fram kemur í athugasemdum við 2. mgr., ber að veita seljanda þjónustu lengri frest en ella. Enda þótt seljandi þjónustu geti krafist afhendingarfrests samkvæmt ákvæðinu glatar hann þeim rétti ef hindrun verður og hann tilkynnir neytandanum það ekki innan sanngjarns frests frá því að það gerist og skýrir fyrir honum hvaða áhrif það hafi. Seljandi þjónustu skal bæði upplýsa hvers eðlis hindrunin sé og hvenær búast megi við að hann geti skilað af sér verkinu eða á hverju það velti hvenær það verður. Veita má þessar upplýsingar munnlega eða skriflega. Þar sem það hvílir á seljanda þjónustu að sanna að upplýsingum hafi verið komið á framfæri er ráðlegt að veita þær skriflega. Seljandi þjónustu ber ábyrgð á því að upplýsingar berist neytanda en fyrr hafa þær ekki áhrif.

Fyrir neytanda hefur lenging afhendingarfrests einkum þau áhrif að honum er meinað að beita riftunarúrræðum 21. og 22. gr. en hún hefur ekki áhrif á skaðabótakröfu hans þar sem ekki er um sök að ræða hjá seljanda þjónustu, sbr. athugasemdir við þessa grein. Sé verkinu lokið eru riftunarúrræði neytanda mjög takmörkuð, sbr. 2. mgr. 21. gr. Sé afhendingarfrestur lengdur getur neytandi afpantað þann hluta verks sem ólokið er skv. 36. gr. Neytandi getur því losað sig undan samningsskyldum sínum án þess að seljandi þjónustu krefjist skaðabóta vegna hagnaðarmissis fyrir verk það sem eftir var. Lenging afhendingarfrests hefur mikil áhrif á endurgjaldskröfu þess sem selur þjónustu vegna vinnu sem þegar hefur verið innt af hendi þegar neytandi óskar ekki eftir að verki verði haldið áfram. Ef samþykkt er að fresta afhendingu fer um uppgjör skv. 1. mgr. 36. gr. Sé það ekki samþykkt og neytandi riftir samningnum um þann hluta verksins sem eftir er er endurgjaldskrafa þess sem þjónustuna selur háð þeim takmörkunum sem getið er í 2. málsl. 2. mgr. 22. gr.

Um 21. gr.

Ákvæðið varðar rétt neytanda til að rifta samningi í heild eða að hluta vegna þess að afhending dregst. Skilyrði riftunar koma fram í 1. mgr. Reglurnar eiga sér fyrirmynd í kaupalögum. Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt fer það eftir ákvæðum 2. mgr. hvort neytandi getur rift samningi í heild eða aðeins að hluta.

Um réttaráhrif af því að rifta samningi í heild eða að hluta vísast til 22. gr. og athugasemda við hana.

Um 1. mgr.

Neytandi getur beitt riftunarúrræðum ef seljanda þjónustu er ljóst að afhendingardráttur skiptir neytanda verulegu máli, sbr. 1. tölul. Í 2. tölul. kemur fram að neytandi eigi riftunar-

kröfu ef seljandi þjónustu leysir hana ekki af hendi innan umsamins frests eða innan sanngjarns frests eftir að krafa um það hefur komið fram.

Séu skilyrðin í 1. mgr. fyrir hendi er heimilt að rifta samningi í heild. Sé verk hafið ræðst riftunarheimild neytanda af reglunni í 2. mgr.

Um 1. tölul.

Riftunarréttur neytanda eftir þessari reglu er háður því að hann geti fært sönnur á að afhendingardráttur hafi skipt hann verulegu máli og að seljanda þjónustu hefði mátt vera það ljóst.

Við mat á því hvað sé verulegt verður að miða við það hvað seljandi þjónustu mátti vita samkvæmt samningnum. Taka verður þó tillit til þess að seljandi þjónustu getur frestað afhendingu með því að setja fyrirvara um afhendingartíma. Um þetta vísast til athugasemda við 2. og 3. mgr. 20. gr.

Hafi riftun í för með sér tjón fyrir seljanda þjónustu er neytandi skyldugur að bíða lengur en ella áður en hann getur haldið fram kröfu sem byggð er á því að afhendingardrátturinn hafi veruleg áhrif, sbr. athugasemdir við 22. gr.

Um 2. tölul.

Neytandi á rétt til riftunar ef seljandi þjónustu skilar ekki af sér verki innan umsamins frests eða innan sanngjarns frests eftir að krafa um það hefur komið fram. Um form og efni kröfunnar vísast til athugasemda um 2. mgr. 20. gr.

Hvað telst umsaminn frestur og sanngjarn frestur fer eftir aðstæðum hverju sinni. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 20. gr. Einkum skal tekið tillit til þess hvers eðlis verkið er, hve neytanda er mikil þörf á að fá því lokið og hvaða möguleika seljandi þjónustu hefur til að skila því af sér.

Við mat á því hvað sé sanngjarn frestur þarf einnig að taka tillit til þess hvort riftun muni valda seljanda þjónustu verulegu tjóni.

Um 2. mgr.

Meginreglan er sú að neytandi getur, sé verk hafið, aðeins rift samningnum fyrir þann hluta verksins sem ekki hefur verið unninn. Vafi getur leikið á því hvenær verk telst hafið. Verk er alltaf hafið þegar seljandi þjónustu hefur gert eða látið gera eitthvað í tengslum við það. Ef seljandi þjónustu hefur t.d. útvegað efni til verksins er eðlilegt að kaupandi greiði andvirði þess ef rift er samningi en verði þá jafnframt eigandi þess. Önnur niðurstaða væri ósanngjörn gagnvart seljanda enda óvíst um skilarétt hans á efninu.

Um endurgjaldskröfu seljanda þjónustu fyrir þann hluta verks sem unninn hefur verið þegar samningi er rift að hluta vísast til athugasemda við 2. mgr. 22. gr.

Um 22. gr.

Ákvæðið fjallar um réttaráhrif þess ef neytandi riftir samningi í heild eða að hluta hvort sem það er gert vegna þess að afhending hefur dregist eða að hinni seldu þjónustu er verulega áfátt.

Í 1. mgr. er fjallað um uppgjör milli aðila þegar samningi þeirra er rift í heild án tillits til þess hvort öllu verkinu hefur verið lokið eða aðeins hluta þess. Sé samningi rift áður en seljandi þjónustu hefur innt af hendi verk sitt leiðir það af almennum reglum að neytandi er jafnframt leystur undan skyldu sinni samkvæmt samningnum og hann því í raun felldur úr gildi. Hafi annar eða báðir aðilar innt greiðslu af hendi er meginreglan sú að hvor aðili um sig á rétt til að endurheimta greiðslu sína.

Sé samningi einungis rift vegna vinnu sem eftir er að inna af hendi samkvæmt honum á seljandi þjónustu kröfu til greiðslu fyrir þann hluta verksins sem hefur verið unninn skv. 2. mgr.

Að lokum er neytanda í 3. mgr. tryggður sami réttur til að halda eftir greiðslu og kveðið er á um í kaupalögum.

Um 1. mgr.

Aðalreglan er sú að hafi aðilar innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi sem rift er í heild ber þeim að endurgreiða það sem greitt hefur verið að svo miklu leyti sem það er unnt og verður gert án verulegs óhagræðis.

Telja verður að ávallt sé unnt að endurgreiða ef einungis er um að ræða efni til verksins sem enn þá hefur ekki verið tekið í notkun.

Þegar unnt er að skila aftur greiðslu samkvæmt samningi ber að gera það. Ef efni sem aðilar hafa lagt til fylgir með við endurgreiðslu ber jafnframt að greiða andvirði þess. Seljandi þjónustu verður einnig að lagfæra eign neytanda þegar rift er samningi þeirra og svo stendur á að hlutur hefur verið tengdur við eign neytanda. Ef seljandi neitar að taka hlut til baka á neytandi rétt á bótum sem nema þeim kostnaði sem hann kann að hafa af því að koma eign sinni í fyrra horf eða það ástand sem hann var í áður en samningur var gerður.

Þegar samningi um þjónustu er rift hvílir sú skylda á aðilum að annast þá hluti sem þeir vilja skila aftur á sama hátt og þegar um viðskipti aðila fer eftir kaupalögum.

Aðilar eiga á hættu að glata rétti sínum samkvæmt þessu ákvæði ef þeir hafa ekki gætt hlutar nógu vel.

Um 2. mgr.

Sé samningi eingöngu rift fyrir þann hluta verks sem enn hefur ekki verið unninn getur seljandi þjónustu aðeins krafist greiðslu fyrir hann. Réttur seljanda nær þó ekki til greiðslu fyrir ónotuð efni.

Krafa seljanda um greiðslu byggist á því hvaða verð skyldi greitt fyrir þjónustuna samkvæmt samningi aðila. Hafi enginn samningur verið gerður eða ekki verður á annan hátt ráðið af atvikum hvernig reikna eigi út hluta verðsins ber að fara eftir ákvæðum VII. kafla frumvarpsins.

Kröfu seljanda um greiðslu ber þó að takmarka á þann hátt sem gert er í 2. málsl. en þar segir að greiðsla geti aldrei orðið hærri en sem nemur mismun á verði þjónustunnar í heild eins og um hefur verið samið og almennu verði þeirrar þjónustu sem eftir er að inna af hendi þegar riftunin á sér stað.

Annar málsliður gildir þrátt fyrir að verki hafi verið lokið samkvæmt samningi um að skila því af sér í áföngum, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 19. gr.

Um 3. mgr.

Þetta ákvæði hnykkir á ákvæði 1. mgr. en samkvæmt því er neytanda heimilt að halda eftir því sem hann hefur fengið afhent til að tryggja endurgreiðslu á því sem hann hefur áður afhent seljanda þjónustu.

Ef seljandi þjónustu á rétt á að fá hlut til baka getur neytandi sett það skilyrði fyrir afhendingu hans að seljandi þjónustu setji fram tryggingu fyrir hugsanlegum útgjöldum t.d. við að koma eign neytanda í fyrra horf.

Um 23. gr.

Ákvæðið skyldar seljanda þjónustu til að greiða skaðabætur þegar afhending hefur dregist og hann hefur ekki virt þau tímamörk sem samið hefur verið um, nema hann geti sýnt fram á að það sé ekki hans sök.

Sambærilegar reglur gilda um rétt seljanda þjónustu hafi neytandi ekki staðið við umsamin tímamörk. Ákvæði 23. gr. kemur ekki í veg fyrir að á aðilum geti hvílt víðtækari bótaábyrgð á öðrum grundvelli.

Um 1. mgr.

Ákvæðið tryggir neytanda skaðabætur vegna tjóns af því ef afhending dregst, nema seljandi þjónustu geti sýnt fram á að það sé ekki honum að kenna.

Það er neytandans að sanna að um afhendingardrátt sé að ræða og af því hafi leitt fjárhagstjón. Sýni neytandi fram á það hvílir á seljanda þjónustu að sanna að afhendingardrátturinn sé ekki honum að kenna.

Ef seljandi þjónustu hefði við samningsgerð átt að sjá að hann gæti ekki skilað af sér verkinu á réttum tíma er hann bótaskyldur.

Ef seljandi þjónustu er bótaskyldur vegna þess að afhending dregst getur neytandi krafist bóta vegna afleidds tjóns, þ.e. hann getur krafist skaðabóta sem gera hann eins settan fjárhagslega og hefði verkið verið afhent á réttum tíma. Þetta felur í sér að seljandi þjónustu verður sjálfur að bera ábyrgð á kostnaðarauka við verk vegna afhendingardráttar. Einnig getur neytandi krafist skaðabóta vegna nauðsynlegra útgjalda sem hann verður fyrir vegna þess að hann getur ekki notað þá eign sína sem falin hefur verið seljanda þjónustu í hendur.

Ef neytandi verður fyrir tjóni af því að hann hefur gert ráðstafanir samfara samningnum getur neytandi einnig krafist þess að þess háttar tjón skuli bætt enda séu orsakatengsl á milli afhendingardráttarins og tjónsins. Sem dæmi má nefna að neytandi hafi leigt íbúðina sína frá tilteknum degi í trausti þess að verki sem lofað var yrði lokið þann dag.

Neytanda ber að takmarka tjón sitt eins og mögulegt er enda getur hann ekki krafist skaðabóta fyrir ónauðsynleg útgjöld eða tjón sem komast mátti hjá.

Um 2. mgr.

Samkvæmt ákvæðinu á neytandi kröfu til skaðabóta fyrir tjón sem hann verður fyrir þegar seljandi þjónustu virðir ekki umsamin tímamörk nema seljandi þjónustu geti sýnt fram á að það sé ekki honum að kenna. Dæmi um þetta er ef seljandi kemur ekki til umsamins fundar þegar verk er hafið eða meðan á því stendur eða honum seinkar.

Ef seljandi þjónustu tilkynnir neytanda svo fljótt sem verða má að hann geti ekki staðið við samninginn getur hann dregið úr hugsanlegu tjóni.

Sé um tilviljanakenndan atburð að ræða, t.d. umferðaróhapp eða að verk vegna annarra viðskiptamanna dregst á óvæntan og óvenjulegan hátt, á seljandi þjónustu einnig að láta neytanda vita eins fljótt og unnt er að hann geti ekki staðið við umsamin tímamörk.

Sem dæmi um bótaskylt tjón má nefna tapaðar vinnutekjur vegna þess að neytandi hafi árangurslaust beðið eftir seljanda þjónustu eða nauðsynlegt hafi verið að semja um nýjan fundartíma.

Ákvæðið á eingöngu við þegar seljandi þjónustu hefur að engu tímamörk og það hefur valdið neytanda verulegum óþægindum.

Neytandi þarf að sýna fram á að þetta hafi valdið honum verulegum óþægindum. Kröfu um bætur má þó eftir atvikum fella niður ef seljandi þjónustu hafði vegna vísbendingar neytanda ástæðu til að ætla að vanefndir á tímamörkunum yllu honum ekki óþægindum.

Um 3. mgr.

Til að tryggja jafnræði aðila á seljandi samkvæmt þessari málsgrein með sama hætti kröfu á neytanda ef tímamörk sem samið hefur verið um eru ekki virt.

Um 24. gr.

Greinin fjallar um skyldu neytanda til að tilkynna seljanda þjónustu ef hann vill bera fyrir sig að dráttur hafi orðið á afhendingu.

Um 1. mgr.

Vilji neytandi bera fyrir sig að afhending hafi dregist á hann að tilkynna seljanda þjónustu það innan sanngjarns frests. Upphaf frests miðast við umsaminn afhendingartíma eða hvenær telja verður að eðlilegur afhendingartími sé kominn.

Afhendingardrátt er unnt að tilkynna skriflega eða munnlega.

Koma þarf fram í tilkynningu neytanda að um sé að ræða afhendingardrátt og að hann muni bera hann fyrir sig. Ekki eru gerðar sérstakar formkröfur til tilkynningarinnar. Sönnunarbyrðin hvílir á neytanda ef sanna á að kvörtun hafi verið komið á framfæri.

Við ákvörðun um lengd frests skal meta aðstæður í hverju tilviki. Ætla verður neytanda hæfilegan tíma til að hugleiða stöðu sína og til að ráðfæra sig við aðra. Ákveðnar aðstæður geta þó orðið til þess að neytandi þarf að tilkynna um ætlun sína fyrr en ella.

Réttaráhrif þess að neytandi gerir það ekki á réttum tíma eru að hann glatar rétti sínum til að rifta samningi eða krefjast skaðabóta.

Hafi seljandi þjónustu ekki virt tímamörk 2. mgr. 23. gr. á neytandinn einnig að tilkynna ef hann ætlar að krefjast skaðabóta.

Um 2. mgr.

Hafi engin vinna verið innt af hendi á neytandi aftir atvikum rétt til riftunar. Möguleiki neytanda til að rifta samningi er ekki háður því að hann hafi látið vita um afhendingardráttinn innan sanngjarns frests.

Um 3. mgr.

Ákvæðið felur í sér að réttaráhrifin skv. 1. mgr. eiga ekki við ef seljandi þjónustu hefur brotið gegn góðum viðskiptaháttum eða sýnt af sér vítavert gáleysi.

Um VI. kafla.

Kaflinn fjallar um skyldu seljanda þjónustu til að bæta tjón á eignum neytanda sem verður við vinnu eða í tengslum við verk. Skv. 25. gr. er seljandi þjónustu skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hann veldur nema hann sýni fram á að það sé ekki vanrækslu hans að kenna. Í 26. gr. segir að hafi hlutur sem vinna á við eða efni sem nota á við vinnuna verið afhent seljanda þjónustunnar beri hann áhættuna af hvarfi hlutarins eða tjóni á honum. Sama á við um efni sem nota á í hann. Þetta á m.a. við um þjófnað, bruna, vatnstjón eða önnur tilviljunarkennd atvik að því tilskildu að ekki hafi verið um viðtökudrátt af hálfu neytanda að ræða.

27. gr. varðar skyldu neytanda til að upplýsa seljanda þjónustu um verðmæti eða sérstaka meðferð hlutarins ef hann má ætla að seljandi þjónustu viti ekki um það. Hafi neytandi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni takmarkast skaðabótaskylda seljanda þjónustu skv. 25. og 26. gr. eða fellur eftir atvikum niður.

Um 25. gr.

Verði tjón á eignum neytanda við vinnu eða í tengslum við þjónustu ber seljanda að bæta það tjón nema hann sýni fram á að það stafi ekki af vanrækslu hans. Hið sama gildir ef hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustunnar glatast eða skemmist.

Ákvæðið á við hvort sem tjónið er í tengslum við galla á þjónustu eða ekki.

Hafi þjónustu verið áfátt getur neytandi krafist þess að tjón hans sé bætt skv. III. kafla frumvarpsins.

Sé unnið við fasteign neytanda eða við hlut sem ekki hefur verið afhentur seljanda þjónustu á ákvæðið aðeins við ef tjón hefur orðið við þjónustu eða í tengslum við hana. Verði tjón eftir að þjónustu lýkur á ákvæðið ekki við.

Hafi hlutur í eigu neytanda verið afhentur seljanda þjónustu á ákvæðið við þar til hlutur hefur verið afhentur neytanda aftur. Ákvæðið á því við enda þótt um viðtökudrátt af hálfu neytanda sé að ræða, sbr. IX. kafla frumvarpsins.

Liggi fyrir að tjón hafi orðið við þjónustu eða í tengslum við hana og hlutur hefur verið afhentur seljanda þjónustunnar er hann skaðabótaskyldur nema hann sýni fram á að ekki sé um vanrækslu hans að ræða.

Hafi seljandi þjónustu vikið frá samningsskyldum sínum við meðferð á eigum neytanda eða notað hlut hans í óleyfi er seljandi þjónustu skaðabótaskyldur vegna alls tjóns, þar með talið tilviljunarkennds tjóns.

Á seljanda þjónustu getur því hvílt skaðabótaábyrgð á öðrum grundvelli.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að seljandi þjónustu ber áhættuna af tilviljunarkenndum atburðum eftir að hluturinn hefur verið afhentur seljanda. Sama á við um efni sem nota á til að vinna verk sem neytandi hefur falið seljanda þjónustu.

Um 1. mgr.

Hafi hlutur sem vinna á við verið afhentur seljanda þjónustu ber hann samkvæmt ákvæðinu áhættuna af því að hluturinn hverfi eða verði fyrir tjóni, svo sem vegna þjófnaðar, eldsvoða, vatnsskaða eða annars tilviljunarkennds atburðar.

Seljandi þjónustu getur tryggt sig gegn slíku tjóni.

Sendi seljandi þjónustu hlut sem honum hefur verið afhentur til annars seljanda þjónustu, t.d. framleiðanda eða viðgerðarmanns, ber viðtakandi áhættuna með sama hætti.

Um 2. mgr.

Hér er kveðið á um að 1. mgr. gildi einnig um efni sem nota á við vinnuna og neytandi hefur afhent seljanda þjónustu.

Um 27. gr.

Um 1. mgr.

Sé hlutur sem vinna á við meira virði en seljandi þjónustu mátti reikna með ber neytanda samkvæmt ákvæðinu að greina seljanda þjónustu frá því. Sama gildir ef þarf að meðhöndla eða geyma hlut á sérstakan hátt.

Upplýsingaskylda neytanda hvílir á honum sem almenn skylda. Vanræki hann að upplýsa seljanda þjónustu um slíkt getur það leitt til þess að dragi úr skaðabótaskyldu seljanda þjónustu skv. 25. og 26. gr. eða hún falli niður.

Neytandi má ætla að seljandi þjónustu sé sem fagmaður á sínu sviði fær um að meta hvers virði hlutur er og hvernig með hann skuli fara. Í ljósi þessa nær upplýsingaskyldan einungis til sérstakra aðstæðna sem tengjast hinum tiltekna hlut og neytandi getur ekki búist við að seljanda þjónustu sé kunnugt um.

Um 2. mgr.

Hér er kveðið á um að 1. mgr. eigi einnig við um skyldu neytanda til að veita upplýsingar um efni sem nota á við verkið og neytandinn hefur afhent seljanda þjónustunnar.

Um VII. kafla.

Þessi kafli fjallar einkum um það hvernig verð fyrir keypta þjónustu skuli ákveðið. 28. gr. felur í sér reglu um hvernig verð skuli ákveðið ef ekki hefur verið samið um það eða það verður ekki ráðið af atvikum að öðru leyti. Ef seljandi þjónustu hefur látið í té verðáætlun gildir reglan í 29. gr. þar sem segir að verðið megi ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun.

Skv. 30. gr. ber seljanda þjónustu viðbótargreiðsla ef hækkun verður á seldri þjónustu vegna kringumstæðna sem hann gat ekki séð fyrir. Ef aðstæður leiða til hækkunar á verði þjónustunnar og seljandi hennar hefur haft fyrirvara um verðið skal tilkynna neytanda það án tafar, sbr. 31. gr. Í 32. og 34. gr. eru reglur um gerð reikninga fyrir selda þjónustu. Skv. 33. gr. er heimilt að krefjast greiðslu fyrir undirbúningsvinnu.

Um 28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð skal greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Ef seljandi þjónustu hefur vísað til verðs í verðlistum, auglýsingum eða bæklingum skal það lagt til grundvallar. Sé samið um verk miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað.

Verðið skal ákveðið með hliðsjón af því hve þjónustan er mikil og hvers eðlis hún er. Verðið er þannig háð því hver þjónustan er og hve mikið og vel er unnið. Við mat á því hvort efnisnotkun og tímafjöldi sé sanngjarnt skal miða við hvað yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi.

Seljanda ber að taka tillit til hagsmuna neytanda. Ef hátt verð stafar af því að skipulagning verks er ekki forsvaranleg af hálfu seljanda þjónustunnar getur neytandi neitað að greiða annað en sanngjarnt verð. Sama á við þegar seljandi þjónustu hefur notað kostnaðarsamara vinnufyrirkomulag en nauðsynlegt er eða notað er efni sem er óþarflega dýrt. Það getur einnig leitt af leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu að upplýsa neytanda um hversu mikla vinnu borgi sig að vinna. Ef þjónusta tekur lengri tíma en ella vegna aðstæðna sem varða neytanda getur seljandi farið fram á hærri greiðslu. Ef vinna er ekki leyst af hendi eins fljótt og unnt er eða tekur lengri tíma vegna aðstæðna er varða seljanda þjónustu þarf neytandi ekki að greiða hærra verð sem af því leiðir.

Um 29. gr.

Greinin fjallar um það þegar verðáætlun stenst ekki. Ef seljandi þjónustu hefur gert neytanda tilboð eða krafist hæsta verðs er ekki um að ræða verðáætlun í skilningi þessarar greinar.

Hlutlægt mat ræður því hvort verðið telst hafa farið verulega fram úr áætlun. Við matið skal líta til þess hvaða upplýsingar seljandi hefur veitt neytanda um hvort verðáætlunin mundi standast, tegund þjónustunnar og venju í þjónustugreininni. Það hefur áhrif á matið hvort seljandi þjónustu hefur skýrt neytanda frá því að um hafi verið að ræða lauslegt mat.

Ef seljandi hefur látið í té verðáætlun sem er byggð á ákveðnum skilyrðum verður að leggja fyrirvara hans um þau til grundvallar. Sem dæmi má nefna af seljandi hefur gert fyrirvara um að unnt verði að útvega ákveðið efni, að ákveðið efni verði útvegað á sanngjörnu verði o.s.frv.

Um 30. gr.

Sérstakar aðstæður geta komið upp sem seljandi þjónustu gat ekki séð fyrir og getur hann þá borið fyrir sig að um brostnar forsendur sé að ræða fyrir þeim verðupplýsingum sem hann gaf. Í slíkum tilvikum ber seljanda þjónustu viðbótargreiðsla enda tilkynni hann neytanda án tafar um hækkun á verði þjónustunnar.

Við mat á því hvað seljandi þjónustu mátti sjá fyrir skal miða við hvers seljendur í viðkomandi þjónustugrein hefðu yfirleitt tekið tillit til áður en samningur var gerður.

Seljandi þjónustu getur ekki borið fyrir sig þetta ákvæði ef hækkun verður vegna atvika sem varða hann, svo sem vegna veikinda eða skorts á vinnuafli. Seljandi þjónustu hefur getað

metið rangt hve vinna væri mikil eða hvaða efni ætti að nota. Hann getur þó því aðeins borið fyrir sig ákvæði þessarar greinar að hann hafi ekki getað áttað sig á aðstæðum þegar hann mat eðli og umfang verksins og ekki verið hægt að ætlast til þess, sbr. einnig ákvæði II. kafla frumvarpsins.

Ef hækkun stafar af vanefndum seljanda þjónustu getur hann ekki krafist viðbótargreiðslu.

Um 31. gr.

Greinin kveður á um tilkynningarskyldu seljanda þjónustu í þeim tilvikum sem nefnd eru. Berist neytanda engin tilkynning getur hann treyst þeim verðupplýsingum sem gefnar hafa verið.

Um 1. mgr.

Hafi seljandi haft fyrirvara, t.d. um almenna launahækkun eða önnur hliðstæð atriði, skal taka tillit til þess.

Seljanda þjónustu ber skylda til að tilkynna neytanda um hækkanir sem fara verulega fram úr áður upp gefnu verði. Þegar meta skal hvað sé verulegt í skilningi greinarinnar skal það gert á sama hátt og þegar metið er hvað sé verulegt skv. 29. gr. Ef gefið er upp hæsta verð er öll hækkun veruleg. Sama á við þegar seljandi hefur gert tilboð án nokkurs fyrirvara.

Seljandi þjónustu skal tilkynna neytanda um atvik sem leiða til hækkunar og óska fyrirmæla án tafar eftir að honum eru orðin þau ljós.

Um 2. mgr.

Í þessari málsgrein er sett fram sú regla að hafi seljandi þjónustu ekki farið eftir ákvæðum 1. mgr. getur hann ekki gert kröfu um fullt verð eða krafist viðbótargreiðslu. Hins vegar getur seljandi krafist greiðslu fyrir þann kostnað sem hann verður fyrir ef það er sanngjarnt með tilliti til þess hvaða gildi vinnan hefur fyrir neytandann og atvika að öðru leyti, sbr. 7. gr.

Eins og nefnt var í umfjöllun um 1. mgr. greinarinnar hefur ákvæðið þann tilgang að tryggja að neytandi geti treyst þeim verðupplýsingum sem hann fær.

Um 32. gr.

Í tilgreindu verði eiga að vera innifalin öll opinber gjöld. Markmiðið með þessari grein er að skylda seljendur þjónustu til að gera grein fyrir því ef virðisaukaskattur er ekki innifalinn í verði eða verðáætlun. Samkvæmt ákvæðinu er ekki nægilegt að seljandi þjónustu vísi til þess að í þjónustugreininni gildi sérstök venja um hvenær virðisaukaskattur sé innifalinn í uppgefnu verði. Í slíkum tilvikum verður seljandi þjónustu að sýna fram á að neytanda hafi verið ljóst að verð eða verðáætlun hafi verið án opinberra gjalda, svo sem virðisaukaskatts.

Um 33. gr.

Ákvæðið á eingöngu við ef neytandi hefur beðið um undirbúningsvinnu í þeim tilgangi að geta gert sér grein fyrir hve mikið þurfi að gera og hvað það kosti áður en gerður er samningur um það.

Algengasta undirbúningsvinnan felst í skilgreiningu á því hve vinna er mikil og hvað þjónustan kostar og er það því sérstaklega tekið fram í ákvæðinu.

Um 34. gr.

Um 1. mgr.

Neytandi getur krafist þess að seljandi þjónustu geri honum sundurliðaðan reikning, þannig að hægt sé að sjá hvernig verðið er reiknað út. Ákvæðið á við þegar gefið hefur verið upp hæsta verð eða verðáætlun, sbr. athugasemdir við 28. gr.

Ef seljanda þjónustu er heimilt við tilboðsvinnu að krefjast viðbótargreiðslu, annaðhvort á grundvelli atvika sem nefnd voru í 30. gr. eða vegna þess að vinna sé meira verk en það sem mælt er fyrir um í tilboði, á ákvæðið einnig við um viðbótargreiðsluna nema aðilar samnings hafi einnig samið um það fyrir fram hve há hún skuli vera.

Neytandi getur krafist þess að reikningur sé sundurliðaður, annars vegar í laun fyrir vinnu og hins vegar í efnisnotkun. Ef annar seljandi þjónustu en sá sem tók að sér verkið hefur unnið það má ekki koma fram í reikningi að vinna hans hafi verið unnin af upphaflegum seljanda þjónustu. Þegar vinnulaun eru tilgreind skal taka fram hvenær verkið var unnið, hversu margir tímar voru unnir og hversu hátt tímakaup seljandi þjónustu hefur áskilið sér.

Þegar efnisnotkun er tilgreind verður að koma fram í reikningi hve mikið hefur verið notað af efni og hvað það kostaði. Ef um er að ræða greiðslu vegna sérstaks framlags, t.d. vegna flutnings á efni, verður það að koma fram í reikningi. Ef seljandi hefur tekið sérstakt gjald vegna aksturs verður hann að tilgreina hvort um sé að ræða fast gjald eða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra.

Um 2. mgr.

Neytandi getur haldið eftir greiðslu þar til seljandi hefur rækt þá skyldu sína að gera honum sundurliðaðan reikning. Sú skylda gæti bæði byggst á opinberum fyrirmælum og á því að neytandi hafi óskað eftir sundurliðun skv. 1. mgr., þannig að hann gæti séð hvernig verð þjónustunnar er reiknað út.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er að finna reglur um rétt neytanda til að afpanta verk. Samkvæmt 35. gr. getur neytandi ætíð afpantað verk með þeim réttaráhrifum að seljandi getur ekki krafist efnda eftir aðalefni samningsins. Afpöntun verks hefur þó áhrif á fjárhagslegt uppgjör á milli aðilanna, sbr. 36. gr.

Um 35. gr.

Neytandi þarf ekki að tilgreina ástæðuna fyrir afpöntun verks. Engar sérstakar formkröfur eru gerðar til afpöntunar og getur hún því hvort heldur sem er verið munnleg eða skrifleg. Sönnunarbyrðin hvílir á neytanda ef sanna á hvort tilkynnt hafi verið um afpöntun. Tilkynningin hefur réttaráhrif frá þeim tíma er hún kemur fram.

Ef tilkynning berst seljanda þjónustu áður en verk er hafið skal hann ekki hefja verkið. Sé verk hafið skal seljandi leggja það á hilluna en honum ber þó skylda til að inna af hendi þá vinnu sem nauðsynleg er án tillits til afpöntunar. Dæmi um slíkt er að taka niður verkpalla eða gera það sem gera þarf til að koma í veg fyrir að sú vinna sem unnin hefur verið geti valdið tjóni.

Þótt það sé ekki tekið fram í ákvæðinu sjálfu er gert ráð fyrir að neytandi geti afpantað verk að hluta.

Um 36. gr.

Samkvæmt greininni á seljandi þjónustu kröfu til greiðslu fyrir vinnu sem leyst hefur verið af hendi. Auk þess getur seljandi krafist skaðabóta fyrir tjón sem af því leiðir ef hann getur sýnt fram á það. Ef neytandi afpantar verk vegna atvika sem nefnd eru í 2. málsl. 2. mgr. á seljandi ekki rétt á skaðabótum. Í þeim tilvikum verður neytandi þó að greiða fyrir þá vinnu sem unnin hefur verið og greiða seljanda jafnvirði þeirra útgjalda sem hann hefur orðið fyrir vegna vinnu sem ekki verður unnin.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. kemur fram hvað seljandi getur krafið neytanda um þegar afpantað er. Markmiðið með ákvæðinu er að gera seljanda fjárhagslega eins settan og hafi samningur ekki verið gerður.

Seljandi getur krafist greiðslu fyrir vinnu sem unnin hefur verið eða nauðsynlegt er að vinna án tillits til afpöntunar neytanda. Undir vinnu sem hefur verið unnin falla ráðstafanir sem hún byggist á, t.d. undirbúningsrannsóknir, uppsetning verkpalla o.s.frv. Greiðsla skal ákveðin á grundvelli þess verðs sem þjónustan í heild sinni átti að kosta og að öðru leyti á grundvelli 28. gr. Ef samið hefur verið um ákveðið tímaverð eða verð á ákveðna einingu verður yfirleitt að taka mið af því. Ef aðilar hafa samið um ákveðið verð fyrir verkið í heild skal ákveða verð fyrir þá vinnu sem unnin hefur verið með tilliti til hins upprunalega umsamda verðs og athuga sérstaklega hvort verðið fyrir það sem gert hefur verið sé í samræmi við 28. gr.

Seljandi getur auk þess krafist endurgreiðslu kostnaðar vegna þeirrar þjónustu sem afpöntuð er. Undir þetta fellur kostnaður vegna greiðslu launa og efnis sem ekki nýtist. Skilyrði er að það sé afpöntun þjónustu sem veldur því að greiða þarf þennan kostnað. Aðeins er hægt að krefjast endurgreiðslu hans ef hann hefur valdið seljanda þjónustu tjóni sem hann gat ekki komið í veg fyrir. Seljandi þjónustu getur ekki gert kröfu um að fá bættan kostnað sinn þó að keypt hafi verið efni vegna tiltekins verks ef hægt er að nota það við annað verk.

Ef seljandi þjónustu hefur óskað eftir vinnu undirverktaka eða fengið sérstaka hjálp vegna þess sem gera átti áður en þjónusta er afpöntuð verður seljandi þjónustu að reyna að draga úr tjóni sínu eins og unnt er, t.d. að ógilda pöntun sína hjá viðkomandi undirverktaka og segja upp því viðbótarstarfsfólki sem hann hefur ráðið eins fljótt og hann getur. Ef seljandi verður samt sem áður fyrir tjóni, t.d. vegna þess að hann verður að greiða undirverktaka bætur eða viðbótarstarfsfólki laun áður en unnt er að segja því upp með löglegum hætti verður neytandi að greiða honum það tjón en til frádráttar kemur sparnaður og ávinningur sem af þessu hlýst, t.d. ef seljandi getur nýtt viðbótarstarfsfólk í öðrum tilgangi.

Um 2. mgr.

Seljandi getur einnig krafist skaðabóta vegna afleidds tjóns. Með afleiddu tjóni er m.a. átt við tjón verktaka vegna þess að hann hafnar öðru verki eða missir af því þar sem hann hefur treyst á það verk sem er afpantað. Seljandi verður að sýna fram á að þetta hafi valdið honum tjóni. Annað afleitt tjón sem afpöntun veldur og er sennileg afleiðing hennar skal bætt samkvæmt þessu ákvæði. Seljandi verður þó að gera allar ráðstafanir til að draga úr tjóni sínu.

Seljandi getur ekki krafist skaðabóta vegna afleidds tjóns ef neytandi afpantar þjónustu vegna atriða sem talin eru upp í 2. mgr. Þau lagaákvæði sem þar eru nefnd tengjast öll tilkynningarskyldu seljanda.

Þannig ber seljanda að sinna leiðbeiningarskyldu sinni eftir að vinna er hafin ef í ljós kemur að þjónusta reynist óhagkvæm, sbr. 2. mgr. 6. gr. Seljandi getur undir sérstökum kringumstæðum áskilið sér frest á afhendingu en verður þá jafnframt að tilkynna neytanda það innan sanngjarns frests, sbr. 3. mgr. 20. gr. Seljandi verður einnig að tilkynna neytanda ef verð á þjónustu hækkar verulega, sbr. 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 31. gr.

Ef ógildingarástæður samkvæmt almennum reglum samningaréttar valda afpöntun neytanda getur hann ætíð borið fyrir sig slíkar reglur.

Um 3. mgr.

Þetta ákvæði kemur í veg fyrir að skyldur neytanda skv. 1. og 2. mgr. verði meiri en nemur því verði sem samið hefur verið um.

Um IX. kafla.

Ef hlutur, sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu, er ekki sóttur á réttum tíma vegna aðstæðna er varða neytanda verður að taka tillit til þeirra hagsmuna seljanda að fá greiðslu fyrir verkið og losa sig við hlutinn og að hluta til eignarréttarhagsmuna neytanda. Markmið þessa kafla er að gæta jafnvægis milli þessara tveggja meginsjónarmiða.

Um 37. gr.

Um 1. mgr.

Ákvæði þetta fjallar um hina almennu umönnunarskyldu seljanda þjónustu og er sambærilegt við ákvæði í kaupalögum.

Sé hlutur ekki sóttur vegna aðstæðna er varða neytanda skal seljandi annast hlutinn. Ef seljandi hefur orðið fyrir kostnaði vegna flutnings hlutar, geymslu hans eða annars sambærilegs, eftir að viðtökudráttur átti sér stað, getur hann krafist þess að sá kostnaður sé endurgreiddur af neytanda. Seljandi þjónustu verður þó að sanna að viðtökudráttur neytanda hafi bakað seljanda kostnað, t.d. vegna leigu á geymslustað.

Um 2. mgr.

Áður en hlutur er seldur eða honum fleygt skal vara neytanda við þeim ráðstöfunum sem til verður gripið. Það skal gert með sannanlegum hætti og verður því seljandi þjónustunnar að gera slíkt skriflega. Seljandi uppfyllir þetta skilyrði með því að afhenda neytanda móttökukvittun við afhendingu hlutar þar sem fram kemur að hlutur verði seldur eða honum fleygt ef hann verður ekki sóttur að þremur mánuðum liðnum, sbr. 38. gr. Jafnframt er neytanda gerð grein fyrir því að hlutur geti selst á kostnaðarverði. Æskilegt er að láta neytanda undirrita móttökukvittun.

Kostnaður vegna sölu er á reikning neytanda en á seljanda hvílir sú skylda að koma í veg fyrir að á neytanda falli ónauðsynlegur kostnaður.

Ef söluandvirði hlutar er hærra en krafa seljanda á hendur neytanda, þ.e. fyrir þóknun og kostnaði vegna geymslu og sölu, ber seljanda að endurgreiða neytanda mismuninn án tafar.

Um 38. gr.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. eru talin upp þau skilyrði sem uppfylla þarf áður en hlutur er seldur.

Um 1. tölul.

Þrír mánuðir verða að vera liðnir frá því að vinnu við hlutinn lauk. Ef seljandi þjónustu hefur samþykkt að tilkynna neytanda þegar hlutur er tilbúinn til afhendingar hefst fresturinn ekki fyrr en hann hefur sinnt þeirri skyldu. Seljandi þjónustu getur neitað að afhenda hlut ef neytandi neitar að greiða eða setja tryggingu fyrir kröfu seljanda vegna vinnu eða geymslu.

Um 2. tölul.

Ef seljandi þjónustu selur hlut verður hann að gera það á tryggilegan hátt, t.d. á opinberu uppboði.

Ef seljandi þjónustu selur hlut án þess að gæta ákvæða 1. og 2. tölul. er hann skaðabótaskyldur gagnvart neytanda. Tjón neytanda skal bætt samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar sem svarar þeirri upphæð sem kostar að útvega annan hlut sambærilegan þeim sem seldur var, að frádreginni verðmætarýrnun, svo sem vegna aldurs, notkunar og minni nytsemi hlutarins en áður.

Um 2. mgr.

Hér er fjallað um það þegar ekki er unnt að selja hlut eða augljóst er að kostnaður af sölu er meiri en sem nemur söluandvirði hans. Þegar svo stendur á er seljanda þjónustu heimilt

að fleygja hlut enda uppfylli hann skilyrði 1. tölul. 1. mgr. Ekki er unnt að selja hlut ef það er óheimilt lögum samkvæmt. Beiting þessa ákvæðis er háð því skilyrði að seljandi þjónustu geti sannað að þrátt fyrir tilraunir hafi verið ómögulegt að selja hlutinn eða fá fyrir hann verð sem dygði fyrir kostnaði.

Um 39. gr.

Seljandi getur ekki áskilið sér frekari rétt en kveðið er á um í 38. og 39. gr. Ef skilyrði 2. mgr. 38. gr. eða 39. gr. eru ekki fyrir hendi getur seljandi nýtt sér þær heimildir sem hann hefur samkvæmt almennum reglum um fullnustu.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um það hver beri áhættuna af því ef tilkynningu sem send hefur verið seinkar eða hún kemst ekki til skila. Einnig er í kaflanum gildistökuákvæði.

Um 40. gr.

Samkvæmt ákvæðinu glatar tilkynnandi engum rétti ef tilkynning sem nefnd er í ákvæðum frumvarpsins er send á réttmætan hátt, með ritsíma eða pósti, þótt henni seinki eða hún komist ekki til skila. Sama á við ef notuð er önnur viðurkennd flutningatækni.

Um 41. gr.

Miðað er við að lögin taki gildi sex mánuðum eftir að Alþingi hefur samþykkt frumvarpið sem lög. Lögin skulu gilda um samninga sem gerðir eru frá þeim tíma. Um þá samninga sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma skulu gildandi reglur eiga við. Frumvarpið hefur því ekki afturvirk áhrif. Nauðsynlegt þykir að veita sex mánaða aðlögunarfrest að gildistöku laganna. Með því móti gefst tími til að kynna efni hinna nýju laga fyrir hagsmunaaðilum. Einnig getur verið að ýmsir seljendur þjónustu vilji taka upp eyðublöð til notkunar í viðskiptum sínum við neytendur þegar það er talið henta.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þjónustukaup.

Með frumvarpi þessu er tekið til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi. Ákvæði frumvarpsins eru einkaréttarlegs eðlis og verður ekki séð að samþykkt þess valdi kostnaði fyrir ríkissjóð.

114. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (refsiábyrgð lögaðila).

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, II. kafli A, **Refsiábyrgð lögaðila**, með þremur nýjum greinum, 19. gr. a–19. gr. c, svohljóðandi:

a. (19. gr. a.)

Lögaðila verður gerð fésekt og svipting starfsréttinda þegar lög mæla svo fyrir.

b. (19. gr. b.)

Ákvæði í lögum um refsiábyrgð lögaðila gilda, nema annað sé þar tekið fram, um sérhvern ópersónulegan aðila sem getur átt réttindi og borið skyldur að íslenskum rétti, þar með talin hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, sameignarfélög, samvinnufélög, almenn félög, sjálfseignarstofnanir, stjórnvöld, stofnanir og sveitarfélög.

c. (19. gr. c.)

Refsiábyrgð lögaðila er bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða einhver annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Refsiábyrgð stjórnvalda er bundin því skilyrði að unninn hafi verið refsinæmur og ólögmætur verknaður í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila.

2. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 101/1976, orðast svo:

Þegar fjárhæð sektar er ákveðin skal eftir því sem við á höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu, framfærsluskyldu, öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans og þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af brotinu eða stefnt var að með því.

3. gr.

Við 52. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sökunautur, sem gerð hefur verið sekt, getur ekki krafið aðra um endurgreiðslu eða bætur vegna greiðslu sektarinnar.

4. gr.

Við 53. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, bætist nýr málsliður er orðast svo: Nú er lögaðila gerð sekt og er vararefsing þá eigi ákveðin.

5. gr.

Við 4. mgr. 82. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1998, bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Nú rofnar fyrningarfrestur gagnvart fyrirsvarsmanni lögaðila, starfsmanni hans eða öðrum á hans vegum og rofnar þá fyrningarfrestur jafnframt gagnvart lögaðilanum. Rof fyrn-

ingarfrests gagnvart lögaðila leiðir ekki til rofs á fyrningarfresti gagnvart fyrirsvarsmanni, starfsmanni eða öðrum á vegum lögaðilans.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar. Var Hallgrímur Ásgeirsson lögfræðingur fenginn til að semja drög að frumvarpinu, en þau voru síðan rædd á fundum nefndarinnar.

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940, byggjast á persónulegri refsiábyrgð og persónubundnum viðurlögum og gera ekki sérstaklega ráð fyrir því að lögð sé refsiábyrgð á lögaðila, þ.e. ópersónulega aðila sem geta átt réttindi og borið skyldur að íslenskum rétti. Í hegningarlögunum er því ekki að finna ákvæði um slíka tilhögun refsiábyrgðar. Á hinn bóginn hefur í öðrum lögum um nokkurt skeið verið mælt fyrir um refsiábyrgð lögaðila. Í þeim ákvæðum er veitt heimild til þess að gera lögaðilum fésekt og í mörgum tilvikum jafnframt að svipta hann starfsréttindum. Í flestum tilvikum er áskilið að sök fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans sé sönnuð og algengt er að refsiábyrgðin sé háð því að brot hafi verið framið til hagsbóta fyrir lögaðilann eða að hann hafi notið hagnaðar af því. Tilhneiging hefur verið til að efla þessa tilhögun ábyrgðar í refsilöggjöf, einkum á sviði efnahagsbrota.

Frumvarpinu er ætlað að setja almenn ákvæði í hegningarlögin um refsiábyrgð lögaðila. Lagt er til að í hegningarlögin verði tekin ákvæði um skilyrði slíkrar refsiábyrgðar, hverjir geti sætt henni og hvaða viðurlög komi þar til greina. Ekki er lagt til að í hegningarlögunum sé kveðið á um að lögaðilar beri almennt refsiábyrgð til jafns við menn. Við samningu frumvarpsins hefur verið litið til ákvæða norrænna hegningarlaga um refsiábyrgð lögaðila.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vegna séreðlis refsiábyrgðar lögaðila og þess að hegningarlögin gera ekki sérstaklega ráð fyrir slíkri ábyrgð er í frumvarpinu lagt til að næst á eftir II. kafla laganna verði settur nýr kafli, kafli II. A, er beri heitið „refsiábyrgð lögaðila“.

Um a-lið (19. gr. a).

Hér er lagt til að tekið verði inn í hegningarlögin almennt ákvæði um að lögaðilum verði gert að sæta refsingu í formi fésektar og refsikenndum viðurlögum í formi sviptingar starfsréttinda ef sérrefsilög kveða með skýrum hætti á um slíka heimild. Orðalag ákvæðisins ber með sér að ekki er gert ráð fyrir almennri refsiábyrgð lögaðila til jafns við refsiábyrgð manna. Ákvæðið felur ekki í sér sjálfstæða refsiheimild en setur hins vegar það almenna skilyrði fyrir refsiábyrgð lögaðila að í sérrefsilögum sé að finna heimild til þess að refsa lögaðilum. Í lagaákvæðum um refsiábyrgð lögaðila er algengt að samhliða heimild til þess að gera lögaðila sekt sé veitt heimild til þess að svipta hann starfsréttindum. Í frumvarpinu er því lagt til að tekið verði inn í hegningarlögin almennt ákvæði um að lögaðila verði gert að sæta sviptingu starfsréttinda þegar sérrefsilög heimila slík viðurlög.

Ekki er gert ráð fyrir því að ákvæðið raski gildandi lagaheimildum um refsiábyrgð lögaðila að öðru leyti en því að slíkar lagaheimildir verði að túlka til samræmis við ákvæðið hvort sem er til þrengingar eða rýmkunar ef refsiverður verknaður á sér stað eftir gildistöku laganna. Ákvæðið hefði jafnframt í för með sér að við setningu nýrra ákvæða um refsiábyrgð lögaðila í öðrum lögum væri heimilt að vísa til ákvæða hegningarlaganna um refsiábyrgð

lögaðila, þannig að tekið væri fram að heimilt væri að gera lögaðilum sekt og svipta starfsréttindum skv. II. kafla A almennra hegningarlaga. Sérstakar ástæður geta þó mælt með öðru orðalagi í slíkum ákvæðum. Verði frumvarpið að lögum er æskilegt að við endurskoðun laga verði jafnframt metið hvort ástæða þyki að breyta refsiákvæðum þeirra til samræmis við ákvæði hegningarlaganna.

Ekki er gert ráð fyrir því að ákvæðið komi í veg fyrir að beitt sé lagaheimildum til þess að leggja í sama máli og vegna sama verknaðar refsiábyrgð bæði á lögaðila og fyrirsvarsmann hans eða einhvern á hans vegum. Þá er ekki gert ráð fyrir því að ákvæðið haggi sérstökum skilyrðum í sérrefsilagaákvæðum um refsiábyrgð lögaðila, t.d. skilyrði um að refsiábyrgð sé háð því að brot hafi verið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða að hann hafi notið hagnaðar af því.

Um b-lið (19. gr. b).

Hér er afmarkað hverjir geti orðið refsiábyrgir samkvæmt lagaákvæðum um refsiábyrgð lögaðila. Lögð er til sú almenna regla að slík ákvæði gildi um sérhvern ópersónulegan aðila sem getur átt réttindi og borið skyldur að íslenskum rétti. Hugtakið lögaðili er hér notað sem samheiti fyrir slíka ópersónulega aðila. Almennt verður að skýra hugtakið lögaðili samkvæmt ákvæðinu til samræmis við skýringu hugtaksins í félagarétti. Það er þó sjálfstætt úrlausnarefni við túlkun hvaða ópersónulegu aðilar geta borið refsiábyrgð samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Í ákvæðinu er að finna mjög víðtæka afmörkun á þeim aðilum sem geta orðið refsiábyrgir og er ljóst að undir ákvæðið fellur fjöldi ólíkra skipulagsheilda. Talin eru upp í dæmaskyni algengustu form lögaðila sem falla undir ákvæðið en sú talning er ekki tæmandi. Við túlkun á því hvaða aðilar falla undir ákvæðið skiptir ekki máli hvort þeir eru að hluta til eða að öllu leyti í eigu ríkisins eða hvort þeir eru reknir með fjárhagslegan ávinning að markmiði eða ekki.

Í ákvæðinu er tekið fram að í sérrefsilögum sé heimilt að kveða á um aðra afmörkun á þeim lögaðilum sem geta borið refsiábyrgð enda geta önnur viðmið í þeim efnum verið bæði eðlileg og nauðsynleg, hvort sem er til þrengingar eða rýmkunar. Þegar afmarka á lögaðila á annan hátt í sérrefsilögum er hins vegar nauðsynlegt að slík undantekning sé skýr og nákvæm.

Gert er ráð fyrir því að gildandi sérrefsilagaheimildir um refsiábyrgð lögaðila verði skýrðar til samræmis við ákvæðið þannig að refsiábyrgðin taki til þeirra lögaðila sem ákvæðið afmarkar, nema annað sé sérstaklega tekið fram í sérrefsilögunum. Þannig er t.d. gert ráð fyrir því að stjórnvöld, stofnanir og sveitarfélög geti sætt refsiábyrgð samkvæmt heimildum í sérrefsilögum um refsiábyrgð lögaðila, þótt þau séu ekki talin upp í viðkomandi sérrefsilagaákvæðum, enda hafi refsiverður verknaður verið framinn eftir gildistöku ákvæðisins.

Um c-lið (19. gr. c).

Hér er lagt til að í hegningarlögin verði tekin almenn regla um að refsiábyrgð lögaðila sé bundin því skilyrði að staðreynt hafi verið að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður lögaðilans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Jafnframt er lagt til að í sérrefsilögum megi kveða á um frávik frá þessu skilyrði, ýmist þannig að refsiábyrgð lögaðila sé ekki háð skilyrðinu eða að sett séu önnur skilyrði að þessu leyti. Ákvæði um slík frávik verða þó að vera skýr. Þannig er t.d. ekki gert ráð fyrir því að ákvæðið felli úr gildi sérrefsilagaákvæði um að gera megi lögaðila fésekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans.

Ákvæðið felur það í sér að refsiverður verknaður, athöfn eða athafnaleysi, verður að hafa verið unninn í eðlilegum tengslum við starfsemi lögaðilans. Utan þessa falla t.d. þjófnaður,

fjárdráttur og eignaspjöll fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Ákvæðið felur þó ekki í sér að brot þurfi að hafa verið framið til hagsbóta fyrir lögaðilann eða að hann hafi notið hagnaðar af því. Þá er skilyrði að verknaðurinn hafi verið unninn af fyrirsvarsmanni lögaðilans, starfsmanni hans eða einhverjum á hans vegum. Með fyrirsvarsmönnum er átt við æðstu stjórnendur lögaðilans, þá sem marka heildarstefnu í rekstri hans, geta skuldbundið hann og hafa yfirumsjón með daglegum rekstri. Með starfsmönnum er átt við alla þá sem hafa ráðið sig til starfa hjá lögaðilanum, hvort sem um fastráðningu eða lausráðningu er að ræða og hvort sem starfsmaðurinn gegnir fullu starfi eða ekki. Aðrir á vegum lögaðilans sem falla undir ákvæðið geta t.d. verið lögmenn og endurskoðendur lögaðilans og aðrir sem hafa umboð til þess að starfa á hans vegum. Ekki er gerð krafa um að staðreynt hafi verið hvaða maður á vegum lögaðilans hafi gerst sekur um verknaðinn heldur er nægilegt að sýnt hafi verið fram á að refsiverður verknaður hafi verið unninn af einhverjum á hans vegum. Skilyrði er að verknaðurinn hafi verið unninn með saknæmum hætti og er þar átt við þær saknæmiskröfur sem gerðar eru í viðeigandi refsiákvæðum.

Markmið ákvæðis 19. gr. b. um refsiábyrgð stjórnvalda er að gætt sé jafnræðis gagnvart einkaaðilum þannig að sams konar brot í sömu starfsemi stjórnvalda og einkaaðila varði sömu viðurlögum. Nauðsynlegt er því að takmarka refsiábyrgð stjórnvalda við þau brot sem framin eru í einkaréttarlegri starfsemi á vegum ríkis eða sveitarfélaga sem er í samkeppni við eða á annan hátt er sambærileg starfsemi einkaaðila. Því er lagt til að í 2. málsl. 19. gr. c verði kveðið á um þá sérreglu að refsiábyrgð stjórnvalda sé bundin því skilyrði að unninn hafi verið með saknæmum hætti refsinæmur og ólögmætur verknaður í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila. Önnur refsiverð brot í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga varða viðkomandi stjórnvöld því ekki refsiábyrgð samkvæmt lagaákvæðum um refsiábyrgð lögaðila en þau geta hins vegar varðað viðkomandi opinberan starfsmann persónulegri refsiábyrgð.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 51. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 101/1976, er kveðið á um hvaða atriði hafa ber til hliðsjónar við ákvörðun sektarfjárhæðar. Samkvæmt ákvæðinu skal höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings og afkomu hans, þar á meðal framfærsluskyldu hans og öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans. Lagt er til að auk þessarar viðmiðunarreglu verði tekin í ákvæðið almenn regla um að eftir því sem við á skuli höfð hliðsjón af þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af brotinu eða stefnt var að með því. Gert er ráð fyrir að reglan eigi jafnt við hvort sem mönnum eða lögaðilum er gerð fésekt.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að við 52. gr. hegningarlaganna verði bætt nýrri málsgrein, 5. mgr., þar sem kveðið er á um að sökunautur, maður eða lögaðili, sem gerð hefur verið sekt, geti ekki krafið annan mann eða lögaðila um endurgreiðslu eða bætur vegna greiðslu sektarinnar. Ákvæðið gildir eingöngu um sökunaut sem gerð hefur verið fésekt en ekki um annan aðila, mann eða lögaðila, sem er ábyrgur fyrir greiðslu sektarinnar. Ákvæðið kemur því ekki í veg fyrir að sá sem greitt hefur sekt vegna slíkrar ábyrgðar endurkrefji sökunaut um greiðslu sektarinnar.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að við 53. gr. hegningarlaganna, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, verði bætt nýjum málslið þar sem kveðið er á um þá sjálfsögðu reglu að vararefsing verður ekki ákveðin þegar lögaðila er gerð sekt.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að við 4. mgr. 82. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1998, verði bætt tveimur nýjum málsliðum þar sem kveðið er á um réttaráhrif þess að fyrningarfrestur rofnar gagnvart einhverjum á vegum lögaðilans eða gagnvart lögaðilanum sjálfum. Lagt er til að rof fyrningarfrests gagnvart fyrirsvarsmanni lögaðila, starfsmanni hans eða öðrum á hans vegum hafi ekki aðeins réttaráhrif gagnvart þeim manni heldur jafnframt gagnvart lögaðilanum þannig að fresturinn teljist jafnframt rofinn gagnvart lögaðilanum. Hins vegar er lagt til að rof fyrningarfrests gagnvart lögaðila leiði ekki sjálfkrafa til rofs á fyrningarfresti gagnvart einhverjum á vegum lögaðilans. Á sama hátt er ekki gert ráð fyrir því að rof fyrningarfrests gagnvart tilteknum manni á vegum lögaðilans leiði sjálfkrafa til þess að fyrningarfresturinn rofni gagnvart öðrum manni á vegum lögaðilans sem hefur átt aðild að brotinu.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, (refsiábyrgð lögaðila).

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum sem mæla fyrir um refsiábyrgð lögaðila. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

115. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (mútur til opinbers starfsmanns).

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

Fyrir háttsemi, sem greinir í samningi um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum frá 21. nóvember 1997.

2. gr.

109. gr. laganna, sbr. 33. gr. laga nr. 82/1998, orðast svo:

Hver sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi.

Sömu refsingu skal sá sæta sem beinir slíku að erlendum opinberum starfsmanni eða starfsmanni opinberrar alþjóðastofnunar í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Var nefndinni falið með bréfi ráðuneytisins, dags. 4. febrúar 1998, að semja frumvarp til laga um nauðsynlegar breytingar á lögum svo unnt yrði að fullgilda samning um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, sem undirritaður var í París 17. desember 1997.

Til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt samningnum þarf að gera breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Einnig er nauðsynlegt að með lögum verði lögð ábyrgð á lögaðila vegna mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna og er samhliða flutt frumvarp þess efnis.

Samningurinn um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum var saminn á vettvangi Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD) að frumkvæði Bandaríkjastjórnar. Viðræðum um gerð samningsins lauk 21. nóvember 1997 og var samningurinn undirritaður 17. desember það ár af öllum aðildarríkjum OECD að Ástralíu undanskilinni. Einnig var samningurinn undirritaður af eftirtöldum ríkjum sem ekki eiga aðild að stofnuninni: Argentínu, Brasilíu, Búlgaríu, Chile og Slóvakíu. Samhliða undirritun samningsins var undirrituð sérstök yfirlýsing þar sem ríkin skuldbinda sig til að gera ráðstafanir til að samningurinn öðlist gildi fyrir árslok 1998. Með ályktun Alþingis 2. júní 1998 var ríkisstjórninni veitt heimild til að fullgilda samninginn af Íslands hálfu.

Á alþjóðavettvangi hefur verið lögð rík áhersla á samstöðu um aðgerðir gegn spillingu og skipulagðri glæpastarfsemi. Samningur OECD um baráttu gegn mútugreiðslum er viðleitni af því tagi. Á vegum Evrópuráðsins er einnig unnið að gerð alhliða samnings á sviði refsiréttar gegn spillingu og er stefnt að því að samningu hans verði lokið seinni hluta árs 1998. Spilling og tengd brotastarfsemi virðir engin landamæri og almennt hvílir yfir henni mikil leynd. Til að uppræta slíka starfsemi er náið samstarf á alþjóðavettvangi mikilvægt. Alþjóðleg samstaða er einnig nauðsynleg til að mælt verði fyrir um refsinæmi mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna. Að öðrum kosti er hætt við að samkeppnisstöðu verði raskað milli þeirra ríkja sem lýsa slíka háttsemi refsiverða og þeirra ríkja sem líða óréttmæta viðskiptahætti af því tagi.

II.
Efni mútusamningsins.

Á eftir inngangsákvæðum mútusamningsins er að finna kjarna hans í 1. gr., en þar segir að samningsríkin skuli gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að gera refsiverða í löggjöf sinni þá háttsemi að bjóða, gefa eða færa erlendum opinberum starfsmanni óhæfilegar ívilnanir. Skiptir engu hvort um er að ræða fjármuni eða annað sem ætlað er starfsmanninum sjálfum eða þriðja manni, enda hafi ívilnunin þann tilgang að fá starfsmanninn til að vinna eða láta ógert að vinna einhver þau verk sem tengjast opinberum skyldum hans. Þetta þarf einnig að vera gert í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðlegum viðskiptum. Þá er mælt fyrir um að hlutdeild í slíku broti skuli vera refsiverð og að sömu reglur gildi í löggjöf samningsaðila um refsinæmi tilraunar til mútugreiðslu til erlends opinbers starfsmanns og mútugreiðslu til opinbers starfsmanns viðkomandi ríkis.

Þessi verknaðarlýsing tekur til hvers konar ívilnunar til erlends opinbers starfsmanns án tillits til verðmætis eða hvort ívilnunin bar tilætlaðan árangur eða ekki, staðbundinnar venju, umburðarlyndis viðkomandi stjórnvalda fyrir slíkum greiðslum eða hvort ívilnunin var nauðsynleg til að ná eða halda viðskiptum. Verknaðarlýsingin tekur þó ekki til minni háttar fyrirgreiðslu sem viðgengst í sumum löndum til að hvetja opinbera starfsmenn til að sinna starfsskyldum sínum, svo sem útgáfu skilríkja eða leyfa. Fyrirgreiðsla af því tagi er almennt ekki innt af hendi í þeim tilgangi að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðlegum viðskiptum.

Í samningnum hafa eftirfarandi hugtök þessa merkingu:

— Með hugtakinu „erlendur opinber starfsmaður“ er átt við hvern þann sem gegnir starfi hjá löggjafarvaldi, í stjórnsýslu eða við réttarvörslu í erlendu ríki, hvort sem hann er skipaður til starfans eða kjörinn. Einnig á hugtakið við um hvern þann sem gegnir opinberum störfum á vegum erlends ríkis, þar á meðal fyrir hönd opinberrar stofnunar eða fyrirtækis. Með opinberri stofnun er átt við stofnun sem lögum samkvæmt fer með verkefni í þágu almennings. Með opinberu fyrirtæki er hins vegar átt við rekstur, án tillits til þess hvert er lögbundið forms hans, þar sem stjórnvöld geta beint eða óbeint haft veruleg áhrif. Verður starfsmaður slíks fyrirtækis talinn gegna opinberum störfum, nema fyrirtækið starfi án opinberrar fyrirgreiðslu á almennum markaði, sem öldungis verður jafnað til reksturs einkaaðila. Þá nær hugtakið „erlendur opinber starfsmaður“ yfir hvern þann embættismann eða starfsmann sem starfar á vegum opinberrar alþjóðastofnunar. Til slíkra stofnana teljast hvers konar stofnanir, sem komið er á fót af ríkjum eða ríkisstjórnum, án tillits til skipulags viðkomandi stofnunar eða þeirra verkefna sem hún hefur með höndum. Tekur þetta einnig til stofnana sem sjálfstætt er komið á fót á vegum opinberra alþjóðastofnana.
— Hugtakið „erlent ríki“ nær yfir öll stig og deildir stjórnsýslunnar frá ríkisstjórn til sveitarstjórna. Er hugtakið ekki bundið við ríki heldur tekur það einnig til hvers konar svæðis eða einingar erlendis, sem bundin er skipulagi eins og sjálfsstjórnarhéraða.
— Með því „að vinna eða láta ógert að vinna einhver verk sem tengjast opinberum skyldum“ er átt við hvers kyns beitingu opinbers starfsmanns á stöðu sinni, hvort sem það er á valdsviði hans eða ekki. Þannig er talið falla undir þessa lýsingu sú háttsemi að múta hátt settum opinberum starfsmanni til að hann í krafti embættis síns en utan valdbærni þess beiti sér fyrir því að annar opinber embættismaður stofni til viðskipta.

Samkvæmt 3. gr. samningsins skulu viðurlög við mútugreiðslum vera virk, hæfileg og letjandi refsiviðurlög. Skulu refsimörk vera sambærileg við þau sem gilda um mútugreiðslur til opinberra starfsmanna samningsaðilans sjálfs og fela meðal annars í sér frjálsræðissviptingu

um nægilega langan tíma til að skilvirk gagnkvæm réttaraðstoð og framsal geti átt sér stað. Hver samningsaðili skal einnig gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að leggja megi hald á og gera upptækar mútur til erlends opinbers starfsmanns og hagnað af þeim, ellegar eignir sem samsvara að verðmæti slíkum hagnaði, eða að beita megi fjársektum sem hafa sambærileg áhrif.

Í 2. gr. samningsins segir að hver samningsaðili skuli, í samræmi við meginreglur eigin laga, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að lögaðilar verði ábyrgir vegna mútugreiðslu til erlends opinbers starfsmanns. Þetta felur ekki í sér skuldbindingu til að lögfesta reglur um refsiábyrgð lögaðila, ef slíka heimild er ekki að finna í lögum samningsríkis. Þá skal samningsaðili hins vegar sjá til þess að við mútugreiðslum liggi virk, hæfileg og letjandi viðurlög, þar á meðal fjárhagsviðurlög, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Samkvæmt 10. gr. skulu mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns teljast til þeirra brota sem leitt geta til framsals samkvæmt lögum samningsaðila og framsalssamningum, sem þeir gera með sér. Er samningsaðila heimilt að líta á samninginn sem lagalegan grundvöll framsals að því er þessi brot varðar, ef hann gerir það að skilyrði að framsalssamningur sé fyrir hendi. Þá skal hver samningsaðili gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja annaðhvort að hann geti framselt eigin ríkisborgara eða að hann geti ákært eigin ríkisborgara fyrir mútugreiðslu til erlends opinbers starfsmanns. Ber samningsaðila að vísa máli til þar til bærra yfirvalda til ákæru, ef hann synjar beiðni um framsal af þeirri ástæðu einni að um er að ræða eigin ríkisborgara.

Í 4. gr. samningsins er að finna nánari ákvæði er lúta að refsilögsögu, en þar segir að samningsaðili, sem hefur lögsögu til að sækja eigin ríkisborgara vegna brota sem framin eru erlendis, skuli gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja lögsögu sína vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns samkvæmt sömu reglum. Þá skal hver samningsaðili taka til athugunar hvort núverandi grundvöllur lögsögu hans skilar árangri í baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna og skal ráðist í viðeigandi úrbætur ef svo er ekki.

Í samningnum eru síðan nánari ákvæði um meðferð mútumála, fyrningarfrest, gagnkvæma réttaraðstoð og eftirlit til að fylgjast með framkvæmd samningsins.

III.
Lagabreytingar vegna fullgildingar samningsins.

Í almennum hegningarlögum er ekki að finna almennt refsiákvæði um mútur. Við ákveðnar aðstæður er hins vegar talið óhjákvæmilegt að koma í veg fyrir að mönnum sé boðinn ávinningur fyrir að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert. Í opinberri stjórnsýslu er mikilvægt að stjórnvöld fari að lögum og gæti réttra aðferða við meðferð mála. Af þeim sökum varðar það refsingu skv. 109. gr. hegningarlaga að múta opinberum starfsmanni (aktívar mútur), auk þess sem starfsmaðurinn sjálfur getur sætt refsiábyrgð vegna mútugreiðslu skv. 128. gr. laganna (passívar mútur).

Með samningnum um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskipum skuldbinda samningsaðilar sig til að gera það að refsiverðri háttsemi í löggjöf sinni að bjóða erlendum opinberum starfsmanni, gefa honum loforð um eða færa honum óhæfilegar ívilnanir. Á hinn bóginn nær samningurinn ekki til brots viðkomandi opinbers starfsmanns, sem áskilur sér eða þiggur mútugreiðslu.

Samkvæmt 109. gr. almennra hegningarlaga skal hver sem gefur lofar eða býður opinberum starfsmanni gjafir eða annan ávinning til þess að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, er hann með því bryti gegn starfsskyldu sinni, sæta fangelsi allt að 3 árum eða,

séu málsbætur fyrir hendi, fangelsi allt að 1 ári eða sektum. Þetta ákvæði er bundið við innlenda opinbera starfsmenn og því væri að gildandi lögum refsilaust að múta erlendum opinberum starfsmanni. Til að fullnægja skyldum samkvæmt mútusamningnum verður að kveða sérstaklega á um að mútur til erlendra opinberra starfsmanna varði refsingu. Þar sem samningurinn tekur ekki eingöngu til starfsmanna erlendra ríkja er einnig ástæða til að fram komi ótvírætt í lögum að refsiverndin nái einnig til starfsmanna opinberra alþjóðastofnana.

Þáttur í verknaðarlýsingu 109. gr. hegningarlaga er að viðkomandi starfsmaður brjóti gegn starfsskyldum sínum með því að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert. Þannig væri væntanlega refsilaus greiðsla til opinbers starfsmanns fyrir athöfn eða athafnaleysi sem er utan verkahrings hans. Að þessu leyti er verknaðarlýsing mútusamningsins rýmri, en þar segir í c-lið 4. mgr. 1. gr. að með því „að vinna eða láta ógert að vinna einhver þau verk sem tengjast opinberum skyldum“ sé átt við hvers kyns beitingu opinbers starfsmanns á stöðu sinni, hvort sem það er á valdsviði hans eða ekki. Við aðlögun refsilaga að mútusamningnum þykir ekki koma til álita að veitt verði ríkari refsivernd gegn mútugreiðslum til erlendra starfsmanna en á við um innlenda opinbera starfsmenn. Því er talið nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á 109. gr. hegningarlaga þannig að sama verknaðarlýsing eigi við hvort heldur opinberi starfsmaðurinn er innlendur eða erlendur.

Með mútusamningnum skuldbinda samningsaðilar sig til að gera að refsiverðri háttsemi í löggjöf sinni ívilnanir sem hafa þann tilgang að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum. Skv. 109. gr. hegningarlaga er refsinæmi verknaðar hins vegar ekki bundið við viðskipti. Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að gengið verði lengra að þessu leyti en nauðsynlegt er samkvæmt ákvæðum samningsins. Þannig verði mútugreiðslur til erlendra opinberra starfsmanna refsiverðar þegar þær hafa þann tilgang að greiða fyrir viðskiptum, en slíkar greiðslur til innlendra starfsmanna verði eftir sem áður refsiverðar án tillits til þess.

Í 2. og 3. gr. samningsins er gert ráð fyrir að lögaðilar verði gerðir ábyrgir fyrir mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna, en í gildandi lögum er ekki mælt fyrir um slíka ábyrgð. Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að sett verði í hegningarlög ákvæði þar að lútandi, en hegningarlögin hafa ekki að geyma ákvæði sem mæla fyrir um refsiábyrgð lögaðila. Þess í stað er samhliða flutt sjálfstætt frumvarp til laga um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna. Þótt samningurinn leggi aðilum hans ekki þá skyldu á herðar að mæla fyrir um refsiábyrgð þykir hún heppilegust og helst til þess fallin að ná markmiðum samningsins.

Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. samningsins eru þær skyldur lagðar á samningsaðila, að hann annaðhvort framselji eigin ríkisborgara eða ákæri þá fyrir mútugreiðslu til erlends opinbers starfsmanns. Skv. 2. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, má ekki framselja íslenska ríkisborgara. Því er nauðsynlegt að í hegningarlögum verði mælt fyrir um heimild til að sækja mann til sakar hér á landi, þótt brotið hafi verið framið utan refsilögsögu landsins. Sú tilhögun yrði í sem bestu samræmi við 4. gr. samningsins, þar sem lögð er sú skylda á samningsaðila að ráðast í úrbætur til að reglur um lögsögu skili árangri í baráttunni gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna. Í því sambandi skiptir máli að gera verður ráð fyrir að brot þau sem samningurinn tekur til séu gjarnan framin í landi viðkomandi starfsmanns og því utan íslenskrar refsilögsögu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að refsilögsagan verði færð út þannig að refsað verði eftir íslenskum hegningarlögum fyrir háttsemi sem greinir í mútusamningnum, enda þótt brotið sé framið utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að því valdur.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á 109. gr. almennra hegningarlaga til samræmis við mútusamninginn.

Í 1. mgr. er lögð til sú breyting á verknaðarlýsingu ákvæðisins að gjöf eða annar ávinningur miði að því að opinber starfsmaður geri eitthvað eða láti eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans. Þetta er rýmra en verknaðarlýsing 109. gr. að því leyti að brot gegn ákvæðinu er bundið við athöfn starfsmanns eða athafnaleysi, sem fæli í sér brot á starfsskyldum hans. Þannig yrði refsivert að ívilna opinberum starfsmanni til að hann beitti stöðu sinni til að hafa áhrif á niðurstöðu máls þótt meðferð þess væri utan valdsviðs hans. Þá skiptir engu um refsinæmi verknaðar þótt ívilnun miði að því að fá fyrirgreiðslu sem viðkomandi á rétt á, enda verður almennt ekki fullyrt að hún hafi engin áhrif haft við meðferð máls. Þykir rétt að reynt verði að hamla gegn mútugreiðslum af öllu tagi til opinberra starfsmanna. Gert er ráð fyrir viðteknum skilningi á hugtakinu opinber starfsmaður.

Í 2. mgr. er lagt til að það varði einnig refsingu að beina gjöfum eða öðrum ávinningi að erlendum opinberum starfsmanni eða starfsmanni opinberrar alþjóðastofnunar. Tekur ákvæðið til þeirra starfsmanna sem mútusamningurinn nær til. Aftur á móti verður ívilnunin að miða að því að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum en þann áskilnað er ekki að finna í 1. mgr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum.

Inngangsorð.

Samningsaðilarnir

hafa í huga að mútugreiðslur eru algengar í alþjóðlegum viðskiptum, meðal annars á vettvangi verslunar og fjárfestinga, en það vekur upp mikilvæg álitamál á sviði siðferðis og stjórnmála, grefur undan góðri stjórnsýslu og efnahagsþróun og raskar samkeppnisskilyrðum á alþjóðavettvangi,

hafa í huga að öllum löndum ber að axla sameiginlega þá ábyrgð að vinna gegn mútugreiðslum í alþjóðlegum viðskiptum,

hafa hliðsjón af endurskoðuðum tilmælum um baráttu gegn mútugreiðslum í alþjóðlegum viðskiptum sem samþykkt voru af ráði Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) 23. maí 1997, C(97)123/FINAL, en þar var meðal annars leitað eftir skilvirkum ráðstöfunum til þess að forðast, koma í veg fyrir og vinna gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, einkum að slíkar mútugreiðslur séu sem fyrst gerðar refsiverðar á skilvirkan og samræmdan hátt og á grundvelli sameiginlegra umsaminna þátta sem fram koma í téðum tilmælum, svo og í samræmi við lögsögureglur og aðrar meginreglur laga í hverju landi,

fagna þeirri þróun sem átt hefur sér stað annars staðar að undanförnu og stuðlar enn frekar að alþjóðlegum skilningi og samstarfi í baráttunni gegn mútugreiðslum til opinberra starfsmanna, en þar á meðal eru aðgerðir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Samtaka Ameríkuríkja, Evrópuráðsins og Evrópusambandsins,

Convention on Combating Bribery of Foreign Public Officials in International Business Transactions

Preamble

The Parties,

Considering that bribery is a widespread phenomenon in international business transactions, including trade and investment, which raises serious moral and political concerns, undermines good governance and economic development, and distorts international competitive conditions;

Considering that all countries share a responsibility to combat bribery in international business transactions;

Having regard to the Revised Recommendation on Combating Bribery in International Business Transactions, adopted by the Council of the Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD) on 23 May 1997, C(97)123/FINAL, which, inter alia, called for effective measures to deter, prevent and combat the bribery of foreign public officials in connection with international business transactions, in particular the prompt criminalisation of such bribery in an effective and co-ordinated manner and in conformity with the agreed common elements set out in that Recommendation and with the jurisdictional and other basic legal principles of each country;

Welcoming other recent developments which further advance international understanding and co-operation in combating bribery of public officials, including actions of the United Nations, the World Bank, the International Monetary Fund, the World Trade Organisation, the Organisation of American States, the Council of Europe and the European Union;

fagna framtaki fyrirtækja, samtaka atvinnurekenda, stéttarfélaga og annarra félagasamtaka í baráttunni gegn mútugreiðslum,

viðurkenna að stjórnvöld hafa hlutverki að gegna við að koma í veg fyrir að óskað sé mútugreiðslna frá einstaklingum og fyrirtækjum í alþjóðlegum viðskiptum,

viðurkenna að eigi árangur að nást á þessu sviði nægir ekki að brugðist sé við innanlands heldur þarf einnig að koma til alþjóðlegt samstarf, vöktun og eftirfylgni,

viðurkenna að einn helsti tilgangur og markmið samningsins er að ná fram jafngildum ráðstöfunum hjá samningsaðilum, en það krefst þess að samningurinn verði fullgiltur án nokkurra fyrirvara sem vinna gegn þessu markmiði,

og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Mútugreiðslur til erlendra opinberra starfsmanna sem lögbrot.

1. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að gera það að refsiverðri háttsemi í löggjöf sinni, hver sem í hlut á, að bjóða erlendum opinberum starfsmanni, gefa honum loforð um eða færa honum, vísvitandi, beint eða í gegnum milliliði, óhæfilegar ívilnanir, hvort sem er fjármuni eða annað, sem ætlaðar eru honum sjálfum eða þriðja aðila, til þess að fá hann til að vinna eða láta ógert að vinna einhver þau verk sem tengjast opinberum skyldum hans í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum.

2. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að gera það að refsiverðri háttsemi að eiga hlutdeild í mútugreiðslum til erlends opinbers starfsmanns, þar á meðal með því að hvetja til þeirra, veita aðstoð við þær eða veita leyfi til þeirra. Tilraunir og samsæri um mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns skulu vera refsiverð háttsemi að því leyti sem tilraunir og samsæri um mútugreiðslur til opinbers starfsmanns samningsaðilans sjálfs eru refsiverð háttsemi.

Welcoming the efforts of companies, business organisations and trade unions as well as other non-governmental organisations to combat bribery;

Recognising the role of governments in the prevention of solicitation of bribes from individuals and enterprises in international business transactions;

Recognising that achieving progress in this field requires not only efforts on a national level but also multilateral co-operation, monitoring and follow-up;

Recognising that achieving equivalence among the measures to be taken by the Parties is an essential object and purpose of the Convention, which requires that the Convention be ratified without derogations affecting this equivalence;

Have agreed as follows:

Article 1

The Offence of Bribery of Foreign Public Officials

1. Each Party shall take such measures as may be necessary to establish that it is a criminal offence under its law for any person intentionally to offer, promise or give any undue pecuniary or other advantage, whether directly or through intermediaries, to a foreign public official, for that official or for a third party, in order that the official act or refrain from acting in relation to the performance of official duties, in order to obtain or retain business or other improper advantage in the conduct of international business.

2. Each Party shall take any measures necessary to establish that complicity in, including incitement, aiding and abetting, or authorisation of an act of bribery of a foreign public official shall be a criminal offence. Attempt and conspiracy to bribe a foreign public official shall be criminal offences to the same extent as attempt and conspiracy to bribe a public official of that Party.

3. Lögbrotin, sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. hér að framan, eru hér á eftir nefnd „mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns".

4. Í þessum samningi

a. merkir „erlendur opinber starfsmaður" hvern þann sem gegnir starfi hjá löggjafarvaldi, í stjórnsýslu eða við réttarvörslu í erlendu ríki, hvort sem hann er skipaður til starfans eða kjörinn, hvern þann sem gegnir opinberum störfum á vegum erlends ríkis, þar á meðal fyrir hönd opinberrar stofnunar eða fyrirtækis, og hvern þann embættismann eða starfsmann sem starfar á vegum opinberrar alþjóðastofnunar;

b. nær „erlent ríki" yfir öll stig og deildir stjórnsýslunnar, frá ríkisstjórn til sveitarstjórna;

c. felur „að vinna eða láta ógert að vinna einhver þau verk sem tengjast opinberum skyldum" í sér hvers kyns beitingu opinbers starfsmanns á stöðu sinni, hvort sem það er á valdsviði hans eða ekki.

2. gr.

Ábyrgð lögaðila.

Hver samningsaðili skal, í samræmi við meginreglur eigin laga, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að lögaðilar verði ábyrgir vegna mútugreiðslu til erlends opinbers starfsmanns.

3. gr.

Viðurlög.

1. Við mútugreiðslum til erlends opinbers starfsmanns skulu vera virk, hæfileg og letjandi refsiviðurlög. Refsiramminn skal vera sambærilegur við þann sem gildir um mútugreiðslur til opinberra starfsmanna samningsaðilans sjálfs og fela meðal annars í sér, þegar um einstaklinga er að ræða, frjálsræðissviptingu um nægilega langan tíma til að skilvirk gagnkvæm réttaraðstoð og framsal geti átt sér stað.

2. Nú háttar svo til í réttarkerfi einhvers samningsaðila að refsiábyrgð nær ekki til lögaðila og skal samningsaðilinn þá sjá til þess að við mútugreiðslum lögaðila til erlendra opinberra starfsmanna liggi virk, hæfileg og letjandi viðurlög, þar á meðal sektir.

3. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að leggja megi hald á og gera upptækar mútur til erlends opinbers starfsmanns og hagnað af þeim, ellegar eignir sem

3. The offences set out in paragraphs 1 and 2 above are hereinafter referred to as "bribery of a foreign public official".

4. For the purpose of this Convention:

a. "foreign public official" means any person holding a legislative, administrative or judicial office of a foreign country, whether appointed or elected; any person exercising a public function for a foreign country, including for a public agency or public enterprise; and any official or agent of a public international organisation;

b. "foreign country" includes all levels and subdivisions of government, from national to local;

c. "act or refrain from acting in relation to the performance of official duties" includes any use of the public official's position, whether or not within the official's authorised competence.

Article 2

Responsibility of Legal Persons

Each Party shall take such measures as may be necessary, in accordance with its legal principles, to establish the liability of legal persons for the bribery of a foreign public official.

Article 3

Sanctions

1. The bribery of a foreign public official shall be punishable by effective, proportionate and dissuasive criminal penalties. The range of penalties shall be comparable to that applicable to the bribery of the Party's own public officials and shall, in the case of natural persons, include deprivation of liberty sufficient to enable effective mutual legal assistance and extradition.

2. In the event that, under the legal system of a Party, criminal responsibility is not applicable to legal persons, that Party shall ensure that legal persons shall be subject to effective, proportionate and dissuasive non-criminal sanctions, including monetary sanctions, for bribery of foreign public officials.

3. Each Party shall take such measures as may be necessary to provide that the bribe and the proceeds of the bribery of a foreign public official, or property the value of which corresponds to that of such pro-

samsvara að verðmæti slíkum hagnaði, eða að beita megi fjársektum sem hafa sambærileg áhrif.

4. Hver samningsaðili skal taka til athugunar hvort beita beri viðbótarviðurlögum einkamálaréttar eða stjórnsýsluréttar gagnvart þeim sem beittur er viðurlögum fyrir mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns.

4. gr.

Lögsaga.

1. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja lögsögu sína vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns þegar brotið á sér stað að öllu leyti eða að hluta til á forráðasvæði samningsaðilans.

2. Hver sá samningsaðili, sem hefur lögsögu til að sækja ríkisborgara sína til saka vegna brota sem framin eru erlendis, skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja lögsögu sína vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns samkvæmt sömu meginreglum.

3. Nú hafa fleiri en einn samningsaðili lögsögu yfir meintu broti sem þessi samningur nær til og skulu þeir þá hafa samráð sín í milli, samkvæmt ósk eins þeirra, til að ákveða hver fari með saksókn.

4. Hver samningsaðili skal taka til athugunar hvort núverandi grundvöllur lögsögu hans skilar árangri í baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna og skal, sé ekki svo, ráðast í viðeigandi úrbætur.

5. gr.

Fullnusta.

Um rannsókn og ákæru vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns skal fara eftir þeim reglum og meginreglum sem eiga við hjá hverjum samningsaðila. Þar mega ekki hafa áhrif ástæður sem varða efnahagslega hagsmuni landsins, hugsanleg áhrif á tengsl við annað ríki eða deili viðkomandi einstaklings eða lögaðila.

6. gr.

Fyrningarfrestur.

Ákvæði um fyrningu brots, sem felur í sér mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns, skulu vera nægilega rúm til að tími gefist til rannsóknar og ákæru vegna brotsins.

ceeds, are subject to seizure and confiscation or that monetary sanctions of comparable effect are applicable.

4. Each Party shall consider the imposition of additional civil or administrative sanctions upon a person subject to sanctions for the bribery of a foreign public official.

Article 4

Jurisdiction

1. Each Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the bribery of a foreign public official when the offence is committed in whole or in part in its territory.

2. Each Party which has jurisdiction to prosecute its nationals for offences committed abroad shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction to do so in respect of the bribery of a foreign public official, according to the same principles.

3. When more than one Party has jurisdiction over an alleged offence described in this Convention, the Parties involved shall, at the request of one of them, consult with a view to determining the most appropriate jurisdiction for prosecution.

4. Each Party shall review whether its current basis for jurisdiction is effective in the fight against the bribery of foreign public officials and, if it is not, shall take remedial steps.

Article 5

Enforcement

Investigation and prosecution of the bribery of a foreign public official shall be subject to the applicable rules and principles of each Party. They shall not be influenced by considerations of national economic interest, the potential effect upon relations with another State or the identity of the natural or legal persons involved.

Article 6

Statute of Limitations

Any statute of limitations applicable to the offence of bribery of a foreign public official shall allow an adequate period of time for the investigation and prosecution of this offence.

7. gr.

Peningaþvætti.

Hver sá samningsaðili, sem hefur gert mútugreiðslur til eigin opinberra starfsmanna að yfirlýstu lögbroti í eigin löggjöf um peningaþvætti, skal fara eins að með mútugreiðslur til erlendra opinberra starfsmanna án tillits til þess hvar brotið á sér stað.

Article 7

Money Laundering

Each Party which has made bribery of its own public official a predicate offence for the purpose of the application of its money laundering legislation shall do so on the same terms for the bribery of a foreign public official, without regard to the place where the bribery occurred.

8. gr.

Bókhald.

1. Til þess að baráttan gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna skili árangri skal hver samningsaðili grípa til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru, innan ramma eigin laga og reglugerða um bókhald og bókhaldsskráningu, reikningsskilaupplýsingar og staðla um bókhald og endurskoðun, til að leggja bann við að fyrirtæki, sem falla undir þessi lög og reglugerðir, haldi óskráð bókhald, stundi viðskipti sem ekki eru skráð eða eru tilgreind með ófullnægjandi hætti, skrái útgjöld sem ekki eru greidd, skrái lánaskuldbindingar undir fölsku yfirskini og notist við fölsuð skjöl, með það fyrir augum að greiða erlendum opinberum starfsmönnum mútur eða hylma yfir slíkar greiðslur.

2. Hver samningsaðili skal setja virk, hæfileg og letjandi viðurlög í einkamála-, stjórnsýslu- eða refsirétt vegna slíkrar vanrækslu eða fölsunar í bókhaldi, skrám, bókhaldsreikningum og reikningsskilum téðra fyrirtækja.

Article 8

Accounting

1. In order to combat bribery of foreign public officials effectively, each Party shall take such measures as may be necessary, within the framework of its laws and regulations regarding the maintenance of books and records, financial statement disclosures, and accounting and auditing standards, to prohibit the establishment of off-the-books accounts, the making of off-the-books or inadequately identified transactions, the recording of non-existent expenditures, the entry of liabilities with incorrect identification of their object, as well as the use of false documents, by companies subject to those laws and regulations, for the purpose of bribing foreign public officials or of hiding such bribery.

2. Each Party shall provide effective, proportionate and dissuasive civil, administrative or criminal penalties for such omissions and falsifications in respect of the books, records, accounts and financial statements of such companies.

9. gr.

Gagnkvæm réttaraðstoð.

1. Hver samningsaðili skal, eftir því sem lög hans og viðeigandi alþjóðasamningar frekast leyfa, veita öðrum samningsaðilum skjóta og skilvirka réttaraðstoð við rannsókn og málsmeðferð í sakamálum sem samningsaðili hefur með höndum vegna brota sem falla undir þennan samning og við dómsmál, önnur en sakamál, sem falla undir þennan samning og samningsaðili rekur gegn lögaðilum. Samningsaðilinn, sem leitað er til, skal án tafar senda samningsaðilanum, sem leggur beiðnina fram, upplýsingar um hvert það atriði eða hver þau skjöl sem nauðsynlegt er að leggja fram til viðbótar til að styðja beiðni um aðstoð og, sé þess óskað, upplýsingar um hvernig farið hafi verið með beiðnina um aðstoð.

Article 9

Mutual Legal Assistance

1. Each Party shall, to the fullest extent possible under its laws and relevant treaties and arrangements, provide prompt and effective legal assistance to another Party for the purpose of criminal investigations and proceedings brought by a Party concerning offences within the scope of this Convention and for non-criminal proceedings within the scope of this Convention brought by a Party against a legal person. The requested Party shall inform the requesting Party, without delay, of any additional information or documents needed to support the request for assistance and, where requested, of the status and outcome of the request for assistance.

2. Nú gerir samningsaðili að skilyrði fyrir gagnkvæmri réttaraðstoð að brotið sé refsivert í báðum löndunum og skal það þá teljast eiga við ef brotið, sem er tilefni beiðninnar, fellur undir þennan samning.

3. Samningsaðili má ekki neita að veita gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum, sem falla undir þennan samning, á grundvelli bankaleyndar.

10. gr.
Framsal.

1. Mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns skulu teljast til þeirra brota sem leitt geta til framsals samkvæmt lögum samningsaðila og framsalssamningum sem þeir gera með sér.

2. Nú fær samningsaðili, sem gerir það að skilyrði fyrir framsali að framsalssamningur sé fyrir hendi, framsalsbeiðni frá öðrum samningsaðila sem hann hefur ekki gert framsalssamning við og má hann þá líta á þennan samning sem lagalegan grundvöll framsals að því er varðar mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns.

3. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja annaðhvort að hann geti framselt eigin ríkisborgara eða að hann geti ákært eigin ríkisborgara fyrir mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns. Nú synjar samningsaðili beiðni um framsal manns vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns af þeirri ástæðu einni að um er að ræða hans eigin ríkisborgara og skal hann þá vísa málinu til eigin lögbærra yfirvalda til ákæru.

4. Framsal vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns lýtur þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum og gildandi samningum hvers samningsaðila um sig. Nú gerir samningsaðili að skilyrði fyrir framsali að brotið sé refsivert í báðum löndunum og skal það þá teljast eiga við ef brotið, sem er tilefni framsalsbeiðninnar, fellur undir ákvæði 1. gr. þessa samnings.

11. gr.
Lögbær yfirvöld.

Að því er varðar 3. mgr. 4. gr. um samráð, 9. gr. um gagnkvæma réttaraðstoð og 10. gr. um framsal skal hver samningsaðili senda framkvæmdastjóra OECD tilkynningu um yfirvald eða yfirvöld sem

2. Where a Party makes mutual legal assistance conditional upon the existence of dual criminality, dual criminality shall be deemed to exist if the offence for which the assistance is sought is within the scope of this Convention.

3. A Party shall not decline to render mutual legal assistance for criminal matters within the scope of this Convention on the ground of bank secrecy.

Article 10
Extradition

1. Bribery of a foreign public official shall be deemed to be included as an extraditable offence under the laws of the Parties and the extradition treaties between them.

2. If a Party which makes extradition conditional on the existence of an extradition treaty receives a request for extradition from another Party with which it has no extradition treaty, it may consider this Convention to be the legal basis for extradition in respect of the offence of bribery of a foreign public official.

3. Each Party shall take any measures necessary to assure either that it can extradite its nationals or that it can prosecute its nationals for the offence of bribery of a foreign public official. A Party which declines a request to extradite a person for bribery of a foreign public official solely on the ground that the person is its national shall submit the case to its competent authorities for the purpose of prosecution.

4. Extradition for bribery of a foreign public official is subject to the conditions set out in the domestic law and applicable treaties and arrangements of each Party. Where a Party makes extradition conditional upon the existence of dual criminality, that condition shall be deemed to be fulfilled if the offence for which extradition is sought is within the scope of Article 1 of this Convention.

Article 11
Responsible Authorities

For the purposes of Article 4, paragraph 3, on consultation, Article 9, on mutual legal assistance and Article 10, on extradition, each Party shall notify to the Secretary-General of the OECD an authority or

annast sendingu og móttöku beiðna og taka að sér samskipti vegna þessara mála af hálfu samningsaðilans, með fyrirvara um aðra tilhögun milli samningsaðilanna.

12. gr.
Vöktun og eftirfylgni.

Samningsaðilarnir skulu starfa saman að gerð áætlunar um kerfisbundna eftirfylgni til að stuðla að og fylgja því eftir að þessum samningi sé beitt til fulls. Geri samningsaðilarnir ekki með sér samkomulag um annað skal þetta gert á vettvangi vinnuhóps OECD um mútugreiðslur í alþjóðlegum viðskiptum og í samræmi við umboð þess hóps, eða á vettvangi hvers þess hóps sem kann að taka við af honum og í samræmi við umboð hans, og skulu samningsaðilarnir bera kostnað af áætluninni í samræmi við reglur sem gilda um þennan hóp.

13. gr.
Undirritun og aðild.

1. Þar til þessi samningur öðlast gildi skal hann liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki OECD, auk þeirra ríkja sem eru ekki aðilar að stofnuninni en hefur verið boðið að gerast fullgildir þátttakendur í vinnuhópi hennar um mútugreiðslur í alþjóðlegum viðskiptum.

2. Eftir að þessi samningur hefur öðlast gildi skal öllum þeim ríkjum heimilt að gerast aðilar að honum sem eru ekki undirritunaraðilar en eru aðilar að OECD eða fullgildir þátttakendur í vinnuhópnum um mútugreiðslur í alþjóðlegum viðskiptum eða hverjum þeim hópi sem kann að taka við af honum. Að því er varðar hvert það ríki, sem er ekki undirritunaraðili, skal samningurinn öðlast gildi á sextugasta degi eftir að aðildarskjal þess er afhent til vörslu.

14. gr.
Fullgilding og vörsluaðili.

1. Þessi samningur er háður staðfestingu, samþykki eða fullgildingu af hálfu undirritunaraðila í samræmi við lög þeirra hvers um sig.

2. Skjöl um staðfestingu, samþykki, fullgildingu eða aðild skulu afhent framkvæmdastjóra OECD til vörslu og skal hann vera vörsluaðili þessa samnings.

authorities responsible for making and receiving requests, which shall serve as channel of communication for these matters for that Party, without prejudice to other arrangements between Parties.

Article 12
Monitoring and Follow-up

The Parties shall co-operate in carrying out a programme of systematic follow-up to monitor and promote the full implementation of this Convention. Unless otherwise decided by consensus of the Parties, this shall be done in the framework of the OECD Working Group on Bribery in International Business Transactions and according to its terms of reference, or within the framework and terms of reference of any successor to its functions, and Parties shall bear the costs of the programme in accordance with the rules applicable to that body.

Article 13
Signature and Accession

1. Until its entry into force, this Convention shall be open for signature by OECD members and by non-members which have been invited to become full participants in its Working Group on Bribery in International Business Transactions.

2. Subsequent to its entry into force, this Convention shall be open to accession by any non-signatory which is a member of the OECD or has become a full participant in the Working Group on Bribery in International Business Transactions or any successor to its functions. For each such non-signatory, the Convention shall enter into force on the sixtieth day following the date of deposit of its instrument of accession.

Article 14
Ratification and Depositary

1. This Convention is subject to acceptance, approval or ratification by the Signatories, in accordance with their respective laws.

2. Instruments of acceptance, approval, ratification or accession shall be deposited with the Secretary-General of the OECD, who shall serve as Depositary of this Convention.

15. gr.
Gildistaka.

1. Þessi samningur öðlast gildi á sextugasta degi eftir að fimm lönd af þeim tíu, sem eiga stærstan hlut í útflutningi (sjá viðauka) og flytja út samtals að minnsta kosti sextíu hundraðshluta samanlagðs heildarútflutnings þessara tíu landa, hafa afhent skjöl sín um staðfestingu, samþykki eða fullgildingu til vörslu. Að því er varðar hvern undirritunaraðila, sem afhendir skjal sitt til vörslu eftir slíka gildistöku samningsins, skal samningurinn öðlast gildi á sextugasta degi eftir að hann afhendir skjalið.

2. Hafi samningurinn ekki öðlast gildi 31. desember 1998 samkvæmt 1. mgr. getur hver sá undirritunaraðili, sem hefur afhent skjal sitt um staðfestingu, samþykki eða fullgildingu, lýst því yfir skriflega við vörsluaðilann að hann sé reiðubúinn að samþykkja að samningurinn öðlist gildi samkvæmt þessari 2. mgr. Samningurinn öðlast gildi að því er varðar þann undirritunaraðila á sextugasta degi eftir að slík yfirlýsing hefur verið afhent til vörslu af að minnsta kosti tveimur undirritunaraðilum. Að því er varðar undirritunaraðila, sem afhendir yfirlýsingu sína til vörslu eftir slíka gildistöku samningsins, öðlast samningurinn gildi á sextugasta degi eftir að yfirlýsingin er afhent til vörslu.

Article 15
Entry into Force

1. This Convention shall enter into force on the sixtieth day following the date upon which five of the ten countries which have the ten largest export shares (see annex), and which represent by themselves at least sixty per cent of the combined total exports of those ten countries, have deposited their instruments of acceptance, approval, or ratification. For each signatory depositing its instrument after such entry into force, the Convention shall enter into force on the sixtieth day after deposit of its instrument.

2. If, after 31 December 1998, the Convention has not entered into force under paragraph 1 above, any signatory which has deposited its instrument of acceptance, approval or ratification may declare in writing to the Depositary its readiness to accept entry into force of this Convention under this paragraph 2. The Convention shall enter into force for such a signatory on the sixtieth day following the date upon which such declarations have been deposited by at least two signatories. For each signatory depositing its declaration after such entry into force, the Convention shall enter into force on the sixtieth day following the date of deposit.

16. gr.
Breytingar.

Sérhver samningsaðili getur lagt til breytingar á þessum samningi. Breytingartillöguna skal senda vörsluaðila en hann skal dreifa henni til hinna samningsaðilanna að minnsta kosti sextíu dögum áður en hann boðar samningsaðila til fundar til að fjalla um tillöguna. Sérhver breyting, sem samningsaðilarnir ná samstöðu um eða samþykkt er með hverjum þeim hætti öðrum sem þeir koma sér saman um, skal öðlast gildi sextíu dögum eftir að allir samningsaðilarnir hafa afhent skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu, eða í samræmi við önnur skilyrði sem samningsaðilarnir kunna að tilgreina þegar breytingin er samþykkt.

Article 16
Amendment

Any Party may propose the amendment of this Convention. A proposed amendment shall be submitted to the Depositary which shall communicate it to the other Parties at least sixty days before convening a meeting of the Parties to consider the proposed amendment. An amendment adopted by consensus of the Parties, or by such other means as the Parties may determine by consensus, shall enter into force sixty days after the deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval by all of the Parties, or in such other circumstances as may be specified by the Parties at the time of adoption of the amendment.

17. gr.

Uppsögn.

Samningsaðili getur sagt þessum samningi upp með skriflegri tilkynningu sem er afhent vörsluaðila. Uppsögnin öðlast gildi einu ári eftir að tilkynningin berst. Eftir uppsögn skal samstarf haldast milli samningsaðilanna og samningsaðilans, sem sagt hefur samningnum upp, vegna allra beiðna um aðstoð eða framsal sem lagðar eru fram áður en uppsögnin öðlast gildi.

Article 17

Withdrawal

A Party may withdraw from this Convention by submitting written notification to the Depositary. Such withdrawal shall be effective one year after the date of the receipt of the notification. After withdrawal, co-operation shall continue between the Parties and the Party which has withdrawn on all requests for assistance or extradition made before the effective date of withdrawal which remain pending.

Viðauki.
Tölur yfir útflutning frá OECD-ríkjum.

Útflutningur frá OECD-ríkjum			
	1990–1996 milljónir USD	1990–1996 % af OECD í heild	1990–1996 % af 10 stærstu
Bandaríkin	287 118	15,9	19,7
Þýskaland	254 746	14,1	17,5
Japan	212 665	11,8	14,6
Frakkland	138 471	7,7	9,5
Breska konungsríkið	121 258	6,7	8,3
Ítalía	112 449	6,2	7,7
Kanada	91 215	5,1	6,3
Kórea (1)	81 364	4,5	5,6
Holland	81 264	4,5	5,6
Belgía-Lúxemborg	78 598	4,4	5,4
10 stærstu samtals	**1 459 148**	**81,0**	**100**
Spánn	42 469	2,4	
Sviss	40 395	2,2	
Svíþjóð	36 710	2,0	
Mexíkó (1)	34 233	1,9	
Ástralía	27 194	1,5	
Danmörk	24 145	1,3	
Austurríki*	22 432	1,2	
Noregur	21 666	1,2	
Írland	19 217	1,1	
Finnland	17 296	1,0	

Annex
STATISTICS ON OECD EXPORTS

Statistics on OECD Exports			
	1990–1996 US$ million	1990–1996 % of total OECD	1990–1996 % of total 10
United States	287 118	15.9	19.7
Germany	254 746	14.1	17.5
Japan	212 665	11.8	14.6
France	138 471	7.7	9.5
United Kingdom	121 258	6.7	8.3
Italy	112 449	6.2	7.7
Canada	91 215	5.1	6.3
Korea (1)	81 364	4.5	5.6
Netherlands	81 264	4.5	5.6
Belgium-Luxembourg	78 598	4.4	5.4
Total 10	**1 459 148**	**81.0**	**100**
Spain	42 469	2.4	
Switzerland	40 395	2.2	
Sweden	36 710	2.0	
Mexico (1)	34 233	1.9	
Australia	27 194	1.5	
Denmark	24 145	1.3	
Austria*	22 432	1.2	
Norway	21 666	1.2	
Ireland	19 217	1.1	
Finland	17 296	1.0	

Pólland (1)**	12 652	0,7	
Portúgal	10 801	0,6	
Tyrkland*	8 027	0,4	
Ungverjaland**	6 795	0,4	
Nýja-Sjáland	6 663	0,4	
Lýðveldið Tékkland***	6 263	0,3	
Grikkland*	4 606	0,3	
Ísland	949	0,1	
OECD samtals	**1 801 661**	**100**	

Athugasemdir: * 1990–1995; ** 1991–1996; *** 1993–1996.
Heimild: OECD, (1) Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Belgía-Lúxemborg: Hagskýrslur fyrir Belgíu og Lúxemborg eru ekki til nema fyrir bæði löndin í sameiningu. Að því er varðar 1. mgr. 15. gr. samningsins skal litið svo á, ef annaðhvort Belgía eða Lúxemborg afhendir skjal sitt um staðfestingu, samþykki eða fullgildingu, eða ef bæði Belgía og Lúxemborg afhenda skjöl sín um staðfestingu, samþykki eða fullgildingu, að eitt þeirra tíu ríkja sem eiga stærstan hlut í útflutningi hafi afhent skjal sitt og samanlagður útflutningur beggja ríkjanna skal talinn með upp í þá 60 hundraðshluta samanlagðs heildarútflutnings þessara tíu ríkja sem krafist er til að samningurinn geti öðlast gildi samkvæmt þessu ákvæði.

Poland (1)**	12 652	0.7	
Portugal	10 801	0.6	
Turkey*	8 027	0.4	
Hungary**	6 795	0.4	
New Zealand	6 663	0.4	
Czech Republic***	6 263	0.3	
Greece*	4 606	0.3	
Iceland	949	0.1	
Total OECD	**1 801 661**	**100**	

Notes: * 1990–1995; ** 1991–1996; *** 1993–1996

Source: OECD, (1) IMF

Concerning Belgium-Luxembourg: Trade statistics for Belgium and Luxembourg are available only on a combined basis for the two countries. For purposes of Article 15, paragraph 1 of the Convention, if either Belgium or Luxembourg deposits its instrument of acceptance, approval or ratification, or if both Belgium and Luxembourg deposit their instruments of acceptance, approval or ratification, it shall be considered that one of the countries which have the ten largest exports shares has deposited its instrument and the joint exports of both countries will be counted towards the 60 percent of combined total exports of those ten countries,which is required for entry into force under this provision.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mútur til opinbers starfsmanns).

Í frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á almennum hegningarlögum svo að unnt verði að fullgilda samning um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

116. Frumvarp til laga [116. mál]

um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Nú hefur starfsmaður lögaðila gefið, lofað eða boðið opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í þágu lögaðilans og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Sama gildir ef slíku er beint að erlendum opinberum starfsmanni eða starfsmanni opinberrar alþjóðastofnunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum og eru frumvörpin flutt til að unnt verði að fullgilda samning um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, sem undirritaður var í París 17. desember 1997.

Auk breytinga á almennum hegningarlögum er nauðsynlegt að með lögum verði lögð ábyrgð á lögaðila vegna mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna. Tillögur þar að lútandi er að finna í þessu frumvarpi. Í athugasemdum með fyrrgreindu frumvarpi til breytinga á almennum hegningarlögum er efni mútusamningsins rakið í helstu atriðum og fjallað um hvaða breytingar á lögum verði að gera til að unnt sé að fullgilda samninginn. Verður látið við það sitja að vísa til þeirrar umfjöllunar um önnur efni en þau sem varðar ábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 2. gr. mútusamningsins skal samningsaðili, í samræmi við meginreglur eigin laga, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að lögaðilar verði ábyrgir vegna mútugreiðslu til erlends opinbers starfsmanns. Þetta felur ekki í sér skuldbindingu til að lögfesta reglur um refsiábyrgð lögaðila, ef slíka heimild er ekki að finna í lögum samningsríkis. Þá

skal samningsaðili hins vegar sjá til þess að við mútugreiðslum liggi virk, hæfileg og letjandi viðurlög, þar á meðal fjárhagsviðurlög, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Til að laga íslenskan rétt að mútusamningnum þykir heppilegast og í sem bestu samræmi við markmið samningsins að lögð verði refsiábyrgð á lögaðila þegar brot er framið í hans þágu. Má finna viðurlög af því tagi í lögum sem mæla fyrir um heimild til leggja fésektir á lögaðila við tilteknar aðstæður. Kemur slík refsiábyrgð einkum til álita þegar starfsmaður hefur framið refsivert brot í þágu lögaðilans.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögaðila verði gerðar sektir ef starfsmaður hans hefur gefið, lofað eða boðið opinberum starfsmanni gjafir eða annan ávinning til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans. Þetta verður þó að vera gert í því skyni að lögaðilinn nái eða haldi viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi. Þykir ekki ástæða til að ganga lengra að því leyti, enda má almennt gera ráð fyrir að slíkar greiðslur í þágu lögaðila hafi viðskiptalegan tilgang, auk þess sem mútusamningurinn er bundinn við greiðslur af því tagi. Hins vegar er lagt til að refsiábyrgð verði lögð á lögaðila hvort heldur mútugreiðslu er beint að innlendum eða erlendum opinberum starfsmanni eða starfsmanni opinberrar alþjóðastofnunar. Þótt mútusamningurinn taki ekki til innlendra opinberra starfsmanna þykir refsiverndin ekki eiga að vera lakari þegar þeir eiga í hlut. Þá er frumvarpið reist á því að viðkomandi starfsmaður hafi sjáfur bakað sér refsiábyrgð skv. 109. gr. almennra hegningarlaga, svo sem lagt er til að því ákvæði verði breytt með frumvarpi því sem flutt er samhliða þessu frumvarpi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns.

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum en frumvörpin eru flutt til að unnt verði að fullgilda samning um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

117. Fyrirspurn [117. mál]

til iðnaðarráðherra um lækkun álverðs og lækkun orkuverðs.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvert er verðið á hverju tonni af áli á síðasta fjórðungi þessa árs? Hvað hefur verðið lækkað mikið miðað við afkomuáætlanir Landsvirkjunar í upphafi ársins 1998?

2. Hver eru áhrifin af lækkun álverðs á orkuverð sem stóriðjufyrirtækin greiða til Landsvirkjunar
   a. alls,
   b. á hverja kílóvattstund að meðaltali á þriggja mánaða tímabili?
3. Hver yrði tekjulækkunin af sölu Landsvirkjunar á raforku til stóriðju á næsta ári ef verðið héldist það sama út allt árið 1999 í samanburði við þær tekjur sem Landsvirkjun hafði af sölu á orku til stóriðju á árinu 1997?
4. Telur ráðherra tilefni til að endurskoða verðlagsviðmiðanir stóriðjufyrirtækja?
5. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða fyrri áætlanir um lækkun raforkuverðs til almennings?

118. Fyrirspurn [118. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afkomu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

1. Hver var afkoma atvinnutryggingardeildar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins árin 1995–97 og hver er áætluð afkoma deildarinnar árið 1998?
2. Hver var afkoma hlutafjárdeildar sjóðsins árin 1995–97 og hver er áætluð afkoma deildarinnar árið 1998?

Skriflegt svar óskast.

119. Fyrirspurn [119. mál]

til dómsmálaráðherra um áfengisauglýsingar.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við nýlegum dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli ákæruvaldsins gegn Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni vegna áfengisauglýsinga fyrirtækisins?

120. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um skattfrádrátt meðlagsgreiðenda.

Flm.: Guðni Ágústsson, Ólafur Örn Haraldsson, Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sem kanni hvort rétt sé að setja reglur sem heimili að meðlagsgreiðslur foreldra gangi til lækkunar á tekjuskattsstofni þeirra. Í þessu sambandi verði meðal annars skoðaðar þær reglur sem gilda á Norðurlöndunum og

hvort rétt sé að binda heimildina við þá foreldra sem hafa stofnað til hjúskapar eða hafið sambúð að nýju.

Nefndin skili niðurstöðum sínum fyrir 1. september 1999.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 122. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún miðar að því að kannað verði hvort rétt sé að setja í lög heimild til handa meðlagsskyldum foreldrum til að draga meðlagsgreiðslur frá tekjuskattsstofni og lækka þar með tekjuskattsgreiðslur þeirra. Hér eru fyrst og fremst hafðir í huga þeir foreldrar sem hafa gengið í hjónaband eða hafið sambúð að nýju. Þegar þannig háttar til hafa viðkomandi framfærsluskyldu gagnvart nýju fjölskyldunni sem þeim gengur oft og tíðum illa að fullnægja vegna greiðslubyrði sinnar af meðlagsgreiðslum. Í sumum tilfellum verður afleiðingin að greiðslubyrðin verður einstaklingunum ofviða og þeir lenda í stöðu sem þeir ná ekki að vinna sig út úr, t.d. gjaldþroti. Slíkt leiðir síðan til þess að viðkomandi foreldrar sjá sér ekki annan kost en að hefja svarta atvinnustarfsemi svo að hin nýja fjölskylda hafi til hnífs og skeiðar. Með því að heimila slíkan skattfrádrátt í ákveðnum afmörkuðum tilvikum væri hægt að koma í veg fyrir margan fjölskylduharmleikinn.

Í Noregi og Danmörku er foreldrum heimilt að draga frá tekjuskattsstofni greitt meðlag að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Eðlilegt er því að skoða hvort ekki sé rétt að hafa sama hátt á hér á landi.

121. Frumvarp til laga [121. mál]

um lífsýnasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmiðið með lögum þessum er að heimila söfnun, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna úr mönnum með þeim hætti að persónuvernd sé trygg og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til söfnunar lífsýna, vörslu, notkunar og vistunar þeirra í lífsýnasöfnum.

Lögin taka ekki til tímabundinnar vörslu lífsýna sem safnað er vegna þjónusturannsókna eða afmarkaðra vísindarannsókna, enda sé slíkum sýnum eytt þegar þjónustu eða rannsókn lýkur. Sé óskað eftir varðveislu slíkra sýna til frambúðar skal vista þau í lífsýnasafni.

Lögin gilda ekki um geymslu kynfrumna og fósturvísa samkvæmt tæknifrjóvgunarlögum, líffæra samkvæmt lögum um brottnám líffæra eða líkamsleifa samkvæmt þjóðminjalögum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Lífsýni:* Líffræðilegt efni úr mönnum, lifandi eða látnum.
2. *Lífsýnasafn:* Safn líffræðilegra efna úr mönnum, lifandi eða látnum, sem geymd eru til frambúðar.
3. *Vísindarannsókn:* Rannsókn sem ætlað er að auka við þekkingu, m.a. til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma.
4. *Þjónusturannsókn:* Rannsókn sem framkvæmd er vegna heilbrigðisþjónustu við einstaklinga.
5. *Upplýst, óþvingað samþykki:* Samþykki sem veitt er skriflega og af fúsum og frjálsum vilja eftir að lífsýnisgjafi hefur verið upplýstur um markmið með töku sýnisins, gagnsemi, áhættu samfara tökunni og að lífsýnið verði varðveitt til frambúðar á lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr.
6. *Ætlað samþykki:* Samþykki sem felst í því að lífsýnisgjafi hefur ekki lýst sig mótfallinn því að lífsýni sem tekið er úr honum við þjónusturannsókn verði varðveitt til frambúðar á lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr., enda hafi skriflegar upplýsingar um að slíkt kynni að verða gert verið aðgengilegar.
7. *Lífsýnisgjafi:* Einstaklingur sem lífsýni er úr.

II. KAFLI

Stofnun og starfræksla lífsýnasafna.

4. gr.

Heimild til stofnunar og starfrækslu.

Stofnun og starfræksla lífsýnasafns, þ.e. söfnun, varsla, notkun og vistun, er einungis heimil þeim sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn landlæknis, tölvunefndar og vísindasiðanefndar.

5. gr.

Skilyrði fyrir leyfi.

Leyfi til stofnunar og starfrækslu lífsýnasafns er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Uppfyllt séu ákvæði laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem kunna að verða sett á grundvelli þeirra.
2. Lífsýnasafnið sé staðsett hér á landi.
3. Fyrir liggi skýr markmið með starfrækslu.
4. Gerð sé grein fyrir aðstöðu til varðveislu lífsýna.
5. Starfsreglur lífsýnasafnsins liggi fyrir, þar með taldar reglur lífsýnasafnsins um fyrirkomulag erlends samstarfs.
6. Tilnefnd sé safnstjórn, sbr. 6. gr., og einn einstaklingur sem sé ábyrgur fyrir lífsýnasafninu.
7. Ábyrgðarmaður lífsýnasafnsins hafi menntun á sviði heilbrigðisþjónustu eða sambærilega menntun.

Ráðherra getur bundið leyfi frekari skilyrðum.

6. gr.

Stjórn lífsýnasafns.

Leyfishafi skipar a.m.k. þriggja manna stjórn yfir hverju lífsýnasafni sem skal hafa eftirlit með starfsemi þess. Stjórnin hefur upplýsingaskyldu gagnvart landlækni, tölvunefnd og vísindasiðanefnd um lífsýni og starfsemi lífsýnasafnsins.

III. KAFLI
Söfnun, meðferð og aðgangur að lífsýnum.

7. gr.

Samþykki lífsýnisgjafa.

Við öflun lífsýnis til vörslu í lífsýnasafni skal leitað eftir upplýstu, óþvinguðu samþykki þess sem lífsýnið gefur.

Hafi lífsýnum verið safnað vegna þjónusturannsókna má ganga út frá ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að lífsýnið verði vistað á lífsýnasafni.

8. gr.

Varðveisla lífsýna.

Lífsýni skulu tryggilega geymd og merkt, en varðveitt án persónuauðkenna. Tengsl lífsýna við persónuauðkenni skulu vera með þeim hætti sem tölvunefnd metur fullnægjandi.

Varsla lífsýna skal vera þannig að þau glatist hvorki né skemmist og að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

Ákveði leyfishafi að hætta rekstri lífsýnasafns, eða sé hann sviptur leyfi skv. 14. gr., skal ráðherra að fengnu áliti landlæknis, tölvunefndar og vísindasiðanefndar taka ákvörðun um ráðstöfun lífsýnasafnsins, en jafnan taka tillit til óska og tillagna leyfishafa.

9. gr.

Aðgangur að lífsýnasafni og notkun lífsýna.

Lífsýni skulu að jafnaði ekki notuð í öðrum tilgangi en þeim var ætlað þegar þau voru tekin. Safnstjórn getur heimilað aðgang að lífsýnum til frekari greiningar sjúkdóma, til notkunar við gæðaeftirlit, aðferðaþróun og kennslu, enda skemmist lífsýnin ekki eða eyðist af slíkri notkun og séu ekki með persónuauðkennum.

Aðgang vegna vísindarannsókna skal safnstjórn aðeins heimila að fengnu samþykki tölvunefndar og að fyrir liggi rannsóknaráætlun samþykkt af vísindasiðanefnd eða siðanefnd viðkomandi heilbrigðisstofnunar.

Safnstjórn getur, að fengnu samþykki tölvunefndar og eftir atvikum vísindasiðanefndar, heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en ætlað var þegar þau voru tekin, enda mæli brýnir hagsmunir með því og ávinningurinn vegi þyngra en hugsanlegt óhagræði fyrir lífsýnisgjafann eða aðra aðila.

Sé fyrirhugað að nota lífsýni merkt með persónuauðkennum við vísindarannsóknir ber að afla skriflegs samþykkis lífsýnisgjafa fyrir því.

10. gr.

Umráðaréttur.

Leyfishafi telst ekki eigandi lífsýnanna en hefur umráðarétt yfir þeim með þeim takmörkunum sem lög kveða á um og ber ábyrgð á að meðferð þeirra sé í samræmi við ákvæði laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra. Leyfishafa er því óheimilt að framselja lífsýnin eða setja þau að veði til tryggingar fjárskuldbindingum og þau eru ekki aðfararhæf.

Visti vísindamaður lífsýni í lífsýnasafni skal gengið frá umráðarétti með skriflegum samningi við safnstjórn.

11. gr.

Þagnarskylda.

Allir starfsmenn lífsýnasafna og þeir sem fá aðgang að þeim eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst eftir að starfi, rannsókn eða kennslu lýkur.

IV. KAFLI
Eftirlit og upplýsingaskylda.

12. gr.

Eftirlit.

Landlæknir annast eftirlit með lífsýnasöfnum, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki í höndum tölvunefndar eða vísindasiðanefndar.

Landlæknir skal árlega gefa út skrá um lífsýnasöfn, tilgang þeirra, starfsemi og starfsreglur. Í skránni skal m.a. koma fram hverjir skipi stjórn hvers safns og hver sé ábyrgðarmaður. Skrá þessi skal kynnt og vera aðgengileg almenningi.

13. gr.

Upplýsingaskylda stjórnvalda og stjórna lífsýnasafna.

Stjórnvöldum er skylt að kynna ítarlega fyrir almenningi ákvæði laga þessara um lífsýnasöfn, sérstaklega ákvæðið um ætlað samþykki lífsýnisgjafa vegna þjónusturannsóknar, svo og rétt einstaklinga skv. 7. gr. og 2. mgr. 13. gr.

Landlækni eða safnstjórn er skylt að veita einstaklingi upplýsingar um hvort lífsýni úr honum eru geymd í lífsýnasafni og hvers konar lífsýni það eru.

V. KAFLI
Refsingar og önnur viðurlög.

14. gr.

Ráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða leyfishafi verður ófær um að reka safnið. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki skilyrðum þeim sem sett eru í leyfinu skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfi. Sé um ásetning að ræða eða stórfellt gáleysi getur ráðherra afturkallað starfsleyfi án undanfarandi aðvörunar eða frests til úrbóta.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögunum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.
16. gr.
Stjórnvaldsfyrirmæli.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um frekari framkvæmd laga þessara.

17. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Á þeim lífsýnasöfnum sem starfrækt eru við gildistöku laga þessara skal þegar hafinn undirbúningur að nauðsynlegum breytingum á starfsemi þannig að hún verði að fullu í samræmi við fyrirmæli laganna 1. janúar 2001.

II.

Áður en lögin taka gildi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fela landlæknisembættinu að annast ítarlega kynningu meðal almennings á lífsýnasöfnum og reglum sem gilda um söfnun og notkun lífsýna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um lífsýnasöfn byggist að miklu leyti á drögum siðaráðs landlæknis að frumvarpi til laga um lífsýni sem ráðið vann á árunum 1996–97. Siðaráðið sendi fyrirspurn til lífsýnasafna um gildandi starfsreglur og kynnti sér starfsemina. Taldi ráðið nauðsyn bera til að sett yrðu lög um þessa starfsemi. Frumvarpsdrögin komu til umfjöllunar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu vorið 1998. Á vegum ráðuneytisins var síðan myndaður vinnuhópur sem útfærði tillögurnar nánar í júlí, ágúst og september 1998.

Vinnuhópinn skipa eftirtaldir:

Guðmundur H. Pétursson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, tilnefndur af landlækni, Guðríður Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Jóhann Heiðar Jóhannsson læknir, sérfræðingur á rannsóknastofu Háskólans í meinafræði, Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, formaður, Ragnhildur Arnljótsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Sveinn Guðmundsson, forstöðulæknir Blóðbankans, Sveinn Magnússon héraðslæknir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, og Þórir Haraldsson, aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Vinnuhópurinn fékk á sinn fund ýmsa sérfræðinga á sviði læknisfræði, siðfræði, rannsókna og öryggis persónuupplýsinga. Þannig átti vinnuhópurinn m.a. fundi með forsvarsmönnum stærstu lífsýnasafnanna hér á landi.

Meginmarkmið löggjafar á þessu sviði er að styrkja starfsemi þeirra lífsýnasafna sem til eru hér á landi, hvetja til vísinda- og þjónusturannsókna, styrkja samstarf fagaðila hér á landi og samstarf íslenskra vísindamanna við erlenda stéttarbræður þeirra íslenskri heilbrigðisþjónustu og vísindastarfi til heilla. Í frumvarpinu er sérstaklega reynt að tryggja að varsla, meðferð og nýting lífsýna úr mönnum verði með þeim hætti að virðing og réttindi þegnanna séu tryggð og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill.

Hér á landi eru nokkur mjög verðmæt söfn lífsýna. Þau eru sum hver árangur af marga áratuga vinnu heilbrigðisstarfsmanna. Lífsýnasöfnin eru ekki hvað síst verðmæt í ljósi vísindalegra, heilsufarslegra og læknisfræðilegra sjónarmiða. Lífsýnasöfnin hafa m.a. skapað grunn að sívaxandi vísindasamfélagi hér á landi síðustu áratugina. Í mörgum tilvikum hefur verðmætt safn lífsýna ýtt undir áhuga erlendra aðila, vísindastofnana og rannsóknasjóða til ýmiss konar samstarfsverkefna íslenskra og erlendra vísindamanna. Því er nauðsynlegt að löggjafinn skapi umgjörð um lífsýni almenningi, sjúklingum og vísindasamfélaginu til heilla. Með frumvarpinu er leitast við að hlúa að rekstri þeirra lífsýnasafna sem nú þegar eru til í landinu, jafnframt því að skapa umgjörð um ný lífsýnasöfn. Í frumvarpinu er gerð grein fyrir réttindum og skyldum leyfishafa er tengjast vörslu á lífsýnum. Þá er reynt að tryggja aðgengi vísindamanna á grundvelli starfsreglna og þeirra venja er tíðkast hafa í vísindaheiminum um margra áratuga skeið með góðum árangri. Skylda opinberra aðila, svo sem heilbrigðisráðherra, landlæknis, tölvunefndar og vísindasiðanefndar, til að tryggja eftirlit með þessum lífsýnasöfnum er fest í sessi.

Vinnuhópurinn kynnti sér sérstaklega samning um verndun mannréttinda og mannlegrar reisnar að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði, samning um mannréttindi og líflæknisfræði sem samþykktur var af ráðherranefnd Evrópuráðsins 19. nóvember 1996 og undirritaður af Íslands hálfu í apríl 1997. Einnig kynnti vinnuhópurinn sér ýmis tilmæli og ráðleggingar ráðherranefndar og ráðgjafarþings Evrópuráðsins um heilbrigðismál og vísindarannsóknir á mönnum, svo sem tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R (78) 29 um samræmingu löggjafar í aðildarríkjunum varðandi brottnám, ígræðslu og flutning vefefna úr mönnum, tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R (79) 5 til aðildarríkjanna varðandi alþjóðleg skipti og flutninga vefefna úr mönnum, tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R (90) 3 til aðildarríkjanna varðandi læknisfræðilegar vísindarannsóknir á mönnum, tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R (92) 3 til aðildarríkjanna varðandi erfðarannsóknir í heilbrigðisskyni og ráðleggingar ráðgjafarþings Evrópuráðsins 934 (1982) um erfðatækni, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Þá kynnti vinnuhópurinn sér nýtt álit frá Evrópsku vísindasiðanefndinni, dags. 21. júlí 1998, „The European Group of Ethics in Science and New Technologies to the European Commission: Adoption of an Opinion on Human Tissue Banking."

Einnig kannaði hópurinn Helsinki-yfirlýsinguna, með síðari breytingum, um ráðleggingar og leiðbeiningar fyrir lækna varðandi læknisfræðirannsóknir sem gerðar eru á mönnum, er samþykkt var á þingi Alþjóðafélags lækna í Helsinki árið 1964. Þá má nefna ýmis gögn Evrópuráðsins og yfirlýsingu HUGO-áætlunarinnar (Human Genome Project). Í þessum gögnum, sem hafa þjóðréttarlegt gildi, er tekið á atriðum eins og friðhelgi einkalífs, umgjörð vísindarannsókna, verndun persónuupplýsinga, banni við misnotkun erfðaupplýsinga og almennum öryggissjónarmiðum við geymslu heilsufarsgagna á upplýsingaöld, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Víða um lönd hafa verið sett lög um líffæra- og lífsýnabanka í tengslum við flutninga líffæra og vefefna milli manna. Lagasetning um lífsýnasöfn, þar sem söfnin þjóna fyrst og fremst vísindalegum tilgangi, er hins vegar á frumstigi.

Meginatriði frumvarpsins.

Rétt er að vekja athygli á helstu álitamálum sem til umræðu komu við gerð frumvarpsins, en þau eru eignarréttur að lífsýnum, fyrirkomulag samþykkis lífsýnisgjafa og vernd persónuupplýsinga.

Eignarréttur að lífsýnum.

Við umfjöllun um lífsýnasöfn verður ekki hjá því komist að taka afstöðu til þess hvort leyfishafi verði eigandi þeirra lífsýna sem vistuð eru í lífsýnasafni hans. Í hefðbundinni skilgreiningu eignarréttarins felst að eigandinn einn hefur heimild til umráða og ráðstöfunar verðmæta, oftast fjárhagslegra. Þá felst það í eignarréttindum að eigandinn getur fylgt heimildum sínum eftir með þvingunum ef á þarf að halda, oftast fyrir atbeina dómstóla og eftir atvikum annarra handhafa opinbers valds. Þá er það einkenni eignarréttinda að aðilaskipti geta orðið að þeim og að þau verða metin til fjár á peningalegan mælikvarða.

Vegna eðlis lífsýna og þess hvernig til lífsýnasafna er stofnað geta þau hvorki né mega lúta lögmálum eignarréttar í venjulegum skilningi. Leyfishafi lífsýnasafns telst því ekki eigandi lífsýnanna; hann getur ekki selt þau eða veðsett. Hann fær hins vegar ákveðinn umráða- og ráðstöfunarrétt yfir þeim, sem nánar er kveðið á um í frumvarpinu.

Samþykki lífsýnisgjafa.

Samkvæmt frumvarpinu verður lífsýni einvörðungu vistað í lífsýnasafni með samþykki lífsýnisgjafa. Samþykki getur annaðhvort verið ætlað eða upplýst, óþvingað samþykki. Í 5. tölul. 3. gr. frumvarpsins er skilgreint nákvæmlega hvaða kröfur eru gerðar til upplýsts, óþvingaðs samþykkis. Ætlað samþykki er skilgreint í 6. tölul. 3. gr. Þar er gert ráð fyrir að við töku lífsýnis við þjónusturannsókn verði lífsýnisgjafi að lýsa sig mótfallinn því að sýnið verði vistað á safni. Hafi lífsýnisgjafinn ekki gert neina athugasemd getur farið svo að sýnið verði vistað á lífsýnasafni. Í frumvarpinu er lögð sú skylda á stjórnvöld að kynna efni þess rækilega fyrir almenningi, m.a. hvað felist í samþykki lífsýnisgjafa. Sérstaklega er tekið fram í ákvæði til bráðabirgða með frumvarpinu að landlæknisembættið eigi að annast ítarlega kynningu meðal almennings á fyrirkomulagi lífsýnasöfnunar.

Persónuvernd.

Áhætta af starfrækslu lífsýnasafna felst aðallega í hugsanlegri misnotkun upplýsinga eða niðurstöðum rannsókna á lífsýnum. Því er í frumvarpinu lögð rík áhersla á að tryggja öryggi persónuupplýsinga í íslenskum lífsýnasöfnum. Mikilvægur þáttur í starfi heilbrigðisstétta er að tryggja persónuvernd og öryggi heilsufarsupplýsinga. Löggjafar- og framkvæmdarvaldið hafa leitast við að tryggja vernd heilsufarsupplýsinga með setningu laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, læknalaga, nr. 53/1988, laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 449/1997, svo nokkur dæmi séu tekin.

Starfræksla lífsýnasafna um margra áratuga skeið og almenn varðveisla heilsufarsupplýsinga hefur hvorki orðið tilefni til tortryggni meðal almennings í garð heilbrigðisstétta né hafa komið í ljós tilvik misnotkunar eða vanrækslu. Þrátt fyrir það er sjálfsagt að tryggja í frumvarpinu að öryggis persónuupplýsinga á lífsýnasöfnum sé gætt. Þess vegna er það m.a. sett sem skilyrði leyfis til reksturs lífsýnasafns að umsögn tölvunefndar liggi fyrir. Þá hafa leyfishafar lífsýnasafna upplýsingaskyldu gagnvart tölvunefnd, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar fumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um það markmið laganna að heimila söfnun, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna þannig að persónuvernd sé tryggð og að lífsýnin verði eingöngu nýtt í vísindalegum eða læknisfræðilegum tilgangi.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Lögin taka einungis til söfnunar, vörslu, notkunar og vistunar lífsýna í lífsýnasöfnum. Þannig taka lögin ekki til tímabundinnar vörslu lífsýna vegna þjónusturannsókna. Þá taka lögin ekki til afmarkaðra vísindarannsókna, en í leyfum sem vísindasiðanefnd eða siðanefndir sjúkrastofnana veita fyrir vísindarannsóknum er iðulega kveðið á um eyðingu lífsýna eftir að rannsókn lýkur. Hér má jafnframt benda á að um þjónusturannsóknir eða afmarkaðar vísindarannsóknir gilda ákvæði ýmissa annarra laga og reglugerða, svo sem laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, læknalaga, nr. 53/1988, laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og reglugerðar um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 449/1997.

Ef gert er ráð fyrir að lífsýni, sem tekin eru í tengslum við vísindarannsókn eða þjónusturannsókn, séu varðveitt til frambúðar skal varðveita þau á lífsýnasafni.

Lögin gilda ekki um geymslu kynfrumna eða fósturvísa samkvæmt lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, líffæra samkvæmt lögum um brottnám líffæra, nr. 16/1991, eða varðveislu líkamsleifa samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 88/1989.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á meginhugtökum laganna.

Um 1. tölul.

Ákveðið var að hafa skilgreininguna eins rúma og unnt væri þannig að með lífsýni í frumvarpinu er átt við allt líffræðilegt efni sem tekið er úr mönnum, bæði lifandi og látnum.

Um 2. tölul.

Hér er lögð áhersla á það að með lífsýnasafni í frumvarpinu er einvörðungu átt við safn þar sem lífsýni eru vistuð til frambúðar.

Um 3. tölul.

Þessi skilgreining á vísindarannsókn er samhljóða skilgreiningu 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 449/1997, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Um 4. tölul.

Undir þjónusturannsókn falla allar rannsóknir sem gerðar eru á notendum heilbrigðisþjónustu, hvort sem það er vegna þess að viðkomandi hefur lagst inn á sjúkrahús eða leitað til heilbrigðisstofnunar eða læknis. Munurinn á þjónusturannsókn og vísindarannsókn er sá að við vísindarannsókn er það vísindamaðurinn sem leitar eftir samstarfi við einstaklinginn, en við þjónusturannsókn er það oftast einstaklingurinn sem leitar eftir þjónustu eða aðstoð heilbrigðisstofnana.

Um 5. tölul.

Við skilgreiningu á upplýstu, óþvinguðu samþykki var m.a. höfð hliðsjón af umfjöllun um samþykki í 10. gr. laga um réttindi sjúklinga.

Um 6. tölul.

Í þessu ákvæði er að finna skilgreiningu á ætluðu samþykki. Hér er m.a. höfð hliðsjón af 9. gr. laga um réttindi sjúklinga. Lífsýnisgjafi verður að tiltaka það sérstaklega ef hann er mótfallinn því að lífsýni úr honum sé vistað á lífsýnasafni.

Um 7. tölul.

Hér er skilgreint hugtakið lífsýnisgjafi en það er einstaklingur sem lífsýni er úr.

Um 4. gr.

Stofnun og starfræksla lífsýnasafns er einungis heimil með leyfi heilbrigðisráðherra. Með starfrækslu er átt við söfnun, vörslu, notkun og vistun. Ekki þarf leyfi ráðherra til tímabund-

innar vörslu lífsýna vegna þjónusturannsókna og einstakra vísindaverkefna, sbr. athugasemdir við 2. gr. Ráðherra skal afla umsagnar landlæknis, vísindasiðanefndar og tölvunefndar áður en leyfi er veitt. Umsögn tölvunefndar er nauðsynleg, m.a. til að vernd persónuupplýsinga verði sem öruggust hjá safninu.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. eru sett skilyrði fyrir því að aðili geti fengið leyfi til stofnunar og starfrækslu lífsýnasafns.

Í fyrsta lagi er sett fram það almenna skilyrði að umsækjandi uppfylli öll ákvæði frumvarpsins og þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem sett kunna að verða á grundvelli þess.

Í öðru lagi er það gert að skilyrði að lífsýnasafn sé staðsett hér á landi. Er þetta skilyrði sett til að hægt verði að koma við fullnægjandi eftirliti íslenskra stjórnvalda með rekstri lífsýnasafnsins og varðveislu lífsýnanna.

Í þriðja lagi er kveðið á um það skilyrði að skýr markmið með starfrækslu liggi fyrir, svo sem að lífsýnunum sé safnað í tilgreindum vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi.

Í fjórða lagi þarf umsækjandi að gera grein fyrir því hvernig varðveislu lífsýnanna er háttað. Þetta skilyrði er sett til að tryggja að lífsýnin skemmist hvorki né glatist vegna ófullnægjandi aðstæðna á lífsýnasafninu.

Í fimmta lagi er kveðið á um að starfsreglur liggi fyrir og að þar séu ákvæði um erlent samstarf. Þau lífsýnasöfn sem nú eru starfandi hér á landi hafa flest sett sér starfsreglur. Sú leið var farin í frumvarpinu að setja starfsemi lífsýnasafnanna ekki of þröngar skorður með því að skilgreina í smáatriðum hvernig starfi þeirra verði háttað.

Í sjötta lagi ber leyfishafa að tilnefna safnstjórn, auk þess sem einn einstaklingur skal vera ábyrgðarmaður lífsýnasafnsins. Til að tryggja hæfni ábyrgðarmannsins skal hann hafa menntun á sviði heilbrigðisþjónustu eða sambærilega menntun. Ekkert er því til fyrirstöðu að ábyrgðarmaður lífsýnasafnsins sé jafnframt stjórnarmaður.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að hvert lífsýnasafn hafi sérstaka stjórn, sbr. 5. gr. Stjórninni, ásamt ábyrgðarmanninum, er ætlað að tryggja að við daglega starfsemi safnsins sé fylgt fyrirmælum laga og reglugerða og gætt þeirra skilyrða sem sett voru fyrir starfsleyfi safnsins. Þá er stjórnin, ásamt ábyrgðarmanni, ábyrg fyrir rekstri safnsins, ráðstöfun lífsýna og vörslu. Stjórnin hefur upplýsingaskyldu gagnvart landlækni, tölvunefnd og vísindasiðanefnd.

Um 7. gr.

Við öflun lífsýna skal fylgt ákvæðum um upplýst, óþvingað samþykki sýnisgjafa, en við sérstakar aðstæður, svo sem við þjónusturannsókn, má ganga út frá ætluðu samþykki sjúklings, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum.

Um 8. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tölvunefnd hafi eftirlit með því að öryggi persónuupplýsinga sé tryggt. Tölvunefnd hefur þegar mikla reynslu af því að þróa reglur um vinnuferli sem tryggja eiga persónuvernd við vísindarannsóknir.

Það er eitt af skilyrðunum fyrir leyfi til reksturs lífsýnasafns að aðstæður til geymslu og varðveislu lífsýna séu fullnægjandi. Tryggt þarf að vera að rekstur safnsins sé þannig að lífsýni glatist ekki eða skemmist.

Ef lífsýnasafn hættir rekstri er gert ráð fyrir að ráðherra taki ákvörðun um ráðstöfun safnsins eftir að leitað hefur verið álits landlæknis, vísindasiðanefndar og tölvunefndar. Leyfishafi getur þó gert tillögur um ráðstöfun safnsins. Í virðingarskyni við starf þeirra aðila sem safnað hafa lífsýnum og byggt upp lífsýnasöfn á undanförnum áratugum er eðlilegt að tekið sé tillit til óska þeirra eins og unnt er.

Um 9. gr.

Ákvæði 9. gr. fjalla um aðgang að lífsýnasafni til vísindarannsókna, frekari greiningar sjúkdóma, kennslu og gæðaeftirlits. Þar segir að sýni skuli að jafnaði ekki notuð í öðrum tilgangi en þeim var ætlað í upphafi, en undantekningar frá því eru mögulegar með samþykki vísindasiðanefndar.

Aðgang vegna vísindarannsókna getur safnstjórn ekki heimilað nema að fengnu samþykki tölvunefndar og að fyrir liggi rannsóknaráætlun samþykkt af vísindasiðanefnd eða siðanefnd viðkomandi heilbrigðisstofnunar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 449/1997, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, líkt og gildir almennt um vísindarannsóknir. Safnstjórn getur að fengnu samþykki tölvunefndar (og vísindasiðanefndar þegar það á við) heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en hinum upphaflega, að uppfylltum skilyrðum sem lýst er í greininni. Dæmi um slíkt gætu tengst erfðamálum eða laganauðsyn.

Um 10. gr.

Svo sem gerð var grein fyrir í almennum athugasemdum hér á undan eignast leyfishafi lífsýnasafns ekki lífsýnin. Hann fær ákveðinn umráða- og ráðstöfunarrétt yfir þeim, eins og nánar er kveðið á um í frumvarpinu. Að öðru leyti en kveðið er á um í frumvarpinu er leyfishafanum óheimilt að framselja lífsýnin. Honum er óheimilt að setja lífsýni að veði fyrir fjárskuldbindingum og þau eru ekki aðfararhæf. Nauðsynlegt er að setja þessi skilyrði til að tryggja öryggi lífsýnanna og hagnýtingarmöguleika ef röskun verður á starfsemi leyfishafans.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir skriflegum samningi við safnstjórn um umráðarétt lífsýnis ef vísindamaður vistar það í lífsýnasafni.

Um 11. gr.

Ákvæðið er byggt á 1. mgr. 26. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og 12. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu landlæknis til að gefa árlega út skrá um lífsýnasöfn sem aðgengileg er fyrir almenning. Skránni er einnig ætlað að tryggja að réttar upplýsingar um stjórn og ábyrgðarmann hvers safns séu ávallt til reiðu. Þetta er liður í því almenna kynningarstarfi sem heilbrigðisyfirvöldum ber að viðhafa í tengslum við lífsýnasöfnin.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er ítrekuð sú skylda heilbrigðisyfirvalda að kynna almenningi rekstur lífsýnasafna, rétt einstaklinga og hvað felst í ætluðu samþykki. Almenningi verður að vera ljóst að við þjónusturannsóknir verður að taka það sérstaklega fram óski viðkomandi ekki eftir því að lífsýni hans verði vistað á lífsýnasafni og með hvaða einfalda hætti hann geti komið slíkri ósk á framfæri.

Í 2. mgr. er tryggður upplýsingaréttur einstaklings um það hvort lífsýni úr honum eru geymd á lífsýnasöfnum og um hvers konar lífsýni er að ræða.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um heimild ráðherra til að afturkalla leyfi ef brotið er gegn ákvæðum laganna eða skilyrðum leyfis er ekki fullnægt. Áður en rekstrarleyfi er afturkallað skal ráðherra þó veita leyfishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sé um að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi getur ráðherra afturkallað leyfi án þess að gefa aðvörun eða veita frest til úrbóta.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða sams konar ákvæðum í lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Um 16.–17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðum til bráðabirgða eru tekin af öll tvímæli um að starfræksla núverandi lífsýnasafna er heimil í samræmi við almenn ákvæði laga um réttindi sjúklinga, reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og fleiri lög eftir atvikum, þrátt fyrir þessi nýju lög. Fyrir ársbyrjun 2001 skal lokið aðlögun núverandi lífsýnasafna að ákvæðum þessara laga. Ákveðið var að veita núverandi lífsýnasöfnum ríflegan aðlögunartíma.

Áður en lögin taka gildi skal landlæknir kynna lífsýnasöfn ítarlega fyrir almenningi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lífsýnasöfn.

Markmið frumvarpsins er að heimila söfnun, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna úr mönnum enda sé persónuvernd tryggð og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill. Með frumvarpinu eru sett skilyrði fyrir starfrækslu lífsýnasafna, stjórn þeirra og öruggri varðveislu sýna. Samkvæmt frumvarpinu gefur heilbrigðismálaráðherra út rekstrarleyfi fyrir lífsýnasöfn og landlækni er falið eftirlit með starfsemi þeirra. Með frumvarpinu er stjórnvöldum gert skylt að kynna almenningi ítarlega rétt einstaklinga og lífsýnisgjafa og svara fyrirspurnum þeirra um hvort lífsýni úr þeim séu geymd á lífsýnasöfnum. Aukinn kostnaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og landlæknis af útgáfu leyfa, eftirliti, afgreiðslu fyrirspurna og almennu kynningarstarfi er áætlaður um 2–3 m.kr. á ári. Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er kveðið á um sérstaka kynningu meðal almennings á fyrirkomulagi lífsýnasöfnunar áður en lögin koma til framkvæmda 1. janúar 1999. Gert er ráð fyrir að kostnaður þeirrar kynningar nemi 1–2 m.kr.

122. Frumvarp til laga [122. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

163. gr. laganna orðast svo:

Í þessum kafla hafa eftirfarandi hugtök svofellda merkingu:

a. *Björgun:* sérhver athöfn sem hefur það að markmiði að hjálpa skipi eða öðru lausafé sem farist hefur eða er statt í hættu á hvaða haf- eða vatnasvæði sem er.
b. *Skip:* sérhvert skip eða far eða önnur smíð sem er fær til siglinga.
c. *Lausafé:* sérhver hlutur sem ekki er varanlega við ströndina skeyttur.
d. *Umhverfistjón:* umtalsvert tjón á heilsu manna, eða lífi eða auðlindum í ám eða vötnum, við ströndina og nálægum svæðum eða í íslensku efnahagslögsögunni, af völdum mengunar, elds, sprengingar eða annarra sambærilegra alvarlegra atvika.

2. gr.

164. gr. laganna orðast svo:

Ákvæðum þessa kafla skal beitt um björgunarmál sem höfðað er fyrir íslenskum dómstóli eða gerðardómi.

Ákvæði þessa kafla gilda jafnt þótt það skip sem bjargaði sé eign sama manns og hitt er bjargað var. Þá gilda ákvæðin einnig um björgun sem framkvæmd er af skipi í eigu ríkisins.

Þótt björgunaraðgerðir fari fram undir stjórn eða séu framkvæmdar af stjórnvöldum í skjóli valdheimilda þeirra fer um rétt þeirra sem tekið hafa þátt í slíkum björgunaraðgerðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um skip eða lausafé sem falla undir III. kafla þjóðminjalaga.

3. gr.

165. gr. laganna orðast svo:

Ákvæðum þessa kafla skal þá aðeins beita að ekki sé um annað samið. Óheimilt er að semja um takmörkun á skyldu til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni.

Skipstjóri hefur umboð til að gera samning fyrir hönd eiganda skips. Eigandi skips, útgerðarmaður og skipstjóri hafa hver um sig umboð til að gera samning um björgun fyrir hönd eigenda þess lausafjár sem er eða hefur verið um borð í skipinu.

Björgunarsamningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef hann er gerður meðan hættan stóð yfir eða undir áhrifum hennar og það yrði talið ósanngjarnt að bera hann fyrir sig. Samningi um upphæð björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar skv. 170. gr. a má víkja til hliðar eða breyta ef krafan er ekki í eðlilegu samræmi við umfang vinnu að björgun.

4. gr.

166. gr. laganna orðast svo:

Skylt er sjófarendum að leitast við að bjarga mönnum úr hættu verði það gert án þess að björgunarmönnum eða skipi þeirra sé stefnt í háska.

Björgunarmaður er skyldur til þess gagnvart eiganda og útgerðarmanni skips og eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga að:

a. sýna aðgát við framkvæmd björgunar og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni,
b. leita aðstoðar annarra björgunarmanna þegar aðstæður krefjast þess og
c. samþykkja íhlutun annarra björgunarmanna þegar útgerðarmaður, skipstjóri eða eigandi annars lausafjár sem í hættu er krefst þess og krafan telst sanngjörn; björgunarlaun skulu þó ekki lækka ef krafan er ósanngjörn.

Eiganda skips, útgerðarmanni eða skipstjóra, ásamt eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga, ber gagnvart björgunarmanni skylda til að:

a. veita honum liðsinni við björgunina,
b. sýna aðgát meðan björgunaraðgerðir standa yfir og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni og
c. taka við hinu bjargaða eftir að því hefur verið komið á öruggan stað og björgunarmaður leggur fram sanngjarna kröfu þess efnis.

5. gr.

167. gr. laganna orðast svo:

Björgunarmaður á rétt til björgunarlauna beri björgunaraðgerðir árangur. Að frátöldum vaxta- og málskostnaði má ekki ákvarða björgunarlaun hærri en sem nemur verðmæti þess sem bjargað var.

Björgun mannslífa veitir ekki rétt til björgunarlauna. Sá sem bjargar mannslífi við framkvæmd björgunar á þó rétt á sanngjarnri hlutdeild í björgunarlaunum eða í sérstakri þóknun samkvæmt 170. gr. a.

Ákvæði 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að krefjast sérstakrar þóknunar skv. 170. gr. a.

6. gr.

168. gr. laganna orðast svo:

Björgunarlaun skal ákvarða með það í huga að hvetja til björgunar. Við ákvörðunina skal þessa gætt:

a. verðmætis þess sem bjargað var,
b. verklagni þeirrar og atorku sem björgunarmenn beittu við björgun skips, annars lausafjár og mannslífa,
c. verklagni og atorku björgunarmanna til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni,
d. að hve miklu leyti björgunin tókst,
e. eðlis og umfangs hættunnar,
f. hve langan tíma björgunaraðgerðir tóku ásamt útgjöldum og tjóni því sem björgunarmenn urðu fyrir,
g. hve skjótt hjálpin var veitt,
h. áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni og annarrar hættu sem björgunarmönnum eða eigum þeirra var stofnað í,
i. að björgunarskip eða annar búnaður var notaður eða var til reiðu við framkvæmd björgunarinnar,
j. umfangs björgunarviðbúnaðar, afkastagetu og verðmætis búnaðar björgunarmanna.

Nú var skip það sem bjargað var eigi statt í yfirvofandi hættu en gat þó eigi komist til hafnar fyrir eigin vélarafli og skal þá atriða b–j-liða 1. mgr. einkum gætt við ákvörðun björgunarlauna.

7. gr.

169. gr. laganna orðast svo:

Eigandi skips og eigendur annars lausafjár sem bjargað var eru ábyrgir fyrir greiðslu björgunarlauna í hlutfalli við verðmæti hinna björguðu eigna þeirra.

8. gr.

170. gr. laganna orðast svo:

Við skiptingu björgunarlauna milli tveggja eða fleiri björgunarmanna skal viðmiða 1. mgr. 168. gr. gætt.

9. gr.

Við lögin bætast sjö nýjar greinar, 170. gr. a–g, og orðast svo:

a. (170. gr. a.)

Ef björgunarmaður hefur unnið að björgun skips sem eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni getur hann krafið eiganda skips og útgerðarmann um sérstaka þóknun sem er jafnhá kostnaði hans við björgunarvinnuna. Aðeins er hægt að krefjast sérstakrar þóknunar í þeim mæli sem hún er hærri en björgunarlaun ákvörðuð skv. 1. mgr. 168. gr.

Hafi björgunarmaður komið í veg fyrir eða dregið úr umhverfistjóni er heimilt að hækka hina sérstöku þóknun um allt að 30% af kostnaði björgunarmanns. Sé það talið sanngjarnt, þegar horft er til þeirra atriða sem nefnd eru í 1. mgr. 168. gr., má hækkunin nema allt að 100%.

Með kostnaði björgunarmanns er átt við bein og hæfileg útgjöld björgunarmanns vegna björgunaraðgerða auk sanngjarns endurgjalds fyrir notkun búnaðar og mannafla. Við ákvörðun þess endurgjalds ber að líta til atriða sem nefnd eru í g-, i- og j-liðum 1. mgr. 168. gr.

Ef björgunarmaður hefur vegna gáleysis vanrækt að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni má lækka eða fella niður hina sérstöku þóknun.

b. (170. gr. b.)

Nú hefur einhver samkvæmt samningi tekist á hendur verk áður en hætta skapast og á hann þá aðeins rétt á björgunarlaunum eða sérstakri þóknun að því leyti sem talið verður að veitt aðstoð hafi verið umfram skyldu samkvæmt samningnum.

Nú tekur einhver þátt í vinnu að björgun gegn beru og réttmætu banni eiganda skips, útgerðarmanns eða skipstjóra og á hann þá engan rétt til björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Sama á við um bann eiganda annars lausafjár sem er í hættu en hefur hvorki verið né er um borð í skipi.

Lækka má eða fella niður björgunarlaun eða sérstaka þóknun ef mistök björgunarmanns eða vanræksla hefur gert björgunina nauðsynlega eða erfiðari en ella, eða björgunarmaður hefur gerst sekur um svik eða aðra óheiðarlega háttsemi.

c. (170. gr. c.)

Nú hefur skip sem er skrásett á Íslandi bjargað einhverju á ferð og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón sem varð á því skipi, farmi þess eða á öðrum fjármunum sem á skipinu voru, ásamt útgjöldum vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar sem af

björgunarstarfinu leiddi. Af óskiptum björgunarlaunum skal einnig greiða þóknun samkvæmt 3. mgr.

Því sem þá er eftir af björgunarlaununum skal skipt þannig að þrír fimmtu hlutar falli til útgerðarinnar en tveir fimmtu hlutar til áhafnarinnar. Hlut áhafnar skal skipt á þann veg að skipstjóri fái einn þriðja hluta en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta. Milli skipshafnar skal skipt að réttri tiltölu miðað við föst laun hvers og eins eða hlutaskiptareglur, eftir því sem við á. Hlutur skipstjóra skal þó aldrei vera lægri en tvöfaldur hlutur þess skipverja sem hæst björgunarlaun fær. Leiðsögumaður um borð í skipi því sem bjargar fær skiptahlut í hluta skipshafnarinnar þótt hann sé ekki ráðinn hjá útgerðinni. Skal skiptahlutur hans vera jafn hæsta stýrimannshlut. Á skipum þar sem tekjur skipstjóra og skipshafnar miðast hvorki við föst laun né tiltekinn hlut skulu allir skipverjar, að skipstjóra meðtöldum, eiga jafna hlutdeild í björgunarlaunum.

Nú hefur einhver björgunarmanna skarað fram úr við björgunarstörfin, t.d. náð þar sérstaklega ríkum árangri eða stofnað sér í hættu umfram aðra, og má þá veita honum sérstaka aukaþóknun af þeim sökum. Útgerðarmaður getur greitt þessa þóknun ótilkvaddur en að öðrum kosti þarf rökstudd beiðni að hafa borist honum áður en mánuður er liðinn frá því að björgun lauk. Hafi skipverji, án nægra ástæðna, látið hjá líða að hlýðnast réttmætum fyrirmælum yfirmanns síns um að taka þátt í björgunarstörfum verður hann að hlíta því að hlutdeild hans í björgunarlaunum kunni að vera lækkuð eða jafnvel felld niður ef nægar ástæður eru og hækkar þá að sama skapi heildarskiptahlutur annarra skipverja, að skipstjóra frátöldum.

Jafnskjótt og björgunarlaun hafa verið ákvörðuð með samningi eða endanlegum dómi skal útgerðarmaður senda hverjum þeim sem á hlutdeild í þeim björgunarlaunum tilkynningu um upphæð þeirra ásamt áætlun um skiptingu þeirra. Mótmæli gegn skiptaáætlun útgerðarmanns skulu hafa borist honum áður en einn mánuður er liðinn frá því að framangreind tilkynning var send.

Samningsákvæði, sem mæla fyrir um að skipstjóri eða skipshöfn skuli hafa minni hlut í björgunarlaunum en 2. mgr. mælir fyrir um, skulu vera ógild nema viðkomandi hafi verið ráðinn á skip til björgunarstarfa eða á skip sem sérstaklega var búið til björgunar eða samningurinn hafi verið gerður við ráðninguna og þá vegna tiltekinnar björgunaraðgerðar.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda einnig um skiptingu sérstakrar þóknunar skv. 2. mgr. 170. gr. a.

Nú er skip sem bjargar ekki skráð á Íslandi og gildir þá löggjöf þess lands þar sem skipið er skráð.

Ef það er ekki skip sem bjargar skal um skiptingu björgunarlauna fara eftir þeirri löggjöf sem gildir um réttarsambandið milli björgunarmanns og starfsmanna hans.

d. (170. gr. d.)

Krefjist björgunarmaður þess skal sá sem ábyrgð ber á greiðslu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu að meðtöldum vöxtum og kostnaði björgunarmanns. Þegar trygging hefur verið sett getur björgunarmaður ekki gengið að sjóveði sínu vegna björgunarlauna.

Eigandi og útgerðarmaður skips þess sem bjargað var skulu gera sitt ítrasta til að eigandi farms leggi fram fullnægjandi tryggingu vegna ábyrgðar gagnvart björgunarmanni, áður en honum er afhentur farmurinn.

Þar til sett hefur verið trygging skv. 1. mgr. er óheimilt án samþykkis björgunarmanns að flytja skip eða lausafé sem bjargað var frá þeim stað þar sem því var komið fyrir eftir björgunina.

e. (170. gr. e.)
Dómstóll sá eða gerðardómur sem dæma skal um kröfu björgunarmanna getur ákveðið að greiða skuli fyrir fram hluta björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Setja má það sem skilyrði fyrir fyrirframgreiðslu að björgunarmaður setji tryggingu.

f. (170. gr. f.)
Dómsmál um ákvörðun eða skiptingu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar má höfða fyrir dómstóli í því umdæmi þar sem björgunin fór fram eða þar sem hið bjargaða var flutt að landi. Mál um skiptingu skv. 170. gr. c má höfða fyrir dómstóli í heimahöfn þess skips sem bjargaði eða þar sem mál um ákvörðun björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar eða um skiptingu skv. 170. gr. er höfðað.
Þegar björgun er lokið getur útgerð þess skips sem bjargaði krafist kyrrsetningar allra hinna björguðu verðmæta. Um kyrrsetninguna gilda reglur laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Frestur til málshöfðunar skv. 1. mgr. 36. gr. skal vera átta vikur frá lokum gerðar. Til gerðarinnar nægir að boða skipstjóra fyrir hönd allra gerðarþola.
Ef mál ef höfðað til að fá leyst úr ágreiningi um skiptingu björgunarlauna skal stefna öllum þeim aðilum sem kröfu eiga til hlutdeildar. Stefndu geta gert sjálfstæðar kröfur án þess að höfða gagnsök. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um meðferð einkamála. Sé ekki öllum aðilum stefnt skal málinu vísað frá dómi.

g. (170. gr. g.)
Ákvæði þessa kafla gilda ekki um herskip eða önnur skip sem ekki eru rekin í viðskiptalegum tilgangi, eru í eigu erlends ríkis og njóta á björgunarstundu friðhelgi samkvæmt reglum þjóðaréttar, nema hlutaðeigandi ríki ákveði annað.
Ákvæði þessa kafla veita ekki heimild til kyrrsetningar eða annarrar tímabundinnar réttaraðgerðar ef farmur er í eigu ríkisins og er ekki fluttur í viðskiptalegum tilgangi. Þetta gildir ekki ef kyrrsetning eða önnur tímabundin réttaraðgerð er í samræmi við reglur þjóðaréttar.
Ákvæði þessa kafla veita ekki heimild til kyrrsetningar eða annarrar tímabundinnar réttaraðgerðar ef farmur er ætlaður til mannúðarmála og það ríki sem gefið hefur farminn fellst á að greiða björgunarlaun eða sérstaka þóknun vegna farmsins.

10. gr.
1. tölul. 175. gr. laganna orðast svo: kröfu um björgunarlaun, kröfu um sérstaka þóknun skv. 170. gr. a, framlags til sameiginlegs sjótjóns eða endurgjalds samkvæmt samningi vegna úrræða sem greind eru í 4., 5. eða 6. tölul. 1. mgr. 174. gr.

11. gr.
1. tölul. 215. gr. laganna orðast svo: Krafa um björgunarlaun og sérstaka þóknun: innan tveggja ára frá því að björgunarstarfi lauk.

12. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

13. gr.
14. gr. laga um bátaábyrgðarfélög, nr. 18 23. apríl 1976, fellur brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Það er nú lagt fram á ný óbreytt.

Hinn 11. apríl 1997 skipaði samgönguráðherra nefnd til að endurskoða ákvæði VIII. kafla siglingalaga, 34/1985. Í nefndinni voru Guðmundur Sigurðsson lögfræðingur, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur, Guðný Björnsdóttir lögfræðingur, Benedikt Bogason lögfræðingur og Jón Finnbjörnsson lögfræðingur. Starfsmaður nefndarinnar var Gústav Magnús Siemsen skipstjóri.

Nefndin samdi drög að breytingum á björgunarreglum gildandi siglingalaga. Hinn 10. júlí 1997 voru drögin send eftirtöldum aðilum til umsagnar: Siglingastofnun Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Landhelgisgæslu Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, viðskiptaráðuneytinu, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, umhverfisráðuneytinu, Samtökum kaupskipaútgerða og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Nefndinni bárust umsagnir frá öllum þessum aðilum að undanskildu Landssambandi smábátaeigenda.

Við starf nefndarinnar var fyrst og fremst stuðst við nýlegar norrænar lagabreytingar og alþjóðasamning um björgun frá 1989 (The international convention on salvage, 1989). Ástæða er til að benda á eftirfarandi heimildir í þessu sambandi: Noregur: NOU 1994:23, Ot. prp nr. 34 (1995–96), Danmörk: Folketingstidende tillæg A 1994–95, bls. 1474–1561. Þá skal tekið fram að þótt eftirfarandi tillögur nefndarinnar feli í sér nokkrar breytingar á gildandi reglum siglingalaga er ekki um verulegar efnislegar breytingar að ræða.

Nefndin stóð frammi fyrir því að greinum þeim sem fjalla um björgun fjölgar frá því sem er í gildandi siglingalögum, nr. 34/1985. Niðurstaða nefndarinnar var að láta kaflann um björgun byrja á 163. gr. og enda á 170. gr. eins og er í gildandi lögum. Til þess að þetta mætti takast koma inn sjö nýjar greinar, 170. gr. a–g. Þetta er gert til að raska ekki greinaskipan siglingalaganna. Nefndin taldi eðlilegra að slíkt biði heildarendurskoðunar á siglingalögunum.

2. Gildandi íslenskar reglur um björgun.

Með siglingalögum, nr. 34/1985, voru gerðar nokkrar breytingar á reglum eldri siglingalaga um björgun. Við þá lagasetningu var að verulegu leyti stuðst við norrænu siglingalögin. Þar áður höfðu ákvæði siglingalaga um björgun staðið nær óbreytt frá því árið 1914, þegar siglingalögunum frá 1913 var breytt m.a. til samræmis við alþjóðasamning um aðstoð og björgun sem gerður var í Brussel 23. september 1910. Íslenska ríkið hefur þó aldrei gerst aðili að samningi þessum.

Helstu breytingar sem gerðar voru á björgunarreglunum með lögum nr. 34/1985 voru:

1. Hugtakið björgun var víkkað þannig að ekki var lengur skilyrði að skip væri statt í „neyð“, heldur nægði að það væri statt í „hættu“.
2. Í 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. siglingalaga er svo fyrir mælt að sé skip það sem bjargað var eigi statt í yfirvofandi hættu en hafi eigi komist til hafnar fyrir eigin vélarafli skuli við ákvörðun björgunarlauna einkum gætt tiltekinna atriða sem þar eru talin og lúta m.a. að tíma þeim og fyrirhöfn sem til björgunarinnar var varið og fjártjóni bjargenda en eigi verðmætis þess sem bjargað var þótt eigi sé sá þáttur útilokaður. Þetta ákvæði á sér ekki hliðstæðu í norrænum siglingalögum.

3. Með 169. gr. siglingalaganna var gerð veruleg breyting á reglum um skiptingu björgunarlauna. Breytingarnar voru þær helstar að heildarskiptahlutur áhafnar í björgunarlaunum hækkaði á kostnað útgerðarhlutans og hlutur skipshafnar var jafnframt hækkaður í hlutfalli við skipstjórahlutinn.
4. Þá var tekin upp í 163. gr. laganna almenn vísiregla sem mælti fyrir um að sjófarendum væri skylt að leitast við að bjarga mönnum, skipum eða fjármunum sem á skipi eru úr hættu verði það gert án þess að björgunarmönnum eða skipi þeirra sé stefnt í háska. Slíka reglu var ekki að finna í norrænu siglingalögunum.

Samkvæmt gildandi siglingalögum geta björgunarlaun orðið mun hærri en sem nemur venjulegri greiðslu fyrir vinnuframlag. Þetta á sérstaklega við þegar verðmæti þess sem er bjargað er mikið og björgunarstörfin hafa verið erfið og/eða falið í sér hættu, sbr. 165. gr. Björgunarlaun geta hins vegar í engu tilviki orðið hærri en sem nemur verðmæti þess sem bjargað er, sbr. 166. gr. Ef björgun tekst ekki er meginreglan sú að björgunarmenn eiga ekki rétt á greiðslu. Þetta byggist á hinni svokölluðu „no-cure, no-pay"-reglu. Björgunarlaun eru tryggð með sjóveði, sbr. 4. tölul. 197. gr.

Samkvæmt gildandi siglingalögum eiga björgunarreglurnar fyrst og fremst við um björgun á skipi eða á farmi um borð í skipinu eða sem verið hefur um borð, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 164. gr. Björgun mannslífa veitir sem slík ekki rétt til björgunarlauna en getur þó haft áhrif við ákvörðun björgunarlauna ef skilyrði björgunar að öðru leyti eru uppfyllt, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 164. gr.

Hafi björgunarmaður sjálfur átt sök á hættu þeirri sem var tilefni björgunar eða hafi hann orðið sekur um þjófnað, hylmingu eða aðra sviksamlega meðferð á fjármunum þeim sem bjargað var, má lækka eða fella niður að fullu björgunarlaun til hans, sbr. 2. mgr. 165. gr. Þá segir einnig í lögunum að sá sem tekist hefur á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita aðstoð á annan líkan hátt og skipið kemst í hættu, eigi þá aðeins rétt á björgunarlaunum að því leyti sem talið verði að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því sem honum bar skylda til samkvæmt því er honum bar að inna að hendi, sbr. 4. mgr. 164. gr.

Björgunarreglur siglingalaga eru frávíkjanlegar. Erlendis hafa verið í notkun stöðluð samningsform fyrir björgunarsamninga. Það staðlaða samningsform sem oftast er notað er „Lloyd's Open Form" (Lloyd's standard form of salvage agreement). Þetta samningsform var síðast endurskoðað á árinu 1995. Í Skandinavíu er einnig notað „Skandinavisk bergningskontrakt 1994" sem að verulegu leyti byggist á Lloyd's Open Form. Á Íslandi hafa staðlaðir björgunarsamningar hins vegar lítið verið í notkun.

3. Björgunarsamningurinn frá 1989.

3.1. Inngangur.

IMO (International Maritime Organization) björgunarsamningurinn var samþykktur á alþjóðlegri ráðstefnu í London 28. apríl 1989. Hér á eftir verður þessi samningur ýmist nefndur samningurinn, björgunarsamningurinn, samningurinn frá 1989 eða björgunarsamningurinn frá 1989. Í 1. mgr. 29. gr. björgunarsamningsins kemur fram að hann gangi í gildi einu ári eftir að 15 ríki hafa samþykkt hann. Samningurinn gekk í gildi 14. júlí 1996. Markmiðið með hinum nýja samningi var að setja reglur um björgun sem leyst gætu af hólmi alþjóðasamninginn um aðstoð og björgun sem gerður var í Brussel 23. september 1910.

Segja má að meginástæðan fyrir gerð samningsins frá 1989 hafi verið það tilvik er olíuskipið Amoco Cadiz fórst við Frakklandsstrendur í mars 1978. Slys þetta leiddi til mestu olíumengunar sem orðið hafði og þá komu í ljós ýmsir annmarkar á þágildandi björgunarreglum. Nánar tiltekið varð slysið með þeim hætti að olíuskipið Amoco Cadiz var á leið til

Rotterdam með um það bil 220 þúsund tonn af hráolíu þegar stýrisvél skipsins bilaði kl. 9.45 16. mars 1978. Stýrið læstist með stefnu hart á bakborða og skipið rak í hvassviðri að landi. Þegar klukkan var 21.04 þann sama dag strandaði skipið og áhöfnin varð að yfirgefa það 4½ klst. síðar. Skipsskrokkurinn gaf sig síðan með þeim afleiðingum að hann brotnaði í tvennt. Þrátt fyrir ötular tilraunir sem gerðar voru til að draga úr mengunartjóni rann öll olían í sjóinn. Umfangsmiklar og dýrar ráðstafanir sem voru gerðar til að reyna að hreinsa upp olíuna komu ekki að neinu gagni og slysið olli gríðarlegu mengunartjóni.

Þegar aðdragandi að slysinu er skoðaður frá sjónarhóli björgunarréttar sést að 10 klukkustundir og 19 mínútur liðu frá því að skipið bilaði og þar til það strandaði. Það hefði því átt að vera nægur tími til að hefja björgunaraðgerðir og koma í veg fyrir þetta hörmulega slys. Þýski björgunarbáturinn Pacific var í næsta nágrenni þegar bilunin varð. Sá bátur var búinn 10 þúsund hestafla vél. Haft var samband við hann kl. 11.30 og var hann kominn að Amoco Cadiz kl. 12.20. Amoco Cadiz hafði þá rekið 4½ mílu nær landi og var 3 mílur frá strandstaðnum. Það liðu hins vegar 3½ klst. þar til raunveruleg tilraun var gerð til að draga Amoco Cadiz. Björgunarmennirnir vildu fyrst ganga frá björgunarsamningi. Vildu þeir notast við Lloyd's Open Form og það tók skipstjóra Amico Cadiz þennan tíma að fá samþykki útgerðarmanns skipsins til að gera slíkan samning. Þá gekk ekki vel að draga skipið þegar það verk var loksins hafið. Dráttartaugin slitnaði nær strax og það tók nærri 3 klst. að festa aðra dráttartaug. Önnur dráttartilraunin misheppnaðist einnig. Pacific var ekki nógu öflugur til að ráða við að draga hið risavaxna olíuskip í þungum sjó. Annar þýskur dráttarbátur, Simon, sem búinn var 16 þúsund hestafla vél, var ekki langt undan og kom á strandstaðinn aðeins 90 mínútum eftir að skipið strandaði.

Í september 1978 sendi laganefnd IMO frá sér skýrslu um óhappið. Þar var m.a. spurt hvort ekki væri ástæða til að endurskoða björgunarsamninginn frá 1910. Að undirlagi IMO var á vegum CMI (Comité Maritime International) útbúin drög að nýjum björgunarsamningi. Drögin voru samþykkt á ráðstefnu hjá CMI í Montreal árið 1981. Þessi samningsdrög voru lögð til grundvallar við gerð samningsins 1989.

3.2. Samanburður á gildandi íslenskum reglum um björgun og reglum björgunarsamningsins frá 1989.

Björgunarsamningurinn frá 1989 er bæði hvað varðar form og umfang líkur björgunarsamningnum frá 1910 og þar með reglum VIII. kafla gildandi siglingalaga. Þá er efnislegt innihald þessara tveggja samninga um margt líkt þótt samningurinn frá 1989 innihaldi einnig reglur sem fela í sér verulegar breytingar og skal þeirra helstu getið hér.

Í björgunarsamningnum frá 1989 er að finna lagaskilareglu. Í gildandi siglingalögum er ekki að finna reglur sem kveða á um í hvaða björgunartilvikum lögin koma til framkvæmda. Hvort íslenskur dómstóll leggur björgunarreglur siglingalaga til grundvallar eða ekki fer því eftir ólögfestum íslenskum lagaskilareglum. Í 2. gr. björgunarsamningsins frá 1989 er því hins vegar slegið föstu að dómstólar eða gerðardómar í ríki sem fullgilt hefur samninginn eigi að leggja reglur hans til grundvallar í öllum björgunarmálum, án tillits til þess hvar í veröldinni tilvikið hefur komið upp og án tillits til þjóðernis hins bjargaða skips eða þess skips sem bjargaði.

Í öðru lagi er gildissvið björgunarsamningsins frá 1989 nokkru víðara en samkvæmt gildandi reglum. Þetta snertir m.a. spurninguna um hvað geti verið andlag björgunar. Gildandi björgunarreglur eiga fyrst og fremst við um björgun á skipi, vörum um borð í skipinu eða einhverju sem tilheyrt hefur viðkomandi skipi eða vörum, en það leiðir af a-lið 1. gr. samningsins frá 1989 að hann gildir einnig um „annað lausafé" sem ekki er í neinum tengslum við skip.

Ólíkt því sem gildir samkvæmt björgunarsamningnum frá 1910 gildir björgunarsamningurinn frá 1989 um björgun á hvaða haf- eða vatnasvæði sem er, sbr. a-lið 1. gr. Þar sem „annað lausafé“ getur verið andlag björgunar gildir samningurinn t.d. um það tilvik að þyrla bjargar bíl sem er um það bil að sökkva í stöðuvatn. Gagnstætt samningnum frá 1910 gildir samningurinn frá 1989 því um tilvik sem ekki tengjast skiparekstri eða siglingum á sjó. Það skal þó tekið fram að þetta rúma gildissvið samningsins ber að skoða í ljósi heimildarinnar til að setja fyrirvara skv. 30. gr. samningsins.

Samningarnir frá 1910 og 1989 byggja báðir á meginreglunni um samningsfrelsi. Í samningnum frá 1989 er þetta sagt berum orðum í 6. gr. Ólíkt samningnum frá 1910 inniheldur samningurinn frá 1989 reglu þar sem skipstjóra er veitt umboð til að gera björgunarsamning fyrir hönd eiganda skips. Skv. 1. mgr. 13. gr. íslensku siglingalaganna, nr. 34/1985, hefur skipstjóri umboð til að gera björgunarsamning fyrir hönd útgerðarmanns. Þessu til viðbótar er í samningnum frá 1989 að finna reglur sem takmarka samningsfrelsið. Aðilar geta þannig undir engum kringumstæðum samið svo um að þeim beri ekki skylda til að reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni.

Í 8. gr. samningsins frá 1989 er kveðið á um skyldur þeirra aðila sem að björgunaraðgerðum koma. Slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi rétti. Björgunarmaður er skyldur til þess að sýna aðgát við framkvæmd björgunar og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni, leita aðstoðar annarra björgunarmanna þegar aðstæður krefjast þess og eftir atvikum samþykkja íhlutun annarra björgunarmanna. Þá hvíla einnig ákveðnar skyldur á eiganda skips, m.a. á hann að veita björgunarmönnum liðsinni á meðan á björgun stendur.

Í 9. gr. björgunarsamningsins frá 1989 er að finna ákvæði þar sem vikið er að rétti strandríkja samkvæmt þjóðarétti til að gera ráðstafanir til að vernda vissa hagsmuni. Þannig segir í 9. gr: „Ekkert í þessum samningi hefur áhrif á rétt hlutaðeigandi strandríkis til að gera ráðstafanir í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur þjóðaréttar til að vernda strandlengju sína, eða skylda hagsmuni, frá mengun eða yfirvofandi hættu á mengun í kjölfar sjóslyss, eða aðgerða sem tengjast því, sem gera má ráð fyrir að hafi í för með sér verulegt tjón, og er þá með talinn réttur strandríkja til að leiðbeina við björgunaraðgerðir.“ Í greininni er undirstrikað að réttur strandríkis til íhlutunar takmarkast af almennum reglum þjóðaréttar. Því má spyrja hve langt heimildin til að grípa inn í nær. Spurningin er mikilvæg því vissulega getur sú staða komið upp að íslensk stjórnvöld verði að gera ráðstafanir á hættustund til að bjarga almannahagsmunum eða hagsmunum ákveðins hóps manna. Líklega er þó ekki til neitt algilt svar við þessari spurningu, en almennt má segja að hvað varðar skip sem sigla undir íslenskum fána setja reglur þjóðaréttar heimild íslenskra stjórnvalda til að grípa inn í ekki takmörk. Hvað varðar erlend skip eiga þau rétt til óhindraðrar siglingar innan íslenskrar lögsögu. Hins vegar er ljóst að innan íslensku efnahagslögsögunnar hafa stjórnvöld vissa lögsögu yfir erlendum skipum. Ástæða er til að ætla að lögsaga þessi verði umfangsmeiri eftir því sem skip eru nær ströndum og höfnum Íslands. Hér liggur sú grundvallarregla að baki að strandríki hljóti að vera heimilt að gæta hagsmuna sinna þegar erlent skip kemur upp undir strendur landsins eða í höfn þar. Á úthafinu er meginreglan hins vegar sú að aðeins ríkið þar sem skipið er skráð getur gripið inn í. Önnur ríki eiga ekki þann rétt. Þetta frjálsræði má þó takmarka í alþjóðlegum samningum. Það hefur t.d. verið gert með hinum svokallaða „íhlutunarsamningi“ (Convention relating to intervention on the high seas in cases of oil pollution casualities) frá 29. nóvember 1969. Samningur þessi öðlaðist lagagildi á Íslandi með lögum nr. 14/1979. Einnig má nefna 221. gr. hafréttarsamningsins. Það liggur í hlutarinns eðli að í það minnsta sambærileg íhlutunarheimild er fyrir hendi í íslenskri efnahagslögsögu. Þannig er það í samræmi við það sem sagt var hér að framan að því nær ströndum við-

komandi ríkis sem mengunarhætta kemur upp því meiri líkur eru á að réttur til að grípa inn í sé fyrir hendi.

Þá verður hér nefndur dómur Hæstaréttar Íslands frá 1966, bls. 477, „Marie José Rosette“. Þar voru málavextir þeir að erlent skip strandaði fyrir utan hafnargarð í Vestmannaeyjum. Brotnaði skipið smám saman í spón og stórskemmdi hafnargarðinn. Í dómi Hæstaréttar segir að Hafnarsjóði Vestmannaeyja hafi verið rétt að verjast spjöllum af völdum skipsins með öllum tiltækum ráðum og það jafnvel með eyðileggingu þess svo fremi sem eigandi skipsins hefði ekki sett tryggingu ef hann hefði verið um það krafinn. Að baki þessari niðurstöðu Hæstaréttar liggja neyðarréttarsjónarmið. Þau sömu sjónarmið geta vissulega komið upp í sambandi við björgun skips eða að öðru leyti í sambandi við rétt stjórnvalda til ráðstafana til að vernda almannahagsmuni eða hagsmuni ákveðins hóps manna.

Mikilvægasta breytingin miðað við gildandi rétt er að samningurinn frá 1989 felur í sér undantekningu frá „no-cure, no-pay“-reglunni. Þannig á björgunarmaður í vissum tilvikum rétt á greiðslu þó björgun hafi mistekist, sbr. 14. gr. samningsins. Björgunarmaður, sem unnið hefur að björgun skips sem eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni, á rétt á að fá sérstaka þóknun sem samsvarar kostnaði hans við björgunarvinnuna þó svo að honum hafi ekki tekist að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni. Ef björgunarmanni tekst að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni er heimilt að hækka hina sérstöku þóknun allt að 100%.

Þá er því slegið föstu í b-lið 1. mgr. 13. gr. samningsins frá 1989 að verklagni og atorka björgunarmanna til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni sé eitt þeirra atriða sem gæta skuli við ákvörðun björgunarlauna. Hvorki í samningnum frá 1910 eða í gildandi lögum kemur það ótvírætt fram að taka skuli tillit til þessa atriðis við ákvörðun björgunarlauna. Hins vegar er ástæða til að ætla að í framkvæmd sé litið til þess við ákvörðun björgunarlauna ef björgunarmenn, jafnframt því að bjarga verðmætum, koma í veg fyrir bótaábyrgð útgerðarmanns. Þá er að finna í 13. gr. samningsins frá 1989 viðmið fyrir ákvörðun björgunarlauna sem að hluta til eru ný og munu sérstaklega geta haft áhrif á ákvörðun björgunarlauna til þeirra sem eru björgunarmenn að atvinnu. Sjá í þessu sambandi i- og j-liði 1. mgr. 13. gr.

Samningurinn frá 1989 inniheldur einnig nokkur ný ákvæði sem er ætlað að styrkja stöðu björgunarmanns. Þannig er eiganda skips gert skylt að setja tryggingu fyrir greiðslu síns hluta í björgunarlaunum, sbr. 21. gr. Þá skal hann einnig gera sitt ítrasta til að eigandi farms leggi fram tryggingu vegna ábyrgðar gagnvart björgunarmanni áður en honum er afhentur farmurinn.

Þá er óheimilt án samþykkis björgunarmanns að flytja skip eða lausafé sem bjargað var frá þeim stað þar sem því var komið fyrir eftir björgun fyrr en sett hefur verið trygging fyrir greiðslu björgunarlauna. Samningurinn frá 1989 inniheldur einnig ákvæði sem ætlað er að draga úr vanda varðandi kostnað við björgun. Þannig er að finna í 22. gr. reglu um rétt björgunarmanns til að krefjast fyrirframgreiðslu á hluta björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar.

3.3. Á Ísland að fullgilda björgunarsamninginn frá 1989?

Þrátt fyrir að björgunarreglur íslensku siglingalaganna taki mið af björgunarsamningnum frá 1910 hefur Ísland hvorki undirritað hann né fullgilt. Engu breytti þó að í greinargerð með núgildandi siglingalögum sé sú skoðun látin í ljós að ástæða sé til að fullgilda samninginn.

Björgunarnefnd sú sem hér skilar áliti er á þeirri skoðun að í þetta sinn eigi að stíga skrefið til fulls. Þannig taka tillögur nefndarinnar um nýjar björgunarreglur mið af því að

fullnægja samningnum frá 1989. Nefndin telur hins vegar ekki eðlilegt að láta þar við sitja og mælir með að samningurinn verði fullgiltur. Á þann hátt mundi Ísland leggja sitt af mörkum í þeirri viðleitni að skapa alþjóðlega réttareiningu um björgunarreglur. Eins og fram kom í kafla 3.1 gekk björgunarsamningurinn frá 1989 í gildi 14. júlí 1996. Það kemur hins vegar fram í 2. mgr. 29. gr. samningsins að gagnvart ríki sem samþykkir að vera bundið af samningnum eftir að hann hefur gengið í gildi tekur fullgildingin ekki gildi fyrr en einu ári eftir að samþykkið er gefið.

Eins og áður hefur komið fram inniheldur samningurinn frá 1989 nokkur ný ákvæði sem ekki er að finna í samningnum frá 1910. Sem dæmi má nefna 8. gr. sem í stórum dráttum ákvarðar skyldur þeirra manna sem að björgun koma. Það eru þó nýju ákvæðin sem hafa að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni sem hvað sterkast mæla með því að Ísland fullgildi samninginn frá 1989. Þessi ákvæði geta stuðlað að því að menn séu fúsari til að takast á við erfiða og tvísýna björgun en ella. Þannig er ástæða til að ætla að þessi ákvæði séu mikilvægt skref í átt til aukinnar umhverfisverndar. Þá styrkja ákvæði samningsins frá 1989 stöðu björgunarmanns frá því sem er samkvæmt gildandi rétti. Þannig koma ákvæðin um tryggingu og möguleikann á að fá greitt fyrir fram hluta björgunarlauna björgunarmanni til góða.

3.4. Heimild til að setja fyrirvara skv. 30. gr. björgunarsamningsins frá 1989.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. björgunarsamningsins getur hvert einstakt aðildarríki áskilið sér rétt til að beita ekki ákvæðum samningsins í fjórum nánar tilgreindum tilvikum (a–d-liðir).

Í a-lið 1. mgr. 30. gr. er opnað fyrir þann möguleika að beita ekki ákvæðum samningsins þegar björgunaraðgerð fer fram á innri vatnaleiðum og þau skip sem um ræðir eru ekki fallin til siglinga á sjó. Nefndin telur ekki ástæðu til að nýta þessa heimild; þannig gilda björgunarreglurnar eftir atvikum á Þingvallavatni.

Samkvæmt b-lið getur samningsríki ákveðið að beita ekki ákvæðum samningsins þegar björgunaraðgerð fer fram á innri vatnaleiðum og engin skip koma þar nærri. Hér er átt við þær aðstæður að hvorki það sem bjargað er né það sem bjargar er skip eins og það er skilgreint í 163. gr. siglingalaga eins og hennir er breytt með 1. gr. frumvarpsins. Um er að ræða björgun á hlutum sem hafa lítið með siglingar að gera. Það kann að vera vafasamt hvort björgunarreglurnar eigi að gilda í slíkum tilvikum eða hvort aðrar reglur séu betur til þess fallnar að ákvarða hugsanlega greiðslu. Þó er rétt að hafa það í huga að ef settur er fyrirvari skv. b-lið felur það í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að björgunarreglunar eigi að gilda á hvaða haf- eða vatnasvæði sem er. Þannig er eðlilegast að setja ekki fyrirvara hér heldur láta túlkun reglunnar þróast í réttarframkvæmd. Um þessa reglu er nánar fjallað í athugasemdum við 1. gr. þar sem hugtakið „lausafé“ er skilgreint.

Í c-lið er aðildarríki veitt heimild til að setja fyrirvara þegar allir þeir sem hagsmuni hafa að gæta varðandi björgun eru ríkisborgarar í hlutaðeigandi ríki. Þar sem reglurnar í samningnum frá 1989 eru í eðli sínu vel ásættanlegar er vart ástæða til að nýta sér heimild c-liðar.

Þá segir í d-lið að setja megi fyrirvara þegar viðkomandi björgunarandlag telst vera þjóðminjar. Um þetta er þegar að finna ákvæði í III. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989. Þar kemur fram sú meginregla að hinum almenna borgara er bannað að hrófla við slíkum fornminjum. Eðlilegt er að kveðið sé á um það áfram í þjóðminjalögum hvernig haga skuli björgun og meðferð slíkra minja. Björgunarreglur siglingalaga eiga því ekki að gilda á þessu sviði. Því er ástæða til að nýta sér réttinn til að setja fyrirvara skv. d-lið 1. mgr. 30. gr. björgunarsamningsins. Þetta er gert í tillögum nefndarinnar um 4. mgr. 164. gr.

3.5. Stjórnsýsluleg og fjárhagsleg áhrif tillagnanna.

Ekki er ástæða til að ætla að fullgilding samningsins frá 1989 og þær breytingar sem hún hefur í för með sér á björgunarreglum íslensku siglingalaganna muni hafa stjórnsýslulegar eða fjárhagslegar afleiðingar fyrir íslensk stjórnvöld. Hins vegar er ekki ólíklegt að reglur þær sem nefndin leggur til að verði lögfestar geti haft vissan kostnaðarauka í för með sér fyrir skipaeigendur, útgerðarmenn, eigendur farms og vátryggjendur. Þannig felst í ákvæðinu um hina sérstöku þóknun í 170. gr. a undantekning frá meginreglunni um „no-cure, no-pay" sem getur valdið því að skipaeigendur, útgerðarmenn og vátryggjendur þeirra beri fjárhagslega ábyrgð gagnvart björgunarmanni þó svo að björgun takist ekki. Hins vegar geta þessar reglur valdið því að það takist að koma í veg fyrir olíumengun eða annað umhverfistjón og þannig stuðlað að því að t.d. skipaeigendur eða útgerðarmenn verði ekki bótaábyrgir vegna þess konar tjóns.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að í 163. gr. laganna komi skilgreiningar á fjórum meginhugtökum í björgunarkaflanum, þ.e. björgun, skip, lausafé og umhverfistjón. Ákvæðið sem svarar til 1. gr. björgunarsamningsins frá 1989 á sér ekki hliðstæðu í gildandi siglingalögum.

Hvað varðar hugtakið „björgun" er í samningnum notað hugtakið „björgunaraðgerð". Þannig er það gert alveg ljóst að um björgunaraðgerð geti verið að ræða í skilningi samningsins þótt björgun heppnist ekki. Þrátt fyrir þetta er valið í tillögu nefndarinnar að nota hugtakið „björgun" þegar um er að ræða björgun í hinum hefðbundna skilningi þess orðs. Á einstaka stöðum eru hins vegar orðin „björgunaraðgerð" eða „björgunarvinna" notuð (sjá 164. gr., 166 gr., 170 gr. a og 170 gr. b) til þess að undirstrika að í þessum tilvikum er það ekkert skilyrði að björgunin heppnist.

Meginreglan er sú að hugtakið „björgun" ber að túlka eins og gert er í gildandi rétti. Til þess að um björgun geti verið að ræða er gerð krafa um athöfn af hálfu björgunarmanns sem hefur það að markmiði að hjálpa skipi eða öðru lausafé sem farist hefur eða er statt í hættu. Hugtakið „sem farist hefur" er ekki að finna í björgunarsamningnum frá 1989. Þrátt fyrir það er ekki gerð tillaga til breytinga á gildandi íslenskum rétti hvað þetta varðar. Ekki er ástæða til að ætla að sú niðurstaða sé í andstöðu við samninginn frá 1989.

Gagnstætt gildandi rétti gilda björgunarreglur samningsins frá 1989 ekki bara um skip eða fjármuni sem á því eru. Þannig gilda nýju björgunarreglunar einnig um lausafé sem ekki er í neinum tengslum við skip.

Ekki er með frumvarpinu ætlunin að breyta frá gildandi rétti hvað varðar túlkun á því hvenær skip eða annað lausafé telst hafa farist eða verið í hættu. Með hugtakinu „hættu" er átt við að hætta á raunverulegu tjóni á skipi eða lausafé sé fyrir hendi. Þannig væri t.d. um hættuástand að ræða ef leki kæmi að skipi þannig að það mundi sökkva ef ekki bærist hjálp. Þó svo að skip væri að sökkva á stað þar sem hægt væri að ná því upp aftur væri skilyrðinu um hættu fullnægt. Með björgun mætti koma í veg fyrir það tjón sem því yrði samfara að skipið sykki og kostnað við að ná því upp aftur. Ef aðstæður eru þannig að aðeins er hætta á tímatöf er ekki um hættu í skilningi björgunarreglna siglingalaga að ræða. Þótt t.d. skip festist í ís og hætta sé á töfum vegna þess er ekki um hættuástand að ræða nema því samfara sé hætta á að skipið verði fyrir skemmdum. Þá verður hættuástandið eins og það horfir við björgunarmanni að vera meira en almennt má gera ráð fyrir á sjó. Hvað varðar þau tilvik að skip hefur farist er hér gerð sú krafa að skipið hafi þegar orðið fyrir verulegu tjóni. Skipið hefur t.d. strandað eða er sokkið eftir árekstur. Vissulega getur slíkt skip einnig verið í hættu,

t.d. er hætta á því að skip sem hefur strandað losni af strandstað og sökkvi. Í skilningi siglingalaga hefur „farist“ því aðeins sjálfstæða merkingu að viðkomandi skip sé ekki einnig í hættu. Þannig getur verið háttað þegar skip hefur sokkið og liggur á botni þar sem ekki er hætta á frekari skemmdum.

Sem dæmi um íslenska dóma þar sem skip var talið í hættu þó svo að hættan hafi ekki verið yfirvofandi má nefna Hrd. 1995:426, Hrd. 1996:3277 og Hrd. frá 6. nóvember 1997, mál nr. 39/1997.

Skip sem hvorki er í hættu né hefur farist getur aldrei orðið andlag björgunar í skilningi siglingalaganna. Hér má nefna bát sem er á reki án þess að vera í yfirvofandi hættu. Sá sem finnur bátinn á ekki rétt á björgunarlaunum samkvæmt siglingalögum.

Þá er hugtakið björgun ekki bundið við athafnir á sjó heldur getur björgun einnig átt sér stað á t.d. ám og vötnum. Þá er ekki skilyrði að björgun eigi sér stað frá skipi. Þannig getur björgun átt sér stað frá landi eða úr þyrlu.

Í ákvæðinu er hugtakið „skip“ skilgreint sem sérhvert skip eða far eða önnur smíð sem er fær til siglinga. Þó svo að gert sé ráð fyrir að lögin gildi einnig um önnur fljótandi för en skip í hinum venjubundna skilningi þess orðs er ekki þar með sagt að þetta feli í sér verulega breytingu frá gildandi rétti. Þannig hefur hugtakið skip í björgunarreglum annarra norrænna siglingalaga verið túlkað rúmt, sjá t.d. ND 1918:566 og ND 1931:41 (flotkranar), ND 1924:26 og ND 1939:10 (flotkvíar), Rt. 1980:135 (borpallur) og UfR 1928:872 (sjóflugvél). Með orðalaginu „önnur smíð sem er fær til siglinga“ er fyrst og fremst átt við olíuborpalla.

Hugtakið „lausafé“ er skilgreint í ákvæðinu. Því er slegið föstu að hvaða lausafé sem er geti verið andlag björgunar svo fremi sem það sé ekki varanlega við ströndina skeytt. Í 1. gr. björgunarsamningsins frá 1989 kemur einnig fram að undir hugtakið lausafé falli farmgjald í hættu. Ekki þótti ástæða að taka þetta fram í sjálfri greininni þar sem farmgjaldið er hluti af verðmæti farms. Verður að telja að þessi regla sé almennt viðurkennd.

Þó svo að hugtakið lausafé virðist víkka gildissviðið frá því sem er í björgunarsamningnum frá 1910 er ástæða til að ætla að eftir sem áður verði það fyrst og fremst farmur sem er eða hefur verið um borð í skipi sem verður andlag björgunar. Þó svo að farmur skipsins verði eftir sem áður meginandlag björgunar á lausafé getur þó annað lausafé um borð í skipi verið andlag björgunar, svo sem búnaður skips, eldsneyti, vistir o.fl.

Hvað varðar hluti sem ekki eru um borð í skipi kemur fram í skilgreiningunni að þeir mega ekki vera varanlega skeyttir við ströndina. Hugtakið strönd getur átt við um sjávarströnd og ár- og vatnsbakka. Sem dæmi má taka að flotbryggja sem slitnar upp yrði ekki andlag björgunar. Þá er einnig sett sem skilyrði að viðkomandi lausafé hafi farist eða sé í hættu og að björgunin eigi sér stað á haf- eða vatnasvæði.

Það kann að vera ástæða til að spyrja hvort björgunarreglurnar eigi við um aðstæður sem ekki hafa nein tengsl við siglingar. Þannig má færa fyrir því rök að eðlilegra væri í sumum tilvikum að beita fremur reglum um óbeðinn erindisrekstur en björgunarreglum siglingalaga. Sem dæmi má nefna þegar bíll sem lent hefur í höfn eða í vatn er hífður upp eða gámi sem fokið hefur í sjóinn er bjargað. Þó svo að samkvæmt skilgreiningu eigi björgunarreglurnar við í slíkum tilvikum er eðlilegt að við ákvörðun björgunarlauna verði litið til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki reglunum um óbeðinn erindisrekstur. Þannig er ekki ástæða til að upphæð björgunarlauna verði ákveðin hærri samkvæmt reglum siglingalaga í slíku tilviki en vera mundi samkvæmt reglum um óbeðinn erindisrekstur. Í því sambandi er rétt að benda á að reglur siglingalaga um ákvörðun björgunarlauna eru svo sveigjanlegar að björgunarlaun geta numið allt frá 0 til 100% af verði þess bjargaða.

Skilgreining á hugtakinu „umhverfistjón“ hefur þýðingu fyrir nokkrar greinar í kaflanum um björgun, sbr. 2. málsl. 1. mgr 165. gr., a-lið 2. mgr. og b-lið 3. mgr. 166 gr., c-lið 1. mgr. 168. gr. og 170. gr. a. Rétt er að hafa í huga að í þeim lagagreinum þar sem hugtakið hefur þýðingu er það matið á því hvort hætta er á umhverfistjóni á þeim tíma sem björgun á sér stað sem er lykilatriðið, þ.e. hættan á umhverfistjóni en ekki tjónið sjálft. Hvað varðar ákvörðun björgunarlauna er hins vegar verklagni og atorka björgunarmanna við að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni ákvörðunaratriði.

Tvö skilyrði verða að vera uppfyllt til þess að um umhverfistjón sé að ræða í skilningi björgunarreglnanna. Í fyrsta lagi þarf tjónið að vera af ákveðinni tegund og í öðru lagi verður það að vera afleiðing af ákveðnum alvarlegum atvikum. Í skilgreiningunni er gert ráð fyrir tveimur tjónstegundum, þ.e. tjóni á heilsu manna eða tjóni á „lífi“ eða „auðlindum“ í ám eða vötnum við ströndina og nálægum svæðum eða í íslensku efnahagslögsögunni. Það kann að vera nokkuð óljóst hvað átt sé við með orðunum „lífi“ eða „auðlindum“. Í samningnum er notað hugtakið „sjávarlíf“. Því er ljóst að allt líf í sjónum fellur hér undir. Það er hins vegar á hreinu að fuglalíf og annað dýralíf fellur undir hugtakið. Því er í 163. gr. valið að nota orðið „líf“ í stað orðsins „sjávarlíf“. Með orðinu „auðlindir“ er m.a. átt við útivistarsvæði. Tjón á munum eins og hafnarmannvirkum og byggingum falla utan skilgreiningarinnar. Það skilyrði er sett að um umtalsvert tjón sé að ræða. Því gilda björgunarreglurnar ekki um heilsutjón einstaklinga eða um tjón á lóð eða landareign einstaklings. Þetta þýðir þó ekki að tjón geti ekki talist umtalsvert þótt það snerti aðeins lítið landsvæði eða afmarkað dýralíf eða aðrar auðlindir. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að túlka verður kröfuna um umtalsvert tjón í samræmi við mikilvægi þess að komið sé í veg fyrir tjón á umhverfinu.

Ekki er skilgreint nákvæmlega hvað átt er við með hugtakinu „nálægum svæðum“ í samningnum. Ástæða er til að ætla að hvert ríki hafi nokkuð frjálsar hendur með tilliti til þess að ákvarða nánar umfang þessa svæðis. Þó verður að telja hæpið að þetta svæði geti náð til úthafsins. Hins vegar verður að telja að Ísland geti ákveðið að hugtakið „nálægum svæðum“ nái yfir alla efnahagslögsöguna. Með því móti yrði tryggt að litið yrði til mikilvægis fiskimiða þegar meta á hvort skilyrði fyrir hættu á umhverfistjóni eru uppfyllt.

Hvað varðar þau atvik sem verða að vera orsök tjóns er mengun það raunhæfasta. Sem dæmi má nefna olíumengun frá olíuflutningaskipi, hættu á eituráhrifum í vatni eða sjó af völdum geislavirks úrgangs/efna, eða af völdum annarra hættulegra efna. Skilgreiningin tekur líka til hættu vegna mengunar af völdum olíuleka úr eldsneytisgeymum skipa. Ekki verður séð að hugtakið umhverfistjón eigi við um sjónmengun, t.d. hættu á því að skipsstrand verði til þess að flakið liggi í fjörunni um ókomna framtíð.

Um 2. gr.

Lagt er til að þetta ákvæði, sem verður 164. gr., og 163. gr. skilgreini gildissvið VIII. kafla laganna um björgun. Skv. 1. mgr. verða ákvæði þessa kafla lögð til grundvallar í björgunarmáli sem höfðað er fyrir íslenskum dómstóli eða gerðardómi. Ákvæðið er hliðstætt 2. gr. björgunarsamningsins. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi rétti. Ákvæðið leiðir til þess að íslensku björgunarreglunum verður beitt í öllum björgunarmálum sem höfðuð eru fyrir íslenskum dómstólum eða gerðardómum, án tillits til þess hvar í heiminum björgunin átti sér stað eða hvert er þjóðerni skips sem er bjargað eða skips sem bjargaði. Lög þess ríkis þar sem dómstóllinn er gilda (lex fori) og skiptir ekki máli þótt almennar ólögfestar íslenskar lagaskilareglur bendi til annars. Þessi regla er ófrávíkjanleg og geta aðilar ekki samið um að önnur lög en íslensk gildi. Undantekningu frá þessari lagaskilareglu er þó að finna í 7. mgr. 170. gr. c.

Í 1. málsl. 2. mgr. 164. gr. kemur fram að björgunarreglurnar gilda þótt það skip sem bjargaði sé eign sama manns og hitt sem bjargað var. Ákvæðið er sambærilegt 3. mgr. 12. gr. björgunarsamningsins. Þá gildir ákvæðið einnig þótt hvorki það sem bjargar eða er bjargað sé skip.

Samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. gilda björgunarreglurnar um skip í ríkiseign. Þetta á við hvort sem skip í eigu ríkisins bjargar eða er bjargað. Þessi meginregla er í samræmi við gildandi rétt. Skv. 3. mgr. 5. gr. björgunarsamningsins er hverju ríki í sjálfsvald sett hvort björgunarreglurnar verði látnar gilda um skip í eigu ríkisins. Í gegnum tíðina hefur þetta verið nokkuð umdeilt. Hvað varðar réttarstöðuna á Norðurlöndum má geta þess að Hæstiréttur Noregs kvað upp þann dóm árið 1919 (ND 1919:241, Kjæk-málið) að ekki gæti verið um að ræða rétt til björgunarlauna í því tilviki er skip frá norska flotanum bjargaði flutningapramma sem hafði strandað. Rétturinn klofnaði í afstöðu sinni. Minni hlutinn, þrír dómarar af sjö, taldi að greiða ætti björgunarlaun. Síðar öðlaðist skoðun minni hluta Hæstaréttar aukið fylgi og í dómi frá 1958 komst svo Hæstiréttur Noregs að gagnstæðri niðurstöðu (fjórir dómarar af fimm). Í málinu frá 1958 (ND 1958:247, Astoria-málið) féllst Hæstiréttur á að flotinn ætti rétt á björgunarlaunum vegna þátttöku sinnar í björgun dansks skips. Sá dómari sem skilaði séráliti taldi að dómurinn frá 1919 gæfi til kynna hvað væri gildandi réttur og því yrði ekki breytt nema með lagasetningu. Síðan dómurinn frá 1958 féll hefur almenna reglan á Norðurlöndum verið sú að björgunarreglur siglingalaga ættu við um skip í eigu ríkisins. Hér er lagt til að þessi meginregla verði áfram í gildi.

Ekki er hægt að gagnálykta frá ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 164. gr. Ákvæðið gildir því um björgun sem framkvæmd er af opinberum aðilum þótt það sé ekki gert frá skipi, sjá í því sambandi umfjöllun um björgunarhugtakið í 163. gr. hér að framan. Þó svo að meginreglan sé sú að opinberir aðilar geti átt rétt til björgunarlauna, þ.e. ekki bara Landhelgisgæslan og áhöfn skipa gæslunnar, er eftir atvikum ástæða til að líta á sérstöðu einstakra opinberra aðila í þessu sambandi. Þannig getur vart verið um að ræða björgun í skilningi siglingalaga þegar þátttaka stjórnvalda rúmast innan almenns starfssviðs þess. Sem dæmi má nefna að þó svo að slökkviliðið slökkvi eld um borð í skipi mundi almenna reglan vera sú að það gæfi ekki rétt til björgunarlauna. Þetta er þó háð aðstæðum því að ef t.d. slökkviliðsmenn framkvæma verk á hættustundu sem ekki rúmast innan hefðbundins starfs þeirra er ekki hægt að útiloka að það gefi rétt til björgunarlauna. Þá er í sjálfu sér ekki heldur hægt að útloka að jafnvel verk sem fellur innan almenns starfssviðs viðkomandi geti gefið rétt til björgunarlauna. Sem dæmi má nefna að opinber aðili leggur meiri atorku í verkið en eðlilegt er að krefjast af hálfu hans. Ef um er að ræða aðra björgunarmenn auk hins opinbera aðila fer um skiptingu björgunarlauna eftir 170. gr.

Ákvæði sambærilegt 3. mgr. er ekki að finna í gildandi íslenskum siglingalögum. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. mgr. 5. gr björgunarsamningsins. Hér er því slegið föstu að þó svo að björgunarmaður hafi unnið undir stjórn stjórnvalda geti hann samt sem áður byggt rétt sinn til björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar á björgunarreglum siglingalaga. Sú spurning getur komið upp hvaða áhrif það hafi á rétt björgunarmanna til björgunarlauna þegar opinber stjórnvöld hafa einnig lagt sitt af mörkum til björgunarinnar, án þess að viðkomandi stjórnvöld eigi rétt til björgunarlauna. Í slíku tilviki verður meginreglan sú að sá hluti verksins sem unninn var á vegum hins opinbera stjórnvalds dregst frá rétti björgunarmanns til björgunarlauna. Þá getur einnig sú spurning komið upp hvort björgunarmaður sem unnið hefur að björgun undir stjórn opinbers stjórnvalds geti krafið viðkomandi stjórnvald um bætur þar sem afskipti stjórnvalda af björguninni urðu til þess að lækka björgunarlaun hans. Hér er meginreglan klárlega sú að stjórnvöld verða ekki skaðabótaskyld þegar athöfn

er eðlilegur liður í meðferð opinbers stjórnsýsluvalds. Í því sambandi er rétt að minna á að í 1. mgr. 5. gr. björgunarsamningsins kemur fram að stjórnvöldum í hverju landi er heimilt að láta réttindi og skyldur samkvæmt björgunarreglunum víkja fyrir gildandi opinberum stjórnsýslureglum ef þær samrýmast ekki.

Ákvæði 4. mgr. byggist á heimild í 30. gr. björgunarsamningsins. Vísað er til þess sem segir um þetta efni í kafla 3.4 hér að framan.

Um 3. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 165. gr. er lagt til að víkja megi frá ákvæðum þessa kafla með samningi. Þannig er hægt að semja um frávik frá mikilvægum reglum eins og 1. mgr. 167. gr. („no-cure, no-pay"-reglan), 168. gr. (viðmið sem gæta skal við ákvörðun björgunarlauna) og 170. gr. a (sérstök þóknun). Þannig gætu aðilar t.d. samið um fast dag- eða tímagjald fyrir björgun eða að sérstök þóknun skuli vera hærri en segir í 170. gr. a. Reglan í 1. málsl. 1. mgr. 165. gr., sem felur ekki í sér breytingu frá ólögfestri reglu í gildandi rétti, er samhljóða 3. mgr. 6. gr. í björgunarsamningnum. Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna undantekningu frá þeirri meginreglu að björgunarreglurnar séu frávíkjanlegar. Þar segir að óheimilt sé að semja um takmörkun á skyldu til að að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni. Þessi regla er samhljóða 3. mgr. 6. gr. í björgunarsamningnum. Þá liggur það einnig í hlutarins eðli að ekki er hægt að semja sig undan skyldu skv. 1. mgr. 166. gr.

Í 2. mgr. 165. gr. er gerð grein fyrir því hver hafi umboð til gera samning um björgun. Reglan samsvarar 2. mgr. 6. gr. björgunarsamningsins. Í 1. málsl. 2. mgr. kemur fram að skipstjóri hefur umboð til að gera björgunarsamning fyrir hönd eiganda skips. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í björgunarkafla gildandi siglingalaga. Hins vegar er í 1. mgr. 13. gr. þeirra laga ákvæði um að skipstjórinn hafi stöðuumboð til að gera samninga fyrir hönd útgerðarmanns varðandi meðferð skips. Þetta stöðuumboð veitir einnig heimild til að semja um björgun skips. Skv. 2. málsl. 2. mgr. hafa eigandi skips, útgerðarmaður og skipstjóri umboð til að gera samning um björgun fyrir hönd eigenda þess lausafjár sem er eða hefur verið um borð í skipinu. Í björgunarsamningnum frá 1989 er notað orðið „owner", en eðlilegt er að í íslensku siglingalögunum komi berlega fram að ákvæðið gildir bæði um eiganda skips og útgerðarmann. Þetta ákvæði á sér ekki beina hliðstæðu í gildandi siglingalögum.

Í 3. mgr. 165. gr. kemur fram hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til þess að björgunarsamningi megi víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta. Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. gr. björgunarsamningsins. Í 1. málsl. 3. mgr. kemur fram að björgunarsamningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef hann er gerður á meðan hættan stóð yfir eða undir áhrifum hennar og það yrði talið ósanngjarnt að bera hann fyrir sig. Orðalagið tekur m.a. mið af orðalagi 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936. Það má því ætla að ákvæðið hafi litla sjálfstæða þýðingu við hliðina á 36. gr. samningalaga. Þessi lækkunarregla getur komið til skoðunar í samskiptum björgunarmanns og viðsemjanda hans. Þá er ástæða til að ætla að reglan geti einnig tekið til samskipta tveggja eða fleiri björgunarmanna. Í 2. málsl. 3. mgr. er að finna sérstaka lækkunarreglu varðandi upphæð björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Slíkum samningi má víkja til hliðar eða breyta ef krafan er ekki í eðlilegu samræmi við umfang vinnu að björgun.

Í 4. mgr. 167. gr. gildandi siglingalaga er að finna ákvæði þess efnis að mál til ógildingar björgunarsamnings eða til breytingar á honum skuli höfða innan þriggja mánaða frá því að samningurinn var gerður. Slíkt ákvæði er óþarft við hliðina á ákvæðum samningalaganna. Þá gilda einnig almennar tómlætisreglur í þessu sambandi.

Um 4. gr.

Lagt er til að í 166. gr. laganna verði kveðið á um skyldur þeirra aðila sem koma að björgunaraðgerðum. Ákvæðið, sem á sér ekki hliðstæðu í gildandi siglingalögum, byggir á 8. gr. björgunarsamningsins. Það skal tekið fram að þær skyldur sem kveðið er á um í ákvæðinu eru af einkaréttarlegum toga og brot á þeim hefur aðeins þýðingu fyrir réttarsambandið milli þeirra aðila sem að björgun koma, t.d. við mat á því hvort einhver þeirra hefur sýnt af sér bótaskylt gáleysi eða við mat á upphæð björgunarlauna.

Í 1. mgr. er að finna almenna reglu um skyldu sjófarenda til að bjarga mönnum úr hættu. Ákvæðið er að hluta til sambærilegt 163. gr. gildandi siglingalaga. Í 10. gr. björgunarsamningsins er að finna ákvæði sama efnis.

Ákvæðið í a-lið 2. mgr. á við hvort sem björgunin heppnast eða ekki. Þá leiðir einnig af þessum lið að björgunarreglurnar gilda aðeins um tilraunir til að koma í veg fyrir umhverfistjón í tenglum við björgunaraðgerðir. Með b- og c-liðum 2. mgr. er ætlunin að hvetja til aukinnar samvinnu milli björgunarmanna. Við mat á framlagi einstakra björgunarmanna er þó oft ástæða til að líta til þess að sumir þeirra stóðu lengur í björgunarstörfunum en aðrir.

Ákvæði 3. mgr. kveður á um skyldur eiganda skips, útgerðarmanns, skipstjóra eða eigenda annars lausafjár. Í a-lið er ákvæði um skyldu til að liðsinna björgunarmanni og í b-lið ákvæði um aðgát á meðan björgunaraðgerðir standa yfir og skyldu til að reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni. Í c-lið er gerð grein fyrir skyldu til að taka við því sem bjargað var eftir að því hefur verið komið á öruggan stað þegar björgunarmaður leggur fram sanngjarna kröfu þess efnis. Hvað varðar reglur í a- og b-liðum 3. mgr. má að verulegu leyti rekja tilkomu þeirra til gagnrýni sem kom í kjölfar Amoco Cadiz-slyssins í mars árið 1978. Um það slys er rætt í kafla 3.1 hér að framan.

Um 5. gr.

Lagt er til að með ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 167. gr. verði sú meginregla lögfest að björgunarmaður á aðeins rétt á björgunarlaunum ef björgunin ber árangur. Með kröfunni um að björgunaraðgerðir beri árangur er átt við að það sem bjargast verður að hafa fjárhagslegt verðmæti. Þó svo að íslensku siglingalögin frá 1985 hafi ekki að geyma sambærilegt ákvæði og 1. málsl. 1. mgr. er ekki um efnislega breytingu á gildandi rétti að ræða. Skv. 2. málsl. 1. mgr. geta björgunarlaun aldrei orðið hærri en sem nemur verðmæti hins bjargaða. Ákvæði 1. mgr. 166. gr. í siglingalögunum frá 1985 og 2. málsl. 1. mgr. 167. gr. í tillögu nefndarinnar eru efnislega samhljóða. Bæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. byggjast á „no-cure, no-pay"-reglunni.

Í 2. mgr. segir að þótt björgun mannslífa veiti ekki ein og sér rétt til björgunarlauna geti sá sem bjargar mannslífi við framkvæmd björgunar átt rétt á hlutdeild í björgunarlaunum eða í sérstakri þóknun. Ákvæðið, sem er efnislega samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga ef frá er talinn rétturinn til sérstakrar þóknunar, er samhljóða 16. gr. björgunarsamningsins.

Með 3. mgr. er ætlunin að minna á mikilvæga undantekningu frá „no-cure, no-pay"-reglunni þegar skip eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni, sbr. 170. gr. a. Í því tilviki á sá sem reynir að bjarga rétt á sérstakri þóknun þó svo að björgunin takist bara að hluta eða misheppnist alveg.

Um 6. gr.

Lagt er til að í 1. mgr. 168. gr. laganna komi ákvæði hliðstætt 1. mgr. 13. gr. björgunarsamningsins frá 1989, en þar verði kveðið á um hvaða atriða skuli gætt við ákvörðun björg-

unarlauna. Ákvæðið er að hluta til efnislega sambærilegt við 165. gr. gildandi siglingalaga en með því er þó tekið tillit til viðleitni til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni. Í 1. málsl. 1. mgr. er að finna vísireglu þess eðlis að björgunarlaun skuli ákveða með það í huga að hvetja til björgunar. Ljóst er að heppnist björgun er komið í veg fyrir að verðmæti fari forgörðum. Því er eðlilegt að björgunarlaun séu það há að þau hvetji menn til að leggja sig alla fram við að reyna að bjarga.

Í 1. mgr. er að finna upptalningu á viðmiðum sem geta haft þýðingu við ákvörðun björgunarlauna. Þessi upprðun felur ekki í sér neina forgangsröðun. Vægi hinna einstöku viðmiða fyrir ákvörðun björgunarlauna verða því dómstólar að ákveða í hverju máli. Þá er hvorki tekin afstaða til þess í björgunarsamningnum frá 1989 né í tillögum nefndarinnar hvort upptalning 1. mgr. sé tæmandi.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. skal við ákvörðun björgunarlauna líta til verðmætis þess sem bjargað var. Ákvæðið er efnislega það sama og 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga. Með verðmæti þess sem bjargað var er átt við raunverulegt verðmæti þegar björgun er lokið. Raunverulegt verðmæti bjargaðs skips er þannig markaðsverð skipsins að frádregnum viðgerðarkostnaði. Sem dæmi um norrænan dóm þar sem á þetta reyndi má nefna ND 1982: 204. Raunverulegt verðmæti þess sem bjargað er við lok björgunar getur t.d. verið annað en bókfært verðmæti eða vátryggingaverðmæti.

Í b-lið 1. mgr. ber eins og í b-lið 1. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga að líta til verklagni og atorku björgunarmanna við björgunina.

Ákvæði c-liðar 1. mgr. á sér ekki hliðstæðu í gildandi siglingalögum. Hins vegar hefur í norrænum dómum verið horft til þess við ákvörðun björgunarlauna hvort hætta á umhverfistjóni var fyrir hendi þó svo að slíkt ákvæði væri ekki að finna í norrænu siglingalögunum. Sem dæmi má nefna ND 1964:312, ND 1970:323 og ND 1976:391.

Í d-lið 1. mgr. er að finna sams konar ákvæði og í a-lið 1. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga. Hér er gert ráð fyrir hlutlægu mati á árangri björgunarinnar. Meta þarf annars vegar verðmæti þess sem bjargað var og hins vegar hvaða verðmæti voru í hættu.

Eðli hættunnar í e-lið 1. mgr. getur t.d. verið hætta á sprengingu eða á strandi og með umfangi hættunnar er t.d. átt við hversu miklar líkur eru á því að sprenging eigi sér stað eða að skip strandi. Ákvæðið kemur í staðinn fyrir c- og d-liði 1. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga. Telja verður að því meiri hætta sem er samfara björgun því meira vegur verðmæti hins bjargaða skv. a-lið 1. mgr. við ákvörðun á björgunarlaunum.

Með útgjöldum í f-lið 1. mgr. er m.a. átt við kostnað björgunarmanns við að koma því sem bjargað er á tryggan stað. Sjá sambærilegt ákvæði í 2. mgr. 166. gr. gildandi siglingalaga.

Samkvæmt g-lið 1. mgr. á að horfa til þess við ákvörðun björgunarlauna hve skjótt hjálpin var veitt. Orðið „skjótt" hefur hér bæði huglæga og hlutlæga merkingu. Þannig nær það bæði til þess að hafist sé handa um björgun eins fljótt og aðstæður gefa tilefni til og þess að björgunaraðgerðir séu hafnar og framkvæmdar hratt. Þetta viðmið er ekki nefnt í gildandi siglingalögum.

Í h-lið 1. mgr. segir að við ákvörðun björgunarlauna skuli horfa til þeirrar áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni og annarrar hættu sem björgunarmönnum eða eignum þeirra var stofnað í. Þótt hér sé fyrst og fremst verið að fjalla um áhættu björgunarmanns að verða skaðabótaskyldur gagnvart þriðja manni getur það einnig skipt máli fyrir ákvörðun björgunarlauna, hversu mikla hættu björgunarmaður leggur sjálfan sig og skip sitt í eða hve mikil hætta er á að björgunaraðgerðir verði árangurslausar og björgunarmaður sitji uppi með verulegan kostnað og enga þóknun.

I- og j-liðir í 1. mgr. eiga við þegar björgun er framkvæmd af atvinnumönnum. Þannig er gert ráð fyrir að sé björgunarmaðurinn sérfræðingur í björgunarmálum eigi hann að fá hærri björgunarlaun. Það sem hér liggur að baki er að slíkir aðilar eigi að fá hærri greiðslur þar sem þeir hafi yfir að ráða sérhæfðum og dýrum búnaði til björgunarstarfa sem kostnaðarsamt er að liggja með.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. í gildandi siglingalögum þó svo að orðalagið sé ekki nema að hluta til það sama. Lögð er áhersla á þetta. Þar sem með 2. mgr. 168. gr. er stefnt að sama markmiði og með 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. í gildandi siglingalögum verður hér fyrst vísað til athugasemda í greinargerð um þá lagagrein. Þar segir:

„Mikilvægt nýmæli felst í 2. mgr., svo sem hún er orðuð í frumvarpinu. Þykir rétt að kveða sérstaklega á um það í lögum, hvernig ákveða skuli björgunarlaun í þeim tilvikum, þegar skip kemst ekki til hafnar fyrir eigin vélarafli, en er þó ekki statt í yfirvofandi hættu. Þau tilvik sem 2. mgr. er einkum ætlað að ná yfir, eru t.d. þegar skip er með bilaða vél eða hefur fengið veiðarfæri í skrúfuna og kemst þar af leiðandi ekki til hafnar af eigin rammleik, og er ekki í yfirvofandi hættu, þ.e. veður og aðstæður eru þannig að engin hætta er á að skipið reki á land eða hlekkist á innan þess tíma, sem auðvelt er að fá hjálp. Forsenda þessa er að bjargendur hafi ekki þurft að leggja sig í teljandi hættu við björgunina. Nefndin telur að í tilvikum eins og að framan greinir hafi um of verið einblínt á verðmæti þess, sem bjargað var, en miklu minna tillit tekið til annarra þátta, sem taldir eru í 1. tölulið 1. mgr. 200. gr. Hafa fjárhæðir björgunarlauna verið mjög mismunandi, þótt um sambærileg verk hafi verið að ræða, t.d. þegar skorið hefur verið úr skrúfu skips, og annað skipið hefur verið nýlegt og verðmæti þess mikið, en hitt eldra og verðminna.

Ákvæði málsgreinarinnar miðar að því, að við ákvörðun björgunarlauna í þeim tilvikum, sem málsgreininni er ætlað að taka til, skuli einkum miðað við að bæta þann tilkostnað og tekjutap, sem bjargendur hafa haft vegna björgunarinnar, jafnframt því sem hliðsjón sé höfð af þeim tíma og þeirri fyrirhöfn, sem til björgunarinnar var varið. Ákvæðið eins og það er orðað, útilokar þó ekki að beitt verði öðrum ákvæðum 1. mgr. en talin eru í 2. mgr. ef þannig stendur á.

Ákvæðið á sér ekki hliðstæðu í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða."

Í eftirtöldum íslenskum hæstaréttardómum reyndi á ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 165. gr.: Hrd. 1995:426, Hrd. 1996:3277 og Hrd. frá 6. nóvember 1997, mál nr. 39/1997.

Þó svo að björgunarsamningurinn frá 1989 innihaldi ekki sambærilegt ákvæði og 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga verður ekki talið að samningurinn útiloki að sambærilegt ákvæði geti eftir sem áður verið í íslenskum siglingalögum. Í fyrsta lagi er upphæð björgunarlauna háð mati hverju sinni og getur verið 0–100% af verðmæti þess sem bjargað er. Það er því ekkert sem bannar að lögfest verði ákvæði sambærilegt 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. siglingalaga þar sem kveðið er nánar á um hvernig ákvarða skuli björgunarlaun í þeim tilvikum þar sem skip er í hættu en hættan telst þó ekki vera yfirvofandi. Ekki er tekin afstaða til þess í 13. gr. björgunarsamningsins frá 1989 hvort upptalning þeirra viðmiða sem geta haft þýðingu fyrir ákvörðun björgunarlauna sé tæmandi. Þessu til viðbótar má benda á að þau viðmið sem gæta skal við ákvörðun björgunarlauna skv. 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga er að finna í 13. gr. björgunarsamningsins. Með vísan til þess sem segir um rökin fyrir tilkomu 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga hér að framan er því lagt til að sambærilegt ákvæði verði í 2. mgr. 168. gr. Fjárhæð björgunarlauna skal því aðallega miðast við tíma þann og fyrirhöfn sem til björgunar var varið svo og útlagðan kostnað. Þá skal tekið fram að leggi björgunarmenn sig í teljandi hættu við björgunina á að beita ákvæðum 1. mgr. 168. gr. um björgunina. Þetta byggist þó að sjálfsögðu á að sú hætta sem

björgunarmenn lögðu sig í hafi verið nauðsynleg til að björgunin mætti takast. Rétt er að geta þess að þar sem segir í athugasemdum um 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga að ákvæðið útiloki ekki að öðrum ákvæðum 1. mgr. en talin eru upp í 2. tölul. verði beitt, á eftir atvikum einnig við um tillögu nefndarinnar. Þannig útilokar ákvæði 2. mgr. 168. gr. ekki að í undantekningartilvikum geti komið til greina að beita a-lið 1. mgr. 168. gr., þ.e. að líta til verðmætis þess sem bjargað er við ákvörðun á björgunarlaunum skv. 2. mgr. 168. gr. Sem dæmi má nefna Hrd. 1996:3277 en þar virðist Hæstiréttur hafa tekið tillit til verðmætis hins bjargaða við ákvörðun björgunarlauna skv. 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga.

Þrátt fyrir að frumvarpið miði að því að víkka gildissvið björgunarreglnanna frá því sem er í gildandi siglingalögum er ekki ástæða til að láta sérreglu 2. mgr. 168. gr. gilda í öðrum tilvikum en þeim þar sem björgunarandlagið er skip í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga.

Um 7. gr.

Lagt er til að í 169. gr. laganna komi ákvæði þar sem því er slegið föstu að eigandi skips og eigendur annars lausafjár sem bjargað er séu ábyrgir fyrir greiðslu björgunarlauna í hlutfalli við verðmæti eigna þeirra sem bjargað var. Meta skal þetta sérstaklega fyrir alla eigendur björgunarandlags. Björgunarlaun geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur verðmæti björgunarandlags, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 167. gr. Ákvæði þetta er að nokkru leyti sama efnis og 6. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga. Ekki er um að ræða óskipta (solidariska) ábyrgð eiganda skips og eigenda annars lausafjár á greiðslu björgunarlauna. Skv. 2. mgr. 13. gr. björgunarsamningsins frá 1989 er hverju samningsríki í sjálfsvald sett hvort valin er óskipt ábyrgð eða ekki.

Samkvæmt ákvæðinu er það eigandi skips sem er ábyrgur fyrir greiðslu björgunarlauna vegna björgunar á skipi. Áður var nokkuð á reiki hvort eigandi skips eða útgerðarmaður bæri ábyrgð á greiðslu björgunarlauna. Þrátt fyrir að úr þessu sé skorið í ákvæðinu getur skipstjóri á grundvelli 13. gr. í gildandi siglingalögum komið því til leiðar að útgerðarmaður en ekki eigandi skips verði ábyrgur fyrir greiðslu björgunarlauna. Þá má víkja frá þessari meginreglu um ábyrgð eiganda skips með samningi skv. 1. málsl. 1. mgr. 165. gr. í tillögum nefndarinnar.

Í 6. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga kemur fram að eigandi farms ábyrgist greiðslu björgunarlauna aðeins með þeim munum sem björgun tekur til en ekki með öðrum eignum. Hér er lögð til breyting á þessari reglu. Líta verður á ákvæði 6. mgr. 164. gr. sem leifar frá þeim tíma þegar persónuleg ábyrgð var lítið þekkt í sjóréttinum. Þau sjónarmið eiga ekki eins vel við í dag. Afleiðing þessarar reglu í 6. mgr. 164. gr. er m.a. sú að björgunarmaður ber áhættu af því að farmurinn skemmist eftir að björgun er lokið. Telja verður að sú niðurstaða samrýmist illa þeirri reglu að hvetja skuli til björgunar. Eigandi skips og eigendur annars lausafjár bera því persónulega ábyrgð á greiðslu björgunarlauna. Þó að þetta komi ekki beint fram í texta ákvæðisins leiðir það af almennum reglum að ábyrgð er persónuleg ef annað er ekki tekið sérstaklega fram.

Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 197. gr. og 1. tölul. 204. gr. siglingalaganna eru kröfur um björgunarlaun tryggðar með sjóveðrétti í skipi eða farmi.

Um 8. gr.

Lagt er til að í 170. gr. laganna komi ákvæði sem gefi leiðbeiningar um hvernig með skuli farið þegar skipta á björgunarlaunum milli tveggja eða fleiri björgunarmanna. Ef björgunarmenn eru ekki sammála um skiptingu björgunarlauna sín á milli skal úr álitaefninu skorið með hliðsjón af þeim viðmiðum sem nefnd eru í 1. mgr. 168. gr. Ákvæðið er efnislega

samhljóða 168. gr. gildandi siglingalaga. Fjallað er um þetta álitaefni í 1. mgr. 15. gr. björgunarsamningsins frá 1989.

Um 9. gr.

Um a-lið (170. gr. a).

Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði, 170. gr. a, en þar verði kveðið á um sérstaka þóknun vegna „umhverfisbjörgunar". Ákvæðið, sem felur í sér undantekningu frá „no-cure, no-pay"-reglunni, byggist á 14. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Markmiðið með ákvæðinu er að hvetja björgunarmenn til að bjarga skipi sem eitt sér eða ásamt farmi felur í sér hættu á umhverfistjóni. Óbeint felur ákvæðið einnig í sér möguleika á þóknun til þess sem kemur í veg fyrir eða dregur úr skaðabótaábyrgð eiganda skips.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. er réttur björgunarmanns til sérstakrar þóknunar háður því að unnið sé að björgun skips sem eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni. Það er ekki sett sem skilyrði að björgunaraðgerðir hafi leitt til árangurs, þ.e. björgunarmaður getur átt rétt á þóknun þótt engu sé bjargað. Hins vegar koma reglurnar um sérstaka þóknun aðeins til skoðunar að björgunarmaðurinn hafi reynt að bjarga skipi eða farmi. Ef skip er sokkið á því sá sem reynir að hreinsa upp olíu sem lekið hefur í sjóinn frá skipinu ekki rétt á sérstakri þóknun samkvæmt ákvæðinu. Meginreglan er sú að þóknun skal samsvara kostnaði við björgunaraðgerðir.

Samkvæmt ákvæðinu getur björgunarmaður krafið bæði eiganda skips og útgerðarmann um sérstaka þóknun. Hann getur því valið hvorn þeirra hann krefur eða jafnvel krafið þá báða. Eigandi skips og útgerðarmaður bera því óskipta ábyrgð á greiðslu hinnar sérstöku þóknunar. Hér er valin lausn sem er frábrugðin því sem gildir um greiðslu björgunarlauna þar sem eigandi skips ber ábyrgðina. Í 14. gr. björgunarsamningsins frá 1989 er notað hugtakið „owner" um þann sem krefja má um sérstaka þóknun. Í enskum sjórétti getur hugtakið „owner" bæði átt við um skráðan eiganda skips og útgerðarmann. Að baki þeirri ákvörðun nefndarinnar um að velja ólíkar lausnir hvað varðar ábyrgð á greiðslu sérstakrar þóknunar og ábyrgð á greiðslu björgunarlauna liggja m.a. vátryggingalegar ástæður. Þannig tekur húftrygging skipa oftast til björgunarkostnaðar. Oftast er það eigandi skips sem sér um að húftryggja skipið. Það er því eðlilegra að eigandi skips sé ábyrgur fyrir greiðslu björgunarlauna. Hvað varðar sérstaka greiðslu er slík greiðsla oft tengd spurningunni um hver það er sem hefur hagsmuni af því að losna undan skaðabótaábyrgð gagnvart þriðja manni fyrir umhverfistjón. Algengt er að slíkur kostnaður sé greiddur af P&I-vátryggingu (Protection and Indemnity). Það er nokkuð breytilegt hvort það er eigandi skips eða útgerðarmaður sem sér um að taka P&I-tryggingu. Því er eðlilegt að björgunarmaður hafi visst svigrúm við val á því hvern hann krefur um sérstaka þóknun. Þá er einnig rétt að hafa í huga að þegar um er að ræða kröfu til björgunarlauna er réttarstaða björgunarmanns tryggð m.a. með reglunum um sjóveðrétt, kyrrsetningu og haldsrétt. Þær reglur hafa hins vegar ekkert gildi varðandi sérstaka þóknun þar sem ekki hefur tekist að bjarga neinum verðmætum.

Í 2. málsl. 1. mgr. kemur fram að fái björgunarmaður greidd björgunarlaun skv. 168. gr. á hann ekki rétt á sérstakri þóknun skv. 170. gr. a. Ef hins vegar björgunarlaunin eru lægri en kostnaður við björgunaraðgerðir á björgunarmaður rétt á sérstakri þóknun sem nemur mismuninum.

Samkvæmt 2. mgr. má hækka hina sérstöku þóknun um 30–100% þegar björgunarmaður hefur komið í veg fyrir eða dregið úr umhverfistjóni. Í samræmi við orðalag 14. gr. björgunarsamningsins er einungis tekið fram í ákvæðinu að þegar meta skuli hvort sanngjarnt sé að hækka hina sérstöku þóknun umfram 30% af kostnaði björgunarmanns skuli litið til þeirra

atriða sem nefnd eru í 1. mgr. 168. gr. Dómstólar verða að meta það í hvert sinn hvort aðstæður séu með þeim hætti að hækka eigi hina sérstöku þóknun umfram 30% af kostnaði björgunarmanns.

Í 3. mgr. er að finna skilgreiningu á kostnaði björgunarmanns. Meginreglan er sú að útgjöld sem tengjast tilraun til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni eru bætt. Þessu til viðbótar skal bæta kostnað vegna tilraunar við að bjarga skipi og farmi. Það er hins vegar sett sem skilyrði að það hafi verið sanngjarnt að björgunarmaður hafi lagt út í viðkomandi kostnað. Þá á björgunarmaður rétt á sanngjörnu endurgjaldi fyrir búnað og mannafla sem notaður var. Björgunarmaður getur því ekki krafist endurgjalds vegna kostnaðar sem stafar af því að til verksins var notaður óeðlilega dýr búnaður eða óþarflega mikill mannafli.

Samkvæmt 4. mgr. má lækka eða fella niður hina sérstöku þóknun ef björgunarmaður hefur af gáleysi vanrækt að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni. Telja verður að það komi aðeins til álita að lækka eða fella niður sérstaka þóknun þegar björgunarmaður hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Um b-lið (170. gr. b).

Lagt er til að í 170. gr. b verði að finna sérstakar undantekningar frá almennu björgunarreglunum.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga og 17. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Ákvæðið leiðir til þess að t.d. leiðsögumaður um borð í skipi eða dráttarbátur sem tekið hefur að sér leiðsögu skips eða að draga það áður en hættuástand skapast eiga ekki rétt á björgunarlaunum nema aðstoð þeirra hafi verið umfram skyldu samkvæmt samningnum. Sama gildir um áhöfn skipsins. Sem dæmi um slíka undantekningu má nefna að skyndilega kemur upp eldur í skipi og framganga leiðsögumanns eða áhafnar dráttarbáts veldur því að björgun heppnast. Sem dæmi um íslenskan dóm sem snertir álitaefnið hvort áhöfn skips hafi veitt aðstoð umfram skyldu sína samkvæmt ráðningarsamningi má nefna Hrd. 1987:17.

Samkvæmt 2. mgr. á sá sem tekur þátt í vinnu að björgun gegn beru og réttmætu banni eiganda skips, útgerðarmanns eða skipstjóra engan rétt til björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Ákvæðið er að mestu leyti sambærilegt 2. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga og sams konar ákvæði er í 19. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Það skal tekið fram að hvort bann gegn björgun er réttmætt verður að meta bæði út frá því hvort skipið er í hættu og hversu mikil hætta er á umhverfistjóni. Mat á því hvenær neitun er réttmæt getur því verið breytilegt eftir aðstæðum hverju sinni.

Í framhaldi af þessu skal hér getið sænsks hæstaréttardóms frá 13. janúar 1983 (sjá ND 1983:1). Þar voru málavextir þeir að rússneska skipið Tsesis strandaði í sænska skerjagarðinum 26. október 1977. Við það kom leki að skipinu og 600 tonn af olíu láku í sjóinn. Þar sem þeir sem með stjórn skipsins fóru neituðu björgun ákváðu sænsk stjórnvöld að gerð yrði tilraun til að bjarga skipinu og þannig reynt að koma í veg fyrir frekari mengun af völdum olíunnar. Hæstiréttur taldi að stjórnvöldum hafi verið þetta heimilt því að ekki hafi verið fyrir hendi réttur til að neita björgun á grundvelli 2. mgr. 224. gr. sænsku siglingalaganna (2. mgr. 164. gr. íslensku siglingalaganna, nr. 34/1985). Stjórnvöld eða björgunarmenn geta því gripið inn í og hafist handa við að bjarga skipi þrátt fyrir neitun þeirra sem með stjórn viðkomandi skips fara ef ekki er uppfyllt skilyrði 2. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga um að bann sé réttmætt.

Þegar rætt er um rétt stjórnvalda til að grípa inn í þegar skip er statt í hættu en t.d. skipstjóri fellst ekki á björgun er rétt að hafa það í huga sem fram kemur í 2. málsl. 1. mgr. 165. gr. og b-lið 3. mgr. 166. gr. í frumvarpinu um að eigandi skips, útgerðarmaður eða skip-

stjóri ásamt eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga séu skyldir til að reyna að koma í veg fyrir eða takmarka umhverfistjón. Þessi ákvæði eru ófrávíkjanleg. Því má ætla að líkurnar á að til íhlutunar af hálfu stjórnvalda komi vegna neitunar t.d. eiganda skips á að þiggja hjálp séu minni en áður. Þó getur það vissulega komið til. Hvað varðar skilgreiningu á hugtakinu umhverfistjón þá er gerð grein fyrir henni í 163. gr. Þar er gengið út frá því sem nokkurs konar viðmiði að þegar meta á hvort umhverfistjón er verulegt eða ekki beri að líta til þjóðfélagslegs mikilvægis þess að reynt sé að koma í veg fyrir slys sem geti haft umhverfistjón í för með sér. Þegar horft svo er til þess að í 2. málsl. 1. mgr. 165. gr. og b-lið 3. mgr. 166. gr. er staðan sú að umhverfistjón er yfirvofandi, þ.e. verið er að meta hættu á tjóni en ekki afleiðingar tjóns sem þegar hefur orðið, má ljóst vera að mönnum ber að taka mögulega hættu á umhverfistjóni alvarlega. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga þegar meta á hvenær stjórnvöldum er heimilt að grípa inn í og hefjast handa um björgun.

Telja verður að samkvæmt gildandi siglingalögum og ákvæðum frumvarpsins um nýjar björgunarreglur sé þessi réttur til íhlutunar í höndum samgönguráðuneytisins. Þess skal getið að nú er að störfum nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða lög nr. 42/1926, um skipströnd og vogrek.

Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. sem byggir á 19. gr. björgunarsamningsins frá 1989 á sér ekki hliðstæðu í gildandi siglingalögum. Í fyrsta lagi veitir ákvæðið eiganda lausafjár sem er í hættu en sem hvorki er eða hefur verið um borð í skipi sama rétt til að leggja bann við björgun og gildir skv. 1. málsl. 2. mgr. Þetta leiðir til þess að eigandi farms sem fallið hefur fyrir borð á ekki slíkan rétt . Í því tilviki eru það bara þeir sem nefndir eru í 1. málsl. 2. mgr. sem lagt geta bann við björgun. Þessu veldur að gagnálykta ber frá orðum 2. málsl. 2. mgr.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga og 18. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Ákvæðið kveður á um tilvik þar sem lækka má eða fella niður björgunarlaun eða sérstaka þóknun vegna mistaka eða vanrækslu björgunarmanns. Ákvæði 3. mgr. á hins vegar ekki við um þau tilvik þar sem björgunarmaður getur orðið skaðabótskyldur, t.d. gagnvart eiganda skips, á grundvelli 2. mgr. 166. gr.

Um c-lið (170. gr. c).

Lagt er til að í 170. gr. c komi ákvæði sem er að mestu leyti samhljóða 169. gr. gildandi siglingalaga, þó með þeirri undantekningu að 6.–8. mgr. fela í sér nýmæli. Þá gilda ákvæði 1.–6. mgr. aðeins um skiptingu björgunarlauna þegar það skip sem bjargar er skrásett á Íslandi. Þetta er í samræmi við 2. mgr. 15. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Í 7. mgr. segir að þegar skipið sem bjargar er ekki skrásett á Íslandi fer um skiptingu björgunarlauna eftir löggjöf þess lands þar sem skipið er skráð.

Í greinargerð með gildandi siglingalögum var um 169. gr. vísað til athugasemda með frumvarpi til breytinga á björgunarreglum siglingalaga sem skilað var til ráðherra vorið 1982. Síðan segir í greinargerðinni: „Lagt er til að gerð verði gagnger breyting á efni 203. gr. siglingalaganna, sem fjallar um skiptingu björgunarlauna. Er þar að verulegu leyti fylgt fyrirmynd úr rétti annarra Norðurlandaþjóða, enda þótt eigi verði þess getið við hvern lið sérstaklega, en tekið skal fram, að ekki er um algert samræmi að ræða í samsvarandi ákvæðum Norðurlandaþjóðanna."

Um 1. mgr. Um þetta ákvæði segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Ákvæði þetta samsvarar að nokkru upphafi 2. mgr. 203. gr. gildandi laga. Gert er þó ráð fyrir því, að af óskiptum björgunarlaunum greiðist einnig aukinn kostnaður við rekstur skipsins, svo sem útgjöld vegna eldsneytis og launa áhafnar, sem af björgunarstarfinu leiddu. Er ákvæðið í meginatriðum í samræmi við ákvæði í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Það á sér og nokkra hliðstæðu í 12. gr. laga nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands (12. gr. laga

nr. 25/1967 var breytt með 1. gr. laga nr. 76/1986). Þá er einnig lagt til, að þóknun, sem ákveðin yrði skv. 4. mgr. (samsvarar 3. mgr. eftir þessu frumvarpi) greiðist af óskiptu, og er það í samræmi við löggjöf annarra Norðurlandaþjóða.“

Um 2. mgr. Um þetta ákvæði segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Hér er um að ræða nýjar reglur um „innbyrðis“ skiptingu björgunarlauna, sem koma að öllu leyti í stað samsvarandi reglna í núgildandi 2. mgr. 203. gr. Núverandi ákvæði eru allfornfáleg (sbr. t.d. það sem segir um „gufuskip“ og „seglskip“) og ljóst er einnig, að skipting til helminga milli skipstjóra annars vegar, og allrar áhafnarinnar hins vegar, er ekki lengur í neinu samræmi við launahlutföll milli þessara aðila, þótt svo kunni að hafa verið fyrir mörgum áratugum. Er nú leitast við að færa efni þessa ákvæðis í nútímahorf, enda þótt ætíð geti verið skiptar skoðanir um sanngjarnt skiptahlutfall milli þeirra, sem rétt eiga til björgunarlauna. Er nú horfið að því ráði, að heildarskiptahlutur áhafnar (að skipstjóra meðtöldum) í björgunarlaunum er hækkaður, á kostnað útgerðarhlutans, og hlutur skipshafnar jafnframt hækkaður verulega í hlutfalli við skipstjórahlutinn. Samkvæmt núgildandi reglu er hlutur útgerðarinnar 66⅔%, en eftir frumvarpinu 60%, hlutur skipstjóra er nú 16⅔%, en verður 13⅓%, og hlutur skipshafnar, sem er nú 16⅔%, hækkar í 26⅔%. Þótt hlutur skipstjóra sé nokkuð lækkaður frá því sem nú er, mun hann samt sem áður, enn sem fyrr, bera miklu meira úr býtum en nokkur annar áhafnarmaður, sem þóknum fær eftir þessu ákvæði, og verður í því efni að minnast þess, að enn hlýtur það að vera mjög undir skipstjóra komið, hvort lagt er til björgunarstarfa eða ekki eða hvernig björgun tekst til að öðru leyti. Þó gerir tæknin það kleift, að skipstjóri getur nú fremur en áður, ráðgast við útgerðarmann sinn um margvísleg atriði, sem björgunina snerta, og léttir það nokkurri ábyrgð af honum.

Með orðalaginu „hin eiginlega skipshöfn“ í ákvæði þessu er einungis átt við þá skipverja, sem skipstjóri eða útgerðarmaður hafa ráðið á skip til þeirra skipsstarfa, sem nauðsynleg eru til reksturs skipsins. Ákvæðið tekur hins vegar ekki til manna, sem ráðnir eru á skip til annarra starfa, svo sem t.d. þjónustufólk, sem eingöngu þjónar farþegum á farþegaskipi, eða hljómlistarmenn, sem skemmta eiga farþegum. Menn, sem einungis verða taldir til „óeiginlegrar skipshafnar“ í þessari merkingu, geta hins vegar átt sjálfstæðan rétt til björgunarlauna, ef þeir hafa veitt að björguninni.

Nýmæli er það einnig, að leiðsögumaður skuli eiga hlutdeild í skiptahlut skipshafnarinnar, svo sem nánar er mælt fyrir í frumvarpinu.

Lokaákvæði 3. mgr. [samsvarar 2. mgr. eftir þessu frumvarpi] á sér ekki beina fyrirmynd í löggjöf annarra þjóða, en er sniðið að íslenskum aðstæðum og eru þar einkum hafðir í huga sjómenn á smærri bátum, þar sem tekjur miðast hvorki við föst laun né tiltekinn hlut.“

Um 3. mgr. Um ákvæðið segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Ákvæðið er nýmæli, en á sér nokkra hliðstæðu í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands (12. gr. laga nr. 25/1967 var breytt með 1. gr. laga nr. 76/1986). Það þarfnast ekki skýringar.“

Um 4. mgr. Um ákvæðið segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Hér er um nýmæli að ræða sem ekki þarfnast skýringar.“

Um 5. mgr. Um ákvæðið segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Með ákvæði þessu, sem er nýmæli, er leitast við að tryggja réttarstöðu sjómanna í sambandi við hlutdeild þeirra í björgunarlaunum, sem skip þeirra hafa unnið til.“

Ákvæði 6. mgr. segir til um hvaða reglur gilda um skiptingu sérstakrar þóknunar skv. 2. mgr. 170. gr. a. Heppilegt er að reglur 1.–5. mgr. 170. gr. c gildi um skiptingu sérstakrar þóknunar umfram þá þóknun sem ætlað er að standa undir kostnaði björgunarmanns skv. 1. mgr. 170. gr. a. Þrátt fyrir að orðalag 1.–5. mgr. 170. gr. c miðist fremur við björgun en

tilraun til björgunar sem gefur rétt til sérstakrar þóknunar er ekki ástæða til að breyta orðalagi 1.–5. mgr. Sérstök þóknun sem greidd er á grundvelli 1. mgr. 170. gr. a rennur að fullu til útgerðarmanns skips þess sem notað var við björgunarvinnuna. Þá getur sú staða komið upp að þrátt fyrir að björgunarmaður hafi fengið kostnað sinn greiddan skv. 1. mgr. 170. gr. a hafi hann orðið fyrir tjóni sem ekki telst kostnaður í skilningi þess ákvæðis en fellur þó undir 1. mgr. 170. gr. c. Í því tilviki mundi sérstök þóknun skv. 2. mgr. 170. gr. a fyrst bæta það tjón. Það sem þá yrði eftir mundi skiptast milli útgerðarmanns skips og áhafnar skv. 2. mgr. 170. gr. c.

Ákvæði 7. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 15. gr. björgunarsamningsins frá 1989 en þar kemur fram að um skiptingu björgunarlauna milli útgerðarmanns og áhafnar skuli fara samkvæmt lögum í fánaríki þess skips sem bjargar.

Í 8. mgr. er kveðið á um að þegar það er ekki skip sem bjargar skuli um skiptingu björgunarlauna fara eftir þeirri löggjöf sem gildir um réttarsambandið milli björgunarmanns og starfsmanna hans. Þetta ákvæði á sér fyrirmynd í 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. björgunarsamningsins frá 1989.

Um d-lið (170. gr. d).

Lagt er til að í 170. gr. d komi ákvæði um skyldu þess sem ber ábyrgð á greiðslu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar að setja tryggingu.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu til að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar auk vaxta og málskostnaðar. Þessi skylda hvílir beint á öllum þeim sem ábyrgð bera á greiðslu björgunarlauna. Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 21. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Þá kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. að þegar trygging hefur verið sett getur björgunarmaður ekki gengið að sjóveði sínu skv. 4. tölul. 1. mgr. 197. gr. siglingalaganna. Ákvæðið sem er nýtt er samhljóða 2. mgr. 20. gr. björgunarsamningsins. Ákvæðið gildir ekki um sérstaka þóknun þar sem slíkar kröfur eru ekki tryggðar með sjóveðrétti í skipi.

Í 2. mgr. er lögð tiltekin skylda á eiganda og útgerðarmann að vinna að því að aðrir sem ábyrgð bera, þ.e. einkum farmeigendur, leggi fram þessa tryggingu. Í framkvæmd er það tryggingafélag skipsins sem ábyrgist greiðslu björgunarlauna. Sama á við um farminn. Ákvæðið sem er nýmæli er samhljóða 2. mgr. 21. gr. björgunarsamningsins. Venjulegar farmtryggingar greiða hlutdeild farmsins í björgunarlaunum, hvort sem þeim er jafnað niður í sameiginlegu sjótjóni eða ekki. Hafi farmeigandi ekki vátryggt farminn verður hann sjálfur að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu síns hluta björgunarlauna.

Mesta þýðingu hefur ákvæðið í 3. mgr. Samkvæmt því er sjálfkrafa farbann á skipi og öðrum verðmætum sem bjargað hefur verið þar til fullnægjandi trygging hefur verið lögð fram. Ákvæði þetta sem byggist á 3. mgr. 21. gr. björgunarsamningsins er efnislega samhljóða 170. gr. gildandi siglingalaga.

Um e-lið (170. gr. e).

Í 170. gr. e er að finna ákvæði um fyrirframgreiðslu hluta björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Ákvæði þetta er í samræmi við 22. gr. samningsins. Því er fyrst og fremst ætlað að styrkja stöðu þeirra björgunarmanna sem kallaðir eru atvinnumenn, þ.e. þeirra sem gera út skip sem sérbúin eru til að aðstoða önnur skip. Sennilega hefur ákvæðið ekki mikla þýðingu hér á landi eins og aðstæður eru nú.

Um f-lið (170. gr. f).

Lagt er til að í 170. gr. f verði lögfest lítils háttar frávik frá almennum reglum um meðferð einkamála samkvæmt lögum nr. 91/1991 og um kyrrsetningu samkvæmt lögum nr. 31/1990.

Í 1. mgr. er nauðsynleg viðbót við varnarþingsreglur einkamálalaga þar sem heimilað er að höfða mál þar sem björgun var gerð eða verðmætin flutt að landi.

Samkvæmt 3. mgr. 170. gr. d í frumvarpinu er óheimilt að flytja hin björguðu verðmæti á brott þar til sett hefur verið nægileg trygging fyrir greiðslu björgunarlauna. Kyrrsetningargerð samkvæmt lögum nr. 31/1990 hefur nokkuð önnur réttaráhrif og getur björgunarmaður í sumum tilvikum talið nauðsynlegt að leita eftir kyrrsetningu, en með kyrrsetningu og vörslusviptingu skv. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 31/1990 ætti staða hans að vera tryggð nægilega. Í 2. mgr. 170. gr. f er mælt fyrir um lítils háttar frávik frá almennum reglum laga nr. 31/1990, en án þeirra væri kyrrsetning oft útilokuð vegna vandkvæða á að koma henni fram.

Í 3. mgr. kemur fram að þegar leyst er úr ágreiningi um skiptingu björgunarlauna skuli allir sem rétt eiga til hlutdeildar eiga aðild að málinu. Þá er einnig gert lítils háttar frávik frá reglum um gagnkröfur sem leiðir af sérstakri aðstöðu sem skapast í málum af þessum toga.

Um g-lið (170. gr. g).

Í 170. gr. g er að finna ákvæði um skip eða farm í ríkiseign og farm sem ætlaður er til mannúðarmála. Hér er tekið af skarið um að ákvæði þessa kafla laganna heimili ekki kyrrsetningu skipa sem njóta friðhelgi samkvæmt reglum þjóðaréttar. Þá verður ekki höfðað mál til heimtu björgunarlauna vegna slíkra skipa fyrir íslenskum dómstólum og þau ekki kyrrsett hér. Er það háð rétti viðkomandi ríkis hvort björgunarlauna verði krafist og verður að höfða mál til heimtu þeirra í viðkomandi ríki. Íslensk lög mæla ekki fyrir um sérreglur um skip íslenska ríkisins að þessu leyti.

Gildissvið ákvæðisins er víkkað nokkuð í 3. mgr. og er hún í samræmi við 26. gr. samningsins. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að koma í veg fyrir að farmur sem ætlaður er til mannúðarmála komi of seint á áfangastað.

Um 10. gr.

Lögð er til breyting á 1. tölul. 175. gr. laganna. Ákvæði þessu þarf að breyta í samræmi við breytta hugtakanotkun í VIII. kafla laganna. Það felur ekki í sér aðra breytingu en þá að sérstök þóknun skv. 170. gr. a er undanþegin takmörkun ábyrgðar á sama hátt og björgunarlaun.

Um 11. gr.

Lögð er til breyting á 1. tölul. 215. gr. laganna. Hér er mælt svo fyrir að fyrningarfrestur skuli vera sá sami fyrir kröfu um sérstaka þóknun og kröfu um björgunarlaun. Breytingin er í samræmi við 1. mgr. 23. gr. björgunarsamningsins frá 1989.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1999. Samkvæmt því taka hinar nýju björgunarreglur aðeins til atvika sem verða eftir gildistöku laganna.

Um 13. gr.

Lögð er til breyting á lögum nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög. Hér er lögð til talsverð breyting á gildissviði björgunarreglnanna. Mjög lengi hefur verið í gildi regla sem nú er lögfest í 14. gr. laga um bátaábyrgðarfélög. Hún felur það í sér að öll skip sem tryggð eru hjá bátaábyrgðarfélagi og öll skip sem ríkissjóður á eða gerir út eru skyldug til að bjarga hvert öðru úr sjávarháska og fyrir það verk verða ekki greidd björgunarlaun heldur tiltekin þóknun sem skýrð er í lögunum. Er hún alla jafna verulega lægri en björgunarlaun.

Lög um bátaábyrgðarfélög gilda um öll fiskiskip með fullu þilfari sem eru 100,49 brúttórúmlestir eða minni. Þar til lög nr. 116/1993 tóku gildi var landinu skipt í afmörkuð félagssvæði og voru skipaeigendur skyldugir að kaupa vátryggingu hjá því bátaábyrgðarfélagi sem starfaði á viðkomandi svæði. Þessi skylda hefur nú verið þrengd þannig að skylt er að kaupa vátryggingu, en frjálst er að kaupa hana hjá hvaða vátryggingafélagi sem selur slíkar vátryggingar og hefur starfsleyfi.

Með þessari breytingu má segja að rök sem stóðu til þess að viðhalda sérreglu um þessi skip séu ekki haldbær lengur og að leggja verði áherslu á að sama regla gildi um öll skip.

Fylgiskjal I.

Alþjóðlegi björgunarsamningurinn 1989.

RÍKIN SEM EIGA AÐILD AÐ ÞESSUM SAMNINGI,

SEM GERA SÉR LJÓST að æskilegt er að fastsetja með samningi samræmdar alþjóðareglur um björgunaraðgerðir,

SEM VEITA ÞVÍ ATHYGLI að veruleg þróun, einkum aukinn áhugi á umhverfisvernd, gerir það að verkum að nauðsynlegt er að endurskoða alþjóðareglur í samningnum um samræmingu tiltekinna réttarreglna er varða aðstoð og björgun á sjó (Convention for the Unification of Certain Rules of Law relating to Assistance and Salvage at Sea) sem gerður var í Brussel, 23. september 1910,

SEM ERU MEÐVITUÐ um mikilvægi skilvirkra björgunaraðgerða í tæka tíð að því er varðar öryggi skipa og annarra eigna í hættu og verndun umhverfisins,

SEM ERU SANNFÆRÐ UM að nauðsynlegt er að tryggja að fyrir hendi sé nægileg hvatning fyrir þá sem sinna björgun skipa og annarra eigna í hættu,

HAFA SAMÞYKKT eftirfarandi:

I. kafli. – Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. Björgunaraðgerðir: sérhver framkvæmd eða aðgerð til aðstoðar skipi eða til bjargar öðrum eignum í hættu á siglingaleiðum eða legi hvar sem er.
b. Skip: sérhvert skip eða far eða hvers konar smíð önnur sem er fær til siglinga.
c. Eignir: sérhver eign sem er hvorki varanlega né vísvitandi fest við strandlengju og inniheldur farm í hættu.
d. Umhverfistjón: umtalsvert tjón á líkamlegri heilsu manna eða tjón á sjávarlífi eða auðlindum við strendur eða á innlendum vatnaleiðum eða aðliggjandi svæðum, af völdum mengunar, spillingar, elds, sprengingar eða annarra meiri háttar atburða af svipuðum toga.

e. Greiðsla: hvers konar laun, endurgjald eða þóknun sem ber að greiða samkvæmt þessum samningi.
f. Stofnun: Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO).
g. Framkvæmdastjóri: framkvæmdastjóri stofnunarinnar.

2. gr.
Beiting samningsins.

Ákvæði samningsins gilda í dómsmálum eða gerðardómsmálum sem eru til úrlausnar í samningsríki og varða málefni sem fjallað er um í þessum samningi.

3. gr.
Pallar og búnaður til borunar.

Þessi samningur tekur ekki til fastra eða fljótandi palla eða færanlegs búnaðar til borunar á hafi úti ef pallarnir eða búnaðurinn er notaður til að kanna, nýta eða framleiða jarðefni af hafsbotni.

4. gr.
Skip í ríkiseign.

1. Með fyrirvara um 5. gr. gildir þessi samningur ekki um herskip eða önnur skip í ríkiseign sem ríkið gerir út í öðru skyni en ábataskyni og ber við björgunaraðgerð réttur til friðhelgi á grundvelli fullveldis samkvæmt þeim meginreglum þjóðaréttar sem eru almennt viðurkenndar, nema hlutaðeigandi ríki ákveði annað.

2. Ákveði samningsríki að láta samninginn taka til herskipa sinna eða annarra skipa, sem lýst er í 1. mgr., ber að tilkynna framkvæmdastjóranum um það og tilgreina með hvaða skilmálum og skilyrðum það er gert.

5. gr.
Björgunaraðgerðir undir stjórn opinberra yfirvalda.

1. Þessi samningur hefur ekki áhrif á ákvæði innlendra laga eða alþjóðasamninga um björgunaraðgerðir af hálfu eða undir stjórn opinberra yfirvalda.

2. Þó ber björgunarmönnum, sem sjá um slíkar björgunaraðgerðir, sá réttur og þau úrræði er varða björgunaraðgerðir sem kveðið er á um í þessum samningi.

3. Lög ríkisins þar sem opinbert yfirvald, sem ber að sinna björgunaraðgerðum, er staðsett skera úr um að hve miklu leyti það getur gert tilkall til þess réttar og þeirra úrræða sem kveðið er á um í þessum samningi.

6. gr.
Björgunarsamningar.

1. Þessi samningur tekur til hvers konar björgunaraðgerða, nema kveðið sé beint eða óbeint á um annað í samningi.

2. Skipstjóri skal hafa umboð til að semja um björgunaraðgerðir fyrir hönd eiganda skipsins. Skipstjóri eða eigandi skipsins skal hafa umboð til að gera slíka samninga fyrir hönd eigenda eigna um borð í skipinu.

3. Ekkert í þessari grein hefur áhrif á beitingu 7. gr. eða skuldbindingar um að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni.

7. gr.

Ógilding og breyting á samningum.

Heimilt er að ógilda eða breyta samningi eða skilmálum í honum ef:

a. samningurinn var gerður á meðan hættan vofði yfir eða undir áhrifum hennar og skilmálar hans eru ósanngjarnir; eða
b. greiðsla samkvæmt samningnum er annaðhvort of há eða lág fyrir þá þjónustu sem var raunverulega innt af hendi.

II. kafli. – Framkvæmd björgunaraðgerða.

8. gr.

Skyldur björgunarmanna og eiganda og skipstjóra.

1. Björgunarmanni ber, gagnvart eiganda skips eða annarra eigna í hættu, skylda til:

a. að sinna björgunaraðgerðum með nægilegri aðgát;
b. að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni með því að sýna nægilega aðgát við þau skyldustörf sem eru tilgreind í a-lið;
c. að leita aðstoðar annarra björgunarmanna þegar aðstæður krefjast þess; og
d. að samþykkja íhlutun annarra björgunarmanna þegar eigandi eða skipstjóri skips eða eigandi annarra eigna í hættu leggja fram sanngjarna beiðni þar um, þó að því tilskildu að björgunarlaun hans lækki ekki ef í ljós kemur að beiðnin var ekki á rökum reist.

2. Eiganda eða skipstjóra skips eða eiganda annarra eigna í hættu ber, gagnvart björgunarmanni, skylda til:

a. að hafa við hann fulla samvinnu á meðan á björgunaraðgerðum stendur;
b. að sýna nægilega aðgát á meðan á samvinnunni stendur til að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni; og
c. að taka við skipi eða öðrum eignum þegar þeim hefur verið komið í örugga höfn og björgunarmaður leggur fram sanngjarna beiðni þess efnis.

9. gr.

Réttur strandríkja.

Ekkert í þessum samningi hefur áhrif á rétt hlutaðeigandi strandríkis til að gera ráðstafanir í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur þjóðaréttar til að vernda strandlengju sína, eða skylda hagsmuni, frá mengun eða yfirvofandi hættu á mengun í kjölfar sjóslyss, eða aðgerða sem tengjast því, sem gera má ráð fyrir að hafi í för með sér verulegt tjón, og er þá með talinn réttur strandríkja til að leiðbeina við björgunaraðgerðir.

10. gr.

Skylda til að veita aðstoð.

1. Sérhverjum skipstjóra ber, sé honum það fært án þess að leggja eigið skip og menn um borð í því í hættu, að aðstoða sérhvern þann sem er í lífsháska á sjó.

2. Samningsríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeirri skyldu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., sé sinnt.

3. Eigandi skips getur ekki talist skaðabótaskyldur þótt skipstjóri bregðist þeirri skyldu sem kveðið er á um í 1. mgr.

11. gr.

Samvinna.

Samningsríki skal, þegar það setur reglur eða tekur ákvörðun um málefni er varða björgunaraðgerðir, svo sem aðgang skipa í háska að höfnum, eða aðstöðu fyrir björgunarmenn,

hafa hliðsjón af því að þörf er samvinnu milli björgunarmanna, annarra sem eiga hagsmuna að gæta og opinberra yfirvalda til að tryggja árangursríkar og vel heppnaðar aðgerðir til björgunar mannslífa eða eigna í hættu, svo og til að koma í veg fyrir umhverfistjón almennt.

III. kafli. – Réttur björgunarmanna.

12. gr.

Skilyrði fyrir björgunarlaunum.

1. Árangursríkar björgunaraðgerðir veita rétt til björgunarlauna.

2. Ekki er unnt að krefjast greiðslu samkvæmt þessum samningi ef björgunaraðgerð hefur ekki borið árangur, nema kveðið sé á um annað.

3. Ákvæði þessa kafla gilda þrátt fyrir að skip sem var bjargað og björgunarskip séu í eigu sama aðila.

13. gr.

Viðmiðanir þegar ákvarða skal björgunarlaun.

1. Ákveða ber björgunarlaun með það í huga að hvetja til björgunaraðgerða og skal hafa hliðsjón af eftirfarandi viðmiðunum án tillits til þess í hvaða röð þær eru settar fram:

a. verðmæti skips og annarra eigna sem er bjargað;
b. hæfni og viðleitni björgunarmanna til að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni;
c. árangri björgunarmanna;
d. eðli og umfangi hættunnar;
e. hæfni og viðleitni björgunarmanna til bjargar skipi, öðrum eignum og mannslífum;
f. tímanum sem verkið krafðist og kostnaði og tapi björgunarmanna;
g. skaðabótaáhættu björgunarmanna og annarrar hættu sem þeir leggja sig eða búnað sinn í;
h. hversu skjótt þjónustan er veitt;
i. hvort björgunarskip eða -búnaður er tiltækur og notaður;
j. ástandi búnaðar björgunarmanns með tilliti til aðgengis, skilvirkni og verðmætis.

2. Öllum þeim sem eiga hagsmuna að gæta í skipinu og öðrum eignum sem er bjargað ber að greiða björgunarlaun, sem eru ákveðin skv. 1. mgr., í hlutfalli við þau verðmæti sem var bjargað. Þó getur samningsríki kveðið á um það í landslögum sínum að einum hagsmunaaðila beri að greiða björgunarlaunin og eigi hann þá endurkröfurétt á hina hagsmunaaðilana um greiðslu á hlut hvers þeirra um sig. Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir rétt til málsvarnar.

3. Björgunarlaun, að frátöldum vöxtum og endurkræfum málskostnaði sem vera má að þurfi greiða, skulu ekki vera hærri en sem nemur verðmæti skipsins eða öðrum eignum sem var bjargað.

14. gr.

Sérstök þóknun.

1. Hafi björgunarmaður unnið björgunarstörf vegna skips eða farms sem umhverfi stafaði ógn af og ekki fengið björgunarlaun skv. 13. gr. sem eru að minnsta kosti jafnhá þeirri þóknun sem er reiknuð út í samræmi við þessa grein, ber honum réttur til sérstakrar þóknunar frá eiganda skipsins er skal vera jafnhá útgjöldum hans eins og þau eru skilgreind hér.

2. Hafi björgunarmaður, með björgunaraðgerðum við þær aðstæður sem um getur í 1. mgr., komið í veg fyrir eða dregið svo sem kostur er úr umhverfistjóni er heimilt að hækka þá sérstöku þóknun sem eiganda skipsins ber að greiða honum skv. 1. mgr. um allt að 30%

af þeim kostnaði sem björgunarmaður hefur lagt í. Engu að síður getur dómstóll hækkað þessa sérstöku þóknun enn frekar, en þó skal heildarhækkunin aldrei vera meiri en 100% af þeim kostnaði sem björgunarmaðurinn leggur í, telji hann slíkt sanngjarnt og réttmætt og með hliðsjón af viðeigandi viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 13. gr.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. er með kostnaði björgunarmanns átt við bein og hæfileg útgjöld björgunarmanns við björgunaraðgerð og sanngjarnt endurgjald fyrir viðeigandi búnað og starfsmenn, sem voru notaðir í raun og á sanngjarnan hátt við björgunaraðgerðina, með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í h-, i- og j-liðum 1. mgr. 13. gr.

4. Einungis ber að greiða heildarþóknunina samkvæmt þessari grein ef og að því marki sem slík þóknun er hærri en þau björgunarlaun sem björgunarmaður getur gert kröfu um skv. 13. gr.

5. Hafi björgunarmaður sýnt vanrækslu og þannig mistekist að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni er heimilt að svipta hann öllum sérstökum þóknunum eða hluta þeirra sem ber að greiða samkvæmt þessari grein.

6. Ekkert í þessari grein hefur áhrif á endurkröfurétt af hálfu eiganda skipsins.

15. gr.

Skipting milli björgunarmanna.

1. Ákveða skal skiptingu björgunarlauna skv. 13. gr. milli björgunarmanna á grundvelli þeirra viðmiðana sem fram koma í þeirri grein.

2. Ákveða skal skiptingu milli eiganda, skipstjóra og annarra í þjónustu hvers björgunarskips samkvæmt lögum í fánaríki skipsins. Hafi björgun ekki borist frá skipi skal ákveða skiptinguna samkvæmt lögum sem gilda um samninginn sem er gerður milli björgunarmanns og aðila í þjónustu hans.

16. gr.

Björgun mannslífa.

1. Engin björgunarlaun ber að greiða fyrir björgun mannslífa en ekkert í þessari grein hefur áhrif á ákvæði landslaga um þetta efni.

2. Sá er bjargar mannslífi og hefur tekið þátt í að veita þjónustu við slys er leiddi til björgunarinnar á rétt á sanngjörnum hluta af þeirri greiðslu sem björgunarmaður fær fyrir björgun skipsins eða annarra eigna eða fyrir að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni.

17. gr.

Þjónusta sem er veitt samkvæmt gildandi samningum.

Ekki ber að inna af hendi greiðslu samkvæmt ákvæðum þessa samnings nema sú þjónusta sem er veitt teljist með réttu umfram það sem telst við hæfi samkvæmt samningi sem gerður var áður en hættan steðjaði að.

18. gr.

Afleiðingar af misferli eða vanrækslu björgunarmanns.

Heimilt er að svipta björgunarmann greiðslu samkvæmt þessum samningi, að fullu eða að hluta, að því marki sem mistök hans eða vanræksla gerðu það að verkum að björgunaraðgerðir reyndust nauðsynlegar eða erfiðari en ella, eða hafi björgunarmaður gerst sekur um svik eða annað óheiðarlegt athæfi.

19. gr.

Bann við björgunaraðgerðum.

Þjónusta sem er veitt þrátt fyrir skýrt og réttmætt bann eiganda skips eða skipstjóra á því eða eiganda annarra eigna í hættu, sem er ekki og hefur ekki verið um borð í skipinu, veitir ekki rétt til greiðslna samkvæmt þessum samningi.

IV. kafli. – Kröfur og málshöfðun.

20. gr.

Sjóveð.

1. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á sjóveð björgunarmanns samkvæmt alþjóðasamningi eða landslögum.

2. Björgunarmanni er óheimilt að ganga að sjóveði sínu ef boðin hefur verið fullnægjandi trygging fyrir kröfu hans eða hún útveguð á tilhlýðilegan hátt.

21. gr.

Skylda að leggja fram tryggingu.

1. Þeim sem er ábyrgur fyrir greiðslu samkvæmt þessum samningi ber, að beiðni björgunarmanns, að leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir kröfunni, að meðtöldum vöxtum og kostnaði björgunarmanns.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. ber eiganda skips, sem hefur verið bjargað, að gera sitt ýtrasta til að tryggja að eigendur farmsins leggi fram fullnægjandi tryggingu fyrir kröfum á hendur þeim, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, áður en farmurinn er afhentur.

3. Óheimilt er, án samþykkis björgunarmanns, að skip, sem hefur verið bjargað, láti úr fyrstu viðkomuhöfn eða aðrar eignir séu fjarlægðar af fyrsta viðkomustað eftir að björgunaraðgerðum lýkur fyrr en fullnægjandi trygging hefur verið lögð fram fyrir kröfu björgunarmanns vegna hlutaðeigandi skips eða eigna.

22. gr.

Bráðabirgðagreiðsla.

1. Dómstóli þeim sem hefur lögsögu í kröfumáli björgunarmanns er heimilt að ákvarða með bráðabirgðaúrskurði að björgunarmaður skuli fá sanngjarna og réttmæta bráðabirgðagreiðslu, með skilmálum, einnig skilmálum er varða tryggingar þar sem við á, sem telja má sanngjarna og réttmæta með hliðsjón af málsatvikum.

2. Sé bráðabirgðagreiðsla innt af hendi samkvæmt þessari grein ber að lækka tryggingu na, sem kveðið er á um í 21. gr., til samræmis.

23. gr.

Málshöfðunarfrestur.

1. Réttur til málshöfðunar vegna greiðslna samkvæmt þessum samningi fyrnist ef mál hefur ekki verið höfðað fyrir dómstólum eða lagt í gerðardóm innan tveggja ára. Fresturinn hefst daginn sem björgunaraðgerðum er hætt.

2. Kröfuþola er heimilt að lengja málshöfðunarfrestinn hvenær sem er á meðan hann varir með því að lýsa því yfir við kröfuhafa. Þennan frest má lengja enn frekar með sama hætti.

3. Heimilt er að krefja þann sem ber ábyrgð um bætur jafnvel eftir að málshöfðunarfresturinn, sem kveðið er á um í málsgreinunum hér að framan, er útrunninn ef krafan er lögð fram innan frests sem er veittur samkvæmt lögum ríkisins þar sem málið er til meðferðar.

24. gr.
Vextir.

Réttur björgunarmanns til að fá vexti á greiðslu sem ber að inna af hendi samkvæmt þessum samningi er ákvarðaður samkvæmt lögum ríkisins þar sem dómstóllinn sem hefur málið til meðferðar er staðsettur.

25. gr.
Farmar í ríkiseign.

Óheimilt er án samþykkis viðkomandi ríkis að beita ákvæðum þessa samnings sem forsendu fyrir því að gera farm í eigu þess, sem er ekki verslunarvara, upptækan, leggja löghald á hann eða kyrrsetja með hvers konar lagaúrræðum ef hann nýtur friðhelgi fullvalda ríkis, þegar björgunaraðgerðir fara fram, samkvæmt almennt viðurkenndum meginreglum þjóðaréttar eða að hefja málsókn (in rem) gegn slíkum farmi.

26. gr.
Farmar til mannúðarmála.

Óheimilt er að beita ákvæðum þessa samnings sem forsendu fyrir því að gera farm sem gefinn er af ríki til mannúðarmála upptækan, leggja löghald á hann eða kyrrsetja hafi það samþykkt að greiða fyrir björgunarþjónustu sem er veitt vegna slíks farms til mannúðarmála.

27. gr.
Birting úrskurðar gerðardóms.

Samningsríkjum ber að stuðla að því, eftir því sem unnt er og með samþykki málsaðila, að úrskurðir gerðardóms í björgunarmálum séu birtir.

V. kafli. – Lokaákvæði.

28. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Samningur þessi liggur frammi til undirritunar í höfuðstöðvum stofnunarinnar frá 1. júlí 1989 til 30. júní 1990 og eftir þann tíma geta ríki gerst aðilar að honum.

2. Ríki lýsir yfir samþykki sínu fyrir því að vera bundið af þessum samningi með:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ásamt síðari fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
c. aðild.

3. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild öðlast gildi þegar skjali þar um hefur verið komið í vörslu framkvæmdastjórans.

29. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi einu ári eftir þann dag er 15 ríki hafa skuldbundið sig til að vera bundin af honum.

2. Samþykki ríkis um að vera bundið af þessum samningi eftir að skilmálum um gildistöku hans hefur verið fullnægt öðlast gildi einu ári eftir þann dag sem slík yfirlýsing er gefin.

30. gr.

Fyrirvarar.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að áskilja sér rétt til að beita ekki ákvæðum þessa samnings:

a. ef björgunaraðgerð fer fram á innlendri vatnaleið og þau skip sem málið varðar sigla eftir slíkum leiðum;
b. ef björgunaraðgerðir fara fram á innlendri vatnaleið án þess að skip komi þar nærri;
c. ef allir þeir sem eiga hagsmuna að gæta eru ríkisborgarar hlutaðeigandi ríkis;
d. ef viðkomandi eign er menningarverðmæti í sjó sem hefur forsögulegt, fornleifafræðilegt eða sögulegt gildi og liggur á hafsbotni.

2. Fyrirvarar sem eru settir við undirritun eru háðir staðfestingu við fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

3. Ríki sem hefur sett fyrirvara við þennan samning getur hvenær sem er afturkallað hann með því að senda framkvæmdastjóranum tilkynningu. Afturköllunin öðlast gildi á viðtökudegi tilkynningarinnar. Ef í tilkynningunni kemur fram að afturköllun fyrirvara skuli öðlast gildi tiltekinn dag eftir daginn sem framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku skal afturköllunin öðlast gildi síðari daginn.

31. gr.

Uppsögn.

1. Samningsríki getur sagt þessum samningi upp hvenær sem er einu ári eftir að hann öðlast gildi gagnvart því.

2. Uppsögnin á sér stað þegar skjali þar um hefur verið komið í vörslu framkvæmdastjórans.

3. Uppsögnin öðlast gildi einu ári eftir að framkvæmdastjórinn veitir viðtöku skjali þar um eða síðar ef það er tilgreint í skjalinu.

32. gr.

Endurskoðun og breytingar.

1. Stofnunin getur boðað til ráðstefnu í því skyni að endurskoða eða breyta þessum samningi.

2. Framkvæmdastjóranum ber að boða samningsríkin til ráðstefnu í því skyni að endurskoða eða breyta samningnum leggi átta samningsríki, eða fjórðungur samningsríkjanna, og gildir sú talan sem er hærri, fram beiðni um það.

3. Sé samþykki um að vera skuldbundin af þessum samningi gefið eftir þann dag sem breyting við hann öðlast gildi skal líta svo á að það eigi við samninginn með áorðnum breytingum.

33. gr.

Vörsluaðili.

1. Samningi þessum skal komið í vörslu framkvæmdastjórans.

2. Framkvæmdastjórinn skal:

a. senda ríkjunum sem hafa undirritað þennan samning eða gerst aðilar að honum og öllum þeim sem eiga aðild að stofnuninni tilkynningu um:
   a. hverja nýja undirritun eða í hvert sinn sem fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjölum er komið í hans vörslu ásamt upplýsingum um hvaða dag það var gert;

b. hvaða dag samningur þessi öðlast gildi;
c. hvenær skjali um uppsögn samningsins hafi verið komið í vörslu ásamt upplýsingum um hvaða dag því var veitt viðtaka og hvenær uppsögnin öðlast gildi;
d. breytingar sem eru samþykktar í samræmi við 32. gr.;
e. viðtöku fyrirvara, yfirlýsinga eða tilkynninga samkvæmt þessum samningi;

b. senda staðfest rétt afrit af samningi þessum til allra ríkja sem hafa undirritað hann eða gerst aðilar að honum.

3. Jafnskjótt og þessi samningur öðlast gildi ber vörsluaðila að senda staðfest rétt afrit til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

34. gr.
Tungumál.

Samningur þessi er gerður í einu frumeintaki á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fengið fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað þennan samning.

GJÖRT Í LUNDÚNUM tuttugasta og áttunda dag aprílmánaðar nítján hundruð áttatíu og níu.

Fylgiskjal II.

The international convention on salvage, 1989

THE STATES PARTIES TO THE PRESENT CONVENTION

RECOGNIZING the desirability of determining by agreement uniform international rules regarding salvage operations,

NOTING that substantial developments, in particular the increased concern for the protection of the environment, have demonstrated the need to review the international rules presently contained in the Convention for the Unification of Certain Rules of Law relating to Assistance and Salvage at Sea, done at Brussels, 23 September 1910,

CONSCIOUS of the major contribution which efficient and timely salvage operations can make to the safety of vessels and other property in danger and to the protection of the environment,

CONVINCED of the need to ensure that adequate incentives are available to persons who undertake salvage operations in respect of vessels and other property in danger,

HAVE AGREED as follows:

Chapter I – General provisions

Article 1

Definitions

For the purpose of this Convention:

(a) Salvage operation means any act or activity undertaken to assist a vessel or any other property in danger in navigable waters or in any other waters whatsoever.
(b) Vessel means any ship or craft, or any structure capable of navigation.
(c) Property means any property not permanently and intentionally attached to the shoreline and includes freight at risk.
(d) Damage to the environment means substantial physical damage to human health or to marine life or resources in coastal or inland waters or areas adjacent thereto, caused by pollution, contamination, fire, explosion or similar major incidents.
(e) Payment means any reward, remuneration or compensation due under this Convention.
(f) Organization means the International Maritime Organization.
(g) Secretary-General means the Secretary-General of the Organization.

Article 2

Application of the Convention

This Convention shall apply whenever judicial or arbitral proceedings relating to matters dealt with in this Convention are brought in a State Party.

Article 3

Platforms and drilling units

This Convention shall not apply to fixed or floating platforms or to mobile offshore drilling units when such platforms or units are on location engaged in the exploration, exploitation or production of sea-bed mineral resources.

Article 4

State-owned vessels

1. Without prejudice to article 5, this Convention shall not apply to warships or other non-commercial vessels owned or operated by a State and entitled, at the time of salvage operations, to sovereign immunity under generally recognized principles of international law unless that State decides otherwise.

2. Where a State Party decides to apply the Convention to its warships or other vessels described in paragraph 1, it shall notify the Secretary-General thereof specifying the terms and conditions of such application.

Article 5

Salvage operations controlled by public authorities

1. This Convention shall not affect any provisions of national law or any international convention relating to salvage operations by or under the control of public authorities.

2. Nevertheless, salvors carrying out such salvage operations shall be entitled to avail themselves of the rights and remedies provided for in this Convention in respect of salvage operations.

3. The extent to which a public authority under a duty to perform salvage operations may avail itself of the rights and remedies provided for in this Convention shall be determined by the law of the State where such authority is situated.

Article 6

Salvage contracts

1. This Convention shall apply to any salvage operations save to the extent that a contract otherwise provides expressly or by implication.

2. The master shall have the authority to conclude contracts for salvage operations on behalf of the owner of the vessel. The master or the owner of the vessel shall have the authority to conclude such contracts on behalf of the owner of the property on board the vessel.

3. Nothing in this article shall affect the application of article 7 nor duties to prevent or minimize damage to the environment.

Article 7

Annulment and modification of contracts

A contract or any terms thereof may be annulled or modified if:

(a) the contract has been entered into under undue influence or the influence of danger and its terms are inequitable; or

(b) the payment under the contract is in an excessive degree too large or too small for the services actually rendered.

Chapter II – Performance of salvage operations

Article 8

Duties of the salvor and of the owner and master

1. The salvor shall owe a duty to the owner of the vessel or other property in danger:

(a) to carry out the salvage operations with due care;

(b) in performing the duty specified in subparagraph (a), to exercise due care to prevent or minimize damage to the environment;

(c) whenever circumstances reasonably require, to seek assistance from other salvors; and

(d) to accept the intervention of other salvors when reasonably requested to do so by the owner or master of the vessel or other property in danger; provided however that the amount of his reward shall not be prejudiced should it be found that such a request was unreasonable.

2. The owner and master of the vessel or the owner of other property in danger shall owe a duty to the salvor:

(a) to co-operate fully with him during the course of the salvage operations;

(b) in so doing, to exercise due care to prevent or minimize damage to the environment; and

(c) when the vessel or other property has been brought to a place of safety, to accept re-delivery when reasonably requested by the salvor to do so.

Article 9

Rights of coastal States

Nothing in this Convention shall affect the right of the coastal State concerned to take measures in accordance with generally recognized principles of international law to protect its coastline or related interests from pollution or the threat of pollution following upon a maritime casualty or acts relating to such a casualty which may reasonably be expected to result in major harmful consequences, including the right of a coastal State to give directions in relation to salvage operations.

Article 10

Duty to render assistance

1. Every master is bound, so far as he can do so without serious danger to his vessel and persons thereon, to render assistance to any person in danger of being lost at sea.

2. The States Parties shall adopt the measures necessary to enforce the duty set out in paragraph 1.

3. The owner of the vessel shall incur no liability for a breach of the duty of the master under paragraph 1.

Article 11

Co-operation

A State Party shall, whenever regulating or deciding upon matters relating to salvage operations such as admittance to ports of vessels in distress or the provision of facilities to salvors, take into account the need for co-operation between salvors, other interested parties and public authorities in order to ensure the efficient and successful performance of salvage operations for the purpose of saving life or property in danger as well as preventing damage to the environment in general.

Chapter III – Rights of salvors

Article 12

Conditions for reward

1. Salvage operations which have had a useful result give right to a reward.

2. Except as otherwise provided, no payment is due under this Convention if the salvage operations have had no useful result.

3. This chapter shall apply, notwithstanding that the salved vessel and the vessel undertaking the salvage operations belong to the same owner.

Article 13

Criteria for fixing the reward

1. The reward shall be fixed with a view to encouraging salvage operations, taking into account the following criteria without regard to the order in which they are presented below:

(a) the salved value of the vessel and other property;
(b) the skill and efforts of the salvors in preventing or minimizing damage to the environment;
(c) the measure of success obtained by the salvor;
(d) the nature and degree of the danger;
(e) the skill and efforts of the salvors in salving the vessel, other property and life;
(f) the time used and expenses and losses incurred by the salvors;
(g) the risk of liability and other risks run by the salvors or their equipment;
(h) the promptness of the services rendered;
(i) the availability and use of vessels or other equipment intended for salvage operations;
(j) the state of readiness and efficiency of the salvor's equipment and the value thereof.

2. Payment of a reward fixed according to paragraph 1 shall be made by all of the vessel and other property interests in proportion to their respective salved values. However, a State Party may in its national law provide that the payment of a reward has to be made by one of these interests, subject to a right of recourse of this interest against the other interests for their respective shares. Nothing in this article shall prevent any right of defence.

3. The rewards, exclusive of any interest and recoverable legal costs that may be payable thereon, shall not exceed the salved value of the vessel and other property.

Article 14

Special compensation

1. If the salvor has carried out salvage operations in respect of a vessel which by itself or its cargo threatened damage to the environment and has failed to earn a reward under article 13 at least equivalent to the special compensation assessable in accordance with this article, he shall be entitled to special compensation from the owner of that vessel equivalent to his expenses as herein defined.

2. If, in the circumstances set out in paragraph 1, the salvor by his salvage operations has prevented or minimized damage to the environment, the special compensation payable by the owner to the salvor under paragraph 1 may be increased up to a maximum of 30% of the expenses incurred by the salvor. However, the tribunal, if it deems it fair and just to do so and bearing in mind the relevant criteria set out in article 13, paragraph 1, may increase such special compensation further, but in no event shall the total increase be more than 100% of the expenses incurred by the salvor.

3. Salvor's expenses for the purpose of paragraphs 1 and 2 means the out-of-pocket expenses reasonably incurred by the salvor in the salvage operation and a fair rate for equipment and personnel actually and reasonably used in the salvage operation, taking into consideration the criteria set out in article 13, paragraph 1 (h), (i) and (j).

4. The total special compensation under this article shall be paid only if and to the extent that such compensation is greater than any reward recoverable by the salvor under article 13.

5. If the salvor has been negligent and has thereby failed to prevent or minimize damage to the environment, he may be deprived of the whole or part of any special compensation due under this article.

6. Nothing in this article shall affect any right of recourse on the part of the owner of the vessel.

Article 15

Apportionment between salvors

1. The apportionment of a reward under article 13 between salvors shall be made on the basis of the criteria contained in that article.

2. The apportionment between the owner, master and other persons in the service of each salving vessel shall be determined by the law of the flag of that vessel. If the salvage has not been carried out from a vessel, the apportionment shall be determined by the law governing the contract between the salvor and his servants.

Article 16

Salvage of persons

1. No remuneration is due from persons whose lives are saved, but nothing in this article shall affect the provisions of national law on this subject.

2. A salvor of human life, who has taken part in the services rendered on the occasion of the accident giving rise to salvage, is entitled to a fair share of the payment awarded to the salvor for salving the vessel or other property or preventing or minimizing damage to the environment.

Article 17

Services rendered under existing contracts

No payment is due under the provisions of this Convention unless the services rendered exceed what can be reasonably considered as due performance of a contract entered into before the danger arose.

Article 18

The effect of salvor's misconduct

A salvor may be deprived of the whole or part of the payment due under this Convention to the extent that the salvage operations have become necessary or more difficult because of fault or neglect on his part or if the salvor has been guilty of fraud or other dishonest conduct.

Article 19

Prohibition of salvage operations

Services rendered notwithstanding the express and reasonable prohibition of the owner or master of the vessel or the owner of any other property in danger which is not and has not been on board the vessel shall not give rise to payment under this Convention.

Chapter IV – Claims and actions

Article 20

Maritime lien

1. Nothing in this Convention shall affect the salvor's maritime lien under any international convention or national law.

2. The salvor may not enforce his maritime lien when satisfactory security for his claim, including interest and costs, has been duly tendered or provided.

Article 21

Duty to provide security

1. Upon the request of the salvor a person liable for a payment due under this Convention shall provide satisfactory security for the claim, including interest and costs of the salvor.

2. Without prejudice to paragraph 1, the owner of the salved vessel shall use his best endeavours to ensure that the owners of the cargo provide satisfactory security for the claims against them including interest and costs before the cargo is released.

3. The salved vessel and other property shall not, without the consent of the salvor, be removed from the port or place at which they first arrive after the completion of the salvage operations until satisfactory security has been put up for the salvor's claim against the relevant vessel or property.

Article 22

Interim payment

1. The tribunal having jurisdiction over the claim of the salvor may, by interim decision, order that the salvor shall be paid on account such amount as seems fair and just, and on such terms including terms as to security where appropriate, as may be fair and just according to the circumstances of the case.

2. In the event of an interim payment under this article the security provided under article 21 shall be reduced accordingly.

Article 23

Limitation of actions

1. Any action relating to payment under this Convention shall be time-barred if judicial or arbitral proceedings have not been instituted within a period of two years. The limitation period commences on the day on which the salvage operations are terminated.

2. The person against whom a claim is made may at any time during the running of the limitation period extend that period by a declaration to the claimant. This period may in the like manner be further extended.

3. An action for indemnity by a person liable may be instituted even after the expiration of the limitation period provided for in the preceding paragraphs, if brought within the time allowed by the law of the State where proceedings are instituted.

Article 24

Interest

The right of the salvor to interest on any payment due under this Convention shall be determined according to the law of the State in which the tribunal seized of the case is situated.

Article 25

State-owned cargoes

Unless the State owner consents, no provision of this Convention shall be used as a basis for the seizure, arrest or detention by any legal process of, nor for any proceedings in rem against, non-commercial cargoes owned by a State and entitled, at the time of the salvage operations, to sovereign immunity under generally recognized principles of international law.

Article 26

Humanitarian cargoes

No provision of this Convention shall be used as a basis for the seizure, arrest or detention of humanitarian cargoes donated by a State, if such State has agreed to pay for salvage services rendered in respect of such humanitarian cargoes.

Article 27

Publication of arbitral awards

States Parties shall encourage, as far as possible and with the consent of the parties, the publication of arbitral awards made in salvage cases.

Chapter V - Final clauses

Article 28

Signature, ratification, acceptance approval and accession

1. This Convention shall be open for signature at the Headquarters of the Organization from 1 July 1989 to 30 June 1990 and shall thereafter remain open for accession.

2. States may express their consent to be bound by this Convention by:

(a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

(b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or

(c) accession.

3. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

Article 29

Entry into force

1. This Convention shall enter into force one year after the date on which 15 States have expressed their consent to be bound by it.

2. For a State which expresses its consent to be bound by this Convention after the conditions for entry into force thereof have been met, such consent shall take effect one year after the date of expression of such consent.

Article 30

Reservations

1. Any State may, at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession, reserve the right not to apply the provisions of this Convention:

(a) when the salvage operation takes place in inland waters and all vessels involved are of inland navigation;
(b) when the salvage operations take place in inland waters and no vessel is involved;
(c) when all interested parties are nationals of that State;
(d) when the property involved is maritime cultural property of prehistoric, archaeological or historic interest and is situated on the sea-bed.

2. Reservations made at the time of signature are subject to confirmation upon ratification, acceptance or approval.

3. Any State which has made a reservation to this Convention may withdraw it at any time by means of a notification addressed to the Secretary-General. Such withdrawal shall take effect on the date the notification is received. If the notification states that the withdrawal of a reservation is to take effect on a date specified therein, and such date is later than the date the notification is received by the Secretary-General, the withdrawal shall take effect on such later date.

Article 31

Denunciation

1. This Convention may be denounced by any State Party at any time after the expiry of one year from the date on which this Convention enters into force for that State.

2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument of denunciation with the Secretary-General.

3. A denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after the receipt of the instrument of denunciation by the Secretary-General.

Article 32

Revision and amendment

1. A conference for the purpose of revising or amending this Convention may be convened by the Organization.

2. The Secretary-General shall convene a conference of the States Parties to this Convention for revising or amending the Convention, at the request of eight States Parties, or one fourth of the States Parties, whichever is the higher figure.

3. Any consent to be bound by this Convention expressed after the date of entry into force of an amendment to this Convention shall be deemed to apply to the Convention as amended.

Article 33
Depositary

1. This convention shall be deposited with the Secretary-General.
2. The Secretary-General shall:

(a) inform all States which have signed this Convention or acceded thereto, and all Members of the Organization, of:
  (i) each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession together with the date thereof;
  (ii) the date of the entry into force of this Convention;
  (iii) the deposit of any instrument of denunciation of this Convention together with the date on which it is received and the date on which the denunciation takes effect;
  (iv) any amendment adopted in conformity with article 32;
  (v) the receipt of any reservation, declaration or notification made under this Convention;
(b) transmit certified true copies of this Convention to all States which have signed this Convention or acceded thereto.

3. As soon as this Convention enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Depositary to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article 34
Languages

This Convention is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized by their respective Governments for that purpose have signed this Convention.

DONE AT LONDON this twenty-eighth day of April one thousand nine hundred and eighty-nine.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Ísland fullgildi björgunarsamning IMO (International Maritime Organization) frá 1989. Verði frumvarpið að lögum mun það leiða til umtalsverðra breytinga á þeim björgunarreglum sem gilda um íslensk skip. Breytingarnar munu hugsanlega hafa áhrif á kostnað skipaeigenda, útgerðarmanna, eigenda farms og vátryggjenda. Hins

vegar verður ekki séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

123. Frumvarp til laga [123. mál]

um afnám laga nr. 70 1. júlí 1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Lög um Framkvæmdasjóð Íslands, nr. 70 1. júlí 1985, falla úr gildi.

2. gr.

Ríkissjóður Íslands yfirtekur eignir og skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands miðað við stöðu þeirra 31. desember 1998.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1992 var lögum um starfsemi Framkvæmdasjóðs Íslands breytt, hætt var að veita lán úr honum og Lánasýslu ríkisins var falin umsjá hans. Ákveðið var að sjóðurinn yrði áfram sérstakur lögaðili og væri með eigið ársuppgjör en hvort tveggja þótti nauðsynlegt til þess að ekki þyrfti að taka upp sérstaka samninga við lánveitendur eins og líklegt var talið að þyrfti, ef hann yrði lagður alveg niður. Eftir gildistöku laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins hefur sjóðurinn verið flokkaður í C-hluta ríkissjóðs í fjárlögum eins og aðrar lánastofnanir ríkisins.

Þegar frumvarp um breytingar á starfsemi sjóðsins var lagt fram haustið 1991 var í fylgiskjali birt uppgjör miðað við stöðu í lok maí 1991 og voru skuldir hans þá 26,2 milljarðar króna. Umsvif sjóðsins hafa síðan dregist saman ár frá ári og er nú áætlað að heildarskuldir sjóðsins verði um 3,5 milljarðar í árslok 1998. Þar af eru lán hjá Nomura International um 3,1 milljarður króna en greiðslum af þeim lýkur árið 2000. Gert er ráð fyrir að eignir Framkvæmdasjóðs Íslands verði um 2,8 milljarðar króna í árslok 1998. Þar af nemi útlán um 2,1 milljarði króna en þau lækki síðan um 0,9 milljarða króna á árinu 1999. Í ljósi minnkandi umsvifa sjóðsins þykir ekki ástæða til að hann sé til lengur sem sérstakur lögaðili og er því gert ráð fyrir að sjóðurinn verði lagður niður og eignir hans og skuldir færist yfir í A-hluta ríkissjóðs.

Á árinu 1992 yfirtók ríkissjóður 1.700 m.kr. af skuldum Framkvæmdasjóðs Íslands samkvæmt heimild í 13. gr. lánsfjárlaga það ár. Var það gert til að bæta eiginfjárstöðu sjóðsins. Þrátt fyrir þá aðgerð hefur lengi verið ljóst að ríkissjóður þyrfti að leggja sjóðnum til aukið fé til þess að hann geti staðið við skuldbindingar sínar í framtíðinni. Neikvætt eigið fé Framkvæmdasjóðs er nú um 700 m.kr og er gert ráð fyrir að það verði fært til gjalda í ríkisreikningi ársins 1998.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er fyrirhugað að leggja niður starfsemi Framkvæmdasjóðs Íslands og að ríkissjóður yfirtaki eignir hans og skuldir. Framkvæmdasjóður Íslands er nú í C-hluta ríkissjóðs í fjárlögum en samkvæmt frumvarpinu færast eignir og skuldir sjóðsins yfir í A-hluta ríkissjóðs. Það hefur ekki í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkið en hins vegar munu tekjur og gjöld sjóðsins færast frá C-hluta til A-hluta. Þannig er áætlað að vaxtagjöld A-hlutans aukist um 230 m.kr. á næsta ári en vaxtatekjur A-hlutans aukist um 220 m.kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður af umsýslu með eignir og skuldir sjóðsins færist á lið Lánasýslu ríkisins í A-hluta en sá kostnaður er áætlaður um 29 m.kr. á næsta ári.

124. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 158 um uppsögn af hálfu atvinnurekanda sem gerð var á 68. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 22. júní 1982.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 120. og 121. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1982 var gerð samþykkt, nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Samþykktin byggðist á tillögu Alþjóðavinnumálaþingsins frá árinu 1963 um sama efni og kom hún, ásamt tillögu nr. 166, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, í stað tillögunnar frá 1963. Samþykkt nr. 158 tryggir launafólki lágmarksstarfsöryggi og hefur efni samþykktarinnar víða verið viðurkennt sem lágmarksréttur launafólks við uppsagnir. Hafa nú alls 28 ríki fullgilt samþykktina (sbr. fylgiskjal III). Þar á meðal eru tvö Norðurlandanna, Svíþjóð og Finnland, en í Noregi og Danmörku er eigi að síður byggt á reglum ámóta þeim sem samþykktin byggist á.

Samþykkt nr. 158 tekur til allra greina atvinnulífsins og alls launafólks, en aðildarríkið getur þó undanskilið tiltekna flokka launafólks öllum eða nokkrum ákvæðum samþykktarinnar. Þeir flokkar eru taldir upp í 2. gr. samþykktarinnar en þar eru nefndir til sögunnar þeir sem hafa verið ráðnir tímabundið í vinnu eða til tiltekins verkefnis og þeir sem ráðnir eru til reynslu eða þjálfunar um tíma sem ákveðinn er fyrir fram og er hæfilega langur. Einnig má undanskilja þá sem ráðnir eru tilfallandi um skamman tíma. Þá er að auki heimilt, í samráði við hlutaðeigandi samtök launafólks og atvinnurekenda, að undanskilja tiltekna flokka launafólks ef ráðningarkjör þess og starfsskilyrði lúta sérstakri skipan sem í heild tryggir ekki lak-

ari vernd en þá sem veitt er með þessari samþykkt eða ef í ljós kemur að framkvæmdin er verulegum vandkvæðum bundin með tilliti til sérstakra starfsskilyrða hlutaðeigandi launafólks eða stærðar eða eðlis fyrirtækisins sem hefur það í vinnu. Slíkir hópar skulu skráðir og gera skal grein fyrir ástæðum undanþágnanna í skýrslum til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Meginefni samþykktarinnar má skipta í þrjá þætti. Sá fyrsti felst í því að atvinnurekanda er gert skylt að rökstyðja uppsögn starfsmanns ef eftir því er óskað en annar þátturinn felur í sér að starfsmanni skal ekki sagt upp nema til þess sé gild ástæða, í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns, eða hún byggist á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar. Í 5. gr. samþykktarinnar er nánar skilgreint hvað skuli ekki teljast gild ástæða uppsagnar en þar eru talin upp atriði eins og aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi þess, það að gegna stöðu trúnaðarmanns launafólks, það að hafa borið fram kæru eða tekið þátt í málssókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum eða öðrum reglum, kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun, trúarbrögð, stjórnmálaskoðanir, þjóðerni og félagslegur uppruni og fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi. Þá segir í 6. gr. samþykktarinnar að fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa skuli ekki talin gild ástæða uppsagnar en skilgreina skal með lögum, reglugerðum eða í kjarasamningum hvað teljist fjarvist um stundarsakir í þessu samhengi. Í þriðja lagi kveður samþykktin á um tiltekið málsmeðferðarkerfi sem starfsmaður á rétt á við uppsögn. Honum skal gefinn kostur á að verja sig gegn aðfinnslum sem á hann eru bornar, hann skal eiga rétt á að vísa uppsögninni til hlutlauss aðila og hann á rétt á bótum vegna ólögmætrar uppsagnar. Einnig er heimilt að kveða á um að hann eigi rétt á endurráðningu. Ljóst er að þessir þrír þættir samþykktarinnar mundu gerbreyta stöðu íslensks launafólks til hins betra ef þeir væru teknir upp í íslensk lög. Ekki síst gæti fullgilding samþykktarinnar haft áhrif á þá þróun sem verið hefur hér undanfarin ár og felst í því að starfsfólki er í æ meiri mæli sagt upp störfum í því skyni einu að gera við það verktakasamninga. Slíkir samningar hafa verið kallaðir „gerviverktakasamningar“ og launafólk á í flestum tilvikum engan kost annan en að taka slíku boði eða missa starf sitt ella: Með auknu starfsöryggi er m.a. verið að vernda fólk fyrir slíkum gerningum, vernda rétt þess til að fá að vera launafólk og njóta réttar sem slíkt.

Eins og staðan er nú hér á landi njóta aðeins trúnaðarmenn, foreldrar í fæðingarorlofi og þungaðar konur einhvers starfsöryggis í reynd, en einnig er kveðið á um tilteknar reglur í tengslum við hópuppsagnir og þegar starfsfólki er sagt upp vegna aðilaskipta að fyrirtækjum. Tvö síðasttöldu dæmin eru til komin vegna EES-reglna og voru tekin upp í íslenska löggjöf í tengslum við EES-samninginn.

Að auki er í samþykktinni kveðið á um að starfsmenn sem sagt er upp skuli eiga rétt á tilteknum uppsagnarfresti og bótum vegna atvinnumissis, en þar sem slíkar reglur eru þegar í íslenskum lögum mundu þau ákvæði ekki hafa breytingar í för með sér þótt samþykktin yrði fullgilt.

Á undanförnum árum hefur alloft verið rætt á vettvangi þríhliða nefndar félagsmálaráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins hvort fullgilda skuli samþykktina. Krafa hefur verið gerð um það af hálfu fulltrúa launafólks í nefndinni en fulltrúi atvinnurekenda hefur hafnað fullgildingu og fulltrúi félagsmálaráðuneytis hefur ekki viljað taka afgerandi afstöðu af þessum sökum. Af hálfu ráðuneytisins hefur því verið borið við að samstöðu skorti meðal aðila vinnumarkaðarins um málið. Af þeirri ástæðu hefur það ekki verið afgreitt úr nefndinni. Reyndar gerir stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ekki ráð fyrir því að stjórnvöld leiki hlutlausan aðila í þríhliða nefndinni, enda er þríhliða starfið þannig uppbyggt að nauð-

synlegt er að hið pólitíska vald taki afstöðu til mála eftir að hafa rætt málið í nefndinni. Sú stefna sem rekin hefur verið í þríhliða nefndinni hefur bitnað á því starfi sem henni er ætlað að sinna, enda ber fjöldi fullgildinga af Íslands hálfu merki um það. Íslendingar hafa fullgilt 18 samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar en fjöldi fullgildinga annars staðar á Norðurlöndum er frá 80 til og yfir 100 í hverju landi. Í Norðurlandasamstarfi verkalýðshreyfinga hefur margoft komið til tals hversu slæm staða íslensks launafólks sé varðandi starfsöryggi og fyrirspurnir verið gerðar um það hvers vegna ekki séu fullgiltar fleiri samþykktir. Svör Íslendinga eru aðeins þau að ekki hafi verið pólitískur vilji til að koma málinu í gegn hjá þríhliða nefndinni, hvað þá heldur á Alþingi. Þar sem lausn er ekki í sjónmáli í þríhliða nefndinni er ekki að vænta tillagna þaðan um fullgildingu og því er tillaga þessi til þingsályktunar lögð fram.

Um eftirfarandi tvö fylgiskjöl vísast til þskj. 581 (332. mál 120. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 2783–2793.

I. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.
II. Tillaga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 166, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Fylgiskjal III.

Ríki sem hafa fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158. frá 1982.

Samþykktin tók gildi 23. nóvember 1985.

Ríki	Fullgilding
Ástralía	26. febrúar 1993
Bosnía-Hersegóvína	2. júní 1993
Brasilía	5. janúar 1995
Eþíópía	28. janúar 1991
Finnland	30. júní 1992
Frakkland	16. mars 1989
Gabon	6. desember 1988
Jemen	13. mars 1989
Júgóslavía	23. nóvember 1984
Kamerún	13. maí 1988
Kongó	3. apríl 1987
Kýpur	5. júlí 1985
Lettland	25. júlí 1994
Malaví	1. október 1986
Marokkó	7. október 1993

Moldavía	14. febrúar 1997
Namibía	28. júní 1996
Níger	5. júní 1985
Portúgal	27. nóvember 1995
Sambía	9. febrúar 1990
Slóvenía	29. maí 1992
Spánn	26. apríl 1985
Svíþjóð	20. júní 1983
Tyrkland	4. janúar 1995
Úganda	18. júlí 1990
Úkraína	16. maí 1994
Venesúela	6. maí 1985
Zaire	3. apríl 1987

28 ríki hafa fullgilt samþykktina.

125. Fyrirspurn [125. mál]

til dómsmálaráðherra um rekstur spilavíta og eftirlit með þeim.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur lögregla þurft að hafa afskipti af rekstri ólöglegra spilavíta á undanförnum tíu árum? Ef svo er, um hve mörg tilvik er að ræða og hvar voru þau spilavíti eða spilasalir?
2. Hvaða refsiákvæði gilda um slíkan rekstur og í hve mörgum tilvikum hefur þeim verið beitt?
3. Hefur lögregla þurft að hafa afskipti af ólöglegri notkun ungmenna undir lögaldri á happdrættisvélum eða söfnunarkössum? Ef svo er, um hve mörg tilvik er að ræða og hvaða refsingum er beitt við því?
4. Hefur lögregla reglubundið eftirlit með rekstri spilasala? Ef svo er, hvernig er staðið að því?

Skriflegt svar óskast.

126. Fyrirspurn [126. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnar til að skapa skilyrði til að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi

Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981, sbr. þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem samþykkt var 13. maí 1997?
2. Hyggst félagsmálaráðherra beita sér fyrir að samþykktin verði fullgilt á þessu þingi?

Skriflegt svar óskast.

127. Fyrirspurn [127. mál]

til félagsmálaráðherra um skipaðan talsmann í barnaverndarmálum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hversu oft hefur barni verið skipaður talsmaður til að gæta hagsmuna þess við úrlausn barnaverndarmála á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, frá gildistöku þeirra til 1. október 1998, sbr.
a. 2. mgr. 22. gr.,
b. 1. mgr. 23. gr., og
c. 3. mgr. 46. gr.?
Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Skriflegt svar óskast.

128. Fyrirspurn [128. mál]

til samgönguráðherra um störf við loftskeytastöðina á Ísafirði.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvert voru þau störf færð sem unnin voru í loftskeytastöðinni á Ísafirði þegar stöðin var lögð niður nú í sumar?
2. Var þeim starfsmönnum sem unnu við loftskeytastöðina á Ísafirði boðin áframhaldandi vinna hjá Landssíma Íslands hf.? Ef svo var, við hvað og hvar?
3. Er eitthvað í nýrri tækni sem kallar á að þessi störf séu unnin annars staðar en á Ísafirði?

129. Fyrirspurn [129. mál]

til samgönguráðherra um niðurlagningu loftskeytastöðvar á Siglufirði.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hver er ástæða þess að Landssími Íslands hf. ákvað að leggja niður loftskeytastöðina á Siglufirði?
2. Verða þau störf sem unnin eru við stöðina færð annað og þá hvert?
3. Hefur þeim starfsmönnum sem starfað hafa við loftskeytastöðina á Siglufirði verið boðin áframhaldandi vinna hjá Landssímanum? Ef svo er, við hvað eiga þeir þá að starfa og hvar?
4. Er eitthvað í nýrri tækni sem kallar á að þessi störf séu unnin annars staðar en á Siglufirði?

130. Fyrirspurn [130. mál]

til menntamálaráðherra um fjölda starfsmanna í menntamálaráðuneyti.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í menntamálaráðuneytinu sem rekja má til þess að rekstur grunnskóla hefur verið færður til sveitarfélaga?

131. Fyrirspurn [131. mál]

til forsætisráðherra um nefndir og ráð á vegum ríkisins.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hversu margar nefndir og ráð starfa nú á vegum ríkisins?
2. Hversu margir eru í þeim, sundurliðað eftir kjördæmum?
3. Hver er heildarkostnaður ríkisins við nefndir og ráð það sem af er þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

132. Fyrirspurn [132. mál]

til menntamálaráðherra um rannsóknarhús við Háskólann á Akureyri.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

Hvað líður áformum um byggingu rannsóknarhúss við Háskólann á Akureyri?

133. Fyrirspurn [133. mál]

til menntamálaráðherra um framlög til Æskulýðssambands Íslands.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hver eru framlög íslenska ríkisins til Æskulýðssambands Íslands í ár?
2. Hvernig hafa framlögin þróast árin 1990–98 á föstu verðlagi miðað við núvirði?

Skriflegt svar óskast.

134. Frumvarp til laga [134. mál]

um breytingar á lögum um mannanöfn og hjúskaparlögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45 17. maí 1996.

1. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 2., 3. og 4. mgr. 13. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 1. og 8. mgr. 14. gr. laganna kemur: 18 ára.

3. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 16. gr. laganna kemur: 18 ára.

II. KAFLI

Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

4. gr.

Við 2. málsl. 7. gr. laganna bætist: enda liggi fyrir afstaða forsjárforeldra til hjúskaparstofnunarinnar.

III. KAFLI
Gildistaka.
5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu, en með því eru lagðar til breytingar á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, og hjúskaparlögum, nr. 31/1993. Breytingum þessum er ætlað að færa efni þessara laga til samræmis við hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár með lögræðislögum, nr. 71/1997.

Frumvarp þetta er samhljóða tillögum lagaskoðunarnefndar dómsmálaráðherra, sem skipuð var vegna hækkunar sjálfræðisaldurs, en nefndin skilaði tillögum sínum í nóvember 1997. Nefndin rökstuddi tillögur um breytingu á lögum um mannanöfn í skýrslu sinni einkum með því að forsjárforeldrar eigi rétt á og beri skylda til að velja barni sínu nafn við upphaflega nafngjöf og verði því að teljast eðlilegt að þeir skuli einnig leggja fram umsókn um breytingu á nafni barnsins. Breytingin á hjúskaparlögum er hins vegar reist á því að rétt sé að forsjármenn komi að svo mikilvægri ákvörðun sem stofnun hjúskapar er. Gera verður ráð fyrir að ráðuneytið veiti ekki leyfi samkvæmt þessu ákvæði gegn vilja forsjármanna nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Má þar t.d. nefna að stúlka sé barnshafandi eða afstaða foreldra byggist á ómálefnalegum rökum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um mannanöfn og hjúskaparlögum.

Í frumvarpinu felast breytingar á lögum um mannanöfn og hjúskaparlögum til samræmis við hækkun sjálfræðisaldurs. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

135. Frumvarp til laga [135. mál]

um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Gildissvið.
1. gr.

Lög þessi taka til sjálfseignarstofnana (stofnana) sem stunda atvinnurekstur.

Viðskiptaráðherra fer með mál er varða sjálfseignarstofnanir samkvæmt lögum þessum, önnur en þau sem varða skráningu stofnananna, en með þau mál fer ráðherra Hagstofu Ís-

lands. Með ráðherra er í lögum þessum átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilgreindur sérstaklega.

2. gr.

Sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum þessum verður til með þeim hætti að reiðufé eða önnur fjárverðmæti eru afhent óafturkallanlega með erfðaskrá, gjöf eða öðrum gerningi til ráðstöfunar í þágu sérgreinds markmiðs, enda fullnægi afhendingin að öðru leyti ákvæðum laganna.

3. gr.

Sjálfseignarstofnun telst stunda atvinnurekstur ef hún:

a. hefur tekjur af sölu á vörum og þjónustu og því um líku eða stundar starfsemi sem er í meginatriðum hliðstæð starfsemi annarra félaga eða einstaklinga í atvinnurekstri;
b. fer með meiri hluta atkvæða í hlutafélagi eða einkahlutafélagi eða öðrum félögum eða fer með öðrum hætti með sambærileg yfirráð.

Sjálfseignarstofnun telst þó ekki stunda atvinnurekstur ef starfsemi skv. 1. mgr. telst takmörkuð miðað við önnur umsvif stofnunarinnar eða varðar aðeins lítinn hluta af eigin fé stofnunarinnar.

Sjálfseignarstofnun, sem stundar ekki atvinnurekstur, fellur undir gildissvið laganna um leið og hún telst stunda atvinnurekstur skv. 1. mgr.

4. gr.

Lög þessi taka ekki til:

a. sjálfseignarstofnana, sem stofnaðar eru með lögum eða ákvörðun Alþingis eða heimild í þjóðréttarsamningi og háðar eru eftirliti íslenska ríkisins eða annars ríkis, eða
b. sjálfseignarstofnana sem sveitarfélög stofna eða leggja fé í til að fullnægja beinum lagalegum skyldum sínum.

5. gr.

Sjálfseignarstofnanaskrá, sbr. 1. mgr. 38. gr., úrskurðar hvort tiltekin sjálfseignarstofnun fellur innan ramma laga þessara.

6. gr.

Sjálfseignarstofnanir samkvæmt lögum þessum skulu bera orðið sjálfseignarstofnun í heiti sínu eða skammstöfunina ses.

II. KAFLI
Stofnun og samþykktir.

7. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar, sem stundar atvinnurekstur, skal tilkynna stofnunina til skráningar hjá sjálfseignarstofnanaskrá áður en stofnunin hefur atvinnurekstur og innan sex mánaða frá dagsetningu stofnskjals þó að atvinnurekstur hafi þá ekki hafist.

Sjálfseignarstofnun, sem stofnuð er með erfðaskrá, skal tilkynna þegar að loknum skiptum.

8. gr.

Sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum þessum, sem hefur ekki verið skráð hjá sjálfseignarstofnanaskrá, getur hvorki öðlast réttindi né borið skyldur. Hún getur heldur ekki verið aðili að dómsmálum.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um þær sjálfseignarstofnanir sem stunda ekki atvinnurekstur við gildistöku laga þessara en hefja hann síðar.

Þeir sem gera löggerninga fyrir hönd sjálfseignarstofnunar fyrir skráningu hennar skulu bera persónulega ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt þeim. Við skráningu færast skuldbindingarnar þó yfir á sjálfseignarstofnunina.

Með sjálfseignarstofnanir skal fara sem félög með takmarkaðri ábyrgð eftir því sem við á.

9. gr.

Í samþykktum (skipulagsskrá) sjálfseignarstofnunar skal greina eftirtalin atriði:

a. heiti;
b. stofnendur og framlagsfé þeirra;
c. heimili og aðalstarfsstöð;
d. tilgang;
e. stofnfé sjálfseignarstofnunar;
f. hvort sjálfseignarstofnun skuli taka við öðrum fjármunum en reiðufé í tengslum við stofnunina;
g. hvort stofnendur eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda í sjálfseignarstofnuninni;
h. fjölda stjórnarmanna og hugsanlegra fulltrúaráðsmanna, m.a. varamanna, og endurskoðenda eða skoðunarmanna, starfstíma þeirra og hvernig þeir skuli valdir, svo og hvernig hátta skuli vali nýs stjórnarmanns eða fulltrúaráðsmanns í lausa stöðu;
i. hvert reikningsárið skuli vera;
j. hvernig ráðstafa skuli hagnaði og tapi;
k. hver sé bær um að ákveða breytingar á samþykktum, leggja sjálfseignarstofnun niður eða sameina hana annarri.

Skjöl, sem vísað er til í samþykktum en ekki eru tekin upp í þær, skulu fylgja þeim.

III. KAFLI
Stofnfé.

10. gr.

Sjálfseignarstofnun, sem stundar atvinnurekstur, skal að lágmarki hafa stofnfé að fjárhæð 2.000.000 krónur. Þessari lágmarksfjárhæð skal ráðherra breyta í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Breytingin skal öðlast gildi við upphaf árs, enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni séu orðin til breytingar sem nemur a.m.k. tuttugu af hundraði frá því að breyting var síðast gerð. Þá skal lágmarksfjárhæð jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna.

11. gr.

Ef stofnfé er greitt með öðrum fjármunum en reiðufé eða sjálfseignarstofnun skal í tengslum við stofnun hennar taka við slíkum verðmætum gegn gagngjaldi skal við skráninguna fylgja greinargerð endurskoðanda um það hvernig eignir eru metnar til fjár eða hvort ráðstöfunin sé eðlileg.

Greiðsla stofnfjár má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu.

Greiðslu stofnfjár skal inna af hendi áður en sjálfseignarstofnun er tilkynnt til sjálfseignarstofnanaskrár skv. 7. gr.

12. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar getur ákveðið að hækka stofnfé hennar:

a. með færslu úr frjálsum sjóðum stofnunarinnar og óráðstöfuðum hagnaði samkvæmt síðasta endurskoðuðum ársreikningi;
b. með arfi, gjöfum eða öðrum framlögum sem stofnunin hefur þegið til hækkunar á stofnfé.

Stjórnin gerir nauðsynlegar breytingar á samþykktum stofnunarinnar vegna hækkunar stofnfjár. Hún skal tilkynna fyrirhugaða hækkun til ráðherra með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Sé hækkun ákveðin með færslu úr sjóðum skv. a-lið 1. mgr. skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn sjálfseignarstofnunarinnar gefa yfirlýsingu um það, áður en hún er framkvæmd, að fjárhagur hennar sé með þeim hætti að þeir sjóðir séu enn fyrir hendi. Þeir skulu með sama hætti gefa yfirlýsingu um það, áður en hækkun skv. b-lið 1. mgr. er ákveðin, að eðlilegt sé að láta framlögin renna til hækkunar á stofnfé fremur en til annarra þarfa stofnunarinnar.

Sé hækkun ákveðin með arfi, gjöfum eða öðrum framlögum skulu ákvæði 1. og 2. mgr. 11. gr. gilda.

Framkvæmd hækkunar stofnfjár skal tilkynnt til sjálfseignarstofnanaskrár innan mánaðar frá ákvörðun um hækkun. Hækkun öðlast ekki gildi fyrr en við tilkynningu, enda berist hún í síðasta lagi innan árs frá ákvörðun um hækkun. Hækkun stofnfjár skal framkvæmd áður en tilkynnt er.

13. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar er ekki heimilt að lækka stofnfé nema fyrir liggi leyfi ráðherra ásamt yfirlýsingu frá endurskoðanda eða skoðunarmanni stofnunarinnar um að vafalaust sé að hún eigi nægjanlegt fé til að fullnægja öllum kröfuhöfum.

Stjórnin skal annast nauðsynlegar breytingar á samþykktum vegna lækkunar stofnfjár og lækkunina skal tilkynna til sjálfseignarstofnanaskrár innan mánaðar frá endanlegu samþykki til lækkunar. Lækkun öðlast ekki gildi fyrr en við tilkynningu, enda berist hún í síðasta lagi innan árs frá ákvörðun um lækkun.

Kröfuhöfum skal tilkynnt um lækkunina með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Óheimilt er að lækka stofnfé niður fyrir þá fjárhæð sem um ræðir í 10. gr.

IV. KAFLI
Stjórn og framkvæmdastjórn.

14. gr.

Í stjórn sjálfseignarstofnunar skulu eiga sæti fæst þrír menn og a.m.k. einn varamaður. Stjórnartími skal vera fjögur ár nema annað sé ákveðið í samþykktum.

Ráðherra velur stjórnarmenn að nokkru leyti eða öllu og ákveður starfstíma þeirra ef ákvæði um það skortir í samþykktir.

Stjórninni er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri getur ekki verið stjórnarformaður stofnunarinnar. Meiri hluta stjórnar skulu þeir mynda sem eru ekki framkvæmdastjórar stofnunarinnar.

15. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi nema ráðherra leyfi annað eða það leiði af alþjóðlegum skuldbindingum. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

16. gr.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfi sínu lausu.

Geri stjórnarmaður sig sekan um háttsemi er gerir hann óhæfan til áframhaldandi setu í stjórninni skal hann víkja úr henni.

Stjórnarmaður, sem vegna langvarandi sjúkdóms eða annarra forfalla eða á annan hátt hefur sýnt sig óhæfan til að gegna starfinu, skal víkja úr stjórninni.

17. gr.

Ráðherra er heimilt að víkja stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra, sem fullnægir ekki skilyrðum 15. gr. eða 2.–3. mgr. 16. gr., úr starfi. Sama gildir ef stjórnarmaður fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er samkvæmt samþykktum.

18. gr.

Hverfi stjórnarmaður úr stjórn skal velja nýjan mann í hans stað í samræmi við samþykktir.

Fari val stjórnarmanns ekki fram samkvæmt ákvæðum samþykkta velur ráðherra stjórnarmanninn.

19. gr.

Stofnandi, maki hans eða þeir sem þeim eru tengdir í beinan legg eða til hliðar að því er til systkina tekur, að skyldleika eða sifjum, geta ekki án leyfis ráðherra myndað meiri hluta stjórnar.

Sé stofnandi sjálfseignarstofnunar félag getur maður, sem beint eða óbeint ræður helmingi atkvæða eða meira í félaginu, ekki án samþykkis ráðherra myndað meiri hluta stjórnar í stofnuninni með þeim sem honum eru jafnnánir og þeir er greinir í 1. mgr. Síðastnefndir menn geta heldur ekki einir myndað meiri hluta stjórnar án samþykkis ráðherra.

20. gr.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn gilda einnig um varamenn þeirra.

21. gr.

Þóknun stjórnarmanna fyrir stjórnunarstörf má ekki vera hærri en venjulegt er miðað við eðli og umfang starfanna. Ráðherra getur lækkað laun teljist þau óeðlilega há.

22. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli stofnunarinnar og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli stofnunarinnar og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni stofnunarinnar. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

23. gr.

Í samþykktum má ákveða að auk stjórnar skuli vera fulltrúaráð. Ef fulltrúaráð er valið skal í samþykktum kveða nánar á um vald þess og starfssvið, svo og starfstíma fulltrúaráðsmanna. Fulltrúaráðið skal m.a. hafa eftirlit með því hvernig stjórn og framkvæmdastjóri ráða málum stofnunarinnar, m.a. fjármálum.

Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn mega ekki vera í fulltrúaráði.

Ákvæði laganna um stjórn og stjórnarmenn eiga við um fulltrúaráð og fulltrúaráðsmenn eftir því sem við á.

24. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar kýs sér formann nema annað sé ákveðið í samþykktum.

Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Fund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess.

Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stofnunarinnar, þótt hann sé ekki stjórnarmaður, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt nema stjórn stofnunarinnar ákveði annað í einstökum tilvikum.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

25. gr.

Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir fund svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið sé þess kostur.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

Stjórn stofnunar er aðeins heimilt að fengnu leyfi ráðherra að ráðast í eða taka þátt í óvenjulegum ráðstöfunum sem kunna að leiða af sér þá hættu að fyrirmælum samþykktanna verði ekki fylgt.

26. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar fer með málefni hennar og skal annast um að skipulag hennar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara stjórn og framkvæmdastjóri með stjórn stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin gefur. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórninni nema ekki sé unnt að bíða ákvörðunar hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi stofnunarinnar. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna stofnunarinnar. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri skal hann sjá um að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna stofnunarinnar sé með tryggilegum hætti.

Einungis stjórn sjálfseignarstofnunar getur veitt prókúruumboð.

27. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar kemur fram út á við fyrir hönd stofnunarinnar og ritar firma hennar.

Ákveða má í samþykktum að einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar hafi ritunarréttinn.

Ritunarréttinn má takmarka í samþykktum á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun er ekki unnt að skrá.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd stofnunarinnar í málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 26. gr.

28. gr.

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd stofnunar samkvæmt ákvæðum 27. gr. gerir löggerning fyrir hennar hönd bindur sá gerningur stofnunina nema:

a. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni, sem ákveðnar eru í lögum þessum, eða
b. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt, enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

V. KAFLI
Ársreikningur og endurskoðun.

29. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri stofnunarinnar skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Sé eigi kveðið á um annað í lögum þessum gilda ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum, og reglur á grundvelli þeirra eftir því sem við á.

30. gr.

Stundi sjálfseignarstofnun atvinnurekstur sem eftir einkennum sínum eða tilgangi er verulega frábrugðinn aðalatvinnurekstri hennar skal halda fjárreiðum og reikningshaldi varðandi þann rekstur aðskildum frá öðru bókhaldi og eignum stofnunarinnar.

Sé sjálfseignarstofnun í tengslum við atvinnufyrirtæki samkvæmt samþykktum sínum eða samningi skal þess getið í ársreikningi eða skýringum við hann.

31. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar skal skipa henni einn eða fleiri endurskoðendur eða skoðunarmenn og varamenn þeirra, eða endurskoðunarfélög, í samræmi við ákvæði samþykkta. Ef sjálfseignarstofnun er án endurskoðanda eða skoðunarmanns skal ráðherra skipa hann eða þá.

Sinni stjórn ekki þeirri skyldu sinni samkvæmt ársreikningalögum að víkja endurskoðanda eða skoðunarmanni, sem fullnægir ekki hæfisskilyrðum samþykktanna eða laga þessara, úr starfi og velja annan hæfan mann í hans stað getur ráðherra vikið endurskoðandanum eða skoðunarmanninum úr starfi og valið annan í hans stað.

32. gr.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda stjórnvaldi því er tekur við ársreikningum félaga ársreikning eða

samstæðureikning sjálfseignarstofnunar ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingum um hvenær ársreikningurinn var samþykktur.

VI. KAFLI
Ráðstöfun ágóða og úthlutun.

33. gr.

Stjórn stofnunar veitir styrki eða úthlutar fé í samræmi við samþykktir og ákvæði 34. gr.

Heimilt er stjórninni að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

34. gr.

Einungis er heimilt að úthluta af fjármunum stofnunarinnar sem hér segir:

a. hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og úr frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap, sem hefur ekki verið jafnað, og fé samkvæmt heimild í samþykktum í bundin framlög til sjóða stofnunarinnar eða til annarra þarfa;
b. til lækkunar stofnfjár skv. 13. gr.

35. gr.

Úthlutanir fjármuna skulu vera hóflegar með hliðsjón af tilgangi og eignarstöðu stofnunar.

Stjórn stofnunar er ekki heimilt að taka sér eða veita endurskoðendum, skoðunarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum sem fara með stjórnunarstörf hærra endurgjald fyrir störf hjá stofnuninni en venjulegt er eftir eðli og umfangi starfanna.

Óheimilt er stofnun að veita þeim sem getið er í 2. mgr. lán eða setja tryggingu fyrir þá. Sama gildir einnig um þann sem er giftur eða í óvígðri sambúð með þeim og þann sem er skyldur þeim að feðgatali eða niðja ellegar stendur þeim að öðru leyti sérstaklega nærri. Þetta á þó ekki við um venjuleg viðskiptalán.

Stjórnvald það er tekur við ársreikningum félaga hefur eftirlit með ársreikningum og tilkynnir ráðherra ef telja má að ákvæði 1.–3. mgr., svo og 21. gr., hafi verið brotin.

VII. KAFLI
Skaðabætur.

36. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn sjálfseignarstofnunar skulu skyldir til að bæta stofnuninni það tjón sem þeir hafa valdið henni í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar lánardrottinn eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum stofnunarinnar.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið og til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

Mál skv. 1. mgr. skal höfða gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs, þar sem ákvörðun var gerð, eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð. Gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum skal höfða mál innan tveggja ára frá því endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing var lögð fram.

VIII. KAFLI
Breyting samþykkta, slit og sameining.

37. gr.

Ráðherra getur að tillögu stjórnar heimilað breytingar á samþykktum, m.a. sameiningu við aðrar sjálfseignarstofnanir, sem stunda atvinnurekstur, eða slit.

Ákvæði 1. mgr. gilda enda þótt stjórn eða öðrum sé í samþykktum veittur réttur til breytinga á samþykktum.

Ráðherra getur sett reglur um að stjórn geti ein gert vissar breytingar á samþykktum.

Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við stjórn sjálfseignarstofnunar ef unnt er, að breyta samþykktum hennar ef sýnt þykir að þær séu ekki framkvæmanlegar eða andstæðar tilgangi stofnunarinnar.

Undir sama skilorði getur ráðherra ákveðið að leysa upp stofnun eða sameina hana annarri, enda skal þá farið eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, sbr. einnig XIV. kafla sömu laga, eftir því sem við getur átt.

IX. KAFLI
Skráning.

38. gr.

Hagstofa Íslands skráir sjálfseignarstofnanir samkvæmt lögum þessum og starfrækir sjálfseignarstofnanaskrá í því skyni.

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu sjálfseignarstofnana samkvæmt lögum þessum, þar með talið skipulag skráningarinnar, rekstur hennar, aðgang að skránni og gjaldtöku, m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem skráðar hafa verið á tölvutæku formi.

39. gr.

Tilkynning um stofnun sjálfseignarstofnunar skal greina:

1. heiti stofnunarinnar og hugsanlegt aukheiti;
2. heimilisfang og póstfang;
3. tilgang;
4. fjárhæð stofnfjár og hvernig það hefur verið greitt, í reiðufé eða öðrum fjármunum;
5. hvernig firmaritun sé háttað;
6. fullt nafn, kennitölu og heimilisfang stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, prókúruhafa og endurskoðenda eða skoðunarmanna;
7. reikningsár og fyrsta reikningstímabil.

Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum og skulu undirskriftir staðfestar af lögbókanda, lögmanni, endurskoðanda eða tveimur vottum.

Tilkynningu skal fylgja í frumriti eða endurriti:

1. gerningur sá er sjálfseignarstofnunin grundvallast á, svo sem gjafabréf eða erfðaskrá;
2. samþykktir og önnur skjöl og reikningsgögn varðandi stofnunina;
3. sönnun fyrir því að stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur eða skoðunarmenn fullnægi skilyrðum laga til að mega gegna starfanum ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.

Sjálfseignarstofnanaskrá getur auk þess krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að taka afstöðu til þess hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum sjálfseignarstofnunarinnar. M.a. getur hún krafist þess að fá yfirlýsingu lög-

manns eða endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun sjálfseignarstofnunar varðandi greiðslu stofnfjár séu réttar.

40. gr.

Breytingar á samþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skal tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Leggja skal fram nýjan heildartexta samþykkta með innfelldum breytingum. Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga. Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa.

Auk tilkynninga skv. 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng sjálfseignarstofnana og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda eða skoðunarmanna og prókúruhafa miðað við 1. júní nema sjálfseignarstofnanaskrá ákveði að tilkynningar skuli miðast við annan dag.

41. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum laga þessara eða samþykkta sjálfseignarstofnunar eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem ákveðið er í lögum eða samþykktum skal synja skráningar.

Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með samþykkt stjórnar og skal þá gefa hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og ástæðum hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal sjálfseignarstofnanaskrá gera þeim aðila viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum skv. 1. og 2. mgr. getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla enda sé mál höfðað innan sex mánaða frá því að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í sjálfseignarstofnanaskrá og birta síðan skv. 42. gr.

42. gr.

Sjálfseignarstofnanaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun sjálfseignarstofnunar og tilvísun í aðalefni aukatilkynninga. Þá getur skráin í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatilkynninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

Það sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði skal telja manni kunnugt nema atvik séu svo vaxin að telja megi hann hvorki hafa um það vitað né mátt vita. Ákvæði 1. málsl. taka þó ekki til ráðstafana sem gerðar eru innan sextán daga eftir birtingu ef viðkomandi maður sannar að hann hafi ekki getað aflað vitneskju um það sem birt var.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

Ef um misræmi er að ræða milli þess sem skráð er og þess sem birt er í Lögbirtingablaði getur sjálfseignarstofnunin ekki borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart þriðja manni. Hann getur hins vegar borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart stofnuninni nema sannað sé að hann hafi haft vitneskju um það sem skráð var.

X. KAFLI
Dagsektir.
43. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, skoðunarmenn eða skilanefndarmenn skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, samþykktum stofnunar eða ákvörðunum ráðherra eða sjálfseignarstofnanaskrár og getur skráin þá boðið þeim að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

XI. KAFLI
Refsingar.
44. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

a. að brjóta vísvitandi gegn ákvæðum laga þessara eða
b. að bera vísvitandi út rangar frásagnir eða skapa með samsvarandi hætti rangar hugmyndir um hag sjálfseignarstofnunar eða annað er hana varðar.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.
45. gr.

Viðskiptaráðherra hefur almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara.

46. gr.

Ráðherra er heimilt að tilnefna mann eða menn til að gera sérstaka rannsókn hjá sjálfseignarstofnun varðandi stofnun hennar, tilgreind atriði í starfseminni eða einstaka þætti í bókhaldi eða ársreikningi. Þeir skulu fá greidda þóknun frá stofnuninni og skal hún ákveðin af ráðherra.

Ákvæði laga um ársreikninga um hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda um þá sem taka að sér sérstaka rannsókn.

Afhenda skal ráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar.

47. gr.

Ráðherra eða umboðsmaður hans getur krafist allra gagna og upplýsinga til að viðkomandi megi rækja störf sín samkvæmt lögum þessum.

Telji ráðherra að einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri brjóti gegn ákvæðum þessara laga eða samþykktum sjálfseignarstofnunar getur hann gefið þeim fyrirmæli um að bæta úr.

48. gr.

Ef ákvæði skortir í erfðaskrá eða annað gilt stofnskjal að nokkru eða öllu um stjórn sjálfseignarstofnunar eða annað efni sem vera skal í samþykktum getur ráðherra bætt úr því sem á vantar.

49. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna, sbr. þó 2. mgr. 38. gr.

XIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999.

Við gildistöku laganna bætist ný málsgrein við 1. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, svohljóðandi:

Um sjálfseignarstofnanir, sem stunda atvinnurekstur, fer samkvæmt lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

51. gr.

Ef sjálfseignarstofnanir eru skráðar samkvæmt ákvæðum laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skulu þær afskráðar um leið og þær eru skráðar samkvæmt lögum þessum.

Sjálfseignarstofnanir, sem eru starfandi við gildistöku laga þessara og falla undir gildissvið þeirra, eru óbundnar af ákvæðum 10. gr. um stofnfé. Innan sex mánaða frá gildistöku laganna skulu þær skráðar. Einnig skal aðlaga samþykktir þeirra ákvæðum laga þessara innan sama tíma.

Ráðherra og sjálfseignarstofnanaskrá hafa eftirlit með því að ákvæði 2. mgr. séu réttilega framkvæmd. Ráðherra er heimilt að breyta ákvæðum samþykkta stofnana ef það reynist nauðsynlegt til að fullnægja ákvæðum laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins en er flutt af viðskiptaráðherra vegna ákvörðunar forsætisráðherra á grundvelli stjórnarráðslaganna. Hefur frumvarpi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins verið breytt í nokkrum atriðum, m.a. ársreikningaákvæðum frumvarpsins.

Hugtökin sjóður og sjálfseignarstofnun eða stofnun eru hér á landi notuð jöfnum höndum um sömu eða lík fyrirbrigði og er það í samræmi við málvenju. Um aldir hafa verið stofnaðir sjóðir hér á landi. Engin almenn löggjöf hefur verið sett um stofnun eða starfsemi sjóða en vitneskja hefur varðveist um þá sjóði sem ríkisvaldið hefur staðfest reglur fyrir. Þær reglur hafa verið varðveittar í skjalasöfnum þess og síðar jafnan birtar í Lovsamling for Island og að lokum í Stjórnartíðindum, B-deild. Fræðimenn hafa talið að stofnun sjóða sé og hafi verið frjáls, þ.e. ekki hafi verið neinar ákveðnar hömlur á henni almennt, en vitneskja er lítil sem engin um aðra sjóði en þá sem hlotið hafa staðfestingu ríkisvaldsins. Upphaf þeirra staðfestingarheimilda, sem eru nú í framkvæmd, byggist á því að þjóðhöfðingi (einvaldskonungur), sem áður hefur sjálfur veitt slíka staðfestingu, hefur veitt kansellíi sínu almennt umboð til að veita þær. Slík reglusetning þjóðhöfðingja (einvaldsins) jafngilti lagasetningu. Hún hefur síðan flust til þeirra stjórnvalda sem á eftir komu.

Segja má að um aldir hafi möguleikar til varðveislu fjármuna að hætti sjóða og stofnana á Íslandi verið takmarkaðir við jarðeignir, þ.e. bújarðir, þar eð í þeim eignum einum varð eign ávöxtuð hér á landi en svo sem alkunna er eru peningastofnanir aðeins aldargamalt fyrirbæri. Fjármunaeign hér á landi fyrr á öldum var takmörkuð og í lok 19. aldar breyttust þær aðstæður hægt. Þá ber einnig að hafa í huga að varðveisla sjóðafjár hefur verið erfiðleikum bundin vegna endurtekinna verðbólgutíma á þessari öld. Það er því viðbúið að sumir þeirra sjóða, sem stofnaðir voru á undangenginni öld, hafi rýrnað verulega.

Þess er að geta að núgildandi lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, voru nýsmíði hér á landi. Þau bættu úr brýnni þörf á samræmdri

löggjöf um þetta efni. Fram að þeim tíma höfðu aðeins gilt lög um eftirlit með opinberum sjóðum, nr. 20/1964. Þar var um að ræða reikningslegt eftirlit með fjármunameðferð umráðaaðila slíkra sjóða. Í gildandi lögum eru m.a. settar fram reglur um ráðstöfun sjóðseignar, um staðfestingu á skipulagsskrá, eftirlit með sjóðum og heimildarákvæði til breytinga á skipulagsskrám sjóða þegar slíkt reynist nauðsynlegt.

Stundum getur komið fyrir að sjálfseignarstofnun stundi atvinnurekstur. Stofnunin stundar þá starfsemi með líkum hætti og félög og önnur fyrirtæki. Því er eðlilegt, þegar svo stendur á, að taka þurfi tillit til ýmissa viðskiptasjónarmiða með líkum hætti og á við um félög og fyrirtæki sem stunda atvinnurekstur. Þessi staða leiðir óhjákvæmilega til þess að gera verður ráð fyrir ýmsum reglum þar sem mið er tekið af þeim sérsjónarmiðum, einkum viðskiptasjónarmiðum, sem koma til álita um þessa tegund sjálfseignarstofnana. Hefur verið höfð hliðsjón af löggjöf nágrannaríkjanna við samningu frumvarps þessa.

Þegar rætt er um stofnanir í þessari greinargerð er átt við hvers konar sjálfseignarstofnanir (stundum nefndar sjóðir) sem stunda atvinnurekstur sem ákvæði frumvarpsins taka til.

Þær sjálfseignarstofnanir, sem falla undir ákvæði frumvarps þessa, verða skráðar samkvæmt þeim og falla m.a. undir það eftirlitskerfi sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Því er ekki gert ráð fyrir að þær muni jafnframt leita staðfestingar dómsmálaráðherra samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Á sama hátt er gert ráð fyrir að stofnun, sem nú kann að starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá en stundar atvinnurekstur, verði skráð samkvæmt ákvæðum frumvarpsins en falli um leið utan gildissviðs laga nr. 19/1988 hafi hún áður hlotið staðfestingu samkvæmt þeim, sbr. 1. mgr. 51. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru tekin saman ákvæði um gildissvið.

Um 1. gr.

Hugtökin sjálfseignarstofnun og stofnun eru hér notuð í sömu merkingu. Hér á landi ríkir nokkur réttaróvissa um hver séu helstu einkenni sjálfseignarstofnana, enda hefur lítið verið ritað um þær. Helstu gildandi lög um sjálfseignarstofnanir eru lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Hugtakið sjálfseignarstofnun er ekki nánar skilgreint í frumvarpi þessu. Hins vegar eru einstakar greinar þess augljóslega á því byggðar að þær hafi sameiginleg einkenni. Þau eru í samræmi við hefðbundnar skilgreiningar á hugtakinu sjálfseignarstofnun. Þessi eru helstu einkenni sjálfseignarstofnunar samkvæmt frumvarpinu:

1. Hún hefur tiltekið stofnfé.
2. Hún hefur yfir fjármagni að ráða.
3. Hún starfar samkvæmt sérstökum samþykktum (skipulagsskrá).
4. Fjármagn hennar skal vera reikningslega og raunverulega aðskilið frá eignum stofnenda og er sérhver greiðsla af því fé til stofnenda bönnuð nema hún sé sérstaklega heimiluð í lögunum.
5. Hún skal hafa á að skipa stjórn sem starfar sjálfstætt og er óháð stofnendum.
6. Henni er að jafnaði ætlaður langur líftími.

Gert er ráð fyrir því að sjálfseignarstofnanir, sem falla innan ramma laganna, séu sjálfstæðir lögaðilar sem geta öðlast réttindi, borið skyldur og verið aðilar að dómsmálum.

Hugtakið atvinnurekstur er nánar skilgreint í 3. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um valdsvið viðskiptaráðherra og ráðherra Hagstofu Íslands að því er snertir þær sjálfseignarstofnanir sem frumvarpið tekur til, þ.e. sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Er valdskiptingin með sama hætti og í löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um skilyrði til stofnunar sjálfseignarstofnunar samkvæmt frumvarpinu. Það er skilyrði að tiltekið fjármagn sé óafturkallanlega afhent í þágu tiltekins markmiðs. Sjálfseignarstofnanir geta haft sundurleit markmið. Engar ákveðnar leiðbeiningarreglur er unnt að gefa um þau markmið ef þau teljast lögmæt. Tekið er fram að afhending þeirra verðmæta, sem ganga til sjálfseignarstofnunarinnar, verði að fullnægja skilyrðum laganna til þess að lögmæt sjálfseignarstofnun verði sett á fót, sbr. einkum III. kafla.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er sett fram skilgreining á hugtakinu atvinnurekstur. Á því er byggt að tilgangur sjálfseignarstofnunar sé atvinnurekstur. Áhersla er lögð á það hvort stofnunin er þannig upp byggð að henni sé ætlað að standa á eigin fótum. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort rekstur er í þágu hugsjónamála, menningarmála eða annarra þarfa. Stofnanir, sem hafa eingöngu með höndum ávöxtun fjár og útdeilingu, eins og sjóðir, falla samkvæmt þessu ekki undir atvinnurekstur.

Í 1. mgr. er því lýst hvaða atvinnurekstur komi til greina í þessu sambandi og er ljóst að þar er um mjög víðtæka skilgreiningu að ræða. Í a- og b-liðum 1. mgr. er tekið mið af því að sjálfseignarstofnun fari annaðhvort sjálf eða fyrir milligöngu annarra aðila með tiltekin viðskipti út á við gagnvart þriðja manni. Þá getur stofnun notið opinberra framlaga.

Í b-lið 1. mgr. er við það miðað að stofnun hafi tiltekin yfirráð yfir hlutafélagi, einkahlutafélagi eða öðru félagi. Til skýringar má hér m.a. hafa í huga 2. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994, um það hvað geti talist falla undir ákvæðið.

Varðandi 2. mgr. skiptir máli hversu reglubundinn og umfangsmikill atvinnurekstur fer fram í stofnuninni. Ef hann er t.d. tímabundinn eða tilviljunarkenndur telst sjálfseignarstofnun ekki falla undir efnissvið frumvarpsins og er hún þá ekki skráningarskyld.

Varðandi 3. mgr. er rétt að taka fram að nú eru til sjálfseignarstofnanir sem stunda ekki atvinnustarfsemi. Þær stofnanir geta ýmist starfað samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, eða utan þeirra. Þær falla ekki undir ákvæði frumvarpsins. Hins vegar gerir ákvæðið ráð fyrir því að þetta geti breyst og stofnunin fari síðar að stunda atvinnustarfsemi. Leggst þá sú skylda á hendur stjórnendum að skrá sjálfseignarstofnunina og sjá um að fullnægja að öðru leyti ákvæðum frumvarpsins strax og hún hefur hafið atvinnurekstur eins og hann er skilgreindur skv. 1. mgr. 3. gr.

Viðskiptaráðherra skal hafa almennt eftirlit með framkvæmd laganna, sbr. 45. gr. frumvarpsins. Af því leiðir að krafa um að sjálfseignarstofnun falli undir ákvæði frumvarpsins getur komið frá ráðherra. Skv. 5. gr. úrskurðar sjálfseignarstofnanaskrá sem Hagstofa Íslands skal starfrækja hvort tiltekin sjálfseignarstofnun falli undir gildissvið frumvarpsins.

Um 4. gr.

Fyrirmynd að þessari grein er einkum fengin úr 2. mgr. 1. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Þegar sjálfseignarstofnanir eru stofnaðar með

lögum eða heimild í lögum ber að fara eftir þeim lögum og túlkun þeirra, þar á meðal um samþykktir og um nánari reglur fyrir stofnunina. Rétt túlkun heimildarlaganna eða samþykktanna getur leitt til þess að ákvæðum frumvarps þessa beri að beita um þær að meira eða minna leyti. Samkvæmt þessu falla bankar og sparisjóðir utan ramma frumvarpsins, sem og fjárfestingarsjóðir, byggingasjóðir, þróunarsjóðir, jöfnunarsjóðir, menningar- og menntunarsjóðir og aðrir slíkir sjóðir sem starfa lögum samkvæmt.

Rétt þykir að undanþiggja sjálfseignarstofnanir sveitarfélaga ákvæðum frumvarpsins. Þetta gildir þó aðeins um þær stofnanir sem settar eru á fót til að fullnægja beinum lagalegum skyldum sveitarfélaga, sbr. einkum 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Um 5. gr.

Mikill fjöldi sjálfseignarstofnana starfar samkvæmt sérstökum lagaheimildum eða á einkaréttarlegum grunni og getur verið álitamál að hve miklu leyti þær stundi atvinnurekstur og falli af þeim sökum undir gildissvið frumvarpsins. Rétt þykir að hafa sérstakt ákvæði um að sjálfseignarstofnanaskrá skuli skera úr um hvort tiltekin sjálfseignarstofnun falli innan ramma frumvarpsins eða ekki. Tilgangurinn er að gera réttarstöðuna gleggri.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er að firmanafn sjálfseignarstofnunar gefi einnig til kynna lagalegar forsendur þess. Það er gert með því að bæta við orðinu sjálfseignarstofnun eða viðeigandi skammstöfun. Þessi háttur er í samræmi við almennar reglur um skráningu fyrirtækja í opinberar skrár og notkun fyrirtækjaheita.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er að finna ýmis ákvæði um stofnun sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur, m.a. efni samþykkta þeirra. Í IX. kafla um skráningu eru einnig ítarleg ákvæði sem snerta stofnun þessara stofnana, m.a. um tilkynningar. Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, geta geymt ákvæði um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri, a.m.k. heiti þeirra, og gilda þau lög nema að því leyti sem frumvarp þetta, ef að lögum verður, kann að hafa að geyma sérákvæði um tiltekið efni.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um það hvernig tilkynna beri sjálfseignarstofnun til skráningar áður en atvinnurekstur er hafinn.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að óskráð sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri geti hvorki öðlast rétthæfi né verið aðili að dómsmáli. Er þetta sama regla og gildir um hlutafélög og einkahlutafélög, sbr. 15. gr. laga um hlutafélög og 10. gr. laga um einkahlutafélög. Tilgangur 1. mgr. er einkum sá að sporna við því að gerðir séu löggerningar í nafni og á kostnað óskráðrar sjálfseignarstofnunar. Slíkt ætti að verða hvatning til stjórnenda sjálfseignarstofnunar um að láta skrá hana sem fyrst, sbr. einnig ákvæði 2. mgr.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að til séu sjálfseignarstofnanir sem stunda ekki atvinnurekstur við gildistöku laganna. Þær sjálfseignarstofnanir hafa rétthæfi miðað við núgildandi lög og þær geta verið aðilar að dómsmálum. Ef þetta ástand breytist þannig að stofnun fari að stunda atvinnurekstur með þeim hætti að hún falli undir ákvæði frumvarpsins ber fyrirsvarsmönnum að láta skrá hana hjá sjálfseignarstofnanaskrá, sbr. 3. mgr. 3. gr. Í vafatilvikum geta

þeir borið málið undir skrána sem úrskurðar hvort sjálfseignarstofnun falli undir ákvæði frumvarpsins, sbr. 5. gr.

Sé sjálfseignarstofnun skv. 3. mgr. ekki skráð í samræmi við ákvæði frumvarpsins getur komið til persónulegrar bótaábyrgðar stjórnenda sjálfseignarstofnunar eða annarra viðurlaga á hendur þeim. Að auki ber að nefna að ráðherra skal hafa almennt eftirlit með framkvæmd laganna skv. 45. gr. og getur gripið til aðgerða í tilefni brota á ákvæðum þeirra. Sjálfseignarstofnanaskrá getur beitt dagsektum skv. 43. gr. Þetta breytir því þó ekki að sú sjálfseignarstofnun, sem hér um ræðir, hefur bæði rétthæfi og getur verið aðili að dómsmáli þrátt fyrir að hún sé ekki skráð vegna þess að hún hafði rétthæfi og gat verið aðili að dómsmáli áður en hún hóf atvinnurekstur.

Í 3. mgr. kemur fram sú regla að þeir fyrirsvarsmenn, sem gera löggerninga á vegum sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri áður en skráning fer fram, skuli bera persónulega ábyrgð á þeim skuldbindingum. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að knýja á um að stofnunin verði skráð á réttum tíma. Þegar stofnun hefur verið skráð færast skuldbindingar, sem áður voru gerðar á hennar vegum, yfir til sjálfseignarstofnunarinnar, enda má þá segja að viðsemjandi fái þá réttarstöðu sem hann gat búist við að fá.

Í 4. mgr. segir að með sjálfseignarstofnanir skuli fara sem félög með takmarkaðri ábyrgð eftir því sem við á.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. kemur fram hvers þurfi ávallt að geta í samþykktum sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur. Þar er að sumu leyti um sömu atriði að ræða og geta skal í samþykktum hlutafélaga og einkahlutafélaga. Má því vísa til þeirra laga um þessi atriði. Hér verður aðeins vikið að nokkrum stafliðum.

Varðandi d-lið skal tekið fram að nauðsynlegt getur verið að skilgreina tilgang sjálfseignarstofnunar ræki lega, t.d. til að ákvarðanir stjórnar geti orðið í sem bestu samræmi við hann, en einnig til að tryggja að eftirlit með starfseminni geti orðið virkara.

Varðandi f- og g-liði er athygli vakin á því að geta verður þess sérstaklega ef sjálfseignarstofnun á að taka við öðru en reiðufé við stofnun hennar eða í tengslum við stofnun hennar. Reynslan sýnir að við þær aðstæður er þörf sérstakrar varúðar. Því er m.a. mælt svo fyrir í 11. gr. að greinargerð endurskoðanda skuli fylgja samþykktum þar sem gerð er grein fyrir því hvernig slíkar eignir eru metnar til fjár. Er gert ráð fyrir að í henni komi fram rökstuðningur fyrir matsfjárhæðinni. Svipað er að segja ef stofnendur eða aðrir eiga að njóta sérstakra réttinda af fjármunum stofnunarinnar. Slík réttindi geta hæglega rýrt rekstrarmöguleika viðkomandi sjálfseignarstofnunar.

Í h-lið er þess krafist að samþykktir hafi að geyma reglur um hvernig tilnefna skuli stjórnarmenn, endurskoðendur eða skoðunarmenn, svo og hugsanlega fulltrúaráðsmenn. Mjög nauðsynlegt er að hafa ákvæði um þetta því að í sjálfseignarstofnunum er ekki neinn félagsfundur sem getur hjálpað upp á sakir ef reglur vantar. Á sama hátt er nauðsynlegt að hafa reglur um hvernig fara skuli með ef sæti stjórnarmanns verður laust, t.d. af því að hann segir af sér eða honum er vikið úr starfi samkvæmt ákvæðum 15.–17. gr. Ef engar reglur er samt sem áður að finna um þetta fer eftir ákvæðum 2. mgr. 14. gr. en sé ekki farið eftir settum reglum um tilnefningu stjórnarmanns eiga ákvæði 18. gr. við, en báðar þessar greinar heimila ráðherra nauðsynlega íhlutun.

Varðandi k-lið skal þess getið að síðar á líftíma sjálfseignarstofnunar geta komið upp aðstæður sem gera nauðsynlegt eða eðlilegt að breyta ýmsum atriðum í samþykktum hennar, t.d. tilgangi hennar, heimili, hvernig fara skuli með hagnað o.fl. Af þessum sökum er nauð-

synlegt að hafa ákvæði í samþykktunum sjálfum um hvernig þeim verði breytt. Þar koma ýmsar aðferðir til greina. Ekki er sjálfgefið að stjórn stofnunarinnar skuli hafa þessa heimild. Eðlilegt getur verið að ákvörðun um þetta sé fengin í hendur þriðja aðila, t.d. ráðherra. Svipað má segja um hugsanleg slit eða ákvörðun um sameiningu. Hér skal minnt á ákvæði 37. gr. sem heimilar ráðherra að breyta samþykktum eða leysa upp stofnun eða sameina hana annarri að vissum skilyrðum fullnægðum.

Um III. kafla.

Ákvæði III. kafla fjalla um stofnfé og hvernig það megi hækka og lækka.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um lágmarksfjárhæð stofnfjár. Ávallt er álitamál hve há hún skuli vera. Í Danmörku er hún 300.000 danskar krónur en í Noregi 200.000 norskar krónur. Allt stofnfé skal greiða fyrir tilkynningu sjálfseignarstofnunar til skráningar, sbr. 3. mgr. 11. gr. Það fer eftir ákvæðum samþykkta hvenær önnur framlög ber að greiða, ef um þau er að ræða, og hvert þau skulu renna. Lágmarksfjárhæð er tvær milljónir króna en hana má að sjálfsögðu ákveða hærri í samþykktunum. Ráðherra skal breyta lágmarksfjárhæðinni í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar svo sem nánar greinir.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sé stofnfé ekki greitt í reiðufé verði að meta það. Tilgangurinn er sá að tryggja að það skili sér með þeim verðmætum sem það er sagt hafa að geyma. Sérstaklega þarf að gæta hagsmuna lánardrottna um að eignir séu ekki oftaldar eða skuldir vantaldar. Þess vegna er ákvæði þess efnis að greinargerð endurskoðanda skuli fylgja í þessum tilvikum þar sem gerð sé grein fyrir þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar matinu eða að öðru leyti hvort ráðstöfunin sé eðlileg. Lög um einkahlutafélög hafa að geyma svipuð ákvæði.

Í 2. mgr. er að finna bann við að stofnfé sé greitt með vinnu- eða þjónustuframlagi. Slíkt framlag er talið of óvisst til að unnt sé að meta það til fjárverðmætis. Hins vegar geta kröfur á hendur stofnendum sjálfum skoðast sem greiðsla en þær verður þá að meta til peninga samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

Í 3. mgr. er tekið fram að allar greiðslur, sem eiga að mynda stofnfé sjálfseignarstofnunar, skuli greiddar áður en stofnunin er tilkynnt til sjálfseignarstofnanaskrár. Hér er í raun gerð krafa um að það lágmark stofnfjár, sem getið er í 10. gr. frumvarpsins, sé greitt í síðasta lagi fyrir skráningu. Hins vegar skiptir ekki máli þó að annað framlagsfé, sem getur ekki talist til stofnfjár, sé greitt síðar. Sjálfseignarstofnanaskrá hefur eftirlit með því að ákvæðinu sé fullnægt. Hún synjar skráningar ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum þessum eða öðrum ákvæðum laga.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er að finna heimild til að hækka stofnfé. Þessi heimild minnir á hækkun hlutafjár í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Skilyrði hækkunar eru þau að svonefndir frjálsir sjóðir séu fyrir hendi í félaginu. Slíkir sjóðir geta t.d. myndast sem rekstrarhagnaður fyrri ára en í greininni er enn fremur nefndur óráðstafaður hagnaður samkvæmt síðasta endurskoðuðum ársreikningi.

Í 2. mgr. er ákvæði sem heimilar stjórn að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktunum vegna hækkunar stofnfjár. Aðeins má gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru. Heimiluð

breyting getur t.d. verið fólgin í því að breyta þeirri fjárhæð stofnfjár sem ákveðin var í upphafi. Þá er og lagt til að fyrirhuguð hækkun stofnfjár skuli tilkynnt ráðherra innan tiltekins tíma áður en hún er framkvæmd. Ráðherra á að hafa almennt eftirlit með framkvæmd laganna og m.a. að sjálfseignarstofnun framkvæmi þessa aðgerð réttilega. Því er eðlilegt að honum sé gert viðvart um fyrirhugaða ákvörðun um hækkun í tíma.

Í 3. mgr. kemur fram að endurskoðendur eða skoðunarmenn sjálfseignarstofnunar skuli gefa sérstaka yfirlýsingu um að fjárhagur hennar hafi ekki rýrnað þannig að þeir frjálsu sjóðir, sem notaðir eru til hækkunar, hafi í raun ekki verið til. Það er því að sjálfsögðu forsenda hækkunarinnar að umræddir frjálsir sjóðir séu til í raun og veru. Þá er og gert ráð fyrir yfirlýsingu um hækkun á grundvelli utanaðkomandi framlaga sem hugsanlega væri eðlilegt að nota til að jafna tap.

Í 4. mgr. segir í raun að sama regla skuli gilda um gjafir og annað framlagsfé sem rennur til hækkunar á stofnfé eins og ef það væri notað til stofnunar sjálfseignarstofnunar. Þetta þýðir að sé greitt með öðru en reiðufé verður endurskoðandi að meta slík framlög samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 11. gr. Augljóst er að sömu reglu verður að beita um framlagsfé, sem nota á til stofnunar sjálfseignarstofnunar, og framlagsfé sem nota á til hækkunar á stofnfé að því er þetta atriði varðar.

Í 5. mgr. koma fram reglur um tilkynningar um framkvæmd hækkunar til sjálfseignarstofnanaskrár. Ekki má tilkynna hækkun fyrr en framlagsfé skv. b-lið 1. mgr. hefur verið innt af hendi. Er það sama regla og gildir um stofnun sjálfseignarstofnunar.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að sjálfseignarstofnun er heimilt að lækka stofnfé sitt. Slíkt kemur helst til ef eiginfjárstaða hennar er mun verri en skráð stofnfé segir til um. Í því tilviki getur verið eðlilegt að stofnfé sé fært niður í þá fjárhæð sem er sem næst eiginfjárstöðunni. Einnig er hugsanlegt að samþykktir kveði á um lækkun í tilteknum tilvikum.

Ekki eru neinir eiginlegir eigendur að sjálfseignarstofnun. Því er eðlilegt að leita þurfi heimildar ráðherra fyrir lækkun stofnfjár og skiptir ekki máli hvort lækkunin styðst við ákvæði í samþykktunum sjálfum eða önnur rök.

Í 2. mgr. er fjallað um heimild stjórnar til breytinga á samþykktum af þessu tilefni og skyldu til að tilkynna lækkun til sjálfseignarstofnanaskrár.

Ákvæði 3. mgr. leggur þá skyldu á stjórnendur sjálfseignarstofnunar að þeir tilkynni kröfuhöfum um fyrirhugaða lækkun. Slík skylda getur verið eðlileg vegna hagsmuna kröfuhafa.

Í 4. mgr. felst að stofnfé sjálfseignarstofnunar má ekki lækka niður fyrir lágmarksfjárhæð stofnfjár eins og hún er á hverjum tíma.

Um IV. kafla.

Kaflinn fjallar um stjórn og framkvæmdastjórn. Dönsk lög um sama efni hafa verið höfð til hliðsjónar og einnig nýleg lög um hlutafélög og einkahlutafélög. Sá munur kemur þó fram á sjálfseignarstofnunum og hlutafélögum eða einkahlutafélögum að í sjálfseignarstofnunum er að jafnaði enginn félagsfundur eða sambærilegur fundur haldinn sem getur haft eftirlit með starfsemi stjórnar og framkvæmdastjórnar og bætt úr því sem aflaga kann að fara. Í sumum stofnunum kann þó fulltrúaráð að vera til staðar. Það verður hlutverk ráðherra í ýmsum tilvikum að hafa eftirlit á hendi með stjórnunaraðilum í stofnununum.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að stjórnarmenn skuli vera a.m.k. þrír og er það í samræmi við ákvæði dönsku laganna um sama efni. Þá er í málsgreininni kveðið á um a.m.k. einn varamann og eru því gerðar strangari kröfur en í 1. mgr. 39. gr. laga um einkahlutafélög og 1. mgr. 63. gr laga um hlutafélög. Stafar þetta af því að ekki er um að ræða félagsfundi í sjálfseignarstofnunum eða almennt önnur úrræði til að leysa úr vanda með auðveldum hætti.

Í 2. mgr. koma fram nauðsynleg ákvæði um hvernig með skuli fara ef ákvæði skortir í samþykktunum um skipun stjórnar eða starfstíma stjórnarmanna, sbr. h-lið 1. mgr. 9. gr. Er þá ráðherra falið að bæta úr.

Í 3. mgr. eru reglur sem eru sambærilegar reglum laga um einkahlutafélög. Þar sem ekkert eftirlit getur orðið af hálfu „eigenda“, heldur aðeins opinberra aðila, er eðlilegt að tengsl milli framkvæmdastjórnar og stjórnar séu rofin sem mest. Á þann hátt er stjórninni gert kleift að hafa eftirlit með framkvæmdastjórn.

Um 15. gr.

Ákvæði 1. mgr. um hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra er í mörgum atriðum sambærilegt við 42. gr. laga um einkahlutafélög (sbr. einnig 66. gr. laga um hlutafélög). Telja má að þau skilyrði, sem hér koma fram, séu eðlileg þegar um er að ræða sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Að því er varðar 2. mgr. skal tekið fram að reglan er sú að framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu auk þess sem þjóðréttarlegar skuldbindingar geta leitt til sömu niðurstöðu, þar á meðal skyldur sem leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 16. gr.

Hér er að finna ákvæði um að stjórnarmenn geti hvenær sem er sagt starfa sínum lausum, svo og um skyldur stjórnarmanna ef atvik koma upp sem leiða til að óeðlilegt verði talið að þeir skipi stjórn áfram.

Um 17. gr.

Ráðherra er heimilt að víkja einstökum stjórnarmönnum úr stjórn ef þau atvik liggja fyrir sem nefnd eru í 15. gr. og 2.–3. mgr. 16. gr. Stjórnarmanni verður að jafnaði vikið úr starfi ef þau atvik liggja fyrir sem nefnd eru í 1. mgr. 15. gr. Í öðrum tilvikum er um meira matsatriði að ræða. Ákvörðun ráðherra er endanleg.

Um 18. gr.

Skv. 1. mgr. skal velja nýjan stjórnarmann í stjórn sjálfseignarstofnunar í samræmi við samþykktir hennar hverfi stjórnarmaður úr stjórn. Kemur þá ekki til afskipta ráðherra.

Í 1. mgr. 9. gr. er tekið fram að í samþykktum sjálfseignarstofnunar skuli vera reglur um hvernig velja skuli stjórnarmann og enn fremur hvernig skipa skuli lausa stöðu stjórnarmanns. Verið getur að í samþykktum sjálfseignarstofnunar séu samt engin ákvæði um þetta eða að ekki sé farið eftir þeim. Þá verður að vera einhver aðili sem er til þess bær að bæta úr. Er lagt til í 2. mgr. að ráðherra fari með þetta vald.

Um 19. gr.

Ákvæðið er skiljanlegt í ljósi þess að sjálfseignarstofnun á að vera sjálfstæð í sérhverju tilliti. Frumvarpið gerir berum orðum ráð fyrir að helst sé hætt við einhvers konar áhrifa-

tengslum frá stofnendum sem e.t.v. vilja ekki missa að öllu leyti sjónar á því fé sem þeir hafa lagt fram til stofnunarinnar. Tilgangur greinarinnar er að sporna við slíkum áhrifum þannig að meiri hluti stjórnar, sem er að jafnaði æðsta stjórnareining innan sjálfseignarstofnunar, sé ávallt skipuð mönnum sem telja má að muni fyrst og fremst hafa hagsmuni stofnunarinnar að leiðarljósi.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Þóknun stjórnarmanna fyrir stjórnunarstörf getur byggst á einhliða ákvörðun þeirra. Þar eð ekkert eftirlitskerfi er að jafnaði fyrir hendi innan stofnunarinnar er eðlilegt að ráðherra hafi vald til að færa niður óeðlilega háar kröfur um þóknun af þeirra hálfu. Hugsanlegt er að endurskoðandi eða skoðunarmaður stofnunar veki athygli ráðherra á óeðlilega háum kröfum um þóknun fyrir stjórnunarstörf en einnig er hugsanlegt að einhver annar geri það, sbr. 4. mgr. 35. gr. Athygli er vakin á því að í 2. mgr. 35. gr. er fjallað um endurgjaldskröfur stjórnarmanna vegna starfa sem falla utan venjulegra stjórnunarstarfa.

Um 22. gr.

Ákvæðið er samhljóða 72. gr. hlutafélagalaga og 48. gr. einkahlutafélagalaga. Ástæður ákvæðisins eru þær sömu og í fyrrgreindum lögum og greinarnar verða væntanlega skýrðar með svipuðum hætti.

Um 23. gr.

Þar eð fulltrúaráð tíðkast hér á landi í sumum sjálfseignarstofnunum sem stunda atvinnurekstur þykir rétt að setja í frumvarp þetta nokkur ákvæði um ráðið. Er þá höfð hliðsjón af 73. gr. hlutafélagalaga um fulltrúanefnd sem sinnir m.a. eftirliti með stjórn og framkvæmdastjóra hlutafélaga. Jafnframt er vísað til h-liðar 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 24. gr.

Ákvæðið á sér fyrirmynd í 70. gr. hlutafélagalaga, sbr. 46. gr. einkahlutafélagalaga. Jafnframt hefur verið tekið mið af dönskum lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Um 25. gr.

Ákvæði 1.–2. mgr. eru í samræmi við ákvæði 71. gr. hlutafélagalaga, sbr. 47. gr. einkahlutafélagalaga.

Ákvæði 3. mgr. á sér fyrirmynd í dönsku lögunum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Þar eð engin stjórnareining innan sjálfseignarstofnunar fer með eftirlit með gerðum stjórnarinnar er eðlilegt að ráðherra fari með þetta vald. Ákvæðið á aðeins við þegar um óvenjulega löggerninga er að tefla. Einnig er skilyrði að ráðstafanirnar geti haft það í för með sér að hætta sé á að ekki verði farið eftir fyrirmælum samþykktanna. Stjórnendum er skylt að leita samþykkis ráðherra þegar svona stendur á. Vanræksla á þeirri skyldu getur haft í för með sér persónulega ábyrgð fyrir stjórnarmenn.

Það er háð mati stjórnar hvenær gerningur er þess eðlis sem málsgreinin gerir ráð fyrir. Í 28. gr. er gert ráð fyrir að löggerningar, sem kunna að falla undir efnislýsingu 3. mgr. 25. gr., en samþykkis er ekki aflað, séu gildir gagnvart grandlausum þriðja manni.

Um 26. gr.

Grein þessi á sér fyrirmynd í 25. gr. dönsku laganna um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Hún er einnig nær samhljóða 68. gr. hlutafélagalaga og 44. gr. einkahlutafélagalaga.

Um 27. gr.

Ákvæðið er svipaðs efnis og 74. gr. hlutafélagalaga og 49. gr. einkahlutafélagalaga. Aðalreglan er að stjórn hefur rétt til að rita firma sjálfseignarstofnunar. Tvenns konar munur kemur þó fram. Í fyrsta lagi verður ritunarrétturinn aðeins afhentur öðrum en stjórninni í heild að samþykktir heimili það. Stjórnin getur því ekki afhent ritunarréttinn til annarra svo að gilt sé nema sérstaka heimild til þess sé að finna í samþykktunum. Í öðru lagi verður ritunarrétturinn aðeins afhentur stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Um skýringu greinarinnar má að öðru leyti vísa til fyrrnefndra greina hlutafélagalaga og einkahlutafélagalaga.

Um 28. gr.

Grein þessi svarar til 1. mgr. 77. gr. hlutafélagalaga, sbr. 1. mgr. 52. gr. einkahlutafélagalaga.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um ársreikning sjálfseignarstofnana og endurskoðun. Ákvæði laga um ársreikninga, nr. 144/1994, með áorðnum breytingum, og reglur á grundvelli þeirra gilda samkvæmt frumvarpinu að verulegu leyti um þær sjálfseignarstofnanir sem falla undir ákvæði frumvarps þessa, þ.e. að svo miklu leyti sem sérákvæði verða ekki sett á grundvelli frumvarpsins. Lög um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, taka einnig til sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur.

Ákvæði ársreikningalaganna gilda ekki óbreytt heldur verður ávallt að taka tillit til sérstaks eðlis sjálfseignarstofnana. Þannig eiga t.d. greinar ársreikningalaga um móðurfélög og dótturfélög og samstæðureikninga einungis við með þeim fyrirvara að sjálfseignarstofnanir eru ekki félög. Á sama hátt eiga ýmis ákvæði laganna ekki við um stofnanir, t.d. þar sem rætt er um félög sem tekið hafa skuldabréfalán er veita lánardrottnum rétt til að breyta kröfum sínum á hendur félaginu í hluti í því (41.gr.), um fjölda og nafnverð eigin hluta (49. gr.), félög sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi (3. mgr. 52. gr.) o.fl. Ákvæði IX. kafla um reikningsskilaráð eiga ekki við hér.

Um 29. gr.

Greinin byggir á 3. gr. ársreikningalaga.

Um 30. gr.

Þetta ákvæði á vissa fyrirmynd í 2. og 5. mgr. 28. gr. dönsku laganna um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Um 31. gr.

Ákvæði 1. mgr. hefur að geyma reglur um val endurskoðenda eða skoðunarmanna, ellegar endurskoðunarfélaga. Í 9. gr. kemur fram að í samþykktum stofnunar skuli getið um fjölda endurskoðenda eða skoðunarmanna, starfstíma þeirra og hvernig þeir skuli valdir. Nauðsynlegt er að kveða einnig á um hvernig með skuli fara ef endurskoðandi eða skoðunarmaður er ekki valinn þrátt fyrir þetta ákvæði og skyldur stjórnar í því efni.

Í 2. mgr. eru reglur um hvernig fara eigi með ef endurskoðandi eða skoðunarmaður fullnægir ekki hæfisskilyrðum samþykktanna eða laganna. Sambærilegt ákvæði er að finna í 62. gr. ársreikningalaga.

Þess má geta að í 59. gr. ársreikningalaganna er í ákveðnum tilvikum mælt fyrir um skyldu til að velja endurskoðanda en ekki skoðunarmann. Mundu þau ákvæði í sams konar tilvikum ná til sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur. Þá mundu og ákvæði VII. kafla ársreikningalaga gilda um endurskoðun fyrir sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri eftir því sem við á. Þannig gilda t.d. reglur 58. gr. um hæfisskilyrði, reglur 61. gr. um starfstíma og starfslok, 63. gr. um hlutverk endurskoðenda og skoðunarmanna o.s.frv. Um sérstök hæfisskilyrði endurskoðenda og skoðunarmanna gilda ákvæði 2. mgr. 58. gr. ársreikningalaga, sbr. 9. gr. laga um endurskoðendur, nr. 18/1997, sbr. einnig 32. gr. bókhaldslaga. Engir félagsfundir eru haldnir í sjálfseignarstofnunum og því geta þau ákvæði, sem skírskota til félagsfunda, ekki átt við, sbr. t.d. 1. og 2. mgr. 67. gr. ársreikningalaga. Hins vegar á 3. mgr. greinarinnar við en hún fjallar um rétt endurskoðenda og skoðunarmanna til að sitja stjórnarfundi.

Um 32. gr.

Í greininni er fjallað um skil á ársreikningi og tekið mið af aðalreglu 69. gr. ársreikningalaga.

Um VI. kafla.

Þessi kafli fjallar um ráðstöfun ágóða og úthlutanir fjármuna stofnana.

Um 33. gr.

Ákvæði 1. mgr. er á því byggt að sumum stofnunum sé ætlað að afla fjár og úthluta því síðan að einhverju leyti með styrkjum eða einhvers konar framlögum. Ákvæði 33.–34. gr. er einkum ætlað að ná til slíkra stofnana. Öðrum stofnunum er hins vegar fremur ætlað að ná markmiðum sínum með starfsemi sinni einni saman, t.d. á það við um þær stofnanir sem stunda líknarstarfsemi.

Ákvæði 2. mgr. er reist á því sjónarmiði að stjórnin verði að meta hverju sinni hversu miklu fé hún úthluti og hversu mikið fé hún taki frá til annarra þarfa, t.d. til uppbyggingar fyrirtækisins.

Um 34. gr.

Hér er fjallað um hvaða fé sjálfseignarstofnun getur notað til úthlutunar. Reglurnar um þetta eru að mörgu leyti sambærilegar reglum sem fram koma í 99. gr. hlutafélagalaga og 74. gr. einkahlutafélagalaga um úthlutun arðs en þó með þeim breytingum sem leiðir af eðli sjálfseignarstofnana. Samkvæmt þessu má nota rekstrarhagnað og þá frjálsu sjóði, sem kunna að vera fyrir hendi í stofnuninni, í þessu skyni. Áður verður þó ávallt að jafna það tap sem kann að vera fyrir hendi og áður hefur ekki verið jafnað. Enn fremur má vera að samkvæmt samþykktunum skuli leggja fé í tiltekna sjóði eða til annarra þarfa. Slíkum ákvæðum verður að fullnægja áður en til úthlutunar getur komið. Sé stofnfé lækkað skv. 13. gr. má nota lækkunarféð til úthlutunar. Ekki má þó lækka stofnféð niður fyrir lögboðið lágmark.

Um 35. gr.

Ákvæði 1. mgr. er á því byggt að úthlutanir eiga ávallt að vera hóflegar miðað við efnahag stofnunar og tilgang með úthlutun. Úthlutun getur bæði verið of há eða of lág miðað við þessi sjónarmið.

Í 2. mgr. kemur fram að stjórn stofnunar er ekki heimilt að áskilja sjálfri sér eða veita endurskoðendum, skoðunarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum óeðlilega hátt endurgjald fyrir störf sem þeir kunna að taka að sér. Að því er varðar stjórnarmennina er hér átt við störf sem þeir kunna að taka að sér utan venjulegra stjórnunarstarfa í stofnuninni, t.d. þóknun fyrir lögfræðilega álitsgerð ef stjórnarmaður er lögfræðingur. Um þóknun stjórnarmanna fyrir stjórnarstörfin sjálf gildir 21. gr. Óeðlilega há greiðsla er auðvitað örlætisgerningur að hluta til sem fer að jafnaði í bága við markmið stofnunarinnar.

Í 3. mgr. kemur fram að óheimilt er að veita sömu mönnum og um ræðir í 2. mgr. greinarinnar, svo og tilteknum mönnum sem standa þeim sérstaklega nærri, lán eða setja tryggingar fyrir þá. Hér hefur verið stuðst við svipuð sjónarmið og fram koma í 79. gr. einkahlutafélagalaga og 104. gr. hlutafélagalaga.

Skv. 45. gr. hefur viðskiptaráðherra almennt eftirlit með framkvæmd ákvæða um sjálfseignarstofnanir. Í 4. mgr. kemur fram að reynt getur á eftirlit með ákvæðum 35. gr., svo og 21. gr. Getur m.a. verið hugsanlegt að grípa til þess úrræðis að víkja stjórnarmanni frá eftir ákvæðum 17. gr. vegna brota á greininni.

Um VII. kafla.

Þessi kafli fjallar um skaðabætur sem sjálfseignarstofnun getur öðlast á hendur stofnendum, stjórnarmönnum og fleiri aðilum vegna ólögmætra og saknæmra athafna eða vanrækslu þessara aðila. Einnig er þar að finna ákvæði um heimild til að færa bótafjárhæð niður í vissum tilvikum og um fresti til málshöfðunar.

Um 36. gr.

Grein þessi er í samræmi við almennu skaðabótaregluna. Vísa má til XV. kafla hlutafélagalaga og einkahlutafélagalaga til samanburðar en þar er að finna að sumu leyti sambærileg ákvæði.

Um VIII. kafla.

Þessi kafli fjallar um breytingar á samþykktum sjálfseignarstofnunar, slit stofnunarinnar og sameiningu hennar við aðra stofnun.

Um 37. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. eru sett með hliðsjón af dönskum lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur og framkvæmd laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Er hér m.a. fjallað um frumkvæði stjórnar sjálfseignarstofnunar að gerð tillögu til ráðherra um breytingar á samþykktum stofnunarinnar, slit hennar eða sameiningu hennar við aðra stofnun. Er hér skapaður möguleiki á vissum sveigjanleika til breytinga á samþykktum, jafnvel um tilgang stofnunar, en þörf kann að vera á því, t.d. vegna samkeppni í atvinnurekstri eða breyttra þjóðfélagshátta og aðstæðna.

Samkvæmt k-lið 1. mgr. 9. gr. er skylt að hafa ákvæði í samþykktum um hvernig ráðherra geti breytt þeim séu þær ekki framkvæmanlegar eða andstæðar tilgangi stofnunarinnar. Engu að síður er hugsanlegt að slíkt ákvæði sé þar ekki að finna eða ákvæði sé nú óframkvæmanlegt vegna einhverra atvika. Nauðsynlegt þykir að hafa þau úrræði, sem mælt er fyrir um í 4. mgr., til að bæta úr þegar svona stendur á.

Ákvæði 5. mgr. eiga við ef slíta á stofnuninni eða sameina hana annarri. Ákvæði eiga að vera um þetta í samþykktunum, sbr. k-lið 9. gr., en séu þau ekki fyrir hendi eða óframkvæmanleg reynir á ákvæðið.

Um IX. kafla.

Þessi kafli fjallar um skráningu sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur og byggist hann á samsvarandi ákvæðum í einkahlutafélagalögum.

Um 38. gr.

Í greininni er fjallað um sjálfseignarstofnanaskrá, sem Hagstofa Íslands starfrækir, og heimild ráðherra Hagstofu Íslands til setningar reglugerðar með nánari ákvæðum um skráningu sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur.

Um 39. gr.

Í greininni er kveðið á um efni tilkynningar um stofnun sjálfseignarstofnunar, undirritun og fylgiskjöl, svo og kröfu um frekari gögn og upplýsingar.

Um 40. gr.

Hér er að finna ákvæði um tilkynningar um breytingar á samþykktum og öðru því sem tilkynnt hefur verið til sjálfseignarstofnanaskrár.

Um 41. gr.

Í greininni er m.a. fjallað um galla á tilkynningum um stofnun sjálfseignarstofnana.

Um 42. gr.

Hér eru ákvæði um birtingu upplýsinga um sjálfseignarstofnanir í Lögbirtingablaði og réttaráhrif í því sambandi.

Um X. kafla.

Þessi kafli fjallar um dagsektir sem unnt er að leggja á stjórnunaraðila sjálfseignarstofnunar þegar tiltekin skilyrði eru fyrir hendi.

Um 43. gr.

Fyrirmynd að þessu ákvæði er að finna í 126. gr. einkahlutafélagalaga, sbr. einnig 152. gr. hlutafélagalaga.

Um XI. kafla.

Kaflinn fjallar um refsingar sem stjórnendur eða aðrir fyrirsvarsmenn sjálfseignarstofnana geta bakað sér í störfum sínum.

Um 44. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um XII. kafla.

Þessi kafli fjallar m.a. um eftirlit viðskiptaráðherra með sjálfseignarstofnunum, sem stunda atvinnurekstur, og ýmis úrræði til að framfylgja því eftirliti. Enn fremur er fjallað um heimild ráðherra til að ákveða að láta fara fram sérstaka rannsókn hjá sjálfseignarstofnun og um heimild til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Um 45. gr.

Hér er kveðið á um að viðskiptaráðherra skuli hafa almennt eftirlit með framkvæmd laganna. Í því felst eftirlit með starfsemi sjálfseignarstofnana í ýmsum atriðum. Hið almenna eftirlit beinist m.a. að ársreikningi stofnunarinnar. Ráðherra hefur ýmis úrræði til að knýja stjórnendur til að fylgja lögum og samþykktum, t.d. getur hann gefið þeim fyrirmæli skv. 2. mgr. 47. gr. eða beitt sér fyrir því að sjálfseignarstofnanaskrá grípi til dagsekta skv. 43. gr. Hann getur einnig, ef sérstaklega stendur á, gripið til þess úrræðis sem rætt er um í 46. gr. um skipun sérstakra rannsóknarmanna ef honum finnst reikningar þurfa nánari athugunar við. Í ýmsum öðrum greinum frumvarpsins er kveðið á um eftirlitshlutverk ráðherra í ákveðnum tilvikum.

Um 46. gr.

Grein þessi á sér vissa fyrirmynd í 97. gr. hlutafélagalaga og 72. gr. einkahlutafélagalaga. Gera má ráð fyrir að ráðherra grípi til þessa úrræðis í tilefni ábendinga annarra aðila eða jafnvel vegna almenns eftirlits.

Um 47. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru nauðsynleg til að ráðherra geti rækt eftirlitshlutverk sitt hvort sem er samkvæmt þessum lögum eða ákvæðum í samþykktum.

Í 2. mgr. er að finna heimildarákvæði fyrir ráðherra um að gefa fyrirsvarsmönnum sjálfseignarstofnunar fyrirmæli um úrbætur ef hann telur að þeir hafi brotið gegn ákvæðum laga eða samþykkta. Nægi þau fyrirmæli ekki getur komið til þess að beita 43. gr. um dagsektir, ef skilyrði til þess eru fyrir hendi, eða ákvæðum 46. gr. um sérstaka rannsókn.

Um 48. gr.

Hugsanlegt er að sjálfseignarstofnun sé komið á fót með erfðaskrá eða öðru stofnskjali en í samþykktir skorti ákvæði um það efni sem þar skal greina skv. 9. gr. Er ráðherra veitt heimild til að bæta úr.

Um 49. gr.

Greinin felur í sér almenna heimild fyrir ráðherra til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, sbr. þó 2. mgr. 38. gr.

Um XIII. kafla.

Kaflinn hefur að geyma gildistökuákvæði og ákvæði um aðlögun þeirra stofnana sem starfa við gildistöku laganna og falla undir gildissvið þeirra.

50.–51. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að setja sérstök lög um þær sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Til þessa hafa gilt lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, en þar er ekki fjallað sérstaklega um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Þær stofnanir, sem falla undir hugtak frumvarpsins skv. 1. og 3. gr., eru aðallega hjúkrunarheimili, hjálpar- og líknarstofnanir og nokkrir skólar.

Samkvæmt 38. gr. verður heimilt að taka gjald fyrir skráningu stofnana, og skv. 50. gr. verður lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, breytt þannig að sama gjald verður tekið fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar samkvæmt frumvarpi þessu og um einkahlutafélag væri að ræða. Tekjur af þessum tveimur ákvæðum verða ekki miklar þar sem fáar stofnanir munu falla undir lögin.

Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

136. Frumvarp til innheimtulaga. [136. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi, þó ekki innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum, innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga og innheimtu umdeildra peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf.

Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu.

2. gr.
Frávíkjanleg ákvæði.

Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og skuldara í atvinnurekstri að víkja frá ákvæðum 7. gr. Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og innheimtuaðila að víkja frá ákvæðum 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

II. KAFLI
Skilyrði til að mega stunda innheimtu.

3. gr.
Skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra.

Innheimtuaðilar mega því aðeins stunda innheimtu fyrir aðra:

a. að þeir hafi fengið innheimtuleyfi skv. 15. gr., sbr. 4. gr.;
b. að innheimtan sé stunduð frá fastri starfsstöð hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland; og
c. að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé í gildi.

Lögmenn mega þó stunda innheimtu án innheimtuleyfis, svo og opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir.

4. gr.
Veiting innheimtuleyfis.

Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið undir gjaldþrotaskiptum;
b. hefur óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis;
c. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland.

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi skilyrðum 1. mgr.

5. gr.
Innheimta eigin peningakröfu.

Ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni þarf innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Samband innheimtuaðila og skuldara.

6. gr.
Góðir innheimtuhættir.

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti.

7. gr.
Innheimtuviðvörun.

Eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan a.m.k. tíu daga frá sendingu viðvörunar.

Í viðvörun komi fram:

a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila;
b. lýsing á kröfu;
c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun;
d. frá hvaða degi dráttarvextir reiknast;
e. greiðslustaður; og

f. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

Krafa telst greidd ef greiðsla hefur borist áður en fresturinn er liðinn.

Ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt má víkja frá ákvæðum þessarar greinar um sendingu viðvörunar.

Ef skuldari hefur sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu er heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þessarar greinar.

8. gr.

Umboð innheimtuaðila.

Greiðsla skuldara til innheimtuaðila eða samningur við innheimtuaðila um greiðslu hefur sama gildi fyrir skuldara og greitt hafi verið til kröfuhafa sjálfs eða samið við hann um greiðsluna. Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir óski skuldari þess.

IV. KAFLI
Samband innheimtuaðila og kröfuhafa.

9. gr.

Upplýsingaskylda innheimtuaðila.

Innheimtuaðili skal eftir beiðni veita kröfuhafa upplýsingar um gang innheimtu. Ljúki innheimtu samkvæmt lögum þessum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör er sýni hvað skuldari hafi verið krafinn um, hve mikið hann hafi greitt og hvenær og hver sé krafa innheimtuaðila um þóknun fyrir vinnu og útlagðan kostnað.

10. gr.

Meðferð innheimtufjár.

Innheimtuaðili skal án ástæðulauss dráttar greiða kröfuhafa innheimt fé. Innheimtuaðila er heimilt að halda eftir fé sem nemur fjárhæð þóknunar til hans og útlagðs kostnaðar.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu fyrir aðra, skal halda innheimtufénu aðskildu frá eigin fé. Skal féð án ástæðulauss dráttar lagt á vörslufjárreikning en opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu. Sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

V. KAFLI
Greiðsla innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans.

11. gr.

Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar.

Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörunar, sbr. 12. gr. Hið sama á við ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum.

12. gr.

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Viðskiptaráðherra getur í reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin

taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.
Þagnarskylda.

Innheimtuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónuhagi og rekstrareða viðskiptamál og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í innheimtustarfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14. gr.
Starfsábyrgðartrygging.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu á grundvelli leyfis skv. 4. gr, skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggir skuldara og kröfuhafa bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni sem leyfishafinn ber skaðabótaábyrgð á og rakið verður til gáleysis í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi eða setja bankaábyrgð hjá banka eða sparisjóði sem hefur heimild til að starfa hér á landi. Trygging skal nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingarárs eða ábyrgðarárs skal nema minnst 16.500.000 kr. Tryggingarfjárhæðir eru miðaðar við vísitölu neysluverðs og skulu þær breytast 1. janúar ár hvert frá gildistöku laganna. Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag eða ábyrgðaraðili tilkynna það vátryggingar- eða ábyrgðartaka og viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið eða ábyrgðaraðilinn tilkynnti vátryggingar- eða ábyrgðartaka og eftirlitsaðila um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

Ef leyfishafi hefur samhliða innheimtustarfsemi með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu telst hann hafa fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum.

15. gr.
Leyfi og eftirlit.

Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingu og leyfissviptingu samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að innheimtustarfsemi, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði laganna, reglur á grundvelli þeirra og eftir atvikum samþykktir hlutaðeigandi aðila. Skal eftirlitið hafa aðgang að öllum upplýsingum sem að þess mati eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis skal það hafa sambærilegan aðgang að upplýsingum hjá viðkomandi aðilum.

Fjármálaeftirlitið getur gefið innheimtuaðilum fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum ef hætta er á því að þeir brjóti í bága við lög þessi. Áður en til fyrirmæla kemur getur eftirlitið lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem fyrirmæli.

Fjármálaeftirlitið getur til bráðabirgða lagt bann við leyfisbundinni innheimtustarfsemi, ef skilyrðum 1. mgr. 3. gr. er ekki fullnægt, eða gefið innheimtuaðila frest til að fullnægja þeim. Verði eigi úr bætt skal eftirlitið gera tillögu til ráðherra um sviptingu leyfis.

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Gagnvart lögmönnum fer úrskurðarnefnd lögmanna með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn.

16. gr.

Svipting innheimtuleyfis.

Svipta má leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr. ef:

a. hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum; eða
b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

17. gr.

Refsingar.

Brot gegn 3., 7. og 13. gr. og 3.–4. mgr. 15. gr. laga þessara eða ákvæðum reglugerðar á grundvelli laganna varða sektum nema mælt sé fyrir um þyngri viðurlög í öðrum lögum. Brot gegn 7. gr. skal þó vera ítrekað eða stórfellt.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1998 og skal beita þeim um innheimtustarfsemi sem stunduð er eftir gildistöku laganna. Þá fellur úr gildi 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu, sem er endurflutt, hefur verið breytt nokkuð í viðskiptaráðuneytinu vegna athugasemda er fram komu vorið 1998. Meginbreytingin er í 2. mgr. 4. gr. þess efnis að lögaðilar sem slíkir geti sótt um innheimtuleyfi. Þá er gerð tæknileg breyting á 1. mgr. 7. gr., kveðið á um það í 1. mgr. 14. gr. frá hvaða tíma fjárhæðir starfsábyrgðartryggingar skuli breytast og fjallað í 15. gr. um Fjármálaeftirlitið og úrskurðarnefnd lögmanna í stað bankaeftirlitsins og stjórnar Lögmannafélags Íslands. Í 19. gr. er breytt ákvæði um gildistökudag.

Er frumvarpið byggt á frumvarpi sömdu af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði snemma á árinu 1996. Í nefndinni sátu Atli Freyr Guðmundsson skrifstofustjóri, formaður, Eggert B. Ólafsson héraðsdómslögmaður, Jón Ögmundur Þormóðsson skrifstofustjóri, Magnús Haukur Magnússon héraðsdómslögmaður og Sigríður A. Arnardóttir lögfræðingur. Áður hafði verið unnið að undirbúningi undir frumvarpsgerð. Sumarið 1996 var frumvarpið sent fjölmörgum aðilum til umsagnar og bárust margar athugasemdir sem unnið var úr í viðskiptaráðuneytinu. Síðan tók nefndin frumvarpið til meðferðar að nýju og gerði á því ýmsar breytingar. Lárus L. Blöndal héraðsdómslögmaður hafði þá tekið sæti í nefndinni í stað Magnúsar Hauks Magnússonar og Þuríður Jónsdóttir héraðsdómslögmaður kom í stað Sigríðar A. Arnardóttur.

Markmiðið með frumvarpinu er einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja hann um. Með viðvörun væri stefnt að því að skuldarar almennt ættu kost á að greiða skuld sína innan stutts frests með lágmarkskostnaði er grundvallaðist á ákvörðun í reglugerð áður en til innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga yrði gripið. Lánardrottinn mundi

væntanlega á þessu stigi innheimtu sjálfur senda skuldara viðvörun. Hann gæti þó leitað aðstoðar lögmanns eða annars innheimtuaðila en bæri þá sjálfur ábyrgð á hugsanlegri greiðslu til hans umfram lágmarkskostnað.

Við samningu frumvarpsins, sem snertir m.a. innheimtustarfsemi lögmanna, viðskiptabanka og sparisjóða og ýmissa stofnana, var einkum stuðst við norsk innheimtulög. Þá var höfð hliðsjón af dönsku lagafrumvarpi um þetta efni. Tekið skal fram að í Svíþjóð eru sérstök lög um innheimtu.

Samkvæmt frumvarpinu munu innheimtulög skiptast í sex kafla. Ákvæði I. kafla fjalla um gildissvið o.fl. Þar kemur m.a. fram að lögin gildi með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna krafna um greiðslu peninga og að unnt sé með samningi að víkja frá sumum ákvæðum laganna. Í II. kafla er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtu, m.a. innheimtuleyfi. Í III. kafla er að finna ákvæði um samband innheimtuaðila, m.a. kröfuhafa, og skuldara, m.a. um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, en í IV. kafla eru ákvæði um samband innheimtuaðila og kröfuhafa, nánar tiltekið upplýsingaskyldu innheimtuaðila og meðferð innheimtufjár. Í V. kafla eru ákvæði um greiðslu innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans, m.a. þóknunar, sem ákveða má í reglugerð ráðherra. Í VI. kafla eru ýmis ákvæði, m.a. um starfsábyrgðartryggingu, eftirlit með framkvæmd laganna, leyfissviptingu, refsingar og almenna reglugerðarheimild.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna. Þau gilda með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi.

Innheimta opinberra aðila á sköttum og gjöldum fellur ekki undir lögin. Þykir eigi þörf á slíku þar eð innheimta skatta og gjalda er lögbundin og enginn kostnaður, annar en lögbundinn vaxtakostnaður, fellur á gjaldendur nema um sé að ræða útlagðan kostnað. Innheimta slíkra krafna er þannig almennt mun kostnaðarminni en almenn kröfuinnheimta. Virðist því réttur greiðenda í þeim fjölmörgu málum, sem hér um ræðir, vera nægilega tryggður samkvæmt gildandi lögum og verklagsreglum.

Innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falla heldur ekki undir innheimtu samkvæmt frumvarpi þessu. Sem dæmi um kostnað, sem væri utan ramma fyrirhugaðra laga, væri kostnaður við útgáfu stefnu, fjárnámsbeiðni og annar kostnaður fyrir dómstólum og kostnaður við birtingu greiðsluáskorunar með stoð í lögum um aðför eða nauðungarsölu. Ef lögmaður sendir innheimtubréf, án þess að innheimtuviðvörun hafi áður verið send, teldist það ekki innheimtuaðgerð á grundvelli réttarfarslaga heldur yrði bréfið, sem væntanlega yrði kallað innheimtuviðvörun eftir gildistöku innheimtulaga, að fullnægja skilyrðum sem gerð eru til viðvörunar samkvæmt innheimtulögum. Slíkt kallar á litlar breytingar á efni innheimtubréfa. Eftir sem áður verður heimilt að fara beint í aðför eða nauðungaruppboð vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna, þar sem heimild er til slíks í lögum, án þess að viðvörun samkvæmt lögum þessum sé gefin út. Nefna má að innheimta lögmanna og allra annarra aðila, svo sem banka, sparisjóða og Húsnæðisstofnunar, fellur undir ákvæði frumvarpsins nema innheimtuaðgerðir séu á grundvelli réttarfarslaga.

Innheimta umdeildra peningakrafna, þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf, fellur heldur ekki undir fyrirhuguð lög. Hér getur t.d. verið um að ræða lögfræðilega aðstoð vegna umferðarslyss.

Í 2. mgr. kemur fram að innheimtuaðilar séu einstaklingar og lögaðilar sem annast innheimtu. Hugtakið innheimtuaðili tekur yfir kröfuhafa nema annað komi fram. Svo sem fram

kemur í 1. mgr. getur innheimtan verið fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Innheimta launþega á launakröfu sinni félli samkvæmt þessu ekki undir lögin, t.d. ákvæðin um sendingu innheimtuviðvörunar.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. málsl. þessarar greinar er heimilt með samningi milli kröfuhafa og skuldara, sem er í atvinnurekstri, að víkja frá 7. gr. um innheimtuviðvörun.

Ef skuldari hefur á hinn bóginn gengist undir skuldbindingar sem almennur neytandi en ekki vegna atvinnurekstrar síns verður ekki vikið frá ákvæðum 7. gr. um innheimtuviðvörun. Skiptir þá ekki máli þótt skuldbindingar þessa neytanda eigi rætur að rekja til kaupa hans, t.d. á hvers kyns vöru eða þjónustu. Þannig verður skylda til að senda innheimtuviðvörun ekki felld niður eða frestur til greiðslu eftir sendingu viðvörunar ákveðinn styttri en tíu dagar, eins og mælt er fyrir um í 7. gr.

Samkvæmt 2. málsl. greinarinnar geta kröfuhafi og innheimtuaðili með samningi sín á milli vikið frá ákvæðum 9. gr. um upplýsingaskyldu innheimtuaðila og 1. mgr. 10. gr. um greiðslu innheimtufjár.

Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

Um 3. gr.

Í greininni eru sett skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra. Eru þar almennt gerðar kröfur um innheimtuleyfi og fasta starfsstöð hér á landi og auk þess þarf gilda starfsábyrgðartryggingu.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar þurfa vissir aðilar þó ekki innheimtuleyfi til að mega stunda innheimtu fyrir aðra, með öðrum orðum lögmenn, viðskiptabankar og sparisjóðir og opinberir aðilar, m.a. Húsnæðisstofnun. Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi þurfa almennt ekki innheimtuleyfi enda tekur 3. gr., sem mælir fyrir um innheimtuleyfi, aðeins til innheimtu fyrir aðra. Skv. 5. gr. mundi aðili þó þurfa innheimtuleyfi ef hann kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. þessarar greinar nægir ekki að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé tekin heldur þarf innheimtuaðili jafnframt að sjá til þess að hún sé ætíð í gildi.

Um 4. gr.

Hér er í 1. mgr. greint frá þeim skilyrðum sem einstaklingur þarf að fullnægja til að geta öðlast innheimtuleyfi en þau eru almennt séð lögræði, óflekkað mannorð og lögheimili hér á landi.

Tekið skal fram að í 3. gr. laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, segir svo um óflekkað mannorð:

„Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar. Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.“

Lögaðilar sem slíkir geta skv. 2. mgr. fengið innheimtuleyfi enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi skilyrðum 1. mgr. um lögræði o.fl. Þetta er breyting frá fyrra frumvarpi.

Um 5. gr.

Í greininni felst undantekning frá því að eigi þurfi innheimtuleyfi ef innheimta er stunduð vegna eigin starfsemi. Þykir rétt að gera kröfu til innheimtuleyfis ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni. Þetta gildir ekki um lögmenn, opinbera aðila, viðskiptabanka og sparisjóði sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um góða innheimtuhætti.

Hér er um vísireglu að ræða svipað og sjá má t.d. í 20. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Krafan um góða innheimtuhætti gildir bæði um samskipti innheimtuaðila við skuldara og kröfuhafa þótt kaflaheitið gangi skemmra. Í framkvæmd skiptir reglan þó væntanlega mestu máli um samskipti innheimtuaðila og skuldara. Vernd ákvæðisins getur þá náð til fjölskyldu skuldara, atvinnurekenda hans og kunningja hans. Gæta verður góðra innheimtuhátta við sérhverja ráðstöfun eða athöfn sem er þáttur í innheimtunni.

Í norsku lögunum og danska lagafrumvarpinu er beinlínis tekið fram að það brjóti í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, tjóni eða óþægindum. Er um að ræða nánari útfærslu á meginreglunni um góða innheimtuhætti.

Um samband innheimtuaðila og kröfuhafa gildir sú meginregla að innheimtuaðila ber að fylgja fyrirmælum kröfuhafans. Á innheimtuaðilanum hvílir samt sem áður sú sjálfstæða skylda að hlýðnast ekki fyrirmælum kröfuhafa ef þau fela í sér eitthvað sem stríðir gegn góðum innheimtuháttum samkvæmt lögunum eða reglugerð á grundvelli þeirra.

Innheimtuaðili ætti ekki að taka að sér innheimtu kröfu ef hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem gætu farið í bága við hagsmuni kröfuhafans.

Sé aftur vikið að skiptum innheimtuaðila og skuldara gildir sú regla að innheimtuaðili á ekki að gefa skuldara rangar eða villandi upplýsingar um staðreyndir eða réttarreglur sem eru mikilvægar fyrir afstöðu hans til kröfunnar.

Það getur brotið gegn góðum viðskiptaháttum ef beitt er hótunum um að veita öðrum upplýsingar um stöðu skuldara, svo sem maka, atvinnurekanda eða kunningjum. Öðruvísi stendur á þegar um er að ræða aðra sem tengdir eru málinu á einn eða annan hátt, t.d. samskuldara eða ábyrgðarmann.

Það getur brotið gegn góðum innheimtuháttum að hóta að birta opinberlega upplýsingar um greiðsluhæfi skuldara í frekari mæli en heimilt er að lögum.

Endanlegt úrlausnarvald um það hvað teljist góðir innheimtuhættir er að sjálfsögðu í höndum dómstóla.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um innheimtuviðvörun.

Samkvæmt 1. mgr. skal senda eina viðvörun og gefa skuldara færi á að greiða kröfu innan ákveðins frests. Hugtakið skuldari er hér notað í víðri merkingu þannig að senda þarf viðvörunina öllum þeim sem kröfuhafi eða innheimtuaðili hyggst beina innheimtuaðgerðum að, t.d. ábyrgðarmönnum. Í grein þessari er kveðið á um minnst tíu daga frest en kröfuhafi eða annar innheimtuaðili getur haft frestinn lengri. Þótt skylt sé að senda eina viðvörun er heimilt að senda fleiri viðvaranir enda sé ekki með því brotið í bága við góða innheimtuhætti. Viðbótarviðvaranir geta verið kostnaðarsamari fyrir skuldara þar eð lágmarkskostnaður á grundvelli innheimtulaga miðast við greiðslu innan frests samkvæmt skylduviðvörun. Sé skyldu-

viðvörun virt að vettugi og lögmanni síðan t.d. falin innheimta mundi innheimtubréf hans, hverju nafni sem nefnist, í því tilviki ekki falla undir hugsanleg reglugerðarákvæði um lágmarkskostnað vegna skylduviðvörunar.

Fresturinn telst frá sendingu viðvörunar. Í þessu felst að skuldari ber hallann af seinkun í pósti og því að viðvörunin komi ekki fram enda hafi hún verið send á nægilega tryggan hátt og á heimilisfang þar sem gild ástæða er til að ætla að unnt sé að ná til skuldara. Sending í almennum pósti telst vera tryggur sendingarháttur og því er ekki gerð krafa til þess að viðvörun sé send í ábyrgðarbréfi. Ef kröfuhafi eða innheimtuaðili hefur ekki ástæðu til að ætla að hafa megi upp á skuldara á öðru heimilisfangi verður almennt að teljast nægilegt að senda viðvörunina á það heimilisfang sem skuldarinn gaf kröfuhafanum upp. Ef ekkert heimilisfang var gefið upp telst almennt fullnægjandi að senda hana á lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

Ekki er skylt að senda innheimtuviðvörun vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna þar sem farið er beint í aðför eða nauðungaruppboð á grundvelli heimildar í lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. þar sem segir að innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falli ekki undir gildissvið laganna. Ekki er fjallað um þetta í 1. mgr. 7. gr. eins og í fyrra frumvarpi. Ef ekki er hins vegar farið beint í þessar aðgerðir með sendingu greiðsluáskorunar heldur sent innheimtubréf gilda almennar reglur laganna um viðvörun, sbr. nánar það sem segir í athugasemdum við 1. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram hvað skuli standa í innheimtuviðvörun. Eins og segir í athugasemdum við 1. gr. er það svipað og venja er í innheimtubréfum nú. Sú breyting er gerð frá fyrra frumvarpi að á eftir orðinu kröfuhafi er bætt við orðunum „eða umboðsmanns hans“. Er með þessu tekið sérstakt tillit til innheimtu á grundvelli handhafabréfa.

Í 3. mgr. segir að krafa teljist greidd ef greiðsla hefur borist áður en settur frestur er liðinn. Nægilegt er að greiðslan berist banka, sparisjóði eða póstgíróstofu eða sé sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests enda sé slíkt sannað.

Í 4. og 5. mgr. er veitt heimild til að víkja frá ákvæðum greinarinnar um sendingu innheimtuviðvörunar í sérstökum tilvikum.

Samkvæmt 4. mgr. má víkja frá ákvæðunum ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt. Nefna má hættu á að krafan fyrnist ef mál er ekki höfðað. Undir öllum kringumstæðum verður einungis vikið frá ákvæðunum að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir hættu á að fullnustumöguleikum verði spillt. Ef unnt er að fylgja ákvæðunum án þess að hættan aukist er innheimtuaðila það skylt.

Í 5. mgr. er tekið á því ef skuldari hreyfir sannanlega mótbárum gegn peningakröfu. Þá er innheimtuaðila heimilt að hverfa frá venjulegum innheimtuaðferðum, sem ella er skylt að gæta, og bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla. Í slíkum tilvikum er það meginreglan að innheimtuaðili þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort mótbáran sé studd efnislegum rökum eða aðeins tilraun skuldara til að draga að greiða kröfuna.

Til frekari skýringar er vísað til athugasemda við 1. gr. um að viðvörun geti komið í stað innheimtubréfa, svo og tengsl viðvörunar við innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga, en almennt má ætla að viðvörunin yrði undanfari slíkra aðgerða. Kjósi aðili að senda skuldara ítrekun yrði það að teljast heimilt enda sé ekki í undantekningartilvikum brotið með því í bága við regluna um góða innheimtuhætti.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um umboð innheimtuaðila og felur hún m.a. í sér að uppgjör við innheimtuaðila er bæði hvað varðar stað og tíma jafngilt greiðslu til kröfuhafa sjálfs. Skuldari á að geta gert ráð fyrir að innheimtuaðili hafi umboð til að taka við greiðslu og semja um

hana, jafnvel til að gefa alla kröfuna eftir eða hluta hennar eða veita greiðslufrest, svo að bindandi sé fyrir kröfuhafa. Gangi innheimtuaðili of langt kann hann að baka sér bótaskyldu gagnvart kröfuhafa. Gengið er út frá því, þótt það sé ekki tekið fram berum orðum, að innheimtuaðili hafi fengið umboð frá kröfuhafa til innheimtu.

Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir en þó því aðeins að skuldari óski þess.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um upplýsingaskyldu innheimtuaðila gagnvart kröfuhafa enda fari sá síðarnefndi fram á upplýsingar um innheimtuna. Það er undir mati innheimtuaðila komið hvaða upplýsingar hann veitir kröfuhafa og hvenær. Sérstök ástæða getur verið til að vekja athygli kröfuhafa á mótbárum sem skuldari hefur haft uppi þótt ekki sé gert ráð fyrir afdráttarlausri reglu um það efni. Ljúki innheimtu samkvæmt innheimtulögum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili þó að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör og er kveðið á um það hvað þar skuli greina. Í þessu felst t.d. að lögmaður, er lokið hefði innheimtu á grundvelli innheimtulaga en höfðaði síðan mál til innheimtu kröfunnar, þyrfti ekki að afhenda kröfuhafa slíkt skriflegt uppgjör sem kveðið er á um í greininni.

Grein þessi um upplýsingaskylduna er frávíkjanleg, sbr. 2. gr.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skil innheimtuaðila á innheimtufé. Skv. 2. gr. er þessi málsgrein frávíkjanleg.

Í 2. mgr., sem er ekki frávíkjanleg, er kveðið á um skyldu innheimtuaðila, sem stunda innheimtu fyrir aðra, til að halda innheimtufé aðskildu frá eigin fé. Til að fullnægja þeirri kröfu þarf að leggja féð á vörslufjárreikninga þannig að það verði ekki dregið undir gjaldþrotaskipti innheimtuaðilans ef til þeirra kemur. Opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu og sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

Nefna má í þessu sambandi að í reglum nr. 626/1995, um fjárvörslur lögmanna o.fl., sem stjórn Lögmannafélags Íslands setti á grundvelli laga um málflytjendur og staðfestar voru af dómsmálaráðherra, segir í 2. gr. að reglurnar taki til lögmanna sem varðveita í eigin nafni fjármuni fyrir hönd umbjóðenda sinna. Í 4. gr. segir að fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi lögmanns, skuli varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni lögmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Lögmaður er ekki eigandi innstæðu á reikningi samkvæmt greininni og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé lögmanns og stendur innstæða á honum utan skuldaraðar við skipti á búi lögmanns.

Gengið er út frá því að í almennri reglugerðarheimild ráðherra felist heimild til að setja reglur um fjárvörslureikninga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um ábyrgð skuldara á greiðslu kostnaðar vegna innheimtu samkvæmt hinum fyrirhuguðu innheimtulögum. Reglurnar fjalla annars vegar um þau tilvik, er skuldari hefur greitt innan greiðslufrests í viðvörun á grundvelli 7. gr., eða hins vegar er innheimtuaðilar, m.a. kröfuhafar, hafa brotið þannig gegn ákvæðum 7. gr. að viðvörunin þjóni ekki

tilgangi sínum. Í þessum sérstöku tilvikum verður skuldari ekki krafinn um hærri kostnað en kveðið er á um í reglugerð viðskiptaráðherra skv. 12. gr. hafi heimild til setningar slíkrar reglugerðar verið nýtt og ákvæði þar að lútandi í gildi.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um heimild viðskiptaráðherra til setningar reglugerðar þar sem kveða má á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Í 2. málsl. er það skilyrði sett að hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar skuli taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

Með því að setja ákvæði um hámark þóknunar má stuðla að því að kröfur á hendur skuldara, þar sem skuldari hefur ekkert val um innheimtuaðila, verði ekki strax sendar í óeðlilega dýra innheimtu á kostnað hans. Kjósi kröfuhafi að greiða umframþóknun getur hann það. Á hinn bóginn er ekki stefnt að því að skuldari komist hjá því að greiða útlagðan kostnað, sem almennt yrði án efa innan hóflegra marka, og jafnvel áætlaðan kostnað. Með kostnaði er með öðrum orðum átt við beinan og óbeinan kostnað sem leiðir af innheimtu samkvæmt innheimtulögum. Reglugerðin næði ekki fremur en lögin til aðgerða á grundvelli réttarfarslaga, t.d. þóknunar lögmanna vegna aðfarar eða nauðungaruppboðs eða opinberra gjalda í því sambandi.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um þagnarskyldu innheimtuaðila, svo og starfsmanna hans í víðri merkingu.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um starfsábyrgðartryggingu. Miðað við fyrra frumvarp er gerð tæknileg breyting þar sem fjallað er um hvenær breyta skuli fjárhæð starfsábyrgðartryggingar.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir því í 1. mgr. að viðskiptaráðherra veiti leyfi og svipti leyfishafa þeim.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að Vátryggingaeftirlitið, sem sett var á laggirnar með lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, hafi almennt eftirlit með innheimtustarfsemi á grundvelli laganna í stað bankaeftirlitsins samkvæmt fyrra frumvarpi. Bankaeftirlitið gegnir nú eftirlitshlutverki á grundvelli annarra laga en verður sem slíkt lagt niður 1. janúar 1999.

Í 3. mgr. eru ákvæði um heimild Fjármálaeftirlitsins til að gefa innheimtuaðilum, m.a. kröfuhöfum, fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum og jafnframt um lok máls með sátt er gildi sem fyrirmæli.

Í 4. mgr. er heimild til að banna leyfisbundna innheimtustarfsemi til bráðabirgða. Verði eigi úr bætt skal Fjármálaeftirlitið gera tillögu til ráðherra um sviptingu leyfis.

Samkvæmt 6. mgr. er gert ráð fyrir þeirri undantekningu að úrskurðarnefnd lögmanna, sem komið var á fót með lögum nr. 77/1998, um lögmenn, fari gagnvart lögmönnum með eftirlit með framkvæmd innheimtulaga í stað stjórnar Lögmannafélags Íslands samkvæmt fyrra frumvarpi. Úrskurðarnefndin mun hafa eftirlit með starfsemi lögmanna sem stunda innheimtu auk annarra starfa, m.a. eftirlit með gjaldtöku þeirra, vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingu. Væri úrskurðarnefnd lögmanna ekki með þetta eftirlit yrði eftirlit með innheimtu á frumstigi samkvæmt innheimtulögum hjá Fjármálaeftirlitinu en eftirlit með inn-

heimtu á síðara stigi í hendi úrskurðarnefndarinnar. Hugsanlegt er að Fjármálaeftirlitið og úrskurðarnefndin hafi, ef þurfa þykir, með sér samráð og jafnvel samstarf um gerð verklagsreglna, sem tengjast einstökum þáttum eftirlits, til að tryggja sem mest samræmi varðandi framkvæmd laganna, einkum að því er varðar góða innheimtuhætti.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um sviptingu innheimtuleyfis, m.a. ef leyfishafi hefur ekki fullnægt skyldum sínum. Í því sambandi má m.a. benda á að leyfishafinn skal fullnægja skilyrðum 6. gr. um góða innheimtuhætti, 7. gr. um innheimtuviðvörun og 3. mgr. 15. gr. um að fylgja fyrirmælum um að breyta starfsháttum. Gæta þarf stjórnsýslulaga við framkvæmd ákvæðanna.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um refsingar. Ákvæðið um hlutdeild getur leitt til þess að starfsmönnum innheimtuaðila sé jafnvel refsað, svo og kröfuhafa eða öðrum sem geta verið hlutdeildarmenn í broti innheimtuaðila.

Um 18. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir almennri reglugerðarheimild viðskiptaráðherra.

Um 19. gr.

Í greininni er gildistökuákvæði. Þörf er á nokkrum aðlögunartíma.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi ákvæði 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, þar sem segir að dómsmálaráðherra geti að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefið úr leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til innheimtulaga.

Með frumvarpi þessu er áformað að setja lög um innheimtu gjaldfallinna krafna annarra en opinberra aðila um greiðslu skatta og gjalda. Í 3. gr. er gert ráð fyrir að innheimtuaðilar aðrir en lögmenn verði að hafa innheimtuleyfi og í 15. gr. er kveðið á um að viðskiptaráðherra fari með leyfisveitingu og fjármálaeftirlitið líti eftir innheimtustarfsemi.

Ljóst er þó að einhver viðbótarvinna fellur á viðskiptaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið við samþykkt frumvarps þessa. Kostnaðarauki við útgáfu leyfa er talinn hverfandi, og Fjármálaeftirlitið hefur heimild í lögum til að leggja eftirlitsgjald á þá aðila sem eftirlit er haft með. Því er gert ráð fyrir að kostnaðarauki þess verði fjármagnaður af tekjum þess á móti og að samþykkt frumvarps þessa valdi þar af leiðandi ekki sérstökum útgjöldum fyrir ríkissjóð.

137. Fyrirspurn [137. mál]

til samgönguráðherra um loftskeytastöðina á Siglufirði.

Frá Hjálmari Jónssyni.

1. Hyggst ráðherra bregðast við fyrirætlunum Landssíma Íslands hf. um að loka loftskeytastöðinni á Siglufirði?
2. Hefur verið kannað hvort heppilegra kunni að vera að draga saman starfsemina í Gufunesi og efla hana á Siglufirði?

138. Fyrirspurn [138. mál]

til utanríkisráðherra um hreinsun jarðvegs vegna meintrar mengunar á Nickel-svæðinu.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hver er ástæða þess að utanríkisráðuneytið hefur nú ákveðið að Íslendingar leggi fram fjármuni til hreinsunar jarðvegs á svokölluðu Nickel-svæði?
2. Hvað veldur því að úrelt mannvirki á svæðinu, sem í tengslum við afhendingu lóranstöðvarinnar á Gufuskálum var samið um að Íslendingar sæju um að rífa, standa enn óhögguð?
3. Ef mengun reynist á svæðinu í þeim mæli sem margt bendir til mun þá herinn greiða kostnaðinn við hreinsun svæðisins?

139. Fyrirspurn [139. mál]

til heilbrigðisráðherra um dvalarrými fyrir aldraða.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve mörg dvalarrými fyrir aldraða í „mjög brýnni þörf“ verða tekin í notkun á næsta ári miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins?
2. Hvar eru þessi dvalarrými og hve mörg rými eru á hverjum stað?
3. Hve margir aldraðir eru í „mjög brýnni þörf“ fyrir hjúkrunarrými í landinu nú? Hvar eru þeir? Hve margir munu samkvæmt spám bætast við á þessu ári?

140. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra og Hafrannsóknastofnuninni að nota lagaheimildir, fyrirliggjandi þekkingu og rannsóknaniðurstöður á lífríki hafsbotnsins innan íslenskrar efnahagslögsögu til að friða án tafar í varúðarskyni, að minnsta kosti fyrir botnlægum eða hreyfanlegum veiðarfærum, þau svæði á hafsbotni sem brýnt er talið að vernda til að koma í veg fyrir frekara tjón á lífríki og uppvaxtarskilyrðum nytjafiska en orðið er.

Leitað verði samvinnu við umhverfisráðherra, Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Fiskifélag Íslands og samtök sjómanna og útvegsmanna við undirbúning og meðferð málsins.

Jafnframt verði hafinn undirbúningur víðtækari aðgerða til að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á hafsbotni innan efnahagslögsögunnar. Skorti á lagaheimildir til æskilegra verndaraðgerða og sjálfbærrar nýtingar hafsbotnsins verði lagðar tillögur fyrir næsta löggjafarþing þar að lútandi, sem og skýrsla um framvindu verndaraðgerða.

Greinargerð.

Stöðugt fjölgar vísbendingum um tjón sem orðið hafi á lífríki hafsbotnsins vegna hömlulítillar notkunar botnveiðarfæra. Myndir sem Sjónvarpið sýndi nýlega drógu ljóslifandi fram áhrif veiða á kórallasamfélög á hafsbotni við Noreg.

Fyrr á árinu samþykkti Alþingi að tillögu flutningsmanns og sjávarútvegsnefndar þingsályktun um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins (fylgiskjal I). Í þingsályktuninni er gert ráð fyrir þriggja ára rannsóknarátaki á slíkum áhrifum og að til þess sé varið um 63 millj. kr. næstu þrjú ár samkvæmt fyrirliggjandi áætlun frá Hafrannsóknastofnuninni. Gera verður ráð fyrir að Alþingi tryggi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999 fjármagn til að hefja framkvæmd þessa verkefnis í samræmi við þingsályktunina. Um rökstuðning fyrir þeirri tillögu sem hér er flutt vísast meðal annars í greinargerð fyrir þingsályktunartillögunni (269. mál, þskj. 337 á 122. löggjafarþingi). Þar er meðal annars gerð grein fyrir rannsóknarverkefninu „Botndýr á Íslandsmiðum“ sem aukið hefur þekkingu á botndýrategundum innan efnahagslögsögunnar, útbreiðslu þeirra og tengsl við aðrar sjávarlífverur.

Í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, eins og þeim var breytt með lögum nr. 72/1984, er meðal annars eftirfarandi talið upp meðal markmiða Hafrannsóknastofnunarinnar:

— Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess.
— Að afla þekkingar um lögun, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnsins, einkum með tilliti til fiskveiða.
— Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.
— Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.

Rannsóknir til að leggja grunn að þekkingu á hafsbotninum og botnlægum lífverum falla þannig augljóslega undir verksvið Hafrannsóknastofnunarinnar og starfsmenn hennar búa öðrum framar nú þegar yfir þekkingu til að leggja á ráðin um fyrirbyggjandi verndaraðgerðir

á lífríki sem dafnar á botninum. Fleiri geta þar hins vegar eflaust lagt talsvert af mörkum, sem og aflað frekari þekkingar, og eru því eðlilegir samráðsaðilar um málið. Í þeim hópi þurfa einnig að vera samtök sjómanna og útvegsmanna, bæði vegna þess að tillagan snertir hagsmuni þeirra, en einnig geta samtök þeirra eflaust lagt fram gögn og vitneskju sem taka ber tillit til við umfjöllun um vernd og sjálfbæra nýtingu hafsbotnsins.

Á yfirlitsuppdrætti með tillögu þessari (fylgiskjal II) eru sýnd þau svæði við landið þar sem talið er að sé að finna verðmætustu samfélög kóralla.

Sérstaka þýðingu í sambandi við tillögu þessa hafa lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, meðal annars 8. og 9. grein laganna sem veita ráðherra heimildir til að gera ráðstafanir til að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna, um skiptingu veiðisvæða og tímabundið bann við öllum veiðum eða notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði.

Eitt meginefni tillögunnar er að fela ráðherra og Hafrannsóknastofnun að friða án tafar í varúðarskyni, að minnsta kosti fyrir botnlægum eða hreyfanlegum veiðarfærum, þau svæði á hafsbotni sem brýnt er talið að vernda. Augljóst er að það fer eftir gerð og eðli veiðarfæra hvort og hversu mikilli röskun þau kunna að valda á lífríki hafsbotnsins. Botnvarpa og dragnót eru dæmi um veiðarfæri sem mest eru í sviðsljósinu í þessu sambandi, en fleira getur komið til. Á hinn bóginn eru krókaveiðar augljóslega ekki skaðvaldur í þessu samhengi og veiðar í net geta einnig verið óskaðlegar með tilliti til áhrifa á botninn. Nánari rannsóknum er hins vegar ætlað að leiða í ljós áhrif einstakra gerða veiðarfæra í þessu samhengi og flutningsmaður leggur ríka áherslu á framgang þeirra.

Þá er rétt við meðferð málsins að hafa í huga ákvæði í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Þar er kveðið á um að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Hugtakið auðlind samkvæmt lögunum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr. laganna, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra og óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum nema að fengnu skriflegu leyfi ráðherra.

Til álita koma einnig ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sem og lög um stjórnun fiskveiða og eftirlit með veiðum. Sérstaklega þarf að meta hvernig best verður staðið að því að tryggja varanlega vernd og friðun ákveðinna svæða og/eða tímabundna vernd eftir því sem við á.

Fylgiskjal I.

Þingsályktun um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins.

(Samþykkt á Alþingi 28. maí 1998.)


Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og mismunandi veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Sérstaklega verði kannað hver áhrif veiðanna eru á botnfiskstofna, viðkomu þeirra og afrakstursgetu, sem og áhrif veiða með dragnót, botnvörpu og öðrum dregnum veiðarfærum á botnlagið.

Til verkefnisins verði veitt sérstök fjárveiting næstu þrjú ár í samræmi við kostnaðaráætlun Hafrannsóknastofnunarinnar.

Fylgiskjal II.

Hafrannsóknastofnunin:

Steinkórall (*Lophelia pertusa*) sem myndar kóralgarða í Norður-Atlantshafi.
(Sýndir eru fundarstaðir *Lophelia pertusa* við Ísland samkvæmt nýjustu gögnum verkefnisins Botndýr á Íslandsmiðum.)



141. Skýrsla [141. mál]

forsætisráðherra um endurskoðun á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Nefnd er ég skipaði hinn 8. september 1997 samkvæmt tilnefningu allra þingflokka, er þá voru á Alþingi, til að endurskoða kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis skilaði mér skýrslu hinn 6. október 1998. Með vísan til 1. mgr. 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hef ég ákveðið að gera Alþingi grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar með eftirfarandi skýrslu.

Reykjavík, 6. október 1998.

Forsætisráðherra,
Davíð Oddsson,
Stjórnarráðshúsinu
við Lækjartorg.

Hinn 8. september 1997 skipuðuð þér nefnd til að endurskoða kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin hefur gert tillögur um breytingar á ákvæðum stjórnarskrár og kosningalaga og sendir þær hér með. Þrátt fyrir að nefndarmenn hafi í upphafi haft ólík sjónarmið í huga er nefndin sammála um að gera meðfylgjandi tillögur, en niðurstaðan er í vissum atriðum byggð á málamiðlunum.

Skýrsla um störf nefndarinnar og tillögur fylgir þessu bréfi. Í fylgiskjölum eru birt drög að frumvörpum um breytingar á stjórnarskrá og kosningalögum. Þingflokkar hafa rætt hugmyndir sem nefndin hefur haft til skoðunar án þess að taka formlega afstöðu til þeirra.

Nefndin telur að næsta skref í málinu sé að formenn stjórnmálaflokkanna taki afstöðu til þeirra tillagna sem hér eru settar fram. Eins og fram kemur í skýrslunni hefur nefndin átt viðræður við yður um hliðarráðstafanir sem hún leggur áherslu á að gerðar verði samhliða því að unnið er að lagabreytingum.

Sérstök nefnd á vegum dómsmálaráðherra mun gera tillögur til breytinga á kosningalögum. Hafa þarf samvinnu við þá nefnd til að tryggja samræmi í tillögugerð.

Nefndarmenn eru tilbúnir til að vinna áfram að málinu sé þess óskað og benda jafnframt á að kanna þurfi sérstaklega hverjar breytingar aðrar sé æskilegt að gera á stjórnarskránni.

Virðingarfyllst,

Friðrik Sophusson, form. (sign.)	*Geir H. Haarde.* (sign)	*Guðmundur Árni Stefánsson.* (sign.)
Guðný Guðbjörnsdóttir. (sign.)	*Svavar Gestsson.* (sign.)	*Valgerður Sverrisdóttir.* (sign.)

1. Starf nefndarinnar.

Nefndin var skipuð 8. sept. 1997 af **forsætisráðherra.** Í henni eiga sæti fulltrúar þeirra þingflokka sem voru á Alþingi er nefndin var skipuð:

Geir H. Haarde,
Valgerður Sverrisdóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson,
Svavar Gestsson,
Guðný Guðbjörnsdóttir og
Friðrik Sophusson, án tilnefningar, en hann var formaður nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar var að endurskoða **kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis.** Í þessu skyni var nefndinni m.a. falið að halda áfram starfi, sem hafið var á síðasta kjörtímabili, á vettvangi sams konar nefndar. Sú nefnd skilaði forsætisráðherra niðurstöðum sínum með bréfi, dags. 25. mars 1995. Þar var m.a. greint frá ýmsum atriðum sem rædd höfðu verið innan nefndarinnar og einhugur var um að fylgja bæri eftir, m.a. með því að vinna að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um kjördæmaskipun á því kjörtímabili sem nú stendur yfir.

Á fyrstu fundum nefndarinnar var farið yfir þau atriði sem rædd voru í fyrra nefndarstarfi.

Nefndin hefur haldið 27 bókaða fundi.

Nefndin hefur gert tvær áfangaskýrslur, dags. 11. febr. og 11. maí 1998, sem voru teknar til umræðu samtímis í þingflokkunum. Auk þeirra funda hafa þingflokkarnir rætt málið eftir því sem tilefni hafa þótt til. Tillögur þær sem nefndin leggur nú fram hafa ekki verið samþykktar í þingflokkunum, en þeir hafa fylgst með starfi nefndarinnar.

Einstakir nefndarmenn hafa kynnt hugmyndir nefndarinnar á fundum með sveitarstjórnarmönnum nokkurra sveitarstjórnarsambanda.

Með nefndinni hafa starfað sem sérfræðingar Eiríkur Tómasson prófessor og Helgi Bernódusson aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis. Atli Mar Gunnarsson kerfisfræðingur hjá Tölvumyndum hefur veitt aðstoð við tölvuútreikninga, svo og Þorkell Helgason stærðfræðingur við nokkur fræðileg atriði. Rætt hefur verið við ýmsa aðila og nefndin hefur fengið sendar hugmyndir og ábendingar, þar á meðal frá Þórði Sigfússyni, og er hluti af yfirliti hans um umröðun og útstrikanir af framboðslistum birtur í fylgiskjali 6. Kristján Andri Stefánsson, deildarstjóri í forsætisráðuneyti, hefur verið ritari nefndarinnar. Nokkrir starfsmenn á skrifstofu Alþingis hafa aðstoðað við yfirlestur og frágang texta, gert töflur og kort.

Í skýrslunni er fjallað um breytingar á kjördæmaskipun og gerð grein fyrir fjölda hugmynda sem nefndin fjallaði um. Þá er gerð sérstaklega grein fyrir megintillögu nefndarinnar, svo og reiknireglum og jöfnunarkerfi. Enn fremur er fjallað um aðlögun kosningakerfis að búsetuþróun, um persónukjör og útstrikanir, um hlut kvenna, „þröskulda" og um talningu atkvæða. Birt er ítarlegt fylgiskjal um stjórnsýslumörk og kjördæmamörk. Einnig er birt álit um jafnan rétt karla og kvenna til að kjósa og vera kjörin til þjóðþinga og héraðsstjórna. Í skýrslunni er síðan gerð grein fyrir hugmyndum um hugsanlegar hliðarráðstafanir og fleiri þáttum. Þá eru birt sem fylgiskjöl drög að frumvörpum til stjórnarskipunar- og kosningalaga. Breytingar á kosningalögum verða ekki gerðar fyrr en stjórnarskrárbreytingin hefur verið samþykkt og kosningar hafa farið fram. Þær tengjast að hluta til starfi nefndar dómsmálaráðherra sem nú fjallar um kosningalögin og hefur kjördæmanefndin ekki tekið afstöðu til þessara draga nema að því leyti sem tillögurnar tengjast beinlínis efni skýrslunnar.

2. Af hverju breytingar á kjördæmaskipun?

2.1 Helstu rök fyrir breytingum.

Um nokkurt árabil hefur verið umræða í þjóðfélaginu um að breyta þurfi kosningalögum og jafnvel kjördæmaskipun með hliðsjón af búsetuþróun í landinu. Eru m.a. ákvæði um þetta mál í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar þar sem segir að endurskoða eigi kosningalöggjöfina „með það fyrir augum að hún verði einfaldari og tryggi jafnara vægi atkvæða milli kjördæma". Enn fremur hafa flest stjórnmálasamtök ályktað um kosningafyrirkomulagið á áþekkum nótum.

Í ályktunum 48. flokksþings Alþýðuflokksins (1996) segir m.a. að „kosningarréttur landsmanna skuli vera jafn og að farsælasta leiðin að því marki sé að gera landið að einu kjördæmi".

Í ályktunum 23. flokksþings framsóknarmanna (1994) segir m.a.: „Gildandi kosningalög hafa sætt vaxandi gagnrýni. Flokksþingið telur rétt að ganga til samstarfs við hina stjórnmálaflokkana um breytingu á þeim, enda snúist þær um víðtækt samkomulag. Markmiðið er að gera þau einfaldari, jafna vægi atkvæða og auka persónukjör."

Í ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins 1996 segir m.a. að stefna beri að „jöfnum atkvæðisrétti, að þingstyrkur flokka sé í samræmi við atkvæðamagn, fækkun þingmanna og að kjósendum verði tryggð sem mest áhrif á það hverjir veljist til þingsetu". Enn fremur segir í ályktuninni, þar sem vísað er til fyrri samþykkta landsfundar flokksins, að endurskoða skuli kosningalöggjöfina „með það fyrir augum að hún verði einfaldari og tryggi sem jafnast vægi atkvæða".

Í ályktunum seinasta landsfundar Alþýðubandalagsins segir m.a. „að um leið og stefnt sé að því að jafna atkvæðisrétt og gera úthlutunarreglur einfaldari verði áfram tryggður jöfnuður milli flokka". Enn fremur er þar hvatt til að gefa „kjósendum kost á að hafa aukin áhrif á það hverjir kosnir eru, annaðhvort með persónubundnu vali eða samræmdum ákvæðum um forval".

Við breytingar á kosningalögum 1984 og 1987 töluðu þingmenn frá Samtökum um kvennalista gegn misvægi atkvæða.

Ýmis önnur samtök og félög hafa ályktað um kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag, en ekki eru tök á að gera frekari grein fyrir því hér.

Ljóst er af þessum ályktunum að öll stjórnmálasamtök leggja á það áherslu að jafna atkvæðavægið. Það verður ekki gert með öðru móti en því að færa þingsæti af landsbyggðinni til þéttbýlisins á suðvesturhorni landsins.

Bent hefur verið á að núverandi kjördæma- og kosningaskipun, sem fyrst var kosið eftir 1987, sé byggð á **tveimur markmiðum** sem erfitt er að samræma, einkum með hliðsjón af því hve kjörfylgi flokkanna skiptist misjafnlega milli landshluta: Annars vegar að **atkvæði vegi misþungt** eftir kjördæmum og hins vegar að **þingmannatala** hvers flokks endurspegli atkvæðatölu hans á landsvísu. Sú aðferð, sem viðhöfð er til þess að samræma þessi markmið, er því óhjákvæmilega flókin.

Ýmsar skoðanir eru líka á núverandi kosningakerfi. Margir telja **atkvæðamisvægið of mikið** og það hljóti að fara vaxandi. Þrátt fyrir talsverða andstöðu við kerfið í upphafi eru þeir á hinn bóginn til sem telja kerfið nú viðunandi. Ástæðan fyrir breytingum nú er hins vegar að ekki er lengur sú **sátt** sem þarf að vera um kosningakerfið og hún verður minni er fram líða stundir miðað við þá búsetuþróun sem spáð er.

Ókostirnir við núverandi kerfi hafa einkum verið taldir þrír:

- Kerfið sé **flókið** og erfitt fyrir kjósendur að átta sig á hvernig það virkar.

- Kerfið feli ekki aðeins í sér verulegt **atkvæðamisvægi** milli kjósenda eftir því í hvaða kjördæmi þeir eru (mest einn á móti þremur og hálfum eins og nú er), heldur leiði það til enn meira misvægis milli kjósendafjölda á bak við hvern kjörinn þingmann (mest einn á móti sjö og hálfum 1995), sbr. töflu í 2.3 og 2.4.
- Kerfið megi „**misnota**" því að bjóði flokkur t.d. fram undir tveimur nöfnum, á landsbyggðinni annars vegar þar sem atkvæðavægi er hátt — og fengi talsvert fylgi — og í þéttbýli hins vegar, þar sem atkvæðavægi er lágt, fengi flokkurinn fleiri þingmenn en hann ætti rétt á og jöfnuður næðist ekki á milli flokka.

2.2 Núverandi kosningakerfi.

Tafla 1 sýnir misvægi sem er á fjölda kjósenda á bak við hvern þingmann í núverandi kerfi.

Tafla 1. **Núverandi kosningakerfi.**
Miðað er við fjölda kjósenda (18 ára og eldri) 1. des. 1997.

Kjördæmi	Þingsæti	Kjósendatala	Kjósendur að baki þingmanni
Reykjavík	19	79.033	4.160
Reykjanes	12	51.053	4.254
Vesturland	5	9.724	1.945
Vestfirðir	5	5.986	1.197
Norðurland vestra	5	6.935	1.387
Norðurland eystra	6	18.793	3.132
Austurland	5	8.818	1.764
Suðurland	6	14.266	2.378
Landið allt	**63**	**194.608**	**3.089**

★ Mesta misvægi er **1:3,55** (Reykjanes/Vestfirðir).
★ Misvægi milli Reykjavíkur og Reykjaness annars vegar og landsbyggðarkjördæma hins vegar er **1:2,08**.
★ Misvægi milli minnsta landsbyggðarkjördæmisins, Vestfjarða, og þess stærsta, Norðurlands eystra, er **1:2,50**.
★ Rétt er að minna á að af 63 þingmönnum eru 50 kosnir á grundvelli kjördæmisúrslita en 13 samkvæmt landsúrslitum, þ.e. svokölluð bundin jöfnunarsæti (fjögur í Reykjavík, þrjú á Reykjanesi og eitt sæti í öðrum kjördæmum).

Ef eyða ætti svokölluðu atkvæðamisvægi milli kjördæma að fullu og skipta þingsætum í beinu hlutfalli við kjósendafjölda í hverju kjördæmi yrði útkoman úr því eins og sýnt er í töflu 2.

Tafla 2. **Núverandi kjördæmi – án misvægis.**
63 þingmönnum skipt hlutfallslega á núverandi kjördæmi eftir kjósendafjölda 1. des. 1997.

	Fjöldi þingsæta	
Kjördæmi	**Hlutfalls-tala**	**Heilar tölur***
Reykjavík	25,58	26
Reykjanes	16,53	16
Vesturland	3,15	3
Vestfirðir	1,94	2
Norðurland vestra	2,25	2
Norðurland eystra	6,08	6
Austurland	2,85	3
Suðurland	4,62	5
Allt landið	**63**	**63**

*Hæstu brot eru hækkuð upp.

Eins og taflan sýnir yrðu tvö kjördæmi með aðeins tvo þingmenn og tvö kjördæmi með aðeins þrjá. Reykjavík og Reykjanes (höfuðborgarsvæðið) fengju samtals 42 þingmenn.

2.3 Misvægi milli kjördæma.

Allar götur frá því að ný kjördæmaskipun var tekin upp 1959, sú sem enn er í gildi, hefur verið talsvert atkvæðamisvægi milli kjördæma. Í vorkosningunum 1959 var mesta misvægi orðið 1:19,2 (Gullbringu- og Kjósarsýsla/Seyðisfjörður). Eftir kjördæmabreytinguna haustið 1959 var misvægið mest **1:2,92**, en var orðið 1:4,80 1979 þegar hafist var handa við að draga úr þessu misvægi. Við kosningarnar 1983, hinar síðustu samkvæmt eldra kerfi (1959–83), var misvægið 1:5,18.

Í fyrstu kosningum samkvæmt nýju kosningafyrirkomulagi, 1987, var mesta atkvæðamisvægið **1:2,74**, þ.e. talsvert minna en 1983. Misvægið hefur hins vegar aukist frá 1987 og var orðið **1:3,10** 1991 og **1:3,22** við kosningarnar 1995. Samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá hefur atkvæðamisvægið enn aukist, er orðið **1:3,55** miðað við tölur frá 1. des. 1997. Þannig er mesta misvægið milli kjördæma orðið miklu meira en það var 1959 þegar núverandi kjördæmaskipun var ákveðin, en nokkru minna en það var þegar kerfið frá 1959 var tekið til endurskoðunar 1982–83.

Tafla 3.

Mesta misvægi milli kjördæma (kjósendur á kjörskrá á bak við hvern kjördæmakosinn þingmann)		*Mesta misvægi milli kjördæma (kjósendur á kjörskrá á bak við hvern þingmann, kjördæmakjörinn og landskjörinn úr kjördæminu)*	
1959	2,92	1959	3,22
1963	3,18	1963	3,56
1967	3,51	1967	3,37
1971	3,74	1971	3,37
1974	3,95	1974	4,15
1978	4,65	1978	3,51
1979	4,80	1979	4,11
1983	5,18	1983	2,88
1987	2,74	1987	2,74
1991	3,10	1991	3,72
1995	3,22	1995	3,22

Misvægistölur 1959–83 eru annars vegar miðaðar við föst kjördæmasæti (vinstri dálkur) og hins vegar við þingsæti eins og þau féllu til kjördæma eftir úthlutun jöfnunarsæta („landskjörinna"), en það var misjafnt milli kosninga. Misvægistölur 1987–95 eru miðaðar við kjördæma- og jöfnunarsæti eins og þau voru ákveðin fyrir kosningar (vinstri dálkur) og eftir úthlutun „flakkara" 1987 og 1991. Fyrir kosningar 1995 var „flakkara-sæti" afnumið og því ljóst fyrir fram hve mörg þingsæti komu í hlut hvers kjördæmis.

Eins og sjá má á töflunni hefur úthlutun jöfnunarsæta alltaf haft áhrif á misvægi milli kjördæma þegar þau sæti eru reiknuð með þeim kjördæmum þar sem þingmennirnir voru í framboði. Fjórum sinnum hefur úthlutun jöfnunarsætanna aukið á misvægi atkvæða milli kjördæma en fimm sinnum dregið úr því misvægi.

Þegar reiknað er út mesta misvægi milli kjördæma er það ævinlega annað hvort þéttbýliskjördæmið (Reykjavík eða Reykjanes) og landsbyggðarkjördæmi (nær alltaf Vestfjarðakjördæmi). Í þeim tölum kemur því ekki fram hvert atkvæðamisvægið er milli landsbyggðarkjördæmanna innbyrðis.

Í töflu 4 er þetta misvægi sýnt miðað við síðustu kosningar samkvæmt eldra kerfi og við þrennar kosningar samkvæmt gildandi kosningalögum:

Tafla 4. **Atkvæðavægi í „landsbyggðarkjördæmum".**
(öðrum kjördæmum en Reykjavík og Reykjanesi)

	1983	**1987**	**1991**	**1995**
Vesturland	1,44	1,47	1,50	1,55
Vestfirðir	1,00	1,00	1,00	1,00
Norðurland vestra	1,05	1,07	1,10	1,14
Norðurland eystra	2,10	1,88	2,00	2,50
Austurland	1,26	1,32	1,39	1,43
Suðurland	1,59	1,67	1,77	1,91

Í töflunni er einvörðungu miðað við þingsæti sem bundin eru kjördæmi fyrir kosningar (þ.e. án landskjörinna þingmanna 1983 og án „flakkara" 1987 og 1991).

Eins og sjá má er töluvert misvægi milli „landsbyggðarkjördæmanna" innbyrðis, meira en 1:2 fyrir breytingarnar 1987 og var á ný komið í 1:2 1991 og jókst svo allmikið, í 1:2,50, eftir að þingmönnum Norðurlandskjördæmis eystra fækkaði úr 7 í 6 fyrir kosningarnar 1995.

2.4 Misvægi milli frambjóðenda.

Eins og gefur að skilja, sbr. það sem áður greinir um misvægi atkvæða milli kjördæma, hefur verið mikið atkvæðamisvægi milli einstakra frambjóðenda sem náð hafa kjöri við hverjar alþingiskosningar. Hefur það oft vakið athygli að loknum alþingiskosningum, og þótt vera galli á kosningafyrirkomulaginu, að frambjóðendur, sem fengið hafa tiltölulega fá atkvæði, sé miðað við meðalfjölda atkvæða á þingsæti á landinu öllu, hafa náð kosningu til Alþingis á sama tíma og frambjóðendur með miklu fleiri atkvæði á bak við sig ná ekki kjöri.

Atkvæði að baki þingmanni má skilgreina á þann hátt að atkvæðum lista er jafnað milli þeirra sem kosnir er af listanum. Ef t.d. einn frambjóðandi er kjörinn af lista standa þannig að baki honum jafnmörg atkvæði og listinn fékk, ef tveir er kjörnir þá er það helmingur af atkvæðum listans, ef þrír þá þriðjungur o.s.frv.

Þess má geta að fyrir kjördæmabreytinguna 1959, í vorkosningunum það ár, var mesta misvægi milli kjörinna þingmanna 1:17,9.

Í töflu 5 má sjá hversu mikið misvægi getur orðið milli einstakra frambjóðenda sem náð hafa kjöri til Alþingis.

Tafla 5. **Misvægi milli frambjóðenda sem hlutu kosningu.**

	Mest	Næstmest	Þriðja mest
1959	8,28	4,41	4,16
1963	5,75	5,09	4,59
1967	5,78	5,59	4,44
1971	6,34	5,98	4,77
1974	8,09	7,44	6,65
1978	5,47	4,33	3,99
1979	7,88	7,46	6,10
1983	7,67	6,39	5,83
1987	10,02	7,29	7,18
1991	14,22	12,16	10,06
1995	7,43	6,41	5,23

Þess ber að geta að þeir frambjóðendur, sem kosnir eru með fæstum atkvæðum, eru að jafnaði jöfnunarmenn og hljóta því þingsæti út á heildarfylgi viðkomandi flokks. Taflan segir því e.t.v. meira um jöfnunarkerfið en kosningakerfið í heild sinni. Þingmenn Framsóknarflokksins í þéttbýli hafa oftast flest atkvæði að baki sér.

2.5 Flokkajafnvægi.

Við undirbúning þess kosningakerfis, sem í gildi er og um var samið veturinn 1982–83, var lögð mikil áhersla á að jafnvægi væri milli þingstyrks og kosningafylgis stjórnmálasamtaka (flokkajafnvægi). Hefur það tekist í þeim þrennum kosningum sem farið hafa fram eftir kosningalögum frá því vorið 1987 sem samþykkt voru á grundvelli áðurgreinds samkomulags flokkanna. Sé litið fram hjá framboði Samtaka um jafnrétti og félagshyggju, sem buðu fram í einu kjördæmi 1987 og fengu einn mann kjörinn, hefur aðeins skort eitt sæti á (1987) að fullur jöfnuður næðist, eins og hann er skilgreindur af Hagstofunni (á grundvelli gamalla ákvæða kosningalaga), þ.e. að ekki þurfi að úthluta jöfnunarsæti á atkvæðadeild (atkvæðakvóta) sem er lægri en lægsta hlutfall atkvæða á þingsæti hjá þeim flokkum sem náðu kjördæmasæti (kallað „hlutfallstala kosningarinnar“).

Í töflu 6 má sjá að þrátt fyrir 11 jöfnunarsæti 1934 skorti 15 sæti á að fullur jöfnuður næðist milli flokkanna þá. Það lagast talsvert við stjórnarskrárbreytinguna 1942 (hlutfallskosning í tvímenningskjördæmum; „steiktu gæsirnar" eins og þau þingsæti voru jafnan kölluð), en misvægi jókst á ný og var orðið talsvert þegar kjördæmabreytingin var gerð 1959, mest 1956 þegar Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur gerðu með sér kosningabandalag („Hræðslubandalagið") þar sem flokkarnir nýttu sér veikleika kerfisins. Síðan 1959 hefur verið nokkurt misvægi milli flokkanna og skorti 11 jöfnunarsæti á að fullur jöfnuður næðist 1983 þegar síðast var kosið eftir því kerfi sem tekið var upp 1959.

Eins og áður segir olli framboð SJF í Norðurlandskjördæmi eystra 1987 talsverðu misvægi eins og það hefur verið skilgreint, þ.e. það framboð, þótt í einu kjördæmi væri, var með lægst hlutfall atkvæða á þingsæti og myndaði þannig „hlutfallstölu kosningarinnar". Ekki er þó ástæða til að gera mikið úr því misvægi, en tölurnar úr þeim kosningum sýna hins vegar vissa veikleika í kerfinu.

Tafla 6. **Yfirlit um misvægi milli flokka 1934 til 1995.**

	Jöfnunarsæti — flokka-misvægi samkvæmt úrslitum í kjördæmum			**Mesta misvægi milli flokka eftir úthlutun jöfnunarsæta**						
Kosningaár	**Þurfti**	**Var úthlutað**	**Á skorti**	**Atkvæði**			**/ þingsæti**			**Misvægis-tala**
1934	26	11	**15**	1.126,9	A	/	758,5	B		**1,49**
1937	38	11	**27**	1.789,2	Bfl.	/	766,1	B		**2,34**
1942 (sumar)	34	11	**23**	1.570,5	C	/	801,6	B		**1,96**
1942 (haust)	14	11	**3**	1.207,8	A	/	1.057,9	B		**1,14**
1946	15	11	**4**	1.323,7	A	/	1.186,8	B		**1,12**
1949	27	11	**16**	1.705,3	A	/	1.038,8	B		**1,64**
1953	28	11	**17**	2.015,5	A	/	1.059,9	B		**1,90**
1956	60	11	**49**	1.982,4	G	/	760,3	B		**2,61**
1959 (sumar)	25	11	**14**	1.847,0	G	/	1.213,7	B		**1,52**
1959 (haust)	14	11	**3**	1.434,3	A	/	1.287,2	B		**1,11**
1963	16	11	**5**	1.587,1	A	/	1.327,2	B		**1,20**
1967	13	11	**2**	1.566,8	D	/	1.489,2	A		**1,05**
1971	15	11	**4**	1.879,0	F	/	1.567,3	B		**1,20**
1974	18	11	**7**	2.622,5	F	/	1.669,5	B		**1,57**
1978	17	11	**6**	1.999,1	D	/	1.721,3	B		**1,16**
1979	17	11	**6**	2.218,3	G	/	1.815,3	B		**1,22**
1983	22	11	**11**	2.535,7	A	/	1.768,1	B+BB		**1,43**
1987	27	13	**14**	2.578,0	V	/	1.893,0	SJF		**1,36***
1991	13	13	**0**	2.614,0	V	/	2.297,0	B		**1,14**
1995	13	13	**0**	2.952,0	J	/	2.447,0	D		**1,21**

Aths. um skammstafanir: Notaðir eru listabókstafir stjórnmálasamtaka eins og þeir hafa verið frá 1942 (og flestir kannast við). Framsfl. hafði listabókstafinn C 1934 og 1937 (en er hér skammstafaður B). C í sumarkosningunum 1942 merkir Sameiningarflokk alþýðu – sósíalistaflokkinn. Samtök jafnréttis og félagshyggju eru skammstöfuð SJF, en þau höfðu listabókstafinn J í Norðurl. eystra 1987, sama bókstaf og Þjóðvaki hafði 1995.

* Ef SJF eru ekki tekin með 1987 hefði þurft 14 sæti til að ná jöfnuði milli annarra flokka, og því aðeins skort eitt sæti á að markmiði um jöfnun væri náð. Misvægistalan væri þá **1,16** (2.578,0 V / 2.223,0 B).

Nefndin leggur áherslu á að það markmið, sem fylgt hefur verið undanfarna áratugi um jöfnuð milli flokka, verði tryggt í þeim tillögum sem gerðar verða. Í því sambandi verður að hafa eftirfarandi atriði í huga:

Eftir því sem minni munur er á vægi atkvæða eftir búsetu kjósenda og eftir því sem kjördæmin eru stærri og jafnari að fólksfjölda þeim mun **auðveldara er að ná jöfnuði** milli flokka. Yrði landið gert að **einu kjördæmi**, þar sem atkvæði allra kjósenda hefðu sama vægi, þyrfti engin jöfnun að vera milli flokka. Sama yrði væntanlega uppi á teningnum ef landinu yrði skipt upp í tiltölulega **fá kjördæmi** með mörgum þingmönnum í hverju þeirra og atkvæði kjósenda hefðu sama (eða nokkurn veginn sama) vægi.

Þetta má enn orða svo:

- *Misvægi kjósenda eftir búsetu* — því meira sem misvægið er **þeim mun meiri þörf er á jöfnunarreglum** og þar með aukast líkur á að kerfið verði flókið.
- *Stærð kjördæma og fjöldi þingmanna* í hverju þeirra — því fleiri sem kjördæmin eru og því færri sem þingmenn eru í hverju þeirra **þeim mun fleiri þurfa jöfnunarþingsæti að vera**.
- Ef jöfnunarsæti eru bundin við kjördæmi, eins og nú er — *„bundið" jöfnunarkerfi* — verður jöfnun milli flokka **flóknari** en ef kerfið væri „óbundið", þ.e. óháð því úr hvaða kjördæmi jöfnunarmaður kemur.

2.6 Nýtt kosningakerfi að óbreyttri kjördæmaskipun.

Athugaðar hafa verið nokkrar hugmyndir um breytingar á kosningakerfinu sem byggjast á núverandi kjördæmaskipun óbreyttri. Til að gera betur grein fyrir þessu er í töflu 7 byggt á núverandi kjördæmaskipun, en þingsæti færð milli kjördæma. Reynt er að gera sem minnstar breytingar, en þó nægilega miklar til að það markmið náist að hvergi sé meira misvægi milli kjördæma en 1:1,8. Þannig er þingsætum fækkað um eitt í Vesturlands-, Austurlands- og Suðurlandskjördæmum og um tvö í Vestfjarðakjördæmi og Norðurlandskjördæmi vestra.* Gert er ráð fyrir 14 kjördæmasætum í Reykjavík (jafnmörgum og nemur lágmarkstölu í stjórnarskrá) og 10 í Reykjaneskjördæmi (tveimur fleiri en í stjórnarskrá). Er þá miðað við að 14 jöfnunarsætum sé úthlutað á grundvelli atkvæðamagns og þau falli öll af þeim ástæðum til tveggja fjölmennustu kjördæmanna. Í undantekningartilvikum gætu þau þó lent á Norðurlandi eystra.

---

* Ef aðeins yrði fækkað um eitt þingsæti á Norðurlandi vestra yrði mesta misvægi milli kjördæma 1:2,07.

Tafla 7. **Óbreytt kjördæmaskipun**
Miðað er við fjölda kjósenda (18 ára og eldri) 1. des. 1997.
Forsendur:
– Jöfnunarsæti (14) eru óbundin kjördæmum.
– Jöfnunarsætum úthlutað á atkvæði.
– Reiknireglа: d'Hondt.

Kjördæmi	Þingsæti fyrir breytingu	Kjördæma-sæti eftir breytingu	Jöfnunar-sæti	Alls	Kjós-endur	Kjósendur að baki þingmanni
Reykjavík	19	14	9	23	79.033	3.436
Reykjanes	12	10	5	15	51.053	3.404
Vesturland	5	4	0	4	9.724	2.431
Vestfirðir	5	3	0	3	5.986	1.995
Norðurland vestra	5	3	0	3	6.935	2.312
Norðurland eystra	6	6	0	6	18.793	3.132
Austurland	5	4	0	4	8.818	2.204
Suðurland	6	5	0	5	14.266	2.853
Samtals	**63**	**49**	**14**	**63**	**194.608**	**3.089**

Mesta misvægi **1:1,72**.

Þessi skipan hefur ýmsa augljósa galla. Fámennustu kjördæmin hefðu aðeins þrjú þingsæti og þannig yrði geysilegur munur á kjósendafjölda í kjördæmunum eða rúmlega þrettánfaldur. Aðeins stjórnmálasamtök með tiltölulega hátt atkvæðahlutfall eiga möguleika á þingsætum í þriggja og fjögurra þingsæta kjördæmum. Jöfnunarsæti samtaka sem ekki fá þingsæti í þessum kjördæmum hlaðast því upp í fjölmennustu kjördæmunum. Þá er vafasamt að úthlutun fjórtán jöfnunarsæta dugi til að ná fullum jöfnuði milli stjórnmálasamtaka.

Þessar breytingar magna í raun þann galla sem er á núverandi kerfi og lýsir sér í því að stjórnmálasamtök þurfa misjafnlega hátt hlutfall atkvæða í einstökum kjördæmum til að hljóta kjördæmasæti. Hinn mikli fjöldi jöfnunarsæta sem fellur til Reykjavíkur og Reykjaness á grundvelli landsúrslita en ekki úrslita í kjördæmunum hlýtur einnig að kalla á það að skipta þurfi fjölmennustu kjördæmunum og dreifa jöfnunarsætunum á fleiri kjördæmi. Það kostar hins vegar að enn þarf að fækka kjördæmasætum í fámennustu kjördæmunum, þar á meðal í tvö sæti á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, og fjölga jöfnunarsætum.

Að öllu þessu samanlögðu var ljóst að ekki næðist samkomulag um breytingar sem byggðust á núverandi kjördæmaskipun.

3. Markmið breytinga og rök fyrir þeim.

3.1 Markmið.

Í upphafi nefndarstarfsins var rætt um þörf fyrir breytingar og hvert markmið þeirra ætti að vera. Þau meginmarkmið, sem nefndin hefur haft að leiðarljósi í starfi sínu, eru eftirfarandi:

- Að gera kosningakerfið **einfalt** og **auðskiljanlegt**.
- Að **draga úr misvægi atkvæða** þannig að hlutfall kjósenda að baki hverju þingsæti þar sem munurinn er mestur milli kjördæma verði sem næst **1:1,5 til 1:1,8**.
- Að **þingsætafjöldi** í hverju kjördæmi verði **sem jafnastur**.

- Að áfram verði **jöfnuður á milli stjórnmálasamtaka á landsvísu** til að fjöldi þingsæta hvers flokks sé í sem bestu hlutfalli við kjósendatöluna.
- Að **þingmenn** verði áfram **63** eins og nú er.

Á grundvelli þessara meginmarkmiða skoðaði nefndin fjölmargar hugmyndir sem uppi hafa verið um breytingar á kosningafyrirkomulagi og kjördæmaskipun og spanna allt frá hugmyndinni um „landið eitt kjördæmi“ til skiptingar landsins í einmenningskjördæmi. Gerð verður nánari grein fyrir þessum hugmyndum í 4. kafla hér á eftir.

Eftir að hafa rætt þessar hugmyndir vítt og breitt varð ljóst að helst mætti nálgast málið úr tveimur áttum. Önnur þeirra er að búa við óbreytta kjördæmaskipun en fækka þingsætum í dreifbýliskjördæmum og fjölga þeim í þéttbýliskjördæmum að sama skapi. Um það eru mjög skiptar skoðanir. Þessi leið fellur betur að sjónarmiðum margra innan stærri flokkanna en andstaða er meiri við hana í minni flokkunum, enda gæti hún leitt til þess að þingsæti stærri flokkanna yrðu óeðlilega mörg í fámennari kjördæmunum og þingsæti minni flokkanna að sama skapi óeðlilega mörg í þeim fjölmennari. Þar sem vilji var til þess hjá forustumönnum stjórnarflokkanna að reyna að leita heildarsamkomulags hlaut leiðin hins vegar að verða fólgin í því að breyta kjördæmamörkum frá því sem nú er.

Þótt skiptar skoðanir séu um það hversu stór kjördæmin eigi að vera og hvernig beri að standa að úthlutun þingsæta náðist málamiðlun í nefndinni. Það er byggt á þeirri forsendu að **kjördæmin** séu **með svipaðan fjölda þingsæta** (5–10 kjördæmasæti í hverju kjördæmi) og þeim **úthlutað eftir d'Hondt-reglu**. Í samræmi við fyrrgreint markmið um að draga úr misvægi atkvæða hefur nefndin gengið út frá því að misvægi milli atkvæða kjósenda í einstökum kjördæmum mætti helst ekki verða meira en 1:1,5–1,8 og alls ekki meira en 1:2.

Skiptar skoðanir eru um það hversu mikið eða lítið misvægi atkvæða megi vera ef það er til á annað borð og er engin ein regla rétt í þeim efnum. Rökin fyrir misvægi atkvæða geta verið **stærð** kjördæmis, þ.e. víðátta þess, og **fjarlægð frá höfuðstöðvum ríkisins**. Rökin á móti eru hins vegar þau að slíkt megi vega upp með ýmsum öðrum aðferðum en þeim að atkvæði vegi misþungt eftir því hvar það er greitt. Í tillögum nefndarinnar verður miðað við hámarksmisvægi, sem verði bundið í stjórnarskrá, 1:2, þ.e. að atkvæðavægi megi hvergi vera tvöfalt meira í einu kjördæmi en öðru.

Í ljósi þessa hefur nefndin skoðað og rætt sérstaklega hugmyndir sem falla að síðastgreindum markmiðum. Verður þeim lýst nánar í kafla 4.5 og einkum í 5. og 6. kafla hér á eftir.

3.2 Rök með og á móti.

Röksemdir fyrir því að skipta landinu í 6–7 kjördæmi (3–4 kjördæmi á landsbyggðinni og 3 á höfuðborgarsvæðinu), með áþekkum fjölda þingsæta í hverju þeirra, eru einkum þessi:

1. Kosningakerfið verður einfaldara en ella vegna þess að ekki þarf að beita flóknum aðferðum við úthlutun þingsæta svo sem nú er.
2. Ef fjöldi kjördæmasæta er nokkurn veginn sá sami í hverju kjördæmi þarf ekki nema 9 jöfnunarsæti í heild til þess að tryggja nokkurn veginn algjöran jöfnuð milli stjórnmálasamtaka miðað við kjörfylgi þeirra á landinu öllu. Ef kjördæmin yrðu fleiri með færri þingsætum eða eitt þeirra miklum mun fámennara en hin þyrfti að fjölga jöfnunarsætum og/eða taka upp flóknari úthlutunarreglur en d'Hondt til að tryggja þennan jöfnuð milli stjórnmálasamtaka.
3. Sé miðað við hlutfall kjósenda verður nokkurn veginn jafnauðvelt eða jafnerfitt fyrir framboðslista að ná kjördæmasæti hvar sem er á landinu.

4. Síðast en ekki síst verða þingmannahópar kjördæmanna tiltölulega jafnir að stærð sem ætti að tryggja jafnræði á milli þeirra.

Helstu röksemdirnar, sem færðar hafa verið gegn því að stækka landsbyggðarkjördæmin og breyta núverandi kjördæmamörkum, eru þessar:

1. Stækkun kjördæmanna veldur því að erfiðara verður að halda uppi persónulegum samskiptum milli þingmanna og kjósenda.
2. Núverandi kjördæmi eru stjórnsýsluumdæmi sem óæskilegt er að hrófla við.

Þótt þessi rök eigi vissulega rétt á sér má benda á það að samgöngur hafa batnað stórkostlega frá 1959 þegar núverandi kjördæmaskipun var tekin upp og fara batnandi. Þá fylgir skipting landsins í stjórnsýsluumdæmi ekki nema í sumum tilvikum kjördæmamörkum, svo sem fram kemur í 14. kafla hér á eftir. Ný kjördæmaskipun þarf heldur ekki, ein og sér, að hafa teljandi áhrif á stjórnsýslueiningar enda eru breytingar á mörkum þeirra sjálfstæðar ákvarðanir.

Einn meginvandi kjördæmabreytinga undanfarinna áratuga hefur verið sá að stöðugt hafa safnast upp tilefni til nýrra breytinga. Þótt nefndin ætli sér ekki að reyna að leiða málið til lykta í eitt skipti fyrir öll er í tillögum hennar reynt að bregðast við þessum gamalkunna vanda með tvennum hætti: Í fyrsta lagi að þessi nýja kjördæmaskipun geti orðið varanlegri en ella, sbr. framreikning Hagstofunnar á mannfjölda sem birtist í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Í öðru lagi leggur nefndin til að tryggt verði, með sérstöku ákvæði í stjórnarskránni, að fari misvægi atkvæða fram úr 1:2 verði þingsæti flutt sjálfkrafa á milli kjördæma til þess að draga úr misvæginu.

4. Ýmsar hugmyndir um nýja kjördæmaskipun.

4.1 Almenn sjónarmið.

Nefndin hefur kannað margar hugmyndir og útfærslur. Eins og áður segir spanna þær allt frá **einmenningskjördæmum** til þess að **landið sé eitt kjördæmi**. Báðar þessar hugmyndir eru umdeildar enda eru þær róttækustu sjónarmiðin í málinu. Er ljóst að ef sæmilegt samkomulag á að nást þarf að finna lausn sem liggur þar á milli. Er það og í samræmi við þau markmið sem nefndin setti sér.

Þegar litið er til breytinga á núverandi kjördæmaskipun verður að hafa í huga að réttur þriðjungur kjósenda er í „landsbyggðarkjördæmunum“ og tveir þriðju hlutar í núverandi Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmum. Séu kjördæmasæti „landsbyggðarkjördæmanna“ fleiri en 21 (þau eru nú 32) verður til atkvæðamisvægi milli kjördæmanna og, þar sem kjörfylgi stjórnmálasamtaka dreifist mjög misjafnlega, er jafnframt hætta á misvægi milli þeirra.

Séu kjördæmin stór (með 8 til 10 þingsætum) er auðveldara að hafa einfaldari reiknireglur við úthlutun kjördæmasæta. Því stærri sem kjördæmin eru þeim mun minni munur verður á niðurstöðum einstakra reiknireglna. Því má hverfa frá því að nota „reglu stærstu leifa“ eins og gert er í gildandi kosningalögum og taka á ný upp d'Hondt-reglu sem rík hefð er fyrir og þykir einföld.

Áhersla hefur verið lögð á að jöfnunarkerfið (úthlutun jöfnunarsæta) sé eins einfalt og mögulegt er. Það er hins vegar örðugt ef jöfnunarsætin verða öll, eða hluti þeirra, bundin við kjördæmi eins og nú er. Eftir því sem fleiri jöfnunarsæti verða óbundin því einfaldara ætti kerfið að geta verið. Í tengslum við jöfnunarkerfið hefur verið rætt nokkuð um landslista, sbr. kafla 4.4.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum hugmyndum sem nefndin hefur skoðað.

4.2 Einmenningskjördæmi.

Í upphafi var kjördæmaskipun hér á landi byggð á einmenningskjördæmum eins og algengast var annars staðar í Evrópu um miðja síðustu öld. Þegar búsetuþróun fór að raskast verulega og þéttbýli óx í Reykjavík var tekin upp hlutfallskosning í nokkrum kjördæmum, fyrst í Reykjavík 1920 en síðar í nokkrum kjördæmum 1942. Einmenningskjördæmi voru þó megineinkenni kjördæmaskipunarinnar alveg fram til þess að henni var breytt með róttækum hætti 1959. Andstaðan við þá breytingu var talsverð og mörgum þótti eftirsjá í því nána sambandi sem þykir vera milli þingmanns og kjósenda í einmenningskjördæmum (eða tiltölulega fámennum kjördæmum). Í umræðum um breytta kjördæmaskipun sem farið hafa fram á síðustu áratugum hefur þeirri hugmynd oft verið haldið fram að hverfa beri að nýju að einmenningskjördæmum til þess að koma á betra sambandi milli þingmanna og kjósenda og til þess að efla stöðugleika í stjórnarfari. Rökin gegn einmenningskjördæmum hafa þó verið sterk og fengið almenna viðurkenningu, þ.e. að með einmenningskjördæmafyrirkomulaginu sé gengið mjög gróflega gegn jafnræði milli flokka á löggjafarsamkomunni, en öll stjórnmálasamtök telja það forsendu nýrra tillagna að kosningalögum. Má telja líklegt að aðeins tveir flokkar ættu langflesta fulltrúa á Alþingi ef kjördæmaskipunin byggðist á einmenningskjördæmum. Að vísu hefur ekki tekist með núverandi kjördæmaskipun að tryggja jöfnuð milli stjórnmálasamtaka en því markmiði er náð með jöfnunarsætum sem úthlutað er eftir fylgi flokka á landsvísu.

Stuðningsmenn einmenningskjördæma segja gjarnan að slíkt kerfi leiði til stöðugra stjórnarfars vegna þess að það komi í veg fyrir flokkaglundroða á þjóðþinginu og allt það samningamakk sem það leiddi af sér við myndun ríkisstjórnar, að kerfið komi í veg fyrir að smáir flokkar, oftast miðjuflokkar, fái óeðlilega aðstöðu á þjóðþinginu og að síðustu benda þeir á að þótt flokkur geti náð meiri hluta á þinginu með t.d. 40% atkvæða (eins og dæmi eru um, t.d. í Bretlandi) þá þurfi ekki nema 40% atkvæða í næstu kosningum til þess að hnekkja slíkum meiri hluta. Þótt bak við ríkisstjórn sé yfirleitt ekki hreinn meiri hluti kjósenda sé heilbrigðara að einn flokkur eða ein stjórnmálasamtök beri ábyrgð á landsstjórninni hverju sinni.

Nefndin tók sérstaklega til athugunar eina tillögu sem byggist á því að landinu er skipt í 33 kjördæmi og 30 jöfnunarsæti sem úthlutað er á þremur svæðum, þ.e. á landsbyggðinni annars vegar og í höfuðborginni og nágrenni hennar hins vegar.

Eitt þeirra markmiða, sem að er stefnt, er að viðhalda jafnræði milli stjórnmálasamtaka þannig að þingmannatala þeirra endurspegli sem best kjörfylgi í kosningum. Þess vegna kom ekki til álita að nefndin gerði að tillögu sinni að taka upp einmenningskjördæmi.

4.3 Landið eitt kjördæmi.

Nefndin ræddi þá hugmynd, sem komið hefur fram á undanförnum árum, að gera landið allt að einu kjördæmi. Einn stjórnmálaflokkur hefur þessa stefnu og þingmenn úr öðrum flokkum hafa lagt fram slíkar tillögur á Alþingi.

Sé landið allt gert að einu kjördæmi er ljóst að fullkominn jöfnuður næst milli flokka miðað við kjörfylgi þeirra í kosningum. Margir telja á móti að með slíku kerfi yrði skorið á þau tengsl sem nú eru talin vera milli kjósenda og þingmanna sem kosnir eru úr svæðisbundnum kjördæmum og að vald flokksforustunnar ykist mjög mikið þar sem hún réði í raun skipun framboðslistans, m.ö.o. að slíkt kosningakerfi yrði ólýðræðislegra en þar sem byggt er á mörgum kjördæmum.

Þeir sem styðja hugmyndina um landið sem eitt kjördæmi telja mikilvægt að með því sé tryggður fullur jöfnuður milli flokka og að með því aukist líkur á að hagsmunir landsins alls

séu teknir fram fyrir hagsmuni einstakra kjördæma og að hagkvæmni aukist á mörgum sviðum, svo sem í vegagerð og öðrum opinberum framkvæmdum. Jafnframt mundu stjórnmálasamtök tryggja það við gerð framboðslista að hæfileg dreifing frambjóðenda yrði milli landshluta, kynja og aldurs. Um þetta eru þó mjög skiptar skoðanir og ljóst að ekki er sátt um slíka leið. Jafnframt eru ýmsir þeirrar skoðunar að fullkominn jöfnuður milli flokka og landshluta sé ekki eftirsóknarvert markmið, a.m.k. ekki alger jöfnuður.

Þess ber að geta í þessu sambandi að hugmyndin um landið allt sem eitt kjördæmi er nú þegar að hluta til byggð inn í núverandi kosningakerfi. Þegar jafnað er sætum milli flokka eftir að úrslit liggja fyrir í kjördæmum er farið að eins og landið væri eitt kjördæmi.

4.4 Landslistar.

Nefndin ræddi og athugaði hugmyndir um að kosningar til Alþingis yrðu tvíþættar, annars vegar kosnir fulltrúar í nokkrum kjördæmum og hins vegar kosið milli landslista. Áþekkt kosningakerfi hefur verið viðhaft í Þýskalandi (einmenningskjördæmi þar). Slíkt kerfi er talið sameina kostina við svæðisbundin kjördæmi og það fyrirkomulag að kjósa eins og landið væri eitt kjördæmi. Þannig næðist fullur jöfnuður milli flokka þótt verulegur hluti þingmanna (t.d. helmingur) væri kjörinn í kjördæmum. Hugmyndir af þessu tagi þóttu athyglisverðar því að þær þóttu koma til móts bæði við þá sem vilja kjördæmakjörna þingmenn (og náin tengsl þingmanna og kjósenda) en tryggðu einnig jöfnuð milli flokka á einfaldan hátt.

Grundvallaratriði er þó hvort:

1. landslisti er til fullrar jöfnunar milli flokka eða
2. landslisti er án fullrar jöfnunar milli flokka (sjálfstæður listi).

Eins skiptir máli hvort landslisti er:

a. búinn til fyrir fram (eins og aðrir framboðslistar) eða
b. búinn til eftir á, á grundvelli kosningaúrslita í einstökum kjördæmum. Þannig listi var búinn til í íslenska kosningakerfinu fram til 1983 þegar úrslit í einstökum kjördæmum lágu fyrir (nokkurs konar skrá yfir þá frambjóðendur sem ekki náðu kjöri).

Með landslistahugmyndinni er oftast átt við lista sem lagðir eru fram fyrir kosningar. Þó er hægt að hugsa sér tvö afbrigði: annars vegar að frambjóðendur geti aðeins verið á landslista eða lista í kjördæmi og hins vegar að frambjóðendur geti hvort tveggja verið á landslista og á lista í kjördæmi (og nái þeir kjöri í kjördæmi falli þeir út af landslistanum).

Við útfærslu á landslistaskipulaginu má ýmist láta kjósendur hafa eitt atkvæði eða tvö, og væru þau tvö gilti annað fyrir kjördæmið og hitt fyrir landslistann:

Eitt atkvæði.

Kjósandi greiðir atkvæði í kjördæmi (annaðhvort frambjóðanda eða flokki). Á grundvelli kosningaúrslitanna og fjölda kjördæmakjörinna þingmanna er jöfnunarsætum úthlutað, t.d. þannig að fyrst er fundið út hver þingmannatala hvers flokks á að vera á grundvelli heildarúrslita í landinu (eins og öllum þingsætum sé skipt milli flokkanna samkvæmt þeim úrslitum) en síðar sé dregið frá þingmannatölu hvers flokks sá fjöldi þingsæta sem flokkurinn fær í kjördæmum. Mismunurinn er fjöldi jöfnunarsæta hvers flokks af landslista. Þannig væri kosningaskipulagið líkt því sem gilt hefur allt frá 1934 nema hvað jöfnunarsætin (uppbótarsætin) gengju til frambjóðanda á listum sem lægju fyrir áður en kosningar fara fram. Í slíku kerfi gæti vel svo farið að enginn frambjóðandi kæmi af landslista flokks, en það fer þó eftir því hve stór hluti þingmanna væri valinn af landslistum. Eins er sá möguleiki fyrir hendi að kjördæmasæti yrðu fleiri en flokkur ætti rétt á samkvæmt landsúrslitum, en hann er því fjarlægari sem fleiri þingmenn yrðu kosnir af landslistum.

Tvö atkvæði.

Hver kjósandi velur milli lista í kjördæmi og líka landslista (áþekkt því sem tíðkast í Þýskalandi). Ef atkvæði eru tvö má hvort tveggja hugsa sér að kosning í kjördæmum og af landslista séu alveg sjálfstæðar kosningar (slíkt býður upp á nokkurt misvægi milli flokka) — og eins að atkvæði greidd landslista verði notuð til þess að úthluta sætum á landsvísu, en þingsæti í kjördæmum kæmu samt sem áður til frádráttar; þannig væri jöfnun byggð inn í kerfið.

Í tengslum við þessa hugmynd var bent á að heppilegt væri að forustumenn flokka sætu á landslistum og væru þannig óháðir hagsmunum einstakra kjördæma.

Það er hins vegar talinn galli á þessari hugmynd að miðað við dreifingu kjörfylgis milli flokka eru allar líkur á að tveir stærstu flokkarnir fengju langflesta þingmenn kjörna í kjördæmum en minni flokkarnir alla sína þingmenn kosna af landslista, en sú mun einmitt vera reynslan í Þýskalandi þar sem helmingur þingmanna er kjörinn af landslista. Einnig var talinn ókostur við þessa hugmynd að þingmenn skiptust þannig í tvo hópa, kjördæmaþingmenn og landslistaþingmenn.

Nefndin gat ekki sameinast um þessa leið.

4.5 Aðrar hugmyndir um nýja kjördæmaskipun.

Eins og áður er rakið hefur nefndin skoðað og látið útbúa ýmsar hugmyndir um ný og breytt mörk kjördæma. Var einkum leitað að hugmyndum sem uppfylltu þau skilyrði að kjördæmi væru álíka að stærð (landsbyggðarkjördæmin) og álíka fjölmenn þannig að þingmannafjöldi í þeim gæti verið álíka mikill. Fyrir utan þær hugmyndir sem raktar eru að framan og fjallað er nánar um í 5. og 6. kafla hér á eftir, þ.e. að skipta landinu í þrjú til fjögur landsbyggðarkjördæmi og þrjú kjördæmi á höfuðborgarsvæðinu, þá hefur nefndin m.a. skoðað tillögur um að slá saman tveimur og tveimur kjördæmum og að búa til kjördæmi sem byggðust á fjórðungaskiptingu landsins.

Kannaðar voru rækilega hugmyndir um að slá saman tveimur og tveimur landsbyggðarkjördæmum en skipta síðan höfuðborgarsvæðinu í þrjú álíka stór kjördæmi. Hugmyndir af þessu tagi hafa þann meginkost að með því má halda í þau kjördæmamörk sem fyrir eru og raska þannig síður þeim stjórnsýslu- og félagslegu einingum sem myndast hafa á grundvelli núverandi kjördæmaskipunar. Þannig yrði slegið saman Vesturlands- og Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmunum vestra og eystra, svo og Austurlands- og Suðurlandskjördæmi.

Aðalgallar þessara hugmynda eru tveir: Annars vegar að kjördæmin verða mjög misfjölmenn. Þannig mundi minnsta kjördæmið (Vesturland og Vestfirðir) aðeins hafa þriðjung af kjósendafjölda kjördæmanna á höfuðborgarsvæðinu. Í öðru lagi yrði eitt kjördæmið (Austurland og Suðurland) gríðarlega stórt, næði yfir hálft landið.

Hugmyndir, sem byggðust á því að skipta landinu í fjórðunga, auk höfuðborgarsvæðisins, þóttu að mörgu leyti áhugaverðar, bæði af sögulegum ástæðum og því að þannig mætti hugsanlega mynda eðlilegar félagseiningar á landsbyggðinni. Þegar hugmyndir af þessu tagi voru skoðaðar nánar þótti hins vegar ekki heppilegt að fylgja í öllu hinni fornu fjórðungaskiptingu, heldur skiptingu sem þó væri nærri henni.

Gallinn við hugmyndir af þessum toga er annars vegar sá að kjördæmin yrðu mjög misfjölmenn og hins vegar að ekki eru augljós eða sannfærandi rök fyrir því að skipta landinu í fjórðunga nú á dögum. Samkvæmt þeim hugmyndum, sem skoðaðar voru, kom í ljós að Vestur- og Austurkjördæmin voru langminnst, með 13–15 þúsund kjósendur, en Suður- og Norðurkjördæmin með nærri 25 þúsund kjósendur. Hugmyndir voru reifaðar um að reyna

að stækka þessi kjördæmi og fá þannig fleiri kjósendur. Ein var sú að Vestmannaeyjar tilheyrðu Austurkjördæminu og önnur að suðurmörk Vesturkjördæmisins lægju að borgarmörkum Reykjavíkur. Hvorug þessara hugmynda þótti fýsileg.

Nefndin skoðaði enn fremur nokkrar hugmyndir sem byggðust á því að fjölga kjördæmum nokkuð, bæði á landsbyggðinni og í þéttbýli, þannig að 5–6 þingmenn yrðu í hverju kjördæmi. Þar að auki skoðaði hún hugmynd um að landinu sé skipt í 14 þriggja manna kjördæmi þar sem kosnir eru tveir þriðju þingmanna en þriðjungur sé til jöfnunar milli flokkanna, svo og hugmynd um að landinu sé skipt í 17 þriggja manna kjördæmi og 12 þingmenn séu til jöfnunar milli flokka.

Slíkar breytingar á kjördæmaskipuninni mundu leiða til allmikilla breytinga á kjördæmamörkum, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Þykir ávinningurinn af þessum hugmyndum ekki vera mikill. Eftir því sem fækkar í kjördæmunum þeim mun fleiri jöfnunarsæti þarf til að jafna milli flokka og skipting þéttbýlisins í mörg þriggja manna kjördæmi virðist ekki hafa neina teljandi kosti í för með sér. Kosningafyrirkomulag af þessu tagi gæti enn fremur leitt til þess að minni flokkarnir fengju einvörðungu kosna þingmenn samkvæmt jöfnunarkerfinu en ekki þingmenn í kjördæmum. Þá er líklegt að fámennari kjördæmi kalli á aðrar reiknireglur en þá sem helst er hefð fyrir hér á landi, d´Hondt-regluna, reglur sem hefðu þau áhrif að dreifa þingsætum meira milli flokka en sú regla gerir.

Þeim hugmyndum sem hér hafa verið reifaðar hafnaði nefndin eftir talsverðar umræður og athugun á ýmsum tilbrigðum þeirra. Veigamest í því sambandi var það sjónarmið að kjördæmin yrðu að vera áþekk að kjósendafjölda, engin kjördæmi skæru sig úr að þessu leyti, og að kjördæmin væru þannig að líklegt væri að búsetuþróun innan þeirra raskaði ekki kosningakerfinu á næstu árum.

Í fylgiskjali 4 er að finna dæmi um þessar hugmyndir, enda samrýmist þær í aðalatriðum þeim markmiðum með breytingum á kjördæmaskipun sem gerð er grein fyrir í kafla 3.1 að framan.

5. Hugmyndir um nýja kjördæmaskipun sem kannaðar hafa verið sérstaklega.

5.1 Almenn sjónarmið.

Viðfangsefni nefndarinnar hefur verið að móta tillögur um breytta kjördæmaskipun til að ná þeim markmiðum sem gerð er grein fyrir í kafla 3.1 að framan.

Til þess að ná því markmiði að fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi verði sem jafnastur er óhjákvæmilegt að skipta Reykjavík og Reykjanesi, hvoru um sig, í tvö kjördæmi. Með því móti er komið í veg fyrir að aðgerðir til jöfnunar þingsæta milli stjórnmálasamtaka hefðu miklu meiri áhrif í einu kjördæmi en öðru, en það hefur einmitt verið reynslan í Reykjavík. Sú breyting að skipta höfuðborginni í tvö kjördæmi hefur það í för með sér að tvisvar sinnum hærra hlutfall þarf eftir hana til að listi fái þar kjördæmasæti en nú er. Í tillögum nefndarinnar er reynt að bæta að nokkru leyti úr þessu með því að hverfa frá þeirri reglu að samtök þurfi að fá kjördæmasæti til að koma til greina við úthlutun jöfnunarsæta. Þess í stað er miðað við að stjórnmálasamtök, sem fá 5% atkvæða á landinu öllu, geti fengið jöfnunarsæti, hvort sem þau hafa fengið kjördæmasæti eða ekki. Áherslu ber að leggja á það að samkvæmt þeim hugmyndum, sem hér fara á eftir, þurfa samtök að fá hlutfallslega áþekkt fylgi í öllum kjördæmum til þess að ná kjördæmasæti, en það er sem fyrr segir veruleg breyting til samræmis frá því sem verið hefur.

Fleiri en ein leið koma til greina við að skipta núverandi Reykjaneskjördæmi. Bent hefur verið á þann kost að tengja Suðurnes landsbyggðinni í því skyni að auka vægi landsbyggðarkjördæma. Þannig mætti mynda eitt kjördæmi með Suðurnesjum og Suðurlandi sem væri það

fjölmennt að það gæti haft álíka mörg þingsæti og hvert kjördæmi á höfuðborgarsvæðinu. Annar möguleiki er að Mosfellsbær og Kjós myndi kjördæmi með Vesturlandi og Vestfjörðum. Gallinn við þá hugmynd er sá að með því yrði myndaður stór þéttbýliskjarni við suðurmörk kjördæmisins og er líklegt að á skömmum tíma fengi slíkt þéttbýli óeðlilegt vægi innan þess.

Þær hugmyndir, sem reifaðar verða hér á eftir, gera allar ráð fyrir 3–4 landsbyggðarkjördæmum, að Suðurnesjum meðtöldum, og 3 kjördæmum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. núverandi Reykjavíkurkjördæmi tvískiptu og Reykjaneskjördæmi, norðan Straums, sem hér eftir er til hægðarauka nefnt Suðvesturkjördæmi.*

5.2 Hugmynd um þrjú landsbyggðarkjördæmi.

Í samræmi við fyrrgreind sjónarmið um kjósendafjölda í kjördæmunum og jafnræði þeirra á milli er það álit nefndarmanna að æskilegast væri að skipta landinu þannig í kjördæmi:

Tafla 8.

Kjördæmi	Kjósendur	Þingsæti (kjördæma- og jöfnunarsæti)	Kjósendur að baki þingmanni
1. Norðvesturkjördæmi (Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra)	22.645	9+1	2.265
2. Norðausturkjördæmi (Norðurland eystra og Múlasýslur)	25.922	9+1	2.592
3. Suðurkjördæmi (A-Skaftafellssýsla, Suðurland og Suðurnes)	26.696	9+1	2.670
4. Suðvesturkjördæmi (Reykjanes án Suðurnesja)	40.312	9+2	3.665
5. Reykjavík vestur	39.517	9+2	3.592
6. Reykjavík austur	39.516	9+2	3.592
Landið allt	**194.608**	**54+9**	**3.089**

Samkvæmt þessari hugmynd ber hvert landsbyggðarkjördæmi auðveldlega 10 þingsæti á móti 11 þingsætum í höfuðborgarkjördæmunum, miðað við fyrrgreindar forsendur um ásættanlegt atkvæðamisvægi. Mesta misvægi er 1:1,62, þ.e. milli kjósenda í Norðvesturkjördæmi (2.265 kjósendur að baki þingmanni) og Suðvesturkjördæmi (3.665 kjósendur að baki þingmanni).

5.3 Mörk milli Norðvestur- og Norðausturkjördæma.

Í umræðum hafa komið fram tillögur um að víkja frá ofangreindri hugmynd, þar á meðal tillögur þess efnis að mörk Norðvestur- og Norðausturkjördæma verði færð til vesturs. Nefndir hafa verið þrír valkostir í þessu sambandi, þ.e. að mörkin verði ýmist dregin vestan Siglufjarðar, Skagafjarðarsýslu eða Húnavatnssýslna.

* Í þessu sambandi ber að geta þess að nefndin hefur ekki tekið afstöðu til þess hvað kalla beri hin nýju kjördæmi og verður því að líta á þau nöfn, sem notuð eru í þessari skýrslu, sem vinnuheiti.

Áður en lengra er haldið er rétt að gera sér grein fyrir fjölda kjósenda í núverandi Norðurlandskjördæmi vestra. Þar eru 6.935 kjósendur og skiptast þeir þannig milli einstakra hluta kjördæmisins:

Siglufjörður	1.143 kjósendur
Skagafjarðarsýsla	3.211 kjósendur
Húnavatnssýslur	2.581 kjósandi

Ef 63 þingsætum er deilt upp í kjósendafjölda á landinu öllu eru 3.089 kjósendur að baki hverju þingsæti að meðaltali. Á því sést að rúmlega tvö þingsæti kæmu í hlut Norðurlands vestra ef atkvæði kjósenda hefðu sama vægi á landinu öllu. Sé miðað við misvægi á bilinu 1:1,5–1,8 gætu þingsætin orðið u.þ.b. þrjú talsins. Í fljótu bragði væri hægt að álykta sem svo að sameiginleg þingmannatala Norðvestur- og Norðausturkjördæma gæti haldist óbreytt þótt mörkin milli þeirra yrðu færð til vesturs, allt að vesturmörkum Húnavatnssýslna. Þetta er þó ekki svona einfalt vegna þess að varla er hægt að leggja til að stækkað Norðausturkjördæmi, sem hefði 32.857 kjósendur að meðtöldu núverandi Norðurlandi vestra, fengi 13 þingsæti en Suðvesturkjördæmi með 40.312 kjósendur hefði aðeins 11 þingsæti. Einnig væri möguleiki smáframboða til að fá þingmann kjörinn í Norðausturkjördæmi aukinn með slíkri breytingu. Loks verður ekki horft fram hjá því að sé eitt af landsbyggðarkjördæmunum minnkað með afgerandi hætti er líklegt að fjölga þyrfti jöfnunarsætum til að tryggja jöfnuð milli stjórnmálasamtaka. Til þess gæti þá komið að fækka þyrfti þingsætum í Norðvesturkjördæmi innan skamms til að viðhalda ásættanlegu atkvæðamisvægi.

Þetta skýrist betur við að skoða nánar þá valkosti sem að framan eru nefndir:

a. Ef mörkum milli Norðvestur- og Norðausturkjördæma yrði breytt á þann veg að Siglufjörður færðist yfir í síðarnefnda kjördæmið væri um að ræða lítils háttar frávik frá ofangreindri hugmynd. Kjósendur í Norðvesturkjördæmi yrðu 21.502 og kjósendur í Norðausturkjördæmi 27.065. Þingsæti í Norðvesturkjördæmi gætu áfram verið 10, en mesta atkvæðamisvægi mundi hækka nokkuð, þ.e. úr 1:1,62 í 1:1,70 (2.150 kjósendur að baki þingmanni á móti 3.665).
b. Öðru máli gegnir ef mörkunum yrði breytt þannig að bæði Siglufjörður og Skagafjarðarsýsla tilheyrðu Norðausturkjördæmi. Kjósendum í Norðvesturkjördæmi mundi þá fækka í 18.291 og kjósendum í Norðausturkjördæmi fjölga í 30.276. Ef þingsæti í Norðvesturkjördæmi væru áfram 10 færi mesta atkvæðamisvægi upp í 1:2 (1.829 kjósendur að baki þingmanni á móti 3.665). Þar með væri óhjákvæmilegt að fækka þingsætum um eitt, úr 10 í 9. Mesta misvægi yrði þá 1:1,80 sem er reyndar við hæstu viðmiðunarmörk samkvæmt framansögðu (2.032 kjósendur að baki þingmanni á móti 3.665). Í þessu tilviki væri hægt að fjölga þingsætum að sama skapi um eitt í Norðausturkjördæmi, úr 10 í 11 (2.752 kjósendur að baki þingmanni). Þannig gæti heildarfjöldi þingsæta í kjördæmunum tveimur haldist óbreyttur. Þó væri Norðvesturkjördæmi minnst af kjördæmunum sex þar sem þingsæti yrðu þar einu færri en í Suðurkjördæmi og tveimur færri en í öðrum kjördæmum.
c. Ef skrefið væri tekið til fulls þannig að Norðurland vestra yrði sameinað Norðausturkjördæmi breyttist myndin til muna. Vesturkjördæmi (kallað svo eftir þá breytingu) hefði þá einungis 15.710 kjósendur, en Norðausturkjördæmi 32.857 kjósendur. Ef þingsæti í Vesturkjördæmi væru 9 færi mesta atkvæðamisvægi upp í 1:2,10 (1.746 kjósendur að baki þingmanni á móti 3.665). Þess vegna þyrfti enn að fækka þingsætum í kjördæminu, úr 9 í 8. Misvægið yrði eftir sem áður 1:1,87 sem er umfram þau mörk sem höfð hafa verið til viðmiðunar (1.964 kjósendur að baki þingmanni á móti 3.665). Væntanlega yrði þingsætum í Suðvesturkjördæmi fjölgað úr 11 í 12 við þessa breytingu, en mis-

vægi milli atkvæða kjósenda í Vesturkjördæmi og Reykjavík yrði litlu minna eða 1:1,83 sem er einnig umfram viðmiðunarmörkin (1.964 kjósendur að baki þingmanni á móti 3.592). Mjög líklegt er að innan fárra ára næði misvægið 1:2* og þyrfti þá að færa eitt þingsæti til viðbótar frá Vesturkjördæmi til annars hvors Reykjavíkurkjördæmisins. Ef fjöldi þingsæta í einu kjördæmi yrði þannig kominn niður í sjö má segja að þær forsendur um jafnræði milli kjördæma, sem fyrirhuguð kjördæmabreyting byggist að nokkru leyti á, séu ekki lengur til staðar.

Tafla 9.

	Kjördæmi	Kjósendur	Þingsæti (kjördæma- og jöfnunarsæti)	Kjósendur að baki þingmanni
1.	Vesturkjördæmi (Vesturland og Vestfirðir)	15.710	7+1	1.964
2.	Norðausturkjördæmi (Norðurland vestra, eystra og Múlasýslur)	32.857	9+2	2.987
3.	Suðurkjördæmi (A-Skaftafellssýsla, Suðurland og Suðurnes)	26.696	9+1	2.670
4.	Suðvesturkjördæmi (Reykjaneskjördæmi án Suðurnesja)	40.312	10+2	3.359
5.	Reykjavík vestur	39.517	9+2	3.592
6.	Reykjavík austur	39.516	9+2	3.592
	Landið allt	**194.608**	**53+10**	**3.089**

Mesta misvægi 1:1,83.

5.4 Mörk milli annarra kjördæma.

Fleiri tillögur um frávik frá ofangreindri hugmynd hafa verið nefndar, t.d. að færa mörk Norðaustur- og Suðurkjördæma til austurs þannig að Austur-Skaftafellssýsla og þar með núverandi Austurlandskjördæmi tilheyrði í heild sinni Norðausturkjördæmi.

Það sama er að segja um þessa tillögu og tillöguna um að láta Norðausturkjördæmi ná yfir Siglufjörð, að um er að ræða tiltölulega lítil frávik að því er kjósendatölu varðar frá hugmyndinni sem lýst er hér að framan þótt kjördæmið mundi stækka að mun. Kjósendur í Austur-Skaftafellssýslu eru 1.689 talsins þannig að kjósendur í Norðausturkjördæmi, miðað við að það nái til núverandi Norðurlandskjördæmis eystra og Austurlandskjördæmis, yrðu 27.611, en kjósendur í Suðurkjördæmi 25.007. Þessi breyting hefði engin áhrif á mesta misvægi milli atkvæða kjósenda í einstökum kjördæmum. Kjósendur í Norðvesturkjördæmi á hvert þingsæti yrðu eftir sem áður 2.265, en í Norðausturkjördæmi yrðu þeir 2.761 og í Suðurkjördæmi 2.501.

Hér á eftir er sýnd hugmynd þar sem núverandi Vesturlands-, Vestfjarða- og Norðurlandskjördæmi vestra mynda Norðvesturkjördæmi, Norðurlandskjördæmi eystra og Austurlandskjördæmi mynda Norðausturkjördæmi og Suðurlandskjördæmi og Suðurnes mynda Suðurkjördæmi.

---

* Ef kjósendum í Vesturkjördæmi fækkaði um 5% og kjósendum í Reykjavík fjölgaði að sama skapi um 5% færi misvægið fram úr 1:2.

Tafla 10.

Kjördæmi	Kjósendur	Þingsæti (kjördæma- og jöfnunarsæti)	Kjósendur að baki þingmanni
1. Norðvesturkjördæmi (Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra)	22.645	9+1	2.265
2. Norðausturkjördæmi (Norðurland eystra og Austurland)	27.611	9+1	2.761
3. Suðurkjördæmi (Suðurland og Suðurnes)	25.007	9+1	2.501
4. Suðvesturkjördæmi (Reykjaneskjördæmi án Suðurnesja)	40.312	9+2	3.665
5. Reykjavík vestur	39.517	9+2	3.592
6. Reykjavík austur	39.516	9+2	3.592
Landið allt	**194.608**	**54+9**	**3.089**

Mesta misvægi 1:1,62.

Eins og að framan greinir er óhjákvæmilegt að skipta núverandi Reykjaneskjördæmi í tvennt, eins og Reykjavík, ef mynda á sex til sjö kjördæmi með nokkurn veginn sama þingsætafjölda í samræmi við meginmarkmið nefndarinnar. Í framangreindri hugmynd er gert ráð fyrir þremur kjördæmum á höfuðborgarsvæðinu og þremur kjördæmum á landsbyggðinni, að Suðurnesjum meðtöldum. Í stað þess að nyrðri hluti Reykjaneskjördæmis, þ.e. Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur, myndi eitt kjördæmi og Reykjavík tvö kjördæmi mætti skipta öllu höfuðborgarsvæðinu í þrjú kjördæmi án tillits til sveitarfélagamarka. Kjósendur í hverju kjördæmi yrðu þá 39.782 talsins.

5.5 Hugmynd um fjögur landsbyggðarkjördæmi.

Þá hefur nefndin skoðað þann möguleika að kjördæmi á landsbyggðinni verði fjögur í stað þriggja, þ.e. Vestur-, Norður-, Austur- og Suðurkjördæmi.

Augljóst er, ef þessi kostur yrði fyrir valinu, að nýtt Vesturkjördæmi yrði myndað af núverandi Vesturlands- og Vestfjarðakjördæmum með 15.710 kjósendum. Vandamálið er hins vegar hvernig draga ætti mörk hins nýja Austurkjördæmis. Kjósendur í núverandi Austfjarðakjördæmi eru 8.818 og jafnvel þótt Norður-Þingeyjarsýsla og Vestur-Skaftafellssýsla bættust við yrðu þeir aðeins 10.679 talsins. Útilokað væri að fimm kjördæmasæti og eitt jöfnunarsæti kæmu í hlut svo fámenns kjördæmis, en það er lágmarksfjöldi þingsæta í hverju kjördæmi miðað við þau meginmarkmið sem gerð er grein fyrir að framan. Samkvæmt því yrði mesta atkvæðamisvægi 1:2,06 (1.780 kjósendur að baki þingmanni á móti 3.665), en það er sem fyrr segir óásættanlegt. Að auki væri kjósendafjöldi í fjölmennasta kjördæminu, Suðvesturkjördæmi, nálægt fjórfalt meiri en í þessu langfámennasta kjördæmi landsins sem gengur þvert gegn því markmiði að hafa sem mest jafnræði milli kjördæma.

Þar af leiðandi gengur dæmið ekki upp nema stærri hluti nágrannakjördæmanna, þ.e. Norðurlandskjördæmis eystra og/eða Suðurlandskjördæmis, yrði sameinaður Austurlandskjördæmi í hinu nýja Austurkjördæmi. Þannig mætti hugsa sér að Þingeyjarsýslur, austan Vaðlaheiðar, mynduðu kjördæmið ásamt Austurlandi og Vestur-Skaftafellssýslu með 13.727 kjósendur. Norðurkjördæmi hefði þá 21.719 kjósendur og Suðurkjördæmi 25.886 kjósendur.

Einnig væri mögulegt að draga mörk Austurkjördæmis við Langanes í norðri og Þjórsá í suðri þannig að Vestmannaeyjar, Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla tilheyrðu kjördæminu. Slíkt kjördæmi væri mjög stórt og teygði sig svo langt til vesturs að eðlilegt væri að kalla það Suðausturkjördæmi. Kjósendafjöldi þess yrði 15.093 meðan Norðurkjördæmi hefði 25.728 kjósendur og Suðurkjördæmi, þ.e. Árnessýsla og Suðurnes, 18.732 kjósendur. Þótt landsbyggðarkjördæmin fjögur yrðu með þessu móti mjög mismunandi fjölmenn væri þessi síðastnefnda skipting væntanlega sú skásta, tölfræðilega séð. Vegna þess ágalla þyrftu jöfnunarþingsæti þó að vera a.m.k. 12 á landinu öllu til þess að tryggja jöfnuð milli stjórnmálasamtaka miðað við heildarkjörfylgi þeirra.

Í eftirfarandi töflu hefur þingsætum verið skipt upp á milli kjördæma miðað við síðastnefnda skiptingu landsins í kjördæmi.

Tafla 11.

Kjördæmi	Kjósendur	Þingsæti (kjördæma- og jöfnunarsæti)	Kjósendur að baki þingmanni
1. Vesturkjördæmi (Vesturland og Vestfirðir)	15.710	6+1	2.244
2. Norðurkjördæmi (Norðurland vestra og eystra) ..	25.728	8+1	2.859
3. Suðausturkjördæmi (Austurland, Suðurland austan Þjórsár, ásamt Vestmannaeyjum)	15.093	6+1	2.156
4. Suðurkjördæmi (Árnessýsla, Suðurnes)	18.732	6+1	2.676
5. Suðvesturkjördæmi (Reykjanes án Suðurnesja) ..	40.312	8+3	3.665
5. Reykjavík vestur	39.517	8+3	3.592
6. Reykjavík austur	39.516	8+3	3.592
Landið allt	**194.608**	**50+13**	**3.089**

Mesta misvægi 1:1,70.

Af töflunni sést hvaða vanda það hefur í för með sér að kjördæmin utan Reykjavíkur og Reykjaness verði fleiri en þrjú. Samkvæmt þessari hugmynd eru þrjú minni kjördæmi og eitt stærra á landsbyggðinni. Þetta er galli vegna þess að eftir því sem kjördæmin eru minni að íbúa- og þingsætafjölda þeim mun fleiri þurfa jöfnunarsætin að verða. Auk þess má benda á að listi þarf að fá hærra hlutfall atkvæða til að hljóta kjördæmasæti.

6. Megintillaga nefndarinnar.

Eftir ítarlega athugun á ofangreindum kostum hefur nefndin ákveðið að leggja neðangreinda kjördæmaskipun til grundvallar í tillögum sínum til forsætisráðherra. Í henni er gert ráð fyrir skiptingu fjögurra af núverandi kjördæmum, þ.e. Reykjavíkurkjördæmis, Reykjaneskjördæmis, Norðurlandskjördæmis vestra og Austurlandskjördæmis.

Tafla 12.

Kjördæmi	Kjósendur	Þingsæti (kjördæma- og jöfnunarsæti)	Kjósendur að baki þingmanni
1. Norðvesturkjördæmi (Vesturland, Vestfirðir og Húnavatnssýslur)	18.291	8+1	2.032
2. Norðausturkjördæmi (Skagafjarðarsýsla, Siglufjörður, Norðurland eystra og Múlasýslur)	30.276	9+2	2.752
3. Suðurkjördæmi (A-Skaftafellssýsla, Suðurland og Suðurnes)	26.696	9+1	2.670
4. Suðvesturkjördæmi (Reykjanes án Suðurnesja)	40.312	9+2	3.665
5. Reykjavík vestur	39.517	9+2	3.592
6. Reykjavík austur	39.516	9+2	3.592
Landið allt	**194.608**	**53+10**	**3.089**

Mesta misvægi 1:1,80.

Röksemdir nefndarinnar fyrir þessari kjördæmaskipun eru þær sem tilgreindar eru í kafla 3.2 hér að framan. Það sem mælir með þessari skipun, umfram aðrar hugmyndir, er einkum þetta:

1. Það að steypa þremur núverandi kjördæmum, þ.e. Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi og Norðurlandskjördæmi vestra, saman í eitt kjördæmi yrði of stórt skref.
2. Æskilegt er að Akureyri sem höfuðstaður Norðurlands verði ekki í jaðri kjördæmis, heldur meira miðsvæðis.
3. Ekki er unnt að færa mörk Norðvestur- og Norðausturkjördæma lengra til vesturs vegna þess að með því móti yrði annaðhvort að fækka þingmönnum í Norðvesturkjördæmi í sjö eða fara fram úr þeim mörkum um misvægi milli atkvæða kjósenda í einstökum kjördæmum sem nefndin telur ásættanleg.
4. Ef mörk Norðvestur- og Norðausturkjördæma yrðu færð lengra til vesturs yrði Norðvesturkjördæmi áberandi fámennast kjördæmanna. Það gæti kallað á fjölgun jöfnunarsæta til þess að tryggja jöfnuð milli stjórnmálasamtaka.
5. Ef Norðausturkjördæmi næði allt frá Vatnsskarði til Skeiðarár yrði kjördæmið mjög stórt og jafnframt miklum mun fjölmennara en Suðurkjördæmi. Af þeim sökum er lagt til að Austur-Skaftafellssýsla tilheyri síðarnefnda kjördæminu.

7. Reiknireglur.

7.1 d'Hondt-reglan.

Beita má ólíkum reiknireglum við að úthluta kjördæmasætum og skipta jöfnunarsætum milli flokka. Reikniregla sú, sem kennd er við **d'Hondt**, er þeirra þekktust hér á landi (deilitölur 1, 2, 3 ...) og m.a. þess vegna einföldust í augum margra. Hún er notuð hér þar sem skipta þarf sætum milli flokka, hvort sem er á **Alþingi** eða í **sveitarstjórnum**, miðað við atkvæðafylgi þeirra á landsvísu eða í sveitarfélagi.

7.2 Lagüe-reglan.

Til eru margvíslegar aðrar reiknireglur sem eru notaðar við úthlutun þingsæta. Ein þeirra er **regla Lagüe**. Eru deilitölur 1, 3, 5, 7 ... og er hún talin hagstæðari minni flokkum en d'Hondt-reglan, en sá munur jafnast þó út þegar úthlutað er mörgum sætum.

Afbrigði af Lagüe-reglunni er notað í Skandinavíu, og eru deilitölurnar þá 1,4-3-7- ..., þ.e. fyrst er úthlutað á atkvæðadeild sem er jöfn atkvæðum listans deilt með 1,4.

7.3 Regla stærstu leifa.

Sú reikniregla, sem er notuð í núverandi kerfi til þess að úthluta þingsætum í einstökum kjördæmum, er kölluð **„regla stærstu leifa"**. Hún er hins vegar ekki notuð til þess að skipta jöfnunarsætum milli flokka. Þessari reglu er ætlað að auka möguleika minni flokka í fámennari kjördæmum til að fá kosinn þingmann og ná þannig á auðveldari hátt jöfnuði milli flokka á landsvísu. Þetta kerfi virkar þó ekki vel nema allir flokkar, sem eitthvert fylgi hafa, bjóði fram á landinu öllu, auk þess sem reglan veldur því að ekki þykir vera eðlileg samsvörun á milli fylgis flokks í kjördæmi og þingmannatölu hans í kjördæminu, jafnvel þótt aðeins sé miðað við kjördæmakjörna þingmenn.

Regla stærstu leifa byggist einfaldlega á því að skipta þingsætum í fyrstu nákvæmlega í hlutfalli við atkvæðatölur. Koma þá út heiltölur og brot („leifar"). Heiltölurnar veita allar sæti og síðan stærstu brotin þar til öllum sætum hefur verið úthlutað. Dæmi um notkun þessarar aðferðar má sjá í töflu 2.

Regla stærstu leifa er víða notuð, t.d. í Danmörku. Hún hefur aftur á móti enga hefð hér á landi og kallar á flóknar reiknireglur þegar kemur að úthlutun jöfnunarsæta.

7.4 Tillaga nefndarinnar.

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að kjördæmi verði stækkuð og atkvæðamisvægi minnkað. Af þeim ástæðum er minni þörf á reglum eins og þeirri sem nefnd er „stærstu leifar" til þess að tryggja jöfnuð milli flokka. Enn fremur eykur það möguleika minni flokka að hljóta kjördæmasæti þegar þau eru orðin 8–10. Þess vegna hefur sú málamiðlun orðið að nota d'Hondt-reglu í því kosningakerfi sem tekið verður upp.

8. Jöfnunarkerfi.

8.1 Fjöldi jöfnunarsæta.

Eins og fram kemur í markmiðum nefndarinnar hér að framan er stefnt að því að sem næst fullur jöfnuður verði milli flokka eftir atkvæðum þeirra á landsvísu.

Talnalegar athuganir, sem nefndin hefur gert, sýna að sé landinu skipt í sex kjördæmi, sem eru áþekk að stærð, sbr. megintillögur nefndarinnar, nægir að jöfnunarsæti séu 9–10 til þess að tryggja sæmilega vel jöfnuð milli flokka á landsvísu. Misfjölmenn kjördæmi kalla á fleiri jöfnunarsæti. Sé engin jöfnun í kerfinu er talsverð skekkja milli flokka (allt upp í 4 sæti). Með 6 jöfnunarsætum næst veruleg jöfnun, þó ekki alveg, en hún er óþarflega mikil séu jöfnunarsæti 12.

8.2 Bundin eða óbundin jöfnunarsæti.

Ýmsar leiðir koma til greina að því er jöfnunarkerfið varðar. Mestu máli skiptir hvort jöfnunarsætin eru bundin eða óbundin kjördæmum.

Til glöggvunar fylgir eftirfarandi yfirlit:

1. **„Óbundið" jöfnunarkerfi.** Jöfnunarsætum er þá úthlutað eftir tilteknum reglum, óháð því úr hvaða kjördæmi jöfnunarmenn koma. Miða mætti úthlutun við atkvæðafjölda að

baki frambjóðendum eða hlutfall atkvæða að baki þeim í kjördæmi — eða blanda þessu tvennu saman, svo sem gert var áður fyrr.

2. **„Bundið" jöfnunarkerfi.** Jöfnunarsætum er úthlutað eftir reglum sem geta verið mismunandi, þó þannig að tiltekinn heildarfjöldi þingmanna komi í hlut hvers kjördæmis, eins og nú er, eða svæðis, t.d. landsbyggðarkjördæma annars vegar og Reykjavíkur og Reykjaness hins vegar.
3. **„Bundið" jöfnunarkerfi að hluta.** Að sjálfsögðu mætti blanda þessum leiðum saman með því að ákveðin jöfnunarsæti væru bundin við kjördæmi, en önnur óbundin.

Nefndin gerir tillögu um að jöfnunarsætin verði bundin, einkum til að tryggja betur að misvægi verði ekki of mikið í kerfinu. Á móti kemur að frekar er hætta á því þegar öll jöfnunarsætin eru bundin að úthlutanir þeirra sæta geti verið ankannaleg í þeim skilningi að flokkur fái jöfnunarsæti í kjördæmi þar sem fylgi hans er lítið. Nefndin athugaði hvort hægt væri að setja þá reglu að í hvert kjördæmi kæmi a.m.k. eitt jöfnunarsæti en ekki fleiri en tvö til þess að draga úr hættu á slíkri annarlegri úthlutun jöfnunarsæta, en við nánari athugun kom í ljós að slíkt gæti leitt til aukins misvægis, þannig t.d. að hin fámennari kjördæmi fengju öll tvö jöfnunarsæti en fjölmennustu kjördæmin aðeins eitt.

8.3 Skipting jöfnunarsæta milli flokka.

Nefndin gerir ekki tillögu um neina breytingu á því fyrirkomulagi að jöfnunarsætum sé skipt á milli flokka eftir landsfylgi, þ.e. að þingmannatölunni (63) sé skipt milli flokkanna miðað við heildaratkvæðatölu en til frádráttar komi þau þingsæti sem flokkarnir fá samkvæmt úrslitum í kjördæmum. Nefndin gerir enn fremur ráð fyrir að þessi heildarskipting þingsæta sé gerð með d'Hondt-reglu eins og verið hefur allt frá árinu 1934.

8.4 Úthlutun jöfnunarsæta.

Til þess að finna hvaða frambjóðendur fá þau þingsæti sem flokkunum reiknast eftir úthlutun jöfnunarsæta eru margar leiðir færar. Núverandi kosningalög gera ráð fyrir allflókinni aðferð sem nefndin vill einfalda verulega. Nefndin leggur til að reglan verði sú að þingsætunum verði úthlutað til þeirra frambjóðenda hvers flokks sem hafa hæst hlutfall atkvæða í sínu kjördæmi.

Nefndin kannaði ýmsar aðferðir við að finna hverjir eigi að fá jöfnunarsætin sem flokkunum eru reiknuð. Ein reglan er sú að þau gangi til þeirra frambjóðenda sem hæsta atkvæðatölu hafa þegar úrslit í kjördæmi liggja fyrir (og atkvæðadeildir (atkvæðakvótar) kjördæmakjörinna hafa verið strikaðar út). Sú aðferð hefur tilhneigingu til þess að fylla fyrst tölu jöfnunarsæta í stærri kjördæmunum, en þau minni mæti afgangi. Hættan er þá sú að í einhverjum tilfellum verði að úthluta sætum til frambjóðenda með tiltölulega lítið fylgi. Nefndin hallast því fremur að því að miða við hlutfall hvers frambjóðanda af atkvæðamagni í kjördæmi. Þannig standa allir frambjóðendur jafnfætis, óháð því hvað kjördæmin eru fjölmenn. Þau kjördæmi, þar sem þingsæti eru færri, hafi þó að jafnaði meiri möguleika á að fá fyrr sín (eða sitt) jöfnunarsæti við úthlutunina.

Nefndin kannaði líka þann möguleika að taka upp að nýju þá reglu sem gilti við úthlutun jöfnunarþingsæta 1934–83, þ.e. að þingsætum verði úthlutað til frambjóðenda eftir atkvæðatölu og atkvæðahlutfalli á víxl. Athuganir, sem gerðar voru, sýndu þó enga sérstaka kosti þeirrar aðferðar fram yfir það að úthluta til þeirra sem hæst hafa hlutfall, auk þess sem víxlregla þykir flóknari.

Við úthlutun jöfnunarsæta skiptir verulegu máli hvort þau eru bundin við kjördæmi eða ekki. Séu þau óbundin kjördæmum er meira svigrúm til þess að hafa einfaldar reglur.

Á seinustu árum hefur verið að þróast stærðfræðileg greining á þeim vanda sem felst í útdeilingu þingsæta þar sem útdeilingin er háð bæði kjördæma- og landsfylgi eins og verið hefur með ýmsu móti hérlendis síðan 1934. Niðurstaða þessara fræða er sú að ekki sé til **nein** einföld aðferð til að úthluta sætum innan slíks ramma með þeim hætti að vissar lágmarkskröfur um eiginleika eða „gæði" úthlutunarinnar séu allar tryggilega uppfylltar. Með þessum fræðum er þó unnt að úthluta sætum þannig að umræddar kröfur fái allar staðist, en aðferðin sem til þess þarf er býsna flókin. Nefndin telur ekki ráðlegt að lögfesta slíka aðferð. Á hinn bóginn má nota þessa fræðilega „bestu lausn" sem viðmiðun um ágæti annarra og einfaldari aðferða. Á vegum nefndarinnar hefur slíkur samanburður verið gerður. Niðurstaðan er í samræmi við fræðin: Kröfurnar um einfalda aðferð og um sem „réttlátasta" úthlutun stangast á. Að jafnaði er meiri hætta á ankannalegri úthlutun (þ.e. að sæti fáist út á lítið fylgi) þeim mun einfaldari sem aðferðin er. Þess má geta að úthlutun þingsæta samkvæmt gildandi kosningalögum hefur í liðnum þingkosningum reynst vera jöfn þeirri sem fæst með fyrrgreindri bestu aðferð ef frá er skilið eitt tilvik þar sem varð eitt frávik frá réttri lausn. Nefndin hefur kynnt sér aðferðir þar sem reynt er að fara bil beggja: Að tryggja þokkalega nálgun á hinni fræðilega „bestu" aðferð á sæmilega skiljanlegan máta.

Það er á hinn bóginn niðurstaða nefndarinnar að fyrir öllu sé að kjósendur hafi skilning á úthlutunaraðferðinni, að einfaldleikinn verði að vera í fyrirrúmi, jafnvel þótt einhver áhætta kunni að vera tekin með niðurstöður í úthlutun. Benda má á að það er ekkert nýmæli að úthlutun einstakra sæta þyki einkennileg. Þannig náði þingmaður kjöri í kosningum 1949 með 67 atkvæði en frambjóðandi með 2.033 atkvæði að baki sér hlaut ekki þingsæti og var hann þó innan sama flokks.

9. Aðlögun kosningakerfis að búsetuþróun.

Nefndin leggur áherslu á að breytingar á kjördæmaskipun að þessu sinni geti orðið til nokkurrar frambúðar. Eins og rakið er að framan í meginhugmyndum nefndarinnar er byggt á því að ekki þurfi að bregðast við á allra næstu árum og gera breytingar á kjördæmaskipun til þess að jafna vægi atkvæða á ný.

Engu síður þykir skynsamlegt að orða stjórnarskrárákvæði um kjördæmaskipun þannig að gera megi breytingar á kjördæmamörkum til að bregðast við breyttri íbúadreifingu í landinu, innan einhverra ákveðinna marka, svo og að í stjórnarskrárákvæðinu sé heimild til að breyta þingsætatölu kjördæma ef veruleg röskun verður á íbúafjölda.

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að setja í stjórnarskrána ákvæði um breytingar sem gera skuli á kosningaskipun án nýrra laga- og stjórnarskrárbreytinga. Tvennt skiptir máli í því sambandi:

a. að stjórnarskráin heimili löggjafanum að gera breytingar á þingsætatölu í kjördæmum ef mismunur á kjósendafjölda að baki hverju þingsæti er orðinn meiri en 1:2,
b. að stjórnarskrá og kosningalög heimili landskjörstjórn að breyta mörkum milli Reykjavíkurkjördæmanna eftir búsetuþróun í höfuðborginni, þó innan tiltölulega þröngra marka, þannig að höfuðborginni verði að jafnaði skipt í tvö álíka stór kjördæmi.

Nánari tillögur um þetta atriði er að finna í drögum að nýju orðalagi 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. fylgiskjal 2.

10. Persónukjör.

10.1 Almenn sjónarmið.

Nefndin hefur rætt um persónukjör, þ.e. aðferðir til að auka áhrif hins almenna kjósanda á það hvaða fulltrúar flokkanna hljóta þingsæti. Ýmis sjónarmið hafa komið fram, svo sem

að auka persónuval kjósandans í kjörklefanum (jafnvel sameina þannig þingkosningar og prófkjör), halda núverandi skipan þar sem flest stjórnmálasamtök hafa einhvers konar prófkjör (forval, skoðanakannanir), auka jafnvel vald flokksforustunnar til ákvörðunar um framboðslista (t.d. til þess að auka hlut kvenna) o.s.frv. Ljóst er þó að persónukjör verður að taka nokkurt mið af því hvernig kosningakerfið er að öðru leyti, hvort þingmenn í kjördæmi eru fáir (jafnvel einmenningskjördæmi), margir (t.d. 10 í hverju kjördæmi) eða að landið sé eitt kjördæmi.

1. Prófkjör.

Flest stjórnmálasamtök hafa viðhaft einhvers konar prófkosningar við val á mönnum á framboðslista. Sýnist sitt hverjum um reynsluna af því. Tillögur hafa komið fram um að setja samræmdar reglur um prófkosningar eða forval en fram að þessu hefur það sjónarmið verið ríkjandi að það væri á valdi flokkanna sjálfra, sem innra málefni þeirra, hvernig hagað er vali frambjóðenda á framboðslista. Þess eru dæmi, svo sem í Bandaríkjunum, að prófkosningar séu lögskyldar og ákvæði eru í kosningalögum í Noregi og Finnlandi sem varða val frambjóðenda á lista flokkanna.

2. Val á frambjóðendum á kjördegi.

Önnur meginaðferðin við að koma á persónukjöri er sú að láta kjósendur raða á listann um leið og þeir kjósa flokka.

Margar aðferðir eru til en þær falla aðallega í tvo flokka:

a. Röðun á þeim lista sem kosinn er:

Þá getur kjósandi raðað (með einhverjum hætti) frambjóðendum á þeim lista sem hann kýs. Hugsanlegt er t.d. að krossa við þann frambjóðanda eða þá frambjóðendur sem kjósandi vill að fái þingsæti eða raða tilteknum fjölda frambjóðenda á óröðuðum lista.

Sums staðar í Evrópu er viðhaft allnokkurt persónukjör í þessum stíl. Í Finnlandi t.d. velur kjósandinn einn frambjóðanda (skrifar númer hans á kjörseðilinn) en atkvæðið telst flokki frambjóðandans. Í Belgíu eiga kjósendur kost á að krossa við nöfn frambjóðenda (það gerir um helmingur kjósenda) og það hefur áhrif (eftir nokkuð flóknum reglum) á hverjir teljast kjörnir af listum (röð frambjóðenda hefur líka áhrif). Í Danmörku eru í raun margir listar sama flokks í kjöri í hverju kjördæmi (amts- og storkredser) og auk þess er hægt að krossa við nöfn einstaklinga.

b. „Frjáls röðun“:

Þá getur kjósandi einnig valið frambjóðendur af öðrum listum en þeim sem hann kýs. Sem dæmi um þennan hátt má nefna „írsku aðferðina“.

Almennt hefur þeirri röksemd verið beitt gegn persónukjöri af þessu tagi að þar með sé blandað saman raunverulegri kosningabaráttu flokkanna og prófkosningu milli einstaklinga úr sama flokki.

3. Raðaðir eða óraðaðir listar.

Þá hefur verið hreyft þeirri hugmynd að flokkarnir ættu að hafa um það frjálst val hvernig framboðslistar þeirra eru, þ.e. raðaðir, óraðaðir eða raðaðir að nokkru leyti. Slíkt er viðhaft í Danmörku (þótt kerfið sé allólíkt). Nú er það lögbundið hér á landi að hafa raðaða lista.

4. Útstrikanir og umröðun.

Jafnan hafa verið reglur í kosningalögum sem veita kjósendum rétt til að breyta röð frambjóðenda á lista eða strika frambjóðendur út. Þær hafa hins vegar þótt flóknar og ekki reynst hafa raunverulega þýðingu. Útstrikanir eru leyfðar í Svíþjóð (en eru ekki lengur reiknaðar) og Noregi, svipað og hér, en hafa enga raunhæfa þýðingu. Í Noregi þarf t.d. meira en helmingur kjósenda listans að gera breytingu til að hún hafi áhrif.

Reglurnar hér á landi hafa verið þrengdar á síðustu árum en nú hefur þeirri hugmynd verið varpað fram að veita þessum reglum á ný meira vægi þannig að veruleg hreyfing meðal kjósenda gæti haft áhrif á það hverjir af frambjóðendum hljóta þingsæti.

10.2 Nýjar reglur um útstrikanir og umröðun.

Nefndin hefur orðið ásátt um að leggja til að fylgt verði þeirri hefð sem lengi hefur verið í kosningalögum að kjósendur hafi tvo möguleika á að breyta kjörseðli til þess að sýna afstöðu sína til einstakra frambjóðenda, þ.e.

a. að breyta röð frambjóðenda eða
b. að strika þá út.

Nefndin vill hins vegar auka vægi þessara aðgerða kjósenda. Samkvæmt núverandi ákvæðum kosningalaga þarf meira en helmingur kjósenda að strika út frambjóðanda til þess að hann falli úr sæti og þá fellur hann reyndar út af listanum. Það þykir fullströng krafa, einkum með hliðsjón af því að kjósendur eru jafnan tregir til þess að gera breytingar á kjörseðlum. Þótt óánægja sé með einn frambjóðanda, jafnvel svo að ætla megi að hún sé almenn, hefur reynslan sýnt að tiltölulega fá prósent kjósenda sýna þennan vilja sinn í verki í kjörklefanum. Með hliðsjón af þessu þykir ekki óeðlilegt að mörkin séu talsvert fyrir neðan 50%.

Nefndin leggur því til að sú regla sem gilti fram að breytingu á kosningalögum 1959, „Borda-reglan“, verði tekin upp að nýju, þó þannig að henni verði einungis beitt á aðalmenn og varamenn á hverjum lista (þó aldrei færri en þrjá). Samkvæmt reglunum voru öllum frambjóðendum á listanum reiknuð atkvæði samkvæmt Borda-reglunni. Með nokkurri einföldun má segja að ekki hafi verið meiri munur milli reiknaðrar atkvæðatölu hvers manns á lista en sem nam hlutfallinu einum á móti öllum sætum listans (tvöföldum fjölda þingsæta í kjördæmi). Það þykja hins vegar of lág mörk til þess að gera breytingar á röð frambjóðenda. Er auðvelt að sýna fram á að ef hin gamla regla gilti gætu tiltölulega fámenn samtök kjósenda komið til leiðar talsverðri breytingu á lista, t.d. komið frambjóðanda úr aðalsæti í varamannssæti.

Af þessum sökum var aðferðinni breytt við kjördæmabreytinguna 1959. Að stofni til var haldið í Borda-regluna en þeir atkvæðaseðlar, þar sem einhverjar breytingar voru gerðar, vógu aðeins þriðjung. Nefndin vill ekki taka þá reglu upp að nýju en leggur til að aðferð Borda verði beitt þannig að hún taki aðeins til sæta kjördæmakjörinna aðalmanna og varamanna þeirra. Með því eru mynduð hófleg mörk fyrir því að leyfa breytingar á listum. Þar sem kosnir eru t.d. tveir menn og því fjórum mönnum listans reiknuð atkvæði þurfa a.m.k. 20% kjósenda listans að strika út 2. mann listans til þess að fella hann úr aðalmannssæti í varamannssæti ef engar aðrar breytingar eru gerðar. Ef til þess kæmi að hópur kjósenda reyndi að bægja frambjóðanda úr sæti ættu hann og stuðningsmenn hans möguleika á því að beita svipuðum aðferðum gegn þeim frambjóðanda sem fyrir því stæði.

Nefndin vill taka fram að hún hefur ekki getað rætt þennan þátt kosningakerfisins eins rækilega og hún hefði kosið.

11. Hlutur kvenna.

Mikilvægt er að þær breytingar á kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi, sem stefnt er að, torveldi ekki þá þróun í átt til aukinnar stjórnmálaþátttöku kvenna sem orðið hefur á undanförnum árum og áratugum, heldur þvert á móti stuðli frekar að því að konur taki sæti á Alþingi.

Fyrsta konan tók sæti á Alþingi 1922, nokkrum árum eftir að konur fengu kosningarrétt og kjörgengi. Lengst af áttu fáar konu sæti á þingi, stundum engin, stundum ein til þrjár. Árið

1983 jókst hlutur kvenna talsvert og nú er svo komið að tæp 30% þingmanna eru konur (nákvæmlega 28,6%; 18 konur).

Annars staðar á Norðurlöndum er hlutfall kvenna meðal þingmanna nokkru hærra, hæst í Svíþjóð eftir nýafstaðnar kosningar þar, 42,7%. Er það hæsta hlutfall í þjóðþingum heims, en næst koma Danmörk með 37,4%, Noregur 36,4%, Holland 36% og Finnland 33,5%. Að meðaltali mun þetta hlutfall vera 12,6% á þjóðþingum heimsins.

Í ályktun Alþingis frá því vorið 1998, um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, segir að fara eigi fram sérstök úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna.

Í vor samþykkti Alþingi enn fremur þingsályktunartillögu „um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum". Samkvæmt henni er ríkisstjórninni falið að skipa nefnd sem starfi í a.m.k. fimm ár og standi hún fyrir ýmsum verkefnum sem stuðli að aukinni stjórnmálaþátttöku kvenna.

Með hliðsjón af ákvæðum framkvæmdaáætlunar um jafnrétti kynjanna fór nefndin þess á leit við Stefán Má Stefánsson prófessor að úttekt á áhrifum kjördæmaskipunar og kosningafyrirkomulags verði felld inn í rannsóknarverkefni um jafnræði sem unnið er að á vegum Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands undir hans stjórn og hefur Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, lögfræðingur í utanríkisráðuneytinu, sinnt því verkefni. Enn fremur liggur fyrir að Rannsóknasjóður hefur styrkt verkefni á vegum Auðar Styrkársdóttur og Svans Kristjánssonar sem fjallar um áhrif kjördæmaskipunar og kosningafyrirkomulags á stjórnmálaþátttöku kvenna.

Nokkur tími mun líða þar til niðurstöður rannsókna Auðar og Svans liggja fyrir en við lok nefndarstarfsins barst nefndinni skýrsla Ragnheiðar Elfu. Er hún birt sem fylgiskjal með þessari skýrslu. Leggur nefndin áherslu á að nefnd ríkisstjórnarinnar um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum hafi hliðsjón af niðurstöðum rannsóknanna.

Í viðræðum, sem nefndin hefur átt við fræðimenn, hefur komið fram að rannsóknir sýna talsverða jákvæða fylgni milli ákveðinna þátta kosningaskipulags og fjölda kvenna á þingi. Er þar aðallega um að ræða *hlutfallskosningar* og *stór kjördæmi*. Kemur það raunar heim og saman við reynsluna hér á landi því að engin kona hlaut kosningu í einmenningskjördæmi, og eftir síðustu kosningar var hlutfall kvenna í einstökum kjördæmum því hærra sem kjördæmið hefur fleiri þingmenn; í minnstu kjördæmunum tveimur náði engin kona kjöri.

Jafnframt hafa fræðimenn bent á fleiri þætti en kosningakerfið sjálft sem virðast hafa áhrif í þessum efnum, þætti sem tengjast bæði framboðsaðferðum, lögum og reglum, sbr. skýrslu Evrópuþingsins frá 1997:

a. Stjórnmálasamtökin sjálf, hugmyndafræði þeirra, aðferðir við að velja frambjóðendur, valdakerfi, uppbygging og vinnubrögð. Mikilvægast í þessu sambandi er að fyrir því sé raunverulegur pólitískur vilji í flokkum að auka hlut kvenna.
b. Kynjakvótar eða reglur um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að koma á jafnstöðu kynjanna. Slíkar reglur eru ýmist lögbundnar eða settar í starfsreglur stjórnmálasamtaka án lagaboðs, sbr. 3. gr. jafnréttislaga.
c. Menning og félagsleg staða kvenna. Almennt eykur bætt menntunarstaða kvenna líkurnar á því að konur fái framgang í stjórnmálum, og margir aðrir þættir skipta líka máli. Einnig hafa réttindahreyfingar kvenna þrýst á stjórnmálasamtökin að jafna hlut kynjanna í stjórnmálum.

Það er niðurstaða nefndarinnar að þær breytingar á kjördæmaskipun og kosningakerfi, sem hún gerir tillögur um, skapi ekki síðri skilyrði fyrir stjórnmálaþátttöku kvenna en nú eru.

Skiptir þar mestu máli að kjördæmin eru almennt stækkuð (landsbyggðarkjördæmin). Á móti kemur að stærsta kjördæminu, Reykjavík, er skipt í tvennt, en fyrir því eru aðrar ástæður sem raktar eru framar í þessari skýrslu. Í hvoru kjördæmi í höfuðborginni verða þó yfir tíu þingsæti.

Ekki er vilji fyrir því innan nefndarinnar að leggja til lögbundna kynjakvóta á framboðslistum stjórnmálasamtaka. Nefndin telur æskilegra að þróun til aukinnar stjórnmálaþátttöku kvenna eigi sér stað án lagaboða og hvetur jafnframt til þess að með þessum þætti málsins verði fylgst vel á næstu árum.

12. Um „þröskulda".

12.1 Almennt um þröskulda.

Þröskuldar (á ensku „electoral threshold") eru algengt fyrirbæri í kosningalögum ýmissa landa. Nákvæm skýrsla um þá er þó ekki fyrirliggjandi en þeir eru á bilinu frá 0,67 (Holland) og upp í 8% (Liechtenstein) samkvæmt upplýsingum í riti Alþjóðaþingmannasambandsins.

Yfirleitt eru þröskuldar settir til þess að draga úr fjölda lítilla flokka á þingum og hafa þau áhrif að útiloka þá frá því að fá kjördæmissæti eða jöfnunarsæti ef þeir ná ekki tilteknu lágmarksfylgi á landinu öllu eða í einstökum kjördæmum.

Hérlendis hefur ekki verið hlutfallsþröskuldur við úthlutun jöfnunarsæta. Samkvæmt lögum er nægilegt að fá kjördæmakjörinn mann. Í Danmörku eru þrír þröskuldar (þar á meðal 2% á landsvísu) og þarf að komast yfir einn þeirra til að fá jöfnunarsæti. Í Svíþjóð eru tveir þröskuldar, 4% til að fá jöfnunarsæti og 12% í kjördæmi til að fá kjördæmasæti þar. Í Þýskalandi er þröskuldurinn 5% eða þrjú kjördæmasæti (í einmenningskjördæmum) til að fá sæti samkvæmt landslista.

Þröskuldar geta í senn verið *jákvæðir* (þ.e. veitt rétt til jöfnunarsæta ef náð er ákveðnu marki) eða *neikvæðir* (þ.e. útilokað flokka eða framboð sem annars kæmu að manni eða mönnum samkvæmt öðrum reglum kerfisins (t.d. í einstökum kjördæmum; dæmi Spánn, 3%)).

„Náttúrlegir" þröskuldar.

Gerður hefur verið útreikningur á þröskuldum sem felast sjálfkrafa í þeim reiknireglum sem notaðar hafa verið. Eftirfarandi tafla sýnir slíka þröskulda miðað við d'Hondt-kerfið og fimm framboð:

Tafla 13.

	5 framboð	
	a. listi fær örugglega mann kjörinn	b. listi fær örugglega ekki mann kjörinn
5 þingsæti	16,7%	11,1%
6 þingsæti	14,3%	10,0%
7 þingsæti	12,5%	9,1%
8 þingsæti	11,1%	8,3%
9 þingsæti	10,0%	7,7%
10 þingsæti	9,1%	7,1%
11 þingsæti	8,3%	6,7%
12 þingsæti	7,7%	6,3%

Í a-dálki er hundraðstalan fundin með brotinu: 1/(s+1); í b-dálki með brotinu: 1/(f+s-1); þar sem s=þingsæti, f=fjöldi framboða.

Taflan sýnir það lágmarksfylgi sem atkvæðaminnsti listinn af hugsanlegum fimm listum þarf til þess að **fá** örugglega sæti eða að tryggt sé að hann **fái ekki** sæti. Raunverulegir möguleikar flokka liggja þarna á milli.

12.2 Þröskuldar við úthlutun jöfnunarsæta.

Nefndin gerir tillögu um að settur verði einn almennur þröskuldur sem gildir við úthlutun jöfnunarsæta, 5%. Yrði þá horfið frá því skilyrði sem fram að þessu hefur gilt um úthlutun jöfnunarsæta, þ.e. að flokkur fái sæti í kjördæmi. Með þessu móti yrði betur skilið á milli úthlutunar jöfnunarsæta og úthlutunar kjördæmissæta. Þröskuldur af þessu tagi mundi tryggja stjórnmálahreyfingu þingsæti ef hún nær 5% atkvæða á landinu öllu þótt hún hefði hvergi komið manni að í kjördæmi. Flokkur sem fengi rétt rúm 5% mundi þannig fá þrjá jöfnunarmenn. Flokkur sem ekki næði 5% markinu ætti hins vegar ekki rétt til jöfnunarsæta jafnvel þótt hann hefði fengið kjörinn þingmann í kjördæmi.

Það er að sjálfsögðu álitamál hversu hár þröskuldurinn á að vera og voru mismunandi viðhorf til þess uppi í nefndinni. Vógust þar á annars vegar þau sjónarmið að flokkar, sem nokkurt fylgi hafa, komi að fulltrúum á Alþingi og hins vegar að settar verði skorður fyrir því að smáflokkum fjölgi óeðlilega mikið. Þessar reglur mega þó ekki verða til þess að hindra lýðræðislega þróun. Niðurstaða nefndarinnar, 5% þröskuldurinn, er því málamiðlun milli mismunandi skoðana. Mundi slíkt lágmarksfylgi að jafnaði gefa 3 þingsæti þar sem að baki hverju þingsæti er hlutfallslega 1,59%; og þrjú þingsæti því nærri 5%, nákvæmlega 4,76%. Þannig yrði þröskuldurinn sá sami og í Þýskalandi en nokkru hærri en í Svíþjóð og Noregi (4%) og Danmörku (2%). Þess ber að geta að í Svíþjóð er líka þröskuldur í kjördæmum, 12%.

13. Talning atkvæða.

Í kosningalögum hefur frá upphafi verið fylgt þeirri reglu að atkvæðum innan sama kjördæmis sé safnað saman á einn stað, þeim blandað vel saman og talið upp úr kjörkössunum þannig að sem minnst megi lesa úr þeim hvernig kjósendur einstakra svæða innan kjördæmisins hafa greitt atkvæði. Í nefndinni hafa hins vegar verið ræddar hugmyndir um að atkvæði í kosningum verði talin á minni svæðum en öllu kjördæminu. Þykir margt mæla með því að horfið verði frá þeirri reglu sem gilt hefur og „kjósendalandslagið" í kjördæmum komi betur fram en nú er. Hefur verið sagt að það sé lýðræðislegra, gegnsærra og nokkur fróðleikur fyrir flokkana að vita hvar styrkur þeirra og veikleiki liggur innan kjördæmanna, ekki síst þegar þau eru orðin svo stór sem í tillögu nefndarinnar segir. Eru mörg dæmi frá öðrum þjóðum þar sem þessi aðferð er viðhöfð þótt hún yrði alveg ný hér á landi. Enn fremur má nefna að með þessu móti gætu kjósendur á einstökum svæðum komið skilaboðum til þingmanna um ánægju eða óánægju og jafnframt hefur verið nefnt að við framboð megi taka nokkurt tillit til þess hvernig „atkvæðalandslagið" hjá hverjum flokki liggur innan kjördæmisins. Þannig er líklegt að talning atkvæða með þessum hætti gæti orðið til að styrkja þau svæði sem fámennari eru og þetta fyrirkomulag gæti enn fremur „bætt upp" þá breytingu sem margir óttast, að landið verði orðið að of fjölmennum og of stórum kjördæmum. Loks hefur verið bent á að þetta fyrirkomulag gæti flýtt talningu þar sem ekki þyrfti að flytja kjörgögn um langan veg á einn stað þar sem talið er upp úr kössum.

Á móti er teflt fram þeim rökum að slíkt fyrirkomulag mætti misnota gegn einstökum frambjóðendum og jafnframt að slíkt fyrirkomulag gæti orðið til þess að viðhalda gömlum kjördæmamörkum, jafnvel þeim sem giltu fyrir 1959.

Nefndin gerir ekki beinar tillögur um hvernig (eða hvar) talning atkvæða fari fram en hefur rætt þær með hliðsjón af breyttu kosningafyrirkomulagi í heild. Nefndin telur þó mikilvægt, ef af yrði, að í hverju „talningahólfi" yrðu það margir kjósendur að með engu móti yrði rakið hvernig einstaklingar hafa greitt atkvæði (t.d. 2.000 kjósendur að lágmarki). Nefndin hvetur hins vegar til þess að þetta mál verði tekið til umræðu í nefnd þeirri sem vinnur að tæknilegum breytingum á kosningalögum.

14. Kjördæmaskipun og stjórnsýslumörk.

Að beiðni nefndarinnar hefur farið fram könnun á umdæmaskiptingu staðbundinna stjórnvalda og að hve miklu leyti hún taki mið af kjördæmaskiptingu landsins skv. 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. fylgiskjal 5. Hefur sú könnun leitt í ljós að umdæmaskipting stjórnvalda tekur ekki nema að takmörkuðu leyti mið af kjördæmaskipun landsins. Í þeim tilvikum, sem svo háttar til um, eru umdæmin þó oftar skilgreind með vísan til annarra umdæma innan kjördæmanna, t.d. með skírskotun til kaupstaða og sýslna samkvæmt eldri skipan, þ.e. á svipaðan hátt og stjórnarskráin gerir sjálf, eða sveitarfélaga, svo sem tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir. Einungis í fáum tilvikum er með beinum hætti vísað til kjördæmanna sem slíkra og vandalaust er að færa þær tilvísanir til annarra kennileita innan sömu marka, svo sem algengara virðist, eða gera á þeim aðrar breytingar eftir því sem hentugast þykir í hverju tilviki.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ráðuneytin létu í té, er í lögum einungis í einu tilviki gagngert vísað til kjördæmanna sem umdæma þeirrar stjórnsýslu er í hlut á, sbr. kafla 3.1 í fylgiskjali 5. Sama á við um reglugerðir þar sem einungis fannst eitt dæmi um að vísað væri til kjördæma sem slíkra, sbr. kafla 1.1.5 í fylgiskjali. Í níu skiptum er hins vegar ljóst að umdæmi staðbundinna stjórnvalda eða skipulag miðstýrðrar stjórnsýslu er miðað við kjördæmin án þess að kjördæmin séu sem slík notuð til að afmarka þau. Ekkert þessara tilvika utan eitt er án frávika frá skipan landsins í kjördæmi og ýmist eru mörk þeirra dregin í lögum eða reglugerðum eða byggð á venju sem um þau hefur skapast.

15. Hliðarráðstafanir.

Tillögur nefndarinnar, sem byggjast á því að draga úr misvægi atkvæða milli kjördæma, munu leiða til þess að nokkur þingsæti færast frá landsbyggðarkjördæmum til þéttbýliskjördæma á suðvesturhorni landsins. Það er eðlilegt að slík breyting leiði til umræðna um vanda landsbyggðarinnar. Hér er lagt til að samhliða þeim breytingum, sem verða á skipan kjördæma og úthlutun þingsæta, verði rætt um ýmis önnur atriði sem varða hagsmuni þeirra kjördæma og landshluta þar sem þingsætum fækkar.

15.1 Byggða- og félagsmál.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á skipun kjördæma og úthlutun þingsæta, gefa tilefni til að fjallað verði um hvort ástæða sé að grípa til aðgerða til að styðja og styrkja búsetu á landsbyggðinni. Í því efni má nefna samgöngu- og vegamál, t.a.m. örari endurbætur á vegtengingum einstakra byggða við aðalvegakerfi landsins, fjarskiptamál, húshitunarkostnað á hinum svonefndu köldu svæðum, námskostnað vegna framhaldsnáms o.fl.

Að höfðu samráði við forsætisráðherra leggur nefndin til að fjallað verði um framangreind atriði í sérstakri nefnd um atvinnu- og efnahagsmál sem skipuð verði samkvæmt tilnefningum allra þingflokka.

15.2 Starfsaðstaða þingmanna.

Verði tillögur nefndarinnar að lögum er ljóst að aðstaða þingmanna til að sinna kjósendum í hinum landfræðilega stærri kjördæmum verður önnur en áður. Með hliðsjón af því hvetur nefndin til að aðstoð við þingmenn úr þessum kjördæmum verði aukin, t.d. þannig að þingmenn fái styrk til að njóta liðsinnis starfsmanns eða til annars konar aðstoðar.

16. Aðrar breytingar á stjórnarskrá.

Samhliða þeim breytingum, sem nefndin leggur til að gerðar verði á stjórnarskrá lýðveldisins um kjördæmaskipun og önnur tengd atriði, hefur verið rætt um nauðsyn þess að kannað verði hvernig önnur ákvæði stjórnarskrárinnar hafi staðist tímans tönn. Þær breytingar, sem stjórnarskráin hefur tekið frá gildistöku hennar, hafa einkum snúið að ákvæðum hennar um kosningar til Alþingis og nýlega hafa ákvæði hennar um skipulag þingsins og mannréttindaákvæði verið endurskoðuð. Önnur ákvæði hafa hins vegar staðið nokkurn veginn óbreytt frá upphafi, sum hver frá 1874. Þjóðfélagslegar aðstæður eru hins vegar allt aðrar nú en þá og örar breytingar og framfarir virðast gefa tilefni til að farið verði yfir hvort ástæða sé til að breyta öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar samhliða breytingum á kosningaákvæðum hennar samkvæmt tillögum í þessari skýrslu.

17. Um drög að frumvörpum til stjórnarskipunarlaga og kosningalaga.

17.1 Drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga.

Eins og áður er vikið að hefur komið fram það sjónarmið að í stjórnarskrá eigi að vera tiltölulega fá og að sama skapi almenn ákvæði um megindrætti í kjördæmaskipun landsins og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin hefur látið gera fyrstu drög að nýju orðalagi 31. gr. stjórnarskrárinnar og nýjum ákvæðum til bráðabirgða með þetta sjónarmið að leiðarljósi. Í drögunum er jafnframt byggt á þeirri kjördæmaskipun sem nefndin mælir með í tillögum sínum.

Í drögunum er gert ráð fyrir að heildarfjöldi þingsæta verði stjórnarskrárbundinn, svo og lengd kjörtíma og fjöldi kjördæma. Enn fremur tilhögun kosninga í megindráttum, þ.e. að þær séu leynilegar og hlutbundnar. Það er hins vegar lagt í vald löggjafans að ákveða fjölda þingsæta í hverju kjördæmi, þó þannig að minnst fimm kjördæmasæti séu í hverju þeirra. Sömuleiðis verði sett í lög nánari fyrirmæli um kjördæmaskipun og fyrirkomulag kosninga, þar á meðal verði kjördæmamörk, nema í Reykjavík, og reglur um úthlutun þingsæta lögbundnar. Með þessu móti er hægt að breyta vissum atriðum, er lúta að kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi, án þess að það kalli á stjórnarskrárbreytingu. Til þess að koma í veg fyrir að einfaldur meiri hluti á Alþingi geti gert slíkt upp á eigin spýtur er hins vegar svo fyrir mælt að breytingar á lögmæltum kjördæmamörkum og þinsætaúthlutun verði aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi. Í bráðabirgðaákvæði er þó nauðsynlegt að mæla svo fyrir að breytingarnar verði ákveðnar af meiri hluta Alþingis í upphafi til þess að tryggt sé að þær nái fram að ganga svo að ekki skapist misræmi á milli stjórnarskrár og kosningalaga.

Í drögunum er að auki að finna tvö nýmæli:

Í fyrsta lagi er horfið frá þeirri reglu núgildandi kosningalaga, sem ekki hefur stuðst við stjórnarskrá, að þau stjórnmálasamtök ein komi til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem fengið hafa kjördæmasæti. Í staðinn er lagt til að þau samtök ein, sem hlotið hafa meira en 5% atkvæða á landsvísu, geti fengið úthlutað jöfnunarsætum jafnvel þótt þau hafi ekki fengið þingmann kjörinn í kjördæmi.

Í annan stað er, eins og áður hefur komið fram, svo fyrir mælt að verði misvægi á milli atkvæða kjósenda að baki hverju þingsæti í einstökum kjördæmum meira en 1:2 að loknum

alþingiskosningum skuli landskjörstjórn flytja þingsæti á milli kjördæma þar sem munurinn er mestur til að draga úr misvæginu. Vegna þess að fimm ár kunna að líða þar til á þetta ákvæði reynir er í bráðabirgðaákvæði lagt til að það gerist í fyrsta sinn um áramótin 2000–2001, en síðan reynir á það á minnst fjögurra ára fresti.

17.2 Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis.

Meðfylgjandi drög að frumvarpi til breytinga á kosningalögum eru sniðin eftir drögunum að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem lýst er hér að framan. Jafnframt taka þau mið af þeirri kjördæmaskipun, þar á meðal kjördæmamörkum og fjölda þingsæta í hverju kjördæmi, sem nefndin mælir með í tillögum sínum.

Að auki er að finna í drögunum önnur atriði sem rétt er að vekja sérstaka athygli á:

1. Í 2. gr. er lagt til að landskjörstjórn ákveði mörkin milli kjördæmanna tveggja í Reykjavík um hver áramót þannig að kjósendur í hvoru þeirra um sig að baki hverju þingsæti séu nokkurn veginn jafnmargir, auk þess sem hvort kjördæmi sé sem samfelldust heild.
2. Í 4. gr. er heimild landskjörstjórnar til að færa þingsæti á milli kjördæma til að draga úr misvægi atkvæða kjósenda í einstökum kjördæmum einskorðuð við kjördæmasæti.
3. Í 6. gr. er lagt til að í stað orðsins „landsframboð“, sem í núgildandi lögum er notað um sameiginlegt framboð á vegum stjórnmálasamtaka, verði einfaldlega notað orðið „stjórnmálasamtök“. Þessi breyting gengur síðan eins og rauður þráður gegnum drögin.
4. Í 12. og 20. gr. er gert ráð fyrir að yfirkjörstjórnir úthluti kjördæmasætum, en landskjörstjórn aðeins jöfnunarsætum, eins og áður tíðkaðist.
5. Í 13. gr. er stuðst við d'Hondt-reglu við úthlutun kjördæmasæta.
6. Í því skyni að auka möguleika kjósenda til að hafa áhrif á röð frambjóðenda á lista hafa reglur þessa efnis verið færðar nær fyrra horfi í 14. gr. Vegna þess að sífellt færri kjósendur þarf til að breyta röð á framboðslista, eftir því sem fleiri nöfn eru á listanum, er lagt til að breytingar á kjörseðlum hafi aðeins áhrif á röð í efstu sæti hans. Með því móti er komið í veg fyrir að lítill hluti kjósenda geti haft áhrif á röð á listanum í því tilviki að margir frambjóðendur nái kjöri af honum.
7. Í 21. gr. er, eins og nú, byggt á d'Hondt-reglu við úthlutun jöfnunarsæta til stjórnmálasamtaka til að tryggja jöfnuð á milli þeirra í samræmi við heildaratkvæðatölu þeirra á landsvísu. Í 22. gr. er lagt til að úthlutun jöfnunarsæta til einstakra frambjóðenda fari þannig fram að fyrst verði litið til þess, hvaða samtök eigi rétt á slíku sæti, en síðan verði atkvæðahlutfall hjá frambjóðendum samtakanna, miðað við gild atkvæði í kjördæmi, látið skera úr um það hver þeirra hlýtur sætið. Þó hlýtur sú regla að takmarkast af því að jöfnunarsætin eru bundin við tiltekin kjördæmi.

Önnur veigaminni efnisatriði er einnig að finna í drögunum og lúta þau frekar að tæknilegum frágangi kosningalaganna.

18. Samantekt.

18.1 Helstu breytingar samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Hér með fylgir yfirlit um þær tillögur sem nefndin gerir í skýrslu þessari:

1. **Breytingar á kjördæmaskipun og skiptingu þingsæta milli kjördæma:**

✗ færri og stærri kjördæmi á landsbyggðinni,
✗ þéttbýliskjördæmum skipt,
✗ 9 til 11 þingsæti í kjördæmi.

Kjördæmi verða þessi:

Norðvesturkjördæmi	8 + 1 = 9 þingsæti
Norðausturkjördæmi	9 + 2 = 11 þingsæti
Suðurkjördæmi	9 + 1 = 10 þingsæti
Suðvesturkjördæmi	9 + 2 = 11 þingsæti
Reykjavík vestur	9 + 2 = 11 þingsæti
Reykjavík austur	9 + 2 = 11 þingsæti

2. **Reiknireglur:**
   ✗d´Hondt.
3. **Jöfnunarkerfi:**
   ✗10 sæti,
   ✗öll bundin kjördæmum,
   ✗úthlutað á hlutfallstölur,
   ✗almennur 5% þröskuldur við úthlutun jöfnunarsæta.
4. **Stjórnarskrár- og lagaákvæði um aðlögun kosningakerfis að búsetuþróun:**
   ✗hámarksmisvægi milli kjördæma 1:2.
5. **Mörk kjördæma og þingsætatala ekki ákveðin í stjórnarskrá:**
   ✗má breyta með lögum (aukinn meiri hluti, tveir þriðju),
   ✗mörk milli Reykjavíkurkjördæma ákveðin af landskjörstjórn samkvæmt lögum.
6. **Persónukjör:**
   ✗nýjar reglur um vægi umröðunar og útstrikana.
7. **Talning atkvæða (hugmynd):**
   ✗atkvæði talin á nokkrum stöðum innan kjördæma.
8. **Hliðarráðstafanir:**
   ✗vísað til sérstakrar nefndar.
9. **Starfsaðstaða þingmanna:**
   ✗aðstoð við þingmenn í stækkandi kjördæmum.
10. **Aðrar breytingar á stjórnarskrá:**
    ✗engar beinar tillögur ræddar, en vísað til frekari athugunar.

18.2 Kosningar samkvæmt nýju kerfi.

Nefndin hefur ekki tekið afstöðu til þess hvenær skuli kosið fyrst samkvæmt nýrri kjördæmaskipun og nýjum kosningalögum.

Ef horfið yrði að því að kjósa sem fyrst eftir nýju kerfi, t.a.m. næsta haust, verður að taka sjálfstæða ákvörðun um það atriði.

Fylgiskjal I.

Skilabréf nefndar um kosningalög og kjördæmaskipan 1994–95.

Reykjavík 25. febrúar 1995.

Til forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar.

Um starf nefndar um kosningalög og kjördæmaskipan.

Hinn 2. desember síðastliðinn skipaði Davíð Oddsson forsætisráðherra, í samráði við aðra formenn stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi, nefnd til að endurskoða lög um kosningar. Nefndin hefur haldið 16 fundi.

Í nefndinni sátu Friðrik Sophusson formaður og Geir H. Haarde frá Sjálfstæðisflokki, Guðmundur Árni Stefánsson og Eiríkur B. Einarsson frá Alþýðuflokki, Páll Pétursson og Guðjón Ólafur Jónsson frá Framsóknarflokki, Ólafur Ragnar Grímsson og Steingrímur J. Sigfússon frá Alþýðubandalagi, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Sigríður I. Ingadóttir frá Kvennalista og Jóhanna Sigurðardóttir frá Þjóðvaka.

Nefndin hefur rætt um úrbætur á kosningalögum. Meðal annars hefur verið fjallað ítarlega um eftirtalin atriði:

a. Að flytja níunda jöfnunarsætið (flakkarann) á höfuðborgarsvæðið.
b. Að einfalda reiknireglur og gera þær skýrari.
c. Að breyta kjördæmamörkum. Komið hafa fram hugmyndir um að fækka kjördæmum og stækka þau, að gera landið að einu kjördæmi eða að fjölga kjördæmum og minnka þau. Ýmsar breytingar á kjördæmamörkum voru viðraðar.
d. Að breyta fjölda þingsæta. Komið hafa fram hugmyndir um að fækka þingsætum og fjölga þeim.
e. Að breyta úthlutun jöfnunarsæta þannig að úthlutun þeirra sé ekki eins bundin kjördæmum. Með því móti mundu fleiri jöfnunarsæti færast til höfuðborgarsvæðis.
f. Að setja hámark á misvægi atkvæða milli kjördæma þannig að ef misvægið fer yfir ákveðin mörk þá komi sjálfkrafa til leiðrétting.
g. Að auka valfrelsi kjósenda þannig að persónukjör geti að einhverju leyti farið fram á kjördegi.

Nefndarmenn voru sammála um að flytja flakkarann á höfuðborgarsvæðið og hefur verið lagt fram frumvarp þess efnis sem nú er orðið að lögum. Ekki gafst hins vegar tími að þessu sinni til að ljúka vinnu við fleiri af þeim þáttum sem rætt hefur verið um.

Það er sameiginleg niðurstaða nefndarmanna að halda beri starfinu áfram og vinna að stjórnarskrárbreytingum að því er varðar kosningaskipan á næsta kjörtímabili þannig að þau atriði sem rætt hefur verið um innan nefndarinnar verði áfram til skoðunar. Jóhanna Sigurðardóttir tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

F.h. nefndar um kosningalög og kjördæmaskipan,

Friðrik Sophusson, formaður.

Fylgiskjal II.

Drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingu.

1. gr.

31. gr. laganna, sbr. 1. gr. stjskl. nr. 65/1984, orðast svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára.

Kjördæmi skulu vera sex. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni.

Í hverju kjördæmi skulu vera minnst fimm kjördæmasæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. mgr.

Öðrum þingsætum en kjördæmasætum skal ráðstafa í kjördæmi til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka með það að markmiði að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök ein koma til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa meira en fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $^2/_3$ atkvæða á Alþingi.

2. gr.

Við stjórnarskrána bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, verða 1. desember 2000 helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn, í samræmi við 5. mgr. 31. gr., breyta fjölda þingsæta í kjördæmum frá og með 1. janúar 2001 í því skyni að draga úr þeim mun.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi.

Fylgiskjal III.

Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Kjósendur neyta kosningaréttar síns í kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

1. Norðvesturkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Skorradalshreppur, Sameinað sveitarfélag Andakílshrepps, Lundarreykjadalshrepps, Reykholtsdalshrepps og Hálsahrepps, Hvítársíðuhreppur, Borgarbyggð, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð, Saurbæjarhreppur, Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Sameinað sveitarfélag Staðarhrepps, Fremri-Torfustaðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, Hvammstangahrepps, Kirkjuhvammshrepps, Þverárhrepps og Þorkelshólshrepps, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósbær, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.

2. Norðausturkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Sameinað sveitarfélag Skefilsstaðahrepps, Skarðshrepps, Sauðárkrókskaupstaðar, Staðarhrepps, Seyluhrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Viðvíkurhrepps, Hólahrepps, Hofshrepps og Fljótahrepps, Akrahreppur, Siglufjarðarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Sameinað sveitarfélag Dalvíkurkaupstaðar, Svarfaðardalshrepps og Árskógshrepps, Hríseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Hlíðar-, Jökuldals- og Tunguhreppur, Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Sameinað sveitarfélag Skriðdalshrepps, Vallahrepps, Egilsstaðabæjar, Eiðahrepps og Hjaltastaðahrepps, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sameinað sveitarfélag Neskaupstaðar, Eskifjarðarkaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

3. Suðurkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Sameinað sveitarfélag Bæjarhrepps, Hornafjarðarbæjar, Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur, Djúpárhreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, Sameinað sveitarfélag Stokks-

eyrarhrepps, Eyrarbakkahrepps, Sandvíkurhrepps og Selfosskaupstaðar, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Sameinað sveitarfélag Grímsneshrepps og Grafningshrepps, Þingvallahreppur, Hveragerðisbær, Ölfushreppur, Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjanesbær og Vatnsleysustrandarhreppur.

4. Suðvesturkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogsbær, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

5.–6. Reykjavíkurkjördæmi vestur og austur.

Reykjavík skal skipta í tvö kjördæmi eftir því sem fyrir er mælt í 4. gr. a.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, sem orðast svo:

Í lok hvers árs skal landskjörstjórn ákveða mörk kjördæma í Reykjavík. Skulu mörkin við það miðuð að kjósendur í hvoru kjördæmi um sig að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, séu nokkurn veginn jafnmargir. Gæta skal þess, eftir því sem kostur er, að hvort kjördæmi sé sem samfelldust heild, en kjósendatala annars kjördæmisins að baki þingsæti má þó ekki fara fram úr tveimur af hundraði af samsvarandi kjósendatölu hins.

Landskjörstjórn auglýsir í B-deild Stjórnartíðinda í upphafi árs hver mörkin eru milli kjördæmanna.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þingsæti eru 63 og skiptast þannig milli kjördæma:

Norðvesturkjördæmi	9 þingsæti
Norðausturkjördæmi	11 þingsæti
Suðurkjördæmi	10 þingsæti
Suðvesturkjördæmi	11 þingsæti
Reykjavíkurkjördæmi vestur	11 þingsæti
Reykjavíkurkjördæmi austur	11 þingsæti

Í Norðvesturkjördæmi skulu vera átta kjördæmasæti og eitt jöfnunarsæti. Í Suðurkjördæmi skulu vera níu kjördæmasæti og eitt jöfnunarsæti. Í öðrum kjördæmum skulu vera níu kjördæmasæti og tvö jöfnunarsæti í hverju kjördæmi.

Þrátt fyrir það sem segir í 1. og 2. mgr. getur landskjörstjórn breytt fjölda kjördæmasæta í hverju kjördæmi í samræmi við 3. mgr. 5. gr. a.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, sem orðast svo:

Eftir hverjar alþingiskosningar skal landskjörstjórn reikna út hvort kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum skv. 2. mgr. 5. gr., séu helmingi færri í einu kjördæmi en kjósendur að baki hverju þingsæti í einhverju öðru kjördæmi, miðað við kjörskrá í nýafstöðnum kosningum, sbr. 5. mgr. 31. gr. stjskr. Ef svo er skal landskjörstjórn breyta fjölda kjördæmasæta í kjördæmum þannig að dregið verði úr þessum mun. Sú breyting má þó aldrei verða meiri en þörf krefur hverju sinni til þess að fullnægja fyrirmælum þessa stjórnarskrárákvæðis.

Landskjörstjórn auglýsir breytinguna í B-deild Stjórnartíðinda jafnskjótt og hún hefur verið gerð.

Í kjölfar breytingar á fjölda þingsæta í kjördæmum skv. 1. mgr. er landskjörstjórn heimilt að breyta mörkum kjördæma í Reykjavík í samræmi við fyrirmæli 4. gr. a.

5. gr.

Í 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott orðin: „Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi“ og „eða yfirkjörstjórnarmaður flyst búferlum úr kjördæmi“.

6. gr.

2. og 3. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Með stjórnmálasamtökum er í lögum þessum átt við samtök sem bjóða eða boðið hafa fram við alþingiskosningar. Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar, sem bornir eru fram fyrir sömu stjórnmálasamtök, eiga saman þegar jöfnunarsætum er úthlutað skv. 117. og 118. gr. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt framboð.

Ef sá sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega samkvæmt reglum stjórnmálasamtaka ber fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki vera í framboði fyrir þau.

7. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Á framboðslista skulu vera nöfn tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, sem eru fram yfir tilskilda tölu.

8. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Sérhver stjórnmálasamtök, sem boðið hafa fram, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda er landskjörstjórn úrskurðar skv. 42. gr. hverjum samtökum skuli telja þá framboðslista sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun jöfnunarsæta.

Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þeirra stjórnmálasamtaka sem meðmælendur hans óska og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

9. gr.

2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um skiptingu kjördæma skv. 4. gr. a, um breytingu á þingmannatölu kjördæma skv. 5. gr. a, um stjórnmálasamtök og framboð, viðtöku kjörgagna, úthlutun jöfnunarsæta o.s.frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga, úthlutun kjördæmasæta o.s.frv. Undirkjörstjórnir bóka um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

10. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista stjórnmálasamtaka með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi þeirra, sbr. 40. gr.

Nú hafa stjórnmálasamtök fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA..., B, BB... o.s.frv. eftir því sem við á.

11. gr.

Í stað orðanna „landsframboðum“ og „landsframboða“ í 1. mgr. 42. gr. laganna kemur: stjórnmálasamtökum, og: stjórnmálasamtaka.

12. gr.

109. gr. laganna orðast svo:

Yfirkjörstjórn skal úthluta kjördæmasætum í kjördæmi skv. 110.–111. gr.

13. gr.

110. gr. laganna orðast svo:

Í kjördæmi skal telja öll atkvæði sem hver framboðslisti hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu í kjördæmi af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal í atkvæðatölur listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta kjördæmasæti fær sá listi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað kjördæmasæti fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum kjördæmasætum og kjósa á.
3. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

Listi í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna.

14. gr.

111. gr. laganna orðast svo:

Þeir frambjóðendur einir koma til álita sem þingmenn og varaþingmenn hvers framboðslista í kjördæmi er skipa þau sæti á listanum samkvæmt kosningaúrslitum, sbr. 110. gr., þó aldrei færri en þrír efstu frambjóðendur á hverjum lista.

Til þess að finna hverjir þessara frambjóðenda hafa náð kosningu skal yfirkjörstjórn reikna þeim atkvæðatölu á þennan hátt:

Taka skal saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar á efsti frambjóðandi hvers lista jafnháa atkvæðatölu samanlagt á þeim seðlum og þeir eru margir, en hver hinna frambjóðendanna það brot af sömu atkvæðatölu að í teljara þess sé tala frambjóðenda á listanum skv. 1. mgr., að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda sem framar standa á listanum, og í nefnara þess tala frambjóðenda á listanum skv. 1. mgr. Síðan eru teknir saman þeir kjörseðlar þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð þeirra frambjóðenda sem til álita koma sem þingmenn og varaþingmenn skv. 1. mgr. og reiknuð atkvæðatala hvers þeirra eftir framangreindri reglu. Ef strikað er yfir nafn frambjóðanda telst honum ekkert atkvæði eða hluti af atkvæði á þeim kjörseðli. Ef nafn frambjóðanda er fært í sæti neðar á lista en nemur tölu frambjóðenda á listanum skv. 1. mgr. telst honum heldur ekkert atkvæði eða hluti af atkvæði á þeim kjörseðli.

Sá frambjóðandi á hverjum lista, sem fær hæsta atkvæðatölu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur 1. sæti listans. Sá frambjóðandi, sem fær næst hæsta atkvæðatölu, hlýtur

2. sætið, og þannig koll af kolli. Nú fá tveir eða fleiri frambjóðendur jafnháa atkvæðatölu og skal þá hluta um röð þeirra á listanum.

Aðrir frambjóðendur en þeir sem koma til greina sem þingmenn og varaþingmenn skv. 1. mgr. halda þeim sætum sem þeir skipa á framboðslista, án tillits til breytinga sem gerðar hafa verið á kjörseðlum.

15. gr.

112. gr. laganna orðast svo:

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina tölu kjósenda á kjörskrá og hvernig atkvæði hafa fallið á hvern framboðslista fyrir sig, svo og röð frambjóðenda á hverjum lista í samræmi við 111. gr.

Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

16. gr.

113. gr. laganna orðast svo:

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 102. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslu um atkvæðatölur til landskjörstjórnar skv. 112. gr. fyrr en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

17. gr.

114. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur Alþingi úrskurðað, eftir almennar alþingiskosningar, að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram, sbr. 128. og 129. gr., og skal þá yfirkjörstjórn endurúthluta þingsætum skv. 110. og 111. gr. ef uppkosning hefur farið fram í kjördæminu. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

18. gr.

Á eftir 114. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn: **Úthlutun jöfnunarsæta og útgáfa kjörbréfa**.

19. gr.

115. gr. laganna orðast svo:

Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar, sbr. 112. gr., skal hún koma saman til að úthluta jöfnunarsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni svo að umboðsmönnum þeirra stjórnmálasamtaka, sem boðið hafa fram, gefist kostur á að vera viðstaddir.

20. gr.

116. gr. laganna orðast svo:

Landskjörstjórn úthlutar jöfnunarsætum til stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína við nýafstaðnar alþingiskosningar eftir því sem nánar er fyrir mælt í 117.–118. gr.

21. gr.

117. gr. laganna orðast svo:

Þau stjórnmálasamtök koma ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa meira en fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Til þess að finna hve mörg jöfnunarsæti skulu koma í hlut stjórnmálasamtaka sem fullnægja skilyrðum 1. mgr. skal í fyrstu telja saman atkvæðatölur og fjölda þingmanna samtakanna, hverra um sig, kosinna í kjördæmum, skv. 110. gr.

Síðan skal fara þannig að:

1. Deila skal í atkvæðatölur hverra samtaka með tölu kjördæmasæta hjá þeim, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hver samtök.
2. Fyrsta jöfnunarsæti fá þau samtök sem hæsta útkomutölu hafa. Sú tala er síðan felld niður. Annað jöfnunarsæti fá þau samtök sem nú hafa hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið tíu jöfnunarsætum.
3. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

Samtök, sem fengið hafa jöfnunarsæti, hafa rétt til jafnmargra varaþingmanna.

22. gr.

118. gr. laganna orðast svo:

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa hlotið jöfnunarsæti skal fara þannig að:

1. Taka skal saman lista með nöfnum tveggja efstu frambjóðenda á hverjum framboðslista, að frátöldum þeim sem náð hafa kosningu sem kjördæmakjörnir þingmenn. Við hvern frambjóðanda skal skrá útkomutölu þá er sæti því sem hann skipar ber skv. 110. gr. og jafnframt hundraðstölu hennar af öllum gildum atkvæðum í kjördæminu.
2. Fyrsta jöfnunarsæti fær sá frambjóðandi þeirra stjórnmálasamtaka, sem úthlutað var því sæti, er hefur hæsta hundraðstölu. Nafn þess frambjóðanda er síðan fellt niður. Annað jöfnunarsæti fær sá frambjóðandi þeirra samtaka, sem úthlutað var því sæti, er nú hefur hæsta hundraðstölu. Þessu skal fram haldið uns jöfnunarsætum hefur verið úthlutað, sbr. þó 3. tölul.
3. Þegar lokið hefur verið að úthluta til frambjóðenda þeim jöfnunarsætum, sem úthluta skal í hverju kjördæmi skv. 2. mgr. 5. gr., skulu nöfn annarra frambjóðenda í því kjördæmi numin brott af listanum og koma þeir ekki frekar til álita við úthlutun jöfnunarsæta. Nú hafa nöfn allra frambjóðenda stjórnmálasamtaka, sem úthlutað var jöfnunarsæti skv. 117. gr., verið numin brott og skal þá í samræmi við ákvæði 2. og 3. tölul. úthluta einu jöfnunarsæti í senn til frambjóðanda þeirra samtaka sem næst stóðu því að fá úthlutað jöfnunarsæti skv. 117. gr.
4. Nú næst ekki að ljúka úthlutun jöfnunarsæta samkvæmt ákvæðum 1.–3. tölul. og eiga þau stjórnmálasamtök sem þá hafa ekki fengið fulla tölu jöfnunarsæta ekki rétt á frekari sætum, þrátt fyrir ákvæði 117, gr. Skal þá úthluta einu þingsæti í senn til þeirra stjórnmálasamtaka sem næst stóðu því að fá úthlutað jöfnunarsæti samkvæmt ákvæðum 117. gr. og beita síðan ákvæðum 1.–3. tölul. eftir því sem við á.
5. Nú eru tvær eða fleiri hundraðstölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

Varaþingmenn skulu koma af sömu framboðslistum og þeir frambjóðendur sem úthlutað hefur verið jöfnunarsætum.

23. gr.

119. gr. laganna orðast svo:

Landskjörstjórn sendir Hagstofu Íslands skýrslu um nýafstaðnar alþingiskosningar, ritaða á eyðublað sem Hagstofan lætur í té.

24. gr.

Á eftir 119. gr. laganna kemur ný grein, 119. gr. a, sem orðast svo:

Nú hefur Alþingi úrskurðað, eftir almennar alþingiskosningar, að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram, sbr. 128. og 129. gr., og skal þá landskjörstjórn úthluta jöfnunarsætum að nýju skv. 117. og 118. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

25. gr.

Á eftir 119. gr. a laganna kemur ný grein, 119. gr. b, sem orðast svo:

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmálasamtaka sem þátt hafa tekið í alþingiskosningum og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

26. gr.

Á eftir 119. gr. b laganna kemur ný grein, 119. gr. c, sem orðast svo:

Þegar landskjörstjórn hefur lokið við að úthluta jöfnunarsætum skulu yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf sem samin skulu samkvæmt fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

27. gr.

130. gr. laganna orðast svo:

Varamenn þingmanna taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 111. og 118. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni og ekki var áður varamaður.

Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

28. gr.

Á eftir 137. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn: **Breytingar á lögum þessum.**

29. gr.

Á eftir 137. gr. laganna kemur ný grein, 138. gr., sem orðast svo:

Lögum þessum verður breytt með þeim hætti sem fyrir er mælt í stjórnarskránni.

Samkvæmt 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar verður ákvæðum 4. gr. um kjördæmamörk og ákvæðum 110.–111. gr. og 117.–118. gr. um úthlutun þingsæta ekki breytt nema með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.

30. gr.

Við lögin bætast ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Verði heiti sveitarfélags, sem getið er í 4. gr., breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyri til þess kjördæmis sem það eldra eða þau eldri heyrðu til. Ef sameinuð eru tvö eða fleiri sveitarfélög, sem hvort eða hvert heyra til síns kjördæmis, skulu mörk kjördæma, sem fyrir er mælt í 4. gr., þó haldast óbreytt og miðast áfram við mörk hinna eldri sveitarfélaga eins og þau voru 1. janúar 1998.

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, verða 1. desember 2000 helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn, í samræmi við 5. gr. a, breyta fjölda þingsæta í kjördæmum frá og með 1. janúar 2001 í því skyni að draga úr þeim mun.

Fylgiskjal IV.

Hugmyndir sem falla að markmiðum nefndarinnar.

Tafla 14.

Sex kjördæmi:

a) Þrjú landsbyggðarkjördæmi.

b) Reykjanes án Suðurnesja.

c) Reykjavík skipt í tvö kjördæmi.

Kjördæmi	Kjósendur	Þingsæti (kjördæma- og jöfnunarsæti)	Kjósendur að baki þingmanni
1. Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra	22.645	5	4.529
2. Norðurland eystra og Múlasýslur	25.922	5	5.184
3. A-Skaftafellssýsla, Suðurland og Suðurnes	26.696	5	5.339
4. Reykjanes, án Suðurnesja	40.312	6	6.719
5. Reykjavík vestur	39.517	6	6.586
6. Reykjavík austur	39.516	6	6.586
Samtals	**194.608**	**33**	**5.897**

***Fyrri kostur:* Tvö atkvæði.**

Af sjálfstæðum landslistum flokkanna eru kjörnir **30 þingmenn**. Hver kjósandi hefur tvö atkvæði, eitt greitt lista í kjördæmi, annað greitt landslista:

Tvær aðferðir koma til greina við úthlutun þingsæta af landslista

1. Atkvæði í kjördæmi verði notuð til þess að úthluta kjördæmasætum. Atkvæði, greidd landslista, verði notuð til þess að úthluta sætum á landsvísu, óháð þingsætum hvers flokks í kjördæmum.
2. Atkvæði í kjördæmi verði notuð til þess að úthluta kjördæmasætum. Landslistinn er til jöfnunar milli flokka. Fundið verði út hver þingmannatala hvers flokks ætti að vera á grundvelli heildarúrslita í landinu, miðað við atkvæði greidd landslista flokksins. Frá þingmannatölunni verði dreginn sá fjöldi þingsæta, sem flokkurinn fær í kjördæmum, og þeim sætum, sem eftir standa, úthlutað af landslista.

***Síðari kostur:* Eitt atkvæði.**

Af sjálfstæðum landslistum flokkanna eru kjörnir **30 þingmenn**. Kjósandi hefur eitt atkvæði. Landslistinn er til jöfnunar milli flokka. Útreikningur miðast við atkvæðafjölda hvers flokks, en fer að öðru leyti fram skv. 2. lið að framan.

Tafla 15.

Sex kjördæmi:

a) Þrjú landsbyggðarkjördæmi.

b) Reykjanes án Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósar.

c) Reykjavík, ásamt sveitarfélögunum þremur, skipt í tvennt.

Kjördæmi	Kjósendur	Þingsæti (kjördæma- og jöfnunarsæti)	Kjósendur að baki þingmanni
1. Vesturland og Vestfirðir	15.710	6+1	2.244
2. Norðurland vestra og eystra	25.728	8+2	2.573
3. Austurland og Suðurland	23.084	8+2	2.308
4. Reykjanes, sunnan Reykjavíkur	43.735	10+2	3.645
5. Reykjavík vestur og Seltjarnarnes	43.176	10+2	3.597
6. Reykjavík austur, Mosfellsbær og Kjós	43.175	10+2	3.597
Samtals	**194.608**	**52+11**	**3.089**

★ Mesta misvægi 1:1,62.

★ Jöfnunarsæti eru 11, þar af 5 á landsbyggðinni. Fjölga mætti þingmönnum til jöfnunar milli þingflokka í landsbyggðarkjördæmum og fækka þeim að sama skapi í þéttbýliskjördæmunum til þess að auka þennan mun.

★ Skipting þéttbýliskjördæmanna gæti verið önnur.

Tafla 16.

Sjö kjördæmi:

a) Þrjú landsbyggðarkjördæmi.

b) Reykjanes án Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósar.

c) Reykjavík, ásamt Seltjarnarnesi, skipt í tvö kjördæmi.

Kjördæmi	Kjósendur	Þingsæti (kjördæma- og jöfnunarsæti)	Kjósendur að baki þingmanni
1. Mosfellsbær, Kjós, Vesturland og Vestfirðir	19.320	6+2	2.415
2. Norðurland vestra og eystra	25.728	8+2	2.573
3. Austurland og Suðurland	23.084	8+2	2.308
4. Reykjanes, sunnan Reykjavíkur	43.735	10+2	3.645
5. Reykjavík vestur og Seltjarnarnes	43.169	10+2	3.597
6. Reykjavík austur	39.572	9+2	3.597
Samtals	**194.608**	**51+12**	**3.089**

★ Mesta misvægi 1:1,57.

Tafla 17.

Kjördæmi	Kjósendur	Þingsæti (kjördæma- og jöfnunarsæti)	Kjósendur að baki þingmanni
Vesturland			
Vesturland, Vestfirðir, Vestur-Húnavatnssýsla	16.661	6+1	2.380
Norðurland			
Norðurland vestra (án Vestur-Húnavatnssýslu), Norðurland eystra (án Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar)	20.678	6+2	2.585
Austurland			
Þingeyjarsýsla austan heiðar, Austurland, Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjar	16.916	6+1	2.417
Suðurland			
Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Suðurnes	21.008	6+2	2.626
Suðvesturkjördæmi			
Reykjanes án Suðurnesja	40.312	9+2	3.665
Reykjavík vestur	39.517	9+2	3.592
Reykjavík austur	39.516	9+2	3.592
Samtals	**194.608**	**51+12**	**3.089**

★ Mesta misvægi 1:1,54.

Tafla 18.

Kjördæmi	Kjósendur	Þingsæti (kjördæma- og jöfnunarsæti)	Kjósendur að baki þingmanni
1. Vesturland og Vestfirðir	15.710	5+2	2.244
2. Norðurland vestra og Eyjafjarðarsýsla ásamt Akureyri, Dalvík og Ólafsfirði, Grýtubakkahr. og Svalbarðsstrandarhr.	21.626	6+2	2.703
3. Þingeyjarsýslur austan Vaðlaheiðar og Austurland	12.920	5+1	2.153
4. Suðurland	14.266	5+1	2.378
5. Reykjanes A, sunnan Reykjavíkur	21.868	5+1	3.644
6. Reykjanes B, sunnan Reykjavíkur	21.867	5+1	3.644
7. Reykjavík A og Seltjarnarnes	21.588	5+1	3.598
8. Reykjavík B	21.588	5+1	3.598
9. Reykjavík C	21.588	5+1	3.598
10. Reykjavík D, Mosfellsbær og Kjós	21.587	5+1	3.598
Landið allt	**194.608**	**51+12**	**3.089**

★ Mesta misvægi 1:1,69.

Fylgiskjal V.

Um staðbundna stjórnsýslu og þjónustu á vegum ríkisins.

Með bréfi forsætisráðuneytis, dags. 4. ágúst 1998, var leitað eftir upplýsingum frá öllum ráðuneytum um umdæmaskiptingu staðbundinna stjórnvalda og að hve miklu leyti hún væri miðuð við kjördæmaskiptingu landsins skv. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

Nánar tiltekið var óskað eftir að ráðuneytin létu í té upplýsingar um eftirtalið:

a. Hvaða stofnanir annist stjórnsýslu eða þjónustu í tilteknum staðbundnum umdæmum og hvernig þau umdæmi séu afmörkuð.
b. Við hvaða lög eða stjórnvaldsfyrirmæli sú skipting styðjist.
c. Umdæmi hvaða stjórnvalda væru beinlínis miðuð við kjördæmin í landinu.

Eftirfarandi samantekt er unnin upp úr svörum ráðuneytanna við framangreindri fyrirspurn.

1. Forsætisráðuneytið.

1.1 Byggðastofnun.

1.1.1 Aðalskrifstofa.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 274/1998, um Byggðastofnun, ákveður stjórn Byggðastofnunar starfsskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það er ekki gert í reglugerðinni. Í 9. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að starfsemi á aðalskrifstofu skuli skiptast í tiltekin svið, þar á meðal þróunarsvið sem sérstaklega er heimilað að staðsetja utan aðalskrifstofu hennar. Þetta svið var 1. júlí 1998 flutt til Sauðárkróks samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar.

1.1.2 Svæðisskrifstofur.

Í 9. gr. reglugerðarinnar er Byggðastofnun jafnframt heimilað að reka svæðisskrifstofur auk aðalskrifstofu stofnunarinnar og skal stjórn stofnunarinnar ákveða svæðaskiptingu á milli þeirra. Svæðisskrifstofur annast samskipti við íbúa á sínu starfssvæði og sinna auk þess sérstökum verkefnum sem forstjóri felur þeim. Slík skrifstofa er nú starfrækt á Akureyri, en skrifstofurnar á Ísafirði og Egilsstöðum hafa verið lagðar niður.

1.1.3 Atvinnuþróunarfélög.

Samkvæmt IV. kafla reglugerðarinnar getur Byggðastofnun átt aðild að atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni. Í slíkum félögum starfa sveitarfélög, samtök sveitarfélaga og launþega, atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar sem vilja taka þátt í og láta sig varða alhliða þróun og nýsköpun í atvinnulífi á viðkomandi svæði. Stærð félagssvæðis atvinnuþróunarfélaga fer eftir aðstæðum í hverju héraði.

1.1.4 Svæðisbundnar byggðaáætlanir.

Samkvæmt 12. gr. reglugerðarinnar vinnur Byggðastofnun svæðisbundnar byggðaáætlanir til fjögurra ára í senn. Þær hafa að geyma greinargerð um ástand og horfur í þróun byggðar á viðkomandi svæði og markmið sem æskileg eru talin m.t.t. þjóðhagslegrar hagkvæmni byggðar í landinu. Að jafnaði skal hver áætlun taka til svæðis sem telja má sameiginlegt atvinnusvæði.

1.1.5 Atvinnuráðgjafar.

Samkvæmt 15. gr. reglugerðarinnar skal starfa a.m.k. einn atvinnuráðgjafi í hverju kjördæmi. Hlutverk hans er að stunda almenna atvinnuráðgjöf á starfssvæði sínu.

1.1.6 Fjárhagsaðstoð.

Samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar er Byggðastofnun heimilt að veita fjárhagslega aðstoð utan höfuðborgarsvæðisins. Með höfuðborgarsvæðinu er samkvæmt reglugerðinni átt við eftirtalin sveitarfélög: Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastaðahrepp, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavík, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.

1.2 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

Forsætisráðuneytið fer með mál er varða Þingvelli og þjóðgarðinn þar. Þingvallanefnd fer með stjórn staðarins. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, eru Þingvellir og grenndin þar friðlýstur staður allra Íslendinga. Mörk hins friðlýsta lands eru að sunnan frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár, að vestan frá hærri barmi Almannagjár að Ármannsfelli, að norðan frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hlíðargjá og að austan ræður eystri bakki Hlíðargjár og Hrafnagjár takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

2. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

2.1 Héraðsdómstólar.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, eru héraðsdómstólar átta í jafnmörgum umdæmum. Umdæmin eru í lögunum skilgreind með nöfnum og mörkum þeirra sveitarfélaga sem til þeirra heyra, en afmörkun umdæmanna miðast við kjördæmaskiptingu landsins með þeirri undantekningu að Seltjarnarnesbær og Mosfellsbær heyra til umdæmis héraðsdóms Reykjavíkur. Í 42. gr. laga nr. 15/1998 er mælt fyrir um hvernig með skuli fara ef tvö eða fleiri sveitarfélög sameinast. Samkvæmt því ákvæði skal litið svo til að það sveitarfélag, sem til verður í staðinn, heyri til sama dómumdæmis og hin eldri heyrðu til, en ef þau heyrðu hvort eða hvert til síns dómumdæmis skuli dómsmálaráðherra ákveða með reglugerð undir hvaða umdæmi hið nýja sveitarfélag skuli heyra þar til annarri skipan hefur verið komið á með lögum.

2.2 Stjórnsýsluumdæmi sýslumanna.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, sbr. 36. gr. laga nr. 15/1998, fara sýslumenn, hver í sínu umdæmi með lögreglustjórn, tollstjórn, innheimtu opinberra gjalda og aðra stjórnsýslu ríkisins þar eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Fram til gildistöku laga nr. 92/1989 1. júlí 1992 sátu sýslumenn yfir landfræðilegum sýslum og bæjarfógetar í bæjum með kaupstaðarréttindi en borgarfógeti í Reykjavík. Með gildistöku laga nr. 92/1989 var landinu hins vegar skipt í 27 stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 92/1989, sbr. 36. gr. laga nr. 15/1998, er aðsetur sýslumanna og stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins í Reykjavík bundið í lög, en stjórnsýsluumdæmi annarra sýslumanna ákveðin með reglugerð. Um þau gilda nú reglugerðir nr. 57/1992, nr. 500/1996 og nr. 74/1998 og eru mörk og heiti sveitarfélaga notuð til að skilgreina umdæmin. Að mestu leyti eru þau byggð á sýslumörkum og umdæmum bæjarfógeta eftir eldri skipan en ýmis frávik eru þó frá því. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 92/1989, sbr. 36. gr. laga nr. 15/1998, má ekki fækka umdæmum eða ný upp taka, nema með lögum.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 92/1989, sbr. 36. gr. laga nr. 15/1998, er verkum þannig skipt í stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins í Reykjavík að lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn, þar á meðal útlendingaeftirlit, og tollstjórinn í Reykjavík með tollstjórn, innheimtu tekna ríkissjóðs og lögskráningu skipshafna, en sýslumaðurinn í Reykjavík fer með önnur störf sem sýslumönnum eru falin með lögum og reglugerðum.

3. Félagsmálaráðuneytið.

3.1 Málefni fatlaðra.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, er landinu skipt í starfssvæði málefna fatlaðra og skal svæðaskiptingin fara eftir kjördæmaskipan.

3.2 Vinnumálastofnun.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, skal landið vera eitt vinnusvæði en svæðisvinnumiðlanir starfa á ákveðnum svæðum. Félagsmálaráðherra ákveður umdæmi þeirra og staðsetningu að fengnum tillögum stjórnar Vinnumálastofnunar. Í 5. gr. draga að reglugerð um vinnumarkaðsaðgerðir er gert ráð fyrir að svæðisvinnumiðlanir verði átta talsins og umdæmi þeirra dregin í samræmi við mörk kjördæma með eftirtöldum frávikum:

- Mörk vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins og svæðisvinnumiðlunar Suðurnesja eru dregin um Straum sunnan Hafnarfjarðar.
- Reykhólahreppur nýtur þjónustu frá svæðisvinnumiðlun Vesturlands í stað Vestfjarða.

Í 16. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, er gert ráð fyrir að í hverju umdæmi svæðisvinnumiðlunar starfi úthlutunarnefnd, sem tekur ákvörðun um bótarétt og fjárhæð bóta samkvæmt þeim lögum.

3.3 Vinnueftirlit ríkisins.

Samkvæmt 73. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, skal eftirlit með þessum þáttum vera í höndum sérstakrar stofnunar er nefnist Vinnueftirlit ríkisins. Samkvæmt 5. mgr. þeirrar greinar skal ráðherra setja reglur um skiptingu landsins í eftirlitsumdæmi að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar.

Á vefsetri stofnunarinnar kemur fram að hún starfar í átta umdæmum er virðast fylgja kjördæmamörkunum að undanskildu höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

3.4 Sveitarfélög.

Í 31. gr. stjórnarskrárinnar eru kjördæmin að hluta skilgreind með nöfnum og mörkum þeirra sveitarfélaga er til hvers kjördæmis heyra. Mörk sveitarfélaganna falla alls staðar að mörkum kjördæmanna, nema í Reykjavík þar sem Kjalarneshreppur tilheyrir enn Vesturlandskjördæmi.

4. Fjármálaráðuneytið.

4.1 Skattumdæmi.

Samkvæmt 85. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru skattumdæmi níu talsins og virðast þau fylgja kjördæmum með því fráviki að Vestmannaeyjakaupstaður myndar eitt skattumdæmi. Skilgreining umdæmanna skv. 85. gr. virðist hins vegar byggjast á eldri skiptingu landsins í sýslur og bæjarfógetaumdæmi, en afmörkun þeirra liggur ekki fyrir í gildandi lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

4.2 Fasteignamat ríkisins.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneyti heldur Fasteignamat ríkisins uppi svæðisbundnu starfi, sem ákveðið er af fjármálaráðherra á grundvelli laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna. Svæðisskrifstofur fasteignamatsins munu vera óháðar kjördæmaskipaninni.

4.3 Innheimtumenn ríkissjóðs.

Sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík eru innheimtumenn ríkissjóðs og taka fyrirmælum fjármálaráðherra hvað innheimtumál varðar. Gerð er grein fyrir stjórnsýsluumdæmum sýslumanna í kafla 2.2.

5. Hagstofa Íslands.

5.1 Þjóðskrá.

Þjóðskrá annast almannaskráningu samkvæmt lögum nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu, og lögum nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta, með síðari breytingum. Almannaskráning þjóðskrárinnar miðar einkum við sveitarfélög sem umdæmi en jafnframt við sóknir, eftir því sem við á.

5.2 Hagskýrslur.

Í hagskýrslum eru víða dregnar saman tölur eftir landshlutum sem að mestu fylgja kjördæmum. Stundum hefur þó verið beitt annarri skiptingu á suðvesturhorni landsins þannig að miðað hefur verið við höfuðborgarsvæði og Suðurnes í stað Reykjavíkur og Reykjaness. Þá bendir hagstofan á að breyting á mörkum kjördæma kunni að valda því að tímaraðir rofni í hagskýrslum þannig að tímabil fyrir og eftir breytingu verði ekki sambærileg.

6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

6.1 Heilbrigðisþjónusta.

Heilbrigðisþjónusta er veitt í læknishéruðum sem mörkuð eru í 6. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með sama hætti og kjördæmin í 31. gr. stjórnarskrárinnar.

6.2 Héraðslæknar.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, skipar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra héraðslækna í Reykjavík, Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði. Jafnframt er ráðherra heimilt að skipa héraðslækna í öðrum héruðum sé það talið nauðsynlegt.

6.3 Heilbrigðismálaráð.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, skal starfa heilbrigðismálaráð í hverju læknishéraði. Um starfsemi heilbrigðismálaráða gildir reglugerð nr. 225/1978, um heilbrigðismálaráð, með síðari breytingum.

6.4 Héraðshjúkrunarfræðingar.

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, skal héraðshjúkrunarfræðingur starfa með héraðslæknum þar sem þeir eru.

6.5 Heilsugæslustöðvar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, skulu heilsugæslustöðvar starfræktar í læknishéruðum. Héruðunum skal skipt í heilsugæsluumdæmi sem tiltekin eru í 2.–9. mgr. 14. gr. sl. Jafnframt er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra heimilt að breyta skiptingu í heilsugæsluumdæmi, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæða þeirra með reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

6.6 Sjúkrahús.

Ekki er í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, fjallað um umdæmaskipta þjónustu sjúkrahúsa á sama hátt og gildir um þjónustu heilsugæslustöðva. Hins vegar eru í dag á þremur stöðum á landinu starfrækt sjúkrahús sem ætlað er að sinna viðkomandi landsfjórðungum, þ.e. Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað.

Þá ber að geta þess að í 3. mgr. 24. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, er kveðið á um að samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykavík fari með verkefni heilbrigðismálaráðs Reykjavíkurlæknishéraðs.

6.7 Málefni aldraða.

Í 5. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraða, er kveðið á um að stjórnir heilsugæslustöðva og félagsmálaráð í sveitarfélögum á starfssvæði heilsugæslustöðvar tilnefni fulltrúa í sérstaka undirnefnd, öldrunarnefnd. Þá segir í 6. gr. laganna að á starfssvæði hverrar öldrunarnefndar skuli starfa þjónustuhópur aldraðra og að þar sem heilsugæslustöðvar séu fleiri en ein í sama sveitarfélagi geti sveitarstjórn ákveðið að heilsugæslustöðvar sameinist um þjónustuhóp aldraðra. Í 15. gr. laga um málefni aldraða segir að í hverju sveitarfélagi skuli reka heimaþjónustu fyrir aldraða. Eftir því sem kostur er skuli sveitarfélög þau sem standa saman að öldrunarnefnd sameinast um rekstur heimaþjónustu aldraðra á starfssvæðinu.

Á grundvelli laga nr. 82/1989 hafa verið settar reglugerðir þar sem tiltekin þjónusta við aldraða er skilgreind nánar og byggð á umdæmaskiptingu samkvæmt reglugerð nr. 45/1990, með síðari breytingum, um dagvist aldraðra. Þar er þjónustan byggð á skiptingu í Reykjavíkurhérað, Reykjaneshérað, Vesturlandshérað, Vestfjarðahérað, Norðurlandshérað eystra og Suðurlandshérað. Byggt er á sömu skiptingu í reglugerð um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, nr. 47/1990, með síðari breytingum.

6.8 Tryggingastofnun ríkisins.

Kveðið er á um starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins í 8. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð. Í 8. gr. segir að aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins séu í Reykjavík en að utan Reykjavíkur skuli Tryggingastofnun hafa umboðsskrifstofur og fari um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun tryggingaráðs. Það fyrirkomulag sem nú er við lýði byggir á því að afgreiðslur Tryggingastofnunar séu hjá sýslumannsembættum um land allt og er í meginatriðum í fullu samræmi við skiptingu í umdæmi sýslumanna. Þó eru á því nokkrar undantekningar, einkum sú að aðalskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins í Reykjavík sinnir umbjóðendum sem búsettir eru í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi.

Þá segir í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 117/1993 að í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki eru starfræktar umboðsskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins, skuli sveitarstjórn í samráði við tryggingaráð tilnefna sérstakan trúnaðarmann. Í dag eru engir slíkir trúnaðarmenn starfandi

enda er þjónusta Tryggingastofnunar veitt íbúum í öllum sveitarfélögum hjá viðkomandi sýslumannsembættum.

6.9 Sóttvarnir.

Í 11. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, segir að heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda, samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, og dýralæknar skuli tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Um svæðisskiptingu heilbrigðisnefnda er kveðið í 11. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6.10 Tóbaksvarnir.

Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, sbr. lög nr. 101/1996, er kveðið á um að heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafi eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgist með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laganna um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks. Um svæðisskiptingu heilbrigðisnefnda er fjallað í 11. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6.11 Áfengis- og vímuvarnir.

Þann 1. júlí 1998 öðluðust gildi lög nr. 76/1998, um áfengis- og vímuvarnaráð, sem m.a. mun taka við starfsemi sem nú er innt af hendi af hálfu áfengisvarnaráðs og áfengisvarnanefnda sem upphaflega voru starfræktar í öllum hreppum og kaupstöðum landsins. Með nýjum áfengislögum, nr. 75/1998, eru áfengisvarnaráð og áfengisvarnanefndir lagðar niður frá og með 1. janúar 1999, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögunum. Því þykir ekki ástæða til þess að geta þeirrar skiptingar sem gildir til áramóta varðandi starf áfengisvarnanefnda, sbr. nú reglugerðir nr. 241/1970, nr. 121/1971 og 595/1982.

7. Iðnaðarráðuneytið.

Undir iðnaðarráðuneytið heyra Einkaleyfastofan, Iðntæknistofnun Íslands, Löggildingarstofa, Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Allar þessar stofnanir, nema Rafmagnsveitur ríkisins, starfa óháð umdæmaskiptingu á landinu öllu.

7.1 Rafmagnsveitur ríkisins.

Samkvæmt 61. gr. orkulaga nr. 58/1967 hafa Rafmagnsveitur ríkisins það verkefni með höndum, annaðhvort einar sér eða í samvinnu við önnur fyrirtæki, að framleiða, dreifa og selja raforku, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu á tilteknu orkuveitusvæði, enda gegni önnur héraðsrafmagnsveita ekki því hlutverki. Héraðsrafmagnsveiturnar eru: Rafmagnsveita Reykjavíkur, Rafveita Hafnarfjarðar, Hitaveita Suðurnesja, Akranesveita, Rafveita Reyðarfjarðar, Bæjarveitur Vestmannaeyja, Selfossveitur og Veitustofnanir Hveragerðis. Byggir skiptingin á orkulögum, nr. 58/1967, og lögum eða reglugerðum um einstakar veitur.

8. Landbúnaðarráðuneytið.

8.1 Dýralæknar.

Samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, er landinu skipt í umdæmi og vaktsvæði héraðsdýralækna. Umdæmin eru 14 og taka í megindráttum mið af eldri sýsluskipan, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 66/1998:

1. Gullbringu- og Kjósarumdæmi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Akranes, Borgarbyggð.
3. Snæfellsnesumdæmi: Stykkishólmur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Hnappadalssýsla, Flatey og býli í gamla Flateyjarhreppi, Skógarstrandarhreppur.
4. Dalaumdæmi: Dalabyggð, Saurbæjarhreppur, Austur-Barðastrandarsýsla, að undanskilinni Flatey og býlum í Flateyjarhreppi hinum gamla.
5. Vestfjarðaumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla, Ísafjörður, Bolungarvík, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla að Bæjarhreppi.
6. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla, Bæjarhreppur í Strandasýslu.
7. Austur-Húnaþingsumdæmi: Blönduós, Austur-Húnavatnssýsla.
8. Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Dalvík, Siglufjörður, Sauðárkrókur, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslur, Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppar í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. Þingeyjarumdæmi: Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla, að undanskildum Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppum, Norður-Þingeyjarsýsla.
10. Austurlandsumdæmi nyrðra: Egilsstaðir og nágrenni, Eskifjörður, Mjóifjörður, Neskaupstaður, Reyðarfjörður, Seyðisfjörður, Norður-Múlasýsla.
11. Austurlandsumdæmi syðra: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur.
12. Austur-Skaftafellsumdæmi: Hornafjarðarbær, Austur-Skaftafellssýsla.
13. Vestur-Skaftafellsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, að undanskildum Mýrdalshreppi.
14. Suðurlandsumdæmi: Árnes- og Rangárvallasýslur, Mýrdalshreppur.

Vaktsvæðin eru hins vegar 15, sbr. 12. gr. laga nr. 66/1998:

1. Gullbringu- og Kjósarumdæmi.
2. Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi.
3. Snæfellsnesumdæmi.
4. Dalaumdæmi.
5. Vestfjarðaumdæmi.
6. Austur- og Vestur-Húnaþingsumdæmi.
7. Skagafjörður og Siglufjörður.
8. Eyjafjörður, Dalvík og Ólafsfjörður.
9. Þingeyjarumdæmi.
10. Austurlandsumdæmi nyrðra.
11. Austurlandsumdæmi syðra.
12. Austur-Skaftafellsumdæmi.
13. Vestur-Skaftafellsumdæmi.
14. Rangárvallasýsla og Mýrdalshreppur.
15. Árnessýsla.

8.2 Jarðanefndir.

Samkvæmt 4. gr. jarðalaga nr. 65/1976, með síðari breytingum, skal jarðanefnd starfa í hverri sýslu samkvæmt eldri sýsluskipan. Samkvæmt 5. gr. sl. er hlutverk jarðanefnda að vera sveitarstjórnum til aðstoðar við framkvæmd jarðalaga með því að 1) fylgjast með eigendaskiptum og öðrum ráðstöfunum fasteigna samkvæmt nánari fyrirmælum laganna, 2) gera tillögur um úthlutun landsvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða einstaklinga og

orlofshúsa stéttarfélaga og til almennrar útivistar ef sóst er eftir landi í því skyni, 3) fylgjast með því, að sveitarstjórn gæti ákvæða gildandi laga um mannvirkjagerð í sveitum, töku hvers konar jarðefna og stuðla að góðri umgengni lands og mannvirkja og 4) að gæta þess, ásamt sveitarstjórnum, að búseta á jörðum sé í samræmi við ákvæði ábúðarlaga, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

9. Menntamálaráðuneytið.

9.1 Minjasvæði.

Samkvæmt 45. gr. reglugerðar nr. 334/1998, um þjóðminjavörslu, er landinu skipt í minjasvæði sem hér segir:

1. Vestursvæði sem nær frá Botnsá í Hvalfirði að vesturmörkum Strandasýslu.
2. Norðursvæði vestra sem nær frá vesturmörkum Strandasýslu að vesturmörkum Eyjafjarðarsýslu að Siglufjarðarkaupstað meðtöldum.
3. Norðursvæði eystra sem nær frá vesturmörkum Eyjafjarðarsýslu og austurmörkum Siglufjarðarkaupstaðar að norðurmörkum Norður-Múlasýslu.
4. Austursvæði sem nær frá norðurmörkum Norður-Múlasýslu að austurmörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
5. Suðursvæði sem nær frá austurmörkum Vestur-Skaftafellssýslu að austurmörkum Gullbringusýslu.
6. Reykjanessvæði sem nær frá austurmörkum Gullbringusýslu að Botnsá í Hvalfirði að Reykjavíkursvæði undanskildu.
7. Reykjavíkursvæði sem nær yfir Reykjavík að Kjalarnesi meðtöldu.

Samkvæmt 47. gr. reglugerðarinnar skal að jafnaði starfa einn minjavörður á hverju minjasvæði og skal hann, í samráði við útiminjavörð Þjóðminjasafns Íslands, hafa umsjón með menningarminjum, skráningu og eftirliti fornleifa og gamalla bygginga og vera byggða- og minjasöfnum svæðisins til ráðuneytis og aðstoðar. Minjaverðir eru jafnframt tengiliðir milli Þjóðminjasafns og byggðasafna á hverju minjasvæði og skulu stuðla að góðu samstarfi milli þessara aðila. Samkvæmt 49. gr. reglugerðarinnar skal jafnframt starfa minjaráð á hverju minjasvæði sem, auk minjavarðar, er skipað forstöðumönnum viðurkenndra byggðasafna á svæðinu. Hlutverk minjaráðs er að samhæfa starfsemi byggðasafna, eftir því sem við verður komið, og vera minjaverði til ráðuneytis um varðveislu þjóðminja á svæðinu.

9.2 Bókasafnsumdæmi.

Samkvæmt lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn, er gert ráð fyrir að landinu verði skipt í bókasafnsumdæmi samkvæmt ákvæðum í reglugerð. Sú reglugerð hefur ekki enn verið sett.

9.3 Grunnskólar.

Samkvæmt lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, er sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára.

10. Samgönguráðuneytið.

10.1 Ferðamálaráð Íslands.

Ferðamálaráð hefur aðalskrifstofu í Reykjavík. Önnur skrifstofa er starfrækt á Akureyri. Báðar skrifstofurnar sinna verkefnum á landsvísu. Þjónusta ferðamálaráðs er því ekki umdæmaskipt.

10.2 Siglingastofnun Íslands.

Siglingastofnun er með þjónustu um allt land. Þjónusta hafna- og vitasviðs er rekin frá aðalskrifstofu í Kópavogi, en skipaskoðunarsvið rekur fimm umdæmisskrifstofur eða útibú á eftirtöldum stöðum: 1) Á Ólafsvík þar sem einn maður annast um Vesturland norðan Akraness, 2) á Ísafirði þar sem einn maður annast um Vestfirði, 3) á Akureyri þar sem tveir menn sjá um Norðurland vestra og eystra, 4) á Fáskrúðsfirði þar sem tveir menn sjá um Austurland og 5) í Vestmannaeyjum þar sem einn maður starfar. Aðalskrifstofa í Kópavogi þjónustar svæðið frá Þorlákshöfn til Akraness. Þessi skipting mun hvorki styðjast við lög né stjórnvaldsfyrirmæli.

10.3 Póst- og fjarskiptastofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur aðalskrifstofu í Kópavogi og allir starfsmenn stofnunarinnar hafa aðsetur þar. Einkaaðilar úti á landi annast hins vegar skoðun á fjarskiptabúnaði skipa í umboði stofnunarinnar.

10.4 Flugmálastjórn Íslands.

Flugmálastjórn hefur um langt árabil skipt flugvöllum landsins í fjögur umdæmi. Umdæmin eru Suður- og Suðvesturlandsumdæmi sem nær frá Fagurhólsmýri að Rifi á Snæfellsnesi, Vestfjarðaumdæmi sem nær yfir alla Vestfirði og Strandir, Norðurlandsumdæmi sem nær frá Húnavatnssýslum austur í Þingeyjarsýslur og Austfjarðaumdæmi sem nær frá Vopnafirði til Hornafjarðar. Í hverju umdæmi starfar einn umdæmisstjóri sem ber ábyrgð á rekstri flugvalla innan síns umdæmis. Starfsemi stofnunarinnar skiptist að öðru leyti ekki eftir landshlutum. Skipting umdæmanna tekur mið af samgönguleiðum frá umdæmisskrifstofunum sem eru á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Skipulag umdæmanna mun hafa verið staðfest af samgönguráðherra þegar því var komið á og gefið út í starfsreglum, en styðst ekki við fyrirmæli í lögum.

10.5 Vegagerðin.

Vegagerðin annast viðhald þjóðvega og fer með stjórnsýslu sem því fylgir. Vegagerðin skiptir landinu í vegagerðarumdæmi. Þau eru sjö talsins og fylgja í öllum aðalatriðum kjördæmaskiptingu landsins. Reykjavík og Reykjanes eru þó eitt vegagerðarumdæmi. Skiptingin styðst ekki við lög, en áætlanagerð Alþingis í vegamálum þykir hafa stuðlað að því að umdæmaskipting Vegagerðarinnar fylgdi kjördæmaskipaninni.

11. Sjávarútvegsráðuneyti.

Öll eiginleg stjórnsýsla á verkefnasviði sjávarútvegsráðuneytis nær til landsins alls og er almennt ekki umdæmis- eða svæðisbundin. Engin stjórnsýsla eða þjónusta á verkefnasviði sjávarútvegsráðuneytis er því miðuð við *kjördæmin.*

11.1 Fiskistofa.

Fiskistofa hefur veiðieftirlitsmenn staðsetta utan höfuðstöðva sinna á Ísafirði vegna Vestfjarða, á Akureyri vegna Norðurlands frá og með Skagafirði til og með Vopnafirði, á Eskifirði vegna Austurlands frá og með Borgarfirði til og með Höfn í Hornafirði og í Vestmannaeyjum vegna eftirlits þar. Staðsetning veiðieftirlitsmannanna utan höfuðstöðvanna í Reykjavík og verkefni þeirra, þar á meðal landfræðilegt umfang eftirlitssvæða, eru ákveðin af Fiskistofu og eru ekki lögbundin á neinn hátt.

11.2 Hafrannsóknastofnunin.

Hafrannsóknarstofnunin starfrækir útibú utan höfuðstöðva sinna í Reykjavík á Snæfellsnesi, á Ísafirði, á Akureyri, á Hornafirði og í Vestmannaeyjum og rekur auk þess tilraunastöð á Reykjanesi. Útibúin sinna svæðisbundnum rannsóknarverkefnum og þjónustu við aðila er að sjávarútvegi vinna á nærliggjandi landsvæði en um eiginlega umdæmaskiptingu eða svæðisbundna afmörkun er ekki að ræða. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. 1. gr. laga nr. 72/1984, er starfræksla útibúanna utan Reykjavíkur ákveðin af ráðherra og Alþingi að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar.

11.3 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur útibú á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum. Útibúin sinna svæðisbundnum rannsóknarverkefnum og þjónustu við aðila er að sjávarútvegi vinna á nærliggjandi landsvæði en um eiginlega umdæmaskiptingu eða svæðisbundna afmörkun er ekki að ræða. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, starfrækir stofnunin og kostar rannsóknarstofur utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins.

12. Umhverfisráðuneytið.

12.1 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.

Starfar samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Lögin taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólmum og kvíslum allt að ósi árinnar við Skjálfanda ásamt 200 metra breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin. Sérstök stjórn stýrir stöðinni.

12.2 Hreindýraráð.

Starfsemi hreindýraráðs, sem starfar skv. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, er í eðli sínu staðbundin í samræmi við veiðisvæði hreindýra sem öll eru í Austurlandskjördæmi.

12.3 Heilbrigðisnefndir.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, starfa 10 heilbrigðisnefndir í landinu á jafnmörgum eftirlitssvæðum, er miðast við kjördæmin að öðru leyti en því að Reykjaneskjördæmi er skipt í þrennt: 1) Suðurnesjasvæði tekur til Reykjanesbæjar, Grindavíkurkaupstaðar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps, 2) Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði tekur til Hafnarfjarðarkaupstaðar, Bessastaðahrepps, Garðabæjar og Kópavogsbæjar og 3) Kjósarsvæði tekur til Seltjarnarneskaupstaðar, Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps. Heilbrigðisnefndir og starfsmenn þeirra, heilbrigðisfulltrúar, starfa á vegum sveitarfélaganna.

12.4 Náttúrustofur.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er umhverfisráðherra heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi. Samkvæmt 10. gr. geta héraðsnefndir, sveitarfélög og aðrir heimaaðilar átt og rekið náttúrustofur með stuðningi ríkisins. Þegar hafa tekið til starfa Náttúrustofa Austurlands í Neskaupstað, Náttúrustofa Suðurlands í Vestmannaeyjum og Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík. Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi tekur til starfa um eða upp úr ára-

mótum og Náttúrustofa Norðurlands vestra á Sauðárkróki væntanlega á miðju næsta ári. Allar stofurnar eru eða verða reknar á vegum sveitarfélaganna.

13. Utanríkisráðuneytið.

13.1 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

Umdæmi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli eru svæði á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði og varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til. Þau eru sýnd á uppdrætti er fylgir reglugerð nr. 57/1992, um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Embættið starfar samkvæmt lögum nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, sbr. 36. gr. laga nr. 15/1998, og lögum nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl. Sýslumaður skal einnig fara í embættissýslan sinni samkvæmt öðrum lögum og reglugerðum er snerta kunna embættið eða einstaka verkefni þess eftir því sem við getur átt og aðstæður þykja leyfa hverju sinni.

13.2 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar.

Hlutverk flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar er stjórn og rekstur Keflavíkurflugvallar í samvinnu við varnarliðið, rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og flugstöðvarsvæðis. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli starfar samkvæmt lögum nr. 119/1950, um stjórn flugmála, og reglum um skipulag flugmála á Keflavíkurflugvelli settum samkvæmt þeim lögum. Umdæmi flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli afmarkast af svæði Keflavíkurflugvallar, sbr. reglugerð um vegabréf, nr. 81/1990, um takmörkun umferðar og dvalar á svæði Keflavíkurflugvallar, enn fremur flugstöðvarsvæðið, sbr. deiliskipulag undirritað af utanríkisráðherra 25. mars 1997.

13.3 Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli.

Fríhöfnin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar starfar á grundvelli tollalaga nr. 55/1987, um tollvörugeymslur o.fl., og reglugerð settri á grundvelli þeirra laga nr. 95/1981, um tollfrjálsar verslanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

13.4 Umsýslustofnun varnarmála.

Umsýslustofnun varnarmála starfar á vegum utanríkisráðuneytisins og í umboði þess, með sérgreindan fjárhag og reikningshald. Heimili og varnarþing stofnunarinnar skal vera á Suðurnesjum, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 227/1995, um Umsýslustofnun varnarmála. Umdæmi umsýslustofnunarinnar er ekki sérstaklega tilgreint í reglugerðinni. Af hlutverki stofnunarinnar leiðir þó að starfsemi hennar er bæði innan og utan varnarsvæðanna, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.

13.5 Ratsjárstofnun.

Ratsjárstofnun annast rekstur ratsjárkerfis, sem íslensk stjórnvöld starfrækja eða láta starfrækja í þágu varna landsins á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 og viðbótarsamninga við þann samning sem gerðir hafa verið eða gerðir kunna að verða. Ratsjárstofnun annast rekstur ratsjárstöðva á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Stokksnesi og Miðheiði.

14. Viðskiptaráðuneytið.

Undir ráðuneytið heyra Seðlabanki Íslands og Vátryggingaeftirlitið. Starfsemi þeirra er ekki umdæmaskipt.

Fylgiskjal VI.

Sögulegt yfirlit.

I. Kjördæmaskipun og kosningarréttur.

(Byggt á samantekt í Alþingismannatali 1995.)

Í tilskipun, sem Kristján VIII. Danakonungur gaf út 8. mars 1843, var kveðið svo á að Ísland skyldi fá út af fyrir sig ráðgjafarsamkomu sem ætti að nefnast Alþingi. Skyldi það skipað **20 þjóðkjörnum þingmönnum**, einum fyrir kaupstaðinn Reykjavík og einum úr hverri sýslu landsins eða lögsagnarumdæmi. Jafnframt tilskildi konungur sér eftir kringumstæðunum að nefna allt að sex embættismenn landsins, tvo andlega og fjóra veraldlega, til setu á Alþingi. Kjörtími alþingismanna skyldi vera 6 ár.

Kjördæmi þjóðkjörinna þingmanna voru þessi:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Reykjavík.
3. Borgarfjarðarsýsla.
4. Mýrasýsla (og Hnappadalssýsla til 1871, er hún var lögð til Snæfellsnessýslu).
5. Snæfellsnessýsla.
6. Dalasýsla.
7. Barðastrandarsýsla.
8. Ísafjarðarsýsla.
9. Strandasýsla.
10. Húnavatnssýsla.
11. Skagafjarðarsýsla.
12. Eyjafjarðarsýsla.
13. Suður-Þingeyjarsýsla.
14. Norður-Þingeyjarsýsla.
15. Norður-Múlasýsla.
16. Suður-Múlasýsla.
17. Skaftafellssýsla.
18. Vestmannaeyjasýsla.
19. Rangárvallasýsla.
20. Árnessýsla.

Kosningarréttur var bundinn því að menn ættu hið minnsta 10 hundraða jörð að dýrleika eða múr- eða timburhús í Reykjavík eða öðrum verslunarstað sem metið væri til 1.000 ríkisdala að minnsta kosti eða hefðu lífstíðarábúð á jörð sem metin væri til 20 hundraða. Einnig skyldu menn hafa náð 25 ára aldri og hafa óflekkað mannorð.

Kjörgengi var bundið sömu eignarskilyrðum og kosningarréttur, en menn skyldu hafa náð 30 ára aldri.

Gert var ráð fyrir að þingmenn yrðu 26 og varamenn þeirra skyldu vera jafnmargir. Þó kom á daginn að einn skorti á þá tölu sökum þess að enginn Vestmanneyingur var tækur á kjörskrá. Hélst svo til ársins 1857 en þá voru skilyrði til kosningarréttar rýmkuð.

Til þjóðfundarins 1851 var kosið eftir sérstökum lögum. Tveir fulltrúar voru kosnir í hverju kjördæmi og rýmkað um kosningarrétt og kjörgengi.

Árið 1857 var Skaftafellssýslu skipt í tvö kjördæmi. Alþingismenn voru því 27 á tímabilinu 1859–1873.

Með stjórnarskránni 1874 var þingmönnum **fjölgað í 36**. Þinginu var skipt í deildir, 12 áttu sæti í efri deild, allir konungkjörnu þingmennirnir og jafnmargir þjóðkjörnir, en 24 voru í neðri deild. Varamenn voru engir. Fjölgun þjóðkjörinna þingmanna um 9 var hagað þannig að stofnuð voru 9 tvímenningskjördæmi úr einmenningskjördæmum. Þau voru:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Ísafjarðarsýsla.
3. Húnavatnssýsla.
4. Skagafjarðarsýsla.
5. Eyjafjarðarsýsla.
6. Norður-Múlasýsla.
7. Suður-Múlasýsla.
8. Rangárvallasýsla.
9. Árnessýsla.

Þingeyjarsýslur og Skaftafellssýslur urðu hvorar um sig tvímenningskjördæmi en var aftur breytt í einmenningskjördæmi 1877.

Árið 1902 var Ísafjarðarsýslu skipt í tvö kjördæmi: Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu.

Árið 1903 var þjóðkjörnum þingmönnum fjölgað um fjóra. Reykjavík varð tvímenningskjördæmi og þrjú ný kjördæmi: Ísafjarðarkaupstaður, Akureyrarkaupstaður og Seyðisfjarðarkaupstaður, fengu einn þingmann hvert. Kosningarréttur var rýmkaður. Karlmenn, sem voru ekki öðrum háðir sem hjú, hlutu kosningarrétt ef þeir greiddu fjórar krónur í útsvar. Kjörgengisaldur var lækkaður í 25 ár.

Árið 1915 var konungkjör alþingismanna fellt niður. Í stað þess kom landskjör 6 þingmanna og 6 varamanna þeirra, hlutfallskosning. Kosningaaldur og kjörgengi við landskjörið var 35 ár. Kjörtímabilið var 12 ár, þrír hinna fyrst kjörnu skyldu þó ljúka tímabili sínu eftir hlutkesti að 6 árum liðnum og síðan kosið um þrjá á 6 ára fresti. Árið 1920 var kjörtíminn styttur í 8 ár.

Kosningarréttur var rýmkaður verulega 1915. Konur fengu kosningarrétt og allir þeir sem orðnir voru 25 ára og skulduðu ekki þeginn sveitarstyrk. Hinir nýju kjósendur áttu þó ekki að fá réttinn þegar í stað, aðeins þeir sem voru orðnir 40 ára, síðan skyldi færa aldursmarkið árlega niður um eitt ár. Þær takmarkanir voru felldar niður 1920.

Árið 1920 var kjörtímabil þjóðkjörinna þingmanna stytt úr 6 árum í 4 ár. Þingmönnum Reykjavíkur var þá fjölgað úr tveimur í fjóra og skyldu kosnir hlutfallskosningu.

Árið 1922 var Húnavatnssýslu skipt í tvö kjördæmi og **árið 1928** varð Hafnarfjörður sérstakt kjördæmi og Gullbringu- og Kjósarsýsla annað, hvort um sig með einn þingmann. Kom sú skipting til framkvæmda við næstu kosningar, 1931.

Árið 1934 var landskjör alþingismanna lagt niður og þjóðkjörnum þingmönnum fjölgað úr 36 í 38, tveimur bætt við í Reykjavík. Auk þess skyldi úthlutað allt að **11 þingsætum til jöfnunar milli þingflokka** svo að hver þeirra hefði þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Í þau sæti var 11 frambjóðendum, sem hlutu ekki kosningu í kjördæmum, raðað eftir ákveðnum reglum og þingmennirnir nefndir landskjörnir. Þingmenn voru þá orðnir 49 alls. Kosningarréttur og kjörgengi var fært niður í 21 árs aldur og skuld fyrir þeginn sveitarstyrk svipti menn ekki lengur kosningarrétti.

Árið 1942 var þingmönnum fjölgað um þrjá, tvo í Reykjavík, urðu átta, og einn á Siglufirði sem þá varð sérstakt kjördæmi. Voru þingmenn þá orðnir 52. Auk Reykjavíkur, sem hafði haft hlutfallskosningar síðan 1920 og kjörna varaþingmenn síðan 1934, voru teknar

upp hlutfallskosningar og kjör varaþingmanna í tvímenningskjördæmum (annar þingmaður í þessum kjördæmum, sex þingmenn, voru kallaðir „steiktar gæsir").

Kjördæmaskipun þessi og þingmannatala hélst óbreytt fram á árið 1959, en á því ári lauk tímabili einmenningskjördæma. Þingmenn þeirra, 21 alls, höfðu enga varamenn, hins vegar voru varamenn fyrir átta þingmenn Reykjavíkur, tólf þingmenn í tvímenningskjördæmum og ellefu landskjörna þingmenn, 31 alls.

Einmenningskjördæmin voru:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Hafnarfjörður.
3. Borgarfjarðarsýsla.
4. Mýrasýsla.
5. Snæfellsnessýsla.
6. Dalasýsla.
7. Barðastrandarsýsla.
8. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
9. Ísafjörður.
10. Norður-Ísafjarðarsýsla.
11. Strandasýsla.
12. Vestur-Húnavatnssýsla.
13. Austur-Húnavatnssýsla.
14. Siglufjörður.
15. Akureyri.
16. Suður-Þingeyjarsýsla.
17. Norður-Þingeyjarsýsla.
18. Seyðisfjörður.
19. Austur-Skaftafellssýsla.
20. Vestur-Skaftafellssýsla.
21. Vestmannaeyjar.

Tvímenningskjördæmin voru:

1. Skagafjarðarsýsla.
2. Eyjafjarðarsýsla.
3. Norður-Múlasýsla.
4. Suður-Múlasýsla.
5. Rangárvallasýsla.
6. Árnessýsla.

Árið 1959 var kjördæmaskipun gjörbreytt. Þingmönnum var fjölgað í 60 og landinu skipt í átta kjördæmi. 25 þingmenn skyldu kosnir hlutbundinni kosningu í fimm manna kjördæmum, Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra, Austurlandskjördæmi og Reykjaneskjördæmi. 12 þingmenn skyldu kosnir hlutbundinni kosningu í sex manna kjördæmum, Norðurlandskjördæmi eystra og Suðurlandskjördæmi. 12 þingmenn skyldu kosnir hlutbundinni kosningu í Reykjavík. 11 landskjörnir þingmenn bættust síðan við til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hefði þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.

Varaþingmenn skyldu nú vera svo margir sem til entist á hverjum lista.

Árið 1968 var kosningaaldur lækkaður úr 21 ári í 20 ár.

Árið 1984 var enn breytt stjórnarskrá og kosningalögum og þeim lögum var breytt enn frekar **1987.** Kom sú nýskipan til framkvæmda við alþingiskosningarnar 1987. Þingmönnum

var fjölgað úr 60 í 63 og landskjör með þeim hætti, sem gilt hafði frá 1934, fellt niður. Kjördæmi eru átta sem fyrr, lágmarkstala þingsæta í hverju kjördæmi bundin í stjórnarskrá, en í kosningalögum skal kveðið á um skiptingu þingsæta milli kjördæma að öðru leyti. Lágmarkstala þingsæta í sex kjördæmum er hin sama og tala kjördæmiskosinna þingmanna í þeim var ákveðin 1959, en í Reykjavík er hún 14 í stað 12 og í Reykjaneskjördæmi 8 í stað 5. Með þeim hætti er því ráðstafað 54 þingsætum. Að minnsta kosti 9 þingsætum er ráðstafað til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkvæmt ákvæðum í kosningalögum. Við úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum skal þess gætt svo sem kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína.

Í stjórnarskrá (1984) og lögum um kosningar til Alþingis (1987 og 1991) var breytt ákvæðum um kosningarrétt og kjörgengi. Kosningarrétt hafa nú allir sem eru átján ára og eldri þegar kosning fer fram, eiga íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það á síðustu átta árum talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem á kosningarrétt til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

II. Umröðun og útstrikanir af framboðslistum.

(Þ.S.)

Hlutfallskosningar („hlutbundnar kosningar") voru innleiddar hér á landi árið 1915 og tóku þá til sex landskjörinna þingmanna sem og sex varamanna. Árið 1920 er lögleidd hlutfallskosning fjögurra þingmanna í Reykjavík, en án varamanna. Árið 1934 er þingmönnum Reykjavíkur fjölgað í sex, og varaþingmenn koma til sögu, og árið 1942 fjölgar þingmönnum Reykjavíkur í átta, og hlutfallskosning er tekin upp í tvímenningskjördæmum (tveir þingmenn + tveir varamenn). Við svo búið sat fram til 1959.

Frá upphafi var kjósanda heimilt að breyta röð frambjóðenda og strika út nafn eða nöfn á þeim lista, sem hann kaus. Í 67. gr. laga nr. 28/1915 segir m.a.: „Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o.s.frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið."

Einfaldar reiknireglur voru um gildi breytinganna (sbr. 72. gr. sömu laga): „Sá sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna sem á að kjósa, þannig, að það sje jafnt tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna sem kjósa á, að frádreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á."

„Atkvæðamillibil" milli manna á listanum var þannig 1/F, þar sem F er fjöldi frambjóðenda á fullskipuðum lista.

Í þessu kerfi voru menn „lausari" á listanum, ef svo má segja, eftir því sem hann var fjölmennari. Á 16 manna lista (í Reykjavík) var munurinn milli sæta $1/16$ en aftur á móti $1/4$ í tvímenningskjördæmunum.

Við kjördæmabreytinguna árið 1959 var m.a. ákveðið að fjölga þingmönnum Reykjavíkur í 12. Gamla reglan hefði þá þýtt að rétt rúm 4% kjósenda einhvers lista hefðu getað breytt

röð á honum. Þetta þótti alþingismönnum ótækt, enda þótt skiptar skoðanir væru meðal þeirra um hversu langt skyldi ganga í breytingaátt. Niðurstaðan varð að vægi útstrikana var minnkað niður í $^1/_3$ af því, sem áður var. Í 110. gr. kosningalaganna, nr. 52/1959, segir:

„Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi, skal reikna frambjóðendunum atkvæðatölu á eftirfarandi hátt:

Yfirkjörstjórn telur fyrst saman alla kjörseðla hvers lista, eins og engin breyting hafi verið gerð á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista tvo þriðju atkvæðanna, en hver hinna frambjóðendanna það brot af þessari atkvæðatölu, að í teljara sé tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, og í nefnara tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

Síðan telur yfirkjörstjórn saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi þriðjung atkvæðanna og aðrir frambjóðendur brot af þeirri atkvæðatölu eftir sömu reglu og í næstu málsgrein hér á undan.

Að lokum tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum, og reiknar atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir næstu málsgrein hér á undan. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna. Sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli, telst honum ekki hluti úr atkvæði á þeim seðli.

Yfirkjörstjórn leggur saman framangreindar tölur hvers frambjóðanda, og er þá fundin atkvæðatala sú, sem segir til um, í hvaða röð frambjóðendur á listanum ná kosningu, fyrstur sá, sem hefur hæsta tölu þannig reiknað, annar sá, sem hefur næsthæsta tölu o.s.frv., og svo margir, sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans. Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnháa tölu, sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 113. gr."

Þetta var róttæk breyting sem best sést af því að ef helmingur kjósenda strikar út efsta mann í fimm manna kjördæmi færist hann ekki lengra niður en í þriðja sætið.

Árið 1983 er kosningalögum enn breytt, og þarf nú helmingur kjósenda að strika út nafn til að við því verði hreyft. En það fer þá ekki niður um nokkur sæti, heldur fer niður allan listann og hafnar í neðsta sæti hafi ekki aðrar breytingar verið gerðar.

Fylgiskjal VII.

Jafn réttur karla og kvenna til að kjósa og vera kjörin til þjóðþinga og héraðsstjórna.

(Álit á vegum Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, unnið að beiðni nefndar um endurskoðun kjördæmaskipunar og kosningalöggjafar. Október 1998.)

Í áliti þessu er kannaður réttur kynjanna til að kjósa og vera kjörin til þjóðþinga og héraðsstjórna. Tilefni þessa er m.a. nýleg rannsókn Evrópuþingsins á áhrifum ólíkra kosningakerfa á hlut kvenna meðal kjörinna fulltrúa í löndum þess. Þörf hefur þótt á aðgerðum til að bæta hlut kvenna og því hafa meðal annars vaknað spurningar um réttmæti lagalegra úrræða

í því skyni. Í samantekt þessari verður gerð grein fyrir helstu ákvæðum alþjóðlegra mannréttindasáttmála er það varða, auk þess sem fjallað verður um skýrslu Evrópusambandsins. Loks verður reynt að leggja mat á hvort það stangist á við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar að veita konum forréttindi lögum samkvæmt, t.d. með kvótafyrirkomulagi, til að bæta hlut þeirra.

Mannréttindaverndin.

Fullkomið lýðræði endurspeglar vilja allra þegna þjóðfélagsins en ekki einhvers hóps umfram annan. Fullkomið lýðræði á því að vera þannig úr garði gert að allir hópar manna hafi í raun jafna möguleika til að kjósa og vera kjörnir. Meginreglan um jafnrétti karla og kvenna er einmitt sprottin úr þeim jarðvegi. Jafnréttisbarátta kvenna hófst á öldinni sem leið er þær fóru að berjast fyrir pólitískum réttindum, en mikilvægust þeirra var kosningarrétturinn. Sú barátta bar ríkulegan ávöxt því á öndverðri öldinni sem nú er að líða var farið að viðurkenna kosningarrétt kvenna í löggjöf ýmissa ríkja á Vesturlöndum með Ísland í fararbroddi.

Þó að konur á Vesturlöndum hafi nú á dögum sama rétt og karlar til að kjósa, hefur jafn réttur til að vera kjörin ekki náð fram að ganga að sama skapi. Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar lúta ekki síður að því að tryggja konum þann rétt, þ.e. fyrir utan réttinn til að kjósa, beri þeim jafn réttur á við karla til að kjósa og vera kjörnar.[1] Staða kvenna hefur vissulega breyst á þeim tíma sem liðinn er frá því að konur fengu lögvarinn kosningarrétt. Hins vegar hefur lágt hlutfall þeirra meðal lýðræðiskjörinna fulltrúa til þjóðþinga og héraðsstjórna sætt gagnrýni þar sem það stríði gegn áðurnefndri grundvallarreglu lýðræðisins.

Meginreglan um jafnrétti karla og kvenna, og þar á meðal kosningarréttinn, var tekin upp í helstu mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna en þar var stærsta skrefið stigið með ákvæði Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 um jafnan kosningarrétt. Árið 1953 þótti svo rétt að tryggja stjórnmálaréttindi kvenna með sérstökum alþjóðasamningi þess efnis. Samningur þessi var gerður árið 1953 og nefnist hann „alþjóðasamningur um stjórnmálaleg réttindi kvenna".[2] Í 1. gr. samningsins segir að konur skuli eiga rétt á að kjósa í öllum kosningum til jafns við karla og án nokkurrar mismununar.[3] Jafnframt er rétti kvenna til að vera í kjöri lýst yfir í 2. gr. samningsins þar sem segir að konur skuli eiga jafnan rétt á við karla á að vera í kjöri til allra stofnana sem kosið er til opinberlega lögum samkvæmt.[4]

Jafn kosningarréttur er einnig áréttaður í samningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem gerður var síðar eða árið 1966. 25. gr. hans er ítarlegri útfærsla á ákvæði mannréttindayfirlýsingarinnar. Rétturinn til að kjósa og vera kjörinn án allrar mismununar er skýlaus samkvæmt b-lið 25. gr. og má segja að þar sé kveðið hvað afdráttarlausast á um þann rétt af þeim mannréttindasáttmálum sem varða það efni. Þar er ekki einungis með skýrum og afdráttarlausum hætti kveðið á um rétt manna til að kjósa, heldur og rétt og tækifæri allra til að vera kjörnir, eða eins og segir:

Án mismununar þeirrar sem um getur í 2. gr. og án ósanngjarnra takmarkana skal sérhver borgari eiga rétt á og hafa tækifæri til:

---

[1] Sjá b-lið 25. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

[2] „Convention on the Political Rights of Women, 1953."

[3] „Women shall be entitled to vote in all elections on equal terms with men, without any discrimination."

[4] „Women shall be eligible for election to all publicly elected bodies, established by national law, on equal terms with men, without any discrimination."

...
(b) að kjósa og vera kjörinn í raunverulegum reglubundnum kosningum þar sem almennur og jafn kosningarréttur gildir og kosið er leynilegri kosningu sem tryggir frjálsa viljayfirlýsingu kjósendanna.[5]

Ákvæðið vísar til meginreglu samningsins um bann við mismunun sem er að finna í 2. gr. hans. Ríki skulu tryggja réttinn til að kjósa og vera kjörinn án nokkurs konar mismununar svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Mismunun á grundvelli kynferðis er því bönnuð samkvæmt ákvæðinu. Það vekur einnig athygli að í ákvæðinu er enn fremur vísað til þess að sérhver borgari skuli ekki einungis hafa rétt á að kjósa og vera kjörinn heldur skuli hann enn fremur hafa tækifæri til að kjósa og vera kjörinn við þær aðstæður sem greindar eru í ákvæðinu. Þannig skal ríkisvaldið ekki einungis tryggja mönnum formlegan rétt til að kjósa, til að mynda með lögum, heldur enn fremur að þeir hafi raunverulegt tækifæri til þess, eða efnislegan rétt, og grípa til ákveðinna aðgerða til að tryggja þennan rétt. Má sem dæmi nefna að ekki er nóg að veita öllum borgurum lögvarinn rétt til að kjósa ef ekki er tryggt að þeir geti raunverulega kosið af ástæðum sem t.d. megi rekja til sjúkdóma, elli eða búsetu. Ríkisvaldinu er hins vegar frjálst að ákveða hvernig það tryggir þennan rétt, t.d. þegar um er að ræða sjúklinga á sjúkrahúsum væri hægt að koma upp sérstökum kjörklefum á sjúkrahúsum.[6]

Hið sama gildir um réttinn til að kjósa og vera kjörinn, ekki er nóg að tryggja formlegan rétt manna til að vera kjörnir með því að veita borgurunum, óháð mismunun þeirri sem greinir í 2. gr., formlegan kjörgengisrétt með tilteknum skilyrðum eins og aldri og búsetu. Aðildarríkjum samningsins ber skylda til að grípa til aðgerða eða ráðstafana til að tryggja efnislegan rétt og tækifæri manna án mismununar til að vera kjörnir. Það gæti þýtt að þætti einhverjum sér vera mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernisuppruna með því að hafa ekki rétt á og tækifæri til að vera kjörinn, yrði ríkisvaldið að grípa til aðgerða til að afnema slíkt misrétti. Oftast hefur verið gripið til aðgerða til að rétta hlut minnihlutahópa sem telja sér vera mismunað með því að úthluta þeim ákveðnum fjölda þingsæta. Má sem dæmi nefna að í Króatíu eru 14 af 138 sætum þingsins frátekin fyrir fólk af tilteknu þjóðerni og minnihlutahópi sem er þá valið meðal frambjóðenda á listum stjórnmálaflokka.[7]

Loks er að geta kvennasamningsins eða alþjóðasamnings um afnám alls misréttis gagnvart konum frá 1979 en með honum skuldbundu aðildarríki samningsins sig til að grípa til ráðstafana til að konur nytu í raun mannréttinda sinna. Þar á meðal er kosningarrétturinn svo sem síðar verður vikið að. Kvennasamningurinn er sprottinn úr þeim jarðvegi réttinda sem oft eru nefnd efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, þ.e. rétturinn til þess að ríkisvaldið búi svo í haginn að hver einstaklingur fái notið sín til hins ítrasta. Þessi réttindi, eða „rétturinn til", krefjast þess að ríkisvaldið geri ráðstafanir og áætlanir til þess að menn fái

---

[5] „Every citizen shall have the right and the opportunity, without any of the distinctions mentioned in Article 2 and without unreasonable restrictions:
(a)...
(b) To vote and to be elected at genuine periodic elections which shall be by universal and equal suffrage and shall be held by secret ballot, guaranteeing the free expression of the will of the electors;"

[6] Manfred Nowak: *U.N. Covenant on civil and political rights: CCPR Commentary,* 1993, bls. 438–439.

[7] Electoral systems: A World-Wide Comparative Study, Inter Parliamentary Union, Geneva 1993, bls. 13.

notið þeirra réttinda og lúta þannig fyrst og fremst að efnislegum rétti. Hin formlegu réttindi eru hins vegar oft nefnd frelsisréttindi, rétturinn til afskiptaleysis ríkisvaldsins.

Megintilgangurinn með kvennasamningnum var að skylda ríki til að grípa til aðgerða eða gera ráðstafanir til að rétta hlut kvenna á ýmsum sviðum. Það hafði sýnt sig að ákvæði annarra mannréttindasáttmála, svo sem Mannréttindayfirlýsingarinnar, samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og samnings um efnahagsleg, menningarleg og félagsleg réttindi sem kváðu á um jafnan rétt karla og kvenna eða bönnuðu mismunun á grundvelli kynferðis, dugðu ekki. Meðal þess sem vikið er að í kvennasamningnum er kosningarrétturinn en í 7. gr. samningsins segir að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema mismunun gagnvart konum á stjórnmálavettvangi og opinberum vettvangi í landinu og skuli sérstaklega ábyrgjast konum til jafns við karla rétt:

a) til þess að kjósa í öllum kosningum og almennum allsherjaratkvæðagreiðslum og vera kjörgengar í öll störf sem kosið er til í almennum kosningum.
b) að taka þátt í mótun stjórnarstefnu og framkvæmd hennar og gegna opinberum störfum og inna af hendi allar opinberar sýslanir á öllum stigum stjórnkerfisins.[8]

Það er hins vegar athyglisvert að kvennasamningurinn kveður ekki á um jafnrétti kynjanna til að vera kjörinn með jafnafdráttarlausum hætti og áðurnefnt ákvæði 25. gr. samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Kosningakerfi og áhrif þeirra á hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa.

Margra skýringa er leitað á því hvers vegna hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa er ekki hærra en raun ber vitni. Ljóst er að kosningakerfi vega þar þungt en hafa ber í huga að þau eru einungis tæki til að framkvæma kosningar á þann hátt að sem mestu jafnræði meðal borgaranna sé náð. Engu að síður hefur oft verið reynt að sýna fram á áhrif ólíkra kosningakerfa á möguleika kvenna til að vera kjörnar. Einnig hefur sjónum verið beint að þeim aðferðum sem notaðar eru við val á frambjóðendum á lista.

Kosningarrétturinn og réttur til að vera kjörinn er grundvallarmannréttindi, sem er rétturinn til að taka þátt í opinberri starfsemi, á beinan hátt eða fyrir milligöngu fulltrúa sem eru kosnir á frjálsan hátt.[9] Niðurstöður kosninga eru þó vissulega ávallt komnar undir því kosningakerfi sem notað er, hversu sanngjarnar og réttlátar sem þær kunna að vera. Kosningar byggjast á meginreglunni um almennan og jafnan kosningarrétt, þ.e. að sérhver borgari eigi rétt á að taka beinan þátt í kosningum að frátöldum þeim sem eru sérstaklega útilokaðir frá

---

[8] States Parties shall take all appropriate measures to eliminate discrimination against women in the political and public life of the country and, in particular, shall ensure women, on equal terms with men, the right:
(a) To vote in all elections and public referenda and to be eligible for election to all publicly elected bodies;
(b) To participate in the formulation of government policy and the implementation thereof and to hold public office and perform all public functions at all levels of government;

[9] Sjá 25. gr. samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi þar sem segir:
„Án mismununar þeirrar sem um getur í 2. gr. og án ósanngjarnra takmarkana skal sérhver borgari eiga rétt á og hafa tækifæri til:
a) að taka þátt í opinberri starfsemi, á beinan hátt eða fyrir milligöngu fulltrúa sem eru kosnir á frjálsan hátt;"

því lögum samkvæmt. Slíkar takmarkanir eru fyrir hendi í öllum ríkjum og eru oftast bundnar aldri, þjóðerni og búsetu. Markmið hinna ólíku kosningakerfa skyldi þó ávallt vera eitt og hið sama, að tryggja að útkoman endurspegli vilja kjósenda á sanngjarnan og réttlátan hátt.[10]

Í grundvallaratriðum eru kosningakerfin þessi: meirihlutakosningakerfi og hlutfallskosningakerfi. Í þriðja lagi eru svo blönduð kerfi, sem byggjast á báðum hinum kerfunum. Meirihlutakosningakerfið er elsta kosningakerfið og var um langan aldur eina kerfið sem notast var við. Enn í dag notast meiri hluti ríkja í heiminum við þetta kerfi og eru þau rúmlega áttatíu talsins. Kosturinn við það kerfi er einfaldleikinn: sá frambjóðandi sem hlýtur flest atkvæði nær kjöri. Það er ýmist notað í einmenningskjördæmum[11] eða margmenniskjördæmum[12]. Oftast er notast við einfaldan meiri hluta þegar um einmenningskjördæmi er að ræða, eða „first-past-the-post", þannig að sá frambjóðandi sem fær flest atkvæði nær kjöri. Í margmenniskjördæmum er ýmist notast við listakosningu[13] eða margmennis meiri hluta kjördæmakosningu þar sem frambjóðendur bjóða hverjir fram óháð öðrum.

Hlutfallskosningakerfið var fyrst notað í Belgíu árið 1889 og nú hafa nær 60 ríki í heiminum slíkt kerfi. Það varð til vegna þess ójafnræðis sem meirihlutakosningakerfið hafði oft í för með sér á þingi með því að veita einum flokki öll völd. Markmiðið með hlutfallskosningakerfinu er því að allir eigi fulltrúa á þingi í hlutfalli við styrk sinn. Hlutfallskosningakerfið byggist á listakosningu. Hlutfallskosningakerfi getur annars vegar verið fullkomið hlutfallskosningakerfi[14] þar sem landið allt er eitt kjördæmi og hins vegar takmarkað hlutfallskosningakerfi[15] þar sem kosningin fer fram í mörgum kjördæmum. Ókosturinn við takmarkað hlutfallskosningakerfi er að því færri sem sætin eru í kjördæmunum, því erfiðara er að tryggja að úthlutun sæta endurspegli á sem réttastan hátt raunverulegan styrk viðkomandi stjórnmálaflokks. Einungis þrjú lönd hafa fullkomið hlutfallskosningakerfi: Ísrael, Holland og Paraguay. Hins vegar hafa 54 ríki takmarkað hlutfallskosningakerfi, þar á meðal Norðurlöndin[16]

Markmiðið með hlutfallskosningakerfinu er að tryggja að hið kjörna þing endurspegli eins og hægt er þau stjórnmálaöfl sem eru í landinu. Það felur í sér að minnihlutahópar og sérhagsmunahópar, hafi þeir einhver völd, eigi þar einnig fulltrúa. Því mætti ná með afmörkun kjördæma. Séu til dæmis minnihlutahópur á tilteknu landsvæði í meiri hluta væri t.d. hugsanlegt að búa til kjördæmi sem gerði þeim kleift að kjósa sína eigin fulltrúa. Það má hins vegar einnig gera með því að taka frá sérstök sæti fyrir fulltrúa minnihlutahópa. Ein leiðin væri að tilnefna fulltrúa tiltekins hóps. Það er ekki óalgeng leið og hefur verið notuð í um 25 löndum þ.e. að sumir fulltrúanna séu ekki kosnir beinni kosningu. Þannig eru 30 af 330 sætum á þinginu í Bangladesh frátekin fyrir konur og er úthlutað með sérstakri kosningu þingsins. Algengara er að sæti séu frátekin fyrir minnihlutahópa[17]

---

[10] *Electoral systems*, formáli.

[11] „Single member constituency."

[12] „Multi-member constituency."

[13] „Party list vote."

[14] „Full proportional representation."

[15] „Limited proportional representation."

[16] *Electoral systems*, bls. 3–9.

[17] *Electoral systems*, bls. 14.

Kjördæmaskipan er tvenns konar: einmenningskjördæmi annars vegar þar sem í hverju kjördæmi er einungis eitt sæti og margmenniskjördæmi hins vegar þar sem nokkrir fulltrúar eru valdir úr sama kjördæmi. Í margmenniskjördæmum eru þrenns konar aðferðir notaðar við að kjósa af listum stjórnmálaflokkanna. Í fyrsta lagi er svonefndur lokaður listi þar sem kjósendur velja ákveðinn lista en uppröðun fulltrúa á listanum er ekki hægt að breyta. Í öðru lagi er atkvæðagreiðsla þar sem kjósandi getur raðað frambjóðendum eftir forgangsröð[18]. Í þriðja lagi geta kjósendur með svonefndu atkvæðaskiptakerfi[19] valið frambjóðendur frá hinum listum stjórnmálaflokkanna og þannig búið til sinn eigin lista. Í flestum löndum þar sem margmenniskjördæmi eru og listakosning er notuð, er notast við lokaða lista, eða í um 40 ríkjum, og er Ísland þar á meðal, meðan forgangskerfið, að raða frambjóðendum upp eftir forgangsröð, er í um 17 ríkjum.[20]

Gerðar hafa verið ýmsar rannsóknir á áhrifum kosningakerfa á stöðu kvenna við kosningar til þjóðþinga og héraðsstjórna. Einkum hefur verið gerður samanburður á meirihlutakosningakerfi og hlutfallskosningakerfi í því skyni. Ein slík viðamikil rannsókn sem gerð var á vegum Evrópuþingsins leiddi í stuttu máli í ljós að í þeim Evrópuríkjum sem búa við hlutfallskosningakerfi er hlutfall kvenna hæst á þjóðþingum en þar eru Norðurlöndin í fararbroddi ásamt Hollandi. Eins og að framan er getið er fullkomið hlutfallskosningakerfi í Hollandi, þ.e. landið er eitt kjördæmi. Í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Íslandi og Hollandi er hlutfall kvenna á þingi til að mynda yfir 25%. Aftur á móti er hlutfall kvenna lægra í þeim löndum sem hafa meirihlutakosningakerfi. Áberandi er að í þeim löndum þar sem hlutfall kvenna er hvað lægst eða undir 10% er meirihlutakosningakerfi. Einnig sýndi það sig að einmenningskjördæmi hafa verið konum óhagstæð.[21]

Kvótafyrirkomulag.

Það liggur í augum uppi að kosningakerfi sem slík hafa ekki úrslitaáhrif á hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa. Litið hefur verið til annarra þátta og aðgerða sem kunna að hafa mikil áhrif, svo sem á innra starf stjórnmálaflokka, að lögbinda kvóta og aðrar aðgerðir auk félagslegra og efnahagslegra þátta.

Ein af þeim leiðum sem helst hefur verið horft til í því skyni að jafna hlut kynjanna meðal kjörinna fulltrúa er að koma á kvóta í einhverri mynd, einkum með því að skylda stjórnmálaflokka með lögum til að gæta þess að hlutfall kynjanna á framboðslistum sé sem jafnast þannig að bæði kynin eigi jafna möguleika á að vera kjörin. Kvótafyrirkomulag er mun algengara og hefur náð meiri fótfestu þegar kemur að skipun í nefndir og ráð á vegum framkvæmdavaldsins og hefur oft verið gripið til þess á þeim vettvangi. Til að mynda hefur það verið gert á flestum Norðurlandanna, svo sem í Finnlandi og Danmörku. Í Finnlandi voru t.d. sett lög árið 1987 sem kveða á um að hlutfall kvenna og karla í nefndum og ráðum skuli vera eins jafnt og mögulegt er. Lögum þessum var breytt árið 1995 á þann veg að hlutfall hvors kyns um sig skyldi vera að minnsta kosti 40%. Löggjöf þessi hefur leitt til þess að konum hefur fjölgað í slíkum nefndum og ráðum úr 25% árið 1980 í 48% árið 1996. Svipuð lög voru

---

[18] „Preferential vote."

[19] „Vote-splitting."

[20] *Electoral systems*, bls. 3–9.

[21] European Parliament: *Differential impact of the electoral systems on female political representation*, Women's Rights Series, W-10, 1997, (skýrsla Evrópuþingsins) bls. 3.

sett í Danmörku árið 1985 sem höfðu það markmið að jafna rétt kynjanna í nefndum og ráðum.

Eins og áður segir, hefur mun sjaldnar verið gripið til þessa úrræðis við kosningar til þjóðþinga og héraðsstjórna, þ.e. að jafna hlut kynjanna meðal kjörinna fulltrúa með því að lögbinda kvótafyrirkomulag þess efnis. Slíkar aðgerðir hafa átt undir högg að sækja í Evrópusambandslöndunum og má nefna að í Bretlandi var það fyrirkomulag dæmt ólögmætt árið 1996 og talið stríða gegn lögum um jafnrétti kynjanna. Hins vegar eru dæmi um að stjórnmálaflokkar hafi komið á kvótafyrirkomulagi við uppröðun á lista til kosninga, svo sem í Þýskalandi og Danmörku, án þess að um lagaskyldu hafi verið að ræða. Í áðurnefndri könnun Evrópusambandsins um áhrif ólíkra kosningakerfa á hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa sem gerð var árið 1997 kemur fram að í Evrópusambandsríkjunum er aðeins eitt land, Belgía, sem hefur lögbundið kvótafyrirkomulag nú um stundir. Í þeim lögum sem eru frá 24. maí 1994 segir að hlutfall kvenna á listum stjórnmálaflokkanna skuli vera minnst 25% í öllum kosningum. Árangurinn af þessari löggjöf varð sá að konum í héraðsstjórnum fjölgaði um helming og urðu um 20% kjörinna fulltrúa.

Þessi aðferð hefur einnig verið reynd í Frakklandi og á Ítalíu. Árið 1982 voru sett lög í Frakklandi sem mæltu fyrir um að hlutfall kvenna skyldi vera minnst 25% frambjóðenda á listum stjórnmálaflokkanna. Þetta ákvæði varð ekki langlíft því síðar sama ár var það dæmt vera í andstöðu við grundvallarregluna um jafnrétti og bryti gegn stjórnarskránni. Á Ítalíu voru tvenn kosningalög sett árið 1993, þau fyrri um að hlutfall hvorugs kynsins mætti fara yfir 75% á listum stjórnmálaflokkanna. Í þeim seinni var mælt fyrir um að raðað skyldi á listann þannig að karlar og konur skiptust á. Rétt eins og í Frakklandi urðu þessi lög ekki langlíf því árið 1995 komst stjórnarskrárdómstóllinn á Ítalíu að þeirri niðurstöðu að þau stönguðust á við stjórnarskrána því þau brytu gegn meginreglum um jafnrétti.

Það hefur sýnt sig að hægt er að treysta á aðrar leiðir en að lögbinda kvótafyrirkomulag og má þar nefna aðgerðir stjórnmálaflokkanna sjálfra til að ná fyrrgreindu markmiði. Þannig vinna stjórnmálaflokkar í Noregi samkvæmt óformlegum reglum eða venjum við að velja frambjóðendur á lista sína. Markmiðið er hið sama og með kvótareglum þ.e. að hlutfall kynjanna verði jafnt. Einnig má nefna að í Svíþjóð hafa fimm stjórnmálaflokkar komið á kerfi sem byggist á því að raða körlum og konum á víxl á framboðslistana („zipper" kerfi).[22]

Jafnréttisreglan og íslenska kosningalöggjöfin.

Við þá endurskoðun á íslensku kosningalöggjöfinni sem nú á sér stað hafa risið ýmis álitamál um úrræði til að auka hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa. Miðað við skýrslu Evrópuþingins frá liðnu ári um áhrif kosningakerfa á hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa, virðist íslenska kosningafyrirkomulagið ekki vera verulega gallað í samanburði við fyrirkomulag annarra ríkja. Sérstakt álitamál er þó hvort fámenniskjördæmi rýri möguleika kvenna til að vera kjörnar. Því hafa vaknað spurningar um réttmæti lagasetningar til að koma á kvótafyrirkomulagi í því skyni að jafna hlut kynjanna í þessum tilvikum. Í ljósi þess er rétt að fjalla stuttlega um jafnréttisreglu stjórnarskrárinnar.

Jafnréttisregla stjórnarskrárinnar.

Álitaefnið snýst um hvort hægt sé að grípa til jákvæðrar mismununar til að auka hlut kvenna meðal kjörinna fulltrúa til dæmis með kvótafyrirkomulagi. Er einkum rætt um tvær

---

[22] Sjá um þetta skýrslu Evrópuþingsins, bls. 3 og 20–22.

leiðir í því sambandi, annaðhvort að tryggja konum ákveðinn sætafjölda í þinginu eða skylda stjórnmálaflokka með lögum til að taka upp slíkt fyrirkomulag við uppröðun á lista við kosningar.

Ákvæði 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. breytingu með stjórnskipunarlögum 97/1995, er svohljóðandi:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Með ákvæðinu er jafnræðisreglan í fyrsta sinn lögfest sem skráð regla stjórnskipunarréttar, en hún hefur lengi verið viðurkennd sem grundvallarregla í íslenskum stjórnskipunarrétti og er það staðfest í dómaframkvæmd. Ekki hefur verið gerð ítarleg skýrsla á efni jafnræðisreglu stjórnskipunarréttar í íslenskri lögfræði en af dómaframkvæmd má ráða að reglan feli í sér að minnsta kosti viðmið um að „sambærileg tilvik skuli sæta sömu meðferð, nema aðra niðurstöðu megi réttlæta með efnisrökum". Reglan lýtur því fyrst og fremst að því að einstaklingum sé ekki mismunað (einkum í samskiptum sínum við ríkið) vegna ákveðinna einkenna eða þjóðfélagsstöðu.

Með ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar var þessi stjórnskipulega jafnræðisregla lögfest og orðalag ákvæðisins bendir til þess að ætlunin hafi verið að rýmka efni reglunnar meðal annars með því að tekið væri mið af þjóðréttarlegum skuldbindingum. Þannig bendir orðalagið „og njóta mannréttinda..." til þess að ákvæðinu sé ætlað að tryggja jafnrétti einstaklinga, að því er lýtur að mannréttindum, og að ákvæðið gangi þannig lengra en felst í orðunum „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum". Í 2. mgr. 65. gr. er sérstaklega tekið fram að konur og karlar skuli njóta jafnréttis. Er það ákvæði væntanlega til áréttingar á mikilvægi jafnréttis kynjanna, en telja verður einnig að með ákvæðinu sé ætlunin að koma til móts við þá þróun sem orðið hefur í þjóðarétti og í rétti ýmissa ríkja. Af þeim sökum má gera ráð fyrir að grípa megi til sérstakra ráðstafana til að koma á og tryggja jafnrétti milli karla og kvenna. Má sérstaklega nefna, að ákvæði alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórmálaleg réttindi, einkum 2. gr. og 26. gr., sem ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar virðist byggt á, hafa verið túlkaðar svo að „jákvæð mismunun" þurfi ekki endilega að falla undir hugtakið „mismunun" og njóti því verndar sáttmálanna að minnsta kosti að einhverju marki. Í sérstökum sáttmálum, sem ætlað er að tryggja réttindi tiltekinna hópa, er stundum sérstaklega mælt fyrir um það, að „jákvæð mismunun" teljist ekki mismunun í skilningi sáttmálanna, sbr. t.d. 4. gr. í alþjóðasamningnum um afnám allrar mismununar gagnvart konum, frá 1979. Túlkun slíkra ákvæða liggur þó ekki ávallt ljós fyrir og þar á meðal ekki að hvaða marki slík ákvæði binda hendur aðildarríkjanna eða hvaða skyldur þau hafa tekist á hendur.

Í áliti stjórnarskrárnefndar um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna kemur fram að nefndin telji að heimild til „jákvæðrar mismununar" felist í hinni skráðu jafnræðisreglu, ef beiting hennar byggist á málefnalegum forsendum. Ekki verður þó fullyrt hversu langt slík heimild nær. Benda má á, að ákvæði í löggjöf um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna sem mæla fyrir um ýmsar sérstakar ráðstafanir til að rétta stöðu kvenna, hafa hvorki verið talin brjóta gegn hinni óskráðu jafnræðisreglu stjórnskipunarréttar né ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar. Miðað við eðli ákvæðisins, sem stjórnskipulegrar meginreglu, verður að ætla að það gefi svigrúm til framsækinnar túlkunar. Það er fyrst og fremst hlutverk löggjafans að móta efni reglunnar með almennri lagasetningu, en dómstólar geta metið hvort tiltekin lög brjóta gegn ákvæðinu. Í öllum tilvikum verður að gera ráð fyrir því að tekið sé mið af skuldbindingum ríkisins að þjóðarétti.

Hugsanlegar leiðir til að jafna hlut kynjanna með lögum.

Þær leiðir sem eru færar til að jafna hlut kynjanna eru annars vegar að lögbinda kvótafyrirkomulag sem tryggir konum ákveðinn sætafjölda á þingi með óbeinni kosningu t.d. kosningu þingsins sjálfs eða með tilnefningu með öðrum hætti.[23] Hins vegar að skylda stjórnmálaflokka til að tryggja sanngjarnt hlutfall kynjanna á framboðslistum þeirra þannig að bæði kynin eigi jafna möguleika á að vera kjörin.

Fyrri leiðin fæli í sér stjórnarskrárbreytingu vegna þess að hún hefði í för með sér breytingu á þeim reglum um kosningar sem núverandi stjórnarskrá byggir á, sbr. III. kafla hennar.

Seinni leiðin um að skylda stjórnmálaflokka með lögum að taka upp kvótafyrirkomulag við að raða frambjóðendum á lista hefur átt erfitt uppdráttar og er nú aðeins að finna í löggjöf eins Evrópusambandsríkis, Belgíu. Kunna margar ástæður að vera fyrir þessu. Bretland, Ítalía og Frakkland höfnuðu henni, eins og að framan er getið, þar eð hún stríddi gegn meginreglunni um jafnrétti kynjanna í löggjöf þeirra. Það sem mælir þó gegn því að skylda stjórmálaflokka með lögum að taka upp kvótafyrirkomulag er að slík íhlutun í starfsemi stjórnmálaflokka kann að vera í andstöðu við meginreglu 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, um réttinn til að stofna félag í sérhverjum löglegum tilgangi.[24] Í annan stað hefur þessi leið sætt gagnrýni fyrir að skila ekki tilætluðum árangri og duga ekki ein og sér. Til að mynda er Belgía einungis í ellefta sæti yfir ríki Evrópusambandsins að því er hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa til þjóðþinga varðar. Því verði oft þörf frekari aðgerða til að jafna hlut kynjanna til að konur eigi raunverulega jafnan rétt og jafnt tækifæri á við karla til að vera kjörnar. Á þetta sérstaklega við að því er varðar uppröðun á lista.[25]

Loks vegast á stjórnarskrárvarinn réttur einstaklingsins til jafnréttis og aðgerðir til að rétta hlut ákveðinna hópa eins og með jákvæðri mismunun. Svo sem fyrr getur eru samt sem áður líkur á því að aðgerðir löggjafans með svonefndri jákvæðri mismunun séu heimilar og

---

[23] Sjá *Electoral systems*, bls. 13 þar sem segir að á þinginu í Bangladesh séu 30 af 330 sætum þingsins ætluð konum.

[24] Lög nr. 33/1944, sbr. 97/1995, 74. gr. Þessi leið hefur einnig sætt þeirri gagnrýni að verði lögbundnu kvótafyrirkomulagi sérstaklega komið á að því er konur varðar, kunni það að mismuna öðrum hópum og því sé spurt ef lögbinda eigi kvóta að því er konur varðar, hvers vegna þá ekki einnig að því er aðra hópa varðar? Sjá skýrslu Evrópuþingsins, bls. 19–20.

[25] Sjá skýrslu Evrópuþingsins, bls. 19–20. Kvótafyrirkomulagið hefur einnig sætt gagnrýni fyrir að þær konur sem eru kjörnar með þeim hætti séu oft settar skör lægra en hinir.

styðja þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem raktar voru hér að framan þá niðurstöðu.[26] Óljóst er þó um nánari mörk í þessum efnum. Er það hlutverk dómstóla að skera úr um til hverra aðgerða má grípa og hvernig beri að túlka jafnréttisregluna hverju sinni. Verður að hafa í huga að réttarreglur um þetta efni eru í örri þróun.

Samantekt.

Í áliti þessu hefur verið gerð grein fyrir þeim helstu þjóðréttarlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist að því er kosningarréttinn varðar en aðildarríki þeirra mannréttindasáttmála sem hér hafa verið nefndir hafa tekist á herðar margvíslegar skyldur til að tryggja jafnan rétt án mismununar til að kjósa og vera kjörinn. Rétturinn til að kjósa og vera kjörinn án mismununar er tryggður með skýlausum hætti í 25. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Álit þetta tekur mið af skýrslu Evrópusambandsins sem gerð var árið 1997 um áhrif kosningakerfa á hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa en könnunin leiddi m.a. í ljós að það kosningakerfi sem hér er við lýði tryggi konum einna hæst hlutfall meðal kjörinna fulltrúa í samanburði við önnur kosningakerfi.

Í tilefni af því álitaefni hvort hægt sé að auka hlut kvenna meðal kjörinna fulltrúa með kvótafyrirkomulagi voru niðurstöður áðurnefndrar skýrslu skoðaðar en samkvæmt skýrslunni er lög þess efnis nú aðeins að finna í einu Evrópusambandsríki. Á Norðurlöndunum hefur sú leið ekki verið farin, heldur hafa stjórnmálaflokkar til dæmis í Noregi komið á með sér óformlegu samkomulagi um að stefna að jöfnu hlutfalli kynjanna með því að tryggja konum jafnt sem körlum sæti á framboðslistum sínum. Þá notast fimm stjórnmálaflokkar í Svíþjóð við þá reglu að raða kynjunum á víxl á framboðslista sína sem hefur leitt til þess að hlutfall kvenna meðal þingmanna er hæst í Svíþjóð af Evrópusambandslöndunum.

Loks var fjallað um jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og hvort og að hvaða marki hún heimilar jákvæða mismunun með tilliti til framangreinds álitaefnis. Reglan útilokar ekki jákvæða mismunun og er sú niðurstaða studd þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist. Hins vegar kunna önnur stjórnarskrárvarin réttindi að reisa vissar skorður við því að skylda stjórnmálaflokka með lögum til að innleiða kvótafyrirkomulag eða kynjakvóta.

---


[26] Þess má geta að í kanadísku stjórnarskránni er sérstaklega gert ráð fyrir jákvæðri mismunun. Jafnréttisákvæði hennar, þar sem einnig er kveðið á um bann við mismunun, hljóðar svo:

(1) Every individual is equal before the and under the laws and has the right to the equal protection and equal benefit of the law without discrimination based on race, national or ethnic origin, colour, religion, sex, age or mental or physical disability.

(2) Subsection (1) does not preclude any law, program or activity that has its object the amelioration of conditions of disadvantaged individuals or groups including those that are disadvantaged because of race, national or ethnic origin, colour, religion, sex, age, or mental or physical disability.

Fylgiskjal VIII.


Kort með mismunandi kjördæmamörkum.



Sbr. tafla 9

Vesturkjördæmi
(Vesturland og Vestfirðir)
15.710 kjós., *7+1 þm.*

Norðausturkjördæmi
(Norðurland vestra, eystra og Múlasýslur)
32.857 kjós., *9+2 þm.*




Reykjavík v
39.517 kjós., *9+2 þm.*

Reykjavík a
39.516 kjós., *9+2 þm.*


Suðvesturkjördæmi
(Reykjanes án Suðurnesja)
40.312 kjós., *10+2 þm.*

Suðurkjördæmi
(Skaftafellssýslur, Suðurland og Suðurnes)
26.696 kjós., *9+1 þm.*

Sbr. tafla 10


Norðvesturkjördæmi
(Vesturland, Vestfirðir og
Norðurland vestra)
22.645 kjós., *9+1 þm.*
Norðausturkjördæmi
(Norðurland eystra
og Austurland)
27.611 kjós., *9+1 þm.*
Reykjavík v
39.517 kjós., *9+2 þm.*
Reykjavík a
39.516 kjós., *9+2 þm.*
Suðvesturkjördæmi
(Reykjanes án Suðurnesja)
40.312 kjós., *9+2 þm.*
Suðurkjördæmi
(Suðurland og Suðurnes)
25.007 kjós., *9+1 þm.*


Sbr. tafla 11


Vesturkjördæmi
(Vesturland og Vestfirðir)
15.710 kjós., *6+1 þm.*
Norðurkjördæmi
(Norðurland vestra og eystra)
25.728 kjós., *8+1 þm.*
Reykjavík v
39.517 kjós., *8+3 þm.*
Reykjavík a
39.516 kjós., *8+3 þm.*
Suðausturkjördæmi
(Austurland, Suðurland
austan Þjórsár og Vestm.)
15.093 kjós., *6+1 þm.*
Suðvesturkjördæmi
(Reykjanes án Suðurnesja)
40.312 kjós., *8+3 þm.*
Suðurkjördæmi
(Suðurnes og Árnessýsla)
18.732 kjós., *6+1 þm.*

Sbr. tafla 12

Norðvesturkjördæmi
(Vesturland, Vestfirðir og Húnavatnssýslur)
18.291 kjós., *8+1 þm.*

Norðausturkjördæmi
(Skagafjarðarsýsla, Siglufjörður,
Norðurland eystra og Múlasýslur)
30.276 kjós., *9+2 þm.*



Reykjavík v
39.517 kjós., *9+2 þm.*
Reykjavík a
39.516 kjós., *9+2 þm.*


Suðvesturkjördæmi
(Reykjanes án Suðurnesja)
40.312 kjós., *9+2 þm.*

Suðurkjördæmi
(Suðurnes, Árnessýsla, Rangárvallasýsla
og Skaftafellssýslur)
26.696 kjós., *9+1 þm.*

Sbr. tafla 14

Norðvesturkjördæmi
(Vesturland, Vestfirðir og
Norðurland vestra)
22.645 kjós., 5 *þm.*

Norðausturkjördæmi
(Norðurland eystra og Múlasýslur)
25.922 kjós., 5 *þm.*



Reykjavík v
39.517 kjós., 6 *þm.*
Reykjavík a
39.516 kjós., 6 *þm.*

Suðvesturkjördæmi
(Reykjanes án Suðurnesja)
40.312 kjós., 6 *þm.*


Suðurkjördæmi
(Suðurnes, Árnessýsla, Rangárvallasýsla
og Skaftafellssýslur)
26.696 kjós., 5 *þm.*

30 þm. kosnir af landslista.

Sbr. tafla 15

Vesturkjördæmi
(Vesturland og Vestfirðir)
15.710 kjós., *6+1 þm.*

Norðurkjördæmi
(Norðurland vestra og eystra)
25.728 kjós., *8+2 þm.*




Reykjavík (B), Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós
43.175 kjós., *10+2 þm.*

Reykjavík (A) og Seltjarnarnes
43.176 kjós., *10+2 þm.*

Reykjanes
(sunnan Reykjavíkur)
43.735 kjós., *10+2 þm.*

Suðausturkjördæmi
(Austurland og Suðurland)
23.084 kjós., *8+2 þm.*


Sbr. tafla 16


Vesturkjördæmi
(Mosfellsbær, Kjós,
Vesturland og Vestfirðir)
19.320 kjós., *6+2 þm.*
Norðurkjördæmi
(Norðurland vestra og eystra)
25.728 kjós., *8+2 þm.*
Reykjavík a
39.572 kjós., 9+2 *þm.*
Reykjavík v og
Seltjarnarnes
43.169 kjós., *10+2 þm.*
Reykjanes
(sunnan Reykjavíkur)
43.735 kjós., *10+2 þm.*
Suðausturkjördæmi
(Austurland og Suðurland)
23.084 kjós., *8+2 þm.*

Sbr. tafla 17

Norðvesturkjördæmi
(Vesturland, Vestfirðir og
Vestur-Húnavatnssýsla)
16.661 kjós., *6+1 þm.*

Norðurkjördæmi
(Norðurland vestra án V.-Hún. og
Norðurland eystra að Vaðlaheiði)
20.678 kjós., *6+2 þm.*



Reykjavík v
39.517 kjós., *9+2 þm.*

Reykjavík a
39.516 kjós., *9+2 þm.*

Austurkjördæmi
(Þingeyjarsýslur austan
Vaðlaheiðar, Austurland,
Skaftafellssýslur og
Vestmannaeyjar)
16.916 kjós., *6+1 þm.*


Suðvesturkjördæmi
(Reykjanes án Suðurnesja)
40.312 kjós., *9+2 þm.*

Suðurkjördæmi
(Suðurnes, Árnessýsla
og Rangárvallasýsla)
21.008 kjós., *6+2 þm.*

Sbr. tafla 18

Vesturkjördæmi
(Vesturland og Vestfirðir)
15.710 kjós., 5+2 *þm.*

Norðurkjördæmi
(Norðurland vestra og Eyjafjarðarsýsla ásamt Akureyri, Dalvík og Ólafsfirði, Grýtubakkahr. og Svalbarðsstrandarhr.)
21.626 kjós., *6+2 þm.*



Reykjavík a og Seltjarnarnes
21.588 kjós., 5+*1 þm.*

Reykjavík b
21.588 kjós., 5+*1 þm.*

Reykjavík c
21.588 kjós., 5+*1 þm.*

Reykjavík d, Mosfellsbær og Kjós
21.587 kjós., 5+*1 þm.*

Austurkjördæmi
(Þingeyjarsýslur austan Vaðlaheiðar og Austurland)
12.920 kjós., 5+*1 þm.*

Reykjaneskjördæmi a
(sunnan Reykjavíkur)
21.868 kjós., 5+*1 þm.*

Reykjaneskjördæmi b
(sunnan Reykjavíkur)
21.867 kjós., 5+*1 þm.*

Suðurkjördæmi
(Suðurland)
14.266 kjós., 5+*1 þm.*

142. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum missirum hafa verið mótaðar hugmyndir um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Áætlað er að keyrt verði á tveggja tíma fresti, frá kl. 7.00 árdegis til kl. 24.00 á miðnætti, á þremur leiðum:

1. Akureyri–Hjalteyri–Hauganes–Árskógssandur–Dalvík–Ólafsfjörður.
2. Akureyri–Kristnes–Hrafnagil–Laugaland.
3. Akureyri–Svalbarðseyri–Laufás–Grenivík.

Lagt er til að verkefnið verði til reynslu í fimm ár.

Helstu röksemdir fyrir tilrauninni eru:

— Byggð á svæðinu styrkist með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa.
— Ungmenni sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima.
— Hagræðing verður í skólaakstri og þjónustu við stofnanir, svo sem Kristnesspítala.
— Ferðamenn eiga auðveldara með að ferðast um svæðið á eigin vegum.
— Aðgerðin er orkusparandi.

Málið hefur verið kynnt embættismönnum í forsætisráðuneyti og á vegum héraðsnefndar Eyjafjarðar er unnið að greinargerð og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið.

143. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Guðni Ágústsson, Egill Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Jón Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Árni Johnsen, Arnbjörg Sveinsdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 40/1989, bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

16. Höfn í Hornafirði.
17. Þorlákshöfn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta mál hefur áður verið flutt en var ekki afgreitt.

Undanfarin ár hafa farið fram umræður í sveitarstjórn Ölfushrepps og bæjarstjórn Hafnar í Hornafirði um möguleika þessara byggðarlaga á að þar verði viðurkenndar aðaltollhafnir.

Þrátt fyrir viðræður og bréfaskriftir forsvarsmanna þessara byggðarlaga hafa yfirvöld ekki enn séð sér fært að verða við óskum heimamanna þar að lútandi. Á Suðurlandi er einn staður sem nýtur réttinda aðaltollhafnar, þ.e. Vestmannaeyjar.

Þorlákshöfn er eina fiski- og flutningahöfn hins mikla Suðurlandsundirlendis og Sunnlendingar standa einhuga um höfnina og krefjast þess að hún njóti allra réttinda.

Undanfarin ár hefur mikilvægi Þorlákshafnar aukist sem almennrar vöruhafnar. Vikurflutningar eru miklir og stöðugir frá höfninni auk þess sem aðrir flutningar aukast stöðugt, svo sem á stykkjavöru, korni og áburði.

Nú eru að hefjast fastar siglingar milli Þorlákshafnar, Noregs og Portúgals. Í tengslum við þessa flutninga verður reist frysti- og kæligeymsla auk aðstöðu fyrir tollvörugeymslu. Af þessu má ljóst vera að óhjákvæmilegt er að gera Þorlákshöfn að aðaltollhöfn þar sem nútímaflutningar krefjast skjótrar og liprar afgreiðslu.

Íbúar Ölfushrepps stefna að því að auka mikilvægi Þorlákshafnar sem inn- og útflutningshafnar og telja þetta mál eina af forsendum fyrir því að það takist.

Embætti tollvarðar á Selfossi var stofnað í júní 1994. Tollafgreiðslur eru á þriðja þúsund á ári auk þess að sinnt er tollafgreiðslu skipa í Þorlákshöfn.

Fyrir nokkrum árum tók til starfa tollhöfn á Selfossi sem veitir mikilvæga þjónustu í höfuðstað Suðurlands, Selfossi. Hér er ekki verið að leggja til að raska þeirri stöðu, enda snýr málið eingöngu að réttarstöðu Þorlákshafnar, að því að bæta þjónustuna þar og því að hún hafi sama rétt og svo margar hafnir aðrar í landinu.

Á Austurlandi er syðsta aðaltollhöfnin Eskifjörður og því óravegur og löng sjóleið í þá næstu sem er Vestmannaeyjar.

Fyrir ört vaxandi byggðarlag eins og Höfn í Hornafirði hlýtur það að vera mikið hagsmunamál að öðlast réttindi aðaltollhafnar, enda hafa bæjaryfirvöld fyrir nokkru óskað eftir athugun og breytingum í þá átt. Sem kunnugt er hefur íbúafjöldi Hafnar í Hornafirði meira en tvöfaldast síðustu tvo áratugi og umsvif atvinnufyrirtækja eflst að sama skapi.

Í umdæmi sýslumannsins á Höfn hefur tollafgreiðslum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Þar er enginn starfandi tollvörður. Tollafgreiðsla fer því fram meðfram öðrum störfum á skrifstofu sýslumanns eins og á Selfossi. Þegar skip og bátar koma erlendis frá sinnir lögregla á Höfn tollun. Um báðar þessar hafnir, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn, gilda þær reglur að óska verður heimildar tollgæslustjóra í Reykjavík um tollun skipa inn í landið og úr því.

Þrátt fyrir lipurð embættismanna tollþjónustunnar sem hlut eiga að máli er þetta kerfi þungt í vöfum og tafsamt og vinnubrögðin varla nútímaleg. Af framanrituðu er ljóst að tímabært er að gerðar verði breytingar til batnaðar án frekari tafa með því að Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði verði gerðar að aðaltollhöfnum. Með því móti einu mundu þessi byggðarlög og nágrenni þeirra öðlast sama rétt og möguleika á tollmeðferð skipa og á innflutningi og útflutningi, enda mun slíkt leiða til einföldunar, aukinnar hagkvæmni, sparnaðar og betra eftirlits í viðkomandi umdæmum.

Fylgiskjal I.

Bréf Hafnarsjóðs til tollstjórans í Reykjavík.
(17. september 1991.)

Umræður hafa verið í bæjarstjórn Hafnar um flokkun Hornafjarðarhafnar sem tollhafnar, hvort óska skuli eftir því að höfninni verði breytt í aðaltollhöfn. Væntanlega þyrfti þá að breyta lögum þar að lútandi (nr. 59/1969).

Eins og yður er kunnugt eru aðaltollhafnir þrjár á Austurlandi: Seyðisfjörður, Eskifjörður og Neskaupstaður, en engin sunnar og vestar fyrr en í Vestmannaeyjum. Forsendur fyrrnefndra laga hafa e.t.v. breyst nokkuð á þeim rúmu tveimur áratugum sem liðnir eru frá gildistöku þeirra og mætti nefna:

Íbúafjöldi hefur tvöfaldast á Höfn á þessum tíma.

Aflaverðmæti (1989) er hið hæsta á Austurlandi á Höfn.

Af leiðir að útflutningur og innflutningur er sennilega orðinn mestur á Austurlandi að frátalinni umferð um Seyðisfjörð v/Norrænu. Þetta er þó óstaðfest.

Áður en frekari skref verða stigin í þessu máli er óskað eftir áliti embættis yðar um kosti þess og galla að skilgreina Höfn sem aðaltollhöfn.

Virðingarfyllst,

Sturlaugur Þorsteinsson bæjarstjóri.

Fylgiskjal II.

Bréf Ölfushrepps til fjármálaráðuneytis.
(3. maí 1993.)

Um leið og undirritaður vill þakka embætti yðar fyrir fljóta og jákvæða þjónustu vegna tollafgreiðslu fyrir skip Faroe Line í Þorlákshöfn er rétt að upplýsa að þess hefur verið farið á leit við fjármálaráðherra að Þorlákshöfn verði gerð að aðaltollhöfn.

Þangað til að niðurstaða fæst í því máli er óskað eftir að leitað verði allra leiða til að leysa tollafgreiðslumál á sem hagkvæmastan hátt.

Í framhaldi af samtali við yður er þess óskað að þér komið á fundi um þetta mál með hlutaðeigandi svo fljótt sem kostur er.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Hermannsson,
sveitarstjóri Ölfushrepps.

Fylgiskjal III.

Bréf Ölfushrepps til fjármálaráðherra.
(3. maí 1993.)

Undirritaður fyrir hönd Ölfushrepps fer þess á leit við yður að þér beitið yður fyrir því að Þorlákshöfn verði gerð að aðaltollhöfn með aðsetri tollvarðar.

Unnið hefur verið að því á undanförnum árum að koma á reglulegum siglingum milli Þorlákshafnar og Evrópu en Ölfushreppur hefur átt í viðræðum við ýmsa aðila um það mál.

Sú hugmynd er loksins orðin að veruleika, en stefnt er að vikulegum siglingum milli Þorlákshafnar og Evrópu fyrst um sinn þótt enn séu óleyst ýmis mál í þessu sambandi, þar á meðal tollafgreiðsla og fleira.

Rétt er að benda á að Þorlákshöfn er eina höfn Suðurlands og því eðlilegt að þar sé aðaltollhöfn.

Óskið þér frekari upplýsinga um þetta mál er undirritaður ávallt reiðubúinn. Með ósk um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Hermannsson,
sveitarstjóri Ölfushrepps.

144. Fyrirspurn [144. mál]

til samgönguráðherra um rekstrarkostnað Pósts og síma.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru laun, lífeyrisréttindi og önnur starfskjör stjórnenda Pósts og síma, sundurliðað eftir stöðuheitum, fjölda stjórnenda og milli kynja, föstum launum, öðrum greiðslum, eins og stjórnargreiðslum, og hvers konar þóknunum og hlunnindum, þ.m.t. bílahlunnindum og risnu á árunum 1993–96?
2. Hver var ferðakostnaður erlendis árlega á árunum 1993–96, að báðum árum meðtöldum, hve margar ferðir voru farnar hvert ár um sig, hvernig sundurliðast kostnaðurinn milli flugfargjalds, gistikostnaðar og dagpeningagreiðslna? Sérstaklega er óskað sundurliðunar á fjölda ferða stjórnenda og að tilgreindur sé árlegur sundurliðaður kostnaður við þær og ferðir maka þeirra, sé um það að ræða.
3. Hvaða reglur giltu um bifreiðahlunnindi, risnu- og ferðakostnað stjórnenda?
4. Hver var árlegur risnukostnaður 1993–96, að báðum árum meðtöldum, sundurliðað eftir:
   a. fastri risnu greiddri einstökum stjórnendum,
   b. risnu greiddri samkvæmt reikningi,
   c. helstu þáttum risnunnar og kostnaði við hvern þeirra, auk helstu tilefna risnunnar?
5. Var farið í laxveiðiferðir á vegum Pósts og síma? Ef svo er, hvernig skiptist árlegur kostnaður við þær á árunum 1993–96 milli laxveiðileyfa og annarra útgjalda vegna

ferðanna. Hve margar ferðir voru farnar á ári hverju, hvert var farið, hverjir voru þátttakendur í slíkum ferðum og hver voru tilefni þeirra?
6. Hverjir tóku ákvarðanir um ferðir stjórnenda erlendis og laxveiðar, sé um þær að ræða?

Skriflegt svar óskast.

145. Fyrirspurn [145. mál]

til samgönguráðherra um rekstrarkostnað Flugmálastjórnar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru laun, lífeyrisréttindi og önnur starfskjör stjórnenda Flugmálastjórnar, sundurliðað eftir stöðuheitum, fjölda stjórnenda og milli kynja, föstum launum, öðrum greiðslum, eins og stjórnargreiðslum, og hvers konar þóknunum og hlunnindum, þ.m.t. bílahlunnindum og risnu á árunum 1993–97?
2. Hver var ferðakostnaður erlendis árlega á árunum 1993–97, að báðum árum meðtöldum, hve margar ferðir voru farnar hvert ár um sig, hvernig sundurliðast kostnaðurinn milli flugfargjalds, gistikostnaðar og dagpeningagreiðslna? Sérstaklega er óskað sundurliðunar á fjölda ferða stjórnenda og tilgreindur árlegur sundurliðaður kostnaður við þær og ferðir maka þeirra, sé um það að ræða
3. Hvaða reglur gilda um bifreiðahlunnindi, risnu- og ferðakostnað stjórnenda?
4. Hver var árlegur risnukostnaður 1993–97, að báðum árum meðtöldum, sundurliðað eftir:
   a. fastri risnu greiddri einstökum stjórnendum,
   b. risnu greiddri samkvæmt reikningi,
   c. helstu þáttum risnunnar og kostnaði við hvern þeirra, auk helstu tilefna risnunnar?
5. Hefur verið farið í laxveiðiferðir á vegum Flugmálastjórnar? Ef svo er, hvernig skiptist árlegur kostnaður við þær sl. fimm ár milli laxveiðileyfa og annarra útgjalda vegna ferðanna. Hve margar ferðir voru farnar á ári hverju, hvert var farið, hverjir voru þátttakendur í slíkum ferðum og hver voru tilefni þeirra?
6. Hverjir taka ákvarðanir um ferðir stjórnenda erlendis og laxveiðar, sé um þær að ræða?

Skriflegt svar óskast.

146. Frumvarp til leiklistarlaga. [146. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla íslenska leiklist og aðrar sviðslistir og búa þeim hagstæð skilyrði.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn leiklistarmála samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Þjóðleikhús.

3. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

4. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að glæða áhuga landsmanna á þessum listgreinum og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

5. gr.

Aðalverkefni Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra sjónleikja. Jafnframt skal það standa að flutningi á óperum og söngleikjum og listdanssýningum.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir til Íslands erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn, að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. Skipaður skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Ætíð skal auglýsa embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og markar listræna stefnu þess í samráði við þjóðleikhúsráð. Hann stýrir leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð. Félag íslenskra leikara tilnefnir einn fulltrúa og Félag leikstjóra á Íslandi annan en þrír eru skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Ráðið skal skipað til fjögurra ára í senn, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkast við embættistíma ráðherrans sitji hann skemur. Full-

trúi starfsmanna leikhússins, kjörinn úr hópi þeirra til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, á sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið. Það vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir þjóðleikhúsráð til samþykktar og ráðið hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

8. gr.

Um innra starfsskipulag Þjóðleikhússins má kveða á í reglugerð að fengnum tillögum þjóðleikhúsráðs.

9. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður starfsmenn leikhússins og gerir við þá starfssamninga í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

10. gr.

Þjóðleikhúsið skal kosta kapps um hagkvæmt samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna leiklist og öðrum þeim listgreinum er starfi þess tengjast. Það skal eftir föngum veita leikfélögum áhugamanna lið og gera leiklistarnemendum kleift að fylgjast með leikhússtarfinu.

11. gr.

Þegar Þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til reglubundinnar starfsemi leikhússins samkvæmt þessum lögum má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

12. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og eigið aflafé leikhússins hrekkur ekki til.

13. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

III. KAFLI
Önnur leiklistarstarfsemi.

14. gr.

Auk framlaga til Þjóðleikhússins veitir Alþingi árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi, bæði atvinnumanna og áhugaleikfélaga. Slíkur fjárstuðningur getur auk almennrar leikstarfsemi tekið til barnaleikhúsa, brúðuleikhúsa, óperustarfsemi og listdans.

Að því leyti sem framlög til einstakra aðila eru ekki ákveðin í fjárlögum hverju sinni annast menntamálaráðuneytið úthlutun þess fjár sem veitt er samkvæmt þessari grein. Úthlutun styrkja til atvinnuleikhópa skal ákveðin að fengnum tillögum leiklistarráðs, sbr. 17.–18. gr., en til starfsemi áhugaleikfélaga að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undirbúning og tilhögun styrkveitinga.

Um veitingu starfslauna til leikhúslistafólks fer samkvæmt ákvæðum laga um listamannalaun, nr. 35/1991, með síðari breytingum.

15. gr.

Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið er í árlegri fjárhagsáætlun þeirra.

16. gr.

Heimilt er menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að gera tímabundinn samning við rekstraraðila atvinnuleikhúss og hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög um fjárstuðning við leikhúsið, með fyrirvara um fjárveitingar í fjárlögum á samningstímanum. Heimilt er einnig að gera slíka samninga við lögaðila, félög eða stofnanir á sviði listdans, óperu og annarra sviðslista.

Í þessum efnum skal taka sérstakt tillit til leiklistarstofnana og félaga sem lengi hafa notið fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði.

IV. KAFLI
Leiklistarráð.

17. gr.

Menntamálaráðherra skipar leiklistarráð til tveggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti þrír fulltrúar. Leiklistarsamband Íslands tilnefnir einn, Bandalag sjálfstæðra atvinnuleikhúsa einn en einn er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í leiklistarráði meira en tvö starfstímabil í röð.

18. gr.

Leiklistarráð gerir tillögu til menntamálaráðuneytisins um úthlutun fjár sem veitt er í fjárlögum til stuðnings atvinnuleikhópum, sbr. 14. gr.

Ráðið veitir umsögn um leiklistarerindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um leiklistarmálefni.

Þóknun fulltrúa í leiklistarráði og annar kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI
Önnur ákvæði.

19. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Heimilt er að ákvæði er taka til starfsemi Þjóðleikhússins séu sett í sérstakri reglugerð.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi leiklistarlög, nr. 33/1977, með síðari breytingum, og lög nr. 58/1978, um Þjóðleikhús, með síðari breytingum. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 35/1991, um listamannalaun, sbr. 9. gr. laga nr. 144/1996, breytist á þá lund að í stað orðanna „framkvæmdastjórn leiklistarráðs“ kemur: leiklistarráði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að loknum ráðningartíma núverandi þjóðleikhússtjóra skal miða upphaf skipunartíma þjóðleikhússtjóra samkvæmt þessum lögum við 1. janúar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til leiklistarlaga var lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98 en varð þá eigi útrætt. Það er nú lagt fram á ný með fáeinum breytingum, þ.e. á 6., 7., 16., 17. og 20. gr.

Frumvarpið er samið í menntamálaráðuneytinu, en hliðsjón var m.a. höfð af tillögum nefndar sem ráðuneytið skipaði árið 1994 til að huga að nýjum leiklistarlögum. Í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar frá Bandalagi íslenskra leikfélaga, Leiklistarsambandi Íslands og leiklistarráði, auk fulltrúa sem skipaðir voru án tilnefningar, en formaður var Sveinn Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri. Nefndin skilaði álitsgerð í ágúst 1995. Meðal annarra gagna sem lágu fyrir við samningu frumvarpsins má nefna frumvarp til laga um Þjóðleikhús sem lagt var fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90 en varð ekki útrætt.

Frumvarpið var í drögum kynnt þjóðleikhússtjóra, framkvæmdastjórn leiklistarráðs og fulltrúum úr leiklistarlaganefndinni sem að framan getur og tekið var tillit til ýmissa ábendinga sem fram komu í þeim viðræðum.

Nýjum leiklistarlögum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi tvenn núgildandi lög, þ.e. annars vegar leiklistarlög, nr. 33/1977, með síðari breytingum, og hins vegar lög um Þjóðleikhús, nr. 58/1978, með síðari breytingum. Þannig er stefnt að heildstæðum lögum um leiklistarmálefni þar sem ákvæði um Þjóðleikhús verði sérstakur kafli. Þessi formbreyting er eðlileg miðað við efnislegt samhengi. Í meginatriðum svara I., III. og IV. og að nokkru leyti V. kafli frumvarpsins til núgildandi leiklistarlaga, að því er efnisatriði varðar, en II. kafli til núgildandi laga um Þjóðleikhús.

Helstu breytingar og nýmæli sem í frumvarpinu felast skulu nú stuttlega rakin og þá fyrst þau sem varða svið núgildandi leiklistarlaga, nr. 33/1977, með breytingum samkvæmt lögum nr. 10/1979.

— Ákvæði um fjárstuðning ríkisins við leiklistarstarfsemi, umfram rekstur Þjóðleikhússins, eru gerð almennari en nú. Tekið er fram að slíkur stuðningur geti auk almennrar leikstarfsemi tekið til barnaleikhúsa, brúðuleikhúsa, óperustarfsemi og listdans, bæði á vegum atvinnumanna og áhugaleikfélaga, en ekki er gert ráð fyrir að lögbinda framlög til einstakra aðila.
— Gert er ráð fyrir, eins og í gildandi lögum, að sveitarfélög veiti fé til leiklistarstarfsemi, en fellt er brott ákvæði um að framlag sveitarfélags til hvers leikfélags skuli eigi vera minna en ríkissjóður greiðir. Er það gert með tilliti til meginreglu um fjárhagslegt sjálfræði sveitarfélaga.
— Lagt er til að lögfest verði heimild til að gera samninga af hálfu ríkisins við sveitarfélög, lögaðila, félög eða stofnanir um fjárstuðning við atvinnuleikhús eða hliðstæða starfsemi á sviði listdans, óperu og annarra sviðslista.
— Skipan leiklistarráðs er breytt, fulltrúum fækkað til muna og sérstök framkvæmdastjórn ráðsins lögð niður.

Kaflinn um *Þjóðleikhús* felur í sér talsverða styttingu og einföldun miðað við gildandi þjóðleikhúslög. M.a. er gert ráð fyrir að felld verði brott ýmis ákvæði sem teljast mega úrelt vegna breyttra aðstæðna eða hafa ekki reynst virk í framkvæmd. Að öðru leyti miða þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að því að efla sjálfstæði leikhússins með því að draga úr lagafyrirmælum um starfstilhögun þess og stjórnkerfi, jafnframt því að leitast er við að marka skýrar línur um ábyrgð og forustuhlutverk stjórnenda. Er í því efni tekið mið af þeirri meginstefnu sem fram kemur í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá 1996. Auk þessara almennu breytinga skal eftirtalinna atriða getið en jafnframt er vísað til athugasemda við einstakar greinar:

— Skipan þjóðleikhúsráðs er breytt að því leyti að gert er ráð fyrir að fulltrúar í ráðið séu valdir með öðrum hætti en nú er. Í stað tilnefningar af hálfu fjögurra stærstu þingflokkanna og Félags íslenskra leikara er lagt til að Félag íslenskra leikara tilnefni einn fulltrúa og Félag leikstjóra á Íslandi einn en að þrír verði skipaðir af menntamálaráðherra án tilnefningar. Skipunartími ráðsins verði ekki bundinn við bilið milli alþingiskosninga heldur ákveðinn fjögur ár, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkist við embættistíma ráðherrans ef hann situr skemur. Þá er gert ráð fyrir að fulltrúi starfsmanna leikhússins eigi sæti á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.
— Þjóðleikhúsinu er gert lögskylt að kosta kapps um hagkvæmt samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna listgreinum á starfssviði þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er markmið lagasetningar um leiklistarmál orðað í stuttu máli. Greinin á sér ekki beina hliðstæðu í gildandi lögum.

Um 2. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt frá gildandi leiklistarlögum.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. gildandi laga um Þjóðleikhús.

Um 4. gr.

Sú skilgreining á hlutverki Þjóðleikhússins sem í greininni felst er að mestu samhljóða markmiðslýsingu í 2. gr. gildandi laga en þó lítið eitt stytt.

Um 5. gr.

Hér er kveðið nánar á um verksvið og starfshætti Þjóðleikhússins á svipaðan hátt og í gildandi lögum þótt ákvæðin séu þar í mismunandi greinum (sbr. 3. og 5. gr. laga nr. 58/1978). Aðalbreytingin lýtur að skyldum Þjóðleikhússins til að sinna óperum, söngleikjum og listdansi. Á þessu sviði hafa aðstæður breyst nokkuð eftir setningu gildandi laga, einkum með tilkomu Íslensku óperunnar og breyttum högum Íslenska dansflokksins sem orðinn er sjálfstæð stofnun og hefur ekki lengur bækistöð í Þjóðleikhúsinu. Engu að síður er áfram gert ráð fyrir að Þjóðleikhúsið hafi skyldum að gegna á þessu sviði en ákvæðið sem að því lýtur er rýmkað frá því sem nú er. Í stað þess að mæla fyrir um að leikhúsið skuli „árlega flytja óperu og söngleiki og sýna listdans“ (sbr. 3. gr. gildandi þjóðleikhúslaga) er kveðið á um að það skuli „standa að flutningi á óperum og söngleikjum og listdanssýningum“. Er þá m.a. haft í huga að um geti verið að ræða samvinnuverkefni Þjóðleikhússins og annarra aðila á þessu sviði.

Um 6. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar fjallar um skipun þjóðleikhússtjóra. Er þar miðað við að um hana gildi meginreglur laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að því er varðar forstöðumenn ríkisstofnana. Í þjóðleikhúslögunum frá 1978 var kveðið á um fjögurra ára ráðningartíma þjóðleikhússtjóra en því var breytt í fimm ára skipunartíma með lögum nr. 83/1997, um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfs-

manna ríkisins. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að fellt verði brott ákvæði gildandi laga um að endurnýja megi skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára en þess í stað fari um endurskipun eftir almennum reglum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 23. gr. laga nr. 70/1996, þó þannig að áskilið er að embættið skuli ætíð auglýst laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.

Lagt er til að afnumin verði tilhögun sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 13. gr. gildandi þjóðleikhúslaga og varðar skörun á störfum fráfarandi þjóðleikhússtjóra og þess sem við tekur. Hvort tveggja er að hún samrýmist illa aðalreglu nýrra starfsmannalaga um skipunartíma embættismanna og jafnframt viðbúið að hún geti reynst hæpin í framkvæmd, leiði til óvissu um valdmörk og ábyrgð þegar tveir menn eiga hlut að sama forstöðumannsstarfi. Hér eru þeir annmarkar taldir vega þyngra en þau vandkvæði að nýr þjóðleikhússtjóri skuli þurfa að sæta því í upphafi ferils síns að stjórna starfsemi sem aðrir hafa skipulagt og ákveðið. Við slíkt þarf að búa á mörgum öðrum sviðum, m.a. í öðrum listastofnunum sem þurfa að skipuleggja starfsemi sína með nokkrum fyrirvara. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir (sbr. ákvæði til bráðabirgða) að nýtt skipunartímabil, og þar með mannaskipti ef um þau er að ræða, miðist við áramót, en samkvæmt núverandi tilhögun lætur fráfarandi þjóðleikhússtjóri af störfum í upphafi nýs leikárs.

Síðari málsgrein 6. gr. skilgreinir hlutverk þjóðleikhússtjóra í stuttu máli. Í meginatriðum er ekki um að ræða mikla breytingu frá gildandi lögum, en ætlast er til að orðalag greinarinnar gefi skýrt til kynna að þjóðleikhússtjóri er ótvíræður stjórnandi stofnunarinnar og ber ábyrgð á starfi hennar í samræmi við það.

Um 7. gr.

Í fyrri málsgrein greinarinnar er fjallað um skipun þjóðleikhúsráðs. Er þar gert ráð fyrir veigamiklum breytingum, sbr. almennar athugasemdir hér að framan. Samkvæmt núgildandi lögum (sbr. 5. gr. laga nr. 58/1978) skipar menntamálaráðherra, eftir hverjar alþingiskosningar, fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra eftir tilnefningu fjögurra stærstu þingflokkanna og einn samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra leikara. Ráðherra skipar jafnframt einn úr þessum hópi formann ráðsins. Þessi tilhögun hefur verið frá því að Þjóðleikhúsið tók til starfa fyrir nærfellt hálfri öld, raunar var hún ákveðin í þjóðleikhúslögum 1947, en á sér ekki hliðstæðu í ríkiskerfinu. Með þessu frumvarpi er lagt til að breytt verði á þá lund að tveir af fimm fulltrúum í þjóðleikhúsráði verði tilnefndir af Félagi íslenskra leikara og Félagi leikstjóra á Íslandi, en þrír fulltrúar verði skipaðir án tilnefningar af menntamálaráðherra, sem jafnframt skipi formann ráðsins og varaformann úr hópi aðalfulltrúa í ráðinu. Þá er og gert ráð fyrir að skipunartími þjóðleikhúsráðs verði fjögur ár, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkist við embættistíma ráðherrans sem skipar þá, sitji hann skemur.

Önnur nýjung er að samkvæmt frumvarpinu er kjörnum fulltrúa starfsmanna leikhússins tryggt sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Slík lögformleg trygging er ekki fyrir hendi nú þótt í framkvæmd muni það oftast hafa verið svo að fulltrúi Félags íslenskra leikara í ráðinu hafi verið úr hópi starfsmanna leikhússins. Nauðsynlegt er að starfsfólk stofnunarinnar eigi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á vettvangi þjóðleikhúsráðs. Með hliðsjón af hæfisreglum stjórnsýslulaga er hins vegar ekki gert ráð fyrir að fulltrúi starfsfólks fari þar með atkvæðisrétt.

Í seinni málsgrein greinarinnar er hlutverk þjóðleikhúsráðs skýrgreint á samfelldari hátt en í gildandi lögum. Tekið er fram að það sé stjórnarnefnd leikhússins sem allar meiri háttar rekstrarákvarðanir skuli bornar undir. Það er þjóðleikhússtjóra til samráðs um mótun starf-

seminnar, leggur samþykki á árlega starfs- og fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Rétt er að ítreka það sem segir í athugasemd um 6. gr. hér að framan, þar sem áhersla er lögð á forustuhlutverk og ábyrgð þjóðleikhússtjóra. Hlýtur samstarf þjóðleikhúsráðs og þjóðleikhússtjóra að taka mið af því.

Um 8.–9. gr.

Í gildandi þjóðleikhúslögum eru allmörg ákvæði sem varða tiltekin störf og stöður í leikhúsinu, önnur en stöðu þjóðleikhússtjóra. Sumt af því á sér ekki lengur stoð í raunverulegum aðstæðum stofnunarinnar. Sem dæmi má nefna ákvæði um listdansstjóra í fullu starfi, sbr. það sem að framan getur um aðskilnað Þjóðleikhússins og Íslenska dansflokksins. Mestu skiptir þó hitt að ekki verður talið heppilegt að njörva niður í lagasetningu hvernig störfum skuli skipað í leikhúsinu. Gert er ráð fyrir að stjórnendur stofnunarinnar hafi með höndum að ráða það starfslið sem þarf til að hún fái sem best rækt lögbundið hlutverk sitt og með hliðsjón af þeirri ábyrgð sem þeir bera á því að reksturinn sé innan marka lögmætra fjárheimilda. Um stöðu og kjör þeirra sem ráðnir eru til ákveðinna starfa fer síðan eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og þeim kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Þessi sjónarmið liggja því til grundvallar að ákvæði frumvarpsins um starfsmannamál Þjóðleikhússins eru til muna fábrotnari en í gildandi lögum. Í 8. gr. er hins vegar gert ráð fyrir að setja megi í reglugerð ákvæði um innra starfsskipulag hússins ef það þykir henta og þá að fengnum tillögum þjóðleikhúsráðs.

Um 10. gr.

Í 14. og 15. gr. núgildandi laga um Þjóðleikhús eru allviðamikil ákvæði sem lúta að samstarfi Þjóðleikhússins við leikfélög í landinu, einkum félög áhugamanna. Í stað þeirra er í þessari grein frumvarpsins kveðið almennt á um skyldu Þjóðleikhússins til að kappkosta hagkvæmt samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna þeim listgreinum er falla undir verksvið þess, jafnframt því að áréttað er að því beri eftir föngum að liðsinna leikfélögum áhugamanna og veita leiklistarnemendum fyrirgreiðslu. Með þessum ákvæðum er mörkuð sú stefna að stuðla beri að samvinnu þeirra sem vinna að sviðslistum, bæði opinberra stofnana og annarra, þegar ætla má að slík samvinna geti verið árangursrík frá listrænu sjónarmiði eða fjárhagslegu. Ýmis dæmi eru um vel heppnað samstarf af þessu tagi og fjölbreyttir möguleikar ættu að vera fyrir hendi, misjafnlega nærtækir. Meðal eðlilegra samstarfsaðila Þjóðleikhússins, auk almennra leikhúsa og leikfélaga, má benda á Íslensku óperuna, Íslenska dansflokkinn, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ríkisútvarpið og aðra ljósvakamiðla í tengslum við upptökur á leiksýningum, en þær hafa til þessa verið of fátíðar.

Í 14. gr. gildandi þjóðleikhúslaga, sem áður var vitnað til, er mælt fyrir um að Þjóðleikhúsið skuli taka þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns ásamt sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Af stofnun slíks sameiginlegs safns hefur ekki orðið, þótt hlutverki þess sé sinnt með öðrum hætti af hlutaðeigandi stofnunum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þetta ákvæði falli brott.

Um 11.–13. gr.

Þessar greinar eru efnislega lítt breyttar frá gildandi lögum.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um þann fjárstuðning sem gert er ráð fyrir að veittur sé í fjárlögum ár hvert til leiklistarstarfsemi auk framlaga til Þjóðleikhússins. Skilgreining í 1. mgr. á þeirri starf-

semi sem notið getur slíks stuðnings af hálfu ríkisins er rúm, tekið er fram að bæði sé átt við leiklist atvinnumanna og áhugaleikfélaga, svo og mismunandi tegundir sviðslista. Hliðstæð ákvæði í núgildandi leiklistarlögum (sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1977, með breytingum samkvæmt lögum nr. 10/1979) eru að því leyti frábrugðin að þar eru sérstaklega tilgreindir þrír aðilar sem njóta eiga árlegs fjárstuðnings, þ.e. Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar og Bandalag íslenskra leikfélaga. Í frumvarpinu er valin sú leið að skilgreina styrkhæfa starfsemi en tiltaka ekki einstaka aðila sem skylt sé að styrkja. Að því er Leikfélag Reykjavíkur varðar er rétt að taka fram að árleg framlög ríkisins til félagsins hafa verið mjög takmörkuð flest hin síðari ár, eftir að nokkurs konar verkaskipting komst á milli ríkisins og Reykjavíkurborgar árið 1991 um fjárstuðning við Leikfélag Reykjavíkur og Íslensku óperuna. Undantekning í þessu efni er samtals 25 millj. kr. framlag ríkisins til LR í tilefni af aldarafmæli félagsins 1997. Um framlög til Leikfélags Akureyrar hefur frá 1991 farið eftir þríhliða samningi milli ríkisins, Akureyrarbæjar og Leikfélags Akureyrar, en framkvæmd þess samnings fellur nú undir samning sem gerður var árið 1996 milli ríkisins og Akureyrarbæjar um framlög ríkissjóðs til menningarmála og menningarstofnana sem tengjast Akureyrarbæ. (Samningurinn við Akureyrarbæ var gerður í tengslum við hlutverk Akureyrarbæjar sem reynslusveitarfélag og gildir til ársloka 1999.) Bandalag íslenskra leikfélaga hefur um langt skeið notið árlegs styrks í fjárlögum til starfsemi sinnar og í frumvarpinu felst alls engin vísbending um að á því ætti að verða breyting.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um hvernig standa skuli að úthlutun þess styrkfjár sem um ræðir í 1. mgr. Í meginatriðum er um að ræða hliðstætt fyrirkomulag því sem tíðkast hefur í framkvæmd, þ.e. að styrkjum til svonefndra atvinnuleikhópa sé úthlutað að fengnum tillögum leiklistarráðs og styrkjum til áhugaleikfélaga að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga. Þess skal þá getið að tillögugerð af hálfu leiklistarráðs hefur verið í höndum framkvæmdastjórnar þess (sbr. athugasemdir við 17. gr. hér á eftir). Þá er og mælt fyrir um að menntamálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um undirbúning og tilhögun styrkveitinga.

Mikilsverður þáttur í fjárhagslegum stuðningi ríkisins við leiklistarstarfsemi er fólginn í starfslaunum sem veitt eru samkvæmt lögum um listamannalaun, svo sem vísað er til í síðustu málsgrein þessarar greinar frumvarpsins. Samkvæmt þeim lögum eru starfslaun listamanna veitt úr fjórum sjóðum, þ.e. Launasjóði rithöfunda, Launasjóði myndlistarmanna, Tónskáldasjóði og Listasjóði. Listasjóður er almennur sjóður en sinnir einkum öðrum listgreinum en þeim sem falla undir sérgreindu sjóðina. Með lögum nr. 144/1996, um breyting á lögum um listamannalaun, nr. 35/1991, var kveðið á um að allt að þriðjungi starfslauna og styrkja úr Listasjóði skuli varið til stuðnings leikhópum, svo sem fyrir er mælt í ákvæðum leiklistarlaga, enda verði því framlagi einvörðungu varið til greiðslu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna. Stjórn listamannalauna getur falið framkvæmdastjórn leiklistarráðs að fjalla um veitingu þessara starfslauna. Með þessu móti eru tengd saman starfslaun samkvæmt lögum um listamannalaun og fjárstuðningur við leikhópa á grundvelli leiklistarlaga. Kom sú tilhögun í fyrsta sinn til framkvæmda á þessu ári og er líkleg til að styrkja mjög aðstöðu þeirra leikhópa sem hennar njóta.

Í 2. mgr. þessarar greinar er orðið „atvinnuleikhópar“ haft um leikhópa sem geta notið stuðnings að fengnum tillögum leiklistarráðs. Ástæða er til að fjalla stuttlega um merkingu þeirrar nafngiftar í þessu samhengi. Ekki er unnt að fullyrða að „atvinnuleikhópur“ sé hópur manna sem hafa aðalatvinnu af leikstarfi heldur er átt við að þeir sem að starfseminni standa hafi til að bera sérhæfða menntun eða reynslu sem að öðru jöfnu er ein af forsendum „fagmennsku“ í leiklist. Ýmis önnur orð hafa með jafngóðum rökum verið notuð um þá sýningar-

hópa sem hér er um að tefla, svo sem „frjálsir leikhópar“ eða „sjálfstæðir leikhópar“ og þá átt við að starfsemin sé ekki á vegum (opinberra) stofnana.

Um 15. gr.

Hér er, eins og í gildandi leiklistarlögum, gengið út frá því að sveitarfélög efli leiklistarstarfsemi innan vébanda sinna með fjárstuðningi. Hins vegar er lagt til að niður falli ákvæði um að fjárframlag sveitarstjórnar skuli eigi vera lægra til hvers leikfélags en ríkissjóður greiðir að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga. Eðlilegt er að í þessu efni gildi sjálfræði sveitarfélaganna um ráðstöfun fjármuna sinna.

Um 16. gr.

Eins og um getur í athugasemdum við 14. gr. hefur um nokkurra ára skeið verið í gildi þríhliða samningur milli ríkisins, Akureyrarbæjar og Leikfélags Akureyrar um framlög til atvinnuleikhúss á vegum Leikfélags Akureyrar. Samningur milli menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og stjórna Íslensku óperunnar og styrktarfélags hennar um fjárstuðning ríkisins við starfsemi Íslensku óperunnar var gerður 1991 og endurnýjaður í endurskoðaðri gerð í janúar 1997 til fjögurra ára. Loks má nefna að menntamálaráðuneytið hefur að tillögu framkvæmdastjórnar leiklistarráðs þrívegis gert starfssamning til tveggja leikára við leikhóp sem veittur var styrkur af fjárveitingu til atvinnuleikhópa. Samningar af þessu tagi eru til þess fallnir að styrkja rekstrargrundvöll starfseminnar sem í hlut á jafnframt því að stuðlað er að markvissri nýtingu þess fjárstuðnings sem samið er um. Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins miða að því fá slíkum samningum beina stoð í leiklistarlögum, en þeir hafa hingað til aðallega byggst á fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni. Almenn lagaheimild til verkefnasamninga ráðuneyta við ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila er nú að finna í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Ekki þykir rétt að binda hendur ráðherra í lögum þannig að gert sé skylt að ganga til samninga við tiltekna aðila. Í síðari málsgrein greinarinnar kemur hins vegar fram að við framkvæmd heimildarákvæðisins beri að taka sérstakt tillit til stofnana og félaga sem lengst hafa notið fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði. Er þá haft í huga að leiklistarstofnanir eins og Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar og Íslenska óperan hafa skipað sérstakan sess í íslensku leikhúslífi. Samningaheimildin mundi m.a. taka til þeirra, sbr. og það sem rakið var hér að framan.

Um 17. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipan leiklistarráðs og gert ráð fyrir að á henni verði veigamikil breyting. Á grundvelli gildandi leiklistarlaga er leiklistarráð nú skipað nær 30 fulltrúum, tilnefndum af samtökum og stofnunum sem fjalla um leiklistarmál. Skipunartími ráðsins er þrjú ár í senn. Ráðið skal koma saman einu sinni á ári nema sérstök ástæða sé til fleiri funda, en milli funda ráðsins fer þriggja manna framkvæmdastjórn með málefni þess. Í frumvarpinu er lagt til að í leiklistarráði eigi sæti þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Leiklistarsambandi Íslands og annar af Bandalagi sjálfstæðra atvinnuleikhúsa en einn skipaður án tilnefningar og sé hann formaður ráðsins. Eins og nú er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi ráðið en skipunartíminn er styttur í tvö ár og kveðið á um að ekki megi skipa sama mann aðalfulltrúa meira en tvö starfstímabil í röð.

Eins og núgildandi lagaákvæði um leiklistarráð eru úr garði gerð er þess ekki að vænta að ráðið í heild inni af hendi eiginlegt starf að þeim málefnum sem falla undir verksvið þess samkvæmt lögunum, nema hvað ársfundir ráðsins hafa að sjálfsögðu verið vettvangur um-

ræðna um leiklistarmál. Að öðru leyti sinnir framkvæmdastjórnin verkefnum ráðsins, m.a. gerð tillagna um ráðstöfun fjárveitingar til starfsemi atvinnuleikhópa. Segja má að í frumvarpinu felist viðurkenning á þessari tilhögun. Ekki virðist lengur ástæða til að lögbinda sérstakan umræðuvettvang um leiklistarmál, m.a. með hliðsjón af tilkomu Leiklistarsambands Íslands sem eftir samþykktum sínum er ætlað að vera „sameiginlegur vettvangur allra þeirra starfsgreina og stofnana sem vinna að leikhúsmálum á Íslandi".

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um verkefni leiklistarráðs. Lögð er nokkru meiri áhersla en í gildandi lögum á það hlutverk ráðsins að vera ráðgjafar- og umsagnaraðili fyrir menntamálaráðuneytið um leiklistarmálefni. Kveðið er beint á um tillögugerð ráðsins að því er varðar úthlutun fjárveitingar til atvinnuleikhópa, en um það verkefni framkvæmdastjórnar leiklistarráðs er nú mælt í reglugerð.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Auk ákvæða um gildistöku nýrra laga og niðurfellingu fyrri leiklistarlaga og laga um Þjóðleikhús er í greininni mælt fyrir um lítils háttar breytingu á lögum um listamannalaun sem leiðir af því að ekki verður lengur um að ræða framkvæmdastjórn leiklistarráðs.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vísað er til athugasemda við 6. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til leiklistarlaga.

Frumvarpið felur í sér að sett verði ein lög um leiklistarstarfsemi í landinu sem taki við hlutverki núgildandi leiklistarlaga, nr. 33/1977, og laga um Þjóðleikhús, nr. 58/1978. Helstu breytingar og nýmæli sem koma til álita varðandi kostnað eru í fyrsta lagi að ákvæði um fjárstuðning ríkisins við leiklistarstarfsemi, umfram rekstur Þjóðleikhússins, eru gerð almennari en nú. Í öðru lagi er fellt brott lagaákvæði um að framlag sveitarfélags til hvers leikfélags skuli eigi vera minna en það sem ríkissjóður greiðir. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að lögfest verði heimild til handa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra til að gera samninga um fjárstuðning við atvinnuleikhús og hliðstæða starfsemi með fyrirvara um fjárveitingu í fjárlögum, en almenn heimild ráðherra til að gera samninga til nokkurra ára er í fjárreiðulögum. Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á skipan leiklistarráðs sem fela í sér fækkun fulltrúa og einföldun. Í fimmta og síðasta lagi er lagt til að bundið verði í lög að Þjóðleikhúsinu sé ætlað að eiga samstarf við aðrar stofnanir, félög og aðra sem sinna listgreinum á starfssviði þess og geta eflt þessar listgreinar á hagkvæman hátt. Að því er séð verður mun frumvarpið, verði það að lögum, hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

147. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytingar á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Ágúst Einarsson,
Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

1. mgr. 81. gr. laganna orðast svo:

Hluthafar, sem ráða yfir minnst $^1/_{10}$ hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

2. gr.

Við 2. mgr. 108. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Dómstóll getur að kröfu tjónþola og ef sérstök ástæða er til með hliðsjón af saknæmri hegðun tjónvalds og aðstæðum að öðru leyti skyldað hann til að innleysa hlut tjónþola í félaginu. Við ákvörðun innlausnarverðs skal litið til fjárhagslegrar stöðu félagsins og þess hvað sanngjarnt getur talist með hliðsjón af öllum atvikum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, voru sett að danskri fyrirmynd. Tiltölulega skömmu eftir að lögin öðluðust gildi breyttu Danir sínum lögum. Var sú leið farin í þar í landi að auka frelsi hluthafa til að semja sín á milli. Aðstaðan þar er því sú að hluthafar geta í auknum mæli byggt á öðrum réttarheimildum í lögskiptum sín á milli en lögunum um einkahlutafélög, t.d. reglum samningaréttar eða skaðabótaréttar, svo framarlega sem lögin um einkahlutafélög mæla ekki á annan veg.

Lög um einkahlutafélög hafa að geyma ýmis úrræði sem hluthafar geta byggt rétt sinn á. Í slíkum tilvikum kann að vera vafi á hvort þau séu talin tæmandi eða hvort hægt sé að beita öðrum réttarreglum, skráðum eða óskráðum. Ef úrræði hluthafa eru talin tæmandi í þeim tilvikum sem lögin taka afstöðu til verður að vanda sérstaklega til lagasetningarinnar. Þessari lagabreytingu er ætlað að sníða af annmarka laganna er varða úrræði sem minni hluti hluthafa hefur við tilteknar aðstæður og er á tæmandi hátt lýst í núgildandi lögum.

Breytingarnar sem lagðar eru til byggjast að mestu á þeim reglum er giltu í dönskum rétti fram til 1. júní 1996. Flutningsmönnum þykir ekki tímabært að feta strax í fótspor Dana og auka samningafrelsi milli hluthafa, nema að fenginni reynslu af einkahlutafélagaforminu, en þá mun væntanlega þurfa að koma til allsherjarendurskoðunar á lögunum.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 81. gr. núgildandi laga um einkahlutafélög þarf krafa um slit á félagi að koma frá hluthöfum er ráða yfir a.m.k. $^1/_5$ hlutafjár. Hér er lagt til að breytt verði hve miklu hlutafé hluthafar þurfi að ráða yfir til að heimilt sé að krefjast slita. Breytingunni er í engu ætlað að hafa áhrif á þau ströngu skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi að öðru leyti til þess að krafan nái fram að ganga.

Tilgangur 81. gr. núgildandi laga er að tryggja minnihlutavernd, einkum þegar hluthöfum standa engin önnur virk úrræði til boða samkvæmt lögunum. Minnihlutaverndinni er ætlað að koma á eðlilegu jafnvægi milli hagsmuna meiri hluta og minni hluta, og getur þannig m.a. stuðlað að aukinni eftispurn eftir hlutafé, óháð hlutfalli þess af heildarhlutafé félags. Telja verður að sjónarmið um minnihlutavernd eigi sérstaklega rétt á sér í löggjöf um einkahlutafélög þar sem oft er um að ræða fáa hluthafa og því frekar hætta á að meirihlutavaldi, sem oft er í hendi eins hluthafa, sé misbeitt. Þrátt fyrir að lögin um einkahlutafélög nefni minnihlutavernd ekki sérstaklega er augljóst að víða er byggt á henni, sbr. t.d. 18., 60., 69. og 70. gr. og 2. mgr. 76. gr.

Í tengslum við 81. gr. núgildandi laga er rétt að hafa hliðsjón af 18. gr., sem byggist á sjónarmiðum um minnihlutavernd, en samkvæmt henni getur hver einstakur í minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá hluthafa sem á meira en $^9/_{10}$ hlutafjár og fer með samsvarandi magn atkvæða. Lagagreinarnar eiga það sammerkt að hluthafi getur losnað úr félagi, þó við mismunandi aðstæður, auk þess sem þær byggjast á áðurnefndum sjónarmiðum um minnihutavernd. Er af þessum sökum nauðsynlegt að líta til efnis 18. gr. við breytingu á 81. gr.

Það vekur athygli við samanburð á 18. og 81. gr. að við tiltekna hlutafjáreign getur hluthafi hvorki krafist innlausnar né slita á félagi, þrátt fyrir að vera í minni hluta. Sem dæmi má nefna mann sem á 17% í einkahlutafélagi og kemst að því að annar hluthafi hefur af ásettu ráði misnotað aðstöðu sína í félaginu. Vegna þessa vill hann selja hlut sinn. Aðrir hluthafar vilja ekki kaupa hlut hans né neinn utanaðkomandi. Eina úrræðið, sem honum er tækt í þessu tilviki samkvæmt núgildandi lögum, er málshöfðun á grundvelli 2. mgr. 108. gr., þ.e. skaðabótamál gegn þeim er misnotaði aðstöðu sína. Slík málshöfðun kann þó að vera óheppileg, m.a. vegna þess að áframhaldandi samstarf innan félagsins getur reynst erfitt. Hluthafa gæti einnig reynst erfitt að sanna tjón sitt. Þá má jafnframt gera því skóna að félagið yrði enn síður álitlegur kostur fyrir fjárfesta og jafnvel viðskiptavini (viðskiptavild tapast), enda ekki tilhlökkunarefni að skipta við félag þar sem eigendur eiga í deilum sín á milli. Þetta á sérstaklega við um smærri fyrirtæki þar sem hluthafar eru oft í stjórn og sjá um daglegan rekstur þeirra. Með hliðsjón af þessu er tilefni til að ætla að skaðabótamál leysi ekki allan vanda og geti í raun gert samstarfið milli hluthafa enn erfiðara. Hluthafar í þessari stöðu þurfa því raunhæft úrræði, eins og þeir sem 81. gr. núgildandi laga tekur til.

Þrátt fyrir að lögin um einkahlutafélög hafi að mestu verið samin að danskri fyrirmynd var önnur leið valin hér en í Danmörku á sínum tíma að því er 81. gr. varðar, en þar gátu hluthafar sem áttu $^1/_{10}$ hlutafjár eða meira krafist slita við sambærilegar aðstæður og lýst er í 1. mgr. 81. gr. íslensku laganna. Á þennan hátt myndaðist ekki gat í minnihlutaverndina ef svo má að orði komast.

Í raun má segja að 1. mgr. 81. gr. núgildandi laga sé ekki í fullkomnu samræmi við sjónarmið um minnihlutavernd, þrátt fyrir að slíkt hafi verið tilgangurinn með lögfestingu hennar, þar sem tiltekinn hópur hluthafa ber skarðan hlut frá borði, þ.e. þeir sem ekki geta nýtt úrræði skv. 18. gr. eða 1. mgr. 81. gr. laganna. Ekki verður heldur séð hvaða rök eru fyrir því að mynda þess háttar gat í minnihlutaverndina og slíkt samræmist illa almennri jafnræðisreglu.

Hér er því lagt til að 1. mgr. 81. gr. verði breytt á þann hátt að krafa um slit geti náð fram að ganga að kröfu hluthafa sem ráða yfir minnst $^1/_{10}$ hlutafjár að öðrum skilyrðum uppfylltum. Hagsmunir meiri hluta hluthafa eru eftir sem áður tryggðir í 2. mgr. 81. gr. núgildandi laga.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum getur hluthafi, sem af ásettu ráði eða með stórfelldu gáleysi veldur öðrum hluthafa tjóni, orðið skaðabótaskyldur. Hér er lagt til að dómari geti að auki, við tilteknar aðstæður og samkvæmt kröfu tjónþola (hluthafa), dæmt tjónvald (hluthafa) til innlausnar á hlutum tjónþolans. Algjört skilyrði er að hluthafi hafi valdið tjóninu með saknæmum hætti og er þá átt við ásetning eða stórfellt gáleysi, sbr. 2. mgr. 108. gr. gildandi laga.

Þessari breytingu er eingöngu ætlað að taka til þeirra tilvika þegar hluthafi er tjónvaldur, en ekki þeirra aðila sem nefndir eru í 1. mgr. 108. gr. núgildandi laga. Rökin fyrir þessu eru þau að síðarnefndu aðilunum er hægt að víkja úr starfi og komast þannig hjá frekari erfiðleikum sem kynnu að fylgja að loknum málaferlum.

Ef aðilar eru ekki sammála um hugsanlegt innlausnarverð geta þeir leitað héraðsdóms úrræða samkvæmt lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, eða ákvæðum í lögum um einkahlutafélaög. Slíkt ætti ekki að þurfa að leiða til aukins kostnaðar málsaðila, nema þá að litlu leyti þar sem líklegt er að grípa þurfi til sömu úrræða við sönnunarfærslu á tjóni og við innlausn á hlutum.

Við mat á því hvort skilyrði greinarinnar séu fyrir hendi verður m.a. að líta til eignarhlutar aðila, möguleika á áframhaldandi samstarfi og saknæmrar háttsemi tjónvalds, t.d. hvort um einstakt tilvik sé að ræða.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins og 81. gr. núgildandi laga hafa að geyma ákveðna samsvörun. Þó er sá munur á að annars vegar getur félagið krafist innlausnar og orðið eigandi hlutar og hins vegar getur sá hluthafi sem fyrir tjóni verður krafist þess að tjónvaldur innleysi hlut hans. Þá er rétt að benda á að stórfellt gáleysi er nægjanlegt skilyrði skv. 2. gr. frumvarpsins en ásetning þarf skv. 81. gr. (1. gr. frumvarpsins).

Ljóst er að innlausn við þær aðstæður sem um getur í greininni er ótvíræð réttarbót og raunhæft úrræði, enda til þess fallin að leysa menn frá samstarfi sem er komið í óefni og er e.t.v. andstætt vilja þeirra.

Frumvarpið sækir fyrirmynd sína í danskan rétt en reglan um skaðabótaábyrgð hluthafa var á sínum tíma sett í lög um einkahlutafélög að danskri fyrirmynd.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

148. Skýrsla [148. mál]

forsætisráðherra um lögleiðingu EES-gerða.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Hinn 6. júní 1997 skipaði ég nefnd til að athuga með hvaða hætti reglum, sem settar hafa verið á hinu evrópska efnahagssvæði, hefur verið veitt gildi hér á landi eftir að Ísland gerðist aðili að efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993, og hvort sá háttur, sem þar hefur verið á hafður, samrýmist reglum íslenskrar stjórnskipunar. Í nefndina voru skipaðir Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, sem jafnframt var formaður, Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri og Stefán Már Stefánsson prófessor. Jafnframt var Kristjáni Andra Stefánssyni deildarstjóra í forsætisráðuneytinu falið að starfa með nefndinni.

Greinargerð nefndarinnar liggur nú fyrir og hef ég ákveðið, með vísan til 1. mgr. 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, að gera Alþingi grein fyrir efni hennar með eftirfarandi skýrslu:

I.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og lög nr. 2/1993.

Með lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið var í 1. gr. heimilað að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) sem undirritaður hafði verið í Óportó hinn 2. maí 1992. Gilti þetta um meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum sem í viðaukunum var getið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar. Í 2. gr. laganna var kveðið á um að meginmál samningsins skyldi hafa lagagildi hér á landi svo og ákvæði bókunar 1 við samninginn, ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við samninginn. Með lögunum var meginmál samningsins ásamt ofangreindri bókun og ofangreindum ákvæðum úr viðaukum birt í A-deild Stjórnartíðinda.

Í inngangsorðum EES-samningsins segir m.a. að samningsaðilar hafi í huga það markmið að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallist á sameiginlegum reglum, sömu samkeppnisskilyrðum og tryggri framkvæmd, meðal annars fyrir dómstólum. Hafi samningsaðilar einsett sér að beita sér fyrir því að frelsi til vöruflutninga, fólksflutninga[1], þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga verði sem víðtækast á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Hefur þetta verið nefnt „fjórþætta frelsið". Má segja að í þessu birtist megintilgangur þessa milliríkjasamnings, þ.e.a.s. að samræma lagareglur í aðildarríkjunum á ofangreindum sviðum og að koma á virkri samkeppni þar sem sömu samkeppnisskilyrði ríki hvarvetna á svæðinu. Með aðild sinni að samningnum hefur Ísland því skuldbundið sig til að aðlaga landsrétt hér á landi þeim reglum sem gilda og settar verða á Evrópska efnahagssvæðinu á umræddum sviðum.

II.

Tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar.

Hér á landi er litið svo á, að reglur þjóðaréttar, sem íslenska ríkið kann að vera bundið af gagnvart öðrum ríkjum, gildi ekki sjálfkrafa sem landsréttur, þ.e.a.s. í skiptum ríkis og borgara og borgara innbyrðis. Til þess að öðlast slíkt gildi þurfa þjóðréttarreglurnar að hafa verið leiddar í landslög með þeim hætti sem gildir um lagasetningu innanlands samkvæmt stjórnskipun ríkisins. Í sumum öðrum ríkjum er hins vegar kveðið á um það í stjórnarskrám að þjóðréttarreglur, sem ríki verður bundið af, verði þá um leið hluti landsréttarins. Hin íslenska skipan á þessu er sú sama og gildir til dæmis annars staðar á Norðurlöndum. Er þá gjarnan talað um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar. Þrátt fyrir þetta tvíeðli er talið að reglur landsréttar verði að öðru jöfnu túlkaðar til samræmis við þjóðréttarreglur, sem viðkomandi ríki er bundið af.

Meginreglan um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar er, að því EES-samninginn varðar, sérstaklega áréttuð í bókun 35 með samningnum. Þar segir að stefnt sé að einsleitu Evrópsku efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum, án þess að samningsaðila sé gert að framselja löggjafarvald til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins. Þessum markmiðum verði

---

[1] Í hinum enska texta samningsins eru notuð orðin „free movement of persons".

því að ná með þeirri málsmeðferð sem gildi í hverju landi fyrir sig. Síðari hluti bókunar 35 hljóðar svo: „Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra (sic) settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum.“ Verður ekki betur séð en að þessi síðari hluti bókunarinnar sé ósamrýmanlegur fyrri hlutanum, því að lagaákvæði, sem kvæði á um að EES-reglur gangi framar reglum landsréttar, hlyti að teljast fela í sér framsal löggjafarvalds. Virðist síðari hluti bókunarinnar ekki hafa mikið efnislegt gildi. Verður lítillega að þessu vikið síðar.

Af framansögðu er ljóst að reglur hins evrópska efnahagssvæðis verða ekki að innanlandsrétti nema þær hafi verið teknar þar upp í samræmi við reglur íslenskrar stjórnskipunar. Þar er í meginatriðum um tvennt að ræða, lagasetningu á Alþingi eða setningu reglugerða eða annars konar stjórnvaldsfyrirmæla. Er nauðsynlegt að gera hér í stuttu máli grein fyrir þeim meginreglum sem taldar eru gilda á Íslandi um, hvenær settra laga sé þörf og hverjar séu heimildir ráðherra til að setja almenn stjórnvaldsfyrirmæli svo sem reglugerðir.

III.

Lögmætisreglan.

Í íslenskri lögfræði hefur verið um það fjallað af fræðimönnum hvaða reglur gildi um þörf á settum lögum, þ.e.a.s. hvaða fyrirmæli verði aðeins sett með lögum, þannig að óheimilt sé að setja þau með öðrum hætti. Um þetta er til dæmis fjallað í ritinu Stjórnskipunarréttur eftir Gunnar G. Schram, útg. í Reykjavík 1997 bls. 296–297. Þar eru fyrst nefnd þau ákvæði stjórnarskrár sem berum orðum áskilja að eitthvað skuli ákveðið með lögum. Þeim málefnum verði að sjálfsögðu ekki skipað með öðrum hætti. Í annan stað geti löggjafinn einn breytt þeim ákvæðum, sem hann sjálfur hafi sett. Þegar þessum tilvikum sleppi verði að styðjast við valdgreiningu 2. gr. stjórnarskrár eða með öðrum orðum að miða við hið efnislega lagahugtak. Samkvæmt því þurfi löggjafar við, þegar setja skuli almennar réttarreglur, hvort sem þær mæli fyrir um háttsemi manna eða leggi viðurlög við ef út af sé brugðið, og hvort sem þær lúti að lögskiptum á sviði einkaréttar eða allsherjarréttar. Einkanlega sé það viðurkennd grundvallarregla í íslenskum rétti, að skerðing á eignum eða frjálsræði einstakra aðila geti aðeins átt sér stað samkvæmt lögum eða heimild í lögum. Þessar meginreglur um þörf settra laga verða fyrst og fremst raktar til sjónarmiða sem telja má að einkenni hina lýðræðislegu þjóðfélagsgerð eins og hún hefur verið framkvæmd í okkar heimshluta. Áhersla er lögð á að veita mannréttindum sérstaka vernd í stjórnarskrá eða með öðrum tryggum hætti og vernda athafnafrelsi einstaklinganna fyrir afskiptum handhafa ríkisvaldsins á hverjum tíma. Krafan er um að til allra slíkra afskipta, séu þau á annað borð heimil, þurfi sett lög, þ.e.a.s. handhafar framkvæmdarvalds mega ekki takmarka þetta frelsi nema á grundvelli almennra fyrirmæla frá handhafa löggjafarvaldsins. Heyrir þetta fyrirkomulag til hugmyndinni um réttarríkið, þar sem réttarstaða manna skal ráðast af almennum lagareglum, settum af þjóðkjörnum fulltrúum, en ekki tilfallandi ákvörðunum framkvæmdarvaldshafa. Ekki er á því nokkur vafi að þessar kenningar njóta almennrar viðurkenningar hér á landi og eru lagðar til grundvallar í dómaframkvæmd (sjá til dæmis dómasafn Hæstaréttar 1988 bls. 1532 og 1996 bls. 2956). Auk þessa má telja víst að stundum kunni settra laga að vera þörf til að tryggja útlendingum sömu réttarstöðu hér á landi og íslenskir ríkisborgarar njóta.

Að því er snertir heimildir stjórnvalda (ráðherra) til að setja almenn stjórnvaldsfyrirmæli er talið að slík fyrirmæli, sem geyma almennar réttarreglur sem snúa að borgurunum, verði yfirleitt að eiga stoð í settum lögum. Þó megi vera að stjórnvald, sem á að annast framkvæmd tiltekinna laga, geti sett almennar reglur um framkvæmdina án þess að njóta til þess sérstakr-

ar lagaheimildar, enda séu slíkar almennar reglur innan efnismarka viðkomandi laga. Meginreglan um sérstaka lagaheimild til handa stjórnvöldum sé einkum óumdeild, þegar um sé að ræða réttarreglur sem á einn eða annan hátt skerði eða takmarki eignir eða frjálsræði borgaranna. Hefur þessi meginregla verið nefnd lögmætisreglan.[2] Það leiðir svo af fyrrgreindum meginreglum um nauðsyn laga, að löggjafinn getur ekki framselt til ráðherra ákvörðunarvald um málefni sem ekki verður skipað á annan hátt en með lögum. Þannig verða almenn stjórnvaldsfyrirmæli á þeim sviðum bæði að njóta formlegrar heimildar og vera innan þeirra efnislegu marka sem lög ákveða.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er hreint ekki víst að ákvæði settra laga, sem veita ráðherrum formlega heimild til að setja reglugerðir eða önnur almenn stjórnvaldsfyrirmæli, dugi til að heimila þeim að festa í slíkar reglur takmarkanir og skerðingar af því tagi sem nefndar eru að ofan. Til þess þarf jafnframt að vera ljóst að sett lög heimili sjálf þá efnislegu takmörkun sem um ræðir. Við athugun á þeim málefnum, sem nefndinni er ætlað að kanna, er nauðsynlegt að gera greinarmun á þessu tvennu. Raunar kann oft að vera nokkur vafi á ferðinni, þegar meta skal hvaða efnislegar heimildir lög veiti ráðherra. Er það einkum í tilvikum þar sem reglugerðarheimild laga er orðuð með þeim hætti, að ráðherra sé heimilt að ákveða nánar með reglugerð, hvernig fyrir skuli koma nánar tilteknum atriðum. Má þá vera að upptalningin á þeim veiti vísbendingu um löggjafarvilja til einhverra tiltekinna takmarkana. Það er komið undir túlkun lagaákvæðis hverju sinni að meta hverjar heimildir það veitir í þessu efni. Við túlkunina verður að hafa ríkt í huga eðli þeirrar takmörkunar sem um ræðir. Eftir því sem hún er meiri verður meiri nauðsyn á að heimild ráðherra til að koma henni á sé skýr.

Á því er enginn vafi að hér á landi verður að gæta ofangreindra meginreglna um lagasetninguna, þegar leiddar eru í íslenskan landsrétt reglur hins evrópska efnahagssvæðis. Svo sem fyrr var getið er það meginverkefni nefndarinnar að kanna hvort svo hefur verið gert á því tímabili sem liðið er frá því Ísland gerðist aðili að EES-samningnum.

IV.

Efniságrip EES-samningsins.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefst á almennum yfirlýsingum um markmið samningsaðilanna með samningnum. Síðan skiptist samningurinn sjálfur (meginmál samningsins) upp í 9 hluta sem samtals telja 129 greinar. Hinir 9 hlutar samningsins eru eftirtaldir:

I. hluti (1.–7. gr.).	Markmið og meginreglur.
II. hluti (8.–27. gr.).	Frjálsir vöruflutningar.
III. hluti (28.–52. gr.).	Frjálsir fólksflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar.
IV. hluti (53.–65. gr.).	Samkeppnisreglur og aðrar sameiginlegar reglur.
V. hluti (66.–77. gr.).	Altæk ákvæði er varða fjórþætta frelsið.
VI. hluti (78.–88. gr.).	Samvinna utan marka fjórþætta frelsisins.
VII. hluti (89.–114. gr.).	Ákvæði um stofnanir.

---

[2] Sjá rit Ólafs Jóhannessonar Stjórnskipun Íslands, 2. útg. 1978, bls. 361–362 og fyrrgreint rit Gunnars G. Schram Stjórnskipunarréttur bls. 393–402. Enn fremur vísast hér til skýrslu umboðsmanns Alþingis (SUA) 1995 bls. 13–14.

VIII. hluti (115.–117. gr.). Fjármagnskerfi.
IX. hluti (118.–129. gr.). Almenn ákvæði og lokaákvæði.

Í 2. gr. samningsins er m.a. sagt að í samningnum merki hugtakið „samningur" meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka auk þeirra gerða, sem þar sé vísað til. Ákvæði 119. gr. kveður síðan á um að „viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagaðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bókana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins". Auk þessara ákvæða er svo víða í samningstextanum (meginmáli samningsins) vísað til tiltekinna ákvæða í viðaukum samningsins og bókunum við hann; sjá 8., 9., 17., 20., 21., 23., 24., 27., 28., 29., 30., 31., 36., 40., 44., 47., 48., 55., 56., 57., 58., 60., 62., 63., 64., 65., 67., 68., 69., 70., 72., 74., 76., 77., 79., 82., 84., 85., 86., 95., 98., 101., 107., 111., 117. og 120. gr.

V.

Lögleiðing EES-samningsins.

Með 1. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið var, eins og fyrr sagði, heimilað að fullgilda fyrir Íslands hönd meginmál samningsins auk bókana, viðauka og gerða sem í viðaukunum er getið. Einnig var heimilað að fullgilda tvo aðra samninga, sem undirritaðir höfðu verið í Óportó sama dag 2. maí 1992, þ.e.a.s. samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna. Með lögum nr. 66/1993 var 1. gr. laga nr. 2/1993 breytt og hún látin að auki ná til bókana um breytingar á ofangreindum samningum sem undirritaðar voru í Brussel 17. mars 1993. Í 1. gr. laganna var því veitt heimild til aðildar Íslands að þeim milliríkjasamningum sem þarna eru taldir. Með fullgildingu samninganna var Ísland búið að taka á sig gagnvart öðrum samningsaðilum þær skuldbindingar sem í þeim fólust.

Aðild Íslands að samningunum leiddi ekki til þess samkvæmt íslenskum rétti að samningstextarnir öðluðust lagagildi hér á landi, þar sem hér er talið ríkja fyrrnefnt tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar. Í 2. gr. laga nr. 2/1993, sbr. og viðauka við greinina með 2. gr. laga nr. 66/1993, var kveðið á um lögleiðingu að landsrétti. Þar var ekki farin sú leið að lögleiða alla fyrrgreinda samningstexta, heldur tekið fram að afmarkaðir hlutar þeirra, aðallega meginmál samningsins en að auki tilgreindar bókanir og viðaukar, skyldu hafa lagagildi á Íslandi. Hér var því aðstaðan sú, að veitt hafði verið lagagildi á Íslandi meginmáli samningsins en ekki þeim fjölda viðauka og bókana sem vísað er til í meginmálinu sbr. upptalninguna að framan, og það þrátt fyrir að í meginmálinu væri, svo sem fyrr greindi, kveðið á í 2. gr. og 119. gr. að til samningsins heyrðu bókanir, viðaukar og gerðir sem þar væri vísað til. Er meira að segja sagt í 119. gr. að viðaukar svo og gerðir sem vísað sé til í þeim og aðlagaðar séu vegna samningsins, skuli auk bókana vera „óaðskiljanlegur hluti" samningsins.

Svo er að sjá sem það geti leitt til óvissu við beitingu samningsákvæðanna hér innanlands að einungis meginmálinu skuli hafa verið veitt lagagildi, en ekki fjölda annarra hluta samningsins sem í meginmálinu (sem hefur lagagildi) eru sagðir óaðskiljanlegir hlutar hans. Allt að einu hlýtur 2. gr. laganna að verða túlkuð svo að lögleiðingin samkvæmt landsrétti sé takmörkuð með þessum hætti, þar sem takmörkunin er skýr í texta greinarinnar. Voru raunar einungis þeir textar sem nefndir eru í 2. gr. birtir í A-deild Stjórnartíðinda, þar sem lög eru birt skv. 1. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Í þessu samhengi er þó nauðsynlegt að hafa í huga ákvæði 3. gr. laga nr. 2/1993, þar sem segir, að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við eigi, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggjast. Er hér sett skýr lagaregla um þetta atriði, sem hefur raunar

verið talið gilda sem almenn óskráð lögskýringarregla, þ.e. að skýra beri ákvæði landsréttar að öðru jöfnu til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands. Á hinn bóginn verður ekki talið, að ákvæði 3. gr. uppfylli kröfuna, sem fram kemur í síðari hluta bókunar 35 með samningnum og fyrr var getið, þar sem segir að EES-reglur skuli gilda framar öðrum settum lögum, ef til árekstra kemur. Sú krafa er eins og áður sagði illa samrýmanleg reglunni um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar sem fram kemur í fyrri hluta bókunar 35. Þar að auki er erfitt að sjá hvernig unnt er að uppfylla þessa kröfu, þar sem löggjafinn getur ekki með almennum lögum bundið hendur sínar við lagasetningu í framtíðinni.[3] Með þessu er ekki sagt, að Ísland hafi brotið gegn þeim samningsskuldbindingum sem felast í bókun 35, enda virðist síðari hluti hennar, eins og áður sagði, ekki hafa mikið efnislegt gildi.

Þess skal getið, að í frumvarpi að lögunum um Evrópska efnahagssvæðið var í 4. gr. sérstakt ákvæði um reglugerðarheimild ráðherra svohljóðandi: „Ráðherra, sem í hlut á, getur, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins.“ (Alþtíð. 1992, A-deild, bls. 1). Í athugasemdum við greinina var sagt að þetta væri hugsað sem varaákvæði. Almenna reglan yrði sú, að stjórnvaldsreglur um framkvæmd samningsins ættu stoð í lögum sem gilda um viðkomandi svið (Alþtíð. 1992, A-deild, bls. 225). Við meðferð Alþingis var 4. gr. frumvarpsins felld brott að tillögu meiri hluta utanríkismálanefndar (Alþtíð. 1992, A-deild, bls. 2603). Í ræðu framsögumanns meiri hluta nefndarinnar kom fram, að þetta væri gert til að tryggja sem best eftirlit Alþingis og aðhald. Þætti varhugavert, að minnsta kosti á þessu stigi, að Alþingi veitti ráðherrum jafn almenna heimild til útgáfu reglugerða þegar gengið væri til samstarfs á Evrópska efnahagssvæðinu (Alþtíð. 1992, B-deild, d. 4275).

VI.

EES-gerðir.

Í meginmáli EES-samningsins er þýðingarmestu skuldbindinguna að því er varðar breytingar á reglum landsréttar að finna í 7. gr. sem hljóðar svo:

„Gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétt sem hér segir:

a. gerð sem samsvarar reglugerð EBE skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila;
b. gerð sem samsvarar tilskipun EBE skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.“

Í a-liðnum felst skuldbinding um að taka þær gerðir sem þar um ræðir í heild upp í landsréttinn. Þetta á bæði við um gerðir sem lágu fyrir við fullgildingu EES-samningsins og einnig þær sem síðar hafa til komið. B-liðurinn felur í sjálfum sér sambærilega skuldbindingu um að taka gerðir sem þar greinir upp í landsréttinn, en veitt er meira svigrúm um „form og aðferð“. Þetta svigrúm þýðir sjálfsagt, að ríki getur sjálft lagt mat á, hvort þörf sé á að taka

---

[3] Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins að lögunum um EES-samninginn virðist vera gert ráð fyrir, að með greininni sé ákvæðinu í bókun 35 fullnægt. Er þar m.a. sagt, að í 3. gr. felist, að innlend lög sem eigi stoð í EES-samningnum verði jafnan túlkuð sem sérreglur laga gagnvart ósamræmanlegum yngri lögum, að því leyti að yngri lög víki þeim ekki ef þau stangist á, nema löggjafinn taki það sérstaklega fram (Alþtíð. 1992, A-deild, bls. 224). Ekki verður talið að þessi sjónarmið í athugasemdunum fái staðist, þar sem almenni löggjafinn getur ekki með almennum lögum ákveðið að eldri lög skuli ganga fyrir yngri lögum, sem sami löggjafi setur.

ákvæði gerðar upp í landsrétt að nokkru leyti eða öllu og þá með hvaða hætti. Matið sætir síðan eftirliti eftirlitsstofnunar og dómstóls EFTA.

Af öllu framansögðu er ljóst að með aðild sinni að EES-samningnum tók Ísland á sig víðtækar skuldbindingar um að breyta landsréttinum meðal annars með því að auka verulega við settan rétt. Var þar bæði um að ræða breytingar til samræmis við reglur sem þegar voru fyrir hendi við samningsgerðina, en einnig reglur sem síðar yrðu settar samkvæmt ákvæðum í VII. hluta samningsins, sjá einkum ákvæði um ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar í 98. gr. sbr. 93. gr. Við þessar breytingar á landsrétti er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gætt sé þeirra meginreglna um þörf settra laga og heimildir stjórnvalda til setningar almennra stjórnvaldsfyrirmæla, sem fyrr var getið. Er það meginverkefni þessarar nefndar að kanna hvernig að þessu hefur verið staðið á þeim tíma sem liðinn er frá því Ísland gerðist aðili að EES-samningnum. Ljóst er að nefndin hefur ekki tök á að skoða hvert einstakt tilvik, þar sem til álita hefur komið að breyta landsréttarreglum. Þess vegna verður hér síðar valin sú leið að skoða einstök dæmi og þá reynt að velja þau þannig að sem heildstæðust mynd fáist af þeim viðfangsefnum sem fengist hefur verið við á þessu sviði og úrlausn þeirra.

VII.

Fyrirspurn til ráðuneyta.

Hinn 20. ágúst 1997 ritaði nefndin öllum ráðuneytum nema forsætis- og utanríkisráðuneytum bréf þar sem meðal annars sagði svo:

„Við athugun nefndarinnar hefur komið fram, að drög að ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn eru jafnan lögð fyrir ríkisstjórn. Fylgir þá minnisblað utanríkisráðherra, þar sem tekið er fram, að fagnefndir ráðuneytanna hafi farið yfir drögin og falið sérfræðingum ráðuneyta að kynna viðkomandi ráðherrum efni þeirra fyrir framlagningu í ríkisstjórn. Í minnisblaðinu og viðeigandi fylgiskjali er jafnan tekið fram undir hvaða ráðuneyti ákvörðun heyri og hvort hún kalli á lagabreytingu hér á landi. Í langflestum tilvikum er ekki talin þörf slíkra breytinga. Ekki kemur fram í þeim gögnum sem lögð eru fyrir ríkisstjórn, hvort þörf sé talin á breytingum á reglugerðum eða öðrum almennum stjórnvaldsfyrirmælum.

Þess er hér með farið á leit, að þér gerið nefndinni skriflega grein fyrir málsmeðferð í ráðuneyti yðar, þegar metið er til hverra ráðstafana þurfi að grípa vegna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar. Sérstaklega þarf að koma fram, hvaða meginsjónarmið ráði afstöðu ráðuneytisins um, hvort þörf sé talin á breytingum á settum lögum. Þá þarf greinargerðin að geyma upplýsingar um, hvort og þá hvernig reglur þær, sem felast í ákvörðunum þessum, eru teknar upp í landsrétt í þeim tilvikum að ekki er talin þörf á breytingum á settum lögum. Óskast greinargerð yðar skýrð með dæmum."

Afrit bréfsins var sent til forsætis- og utanríkisráðuneyta.

Áður en bréfin voru send höfðu mætt á fundi nefndarinnar Kristinn F. Árnason skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytis, Jón Ögmundur Þormóðsson skrifstofustjóri frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum, Ragnhildur Hjaltadóttir skrifstofustjóri frá samgönguráðuneyti og Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Allir þessir embættismenn veittu nefndinni gagnlegar upplýsingar.

VIII.

Réttarheimildir EES við gildistöku samningsins.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tók gildi 1. janúar 1994. Í viðaukunum við samninginn voru þær gerðir EB, sem tekið höfðu gildi fyrir 1. ágúst 1991. Voru þær því hluti þess milliríkjasamnings, sem heimilað var að fullgilda fyrir Íslands hönd með 1. gr. laga nr.

2/1993. Eftir gildistöku samningsins 1. janúar 1994 hafa ákvarðanir um breytingar á viðaukum og bókunum við hann farið eftir ákvæðum samningsins sjálfs, og hefur Ísland átt aðild að þeim ákvörðunum, sjá einkum 98. gr. sbr. 93. gr. samningsins. Verður vikið að þeim síðar.

IX.

„Viðbótarpakkinn“.

Á tímabilinu frá 1. ágúst 1991 til 1. janúar 1994 voru á vegum EB gerðar ýmsar breytingar á þeim gerðum EB sem snertu svið EES-samningsins. Á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar 21. mars 1994 var tekin ákvörðun um breytingu á bókun 47 og þeim viðaukum EES-samningsins sem breytt hafði verið á ofangreindu tímabili. Af Íslands hálfu var sá háttur hafður á ákvörðun um þessa viðbót við samninginn („viðbótarpakkann“) að Alþingi samþykkti þingsályktun 11. maí 1994, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að fullgilda fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 21. mars 1994. Í athugasemdum með þingsályktunartillögunni var sagt að í langflestum tilfellum væri með þessum breytingum verið að ganga frá framkvæmd þeirra meginreglna sem fælust í samningnum sjálfum og samþykkt þeirra fæli því ekki í sér nema óverulegar breytingar á íslenskri löggjöf (Alþtíð. 1993–1994, A-deild, bls. 3929). Voru í framhaldi af því flutt á Alþingi nokkur lagafrumvörp til að gera þær lagabreytingar sem nauðsynlegar þóttu af þessu tilefni.

X.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Eftir að EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994 fer svo sem áður sagði um breytingar á viðaukum hans eftir ákvæðum í 2. kafla í VII. hluta samningsins. Segir í 98. gr. að breyta megi viðaukum samningsins og tilgreindum bókunum við hann með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar í samræmi við 93. gr. (2. mgr.). Í 93. gr. er ákveðið að fulltrúar samningsaðila skipi nefndina. Skuli ákvarðanir hennar teknar með samkomulagi milli bandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna, sem mæli einum rómi, hins vegar. Samkvæmt þessu hefur hvert EFTA-ríki neitunarvald á ákvarðanir nefndarinnar, sbr. einnig athugasemdir við 93. gr., sem fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum nr. 2/1993 (Alþtíð. 1992, A-deild, bls. 190). Með öðrum orðum verða ákvarðanir um breytingar skv. 98. gr. ekki teknar gegn vilja einhvers ríkjanna, þar með talið Íslands.

Ákvæði 99.–101. gr. EES-samningsins fjalla um undirbúning að ákvörðunum um nýja löggjöf á samningssvæðinu. Er leitast við að tryggja aðild sérfræðinga frá EFTA-ríkjum að þessum undirbúningi strax áður en ákvarðanir eru teknar á vettvangi EB. Í svarbréfum frá ráðuneytum við bréfi nefndarinnar, sem áður var getið, kemur fram að gerðir sem talið er líklegt að geti orðið hluti EES-samningsins kunni að vera til umfjöllunar hjá sérfræðinefndum og undirnefndum um langan tíma áður en þær koma til umfjöllunar og afgreiðslu hjá sameiginlegu EES-nefndinni. Áður en einstakar gerðir eru teknar til ákvörðunar í sameiginlegu EES-nefndinni sendir utanríkisráðuneytið þær til þess ráðuneytis, sem fer með viðkomandi málaflokk. Er það gert í því skyni að tekin sé afstaða til þess, hvernig gerðinni verði komið til framkvæmda hér á landi, þar með talið hvort þörf sé settra laga eða hvort reglugerðarheimild sé þegar til staðar ef því er að skipta. Það er síðan utanríkisráðherra sem leggur málið fyrir ríkisstjórnarfund og er það jafnan gert áður en sá fundur sameiginlegu EES-nefndarinnar sem tekur málið til afgreiðslu er haldinn, í því skyni að móta endanlega afstöðu Íslands til málsins á vettvangi nefndarinnar.

Samkvæmt framansögðu er það í verkahring viðkomandi ráðuneytis að meta hverra aðgerða sé þörf til að leiða viðkomandi gerð í landsréttinn. Í langflestum tilvikum hefur verið

talin þörf lagabreytinga. Sé talin þörf slíkra breytinga er veitt samþykki á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar með fyrirvara um að Alþingi geri nauðsynlega lagabreytingu. Er þá ætlaður til þess ákveðinn tími. Það er ekki á verksviði nefndarinnar að fjalla um lögmæti þess að hafa þennan hátt á við breytingar á EES-samningnum. Verður því ekki vikið frekar að því í skýrslu þessari.

XI.

Meginsjónarmið ráðuneyta við mat á því til hvaða ráðstafana er gripið við aðlögun EES-gerða.

Svo sem fyrr var greint, sendi nefndin ráðuneytunum bréf 20. ágúst 1997 þar sem óskað var upplýsinga um málsmeðferð þeirra og sjónarmið sem ráða afstöðunni til þess hvort þörf sé settra laga vegna væntanlegra ákvarðana EES-nefndarinnar eða hvort aðrar ráðstafanir séu nægilegar. Svarbréf ráðuneytanna bárust nefndinni í september, október og desember 1997.

Í stórum dráttum má segja að í svörum ráðuneytanna felist staðfesting á þeirri málsmeðferð við ákvarðanatöku hér innanlands sem lýst er að framan. Svörin við spurningunni um, hvaða meginsjónarmið ráði afstöðunni til þess hvort þörf sé settra laga, eru í meginatriðum þessi:

1. Í svari sjávarútvegsráðuneytis kemur meðal annars fram að lítt reyni á EES-samninginn á sviði sjávarútvegs, þar sem reglur um sjávarútvegsmál falli utan gildissviðs samningsins. Einu dæmin þar sem á þetta hafi reynt varði heilbrigðis- og hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu sjávarafurða. Það sé mikið matsatriði hvar draga skuli mörk milli reglna í settum lögum og reglna sem framkvæmdarvaldshafar setji. Sú meginviðmiðun hafi verið höfð að leiðarljósi, þegar mótuð hafi verið ný heildarlöggjöf um þessi efni eftir EES-reglum 1992 (hér er átt við lög nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra), að skyldur framleiðenda þurfi í meginatriðum að vera ákveðnar í settum lögum og þar skuli einnig vera kveðið á um skyldu eða heimild framkvæmdarvaldshafa til að kveða nánar á um útfærslu þeirra í einstökum atriðum. Mörkin milli meginreglna og nánari útfærslu séu ekki skýr og oft hafi hin lögfesta meginregla orðið mjög almenn og svigrúm framkvæmdarvaldshafa til setningar nánari reglna að sama skapi mikið. Þessi sömu sjónarmið hafi verið ráðandi, þegar nýjar eða breyttar reglur á þessu sviði hafi komið fyrir sameiginlegu EES-nefndina.
2. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti segir meðal annars í svari sínu að sömu sjónarmið ráði afstöðunni um þörf settra laga vegna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þegar um sé að ræða setningu laga eða reglna sem grundvallist ekki á EES-samningnum. Megi segja að hér skipti „lagatæknileg sjónarmið“ mestu máli. Þyki ekki ástæða til að skýra almenn lögfræðileg atriði varðandi þetta. Þó megi nefna að reynt sé meðal annars að hafa í huga, að almennar meginreglur, sem varði réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila, séu settar í lög.
3. Í svari fjármálaráðuneytis segir meðal annars að kannað sé hvort gerðirnar leggi skyldur á einstaklinga eða lögaðila eða veiti þeim réttindi sem séu þess eðlis að nauðsynlegt sé að lögfesta efni þeirra. Kemur fram í svarinu að ákvarðanir á þessu sviði byggist á sjónarmiðum sjónarmiðum og almennt gildi, þegar metið sé hvort þörf sé á að leggja fram frumvarp um nánar tiltekið atriði eða hvort nægjanlegt sé að setja reglugerð.
4. Menntamálaráðuneytið lætur það nægja til svars á þessu, að segja að sérfræðingar kynni sér nákvæmlega innihald viðkomandi tilskipunar eða reglugerðar. Tilgangur slíkrar yfir-

ferðar sé meðal annars að meta hvort breyta þurfi íslenskum lögum. Ekki er að því vikið, hvaða sjónarmið séu lögð til grundvallar við matið.

5. Í svarbréfi félagsmálaráðuneytisins kemur fram, að sérfræðingar ráðuneytisins í samráði við önnur ráðuneyti, stofnanir eða aðila vinnumarkaðarins (hluti þeirra mála sem falla undir félagsmálaráðuneytið og snerta EES-samninginn varða vinnumarkaðinn), eftir því sem við eigi, meti hvot ESB-reglur rúmist innan gildandi laga, reglugerða eða stjórnvaldsfyrirmæla eða hvort breytinga sé þörf. Matið fari þannig fram að ESB-gerðin sé borin saman við gildandi löggjöf. Sé talin þörf á breytingum á lögum, reglugerðum eða stjórnvaldsfyrirmælum séu drög unnin á sama hátt og við aðrar breytingar á löggjöfinni. Séu áhöld um hvort lagabreytingar sé þörf að mati sérfræðinga leggi ráðherra frumvarp fyrir Alþingi.
6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið segir meðal annars í svarbréfi sínu að ESB-gerðir séu bornar saman við gildandi lög og reglugerðir til athugunar á hvort gerðirnar rúmist innan ákvæða gildandi laga. Taki íslensk löggjöf þegar til tilviksins séu ekki lagðar til breytingar á lögum en gerðirnar séu þá teknar upp í landsrétt í formi reglugerða eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla ef þurfa þyki. Sé þörf lagabreytingar séu væntanlegar breytingar alla jafnan ræddar á fundum sérfræðingahópa og á sameiginlegum fundum sérfræðinga ráðuneytanna í utanríkisráðuneytinu.
7. Í svari Hagstofu Íslands segir, að við undirbúning og gerð EES-samningsins hafi Hagstofa Íslands kannað sérstaklega hvort nauðsynlegt væri að setja lög eða reglugerðir vegna þeirra gerða Evrópusambandsins sem hafi snert hagskýrslur og taka hafi átt upp í samninginn. Niðurstaðan hafi verið sú, að þar sem þessar gerðir væru einungis skuldbindandi fyrir íslensk stjórnvöld, væri ekki þörf á setningu laga eða reglugerða um hagskýrslumálefni samningins.
8. Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins segir meðal annars að um nokkuð langan feril sé að ræða áður en komið sé að því að innleiða viðkomandi gerð og komi margir aðilar í stjórnsýslunni að málinu. Í byrjun meti sá sérfræðingur, sem málið heyri undir, hvort hann telji þörf á lagabreytingu. EES-samningurinn taki aðeins að óverulegu leyti til mála sem falli undir landbúnaðarráðuneytið.
9. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið svarar bréfi nefndarinnar og nefnir að 7. gr. EES-samningsins kveði á um hvernig ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar skuli teknar upp í landsrétt. Viðkomandi ríki ákveði innan reglna og hefða sem þar gildi um framkvæmd þessarar samningsskyldu, þ.e. hvort viðkomandi ákvæði séu sett í lög eða reglugerð eða framkvæmdin tryggð með öðrum hætti. Um þetta hafi ekki legið fyrir skýrar leiðbeiningar hér á landi. Grundvallarreglur þurfi þó að koma fram í settum lögum. Þannig verði refsing ekki lögð við brotum eða skattar á lagðir nema samkvæmt lagaheimild. Ákvæði sem feli í sér skyldur, svo sem áskilnaður um greiðslu kostnaðar, eða veiti réttindi, krefjist lagastoðar. Sama eigi væntanlega við um áskilnað um leyfi. Reglugerð verði að jafnaði að styðjast við skýra lagaheimild í heild sinni og einstök ákvæði hennar. Því þurfi að gæta þess að lagaákvæði sem heimili að sett verði reglugerð um tiltekið efni séu skýr og megi þau því helst ekki vera of almennt orðuð. Heimildin þurfi að ná til allra þeirra þátta sem í tiltekinni gerð felist.
10. Í svari umhverfisráðuneytisins segir meðal annars að gerð sé tekin fyrir í sérfræðinganefndum EFTA, þegar hún sé tilbúin og viðtekin innan EB. Þurfi þegar á því stigi að liggja ljóst fyrir hvernig gerðin skuli tekin í íslenska löggjöf. Við mat á því hvaða háttur skuli á hafður sé höfð hliðsjón af almennum reglum þar að lútandi. Kannað sé hvort efni gerðar kunni að brjóta í bága við gildandi íslenskan rétt eða hvort hún sé þess efnis að

setja þurfi ný lög. Séu til lög um viðkomandi efni sé kannað hvort reglugerðarheimild sé til staðar sem veiti svigrúm til að setja ákvæði gerðarinnar í reglugerð.

11. Í svarbréfi samgönguráðuneytisins segir meðal annars að við undirbúning að gerð EES-samningsins hafi utanríkisráðuneytið veitt nokkra leiðbeiningu um hvaða aðferðum bæri að beita, en engin samræmd fyrirmæli hafi verið gefin ráðuneytum. Þegar samgönguráðuneytið fái tillögu að reglugerð eða tilskipun til umfjöllunar sé kannað hvort hún samræmist gildandi lögum og reglum eða hvort fullnægjandi lagaheimild sé til lögfestingar hér á landi. Við mat á þörf fyrir nýja lagasetningu komi ýmis sjónarmið til álita, meðal annars sé athugað hvers efnis gerðin sé, hvaða þýðingu hún hafi hér á landi, hverja henni sé ætlað að binda og hvort hún hafi fjárskuldbindingar í för með sér. Í bréfinu eru svo nefnd ýmis dæmi um að þessi sjónarmið hafi kallað á mismunandi ráðstafanir af hálfu Alþingis og ráðuneytis.

Í nokkrum svarbréfa ráðuneytanna kemur fram að mannfæð og tímaskortur hái starfi þeirra á þessu sviði og valdi því að ekki sé unnt að veita málum þá skoðun sem verðugt væri.

Svo sem fram kemur hér að framan eru svör ráðuneytanna misítarleg við spurningu nefndarinnar um þau meginsjónarmið sem ráði afstöðunni um hvort breytinga sé talin þörf á settum lögum vegna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar. Svörin bera með sér að afstaða um þetta er mótuð í því ráðuneyti sem fer með viðkomandi málaflokk. Einna ítarlegast er þessu svarað í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, þar sem einnig kemur fram að ekki hafi verið settar skýrar leiðbeiningar um þetta efni. Virðist mega ráða af svörunum, að afstaða um þetta sé að minnsta kosti stundum mótuð í tímaþröng og jafnvel án þess að sérstök lögfræðileg athugun fari fyrst fram. Þetta þarf þó ekki endilega að leiða til þess að ákvarðanir hafi farið úrskeiðis í þessu efni.

Til þess að kanna þetta nánar tók nefndin sér fyrir hendur að kanna einstök dæmi um framkvæmdina, en í svarbréfum ráðuneytanna voru, svo sem um var beðið, nefnd dæmi um ýmis tilvik þar sem á þetta hefur reynt. Við val á dæmum sem farið verður yfir hér á eftir hefur nefndin leitast við að taka með tilvik sem geta talist dæmigerð fyrir stærri eða smærri hóp tilvika.

XII.

Lögleiðing EES-gerða.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir 6 dæmum sem nefndin hefur valið til að sýna atriði sem að hennar mati hafa farið úrskeiðis við lögleiðingu reglna hins evrópska efnahagssvæðis í íslenskan landsrétt (A). Það athugist að dæmin eru gagngert valin til að sýna það sem aflaga hefur farið. Eðli málsins samkvæmt eru ekki tekin dæmi af tilvikum þar sem allt hefur verið í lagi að mati nefndarinnar með lögleiðingu reglnanna. Síðan verður farið nokkrum almennum orðum um dæmin og þá meðal annars vikið að því, hvort texti hinna margvíslegu gerða sé almennt til þess fallinn að vera texti fyrir almenn stjórnvaldsfyrirmæli hér á landi (B).

A.

Dæmi.

1. dæmi.

Dæmi um íslenska framkvæmd við lögfestingu á EES-gerðum er gildistaka ákvæða tilskipunar ráðsins nr. 92/29/EBE frá 31. mars 1992 um lágmarkskröfur um öryggi og hollustu til að bæta læknismeðferð um borð í skipum, annars vegar, og tilskipun ráðsins nr. 93/103/EB frá 23. nóvember 1993 um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum (þrettánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE), hins vegar.

Með auglýsingu nr. 330 frá 31. maí 1996 um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó voru ofangreindar tilskipanir látnar taka gildi í heild sinni. Er í auglýsingunni vísað til reglugerðarheimildar í lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum. Í 4. mgr. 1. gr. þeirra laga segir:

> „Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir um eftirlit með skipum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, nr. 2/1993, með síðari breytingum."

Í 4. gr. laganna er ráðherra heimilað að setja reglur um aðbúnað og vinnuaðstöðu skipverja, svo sem hönnun og merkingar vinnusvæða, öryggisbúnað, notkun og viðhald vinnutækja og öryggisbúnaðar og heilbrigðis- og hollustuhætti í skipum. Þá má nefna, að í 2. mgr. 3. gr. laganna er sagt, að skip skuli fullnægja skilyrðum reglna á hverjum tíma um siglingatæki, vélbúnað, fjarskiptabúnað, björgunarbúnað, lyf og læknisáhöld og eldvarna- og slökkvibúnað til að tryggja öryggi skipverja, skips og farms.

Til athugunar er hvort þessi lagaákvæði séu fullnægjandi til að ráðherra megi með almennum fyrirmælum leggja á þær takmarkanir, sem felast í framangreindum tveimur tilskipunum.

Í tilskipunum þeim sem vitnað er til í auglýsingunni er að finna reglur sem leggja skipafélögum og útgerðum fiskiskipa á herðar ýmsar skyldur á þessu sviði og fela þess vegna í sér takmarkanir á frelsi sem útheimta ótvíræða lagastoð að íslenskum rétti, sbr. III. kafla skýrslu þessarar. Sem dæmi má nefna ákvæði í 2. gr. tilskipunarinnar nr. 92/29/EBE, þar sem lagðar eru ýmsar skyldur á herðar skipaútgerðum um lyf og lækningatæki um borð, sjúkraklefa um borð í skipum yfir tilteknum stærðarmörkum og lækni um borð ef áhöfn telur fleiri en 100 starfsmenn og skip er í alþjóðlegum ferðum sem standa lengur en þrjá daga.

Svo sem rakið var í III. kafla að framan verður við lögfestingu reglna sem leggja skyldur á einstaklinga að uppfylla þær kröfur sem hin svokallaða lögmætisregla í íslenskum stjórnarfars- og stjórnskipunarrétti leggur handhöfum ríkisvalds á herðar. Lögmætisreglan felur það í sér að hver sú athöfn stjórnvalda sem lýtur að því að skerða grundvallarréttindi einstaklinga (svo sem atvinnufrelsi) eða leggur á þá skyldur verði að eiga sér ótvíræða stoð í lögum. Eftir því sem lengra er gengið í að skerða þessi grundvallarréttindi eða athafnafrelsi, gerir lögmætisreglan ríkari kröfur til þess að sú lagaheimild sem skerðingin byggist á sé skýr.

Í því tilviki sem hér um ræðir verður varla talið að ákvæði laga nr. 35/1993 með síðari breytingum feli óyggjandi í sér efnislega heimild til setningar almennra stjórnvaldsfyrirmæla með svo íþyngjandi reglum sem að framan var lýst. Hefði verið rétt að veita skýra heimild í settum lögum til að leggja þessar skyldur á útgerðarmenn. Telur nefndin að tilskipanir þær sem veitt var gildi með auglýsingu nr. 330/1996 skorti að minnsta kosti að hluta til efnislega lagastoð í íslenskum rétti og séu því ekki gildar réttarheimildir hér á landi.

Þessu til viðbótar verður hér fyrir sá annmarki, að hvorki er gerð grein fyrir því í auglýsingunni, hvernig aðlaga beri tilskipanirnar að íslenskum aðstæðum, né hefur hún að geyma efnisákvæði um hvernig þeim skuli hrundið í framkvæmd á Íslandi. Í þeim báðum er þó að finna ákvæði um að aðildarríkin skuli samþykkja nauðsynleg ákvæði í þessu skyni innan tiltekinna tímamarka. Hér er um að ræða efnisannmarka á gildistöku þessara tilskipana, sem sérstaklega verður vikið að í kafla B hér á eftir.

Um birtingarhátt tilskipananna er fjallað í 2. gr. auglýsingarinnar nr. 330/1996. Segir í greininni að þær séu birtar á tilteknum stöðum í sérriti EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB. Birtingarákvæði 4. gr. laga nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994, tekur aðeins til birtingar

umræddra ákvæða sem þjóðréttarlegrar heimildar. Samkvæmt því verður að telja að umrædd birting uppfylli ekki ákvæði íslenskra laga um birtingu íslenskra lagareglna. Að þessu verður vikið sérstaklega í kafla XIII hér á eftir, þar sem fjallað verður um álit umboðsmanns Alþingis um birtingu á gerðum hins evrópska efnahagssvæðis.

2. dæmi.

Í auglýsingu nr. 51 frá 16. janúar 1996 um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna eru nokkrar reglugerðir Evrópusambandsins á þessu sviði festar í lög á Íslandi. Auglýsingin hljóðar svo:

„1. gr.

Með vísan til meginmáls EES-samnings, II. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna reglugerða:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92, frá 23. júlí 1992, um inn- og útflutning hættulegra efna.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94, frá 11. janúar 1994, um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3135/94, frá 15. desember 1994, um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92.

2. gr.

Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 468–473.

Reglugerð ráðsins nr. 41/94 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 17.12.94, bls. 39–41.

Reglugerð ráðsins nr. 3135/94 hefur ekki enn verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en birtist í „Official Journal of the European Communities", nr. L 332, 22.12.94, bls. 1–3.

3. gr.

Með mál sem kunna að rísa vegna brota á ofantöldum reglugerðum skal farið að hætti opinberra mála.

Með brot gegn ofantöldum reglugerðum skal farið samkvæmt 25. og 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni nema þyngri refsins liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum og 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 570 frá 21. október 1994."

Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 hefur meðal annars þann tilgang að reglur sem gilda innan svæðisins um pökkun og merkingu hættulegra efna skuli einnig gilda um þessi efni þegar þau eru ætluð til útflutnings. Er markmið reglugerðarinnar meðal annars sagt vera að koma á sameiginlegu tilkynninga- og upplýsingakerfi fyrir inn- og útflutning tiltekinna efna. Ljóst er að í reglum þessum felast takmarkanir á atvinnufrelsi á þessu sviði því þær leggja t.d. á útflytjendur sérstakar skyldur í tengslum við útflutning þeirra efna sem hér um ræðir.

Svo sem að ofan greinir er auglýsingin sögð birt samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum[4] og 1. gr. laga nr. 51/1993 sem breytti 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Í þessum lögum ætti því að vera að finna efnislegar heimildir til að lögfesta þær takmarkanir sem felast í reglu-

[4] Lög nr. 81/1988 voru felld úr gildi með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

gerðunum. Í 26. gr. laga nr. 52/1988 er ákveðið að fyrir brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skuli refsa með sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Ljóst er að reglugerðarákvæði, sem ætlað er að kveða á um refsiverða hátt-semi, þarfnast fremur en nokkur önnur slík ákvæði efnislegrar lagastoðar.

Ákvæði 3. gr. laga nr. 81/1988 hefur að geyma almennt heimildarákvæði til að setja reglur um mengunarvarnir en þar er þó ekkert ákvæði að finna um heimild til að kveða á um refsingar sé brotið gegn framangreindum reglugerðarákvæðum. Í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 er að finna svofellt ákvæði: „Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð ...". Í 2. mgr. 29. gr. er umhverfisráðherra enn fremur veitt heimild, „að fenginni umsögn eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins og í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að setja reglugerð um innflutning, sölu, notkun, örugga meðhöndlun og förgun eiturefna og hættulegra efna sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið". Í upptalningu þessari er útflutningur ekki nefndur og verður heimildarákvæðið því ekki talið ná til hans, en eins og áður sagði er tilgangur reglugerðar ráðsins nr. 2455/92 meðal annars sá að láta reglur sem gilda innan svæðisins um pökkun og merkingu hættulegra efna einnig gilda um þessi efni þegar þau eru ætluð til útflutnings. Heimildin er þar að auki fyrst og fremst formleg heimild til að setja reglugerð þó að í upptalningunni verði einnig að teljast veitt efnisleg heimild til nokkurra takmarkana um þau atriði sem þar eru talin upp.[5]

Telja verður að framangreind aðferð við að lögleiða reglugerðina hér á landi hafi ekki verið fullnægjandi. Sem fyrr greinir fær það ekki staðist að leggja á einstaklinga eða fyrirtæki skyldur sem takmarka atvinnufrelsi, hvað þá að kveða á um refsingar á hendur þeim, með almennum stjórnvaldsfyrirmælum nema ótvíræða efnislega stoð sé að finna í lögum fyrir þeirri tilhögun. Þá óvíræðu stoð er hins vegar ekki að finna í fyrrgreindum lögum svo sem rakið hefur verið. Þar við bætist að refsiheimildin í 26. gr. laga nr. 52/1988 er bundin við brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Það er hæpið, að hér sé um reglugerð að ræða í hefðbundnum skilningi íslenskra laga, þegar aðeins er auglýst gildistaka EES-gerðar, án þess að texti hennar sé birtur með auglýsingu.

Við ákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. auglýsingar nr. 51/1996 um birtingu reglugerðanna sem þar greinir í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB eiga sömu athugasemdir og í dæminu í 1. tölul. að framan, sbr. og það sem um þetta verður sagt í kafla XIII hér á eftir. Í 3. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar er sagt að reglugerð ráðsins nr. 3135/94 hafi ekki enn verið birt í EES-viðbætinum, en hún birtist í „Official Journal of the European Communities"! Birting í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins fer ekki fram á íslensku. Hún styðst heldur ekki við ákvæði 4. gr. laga nr. 2/1993 og hún hefur enga heimild í ákvæðum laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Niðurstaðan er hér sú að reglugerðir ráðsins sem auglýsing nr. 51/1996 tekur til, hafi ekki verið birtar hér á landi með þeim hætti sem íslensk lög gera ráð fyrir og hafi af þeim ástæðum ekki verið veitt gildi að íslenskum rétti.

3. dæmi.

Næsta dæmi varðar lögfestingu á tveimur tilskipunum Evrópusambandsins um takmörkun á hávaða frá loftförum. Annars vegar tilskipun nr. 80/51/EBE, frá 20. nóvember 1979, um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða, ásamt breytingum sem á henni voru gerðar með tilskipun nr. 83/206/EBE, frá 21. apríl 1983. Hins vegar tilskipun nr. 89/629/EBE, frá 4. desember 1989, um takmörkun á hávaða frá almennum þotum sem fljúga

---

[5] Reglugerðarheimildin í 2. mgr. 2. gr. laganna verður ekki talin skipta hér máli.

undir hljóðhraða. Með auglýsingu nr. 102/1994 var ákveðið að tilskipanir þessar skyldu öðlast gildi hér á landi. Tilskipanirnar voru ekki birtar með auglýsingunni og ekki var í henni að finna ákvæði um hvar þær væri að finna.

Svo virðist sem sú aðferð sem beitt var við lagasetningu ofangreindra EES-gerða hafi ekki samræmst þeim reglum sem gilda á Íslandi um setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Koma þar til eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi segir svo í 2. gr. auglýsingarinnar að hún sé sett samkvæmt heimild í þágildandi lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingum, án frekari tilgreiningar.[6] Í 188. gr. laganna sagði einungis að flugmálaráðherra væri rétt að setja reglugerð til nánari fyllingar þeim. Hér var að sjálfsögðu aðeins um að ræða hina formlegu heimild til reglugerðarsetningar. Hún sagði ekkert til um hvort hin efnislega heimild hafi verið til staðar en slíkrar heimildar í settum lögum er jafnan þörf ef stjórnvaldsreglur hafa inni að halda takmarkanir á athafnafrelsi eða önnur þau efnisatriði sem að var vikið í III. kafla að framan. Í loftferðalögunum var að finna ákvæði, sem bönnuðu notkun loftfara sem ekki fullnægðu kröfum um öryggi. Þannig var í III. kafla loftferðalaga nr. 34/1964 það skilyrði sett, að loftför sem notuð væru til loftferða samkvæmt lögunum, skyldu vera lofthæf og fá útgefið svokallað lofthæfisskírteini. Sagði í lögunum að loftfar væri einungis lofthæft, er það væri þannig saman sett, smíðað, útbúið og því við haldið og það hefði þá flugkosti, að kröfum um öryggi væri fullnægt. Í lögunum var hins vegar ekki að finna ákvæði sem heimilaði bann við notkun á loftförum vegna hávaða sem frá þeim stafaði. Í umræddum tilskipunum voru reglur með slíku banni. Er notkun loftfara beinlínis lýst óheimil ef þau uppfylla ekki kröfur samkvæmt stöðlum um hávaða. Er notkun þeirra bundin því skilyrði að gefið hafi verið út svokallað hávaðavottorð.

Nefndin telur að í tilskipununum sé að finna íþyngjandi reglur sem leggi kvaðir á eigendur viðkomandi loftfara. Ekki verður séð að lög nr. 34/1964 um loftferðir hafi efnislega haft að geyma lagastoð fyrir þeim, enda var þar svo sem áður sagði einungis heimilað að banna notkun loftfara á þeim forsendum að öryggiskröfur hefðu ekki verið uppfylltar. Bann við notkun þeirra gat því ekki grundvallast á öðrum forsendum. Er það því niðurstaða nefndarinnar að ofangreind ákvæði tilskipana um hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða, sem auglýst var að tækju gildi hér á landi með auglýsingu nr. 102/1994, hafi, á þeim tíma er þær voru settar, ekki verið gildar réttarheimildir að íslenskum rétti, þar sem þær skorti efnislega lagastoð í loftferðalögunum.

Í loftferðalögum nr. 60/1998 hefur verið bætt úr þessum annmörkum. Í 20. gr. þeirra laga er kveðið á um þau skilyrði sem loftför þurfi að uppfylla til að teljast lofthæf. Þar er m.a. talið upp skilyrði um að loftfarið þurfi að uppfylla stjórnvaldskröfur um mengunarvarnir, meðal annars vegna hávaða og útblásturs. Eftir gildistöku hinna nýju laga hefur því ofangreindum ákvæðum tilskipananna að mati nefndarinnar verið fengin fullnægjandi lagastoð.

Í öðru lagi er hvorki gerð grein fyrir því í auglýsingunni, hvernig aðlaga beri tilskipanirnar að íslenskum aðstæðum, né hefur hún að geyma efnisákvæði um hvernig tilskipunum þessum skuli hrundið í framkvæmd á Íslandi. Í öllum tilskipununum er þó að finna ákvæði um að aðildarríkin skuli samþykkja nauðsynleg ákvæði í þessu skyni. Hér er um að ræða sams konar efnisannmarka á gildistöku þessara tilskipana og nefndur var í dæmi 1 hér að framan. Verður sérstaklega að þeim vikið í kafla B hér á eftir.

---

[6] Nú hafa verið sett ný lög um loftferðir nr. 60/1998.

Í þriðja lagi eru ekki neinar upplýsingar um það í auglýsingunni hvort tilskipanirnar hafi verið birtar hér á landi og þá hvar. Við nánari eftirgrennslan nefndarinnar kom í ljós, að þessar tilskipanir voru birtar í sérriti (S 20), sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda. Tilheyra þær þar II. viðauka og birtast undir fyrirsögninni: Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun (17. hefti af 26) XVII. Umhverfisvernd. Þessi sérrit munu raunar ekki hafa verið komin út þegar auglýsing nr. 102/1994 frá 7. febrúar 1994 var birt. Munu þau ekki hafa komið út fyrr en á síðari hluta ársins 1994. Var því ekki unnt að vísa til þeirra í auglýsingunni. Verður ekki séð hvernig almenningi í landinu er ætlað að finna gerðir, þar sem tilvísun vantar í auglýsingu og flokkun þeirra er í þokkabót með svo torkennilegum hætti sem hér greinir, svo ekki sé nú talað um það tímabil sem leið frá því auglýsingin birtist og þar til gerðin var birt í sérritinu.

Ljóst er að tilskipanir þær sem auglýstar voru sem gildandi réttarheimildir að íslenskum rétti hinn 7. febrúar 1994, með auglýsingu nr. 102/1994 í B-deild Stjórnartíðinda, voru ekki birtar með lögformlegum hætti, sbr. það sem um það efni segir síðar í skýrslu þessari, þegar fjallað verður um álit umboðsmanns Alþingis um birtingu á gerðum hins evrópska efnahagssvæðis (XIII. kafli).

4. dæmi.

Í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 35/1993 um eftirlit með skipum eins og henni var breytt með lögum nr. 62/1993 segir svo:

> „Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir um eftirlit með skipum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, nr. 2/1993, með síðari breytingum."

Ráðherra nýtti sér þessa heimild og birti auglýsingu nr. 566/1993[7], um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna lágmarkskrafna fyrir tiltekin olíuflutningaskip.

Með auglýsingunni er tilskipun ráðsins nr. 79/116/EBE lögfest ásamt síðari breytingu. Hún fjallar um lágmarkskröfur fyrir tiltekin tankskip sem koma til eða fara frá bandalagshöfnum en með EES-samningnum fær hún gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar er gert ráð fyrir, að aðildarríkin geri viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að tankskip, sem flytja olíu, gas eða önnur efni sem mælast í tilteknu magni og koma til eða fara frá höfnum á yfirráðssvæði þeirra, skuli fullnægja ýmsum skilyrðum. Meðal annars er þeim gert að gefa upplýsingar og tilkynna um ýmis nánar tilgreind atriði. Í 2. mgr. eru lagðar vissar eftirlits- og tilkynningarskyldur á hafnsögumenn og í 3. mgr. er að finna heimild til handa aðildarríkjunum til að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. við vissar aðstæður. Þá er í 3. gr. tilskipunarinnar beinlínis gert ráð fyrir að aðildarríkin setji lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg séu til þess að framfylgja tilskipuninni.

Ekki verður talið að þessi aðferð við að lögleiða tilskipunina fái staðist.

---

[7] Auglýsing þessi féll úr gildi 13. september 1995 skv. 1. mgr. 3. gr. auglýsingar um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó, nr. 442 frá 30. júní 1994. Í 2. gr. þessarar síðast nefndu auglýsingar er sagt að gerðirnar sem henni er ætlað að veita gildi séu birtar í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bls. 494-506, sbr. lög nr. 91/1994. Hér hefur „bók 3" misritast. Gerðirnar eru birtar í bók 4. Ein þeirra leysti tilskipun ráðsins nr. 79/116/EBE, sem lögfest hafði verið með auglýsingu nr. 566/1993, af hólmi.

Í fyrsta lagi stenst það ekki miðað við þau sjónarmið sem hafa verið rakin hér að framan að skyldur séu lagðar á flutningafyrirtæki og aðra vegna umræddra skipa nema ótvíræða efnislega stoð sé að finna til þess í lögum. Í því sambandi verður ekki talið nægjanlegt að veita almenna heimild til að setja stjórnvaldsfyrirmæli „að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði“ án þess að annað og meira komi til. Við athugun í viðkomandi heimildarlögum er enga aðra stoð að finna til að leggja á þær skyldur sem auglýsingin gerir ráð fyrir.

Í öðru lagi hafa þær reglur ekki verið settar sem um er fjallað í 3. gr. tilskipunarinnar. Afleiðingin af því verður meðal annars sú, að ekki liggur ljóst fyrir hvert sé það „lögbæra yfirvald“ sem senda á tilkynningar til samkvæmt tilskipuninni. Þá hefur engin afstaða verið tekin til þess hvort rétt sé eða skylt að víkja frá fyrirmælum tilskipunarinnar, sbr. 3. mgr. 1. gr. hennar og loks vantar reglur um viðurlög og málsmeðferð í tilefni af brotum gegn fyrirmælum tilskipunarinnar.

Þess er loks að geta, að í auglýsingunni er sagt, að tilskipunin sé birt í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993. Ekki er sú birting staðfærð nánar. Á þessu eru sömu annmarkar og nefndir hafa verið við fyrri dæmi og vikið verður að nánar í kafla XIII hér á eftir.

5. dæmi.

Í VI. viðauka við EES-samninginn á sviði félagslegs öryggis er meðal annars vísað til reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ásamt reglugerða ráðsins um breytingar á þeirri reglugerð. Í sama viðauka er vísað til reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd fyrrnefndu reglugerðarinnar ásamt síðari breytingarreglugerðum. Reglugerðir þessar ásamt viðaukum eru miklar að vöxtum og fjalla um bætur sem á Íslandi er meðal annars fjallað um í löggjöf um almannatryggingar og löggjöf um atvinnuleysistryggingar. Samkvæmt a-lið 7. gr. EES-samningsins ber Íslandi þjóðréttarleg skylda til að taka þessar reglugerðir sem slíkar upp í landsrétt.

Í 66. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, segir:

> „Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.“

Ráðherra hefur nýtt sér þessa heimild og birt auglýsingu nr. 550/1993 um gildistöku fyrrgreindra EES-reglugerða um almannatryggingar. Með auglýsingu nr. 367/1994 er veitt gildi á Íslandi tilteknum breytingum á þessum reglugerðum ráðsins.

Í lagaákvæðinu er það gert að skilyrði fyrir birtingu og þar með gildistöku reglugerða Evrópusambandsins sem íslenskra reglna á sviði almannatrygginga að ákvæði þeirra eigi stoð í lögum. Slíkt skilyrði væri raunar í gildi, þó að ekkert segði um það í lagatextanum.

Reglugerðin nr. 1408/71 hefur inni að halda ákvæði sem ætlað er að tryggja félagslegt öryggi svonefndra farandlaunþega. Er markmiðið að fella saman í einn lagabálk „öll grundvallarákvæði um framkvæmd 51. gr. Rómarsáttmálans um bætur til handa launþegum, að meðtöldum þeim sem sækja vinnu yfir landamæri, vinna við árstíðabundin störf og stunda sjómennsku“, eins og það er orðað í inngangi reglugerðarinnar. Sé æskilegt að setja þá meginreglu, að reglugerðin gildi jafnt um alla launþega aðildarríkjanna, sem séu tryggðir

samkvæmt almannatryggingareglum, þar sem verulegur munur sé á því til hvaða einstaklinga löggjöf einstakra ríkja nái. Í 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um þá flokka almannatrygginga, sem reglugerðin á að ná til. Eru þar taldar upp bætur vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar, örorkubætur að meðtöldum bótum sem ætlaðar eru til að viðhalda eða auka möguleika á tekjuöflun, bætur vegna elli, bætur til eftirlifenda, bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, dánarstyrkir, atvinnuleysisbætur og fjölskyldubætur. Í reglugerðinni er síðan að finna margháttuð ákvæði um réttindi launþega sem fara milli aðildarríkja, meðal annars um að störf og dvöl í einu ríki kunni að afla réttar til almannatryggingabóta í öðru.

Í lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum eru lögfest ýmiss konar skilyrði fyrir rétti til bóta skv. lögunum og geta þau verið mismunandi eftir því um hvaða bætur ræðir. Fyrrgreindum reglugerðum er meðal annars ætlað að stuðla að því að veita þeim, er undir reglugerðirnar falla, bætur óháð búsetu þeirra en jafnframt er þeim ætlað að forðast óþarfa skörun bóta. Ákvæði reglugerðanna geta því væntanlega bæði leitt til þess að einstaklingar öðlist rýmri bótarétt en samkvæmt almennum ákvæðum almannatryggingalaga (til dæmis þar sem lögheimili eða búseta eru skilyrði bóta) eða þrengri rétt (til dæmis í þeim tilvikum er bætur skarast).

Við mat á því, hvort fullnægjandi lagastoð sé fyrir beitingu ákvæða reglugerðanna hér á landi, ber að hafa í huga, að 64. gr. laga um almannatryggingar, hefur að geyma sérstaka heimild fyrir ríkisstjórnina til að semja við erlend ríki um gagnkvæman rétt til þeirra hlunninda sem almannatryggingar veita. Er í slíkum samningi meðal annars heimilt að kveða svo á að lögheimilistímabil, atvinnutímabil eða tryggingatímabil í öðru ríki skuli jafngilda lögheimilistíma á Íslandi og enn fremur er hægt að kveða á um rétt til bótagreiðslna samkvæmt almannatryggingum við búsetu í öðru samningsríki. Með þessu ákvæði er ríkisstjórninni heimilað að víkja frá tilteknum skilyrðum almannatryggingalaga fyrir rétti til bótagreiðslna enda sé það gert með milliríkjasamningi. Þessa heimild hefur ríkisstjórnin nýtt sér með gerð EES-samningsins sbr. VI. viðauka við samninginn. Þau frávik sem 64. gr. heimilar sérstaklega eiga því „stoð í lögum" svo notað sé orðalag 66. gr. almannatryggingalaga. Í þessu sambandi er þó rétt að vekja athygli á að ákvæði reglugerðanna eru svo umfangsmikil, flókin og óaðgengileg að verulegum vandkvæðum er bundið að átta sig á við yfirlestur hvaða áhrif þau kunna að hafa í einstökum tilvikum. Hlýtur það að vera mikið áhyggjuefni að löggjöf sé þannig háttað á sviði sem er jafn mikilvægt fyrir allan almenning og almannatryggingalöggjöfin, ekki síst þegar haft er í huga að íslensk lagahefð hefur til þessa byggt á tiltölulega skýrum og aðgengilegum textum.

Í auglýsingum nr. 550/1993 og 367/1994 er sagt að gerðirnar sem þar er ætlunin að lögleiða séu birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB — sérstakri útgáfu: Bók 4, bls. 35–80. Þessir birtingarhættir eru sjálfsagt studdir við 4. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994. Svo sem nánar verður vikið að í XIII. kafla skýrslu þessarar, er hér ekki um að ræða fullnægjandi birtingu fyrir stjórnvaldsfyrirmæli, sem ætlað er að gilda að landsrétti á Íslandi.

Eins og fyrr sagði taka framangreindar reglugerðir ekki einungis til þeirra bóta sem um er fjallað í íslenskum almannatryggingalögum heldur og til atvinnuleysisbóta en um þær giltu á þessum tíma lög um atvinnuleysistryggingar nr. 93/1993.[8] Með lögum nr. 116/1993 voru gerðar á þeim tilteknar breytingar vegna EES-samningsins. Í þeim breytingum var ekki leidd

---

[8] Nú hafa verið sett ný lög um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997.

í lög heimild til að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins hvað atvinnuleysistryggingar varðar eins og gert var með lögum nr. 117/1993 varðandi bætur þær sem fjallað er um í almannatryggingalögum. Þegar framangreindar auglýsingar nr. 550/1993 og nr. 367/1994 um gildistöku EES-gerða voru birtar skorti því lagaheimild til setningar slíkra reglna varðandi atvinnuleysistryggingar. Úr þessu var ekki bætt fyrr en með lögum nr. 45/1995 er öðluðust gildi 9. mars 1995 eða rúmlega 14 mánuðum eftir gildistöku EES-samningsins. Má segja að þar með hafi fyrrgreindum reglugerðum verið veitt lagastoð eftir á samanber þó það sem áður sagði um birtingu reglugerðanna. Með reglugerð nr. 524/1996 um greiðslu atvinnuleysisbóta eru í IV. kafla settar reglur um rétt til bóta í atvinnuleit í öðru EES-landi sem efnislega byggja á fyrrgreindum EB-reglugerðum.

6. dæmi.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til nefndarinnar er nefnt dæmi um hvernig staðið hafi verið að því að taka gerðir um opinber innkaup í XVI. viðauka EES-samningsins upp í íslenskan rétt. Talið hafi verið að gildandi lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970 og laga nr. 52/1987 um opinber innkaup hafi ekki verið nægilegur grundvöllur til að taka gerðir þessar upp. Hafi það m.a. byggst á því að gerðir þessar hafi lagt skyldur á sveitarfélög og ýmsa aðra aðila en ríkið. Mikilvægustu ákvæði þessara tilskipana hafi því verið lögfest en um önnur atriði er vörðuðu framkvæmd hafi verið sett reglugerð. Er um þetta vísað til laga nr. 55/1993 og reglugerðar nr. 302/1996.

Nefndin hefur kannað, hvernig til hefur tekist í þessu efni.

Með lögum nr. 55/1993 voru gerðar breytingar á lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda og lögum nr. 52/1987 um opinber innkaup. Breytingarnar lutu að því að bæta inn í þessi tvennu lög ákvæðum er vörðuðu útboð opinberra framkvæmda og opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu. Var jafnframt ákveðið í lögunum að þessi nýju ákvæði skyldu auk ríkisins taka til framkvæmda og innkaupa sveitarfélaga og fleiri opinberra aðila. Er hin nýju ákvæði aðallega að finna í 4. og 5. mgr. 1. gr. og VI. kafla laga nr. 63/1970, sem ber heitið „Opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu“ og svo 2. mgr. 1. gr. og 10.–14. gr. laga nr. 52/1987.

Efnislega fjalla hin nýju lagaákvæði um skyldu hinna opinberu aðila, þar með talið sveitarfélaga, til að bjóða út verk og innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu ef verðmæti samnings nær tilteknum stærðarmörkum. Þá er kveðið á um sérstakar kynningarauglýsingar sem skylt er að senda útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar. Loks er í lögunum kveðið á um heimild til að kæra til fjármálaráðuneytis, ef verktaki telur að stjórnvald eða annar verkkaupi, sem lögin taki til, „hafi tekið ákvörðun í tengslum við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings sem felur í sér brot á ákvæðum VI. kafla laga þessara (innsk. þ.e. laga nr. 63/1970) og getur hann þá kært þá ákvörðun til fjármálaráðuneytis.“[9] Eru ráðherra fengnar í lögunum sérstakar heimildir til að bregðast við, meðal annars að stöðva útboð og gerð verksamnings. Í lögin voru hins vegar ekki sett nein efnisákvæði sem ætlað var að binda hendur verkkaupa við val á tilboðum og samningsgerð. Af þessu er ljóst að í þessum lagaákvæðum felast engar skyldur á hendur sveitarfélögum um val á tilboðum og gerð samninga um verk eða innkaup eftir að auglýsingum og útboðum á Evrópska efnahagssvæðinu

---

[9] Í 14. gr. laga nr. 52/1987 er vísað til ákvæða laga nr. 63/1970 um meðferð kæru, úrræði vegna kæru og fleira.

sleppir.[10] Um slíka samningsgerð sveitarfélaga gilda einfaldlega áfram almennar lagareglur, sjá einkum lög nr. 65/1993 um framkvæmd útboða. Jafnframt er ljóst að heimild ráðherra samkvæmt lögunum til afskipta af sveitarfélögum er bundin við meint brot á ákvæðum laganna um auglýsingar og útboð á Evrópska efnahagssvæðinu en tekur ekki til ætlaðra brota sveitarfélaga gegn bjóðanda við val á tilboði og samningsgerðina sjálfa.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til nefndarinnar kemur fram, svo sem áður sagði, að tilefni lagabreytinganna 1993 hafi verið að afla lagaheimilda til að taka upp gerðir um opinber innkaup í XVI. viðauka EES-samningsins í íslenskan rétt. Gerðirnar, sem um ræðir, eru taldar upp í 7 töluliðum í 2. mgr. 50. gr. reglugerðar nr. 302/1996 um innkaup ríkisins.[11] Þessar gerðir hafa meðal annars inni að halda efnisreglur er varða val á tilboðum og samningsgerð eftir opinber útboð, sem ætlað er að binda sveitarstjórnir jafnt og handhafa framkvæmdarvalds ríkisins. Það var því nauðsynlegt að afla með lagabreytingunum 1993 efnislegra heimilda til að mega setja stjórnvaldsfyrirmæli sem binda skyldu sveitarfélög að þessu leyti. Heimildir ráðherra til að setja reglugerðir um framkvæmd þessara tvennra laga er að finna í 36. gr. laganna nr. 63/1970, sbr. 3. gr. laga nr. 55/1993 og í 17. gr. laga nr. 52/1987, sbr. 6. gr. laga nr. 55/1993. Þar er í báðum tilvikum aðeins sagt um það sem gerist eftir að útboð hefur farið fram, að hann skuli kveða í reglugerð á um „val á tilboðum". Þetta orðalag verður ekki talið duga til að ráðherra megi takmarka heimildir sveitarfélaga til samningagerðar á þessu sviði með almennum stjórnvaldsfyrirmælum. Slíkar takmarkanir þarfnast ótvíræðra efnislegra heimilda í settum lögum. Koma þar bæði til þau almennu sjónarmið um þörf settra laga sem fyrr voru nefnd í skýrslu þessari og svo sú sjálfstjórn sem sveitarfélögum er tryggð í 78. gr. stjórnarskrárinnar. Með því að slík ákvæði voru ekki sett í lögin verður að telja að ákvæði umræddra gerða um skyldur sveitarstjórna í þessum efnum hafi ekki verið réttilega leiddar í íslenskan rétt.

Nú hafa verið gerðar frekari breytingar á lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda og lögum nr. 52/1987 um opinber innkaup með lögum nr. 85/1998. Þær breytingar bæta ekki úr þeim annmörkum á lögunum sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni.

Við birtingu þeirra gerða sem hér um ræðir eiga svipaðar athugasemdir og gerðar voru við fyrri dæmi og um verður fjallað í XIII. kafla hér á eftir.

B.

Nokkur almenn atriði.

Í dæmunum hér að framan hefur á hverjum stað fyrir sig verið gerð grein fyrir þeim annmörkum sem eiga við hvert tilvik. Meginniðurstöður dæmanna verða dregnar saman í XIV. kafla hér að aftan. Hér er hins vegar ástæða til að víkja að nokkrum atriðum sem varða gerðirnar almennt, einkum textagerð þeirra og svo nokkur fleiri almenn atriði, sem ástæða þykir til að nefna í skýrslu þessari.

---

[10] Hið sama kann að gilda um aðra sjálfstæða aðila sem lögin taka til.

[11] Það athugist að í 3. mgr. 50 gr. er sagt, að gerðirnar séu birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfubók 5, bls. 37-205. Þetta er ekki rétt að því er varðar gerðirnar í 4. og 7. tölul. 2. mgr. 50. gr. Þær má finna í viðbæti við C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, S43, bls. 145 og 148. Fyrir setningu reglugerðar nr. 302/1996 vísast um þessi efni til reglugerðar nr. 591/1993 og EBE-gerða sem þá voru birtar sem fylgiskjöl reglugerðarinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Þar voru m.a. birtar þessar tvær síðast nefndu gerðir (fskj. VII og VIII á bls. 1366 og 1369 í B-deild 1993). Reglugerð nr. 591/1993 var breytt með reglugerð nr. 506/1994 en sú breyting hefur ekki sérstaka þýðingu fyrir þau atriði sem hér um ræðir.

Í b-lið 7. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er sagt, að gerð sem samsvari tilskipun EBE skuli veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina á því að taka gerðina upp í landsrétt. Með öðrum orðum er lögð sú skylda á herðar samningsríki að taka efni slíkrar tilskipunar upp en á þann hátt sem viðkomandi ríki sjálft kýs.

Óhætt er að segja, að í íslenskum rétti gildi sú hefð, að settar lagareglur skuli vera skýrar og með ákveðnu efni, þannig að þær henti til að mæla fyrir um réttarstöðu þeirra aðila, sem reglunni er ætlað að ná til. Margar tilskipanir EB hafa inni að halda texta með efni sem engan veginn getur talist henta í settar lagareglur samkvæmt þessari íslensku hefð. Til dæmis fer oft fyrir tilskipun inngangur þar sem lýst er almennum markmiðum hennar og kveðið á um viðfangsefni sem samningsríki vilji takast á hendur. Oft er orðalag tilskipana með þeim hætti, að samningsríki skuli tryggja eitt og annað með löggjöf sinni. Stundum eru gefnir valkostir um, hvernig haga megi reglum á ákveðnu sviði. Þá koma fyrir tilvik sem gera ráð fyrir að aðildarríki geti sett reglur sem gangi lengra en viðkomandi reglugerð segir til um og enn fremur að ríki geti ákveðið undanþágur frá reglum tilskipunar í lögum sínum. Loks er þar oft að finna ákvæði sem ráðgera, að aðildarríkin skuli gera sérstakar ráðstafanir til að framfylgja ákvæðum tilskipunar fyrir tilsettan tíma og tilkynna þær síðan til framkvæmdastjórnarinnar.

Við könnun sína hefur nefndin rekist á ýmis dæmi um auglýsingar og tilkynningar, þar sem því er lýst, að tilskipanir með þess háttar efni sem að ofan greinir hafi í heild verið teknar í íslenskan rétt, án þess að unnar séu úr þeim réttarreglur sem geta talist fullnægjandi sem slíkar miðað við íslenskar hefðir um settan rétt eða jafnvel þær kröfur sem tilskipun sjálf gerir til setningar slíkra reglna.

Dæmi af þessu tagi skulu nefnd:

Í 2. dæmi í kafla A að framan kemur fram að auglýsing nr. 51/1996 um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna hefst á eftirfarandi orðum:

> „Með vísan til meginmáls EES-samnings, II. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna reglugerða: ...“

Dæmi þetta er valið af handahófi en tekið skal fram að fjölmörg sambærileg má finna. Með texta af þessu tagi er ljóst, að lesandanum er sjálfum ætlað að finna þær breytingar og viðbætur á reglugerðunum sem á kann að vanta og máli skipta samkvæmt öðrum hlutum EES-samningsins. Þetta getur verið vandasamt verk, hvort sem er fyrir lögfræðinga eða aðra og víst er að lagatexti sem er svona úr garði gerður verður tæpast talinn skýr eða aðgengilegur. Í því dæmi sem hér er sérstaklega nefnt verður lesandinn í fyrsta lagi að athuga, hvort meginmál EES-samningsins feli í sér frávik frá ákvæðum reglugerðarinnar. Í öðru lagi þarf hann að leiðrétta hana með hliðsjón af hinni svonefndu altæku aðlögun sem bókun 1 með EES-samningnum ráðgerir. Í þriðja lagi þarf hann að kanna, hvort leiðrétta þurfi reglugerðina vegna svonefndra almennra eða sérstakra aðlagana í viðkomandi viðauka. Loks þarf hann að fullvissa sig um hvort einstakar bókanir með EES-samningnum eða aðrar yfirlýsingar sem honum fylgja hafi að geyma frávik frá ákvæðum reglugerðarinnar.

Í 3. dæmi í kafla A að framan var meðal annars nefnd tilskipun ráðsins nr. 80/51/EBE um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða. Í henni er til dæmis að finna í 3. tölul. 3. gr., 2. tölul. 4. gr. og 6. gr. ákvæði sem heimila aðildarríkjum að kveða á um sérstakar undanþágur frá reglum tilskipunarinnar í vissum tilvikum. Í 7. gr. er svo kveðið á, að aðildarríki skuli eftir megni gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að loftför, sem ekki eru skrásett í aðildarríki en nota flugstöðvar á yfirráðasvæði þeirra, uppfylli að minnsta kosti

jafnströng skilyrði og þau sem loftför aðildarríkjanna verða að uppfylla. Er vandséð hvernig það fær staðist að gera það eitt að veita texta þessarar tilskipunar gildi á Íslandi svo sem gert er með auglýsingu nr. 102/1994. Sýnist með því ekki einu sinni fullnægt þeirri aðferð sem tilskipunin sjálf ráðgerir, hvað þá að með þessum hætti sé fullnægt þeirri almennu kröfu sem fyrr var getið um skýrleika settra réttarreglna. Við athugun sína hefur nefndin rekist á fjölda dæma um gildistöku tilskipana, sem eru hliðstæð þessu.

Í 5. dæmi í kafla A hér að framan var fjallað um reglugerðir ráðsins á sviði almannatrygginga og atvinnuleysisbóta. Þar kom fram að ákvæði reglugerða þessara eru afar umfangsmikil, flókin og óaðgengileg. Er víst að íslensk lagahefð stendur til þess að textar settra lagareglna séu jafnan mun skýrari og einfaldari heldur en þarna er raunin. Mörg fleiri dæmi af svipuðum toga má finna meðal reglugerða EB, sem taka ber upp í landsrétt á Íslandi skv. a-lið 7. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Við þessu er líklega fátt að gera, þar sem skuldbindingin samkvæmt þessu ákvæði samningsins stendur til þess að taka reglugerðir þessar óbreyttar upp í landsrétt.

Finna má dæmi um að meiri takmarkanir á athafnafrelsi hafi verið lögleiddar hér á landi heldur en gilda á hinu evrópska efnahagssvæði, þó að sjálfsagt hafi ekki verið stefnt að slíkri niðurstöðu. Með 10. gr. laga nr. 85/1998 var gerð breyting á 10. gr. laga nr. 52/1987 um opinber innkaup, sbr. 5. gr. laga nr. 55/1993. Með breytingunni var kveðið svo á, að skylda laganna til að bjóða opinber innkaup út á Evrópska efnahagssvæðinu skyldi ekki einungis taka til kaupa á vörum heldur og til kaupa á þjónustu. Við lagabreytinguna voru ekki lögleiddar neinar takmarkanir á skyldunni til að bjóða út þjónustusamninga ef efni þeirra væri með tilteknum hætti. Slíkar takmarkanir er hins vegar að finna í 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu, sem fyrst var sögð leidd í gildi hér á landi með reglugerð nr. 506/1994 um breyting á reglugerð nr. 591/1993 um opinber innkaup og opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu, sjá 6. tölul. 2. gr. eftir breytinguna, sbr. síðar 6. tölul. 2. mgr. 50. gr. reglugerðar nr. 302/1996 um innkaup ríkisins. Með því að ákveða í settum lögum á Íslandi almenna útboðsskyldu á Evrópska efnahagssvæðinu fyrir opinbera þjónustusamninga sem fara yfir tiltekin stærðarmörk, án þess að undanskilja skyldunni þá samninga sem undan eru skildir í þeirri tilskipun sem um þetta fjallar, höfum við orðið „kaþólskari en páfinn", án þess að séð verði að slíkt hafi vakað fyrir nokkrum manni. Er alveg ljóst, að ráðherra er óheimilt að ákveða með almennum stjórnvaldsfyrirmælum undanþágur frá útboðsskyldunni hafi honum ekki verið fengin til þess sérstök lagaheimild.[12]

Þess skal getið að nefndin hefur við störf sín rekist á auglýsingu um gildistöku reglugerðar hins evrópska efnahagssvæðis, sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda, þar sem þess er getið að reglugerðin sé birt sem fylgiskjal með auglýsingunni, en svo illa hefur tekist til, að slík birting hefur farist fyrir. Vísast um þetta til auglýsingar nr. 508/1998 um gildis-

---

[12] Í sjálfu sér má segja að hið sama gildi um opinbera samninga um vörukaup og opinbera verksamninga, þar sem í tilskipunum ráðsins þar sem um þá er fjallað, er einnig gert ráð fyrir undanþágum frá útboðsskyldu, þó að hin íslensku lagaákvæði nefni þær ekki. Þessar undanþágur eru umfangsminni heldur en undanþágurnar, þegar um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu ræðir. Sjá hér 2. gr. tilskipunar ráðsins 93/36/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup og 4. gr. tilskipunar ráðsins 93/37/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga.

töku reglugerðar ráðsins nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó). Í tilviki af þessu tagi er vitaskuld ljóst að engin gildistaka hefur átt sér stað.

XIII.

Birting EES-gerða.

Á árinu 1997 tók umboðsmaður Alþingis að eigin frumkvæði til athugunar, hvernig staðið hefði verið að „birtingu og miðlun upplýsinga um „gerðir" samkvæmt EES-samningnum og réttarreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra". Skilaði hann í byrjun árs 1998 forsætisráðherra áliti sínu um þetta efni dagsettu 9. janúar 1998 (mál nr. 2151/1997). Í minnisblaði forsætisráðherra til ríkisstjórnarinnar 20. janúar 1998 er niðurstöðum umboðsmanns lýst með eftirfarandi hætti:

> „Niðurstöður athugana umboðsmanns liggja nú fyrir í áliti sem hann hefur beint til mín fyrir hönd Stjórnarráðs Íslands og eru í meginatriðum tvíþættar.
>
> Annars vegar telur hann leika vafa á því, hvort íþyngjandi ákvæðum þessara „gerða" verði beitt gagnvart almenningi, þegar þær hafa verið teknar upp í íslenskan rétt með því einu að vísa til nafns og númers þeirra í lögum eða reglugerð, en efnisleg ákvæði þeirra ekki að öðru leyti birt í A- eða B-deild Stjórnartíðinda, sbr. þau fyrirmæli, sem hann telur ótvírætt vera í 7. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, og í 27. gr. stjórnarskrárinnar. Hvað sem líði gildi slíkrar birtingar að landslögum telur hann jafnframt ljóst, að ákvæði „gerða" sem einvörðungu hafa verið birt í „blaði því sem útgáfumiðstöð EFTA gefur út í Brussel í Belgíu" (þ.e. EES-viðbætir við Stjórnartíðindi EB), geti *vart talist aðgengileg almenningi.* Þar við bætist, að ekki sé samræmi í því, með hvaða hætti vísað sé til birtingar „gerðanna", og ekki einu sinni alltaf ljóst, hvar þær hafi verið birtar. Samkvæmt þessu sé aðgangur almennings að þeim „gerðum", sem teknar hafa verið upp í íslenskan rétt, með svonefndri tilvísunaraðferð, í raun takmarkaður og af þeirri ástæðu ekki fullnægjandi, þar sem réttaröryggi almennings sé þá skert.
>
> Hins vegar bendir umboðsmaður á að auglýsingar um gildistöku EB-„gerða" séu almennt ekki birtar í svonefndum EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sbr. hins vegar skyldu skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, til að birta slíkar tilkynningar í C-deild Stjórnartíðinda. Í þeim komi m.a. fram frá hvaða tímamarki stjórnvöld séu að þjóðarétti bundin af slíkum „gerðum", en frá þeim tíma beri t.d. almennt að skýra íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli til samræmis við þær eftir því sem unnt er. Þar sem slíkar auglýsingar hafi ekki verið birtar í C-deild Stjórnartíðinda frá því að lög nr. 91/1994 tóku gildi (þ.e. um útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB), telur hann enn fremur rétt að tekið verði til athugunar hvernig rétt sé að standa að tilhögun á slíkum auglýsingum, þ. á m. hvar beri að birta þær."

Með bréfi til formanns nefndarinnar 20. janúar 1998 fól forsætisráðherra henni að taka álit umboðsmanns til athugunar. Í bréfinu segir meðal annars svo:

> „Á fundi ríkisstjórnarinnar í dag var fallist á tillögu mína um að fela nefnd þeirri, er þér stýrið, að taka álit þetta til athugunar og gera tillögur til mín um, hvernig brugðist verði við þeim athugasemdum er þar koma fram og álitaefnum um úrbætur á þessu sviði. Er þess sérstaklega óskað, að ráðgjöf nefndarinnar taki bæði til þess, hvernig risið verði undir þeim kröfum sem stjórnarskrá og landslög gera til birtingar fyrirmæla af þessu tagi framvegis sem og hvort og til hvaða ráðstafana beri að grípa vegna þeirra „gerða" sem þegar hafa verið birtar með þeim hætti sem umboðsmaður gerir athugasemdir við."

Ekki er ástæða til að endurbirta hér niðurstöður umboðsmanns Alþingis í álitinu 9. janúar 1998. Það skal aðeins sagt að nefndin er að öllu leyti sammála umboðsmanni um þá annmarka sem verið hafa á birtingu gerðanna. Kemur þetta raunar fram á einstökum stöðum í dæmunum sem nefnd voru að framan.

Meginatriði málsins eru þessi:

1. Í 27. gr. stjórnarskrárinnar er skýrt á það kveðið að birta skuli lög. Um birtingarháttu skuli fara að landslögum. Í áliti umboðsmanns Alþingis er gerð grein fyrir hinum augljósu röksemdum fyrir þessum fyrirmælum stjórnarskárinnar. Segir þar meðal annars (bls. 16), að auðsæ sjónarmið um réttaröryggi leiði til þess, að almenningur verði að eiga kost á, að kynna sér efni og tilvist réttarreglna og þar með gæta hagsmuna sinna í skiptum sín í milli eða við stjórnvöld.
2. Um birtingarháttu laga fer að lögum nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Meginreglur laganna fela það í sér, að lög skuli birta í A-deild Stjórnartíðinda (1. gr.) en reglugerðir og ýmis önnur almenn fyrirmæli sem stafa frá handhöfum framkvæmdarvalds í B-deild Stjórnartíðinda (1. mgr. 2. gr.). Loks á að birta í C-deild Stjórnartíðinda samninga við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra (2. mgr. 2. gr.).
3. Með lögum nr. 91/1994 var aukið við lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið nýrri grein sem varð 4. gr. laganna. Þar er kveðið á, að birting breytinga og viðbóta við EES-samninginn í sérstöku blaði, sem gefið verði út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA, skuli teljast fullgild birting. Svo sem fram kemur í áliti umboðsmanns Alþingis er ljóst, að birtingu samkvæmt þessu ákvæði er ætlað að koma í staðinn fyrir birtingu í C-deild Stjórnartíðinda.
4. Það hefur verið algengur háttur við lögleiðingu gerða Evrópubandalagsins hér á landi, að birta texta þeirra ekki í Stjórnartíðindum, heldur láta við það sitja að vísa til textans í sérritinu sem út er gefið á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA, sbr. lög nr. 91/1994. Hefur þessi aðferð við birtinguna verið nefnd „tilvísunaraðferð", meðal annars í áliti umboðsmanns Alþingis.
5. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda skal birta í C-deild Stjórnartíðinda auglýsingar varðandi gildi samninga Íslands við önnur ríki. Í áliti umboðsmanns Alþingis er á það bent, að birting í hinum svonefnda „EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB", það er að segja birting skv. 1. gr. laga nr. 91/1994, skeri ekki úr um það í öllum tilvikum, hvort og þá hvenær ákvörðun taki gildi að þjóðarétti, og þar með hvort og þá hvenær þjóðréttarskuldbinding til að fella breytingar inn í íslenska löggjöf hefur stofnast.

Svo sem fram kemur að framan orðar umboðsmaður Alþingis niðurstöðu sína á þann veg, að vafi leiki á, hvort íþyngjandi ákvæðum gerða verði beitt gagnvart almenningi, þegar þær hafi verið teknar upp í íslenskan rétt með því einu að vísa til nafns og númers þeirra í lögum eða reglugerð, en ákvæði gerðarinnar ekki að öðru leyti birt í A- eða B-deild Stjórnartíðinda, sbr. ótvíræð fyrirmæli 7. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sbr. 27. gr. stjórnarskrárinnar. Nefndin tekur fram um þetta að henni þyki ekki vera hér mikill vafi á ferðinni. Telur hún einsýnt að þessi háttur við birtinguna standist ekki íslenskar réttarreglur og því hafi ákvæði gerða sem svona hafa verið birtar ekki verið leidd réttilega í landsrétt. Það er síðan að sjálfsögðu rétt sem umboðsmaður bendir á, að það fellur undir dómstóla landsins að skera endanlega úr þessu.

Nefndin tekur einnig undir álit umboðsmanns Alþingis að því er varðar annmarka á birtingu tilkynninga um gildistöku þeirra breytinga á EES-samningnum, sem gerðar hafa verið eftir að hann tók gildi í upphafi. Telur nefndin að skylt sé að íslenskum lögum að birta auglýsingar um þetta efni í C-deild Stjórnartíðinda skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 eða að minnsta kosti í svonefndum „EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB" sem gefinn er út samkvæmt lagaheimildinni í 1. gr. laga nr. 91/1994. Þetta hefur ekki verið gert.

XIV.
Niðurstöður.

Svo sem fram kemur hér að framan telur nefndin að verulegir annmarkar hafi verið á því að meginreglum íslenskrar stjórnskipunar hafi verið fylgt við að leiða reglur hins evrópska efnahagssvæðis í íslenskan rétt. Meginatriðin eru þessi:

1. Ekki hefur ávallt verið hugað nægilega að því, hvort í settum lögum sé að finna efnislegar heimildir til að setja stjórnvaldsfyrirmæli sem skerða frelsi eða hafa inni að halda almennar réttarreglur sem snúa að borgurunum, sbr. það sem um þessar meginreglur sagði í III. kafla að framan.
2. Dæmi eru um, að leiða hafi átt í íslenskan rétt gerðir sem samsvara tilskipunum EB, án þess að unnar hafi verið úr þeim reglur sem geta talist fullnægjandi að því er varðar efni og skýrleika miðað við ótvíræðar heimildir í settum rétti á Íslandi.
3. Finna má dæmi um að vegna aðildarinnar að hinu evrópska efnahagssvæði hafi verið lögleiddar hér á landi reglur sem binda hendur Íslendinga, án þess að jafnframt hafi verið lögleiddar þær undanþágur frá reglunum sem gilda á svæðinu. Afleiðingin er þá sú að meiri takmarkanir eru settar á athafnafrelsi íslenskra borgara heldur en leiðir af skuldbindingunni um að lögleiða viðkomandi gerð.
4. Við birtingu á fjölmörgum gerðum svæðisins, sem ætlunin hefur verið að lögleiða hér á landi, hefur ekki verið farið að kröfum stjórnarskrár og íslenskra laga.
5. Auglýsingar á gildistöku að þjóðarétti á breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn um hið evrópska efnahagssvæði hafa ekki átt sér stað svo sem ótvírætt er skylt samkvæmt íslenskum lögum.

XV.
Tillögur til úrbóta.

Við athugun sína hefur nefndin komist að raun um, að verulega skortir á að einstök ráðuneyti hafi haft yfir að ráða mannafla og fjármunum til að geta sinnt með viðunandi hætti því umfangsmikla verkefni sem aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu leggur þjóðinni á herðar. Telur nefndin reyndar að í ýmsum tilvikum sé lofsvert hverju hið smávaxna íslenska stjórnkerfi hefur fengið áorkað í þessu efni miðað við aðstæður.

Með vísan til þess sem að framan greinir gerir nefndin eftirgreindar tillögur til forsætisráðherra um úrbætur í þeim efnum sem fjallað er um í skýrslu þessari:

1. Lagt verði fyrir hvert og eitt ráðuneyti að fara yfir allar reglur hins evrópska efnahagssvæðis sem lögleiddar hafa verið á málefnasviði þess allt frá því samningurinn gekk í gildi í því skyni að athuga hvort fylgt hafi verið þeim meginreglum íslenskrar stjórnskipunar um setningarhætti og birtingu sem grein hefur verið gerð fyrir í skýrslu þessari. Sett verði ákveðin tímamörk fyrir úrbótum á því sem talið verður að aflaga hafi farið.
2. Ráðuneyti gæti þess framvegis að fylgt verði ofangreindum reglum við meðferð á viðbótum og breytingum á samningnum um hið evrópska efnahagssvæði. Í því efni verði sérstaklega að því hugað, hvernig taka megi EB-gerðir upp í íslenskan rétt, þannig að texti þeirra verði markvissari og skýrari en nú er.
3. Ráðuneytunum verði tímabundið eða varanlega eftir atvikum séð fyrir mannafla og fjármunum til að annast þetta verkefni.
4. Skipaður verði hópur t.d. þriggja lögfræðinga til að vera ráðuneytunum til ráðgjafar og aðstoðar við þetta verkefni meðan verið er að koma í lag því sem aflaga hefur farið í fortíðinni, meðal annars í því skyni að samræmis sé gætt. Að því er framtíðina varðar verði hugað að því, hvort koma beri upp stjórnardeild til dæmis í forsætisráðuneyti, sem

hafi það verkefni að annast um samræmingu á starfi ráðuneytanna á þessu sviði og eftirlit með því að meginreglum sé fylgt.

Reykjavík, 16. september 1998.

Árni Kolbeinsson.	Jón Steinar Gunnlaugsson.	Stefán Már Stefánsson.
(sign.)	(sign.)	(sign.)

Fylgiskjal.

Skilabréf nefndarinnar:

Hr. forsætisráðherra,
Davíð Oddsson,
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg,
Reykjavík.

Reykjavík, 16. september 1998.

Nefnd sú sem þér, herra forsætisráðherra, skipuðuð 6. júní 1997, til að athuga með hvaða hætti reglum, sem settar hafa verið á hinu evrópska efnahagssvæði, hefur verið veitt gildi hér á landi eftir að Ísland gerðist aðili að efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993, og hvort sá háttur, sem þar hefur verið hafður á, samrýmist reglum íslenskrar stjórnskipunar, hefur nú lokið störfum. Sendist yður hjálögð skýrsla nefndarinnar.

Í skýrslunni er, auk þess verkefnis sem að ofan greinir, leitast við að leysa úr erindi því, sem þér fóluð nefndinni með bréfi til formanns hennar 20. janúar 1998, að taka til athugunar og gera tillögur til yðar um, hvernig brugðist verði við þeim athugasemdum sem koma fram í áliti umboðsmanns Alþingis 9. janúar 1998, þar sem hann fjallar um, hvernig staðið hafi verið að birtingu og miðlun upplýsinga um gerðir samkvæmt EES-samningnum og réttarreglur sem settar hafa verið á grundvelli hans.

Virðingarfyllst,

Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.
(sign.)

Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri
(sign.)

Stefán Már Stefánsson prófessor
(sign.)

149. Frumvarp til laga [149. mál]

um ábyrgðarmenn.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson,
Ágúst Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Gísli S. Einarsson,
Kristín Halldórsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Pétur H. Blöndal,
Einar Oddur Kristjánsson, Magnús Stefánsson, Svavar Gestsson,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, Bryndís Hlöðversdóttir,
Ögmundur Jónasson, Ragnar Arnalds.

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar og framsal.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga og viðskiptabréf, þar með talda tékka og víxla, þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara. Enn fremur gilda ákvæði laganna um sams konar samninga þar sem einstaklingar hafa veðsett eigur sínar til tryggingar efndum aðalskuldara.

Lögin taka hvorki til samninga né viðskiptabréfa þar sem nafnvirði þeirrar fjárhæðar sem ábyrgðarmaður ábyrgist gagnvart kröfuhafa nær ekki 150.000 kr., auk þess sem lögin gilda ekki um framsal tékka við innlausn hans í fjármálastofnun.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirtalin orð merkingu eftir því sem hér segir:

Ábyrgðarmaður: Einstaklingur sem skuldbindur sig persónulega eða með eigum sínum gagnvart öðrum til tryggingar efndum fjárskuldbindinga þriðja manns.

Aðalskuldari: Sá sem gengist er í ábyrgð fyrir.

Kröfuhafi: Eigandi eða handhafi kröfu sem ábyrgðarmaður hefur ábyrgst.

3. gr.

Við framsal kröfu sem ábyrgðarmaður er í ábyrgð fyrir eða eigur standa að veði til tryggingar efndum gilda ákvæði þessara laga um samband framsalshafa og ábyrgðarmanns. Framseljandi kröfu skal tilkynna ábyrgðarmanni um framsalið. Framseljandi ber ábyrgð á því tjóni sem af því kann að hljótast að tilkynningarskyldu er ekki sinnt.

II. KAFLI
Stofnun, efni og form ábyrgðarsamninga.

4. gr.

Ábyrgðarsamningur skal vera skriflegur.

Ábyrgðarsamningur sem ekki kveður skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara er ógildur. Enn fremur er ábyrgðarsamningur sem kveður á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast í framtíðinni ógildur.

Skilyrði sem ekki kemur fram í ábyrgðarsamningi er ekki bindandi fyrir ábyrgðarmann nema lög kveði á um annað. Ákvæði í ábyrgðarsamningi sem fara í bága við ákvæði laga þessara eru ógild.

5. gr.

Áður en ábyrgðarmaður undirritar ábyrgðarsamning skal kröfuhafi upplýsa skriflega um hvers konar ábyrgð er að ræða og hversu víðtæk hún er. Kröfuhafi skal enn fremur upplýsa ábyrgðarmann hverju það geti varðað falli ábyrgðin að öllu leyti eða að hluta á hann með tilliti til fjárhags ábyrgðarmanns. Auk þess skal kröfuhafi upplýsa ábyrgðarmann um eftirtalin atriði:

a. kröfu þá sem ábyrgðarmaður vill ábyrgjast, auk upplýsinga um þann tíma sem ábyrgðinni er ætlað að gilda, fjárhæð kröfu, fyrningarreglur, hlutfall ábyrgðar eða hæstu fjárhæð sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast og kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna vanefnda aðalskuldara,
b. veð og tryggingar sem auk ábyrgðarloforðs er ætlað að standa til tryggingar efndum kröfu, þar með talið virði eigna sem aðalskuldari hefur sett til tryggingar efndum,
c. að fengnu samþykki aðalskuldara, aðrar skuldir aðalskuldara hjá viðkomandi lánveitanda og hvort þær eru í vanskilum. Hafni aðalskuldari því að ábyrgðarmanni verði veittar þessar upplýsingar skal ábyrgðarmanni tilkynnt um það áður en hann undirritar ábyrgðarsamning.

Ábyrgðarmanni skal afhent eintak af lánssamningi og ábyrgðarsamningi auk annarra skriflegra upplýsinga sem skylt er að veita honum.

III. KAFLI
Réttarsamband kröfuhafa og ábyrgðarmanns.

6. gr.

Kröfuhafi skal tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um vanefndir aðalskuldara. Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum kostnaði sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var send tilkynning um vanefndir aðalskuldara. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni ef veð eða aðrar tryggingaráðstafanir eru ekki lengur tiltækar. Jafnframt skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni um lát aðalskuldara eða að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Kröfuhafi skal, fyrir hver áramót, tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um hvaða kröfum hann er í ábyrgðum fyrir, hverjar eftirstöðvar þeirra eru, hvort þær eru í vanskilum og hversu mikil vanskil eru, ef um þau er að ræða.

Vanefni kröfuhafi tilkynningarskyldu sína ber hann ábyrgð á því tjóni sem ábyrgðarmaður kann að verða fyrir vegna þess.

7. gr.

Kröfuhafi getur ekki gert fyrirvara um það í ábyrgðarsamningi að hann geti einhliða breytt skilmálum samnings í óhag fyrir ábyrgðarmann. Breyting á upphaflegum lánssamningi kröfuhafa og aðalskuldara hefur engin áhrif á ábyrgðarsamning nema samhliða sé á honum gerð sams konar breyting. Ákvæði þetta gildir þó ekki um breytingar á vöxtum eða kostnaðarliðum sem lánveitandi hefur rétt til að breyta samkvæmt samningi við aðalskuldara.

Ákvæði í samningi um að ábyrgðarmaður afsali sér rétti til að gera kröfur á hendur lánveitanda vegna vanefnda á skyldum hans gagnvart ábyrgðarmanni eru ógild.

8. gr.

Vanefni aðalskuldari skyldur sínar þannig að kröfuhafi gjaldfellir kröfu ásamt vöxtum og kostnaði gildir sú gjaldfelling ekki gagnvart ábyrgðarmanni nema honum hafi áður verið tilkynnt um vanefnd aðalskuldara og jafnframt gefinn kostur á að greiða kröfuna. Ábyrgðar-

maður verður ekki krafinn um dráttarvexti eða kostnað vegna innheimtu eða annarra fullnustuaðgerða nema honum hafi áður verið gefinn kostur á að greiða kröfuna. Ef ábyrgðarmaður ákveður að greiða kröfuna eða koma henni í skil skal hann tilkynna kröfuhafa og aðalskuldara um það um leið og greiðsla hefur átt sér stað.

9. gr.

Hafi veðréttur stofnast með aðfarargerð í fasteign þar sem ábyrgðarmaður eða fjölskylda hans býr skal kröfuhafi aðeins fá úthlutað af andvirði eignarinnar sem er umfram 10 millj. kr. að lokinni nauðungarsölu. Sama á við ef bú ábyrgðarmanns er tekið til gjaldþrotaskipta. Skal sú fjárhæð vera verðtryggð.

Kröfuhafi getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns ef krafa hans á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða.

IV. KAFLI
Takmarkanir á ábyrgð.

10. gr.

Hafi kröfuhafi keypt tryggingu vegna hugsanlegs greiðslufalls aðalskuldara og greiðsluskylda fellur til samkvæmt skilmálum tryggingar takmarkar sú greiðsla ábyrgð ábyrgðarmanns sem nemur þeirri fjárhæð sem greidd er inn á kröfuna.

Ef kröfuhafi vanrækir að lýsa kröfu í gjaldþrota- eða dánarbú aðalskuldara lækkar krafa á hendur ábyrgðarmanni sem nemur þeirri fjárhæð sem ella hefði fengist greidd úr þrota- eða dánarbúi aðalskuldara.

Nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, sem kveður á um lækkun kröfu á hendur aðalskuldara, hefur sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

V. KAFLI
Brottfall ábyrgðar eða annarra tryggingaráðstafana.

11. gr.

Ábyrgðarmaður verður ekki skuldbundinn af ábyrgðaryfirlýsingu hafi aðalskuldari aldrei orðið skuldbundinn til að inna greiðslu af hendi samkvæmt samningi.

Ef lánveitandi samþykkir að veð eða aðrar tryggingaráðstafanir sem gerðar voru til að tryggja efndir samnings skuli ekki lengur standa til tryggingar og breytingin hefur í för með sér að staða ábyrgðarmanns er þá mun verri en hún var er ábyrgðarmaður ekki lengur bundinn af samningi sínum.

Ef kröfuhafi veitir aðalskuldara greiðslufrest er ábyrgðarmaður ekki bundinn af samningi sínum hvað varðar ábyrgð á efndum þeirrar greiðslu nema kröfuhafi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu aðalskuldara.

VI. KAFLI
Gildistaka.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en er nú endurflutt með nokkrum breytingum.

Í núgildandi lögum er hvergi að finna almennar reglur um ábyrgðarmenn fjárskuldbind-

inga eða hvernig staðið skuli að slíkri samningsgerð. Bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa því að mestu mótað eigin reglur um samskipti sín og ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga.

Samkvæmt skýrslu nefndar frá því í nóvember 1996, sem viðskiptaráðherra skipaði til að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga, kemur fram að gera má ráð fyrir að um 90 þús. einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það eru um það bil 47% allra Íslendinga á þessum aldri.

Flest bendir til þess að ábyrgðarskuldbindingar séu mun algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eða í Vestur-Evrópu. Þannig kemur fram í áðurnefndri skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, *Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga,* að höfundur norrænnar skýrslu um ábyrgðarveitingar telur að á 10% heimila á Norðurlöndum megi finna einstaklinga sem eru í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Ef aðeins er tekið mið af upplýsingum sem fram koma í skýrslunni er ekki óvarlegt að ætla að á 60–80% heimila hér á landi megi finna einstaklinga yfir 18 ára aldri sem eru í persónulegri ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Því má fullyrða að þróun ábyrgðarskuldbindinga hér á landi hefur orðið með öðrum hætti en annars staðar á Norðurlöndum.

Markmið með framlagningu þessa frumvarps, sem skiptist í sex kafla, er að lögfesta almennar reglur um stofnun, form og efni ábyrgðarsamninga, samskipti ábyrgðarmanna og kröfuhafa, upplýsingaskyldu kröfuhafa og ógildingarástæður, auk samskiptareglna milli ábyrgðarmanna og lánveitanda. Ýmsir möguleikar voru kannaðir í því sambandi en niðurstaðan varð sú að leggja til að reglurnar nái til allra samninga og viðskiptabréfa sem nema að fjárhæð 150.000 kr. að nafnvirði eða hærri þar sem einstaklingar skuldbinda sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara. Reglunum er því ætlað að gilda um samninga þar sem einstaklingar takast á hendur persónulega ábyrgð eða ábyrgð fyrir hönd einkafirma síns og aðalskylda skuldara er greiðsla peninga.

Frumvarpið byggist að miklu leyti á sjónarmiðum um neytendavernd. Nauðsyn hennar birtist meðal annars í aðstöðumun sem jafnan er á stöðu ábyrgðarmanna annars vegar og viðsemjenda þeirra (lánastofnana) hins vegar. Í flestum tilvikum er öll sérfræðiþekking í lánsviðskiptum hjá lánveitanda (kröfuhafa), auk þess sem ábyrgðarmaður sjálfur hefur sjaldnast nokkurn hag af samningum. Þá er þess að geta að ástæður einstaklinga fyrir því að gangast í ábyrgð eru oftar en ekki krafa lánastofnana eða annarra stórfyrirtækja um auknar tryggingar, auk þrýstings frá fjölskyldumeðlimum, vinum og kunningjum sem erfitt getur verið að standast þar sem afkoma og afdrif einstaklinga geta verið undir því komin að umbeðin fyrirgreiðsla fáist.

Hér á landi virðist hafa verið lögð ríkari áhersla á að þriðji maður ábyrgist efndir aðalskuldara en þekkist í nágrannalöndunum. Minni áhersla hefur verið lögð á að lánveitandi láti fara fram faglegt mat á greiðslugetu lántakenda eins og skýrslan sem vitnað er til hér að framan ber með sér. Lánastofnanir virðast því hafa lagt mun meiri áherslu á að reyna þess í stað að tryggja sér ábyrgð þriðja manns í því skyni að takmarka áhættu sína. Markmið með framlagningu frumvarpsins er því öðrum þræði að reyna að breyta vinnubrögðum lánastofnana frá því sem nú tíðkast í allt of ríkum mæli.

Enn fremur er eitt af markmiðum frumvarpsins að tryggja að upplýsingar um áhættu ábyrgðarmanns liggi fyrir þegar ábyrgðarsamningur er undirritaður. Þessi upplýsingagjöf kröfuhafa er forsenda samningsins og liggi upplýsingar ekki nægjanlega skýrt fyrir við samningsgerð getur það leitt til þess að samning megi ógilda á grundvelli reglna frumvarpsins og almennra reglna um brostnar forsendur í samningum, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Finna má þess mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi að forsenda þess að samningar tókust var að þriðji aðili, einstaklingur, tókst á

herðar ábyrgð á efndum. Mýmörg dæmi eru um tilvik þar sem samningsaðilum sjálfum var ljóst að aðalskuldari gæti aldrei efnt samning, en hann komist á þrátt fyrir það, án þess að ábyrgðarmanni væri þessi vitneskja tiltæk. Þetta hefur oft og tíðum leitt til þess að ábyrgðarmenn hafa misst heimili sín og þannig verið kippt stoðum undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna, án þess að ábyrgðarmenn hafi nokkurn tíma haft af því hagsmuni að samningi væri komið á. Afleiðingarnar hafa oft verið mjög alvarlegar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Róttækustu breytingarnar sem frumvarpið felur í sér er að finna í 4. gr. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um að ábyrgðarsamningar skuli vera skriflegir. Það er formskilyrði fyrir gildi þeirra. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að sönnunaraðstaða um efni ábyrgðarsamnings væri annars mjög erfið. Í reynd er það svo að flestir ábyrgðarsamningar eru skriflegir og því mun þessi breyting ekki hafa mikla praktíska breytingu í för með sér frá því sem nú er. Í 2. mgr. er kveðið á um að ábyrgðarsamningar, þar sem ekki er kveðið skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara, séu ógildir. Þá er þar kveðið á um að óheimilt sé að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum til að tryggja kröfu sem kann að stofnast síðar. Sú regla leiddi meðal annars til þess að afhending svokallaðra tryggingavíxla, sem er sér íslenskt fyrirbæri, yrði ekki lengur heimil.

Enn fremur er að finna róttækar breytingar í 9. gr. frumvarpsins en þar er efni ábyrgðarloforðs þrengt frá því sem nú er. Í fyrsta lagi er kveðið á um að ef veðréttur hefur stofnast með aðfarargerð í fasteign þar sem ábyrgðarmaður eða fjölskylda hans býr, vegna kröfu sem á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, kemur ekki til úthlutunar upp í þá kröfu af andvirði fasteignarinnar nema af því andvirði hennar á nauðungarsölu sem er umfram 10 millj. kr. Sama á við þegar fasteign er til meðferðar við gjaldþrotaskipti. Sú fjárhæð, 10 millj. kr., er verðtryggð frá þeim tíma sem lögin taka gildi. Auk þess er kveðið á um það í þessari grein að ekki verði gerð krafa um gjaldþrotaskipti á búi ábyrgðarmanns ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, nema kröfuhafi geri það sennilegt að ábyrgðarmaður hafi skotið undan eignum. Héraðsdómarar meta hvort slíkar ásakanir séu sennilegar þegar þeir taka afstöðu til þess hvort taka skuli viðkomandi bú til gjaldþrotaskipta eða ekki.

Það er mat flutningsmanna að með framlagningu frumvarpsins sé á engan hátt vegið að eðlilegu samningsfrelsi í landinu. Samningsfrelsi er og verður ein af grundvallarreglum samfélagsins þótt sú regla verði að sæta eðlilegum undantekningum sem finna má ýmis dæmi um í löggjöfinni. Í frumvarpinu er að finna skýrar reglur um hvernig standa skuli að samningsgerð þegar þriðji maður gengst í ábyrgð á efndum aðalskuldara vegna fjárskuldbindinga, án þess að lagt sé bann við nokkru sem nú er sérstaklega heimilað.

Rökin að baki þeim reglum sem hér er lagt til að lögfestar verði er markmiðið um vernd einstaklingsins sökum þeirrar yfirburðastöðu sem lánveitendur hafa jafnan við samningsgerð. Það er einnig mat flutningsmanna að sú þróun sem átt hefur sér stað hér á landi hvað varðar fjölda ábyrgðarmanna sé óásættanleg, eins og áðurnefnd skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra ber með sér.

Eins og áður hefur komið fram er frumvarp þetta lagt fram öðru sinni þar sem það varð ekki útrætt á síðasta þingi. Helstu breytingar sem gerðar hafa verið á því eru í fyrsta lagi þær að nú er reglunum ætlað að gilda um tékka og víxla og teljast þeir ábyrgðarmenn í skilningi frumvarpsins sem ekki hafa beina fjárhagslega hagsmuni af útgáfu víxils eða tékka. Í umsögnum um frumvarpið á síðasta þingi komu fram sterk rök fyrir því að markmiði frumvarpsins yrði ekki náð nema reglurnar tækju einnig til tékka og víxla. Í öðru lagi er reglunum ekki ætlað að gilda um fjárskuldbindingar sem ekki ná 150.000 kr. að nafnvirði. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að annað gæti torveldað viðskipti þar sem um lágar fjárhæðir er að

ræða. Í þriðja lagi er fellt brott ákvæði um að ekki verði gert fjárnám í heimili ábyrgðarmanns. Þess í stað er lagt til að heimili ábyrgðarmanns verði varið, ef svo má að orði komast, þannig að ekki komi til úthlutunar upp í slíka kröfu nema að andvirði fasteignar nemi meira en 10 millj. kr. Í fjórða lagi er sett inn nýtt ákvæði sem leggur kröfuhöfum þær skyldur á herðar að senda um hver áramót tilkynningu til ábyrgðarmanna með upplýsingum um ábyrgðir sem þeir eru í og hvort þær séu í vanskilum og þá hversu mikil þau vanskil eru. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að haldið sé vel utanum þetta því að eins og ábyrgðarmannakerfið hefur þróast hér á landi er óvíst að allir hafi nákvæmt yfirlit yfir í hvaða ábyrgðum þeir eru. Má í því sambandi benda á Lánasjóð íslenskra námsmanna, en það hefur löngum tíðkast að samstúdentar skrifi upp á hver fyrir annan án þess oft og tíðum að hafa næga yfirsýn yfir þær ábyrgðir sem þeir hafa skrifað upp á.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni munu lögin gilda um samninga og skuldabréf þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega eða fyrir hönd einkafirma til að tryggja efndir peningakröfu. Enn fremur er þeim ætlað að gilda um sams konar samninga þar sem einstaklingar hafa veðsett eigur sínar til tryggingar efndum peningakröfu á hendur aðalskuldara. Lögin munu gilda um alla samninga einstaklinga þar sem þeir hafa ákveðið að gangast í ábyrgð gagnvart þriðja aðila og breytir engu hvort ábyrgðin er in solidum, pro rata, einföld eða annars konar ábyrgð. Aðalatriðið við mat á því hvort lögin taka til gerningsins er hvort einstaklingur hafi tekist á hendur ábyrgð þar sem aðalskylda aðalskuldara er greiðsla peninga. Lögin tækju til allra í tilvikum þar sem fleiri en einn einstaklingur hefur undirritað ábyrgðarsamning.

Lögunum er ekki ætlað að gilda um ábyrgðir sem ekki ná tiltekinni fjárhæð. Hættan er sú að mati flutningsmanna að ef svo væri gæti það torveldað viðskipti á ýmsu smávægilegu sem samrýmist ekki aðalmarkmiðum frumvarpsins. Sú viðmiðun um fjárhæð sem stuðst er við í frumvarpinu tekur mið af ábyrgð einstaklings gagnvart viðkomandi kröfuhafa, þannig að ef heildarábyrgðir fara upp fyrir þessa fjárhæð gilda reglurnar um þá samninga, þ.e. ef gerðir eru tveir samningar samtals að fjárhæð 200.000 kr. gilda lögin um þá samninga. Viðmiðunin er því heildarfjárhæð þeirra ábyrgða sem ábyrgst er gagnvart ákveðnum kröfuhafa. Því verður ekki komist fram hjá þessum reglum með því að gera fleiri samninga en einn. Meginástæða þess að flutningsmenn vilja takmarka ábyrgðir við ákveðna fjárhæð er sú staðreynd að reglunum er ekki ætlað að hefta viðskipti en slík niðurstaða er hugsanleg ef reglunum væri ætlað að taka til allra viðskipta hversu smávægileg sem þau kunna að vera.

Lögunum er ekki ætlað að gilda um ábyrgðaryfirlýsingar vegna verk- og/eða vinnusamninga eða aðra samninga þar sem kveðið er á um aðra aðalskyldu aðalskuldara en greiðslu peninga. Aðalskuldari getur verið hvort heldur sem er einstaklingur eða lögaðili.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í þessari grein kemur fram það formskilyrði fyrir gildi ábyrgðarsamnings að hann sé skriflegur. Í ábyrgðarsamningi á að koma fram hvaða upplýsingar lágu fyrir við samningsgerðina. Enn fremur skal koma fram hvaða réttindi kröfuhafi áskilur sér gagnvart ábyrgðar-

manni umfram það sem leiðir af lögum og venjum, ef einhverjar eru, því að ábyrgðarmaður er ekki bundinn af öðrum skilyrðum en þeim sem fram koma í samningum nema lög eða venjur kveði á um annað. Ákvæðið nær einnig til handhafabréfa.

Í 2. mgr. kemur fram að ábyrgðarsamningur þar sem ekki kemur skýrt fram hver höfuðstóll kröfu er á hendur aðalskuldara er ógildur. Jafnframt er óheimilt að kveða á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum til tryggingar óákveðinni kröfu. Þetta ákvæði hefur í för með sér að óheimilt er að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast á hendur aðalskuldara í óskilgreindri framtíð. Sem dæmi má nefna að verði frumvarpið að lögum geta bankar, lánastofnanir eða greiðslukortafyrirtæki ekki lengur krafist þess að einstaklingur leggi fram viðskiptabréf, t.d. tryggingarvíxil, með ábyrgðarmönnum áður en umbeðin fyrirgreiðsla fæst, því að slíkur samningur væri ógildur. Lögin eru ófrávíkjanleg og ákvæði í ábyrgðarsamningi sem fara í bága við ákvæði þeirra eru ógild.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um upplýsingaskyldu kröfuhafa við samningsgerð. Vanræksla kröfuhafa á því að upplýsa ábyrgðarmann um atriði sem talin eru upp í greininni geta leitt til þess að ábyrgðarmaður er ekki bundinn við samning sinn, a.m.k. ekki ef vitneskja um atriði hefði getað haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmanns um að takast á hendur ábyrgð samkvæmt samningi. Í vafatilvikum hvílir sönnunarbyrðin um vanrækslu kröfuhafa á upplýsingagjöf á honum sjálfum.

Markmiðið með þessu ákvæði er að ábyrgðarmanni sé ljós sú fjárhagslega áhætta sem hann tekst á herðar með undirritun ábyrgðarsamnings. Upptalningin er ekki tæmandi um hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir við gerð ábyrgðarsamnings. Aðalatriðið við skýringu á því hvort kröfuhafi hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína lýtur að því hvort öll atriði sem gátu varpað ljósi á áhættu ábyrgðarmanns hafi legið fyrir við undirritun. Vanræksla kröfuhafa við samningsgerð getur leitt til þess að ábyrgðarloforðið sé ógildanlegt, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Samkvæmt a-lið skal upplýsa ábyrgðarmann um kröfu sem hann ábyrgist, hvort tímamörk eru á ábyrgðinni, fyrningarreglur og hvernig henni verði slitið, höfuðstól kröfu, greiðslubyrði aðalskuldara, hlutfall ábyrgðar, kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna innheimtu og fullnustugerða o.s.frv.

Í b-lið kemur fram að upplýsa skuli ábyrgðarmann um hvaða tryggingar hafa verið settar til að tryggja efndir aðalskuldara og hvers virði þær séu. Þar þarf að liggja til grundvallar mat á markaðsvirði eigna.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að í c-lið kemur fram að ábyrgðarmaður eigi rétt á því að fá að vita um aðrar skuldbindingar aðalskuldara hjá viðkomandi lánveitanda og stöðu þeirra. Þessar upplýsingar verða þó ekki veittar nema að fengnu samþykki aðalskuldara. Á hinn bóginn á ábyrgðarmaður rétt á því að fá að vita um neitun aðalskuldara um að ábyrgðarmaður fái upplýsingar um aðrar skuldir sínar hjá viðkomandi kröfuhafa áður en hann undirritar ábyrgðarsamning.

Að lokum er kveðið á um að ábyrgðarmaður eigi rétt á því að fá afhent eintök af láns- og ábyrgðarsamningum.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um upplýsingaskyldu kröfuhafa vegna vanefnda aðalskuldara, auk þess sem kveðið er á um skyldu kröfuhafa til að tilkynna ábyrgðarmanni sérstaklega ef veð eða

aðrar tryggingar sem kunna að hafa áhrif á réttarstöðu hans eru ekki lengur tiltækar eða líklegt að þær fari forgörðum á einhvern hátt. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni um gjaldþrot eða andlát aðalskuldara verði hann þess vís.

Hér er sú kvöð lögð á kröfuhafa að hann verði að tilkynna ábyrgðarmanni um vanefnd aðalskuldara ef hann ætlar að innheimta dráttarvexti hjá ábyrgðarmanni eða annan kostnað vegna vanefndanna. Hér hvílir að baki sú hugsun að ábyrgðarmaður geti alltaf gripið inn í og greitt gjaldfallna afborgun/greiðslu eins og hún var á gjalddaga.

Í 2. mgr. er sú kvöð lögð á kröfuhafa að tilkynna ábyrgðarmönnum um hver áramót um stöðu þeirra krafna sem þeir eru í ábyrgðum fyrir og ef vanskil eru, hversu mikil þau séu. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum telja flutningsmenn nauðsynlegt, vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur hér á landi, að ábyrgðarmenn fái a.m.k. einu sinni á ári yfirlit yfir þær ábyrgðir sem þeir hafa gengist í.

Vanræki kröfuhafi að sinna þessari tilkynningarskyldu ber hann ábyrgð á því tjóni sem ábyrgðarmaður kann að verða fyrir. Kröfuhafi skal tryggja sér sönnur á því að hann hafi uppfyllt þessa tilkynningarskyldu. Þetta á við að breyttu breytanda um aðrar greinar frumvarpsins þar sem kveðið er á um tilkynningaskyldu kröfuhafa.

Um 7. gr.

Í greininni kemur fram að kröfuhafi geti ekki svo gilt sé áskilið sér rétt til einhliða breytinga á ábyrgðarsamningi ef þær breytingar munu leiða til tjóns fyrir ábyrgðarmann. Þetta á þó ekki við um eðlilegar breytingar sem leiðir af upphaflega samningnum milli aðalskuldara og kröfuhafa, eins og breytingar á vöxtum, vísitölu eða öðrum kostnaði sem kröfuhafi hafði í upphaflegum samningi við aðalskuldara áskilið sér rétt til að breyta. Hér er enn fremur hnykkt á sjálfstæði réttarsambands ábyrgðarmanns og kröfuhafa og tekið fram að breyting á upphaflegum samningi kröfuhafa og aðalskuldara hefur ekki sjálfkrafa áhrif á ábyrgðarsamning. Þá er kröfuhafa óheimilt að krefja ábyrgðarmann um yfirlýsingu þess efnis að hann afsali sér rétti til frambúðar á því að krefja kröfuhafa um bætur vegna vanrækslu hans á að uppfylla kröfur sem ákvæði laga þessa gera til hans. Slík ákvæði eru ógild.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um réttarstöðu ábyrgðarmanns í þeim tilvikum þegar kröfuhafi hefur gjaldfellt kröfu. Gjaldfelling kröfunnar hefur ekki áhrif gagnvart ábyrgðarmanni nema honum hafi áður verið gefinn kostur á því að koma kröfunni í skil eða greiða hana upp. Í tilkynningunni skal greina skilmerkilega frá fjárhæðum sem ábyrgðarmaður þarf að greiða hyggist hann koma kröfunni í skil eða greiða hana upp. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að ekki komi til úthlutunar upp í kröfu við nauðungarsölu á fasteign þar sem ábyrgðarmaður eða fjölskylda hans býr nema andvirði hennar sé meira 10 millj. kr. Sama á við þegar úthlutun á sér stað úr gjaldþrotabúi og líður í því uppgjöri er úthlutun af andvirði fasteignar.

Markmiðið með þessari reglu er að sporna gegn þeirri þróun að einstaklingar missi algerlega fótanna í sinni efnahagslegu tilveru vegna þess eins að þeir hafi gengist í ábyrgð fyrir skuldbindingum annarra, sem síðar hafi fallið á þá. Þetta er þó gert þannig að um hámarksverðmæti eignar er að ræða. Með því að útfæra regluna á þennan hátt eru ábyrgðarkröfur færðar skör lægra en aðrar kröfur við úthlutun vegna nauðungarsölu og við gjaldþrot við úthlutun upp að vissri fjárhæð.

Um 10. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að kröfuhafi eigi ekki að geta fengið kröfu sína tvígreidda vegna tilvistar ábyrgðarmanns. Hér er skírskotað til þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað annars staðar, að kröfuhafar geta keypt sér greiðslufallstryggingu vegna hugsanlegra vanefnda aðalskuldara.

Ábyrgð á því að kröfu sé lýst í bú þrotamanns er kröfuhafa og hann ber hallann af því ef hann varækir að lýsa kröfu í bú.

Geri kröfuhafi samning við aðalskuldara um að hann greiði aðeins hluta kröfu hefur slíkur samningur sams konar áhrif gagnvart ábyrgðarmanni. Ábyrgðarmaður ábyrgist aðeins skuld aðalskuldara eins og hún er hverju sinni gagnvart kröfuhafa þannig að ábyrgðarmaður verður ekki sóttur sérstaklega vegna greiðslna sem felldar eru niður í samningi kröfuhafa og aðalskuldara.

Um 11. gr.

Ljóst er að ábyrgðarmaður getur aldrei orðið ábyrgur fyrir efndum aðalskuldara ef aðalskuldari hefur aldrei orðið skuldbundinn samkvæmt samningnum. Sem dæmi um slík tilvik má nefna að ef aðalskuldari getur ekki skuldbundið sjálfan sig vegna lögræðisskorts verður ábyrgðarmaður ekki bundinn við efndir samningsins. Með öðrum orðum felst í yfirlýsingu ábyrgðarmanns að hann ábyrgist efndir aðalskuldara gagnvart kröfuhafa en ekki gildi samningsins sjálfs.

Ef kröfuhafi samþykkir einhliða breytingar á öðrum tryggingarráðstöfunum sem gera stöðu ábyrgðarmanns verri en ella er hann ekki lengur bundinn af ábyrgðarsamningi. Við skýringu á þessu ákvæði verður þó að hafa til hliðsjónar reglur kröfuréttarins um brostnar forsendur.

Ef kröfuhafi veitir aðalskuldara einhliða greiðslufrest á gjalddaga og hann reynist ógjaldfær þegar kemur að nýjum gjalddaga er ábyrgðarmaður ekki bundinn af ábyrgðarsamningi vegna þeirrar greiðslu nema kröfuhafi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu aðalskuldara á upphaflegum gjalddaga.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

150. Frumvarp til laga [150. mál]

um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Hvers konar greiðslur skv. 1.–6. tölul. þessarar greinar sem inntar eru af hendi að gengnum úrskurði stjórnvalda, dómi, dómsátt eða öðru samkomulagi eftir að raunverulegu launatímabili lýkur.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað ártalsins „1999“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: 2004.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætast átta nýir töluliðir, 29.–36. tölul., sem orðast svo:

29. Leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu ..... 80.000 kr.
30. Leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets ..... 20.000 kr.
31. Leyfi til reksturs póstþjónustu ..... 80.000 kr.
32. Innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum ..... 25.000 kr.
33. Leyfi til sjónvarps
    a. til þriggja ára ..... 96.000 kr.
    b. til fimm ára ..... 160.000 kr.
    c. til sjö ára ..... 224.000 kr.
34. Leyfi til hljóðvarps
    a. til allt að tveggja mánaða ..... 3.000 kr.
    b. til eins árs ..... 22.000 kr.
    c. til tveggja ára ..... 44.000 kr.
    d. til þriggja ára ..... 66.000 kr.
    e. til fimm ára ..... 110.000 kr.
35. Leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum, sem útvarpsréttarnefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum, sem greinir í 33. tölul. og b–e-liðum 34. tölul.
36. Leyfisbréf fyrir lífeyrissjóð
    a. skv. 25. gr. laga nr. 129/1997 ..... 50.000 kr.
    b. skv. 52. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 ..... 30.000 kr.
    c. skv. 53. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 ..... 10.000 kr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „einkahlutafélags“ í 2. tölul. kemur: og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur.
b. Við greinina bætast tveir nýir töluliðir, 14. og 15. tölul., er orðast svo:
    14. Skráning póstrekenda ..... 10.000 kr.
    15. Skráning aðila sem veita fjarskiptaþjónustu ..... 10.000 kr.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

5. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af bensíngjaldi skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun, að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við álagningu og innheimtu gjaldsins.

VI. KAFLI
Gildistaka.
6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999, að undanskilinni 2. gr. laganna sem öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum ýmissa laga. Ástæður þess að tillögur þessar eru sameinaðar í eitt frumvarp til framlagningar á Alþingi eru annars vegar að lög þau sem breytingar eru lagðar til á snerta öll álagningu og innheimtu opinberra gjalda og hins vegar að einstakar breytingartillögur eru hvorki flóknar né umfangsmiklar. Af þessum sökum þykir sameining þeirra í eitt frumvarp vera til þess fallin að einfalda meðferð þeirra á Alþingi.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til í frumvarpinu:

Í fyrsta lagi að í lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, verði afdráttarlaust kveðið á um að draga beri staðgreiðslu af dæmdum eða úrskurðuðum launakröfum.

Í öðru lagi að gildistími laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, verði framlengdur um fimm ár.

Í þriðja lagi að í lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, verði kveðið á um sérstakt gjald fyrir leyfi til að reka almenna póstþjónustu og fjarskipta- og talþjónustu, fyrir innheimtuleyfi, fyrir leyfi til útvarps og fyrir leyfisbréf fyrir lífeyrissjóð. Jafnframt verði kveðið á um gjaldtöku vegna skráningar póstrekenda og aðila sem veita fjarskiptaþjónustu.

Loks í fjórða lagi að 0,5% af tekjum af bensíngjaldi, sem lagt er á samkvæmt lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. með síðari breytingum, verði ráðstafað í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við álagningu og innheimtu gjaldsins.

Um nánari skýringar og rök fyrir einstökum breytingum vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting samkvæmt þessari grein er lögð til í tilefni af dómi Hæstaréttar frá 10. nóvember 1997 í málinu nr. 442/1997. Í dóminum komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að launagreiðanda væri óheimilt að halda eftir staðgreiðslu opinberra gjalda af dæmdri launakröfu.

Túlkun skattyfirvalda varðandi tildæmd laun hafði fram að dómi Hæstaréttar verið sú að draga bæri frá staðgreiðslu við fullnustu dómsins, til samræmis við þá meginreglu laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, að draga beri staðgreiðslu af launagreiðslum. Þar sem niðurstaða sú sem fram kemur í dómi Hæstaréttar verður ekki talin vera til hagsbóta fyrir launamenn eða til þess fallin að auðvelda skattframkvæmdina er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 5. gr. laga nr. 45/1987, þar sem afdráttarlaust verði tekið fram að draga beri staðgreiðslu af dæmdum launakröfum.

Um 2. gr.

Í 12. gr. laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, er kveðið á um að lögin falli úr gildi 31. desember 1999. Lagt er til að gildistími laganna verði framlengdur um fimm ár, þ.e. til 31. desember 2004.

Í lögum nr. 83/1989 er kveðið á um myndun sjóðs sem annars vegar var ætlað að standa straum af smíði Þjóðarbókhlöðu og hins vegar að skapa fjárhagsgrundvöll fyrir aðkallandi fram-

kvæmdir við endurbætur og viðhald á húsakosti ýmissa helstu menningarstofnana þjóðarinnar og á gömlum byggingum sem brýnt þykir að varðveita vegna menningarsögulegs gildis þeirra. Tekjur sjóðsins eru m.a. sérstakur 0,25% eignarskattur sem ákvarðaður er samkvæmt ákvæðum laganna.

Um þessar mundir er unnið að endurbótum á húsnæði Þjóðminjasafns Íslands, Þjóðleikhússins og á Safnahúsinu, auk þess sem fram undan eru viðgerðir á gamla skólahúsinu í Reykholti. Nauðsynlegt er, til að nægilegt fé fáist til að ljúka viðgerðum sem þegar eru hafnar á menningarbyggingum, svo og að ráðast í fyrirliggjandi verkefni, að gildistími laga nr. 83/1989 verði framlengdur enn um sinn. Því er breyting þessi lögð til.

Um 3. og 4. gr.

Í þessum greinum frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum. Þær eru til komnar vegna laga um Póst- og fjarskiptastofnun, frumvarps til laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, frumvarps til innheimtulaga, frumvarps til nýrra útvarpslaga og laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

a. Leyfi til póst- og fjarskiptaþjónustu:

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, kemur fram að greiða skuli gjald í ríkissjóð fyrir útgáfu rekstrarleyfisbréfa og skráningu póstrekenda, samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Í athugasemdum við 9. grein frumvarps þess er varð að lögum nr. 147/1996 kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun sé fjárhagslega sjálfstæð stofnun og gert sé ráð fyrir því að rekstur hennar verði að mestu leyti fjármagnaður af leyfishöfum. Fram kemur að tekjur sem innheimtar verða á grundvelli 9. gr. skuli renna til Póst- og fjarskiptastofnunarinnar. Síðan segir meðal annars: „Er gert ráð fyrir viðbót við 11. og 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, vegna þessa þar sem veitt verður heimild til að innheimta sérstakt gjald fyrir leyfi til að reka almenna talsímaþjónustu og fara með einkarétt ríkisins samkvæmt lögum um póstþjónustu annars vegar og fyrir almenn rekstrarleyfi til fjarskipta- og talþjónustu hins vegar. Verður einnig heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir skráningu póstrekenda.“

Þær fjárhæðir sem lagt er til að teknar verði fyrir þau leyfi sem talin eru upp í greininni eru í samræmi tillögur Póst- og fjarskiptastofnunar þar um.

b. Skráning sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur:

Lagt er til að innheimt verði sama gjald fyrir skráningu sjálfeignarstofnana sem stunda atvinnurekstur og fyrir skráningu einkahlutafélaga, eða 75.000 kr.

c. Innheimtuleyfi:

Lagt er til að innheimtar verði 25.000 kr. fyrir útgáfu leyfis til þeirra sem hyggjast stunda innheimtustarfsemi á grundvelli innheimtulaga, en gert er ráð fyrir að frumvarp til innheimtulaga verði lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi. Þar er ekki gert ráð fyrir að lögmenn, opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir þurfi sérstakt leyfi til að stunda innheimtu.

d. Útvarpsleyfi:

Lagt er til að í lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, verði kveðið á um innheimtu gjalds fyrir útvarpsleyfi (leyfi til hljóðvarps og sjónvarps). Það er í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að sem mest af aukatekjum ríkissjóðs sé ákveðið í þeim lögum, þar á meðal greiðslur fyrir leyfi til hvers konar atvinnustarfsemi.

Gjöld fyrir útvarpsleyfi eru nú innheimt á grundvelli reglugerðar nr. 610/1989, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum. Samkvæmt reglugerðinni ákveður útvarpsréttarnefnd gjöld sem leyfishöfum ber að greiða fyrir útvarpsleyfi og endurnýjun þeirra. Fjárhæð gjalda er mismunandi

eftir því hvort um er að ræða sjónvarp eða hljóðvarp. Fjárhæðir hafa verið endurskoðaðar með tilliti til verðlagsbreytinga.

Lagt er til að gjaldtakan verði eftirleiðis ákvörðuð í lögum nr. 88/1991. Ekki er þó ætlunin að hækka leyfisgjöld frá því sem verið hefur. Fjárhæðir þær sem tilgreindar eru í frumvarpinu eru því sem næst hinar sömu og í núverandi gjaldskrá útvarpsréttarnefndar, en fjárhæðir þó látnar standa á heilu þúsundi.

Útvarpsleyfi eru gefin út fyrir afmörkuð svæði samkvæmt útvarpslögum. Hefur fjárhæð leyfisgjalds verið óháð stærð svæðis eða mannfjölda á svæðinu. Gætt hefur óánægju með þetta fyrirkomulag þar sem nokkuð er um að útsendingar leyfishafa nái einungis til mjög takmarkaðs landsvæðis og fólksfjölda. Af þeim sökum er lagt til að langtímaleyfi til útvarpsreksturs á afmörkuðum svæðum, sem útvarpsréttarnefnd telur ná til innan við 10.000 íbúa, nemi 50% af viðkomandi leyfisgjaldi. Þó er gert ráð fyrir því að gjald fyrir skammtímaleyfi verði áfram ákvarðað án tillits til íbúafjölda á því svæði sem leyfið nær til.

e. Leyfisbréf fyrir lífeyrissjóði:

Lagt er til að gjald verði innheimt fyrir útgáfu starfsleyfa til lífeyrissjóða. Þar sem ekki er um að ræða atvinnurekstur í hagnaðarskyni þykir eðlilegt að gjaldið sé nokkru lægra en gjöld fyrir ýmiss konar atvinnustarfsemi. Lagt er til að þrenns konar gjald verði innheimt, 50.000 kr. vegna leyfisbréfs fyrir nýja lífeyrissjóði sem stofnaðir eru eftir gildistöku laga nr. 129/1997, 30.000 kr. vegna leyfisbréfs fyrir lífeyrissjóði sem starfandi eru í dag og munu áfram taka við iðgjöldum eftir gildistöku laganna og 10.000 kr. fyrir þá sjóði sem hættir eru að taka við iðgjöldum eða ætla að hætta því áður en starfsleyfi er veitt. Síðastnefndu sjóðirnir eru oft litlir og starfsemi þeirra lítil og því þykir sanngjarnt að gjald sem tekið er af þeim sé lægra en af sjóðum í fullum rekstri. Enn fremur þykir eðlilegt að sjóðir sem starfandi eru í dag greiði lægra gjald en nýir sjóðir, enda má gera ráð fyrir að meiri vinna og þar með kostnaður fylgi afgreiðslu á umsóknum nýrra sjóða um starfsleyfi.

Um 5. gr.

Í vegáætlun fyrir árin 1998 til 2002 eru markaðar tekjur til vegamála. Samkvæmt áætluninni skulu tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti renna óskiptar til vegagerðar að því frátöldu að 0,5% umsýslugjald rennur í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga um bensíngjald og þungaskatt.

Lagt er til að í lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, verði kveðið á um að 0,5% umsýslugjald skuli dregið af innheimtu bensíngjaldi, til samræmis við samþykkta vegáætlun. Í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, er að finna sambærilega heimild til frádráttar af innheimtum þungaskatti.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum ýmissa laga. Í fyrsta lagi lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Í öðru lagi lögum nr. 83/1989,

um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum. Í þriðja lagi lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, og loks lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Talið er að frumvarpið verði það að lögum, hafi ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs.

151. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Eftirtalin skjöl eru stimpilfrjáls:

1. Húsbréf og húsnæðisbréf.
2. Skuldabréf og víxlar sem gefin eru út af ríkissjóði, enda séu bréfin skráð á skipulögðum markaði.
3. Skuldabréf og tryggingarbréf sem gefin eru út til Lánasjóðs íslenskra námsmanna samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.
4. Skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns, samkvæmt lögum um húsnæðismál. Sama gildir um skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafli laga um húsnæðismál.
5. Heimildarbréf fyrir íbúð þegar viðbótarlán úr Íbúðalánasjóði, sbr. 4. tölul., er veitt til kaupa á henni.
6. Húsaleigusamningar.
7. Skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip eða loftfar við skráningu eða afskráningu þess hérlendis, enda sé skráningin tímabundin og skipið eða loftfarið í eigu aðila sem ekki er heimilisfastur hér á landi.
8. Afsalsgerningar og skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip sem eru einkum ætluð til farmflutninga og rekin af skipafélögum sem stunda reglubundnar áætlunarsiglingar eða leigusiglingar innan lands eða milli landa. Skilyrði stimpilfrelsisins er að skjalið sé annaðhvort gefið út vegna afhendingar á skipinu úr landi eða afhendingar á skipinu til landsins og skjalinu sé þá þinglýst innan sex mánaða frá því að skipið er fyrst skráð hér á landi.
9. Skjöl sem leggja höft eða bönd á loftfar, enda hafi eigandi loftfarsins flugrekstrarleyfi og loftfarið sé ætlað til nota í reglubundið áætlunarflug eða leiguflug innan lands eða milli landa. Skilyrði stimpilfrelsisins er að skjalið sé annað hvort gefið út vegna sölu loftfarsins úr landi eða vegna kaupa á því og skjalinu sé þá þinglýst innan sex mánaða frá því að loftfarið er fyrst skráð hér á landi.
10. Samningar landbúnaðarráðherra við bændur um töku jarða til nytjaskógræktar eða um niðurskurð sauðfjár sem þinglýst er sem kvöðum á viðkomandi jarðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi 17. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, og 46. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hin almenna heimild fjármálaráðherra til að ákvarða hvort ríkissjóður greiði stimpilgjald, sem er í 35. gr. núgildandi laga, falli brott en í staðinn verði undanþágur tilgreindar þegar það þykir eiga við í lögunum. Gert er þannig ráð fyrir að ríkið greiði framvegis stimpilgjald vegna t.d. kaupa á fasteignum á sama hátt og það greiðir virðisaukaskatt í viðskiptum eins og aðrir. Jafnframt felst í frumvarpinu að ýmsar undanþágur sem hingað til hafa verið í sérlögum eða fjárlögum verði framvegis í lögum um stimpilgjald.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um stimpilfrelsi einstakra skjala.

Í 1., 2. og 10. tölul. eru talin upp skjöl sem nú eru stimpilfrjáls á grundvelli 35. gr. laganna um stimpilgjald en ástæða þykir til að þessi skjöl verði áfram stimpilfrjáls.

Í 3. tölul. er kveðið á um stimpilfrelsi námslána. Efnislega samhljóða ákvæði er nú í 17. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Í 4. og 5. tölul. er fjallað um stimpilgjald af viðbótarlánum Íbúðalánasjóðs og heimildarbréfum fyrir íbúðir sem viðbótarlán er veitt til kaupa á. Í ákvæðinu felst að lánin sjálf eru stimpilfrjáls og að kaupsamningar um íbúðir verða stimpilfrjálsir þegar viðbótarlán er veitt vegna kaupanna. Verði íbúð sem viðbótarlán hvílir á seld til aðila sem ekki á rétt á slíku láni yrði að greiða stimpilgjöld við þau kaup. Jafnframt er lagt til að skuldabréf sem gefin eru út til vegna byggingar eða kaupa leiguíbúða skv. VIII. kafla laga um húsnæðismál verði stimpilfrjáls. Efnislega samhljóða ákvæði er nú í 46. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

Í 6. tölul. er tekið fram berum orðum að húsaleigusamningar séu stimpilfrjálsir en samkvæmt gildandi lögum verður það einungis ráðið af greinargerð með eldri lögum um stimpilgjald og lögum um húsaleigu að svo sé.

Í 7. tölul. er kveðið á um að skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip eða loftfar við skráningu eða afskráningu þess hérlendis séu stimpilfrjáls. Á undanförnum árum hefur sambærileg heimild oft verið í fjárlögum vegna loftfara og þá tekið til tiltekinna fyrirtækja en heppilegra þykir að hafa almennt ákvæði um þetta í lögum um stimpilgjald.

Í 8. tölul. er fjallað um kaupskip sem notuð er til farmflutninga og rekin af félögum sem stunda reglubundnar áætlunarsiglingar eða leigusiglingar innanlands eða milli landa. Lagt er til að afsöl vegna slíkra skipa verði stimpilfrjáls, svo og lánsskjöl og tryggingarbréf sem þinglýst er á slík skip og tengjast fjármögnun þeirra. Getur hér bæði verið um að ræða leiguskip og skip sem eru í eigu skipafélaga sem starfa hérlendis.

Í 9. tölul. er fjallað um stimpilfrelsi skjala sem leggja höft eða bönd á loftför en þar mundi einkum vera um að ræða skuldabréf og tryggingarbréf. Ákvæðið er sambærilegt við 8. tölul. og tekur eingöngu til þeirra sem stunda flugrekstur í atvinnuskyni í reglubundnu áætlunarflugi eða leiguflugi innan lands eða milli landa. Í fjárlögum hafa á undanförnum árum verið nokkrar slíkar heimildir og er þessu ákvæði ætlað að ná til sömu aðila. Jafnframt er sett það skilyrði að skjöl þau sem hér um ræðir tengist fjármögnun vélakaupanna og þeim sé þinglýst innan sex mánaða frá skráningu loftfarsins eða að þau séu gefin út vegna sölu loftfarsins úr landi. Þessu ákvæði og sambærilegu ákvæði 8. tölul., er ætlað að koma í veg fyrir að þeir aðilar sem hér um ræðir geti þinglýst skjölum vegna almennra viðskiptaskulda sem ekki tengjast slíkum fjárfestingum eða sölu úr landi á loftfar eða skip í því skyni að komast hjá því að greiða stimpilgjald af skjölunum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að í lögum um stimpilgjald verði tilgreindar allar heimildir til undanþágu frá greiðslu stimpilgjalds og að almenn heimild fjármálaráðherra til að ákveða hvort ríkissjóður greiði gjaldið falli niður ásamt ýmsum undanþágum sem tilteknar eru í sérlögum eða fjárlögum.

Frumvarpið snýr að breytingum á tekjum ríkissjóðs og hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

152. Frumvarp til laga [152. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1997 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1997
A-HLUTI

Tekjur:	
Skatttekjur	
Skattar á tekjur einstaklinga	17.747.270
Skattar á tekjur lögaðila	5.256.876
Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur	2.018.718
Tryggingagjöld	14.799.181
Eignarskattar	4.335.669
Virðisaukaskattur	49.953.495
Vörugjöld og ýmis gjöld af innflutningi	19.704.976
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	3.351.832
Skattar ótaldir annars staðar	8.354.253
Skatttekjur samtals	**125.522.270**
Rekstrartekjur	
Arðgreiðslur	3.186.110
Vaxtatekjur	5.082.584
Aðrar rekstrartekjur	859.480
Rekstrartekjur samtals	**9.128.174**
Sala eigna	**630.978**
Breytingar á rekstrarformi fyrirtækja	**9.546.819**
Tekjur samtals	**144.828.241**

Gjöld:	
Æðsta stjórn ríkisins	1.432.185
Forsætisráðuneyti	678.549
Menntamálaráðuneyti	15.397.178
Utanríkisráðuneyti	2.468.986
Landbúnaðarráðuneyti	6.929.358
Sjávarútvegsráðuneyti	1.216.072
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6.557.220
Félagsmálaráðuneyti	9.768.149
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	55.023.830
Fjármálaráðuneyti	22.797.274
Samgönguráðuneyti	8.875.939
Iðnaðarráðuneyti	1.855.032
Viðskiptaráðuneyti	308.872
Hagstofa Íslands	160.079
Umhverfisráðuneyti	1.117.019
Gjöld samtals	**134.585.742**
Tekjujöfnuður	**10.242.499**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1997
A-HLUTI

Eignir:	
Veltufjármunir	
Sjóður og bankareikningar	4.960.109
Óinnheimtar ríkistekjur	26.137.361
Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum	6.137.496
Skammtímakröfur, aðrar	8.404.185
Vöru- og efnisbirgðir	401.386
Veltufjármunir samtals	**46.040.538**
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Veitt löng lán	65.278.138
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímakröfur	-6.137.496
Hlutabréf	27.865.537
Stofnfjárframlög	2.960.043
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**89.966.222**
Eignir samtals	**136.006.760**
Skuldir:	
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	407.040
Krafa á ríkistekjur og innheimtufé	1.787.009
Ógreidd gjöld (án vaxta)	3.259.069
Hlutafjárloforð	13.799.952
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	5.170.372
Tekin stutt lán	12.692.539
Aðrar skammtímaskuldir	6.495.018
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	17.777.164
Skammtímaskuldir samtals	**61.388.163**
Langtímaskuldir	
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	15.453.592
Tekin löng innlend lán	86.789.904
Næsta árs afborganir af innlendum lánum fluttar á skammtímaskuldir	-8.590.364
Tekin löng erlend lán	126.627.976
Næsta árs afborganir af erlendum lánum fluttar á skammtímaskuldir	-9.186.800
Langtímaskuldir samtals	**211.094.307**

Lífeyrisskuldbindingar	**94.918.469**
Höfuðstóll:	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-238.666.001
Endurmat	-2.970.677
Tekjujöfnuður	10.242.499
Höfuðstóll í árslok	**-231.394.180**
Skuldir og höfuðstóll samtals	**136.006.760**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1997 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1997
B-HLUTI

Tekjur:	
Rekstrartekjur	30.485.109
Vaxtatekjur	20.083.973
Aðrar fjármunatekjur	257.780
Framlög samtals	9.356.373
Óreglulegar tekjur	389.918
Tekjur samtals	**60.573.153**
Gjöld:	
Rekstrargjöld	
Laun og launatengd gjöld	5.756.370
Hráefni og vörur til endursölu	13.784.733
Afskriftir	1.644.345
Önnur rekstrargjöld	7.097.348
Rekstrargjöld samtals	**28.282.796**
Vaxtagjöld	21.145.434
Önnur fjármagnsgjöld	972.617
Tilfærslur	5.728.726
Óregluleg gjöld	434.428
Gjöld samtals	**56.564.001**
Hagnaður til ráðstöfunar	**4.009.152**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1997
B-HLUTI

Eignir:	
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnstæður:	8.773.538
Skammtímakröfur	18.687.557
Vöru- og efnisbirgðir	1.840.115
Veltufjármunir samtals	**29.301.210**
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur/veitt löng lán	277.240.606
Afskriftarreikningur útlána	-10.211.208
Hlutafé og stofnfjárframlög	172.869
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**267.202.267**

Varanlegir rekstrarfjármunir	
Farartæki og vélar	1.504.591
Fasteignir	18.830.546
Orkumannvirki	10.885.845
Aðrar eignir	1.929.833
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	**33.150.815**
Eignir samtals	**329.654.292**
Skuldir:	
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	13.774
Ógreidd gjöld	4.468.448
Viðskiptareikningar	3.756.314
Tekin stutt lán	1.170.029
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	2.154.409
Skammtímaskuldir samtals	**11.562.974**
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals	244.475.405
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir	-2.154.409
Langtímaskuldir samtals	**242.320.996**
Lífeyrisskuldbindingar	**6.925.191**
Eigið fé:	
Eigið fé í ársbyrjun	76.368.746
Ráðstöfun hagnaðar á eigið fé	659.742
Aðrar breytingar	-8.183.357
Eigið fé í árslok samtals	**68.845.131**
Skuldir og eigið fé samtals	**329.654.292**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1997 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta þingsins í júní 1998.

Afkoma ríkissjóðs

Rekstrarreikningur ríkissjóðs 1997 sýnir 10,2 milljarða króna tekjuafgang. Í því samhengi ber að taka tillit til tekjufærslu að fjárhæð 9,5 milljarðar króna í tengslum við eignfærslu á hlutafé í Pósti og síma hf. að fjárhæð 8,5 milljarðar króna og í Íslenskum aðalverktökum hf. að fjárhæð 1,0 milljarður króna. Tekjuafgangur ríkissjóðs af almennri starfsemi nam því 0,7 milljörðum króna á árinu 1997 eða um 0,5% af tekjum ársins. Árið á undan var halli sem nam 8,7 milljörðum króna eða um 6,8% af tekjum þess árs. Tekjuafkoman batnaði því tölu-vert á milli ára og er þetta í fyrsta sinn síðan árið 1984 sem ríkissjóður er rekinn með tekju-afgangi. Ríkissjóður skilaði 2,8 milljarða króna lánsfjárafgangi á árinu 1997 sem jafngildir um 0,5% af landsframleiðslu ársins, samanborið við 12,0 milljarða króna lánsfjárþörf árið 1996 eða um 2,5% af landsframleiðslu þess árs. Er þetta í fyrsta sinn um langt árabil sem afgangur er á afkomu og lánsfjármálum ríkissjóðs en í því felst svigrúm til að greiða niður skuldir.

Í m.kr.	Reikn-ingur 1997	Reikn-ingur 1996	Breyting fjárhæð	Breyting %	Greiðslu-uppgjör 1997
Tekjur	135.281	128.281	7.000	5,5	131.990
Gjöld	134.586	136.978	-2.392	-1,7	130.753
Tekjujöfnuður af almennri starfsemi	**695**	**-8.697**	**9.392**	.	**1.236**
Tekjufærsla vegna breytinga á rekstrarformi fyrirtækja	9.547	-	9.547	.	.
Tekjujöfnuður	**10.242**	**-8.697**	**18.939**	.	**1.236**
Hrein lánsfjárþörf	**-2.825**	**11.963**	**-14.788**	.	**627**
Tekin lán, nettó	**-2.648**	**11.073**	**-13.721**	.	**401**
Innlend lán	3.875	4.431	-556	.	6.859
Erlend lán	-6.523	6.642	-13.165	.	-6.458
Breyting á handbæru fé	**176**	**-888**	**1.067**	.	**-225**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %					
Tekjur	25,7	26,4	.	.	25,0
Þar af skatttekjur	23,8	24,7	.	.	23,3
Gjöld	25,5	28,2	.	.	24,8
Tekjujöfnuður af almennri starfsemi	**0,1**	**-1,8**	.	.	**0,2**
Hrein lánsfjárþörf	**-0,5**	**2,5**	.	.	**0,1**

Almennar tekjur ríkissjóðs námu alls 135,3 milljörðum króna á árinu 1997 eða um 25,7% af landsframleiðslu ársins. Frá árinu á undan hækkuðu þær um 7,0 milljarða króna eða um 5,5%. Tekjurnar skiptust þannig að beinir skattar námu 22,0%, óbeinir skattar 70,7%, fjármunatekjur 6,1% og aðrar tekjur 1,1%. Af beinum sköttum er tekjuskattur veigamestur eða 18,5% af heildartekjum ríkissjóðs. Virðisaukaskattur var sem fyrr helsti tekjustofn ríkissjóðs eða 36,9% af heildartekjunum, en innflutnings- og vörugjöld námu 14,6% og tryggingagjöld 10,9%.

Gjöld ríkissjóðs námu alls 134,6 milljörðum króna á árinu 1997 eða um 25,5% af landsframleiðslu ársins samanborið við 28,2% árið 1996. Gjöld ríkissjóðs lækkuðu um 2,4 milljarða króna eða um 1,7% á milli ára. Af einstökum liðum má nefna lækkun á framlögum til héraðs- og grunnskóla um 5,1 milljarð króna vegna tilfærslu á rekstri þeirra til sveitarfélaga 1. ágúst 1996 og hækkun á fjárveitingum til sjúkrahúsa og sjúkrastofnana um 2,2 milljarða króna. Þá lækkuðu framlög til vegamála um 1,1 milljarð króna á milli ára. Skýrist sú lækkun af því að á árinu 1996 voru gjaldfærð kaup á Vestmannaeyjaferjunni Herjólfi fyrir 1,4 milljarða króna en á árinu 1997 var gjaldfærð yfirtaka á lánum Breiðafjarðarferjunnar Baldurs að fjárhæð rúmir 0,3 milljarðar króna. Loks kemur fram lækkun framlaga á milli ára vegna 1,7 milljarða króna yfirtöku ríkissjóðs á lífeyrisskuldbindingum Pósts og síma á árinu 1996.

Árið 1997 námu rekstrar- og viðhaldsgjöld um 40,2% af heildargjöldum ríkissjóðs, lífeyrisskuldbindingar 3,1%, fjármagnskostnaður 11,2%, stofnkostnaður 4,8% og tilfærslur 40,8%. Af einstökum útgjaldaflokkum voru tryggingamál fjárfrekust eða um 22,8% af heildinni, heilbrigðismál 17,9% og mennta- og menningarmál 11,2%. Útgjöld til þessara málaflokka að viðbættum vaxtagjöldum af lánum námu 62,9% af heildargjöldum ríkissjóðs á árinu 1997, en árið á undan námu þau 63,2%.

Yfirlitið hér að framan sýnir einnig greiðsluuppgjör ársins 1997. Þar kemur fram að tekjuafgangur af almennri starfsemi ríkissjóðs lækkar úr 1,2 milljörðum króna í greiðsluuppgjöri í 0,7 milljarða króna í reikningi eða um rúma 0,5 milljarða króna. Í stuttu máli skýrast þessi frávik af því að við lokauppgjör þarf ávallt að taka tillit til ýmissa þátta sem hafa ekki greiðsluhreyfingar í för með sér en fela í sér skuldbindingar eða kröfur fyrir ríkissjóð. Stærstu liðir af þessu tagi í uppgjöri ársins 1997 eru lífeyrisskuldbindingar ársins umfram greiðslur til lífeyrissjóða um 3,5 milljarða króna, niðurfærsla hlutafjár í Sementsverksmiðjunni hf. um tæpa 0,6 milljarða króna, yfirtaka á áhvílandi lánum ferjuskipsins Baldurs um rösklega 0,3 milljarða króna. Hins vegar reyndust vaxtagreiðslur ársins meiri en vaxtagjöldin eða sem nam 1,2 milljörðum króna.

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs lækkaði um 14,8 milljarða króna á árinu 1997 og skilaði afgangi sem nam 2,8 milljörðum króna. Lánsfjárafkoma ríkissjóðs batnaði því meira en tekjuafkoman á milli ára en hún reyndist 9,4 milljörðum króna hagstæðari árið 1997 en árið á undan. Sem hlutfall af landsframleiðslu nam lánsfjárþörfin 2,5% árið 1996 en afgangurinn nam 0,5% árið 1997. Ríkissjóður greiddi niður skuldir sínar í heild um rúma 2,6 milljarða króna á árinu 1997. Á innlendum fjármagnsmarkaði voru lántökur umfram afborganir að fjárhæð 3,9 milljarðar króna, hins vegar voru erlendar skuldir greiddar niður um 6,5 milljarða króna.

Eftirfarandi yfirlit gefur vísbendingu um umsvif ríkissjóðs á fjármagnsmarkaði á árinu 1997.

Í m.kr.	Staða í ársbyrjun 1997	Ný lán umfram afborganir	Endurmat ársins	Staða í árslok 1997
Skuldaviðurkenningar				
Spariskírteini	60.320	6.609	2.041	68.970
Ríkisvíxlar	15.810	-3.514	-	12.296
Ríkisbréf	8.367	2.891	-	11.258
Önnur innlend lán	8.963	-2.112	109	6.960
Erlend lán samtals	132.218	-6.523	934	126.628
Tekin lán samtals	**225.677**	**-2.648**	**3.084**	**226.112**
Áfallnir ógjaldfallnir vextir af spariskírteinum.	13.569	1.885	-	15.454
Skuldaviðurkenningar samtals	**239.246**	**-763**	**3.084**	**241.566**
Lánveitingar				
Veitt löng lán	63.661	171	1.446	65.278
Veitt stutt lán	28	127	-	155
Skammtímakröfur umfram -skuldir	7.332	-3.456	-	3.876
Lánveitingar samtals	**71.021**	**-3.158**	**1.446**	**69.309**
Skuldaviðurkenningar umfram lánveitingar	**168.225**	**2.395**	**1.638**	**172.257**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %				
Skuldaviðurkenningar samtals	**49,3**	**-0,1**	.	**45,8**
Þar af erlendar skuldir	27,3	-1,2	.	24,0
Lánveitingar samtals	**14,6**	**-0,6**	.	**13,1**
Skuldaviðurkenningar umfram lánveitingar	**34,7**	**0,5**	.	**32,7**

Umsvif ríkissjóðs á innlenda fjármagnsmarkaðnum voru þó töluvert meiri en þessar tölur gefa til kynna einkum á skammtíma fjármagnsmarkaði. Sala á ríkisvíxlum nam alls 65,1 milljarði króna á árinu 1997 og endurgreiðsla þeirra 68,6 milljörðum króna. Tekin erlend veltilán ríkissjóðs námu alls 88,2 milljörðum króna og afborganir 93,6 milljörðum króna á árinu 1997. Endurmat erlendra veltilána nam 1,4 milljörðum króna og lækkaði skuldastaða þeirra um rúma 3,9 milljarða króna frá ársbyrjun til ársloka 1997.

Skuldaviðurkenningar ríkissjóðs í árslok 1997 voru 242 milljarðar króna, en að frádregnum lánveitingum námu þær 172 milljörðum króna. Í hlutfalli við landsframleiðslu ársins námu skuldir ríkissjóðs 45,8% í árslok 1997 samanborið við 49,3% árið 1996. Skuldir ríkissjóðs umfram lánveitingar námu hins vegar 32,7% af landsframleiðslu árið 1997 en voru 34,7% árið á undan.

Samsetning langtímaskulda A-hluta ríkissjóðs eftir gjaldmiðlum breyttist markvert á árinu 1997 að því leyti að vægi innlendra skulda jókst töluvert eða úr 36,8% árið 1996 í 40,7% árið 1997. Að sama skapi lækkaði vægi erlendra lána í langtímaskuld ríkissjóðs úr 63,2% í 59,3% en tiltölulega lítil breyting varð á vægi einstakra mynta innan erlendu skuldarinnar.

Eignaskrá ríkisins yfir varanlega rekstrarfjármuni

Samkvæmt lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, ber ríkisstofnunum að halda skrá yfir óeignfærða fjármunamyndun sína. Þessari lagaskyldu hefur ekki verið sinnt sem skyldi, en til er fasteignaskrá ríkissjóðs sem hefur að geyma upplýsingar um fasteignir A- og B-hluta aðila. Heilsteypt skrá yfir eignir ríkisins er ekki tiltæk. Því var ákveðið í tengslum við ný lög um fjárreiður ríkisins að leggja áherslu á gerð eignaskrár yfir varanlega rekstrarfjármuni ríkisins. Í því skyni fjárfesti fjármálaráðuneyti í hugbúnaði til eignaskráningar og var hann sendur öllum stofnunum ríkisins ásamt leiðbeiningum um hvernig þær ættu að haga verkefninu.

Undanfarin ár hefur Ríkisendurskoðun gagnrýnt ríkisstofnanir fyrir að hafa ekki komið sér upp eignaskrá. Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar á ríkisreikningi fyrir árið 1996 er skýrt frá könnun stofnunarinnar á atriðum sem helst þótti áfátt varðandi bókhald og fjárvörslu hjá 73 ríkisstofnunum á árinu 1996. Þar kemur fram að helsti veikleikinn var að eignaskráning væri ófullnægjandi eða í 71% tilfella.

Með bréfi dagsettu 25. nóvember 1996 fól fjármálaráðuneyti Ríkisbókhaldi að sjá um eignaskrá yfir varanlega rekstrarfjármuni ríkisstofnana. Í framhaldi af því hefur verið lagt hart að þessum aðilum að vinna þessar skrár og hefur orðið allvel ágengt í þeim efnum. Ljóst er að í mörgum tilvikum er um mjög umfangsmikið starf að ræða og er það að sjálfsögðu erfiðast í upphafi á meðan verið er að móta vinnureglur á hverjum stað. Eftir það ætti þessum aðilum að vera tiltölulega auðsótt að viðhalda skránni á ári hverju.

Eignaskráin skiptist í tvennt. Annars vegar er skrá þar sem fram koma eignir með endurstofnverð 100.000 kr. eða hærri fjárhæð, og er þá tilgreint magn og verðmæti. Hins vegar er skrá með minni háttar eignum og eru þá aðeins tilgreindar magntölur. Sú skrá sem almennt verður lögð áhersla á í ríkisreikningi er yfir verðmeiri eignir en vænta má að það taki nokkur ár að koma upp heildstæðri skrá sem nær til allra ríkisstofnana.

Um miðjan júní 1998 höfðu 242 ráðuneyti og ríkisstofnanir af 310 lokið gerð eignaskrár miðað við stöðuna í árslok 1997. Eftir standa þá 68 stofnanir eða 22%, þar af eru fjölmargar heilsugæslustöðvar og sjúkrahús, svo sem ríkisspítalar. Er nú unnið að gerð eignaskrár hjá flestum þessara aðila. Hins vegar er ljóst að þær skrár sem skilað hefur verið eru mjög misjafnar að gæðum og töluvert verkefni er óunnið við samræmingu þeirra.

Hér á eftir eru sýndar helstu niðurstöður úr fyrirliggjandi skrám. Ljóst er að enn skortir mikið á að um fullnægjandi upplýsingar sé að ræða enda taka þær aðeins til varanlegra rekstrarfjármuna hjá 242 A-hluta aðilum af 310. Af þeim 68 stofnunum sem ekki hafa skilað skrá til Ríkisbókhalds eru nokkrar stórar stofnanir eins og fram hefur komið. Samanteknar tölur úr þessum skrám geta því aðeins gefið vísbendingu um eignir ríkisins í varanlegum rekstrarfjármunum. Með þessum fyrirvara er eftirfarandi yfirlit birt (allar fjárhæðir í m.kr.):

	Fjöldi	Kaup ársins	Bókfært verð í árslok
Einmenningstölvur	3.633	147	373
Prentarar	376	8	28
Annar tölvubúnaður	1.017	72	199
Ljósritunarvélar	337	18	69
Húsgögn og ýmis búnaður	-	201	698
Lækningatæki	251	22	55
Röntgentæki	76	6	52
Mælitæki	580	18	127
Rannsóknatæki	843	28	111
Fólksbifreiðar	178	34	187
Jeppabifreiðar	66	19	118
Sendibifreiðar	104	7	175
Vörubifreiðar	42	-	118
Gröfur	35	4	31
Vegheflar	38	-	79
Aðrar vinnuvélar	831	30	432
Skip	7	732	2.330
Flugvélar	3	-	255
Listaverk	27	0	39
Eignir samtals	-	**1.346**	**5.474**

Rétt er að hafa sérstakan fyrirvara varðandi skip og flugvélar í yfirlitinu að því leyti að þar eru ekki inni varðskip Landhelgisgæslunnar og eldri flugvélar hennar.

Þess er vænst að á næstu árum megi byggja upp heildstæða eignaskrá fyrir ríkissjóð. Mikilvæg sérstaða í reikningshaldi ríkisins samanborið við reikningsskil fyrirtækja er að fjárfesting ríkisins er færð jafnóðum til gjalda og þannig afskrifuð til fulls. Efnahagsreikningur ríkissjóðs lýsir því ekki eignum í fastafjármunum eða rekstrarfjármunum. Með gerð heildstæðrar eignaskrár má nálgast heildarvirði þeirra og gæti verið til þess fallin að mynda grunn til afskriftar efnislegra fjármuna hjá einstökum ríkisstofnunum. Þannig gæti fengist betri grundvöllur til að bera saman rekstrarkostnað ríkisstofnana og einkafyrirtækja.

153. Fyrirspurn [153. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um umönnunargreiðslur.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hver eru áhrif breytinga sem gerðar voru í maí 1997 á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð?

a. Hversu margir aðstandendur fatlaðra eða langveikra barna fá nú umönnunargreiðslur, hver er heildarfjöldi innan hvers greiðsluflokks og um hvaða upphæðir er að ræða í hverju tilviki?
b. Hversu margir fengu sambærilegar umönnunargreiðslur fyrir breytinguna, um hvaða hópa er þar að ræða og hver er fjöldinn innan hvers greiðsluflokks?
c. Hversu margir fá hærri greiðslur eftir breytinguna, um hvaða hópa er þar að ræða, hver er fjöldinn innan hvers greiðsluflokks og hver er hækkunin í hverju tilviki?
d. Hversu margir fá nú lægri umönnunargreiðslur en fyrir breytinguna, um hvaða hópa er að ræða, hver er fjöldinn innan hvers greiðsluflokks og hver er lækkunin á greiðslum í hverju tilviki?
e. Hversu margir þeirra sem áður fengu umönnunargreiðslur fá nú eingöngu umönnunarskírteini sem aðeins veita rétt til lyfja og læknishjálpar? Um hvaða hópa fatlaðra eða langveikra barna er þar að ræða, skipt eftir greiningu?
f. Hefur staða allra þessara barna sem um ræðir verið metin sérstaklega af fagaðilum eftir gildistöku laganna eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu? Ef ekki, hvaða forsendur voru þá fyrir breytingum í þeim tilvikum sem um ræðir?
g. Hver voru heildarútgjöld ríkisins vegna umönnunargreiðslna til foreldra fatlaðra og langveikra barna á árunum 1996 og 1997 á verðlagi þessa árs og hver eru áætluð útgjöld árið 1998?

Skriflegt svar óskast.

154. Fyrirspurn [154. mál]

til samgönguráðherra um fræðslu fyrir erlenda ferðamenn.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um fræðslu fyrir erlenda ferðamenn sem koma hingað til lands?
2. Hvaða kynningarefni fá erlendir ferðamenn í hendur við komu til landsins og hvert er inntak þess?
3. Hvaða áform eru uppi um að bæta fræðslu fyrir erlenda ferðamenn í ljósi nýlegra slysa á ferðamönnum og gáleysislegrar umgengni þeirra við landið?

155. Fyrirspurn [155. mál]

til samgönguráðherra um áhrif af Schengen-aðild á ferðaþjónustuna.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hefur farið fram úttekt á áhrifum þess á ferðaþjónustuna í landinu að Íslendingar gerist aðilar að svonefndu Schengen-samkomulagi?

156. Fyrirspurn [156. mál]

til landbúnaðarráðherra um landbrot á Suðurlandi.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Er til heildarúttekt á landbroti af eftirtöldum ám á Suðurlandi:
   a. Skaftá í Skaftárhreppi,
   b. Klifanda og Hafursá í Mýrdalshreppi,
   c. Svaðbæslis- og Kaldaklofsá í Rangárvallasýslu,
   d. Markarfljóti í Rangárvallasýslu,
   e. Þjórsá í Árnessýslu,
   f. Stóru-Laxá og Hvítá í Árnessýslu?
2. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar á næstu árum til að stemma stigu við frekari landeyðingu og í sumum tilfellum því að vegamannvirki skemmist?
3. Hvað er áformað að verja miklu fjármagni í fyrirhleðslur á næstu árum?

Skriflegt svar óskast.

157. Fyrirspurn [157. mál]

til utanríkisráðherra um störf í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hversu mörg stöðugildi eru í Flugstöð Leifs Eiríkssonar?
2. Hvernig deilast þau á einstök svið?
3. Hversu mörg ný störf urðu til við breytingar á verslunarrekstri í flugstöðinni?
4. Hversu mörg ný störf er áætlað að skapist við stækkun stöðvarinnar?

Skriflegt svar óskast.

158. Fyrirspurn [158. mál]

til dómsmálaráðherra um lausagöngu búfjár.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hyggst dómsmálaráðherra grípa til einhverra aðgerða í kjölfar alvarlegra slysa á þjóðvegum landsins sem rekja má til lausagöngu búfjár?

159. Fyrirspurn [159. mál]

til sjávarútvegsráðherra um áhrif af afnámi línutvöföldunar.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hefur heildarframboð af línuþorski til landvinnslu á tímabilinu nóvember til febrúar breyst síðan línutvöföldun var afnumin með lögum nr. 105/1996 ef miðað er við þrjú síðustu fiskveiðiár þar á undan?
2. Stunda þeir bátar sem mestum línuafla skiluðu fyrir afnám línutvöföldunar (t.d. þeir 30 bátar sem mesta úthlutun fengu vegna aflareynslu á línu við afnám tvöföldunar) enn línuveiðar yfir vetrarmánuði?

Skriflegt svar óskast.

160. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að leita samstarfs við Bændasamtök Íslands, Landssamtök sláturleyfishafa, Íslenskar sjávarafurðir hf., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf. og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda um gerð þriggja ára markaðs- og söluátaks á íslensku dilkakjöti erlendis.

Greinargerð.

Við Íslendingar eigum því láni að fagna að samtök okkar í sjávarútvegi hafa komið sér upp sölufyrirtækjum sem hafa náð miklum og góðum árangri á erlendum vettvangi. Þar hefur á undanförnum áratugum safnast saman mikil þekking sem hiklaust á að nýta í öðrum útflutningsviðskiptum, sérstaklega á sviði matvæla. Flutningsmenn tillögunnar telja einsýnt að besta leiðin til að markaðssetja íslenskt dilkakjöt fyrir kröfuharða erlenda neytendur sé að nota þau kerfi í sölu- og markaðsmálum sem útflutningsfyrirtækin í sjávarútvegi hafa byggt upp.

Sú sölustarfsemi sem unnið hefur verið að erlendis fram til þessa sýnir að gæði íslenska kjötsins eru fyllilega sambærileg við þær afurðir sem á þessum mörkuðum bjóðast. Jafnframt því að ná ásættanlegu skilaverði til framleiðenda þarf að koma til skila á markaðnum mikilvægum upplýsingum um ferskleika kjötsins og heilbrigðisvottun, sem og að skurður og önnur meðferð kjötsins standist kröfur neytenda. Náist þetta fram er miklum áfanga náð til öflugrar markaðssóknar.

Til að atvinnugrein geti orðið grundvöllur farsællar búsetu þarf hún að búa þeim sem við hana starfa viðunandi lífsviðurværi. Framtíð þeirra sem að landbúnaði starfa byggist öðru fremur á því starfsumhverfi sem greininni er gert að búa við. Sauðfjárbúin hér á landi eru

flest svo lítil og markaður smár að þau skapa þeim sem við þau starfa hvorki viðunandi tekjur né atvinnu.

Á árunum 1986–97 fækkaði lögbýlum með sauðfé um 1.532 og þar af var á 931 lögbýli eingöngu búið með sauðfé. Á síðastliðnum 20 árum hefur sauðfjárframleiðslan dregist saman um 53%, úr 896 þús. fjár í um 477 þús. Á árunum 1983–97 töpuðust í innanlandssölu um 308 tonn að meðaltali á hverju ári, og á síðustu sjö árum hefur dilkakjötsframleiðslan dregist saman um 1.300 tonn. Á árunum 1991–96 hækkuðu ráðstöfunartekjur einstaklinga á landinu öllu um 5,5% en á sama tímabili *lækkuðu* launagreiðslur sauðfjárbúa um hvorki meira né minna en 35%.

Ef svo heldur fram sem horfir er veruleg vá fyrir dyrum þar sem markaðshlutdeild dilkakjöts innan lands gagnvart öðrum kjöttegundum minnkar stöðugt, m.a. vegna breyttra neysluhátta. Því er ljóst að sóknarfærin í þessari grein byggjast á því að ná fótfestu á erlendum mörkuðum. Á síðustu árum hafa nokkur fyrirtæki reynt fyrir sér í sölumálum erlendis fyrir unnar kjötvörur. Þannig voru á árunum 1991–96 flutt út um 200–400 tonn á ári. Nokkur þekking hefur því fengist á ákveðnum þáttum útflutnings þótt útflutt magn sé vissulega mjög lítið.

Þegar markaðsstaðan erlendis er metin er nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir verðmyndunarþættinum, að hann sé öllum augljós og skýr. Forsenda þess sem hér er stefnt að er að skilaverð til framleiðanda verði þannig að afkoma bænda og umhverfi verði ásættanlegt. Sú skoðun flutningsmanna skal því ítrekuð að við núverandi aðstæður er öflugt sölu- og markaðsstarf erlendis, sem skilar framleiðendum ásættanlegu skilaverði, forsenda aukinnar framleiðslu sauðfjárafurða.

161. Svar [56. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverju hafa söfnunarkassar og happdrættisvélar skilað ÍSK og HÍ í peningum ár hvert, og það sem af er þessu ári, frá setningu laga þar um árið 1994?

Dómsmálaráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá Íslenskum söfnunarkössum sf. og Happdrætti Háskóla Íslands og byggjast meðfylgjandi tölur á svörum þeirra. Upplýsingar um tekjur af söfnunarkössum á yfirstandandi ári liggja ekki fyrir.

Frá árinu 1994 hafa söfnunarkassar og happdrættisvélar skilað Íslenskum söfnunarkössum sf. og Happdrætti Háskóla Íslands neðangreindum fjárhæðum í tekjur, að frádregnum vinningum:

	Íslenskir söfnunarkassar, millj. kr.	Happdrættisvélar HHÍ, millj. kr.
1994	781	360
1995	901	482
1996	1.074	528
1997	1.148	547
1998 (9 mán.)		381

Að frádregnum vinningum og kostnaði standa eftir neðangreindar fjárhæðir:

	Íslenskir söfnunarkassar, millj. kr.	Happdrættisvélar HHÍ, millj. kr.
1994	535	144
1995	597	218
1996	716	258
1997	809	310
1998 (9 mán.)		210

162. Svar [40. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um skipstjórnarnám.

1. *Hversu margir stunda nú skipstjórnarnám á 1., 2. og 3. stigi og hvar fer það nám fram?*

Engir nemendur stunda nú nám á 1. stigi skipstjórnarnáms vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á náminu. Sjávarútvegsbraut tók til starfa í haust og tæplega 30 nemendur stunda nám á henni. Þessir nemendur munu síðan hefja nám á 1. stigi að loknu námi á sjávarútvegsbraut.

Alls 67 nemendur stunda nám á 2. stigi skipstjórnarnáms og fer námið fram í þremur skólum. Í Stýrimannaskólanum í Reykjavík eru 34 nemendur, við Verkmenntaskólann á Akureyri, sjávarútvegssviði á Dalvík, eru 16 nemendur og í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum eru 17 nemendur.

Skipstjórnarnám til 3. stigs er einungis í boði í Stýrimannaskólanum í Reykjavík og nú eru sex nemendur í því námi.

2. *Hversu margir hafa lokið skipstjórnarnámi undanfarin tíu ár, skipt eftir stigum og skólum?*

Við Stýrimannaskólann í Reykjavík hafa 365 nemendur lokið 1. stigi undanfarin tíu ár, 322 hafa lokið 2. stigi og 67 þriðja stigi. Við Verkmenntaskólann á Akureyri, sjávarútvegssviði á Dalvík, hafa 126 nemendur lokið 1. stigi og 114 2. stigi undanfarin tíu ár. Við Fram-

haldsskólann í Vestmannaeyjum (áður Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum) hafa 102 lokið 1. stigi og 105 2. stigi undanfarin tíu ár.

3. *Byggjast breytingar á skipstjórnarnámi á könnun um mannaflaþörf á næstu árum? Hvað var lagt til grundvallar og hvað er reiknað með að mikil þörf verði fyrir fólk með skipstjórnarmenntun á næstu árum?*

Við endurskoðun á skipstjórnarnáminu var fyrst og fremst haft í huga innihald námsins, þ.e. hvaða þættir þyrftu að vera í náminu svo að það fullnægði nútímakröfum til skipstjórnarmanna. Einnig að tekið sé tillit til þeirra alþjóðlegu samninga og samþykkta sem Ísland á aðild að.

Ráðuneytið hefur ekki látið fara fram könnun á mannaflaþörf í skipstjórnarstörfum á næstu árum. Hins vegar hefur framboð á skipstjórnarnámi getað annað mun fleiri nemendum en sótt hafa í það á undanförnum árum.

4. *Er þess gætt við þær breytingar sem eru að verða á skipstjórnarnámi að menntunin verði viðurkennd á EES-svæðinu?*

Við endurskoðun námsins er stuðst við svokallaða STCW-samþykkt en þar eru settar fram kröfur um menntun og þjálfun skipstjórnarmanna og vélstjóra af Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO. Þar sem þessum alþjóðlegu reglum er fylgt mun námið verða viðurkennt á Evrópska efnahagssvæðinu og víðar.

163. Frumvarp til laga [161. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Á eftir g-lið 1. mgr. 36. gr. laganna kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Sérfræðiþjónustu við börn og unglinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar skv. 37. gr. a.

2. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir sérfræðiþjónustu við börn og unglinga, 18 ára og yngri, á sviði sálfræði og félagsráðgjafar sem veitt er utan sjúkrastofnana og skólakerfis greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Gjaldskráin gildir bæði um sérfræðiþjónustu sem veitt er af hinu opinbera og öðrum. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um þjónustuna.

Sérfræðiþjónusta barna og unglinga utan sjúkrastofnana og skólakerfis á sviði sálfræði og félagsráðgjafar er því aðeins greidd að fyrir liggi sérstök umsókn frá heilsugæslulækni eða sérfræðingi á sviði sálfræði eða félagsráðgjafar sem starfar innan skólakerfisins.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd sérfræðiþjónustunnar, meðal annars mæla fyrir um hverjir eigi rétt á henni og hverjir veiti hana.

Reikningi fyrir sérfræðiþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreitt frá heilbrigðis- og tryggingaefnd. Nefndinni barst fjöldi umsagna og var frumvarpið lagt fram á 122. löggjafarþingi með nokkrum breytingum sem gerðar voru með hliðsjón af ábendingum sem þar komu fram. Það er nú lagt fram á ný, óbreytt.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á löggjöf um almannatryggingar að sérfræðiþjónusta fyrir börn og ungmenni utan sjúkrastofnana og skólakerfisins á sviði sálfræði og félagsráðgjafar verði að hluta greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Gert skal ráð fyrir því að þiggjendur þjónustunnar greiði fyrir ákveðinn hluta hennar, t.d. fasta upphæð fyrir hvert viðtal. Hér er einungis átt við viðurkennda sérfræðiþjónustu. Gert er ráð fyrir að einungis verði greitt fyrir þjónustu réttindafólks á sviði félagsráðgjafar og sálfræði, sbr. lög nr. 40/1976 og lög nr. 95/1990. Einnig verður að gera þá kröfu að einungis verði greitt fyrir þjónustu þeirra sem hafa ákveðna lágmarksreynslu á þessu sviði og má þá m.a. horfa til reglna um veitingu sérfræðileyfa í sálfræði og setja skilyrði um framhaldsmenntun.

Ýmislegt bendir til þess að vaxandi þörf sé fyrir slíka sérfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni. Hún er og á að vera fastur liður í starfsemi skólanna. Börn og ungmenni, sem dvelja á sjúkrastofnunum, geta átt kost á sérfræðiþjónustu án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Hins vegar skortir mikið á að nægjanlegur fjöldi sérfræðinga á sviði sálfræði- og félagsráðgjafar starfi á heilbrigðisstofnunum svo hægt sé að sinna þessari þjónustu eins og þyrfti. Við breytingu á grunnskólalögum var dregið verulega úr þessari sérfræðiþjónustu innan skólanna. Hlutverk sérfræðinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar við skóla er nú að mestu leyti greiningarstarf en börnum er síðan vísað annað til meðferðar og því er staðreynd að fjöldi barna og ungmenna þarf á þessari sérfræðiþjónustu að halda utan skóla og sjúkrastofnana. Komið hafa fram ábendingar frá skólaskrifstofum víða um land um að við breytingu sem gerð var á grunnskólalögunum sé ekki lengur gert ráð fyrir að veita meðferðarþjónustu innan skólakerfisins. Með þessu er verið að færa hana út fyrir skólakerfið og kostnaðinn yfir á foreldra. Þá er einnig ljóst að á landsbyggðinni er þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa ekki til staðar utan skólakerfisins eða sjúkrastofnana nema í undantekningartilvikum. Kostnaðurinn sem leggst á fjölskyldu getur því verið mjög mikill þegar við bætist ferðakostnaður. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að börnum, sem lengi hafa átt við erfiða líkamlega sjúkdóma að stríða, standi til boða sérfræðiþjónusta sem greidd verði að fullu eða að hluta úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Félagið hefur einnig bent á að ekki aðeins barnið eða unglingurinn, sem hefur átt við alvarleg veikindi að stríða, þurfi á sérfræðiþjónustu að halda heldur einnig og ekki síður fjölskylda barnsins. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur ráðið sálfræðing til þess að sinna þessari þjónustu og margar fjölskyldur krabbameinsveikra barna nýta sér hana. Félagið hefur þannig reynt að bregðast við vanda þessara fjölskyldna. Til lengri tíma litið getur félagið þó ekki staðið alfarið undir þjónustunni, enda verður ekki séð að þjóðfélagið geti velt þessu verkefni yfir á félagasamtök.

Börn og ungmenni, sem hafa mátt þola hvers konar ofbeldi, þurfa oft um langan tíma á þjónustu sérfræðinga að halda, sem og þau börn og ungmenni sem hafa leiðst út í neyslu fíkniefna. Fleiri ástæður mætti að sjálfsögðu nefna, þörfin fyrir sérfræðiþjónustu við börn og ungmenni eykst stöðugt.

Í reglugerð skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins skal eins og unnt er skilgreina þá sem rétt skulu eiga á þessari þjónustu. Einnig skal í reglugerðinni kveða á um hvernig staðið verði að umsóknum um hana. Þjónusta sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa utan skóla eða heilbrigðisstofnana skal aðeins greidd af Tryggingastofnun ríkisins ef sjúklingur framvísar sérstakri umsókn heilsugæslulæknis eða sérfræðings á sviði sálfræði eða félagsráðgjafar sem starfar innan skólakerfisins.

Sveitarfélög hafa í ákveðnum tilvikum tekið þátt í kostnaði við sérfræðiþjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa fyrir börn og ungmenni en fá sveitarfélög veita fullkomna þjónustu að þessu leyti. Mjög margar fjölskyldur búa við svo bágan efnahag að þær geta ekki mætt kostnaðinum sem fylgir því að fjölskyldumeðlimur þurfi í lengri eða skemmri tíma að ganga til sálfræðings eða félagsráðgjafa. Við slíkt verður ekki unað, sérstaklega ekki þegar um er að ræða börn eða ungmenni, og því er þetta frumvarp flutt.

164. Frumvarp til laga [162. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Sérstaklega á þetta við hvað varðar meðferðarheimili fyrir börn og ungmenni. Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökum Vímulausrar æsku hafa ítrekað bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Ekki er aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir þessa ungu einstaklinga og stuðningsfjölskyldu þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar til vandamálið verður ljóst og síðan getur biðtími orðið langur þar til pláss fæst á meðferðarheimili. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðarheimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda

henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda sem þurfa á stöðugri umönnun og eftirfylgni að halda ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut á lífinu. Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn urðu viðurkennd sem sjúkdómur og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þeim sjúkdómi. Mikið vantar þó á að nægjanlega vel sé að verki staðið, sérstaklega hvað varðar úrræði fyrir yngstu sjúklingana. Því þarf oft að annast þá í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem ánetjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi. Ráðherra setji í reglugerð nánari útfærslu á framkvæmd þessa ákvæðis.

165. Fyrirspurn [163. mál]

til fjármálaráðherra um skuldbindingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hversu háar eru væntanlegar árlegar greiðslur (í b-lið lífeyrisgreiðslur og kostnaður að frádregnum iðgjöldum) Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga vegna:
   a. réttinda sem sjóðfélagar hafa þegar öðlast (áunnin réttindi),
   b. réttinda sem sjóðfélagar hafa og munu öðlast með greiðslu iðgjalda, þ.e. framreiknuð réttindi?

   Svar óskast sundurliðað eftir árum, 1998–2075. Enn fremur komi fram hvað sjóðirnir geti greitt með eignum sínum, væntanlegum iðgjöldum, sbr. b-lið, og vöxtum umfram hækkun launa og hvað muni falla á launagreiðendur. Reiknað verði með þeim sjóðfélögum sem áttu réttindi hjá sjóðunum í árslok 1997.

   Hversu stórt hlutfall af tekjusköttum hvers árs eru þessi útgjöld að óbreyttum tekjuskattslögum?
2. Hver er heildarskuldbinding þessara lífeyrissjóða og hversu langt dugir eign þeirra til greiðslu hennar?
3. Hvernig skiptist heildarskuldbinding að frádreginni eign sjóðanna á
   a. ríkissjóð, sundurliðað eftir A- og B-hluta,
   b. sveitarfélög,
   c. aðra?
4. Hversu margir sjóðfélagar eiga „eign“ allt að 1 millj. kr., hversu margir eiga þar yfir, allt að 2 millj. kr., hversu margir eiga þar yfir, allt að 3 millj. kr. o.s.frv. ef gengið er út

frá því að „eign“ hvers sjóðfélaga sé fundin með því að skipta heildarskuldbindingu sjóðanna á sjóðfélaga þeirra samkvæmt áunnum réttindum hvers og eins?

5. Hversu margir sjóðfélagar kusu að greiða til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í stað B-deildar, sbr. 4. og 5. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997, eða í stað Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 2/1997? Hvað kostar þetta val ríkissjóð og aðra launagreiðendur þegar greitt er í A-deild hærra iðgjald og af öllum launum í stað daglauna einvörðungu þó að á móti komi lægri skuldbindingar í B-deild?
6. Hver hefur verið árleg meðalávöxtun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins umfram meðalhækkun dagvinnulauna opinberra starfsmanna árin 1978–97? Hvaða ávöxtun er lögð til grundvallar útreikningnum?
7. Hvernig er iðgjald til A-deildar háð raunávöxtun miðað við framreikning eigna sjóðsins samkvæmt vísitölu neysluverðs (t.d. 4,5%, 3,5%, 2,5%, 1,5%)?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Þessi fyrirspurn var borin fram á síðasta þingi (676. mál) en í svari ráðherra kom fram að ekki lægju fyrir nægilegir útreikningar til að svara fyrirspurninni á viðhlítandi hátt en að þeir mundu liggja fyrir á haustdögum. Því er fyrirspurninni nú aftur beint til ráðherra.

166. Fyrirspurn [164. mál]

til fjármálaráðherra um aukna skuldbindingu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga vegna aukins hluts dagvinnulauna í heildarlaunum opinberra starfsmanna.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvað er gert ráð fyrir að ákvæði kjarasamninga opinberra starfsmanna um aukinn hlut dagvinnulauna í heildarlaunum opinberra starfsmanna muni auka skuldbindingu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga mikið? Hve mikið hækkar nauðsynlegt iðgjald vegna þessa?
2. Er gætt jafnræðis á milli starfsmanna ríkisins sem greiða í A- og B-deild við framkvæmd þessa ákvæðis þannig að laun starfsmanna í B-deild lækki miðað við laun starfsmanna í A-deild þar sem lífeyriseign þeirra fyrrnefndu vex við breytinguna en þeirra síðarnefndu ekki?
3. Verður gætt jafnræðis við ákvörðun viðbótarlauna skv. 2. mgr. 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þannig að þeir starfsmenn sem greiða til B-deildar fái lægri viðbótarlaun en þeir sem greiða til A-deildar vegna aukinnar lífeyriseignar þeirra fyrrnefndu?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Þessi fyrirspurn var borin fram á síðasta þingi (674. mál). Í svari ráðherra kom fram að ekki lægju fyrir nægilegir útreikningar til að svara fyrirspurninni á viðhlítandi hátt en að þeir mundu liggja fyrir á haustdögum. Því er fyrirspurninni nú aftur beint til ráðherra.

167. Fyrirspurn [165. mál]

til fjármálaráðherra um nauðsynlegt iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvert er nauðsynlegt iðgjald til að ná jafnvægi milli eignaliða og skuldbindinga (vegna iðgjaldsins, þ.e. ekki á að laga stöðu vegna áunninna réttinda með iðgjaldinu) í:
   a. B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. dagvinnulaunum,
   b. A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. heildarlaunum,
   c. lífeyrisdeild alþingismanna af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. þingfararkaupi,
   d. lífeyrisdeild ráðherra af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. ráðherralaunum,
   e. Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. dagvinnulaunum?
2. Hvað mætti varanlega hækka laun sjóðfélaga í framangreindum sjóðum, hverjum fyrir sig, ef sjóðfélagar nytu almennra lífeyriskjara, þ.e. 10% iðgjalds, og launagreiðendur hvorki töpuðu né græddu á breytingunni?
3. Hvernig breytist svarið við 1. og 2. tölul. ef forsenda um ávöxtun breytist úr 3,5% í 3,0% eða 2,5%?
4. Hvaða áhrif hefði breyting forsendu um ávöxtun í 3. tölul. á stöðu almennu sjóðanna, þ.e. hvað þyrfti að jafnaði að skerða lífeyri þeirra mikið að óbreyttu 10% iðgjaldi?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

1. og 2. tölul. þessarar fyrirspurnar voru bornir fram á síðasta þingi (673. mál). Í svari ráðherra kom fram að ekki lægju fyrir nægilegir útreikningar til að svara fyrirspurninni á viðhlítandi hátt en að þeir mundu liggja fyrir á haustdögum. Því er fyrirspurninni nú aftur beint til ráðherra.

3. og 4. tölul. eru settir fram af því tilefni að langtímaávöxtun hefur nú lækkað um 1% á rúmu ári og um 1,5% á tveimur árum og er nú um 4%. Reiknigrunnur lífeyrissjóðanna miðast við 3,5% ávöxtun og ef ávöxtun lækkar niður fyrir það mark þarf að skerða lífeyri hjá almennu lífeyrissjóðunum eða hækka iðgjald, en iðgjald ríkissjóðs til LSR hækkar sjálfkrafa.

168. Fyrirspurn [166. mál]

til sjávarútvegsráðherra um smábátaútgerð.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hve margir einstaklingar byggja afkomu sína á rekstri smábátaútgerðar á Íslandi miðað við 15 smálesta báta og minni?
2. Hver var afli báta minni en 15 smálestir sl. þrjú fiskveiðiár?
3. Hvert var verðmæti þessa afla sl. þrjú fiskveiðiár?
4. Hvert var útflutningsverðmæti þessa afla sl. þrjú fiskveiðiár?
5. Hversu hátt hlutfall af aflaverðmæti þessara báta fer í kostnað?
6. Hversu mikil olíunotkun er áætluð við veiðar á hverju tonni hjá þessum bátum?
7. Hversu hátt hlutfall afla báta undir 15 smálestum er tekið á kyrrstæð veiðarfæri?

Skriflegt svar óskast.

169. Fyrirspurn [167. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aðstoð við smábátaútgerð.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hyggst ráðuneytið kanna hvaða áhrif það mun hafa á afkomu þeirra fjölmörgu byggðarlaga sem hafa beinlínis þrifist á útgerð dagabáta ef ekkert verður að gert, í ljósi þess t.d. að þriðji hver þorskur sem landað var á Vestfjörðum síðasta sumar var úr smábátum?
2. Hvort telur ráðherra vænlegra að hverfa til fyrri aðferða með svokallaðri „Vestfjarðaaðstoð“ í formi hundruða milljóna króna beinna styrkja úr ríkissjóði eða gera þessum bátum kleift að vera byggðarlögunum sú lyftistöng sem þeir hafa verið?

Skriflegt svar óskast.

170. Fyrirspurn [168. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aðgerðir vegna tekjumissis grásleppusjómanna.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa vegna gríðarlegs tekjumissis grásleppusjómanna, í ljósi þess að tekjur þeirra drógust saman um 70% á vertíðinni 1998 frá því sem var á árunum 1995–97?

171. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristínu Haraldsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti. Ekki þótti tilefni til að senda frumvarpið til umsagnar.

Fulltrúi sjávarútvegsráðuneytis lagði áherslu á að gildistöku IV. og V. kafla laga nr. 55/1998 verði frestað í ljósi þess að samningur sérfræðinga EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins frá nóvember 1996 um að fella inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir var samþykktur í EES-nefndinni 17. júlí sl. með gildistöku 1. janúar 1999. Í IV. og V. kafla laganna er að finna ákvæði til lögfestingar á þeim samningi og er nauðsynlegt að fresta gildistöku þeirra ákvæða til samræmis við gildistökutíma samningsins.

Nefndin tekur undir röksemdir fulltrúa sjávarútvegsráðuneytis og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Vilhjálmur Egilsson, Guðmundur Hallvarðsson, Lúðvík Bergvinsson og Stefán Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. okt. 1998.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm. Árni R. Árnason. Hjálmar Árnason.

Svanfríður Jónasdóttir. Einar K. Guðfinnsson.

172. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að koma á breyttri skipan smásölu áfengis í landinu. Í stað núverandi fyrirkomulags verði sveitarstjórnum heimilt að veita aðilum leyfi til að stunda slíka sölu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skilyrðin miði að því að áfengisverslun verði með svipuðum hætti og nú er en í stað þess að ríkisfyrirtæki hafi einkarétt á smásölu verði hún í höndum kaupmanna.

Greinargerð.

Á undanförnum árum og áratugum hefur hið opinbera verið að draga sig út úr atvinnurekstri á mörgum sviðum þar sem talið er að einstaklingar og fyrirtæki geti stundað viðkomandi starfsemi betur eða í það minnsta ekki verr. Nú er svo komið að til algerra undantekninga heyrir ef ríki eða sveitarfélög standa í verslunarrekstri. Ein þeirra undantekninga er sala á áfengum drykkjum til einstaklinga en ÁTVR hefur enn sem komið er einkaleyfi á því að selja

almenningi áfengi í smásöluverslun. Lengi framan af var salan algerlega í höndum ÁTVR, þ.e. fyrirtækið átti eða leigði húsnæði undir áfengisverslunina víðs vegar um landið og einungis starfsfólk þess afgreiddi áfengið. Í seinni tíð hefur orðið nokkur breyting á þessu og á nokkrum stöðum á landinu sjá einkaaðilar um sölu á áfengum drykkjum fyrir ÁTVR með sérstöku samkomulagi við fyrirtækið. Ekki verður annað séð en að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel. Þetta leiðir hugann að þeirri spurningu hvers vegna ríkið eigi yfirleitt að standa í rekstri slíkra verslana. Erfitt er að finna rökin fyrir því en aftur á móti eru fjölmörg rök gegn því. Í fyrsta lagi hafa einkaaðilar séð um rekstur slíkra verslana með góðum árangri. Í öðru lagi er aðilum eins og verslunarmiðstöðvum og byggðarlögum mismunað eftir staðsetningu útibúa. Í þriðja lagi má nefna kostnaðinn af versluninni; ólíklegt má telja að ríkisfyrirtæki reki þessar verslanir með hagkvæmari hætti en einkaaðilar mundu gera. Má í þessu sambandi benda á að fasteignir ÁTVR eru nú á bókfærðu verði í ríkisreikningi 700 millj. kr. Fjármunir sem fengjust með sölu þessara fasteigna mundu nýtast ríkissjóði vel. Sömuleiðis mundi ríkið spara verulegan hluta þess fjár sem nú er varið í rekstur ÁTVR ef þessi breyting næði fram að ganga. Eftir sem áður gæti ríkisvaldið náð öllum þeim markmiðum sem það hefur sett sér í áfengismálum. Það eina sem mundi breytast er að verslunin yrði í höndum þeirra sem eiga að sjá um verslun, þ.e. einkaaðila, og ekki yrði um að ræða eins sterkt skömmtunarvald á þessari þjónustu af hendi hins opinbera og nú er. Leyfin til að selja áfengi yrðu veitt af sveitarstjórnum með svipuðum hætti og leyfi til vínveitingahúsa.

173. Frumvarp til laga [170. mál]

um ráðstafanir í skattamálum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Ágúst Einarsson.

I. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 96. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi í ljós að álagning á skattaðila hafi verið of há getur hann krafist að skattstjóri endurákvarði honum skatt samkvæmt þessari grein sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar krafa hans um endurákvörðun er sett fram.

2. gr.

Við 2. mgr. 97. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þetta gildir þó ekki um endurákvörðun sem fer fram að kröfu skattaðila.

3. gr.

Við 2. mgr. 112. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó skal greiða dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim tíma er gjaldandi sannanlega lagði fram kröfu um að endurákvörðun færi fram. Vextir skulu þó ekki greiddir ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að fé var oftekið. Það sama gildir um greiðslu dráttarvaxta ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að krafa um endurákvörðun var gerð.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.

4. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi í ljós að álagning þungaskatts á skattaðila hafi verið of há getur hann krafist að skattstjóri endurákvarði honum þungaskatt samkvæmt lögum þessum sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar krafa hans um endurákvörðun er sett fram. Um vexti af endurgreiðslum gilda ákvæði 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

5. gr.

Við 8. mgr. 28. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Það sama gildir ef skilafé samkvæmt lögunum er ofreiknað. Endurgreiða skal launagreiðanda ofreiknað skilafé sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar krafa hans um endurgreiðslu er sett fram. Um vexti af endurgreiðslum gilda ákvæði 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

IV. KAFLI

Breyting á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

6. gr.

Við 99. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi í ljós að innflytjandi hafi ofgreitt aðflutningsgjöld getur hann krafist að tollstjóri endurákvarði honum aðflutningsgjöld samkvæmt þessari grein sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar krafa hans um endurákvörðun er sett fram. Um vexti af endurgreiðslum gilda ákvæði 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 26. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi í ljós að skattaðili hafi ofgreitt virðisaukaskatt getur hann krafist að skattstjóri endurákvarði honum virðisaukaskatt samkvæmt þessari grein sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar krafa hans um endurákvörðun er sett fram. Um vexti af endurgreiðslum gilda ákvæði 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

8. gr.

Við 7. mgr. 17. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Það sama gildir ef skattur samkvæmt lögunum er ofreiknaður. Endurgreiða skal skilaskyldum aðila ofreiknað skilafé sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar krafa hans um endurgreiðslu er sett fram. Um vexti af endurgreiðslum gilda ákvæði 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjármálaráðherra skal fyrir árslok 1999 láta fara fram heildstæða úttekt á öllum þeim sköttum og gjöldum sem ríki og sveitarfélög leggja á einstaklinga og lögaðila hér á landi og hvaða málsmeðferðarreglur gilda um endurákvörðun slíkra skatta. Í framhaldi af þeirri úttekt skal fjármálaráðherra láta semja lagafrumvarp sem tryggi jafnræði skattþegna og hins opinbera við endurákvörðun skatta og opinberra gjalda á öllum sviðum skattlagningar.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að jafna aðstöðumun milli skattyfirvalda og skattþegna varðandi endurákvörðun skatta og opinberra gjalda. Skattyfirvöld, skattstjórar og tollstjórar hafa að meginstefnu til heimild til þess að endurákvarða skatta og önnur gjöld sex ár aftur í tímann frá því að þeim verður kunnugt um að upplýsingar í skattframtali hafi ekki verið fullnægjandi, sbr. meðal annars 96. og 97. gr. núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, 16. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og 26. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Ákvæðin eiga það öll sammerkt að þar er fyrst og fremst um heimild skattstjóra að ræða en ekki skyldu. Heimild þessa nýtir skattstjóri nánast undantekningarlaust ef um er að ræða vangoldna skatta og gjöld, enda eðlilegt í ljósi jafnræðisreglunnar. Á hinn bóginn kann að vera að heimild þessi sé ekki nýtt í sama mæli í þágu skattþegnanna þegar greiddir hafa verið of háir skattar einhverra hluta vegna.

Má í því sambandi vekja athygli á dómi Hæstaréttar frá 19. desember 1996. Með dóminum var viðurkenndur réttur stefnanda til að gjaldfæra á skattframtali eigin lífeyriskaup, en hann stóð í eigin atvinnurekstri. Hér var um stefnubreytingu að ræða miðað við fyrri túlkun yfirskattanefndar og áður ríkisskattstjóra á 3. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, með vísan til eftirfarandi forsendna: „er það meginregla í skattarétti, að öll gjöld, sem fara í að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við, komi til frádráttar frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Allar undantekningar frá þeirri reglu verða að vera skýrar og ótvíræðar. [...] Er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að atvinnurekandaframlag stefnda í eigin lífeyrissjóð falli undir rekstrarkostnað, sem heimilt sé að gjaldfæra.“ Í kjölfar þessa dóms komu fram kröfur af hálfu fjölda skattþegna um að fram færi endurákvörðun á skatti þeirra sex ár aftur í tímann með vísan til heimildar í 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Þessu var hafnað af hálfu skattyfirvalda og bent á að skattkröfur fyrnist á fjórum árum og því eigi skattþegnar ekki rétt á endurákvörðun skatta vegna þessa dóms nema síðustu fjögur ár frá því að beiðni um endurákvörðun kemur fram. Velta má því fyrir sér hvort niðurstaðan hefði verið önnur ef um hefði verið að ræða niðurstöðu í deilu um túlkun skattalaga sem hefði verið skattyfirvöldum í hag.

Flutningsmenn telja mikilvægt að tryggja jafnræði skattþegnanna gagnvart ríkisvaldinu varðandi endurákvörðun skatta. Verði til dæmis breytingar á lagatúlkun skattþegni í vil skal hann eiga ótvíræðan rétt til þess að krefjast endurákvörðunar á skattgreiðslum sínum sex ár aftur í tímann með sama hætti og skattyfirvöld hafa talið sér heimilt að endurákvarða skatt verði slíkar breytingar til hagsbóta fyrir ríkissjóð. Frumvarpinu er einnig ætlað að ná til allra annarra atriða sem kunna að leiða til þess að skattþegn hafi ofgreitt skatta, svo sem ef skattþegn kemst að því að hann hafði heimild til að draga tiltekinn rekstrarkostnað frá tekjum eða fær vitneskju um ívilnun í skattalögum sem hann hefur ekki nýtt sér til hagsbóta. Skiptir ekki máli í því sambandi hvaða atvik breytast skattþegni í vil, hvort heldur um er að ræða ný gögn, aukna vitneskju um meðferð tiltekinna skattkrafna eða breytta lagatúlkun. Gert er ráð fyrir að skattaðili muni í öllum þeim tilvikum eiga rétt á endurákvörðun skatta. Þó munu slík-

ar breytingar eðli málsins samkvæmt ekki ná til þess ef gerðar eru breytingar á skattalögum. Slíkar lagabreytingar munu einungis hafa áhrif frá gildistökudegi.

Mjög mikilvægt er að það komi skýrt fram í lögum að um rétt skattaðila til endurákvörðunar er að ræða. Af því leiðir að fyrningarfrestur byrjar ekki að líða vegna þessara skattkrafna fyrr en endurákvörðun hefur farið fram. Ekki verður hróflað við þeim fyrningarfresti sem gildir um skattkröfur eftir að þær eru orðnar til. Einnig er rétt að geta þess að ekki er hróflað við þeim ákvæðum laga sem gilda um endurgreiðslu oftekinna skatta þar sem greitt er umfram rétta álagningu. Um slíkar greiðslur munu lög nr. 29/1995 gilda eftir sem áður.

Taka ber fram að frumvarpinu er ekki ætlað að breyta venjuhelgaðri framkvæmd skattyfirvalda við endurupptöku mála skattaðila í hag. Í sumum tilvikum hefur ríkisskattstjóri með vísan til 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, endurákvarðað skattaðila skatt lengra en sex ár aftur í tímann mæli sérstakar ástæður með því.

Ekki er víst að frumvarp þetta nái til allra skatta og opinberra gjalda. Flutningsmönnum hefur ekki gefist kostur á því að gera heildstæða úttekt á þeim málsmeðferðarreglum sem gilda um endurákvörðun skatta og opinberra gjalda hér á landi. Þess vegna er kveðið á um það í ákvæði til bráðabirgða að fjármálaráðherra hlutist til um að gerð verði úttekt á öllum tegundum skatta og opinberra gjalda hér á landi og tryggi í framhaldi að jafnræðis sé gætt milli skattyfirvalda og skattþegna við ákvörðun slíkra skatta og gjalda með breytingu á öllum lögum sem varða endurákvörðun skatta og opinberra gjalda eða með setningu sérstakra laga um málsmeðferðarreglur sem gildi um alla skattastjórnsýsluna.

174. Frumvarp til laga [171. mál]

um hjálmanotkun hestamanna.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigríður Jóhannesdóttir.

1. gr.

Menn á hestbaki skulu bera viðurkenndan hlífðarhjálm á höfði. Forráðamaður barns skal sjá um að barnið fylgi ákvæði þessarar greinar.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eigi skal þó refsa fyrir brot framin gegn 1. gr. fyrr en eftir 1. janúar 2000.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Umsagnir sem bárust allsherjarnefnd um málið voru allar jákvæðar og er vitnað til þeirra í niðurlagi þessarar greinargerðar.

Þótt hestamennska tengist fyrst og fremst ánægju og árangri er hún þó langt frá því hættulaus. Hesturinn er kraftmikil skepna og við ákveðnar aðstæður getur skapast mikil slysahætta

í umgengni við hann. Því miður eru dæmin mörg þar sem illa hefur farið, fólk slasast eða jafnvel látið lífið. Í mörgum tilvikum hefði mátt koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar með meiri varúðarráðstöfunum. Mesta hættan er í sambandi við höfuðmeiðsli og því sjálfsagt að draga úr henni eins og kostur er. Besta ráðið til þess er notkun hlífðarhjálma sem vissulega hefur farið vaxandi á undanförnum árum en er þó hvergi nærri nógu almenn. Lögfesting skyldunotkunar hjálma virðist nauðsynleg til úrbóta í þessu efni og er í rauninni sjálfsögð á sama hátt og ökumenn vélhjóla eru skyldaðir til að nota öryggishjálma.

Margir atvinnumenn í hestamennsku setja reglur um notkun hjálma á námskeiðum og í skipulögðum hestaferðum. Það skýtur því skökku við þegar þeir fara ekki sjálfir eftir eigin reglum en það er því miður algengt og skapar hættulegt fordæmi. Það viðhorf er of algengt að notkun hlífðarhjálms sé veikleikamerki og ekki við hæfi bestu hestamanna, það sé hins vegar til marks um öryggi, hæfni og þor að þurfa ekki á slíku að halda. Slíkt viðhorf ber vott um mikið ábyrgðarleysi.

Við upphaflegan undirbúning þessa frumvarps var reynt að afla skráðra upplýsinga um slys tengd hestamennsku hér á landi, en það reyndist ekki auðunnið verk á þeim tíma. Á því hefur nú orðið ánægjuleg breyting. Hjá Slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur hófst skipuleg skráning slysa í tengslum við hestamennsku á síðasta ári og niðurstöðurnar má sjá í meðfylgjandi fylgiskjali. Tölurnar tala sínu máli, en athygli vekur hve fjöldi höfuðáverka er mikill þegar litið er til staðsetningar áverka. Því miður kemur ekki fram hvort hlífðarhjálmar hafa komið við sögu í skráðum slysum.

Óskar Jónsson, læknir á Sjúkrahúsi Sauðárkróks, gerði yfirlit og samanburð á umferðarslysum og slysum í tengslum við hestamennsku á árunum 1984–90, en þar um slóðir hefur hestamennska verið mjög í hávegum höfð. Í samantekt Óskars segir m.a.:

„Í héraðinu eru u.þ.b. 4.400 íbúar. Á sjö ára tímabili, 1984–90, leita 215 læknis vegna umferðarslysa og 238 vegna hestaslysa. Þannig slasast heldur fleiri í hestaslysum en í umferðarslysum á þessu tímabili. Í umferðarslysahópi eru 53% á aldrinum 10–19 ára. Í hestaslysahópi eru 34% á aldrinum 10–19 ára.

Í umferðarslysahópi eru 21% með beinbrot eða liðhlaup, 26% með opin sár, 52% með minni áverka, 1% banaslys (2 einstaklingar).

Í hestaslysahópi er 25% með brot eða liðhlaup, 27,5% með opin sár, 47% með minni áverka, 0,5% banaslys (1 einstaklingur).

Algengasta orsök hestaslysa er fall af hestbaki (43%).

Þessi athugun leiðir í ljós að í Skagafirði, á árunum 1984–90, slasast fleiri í hestaslysum en í umferðarslysum og margir hljóta alvarlega áverka."

Þá fór Óskar einnig yfir slysabók sjúkrahússins á Sauðárkróki árin 1992–96. Sú yfirferð leiddi í ljós að enn hafði slysunum fjölgað. Á þessu fimm ára tímabili leituðu 329 manns til sjúkrahússins eftir umferðarslys og 387 eftir slys sem tengdust hestamennsku. Á þessum árum leituðu að jafnaði tæplega 80 manns á hverju ári til sjúkrahússins vegna hestaslysa en um 66 vegna umferðarslysa.

Þessar upplýsingar hljóta að vekja menn til umhugsunar og viðbragða. Algild notkun hlífðarhjálma er ein besta vörnin gegn slysum í tengslum við hestamennsku. Því er þetta frumvarp flutt.

Eins og fyrr er getið voru umsagnir um frumvarpið til allsherjarnefndar á síðasta þingi allar jákvæðar.

Frumvarpið var til umfjöllunar í Umferðarráði og voru ráðsmenn hlynntir lögfestingu þess. Í umsögn ráðsins kom fram að hjálmaskylda hestamanna styrkti almenna umræðu um gagnsemi hjálma í umferðinni og mikilvægi þeirra sem forvarnar gegn höfuðmeiðslum.

Slysavarnafélag Íslands lýsti fullum stuðningi við frumvarpið og skýrði frá því að það hefur undanfarin ár sent bréf til félagasamtaka í hestamennsku og hvatt þau til að koma á almennri notkun hlífðarhjálma meðal félagsmanna. Í umsögn Slysavarnafélagsins er m.a. bent á eftirfarandi: „Ef þær upplýsingar sem fram koma úr Skagafirði eru yfirfærðar prósentuvís yfir landið er hægt að gera sér í hugarlund hversu ástandið er alvarlegt á landsvísu varðandi slysatíðni tengd hestamennsku.“

Læknaráð við Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki lýsti í umsögn stuðningi við frumvarpið og lét í ljósi það álit að hjálmanotkun væri til þess fallin að draga úr alvarlegum höfuðáverkum hestamanna.

Loks skal vitnað orðrétt í umsögn Ólafs Ólafssonar landlæknis: „Hjálmanotkun hestamanna er skynsamlegt ráð. Helstu mótrökin eru að hjálmanotkun hefti frelsi manna. Ég veit engin dæmi þess að hjálmanotkun hestamanna hafi skert frelsi manna eða dregið úr baráttu fyrir frjálsræði í þjóðfélaginu. En dæmi veit ég um að hjálmanotkun hafi skilað mönnum heilum hildi frá og þá væntanlega betur í stakk búnum til þess að berjast fyrir frelsi og mannréttindum en ella.“

Fylgiskjal.

Komur á Slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna hrossaslysa.

(Október 1997 til september 1998.)

Staðsetning áverka.

Áverkar á	**Fjöldi**
höfði	26
hálsi	12
brjóstkassa	19
kvið, mjóbaki, lendahrygg og mjaðmagrind	17
öxl og upparmi	16
olnboga og framarmi	24
úlnlið og hendi	18
mjöðm og læri	9
hné og fótlegg	16
ökkla og fæti	14

Kyn og aldursdreifing.

Aldur, ár	**Fjöldi**		
	Karlar	*Konur*	*Alls*
5–9	3	6	9
10–14	2	10	12
15–19	4	11	15
20–24	3	5	8
25–29	4	8	12
30–34	8	5	13
35–39	9	7	16
40–44	8	6	14
45–49	7	9	16
50–54	6	3	9
55–59	5	7	12
60–64	3	2	5
70–74	2	3	5
75–79		1	1
80–84	1		1
Alls	65	83	148

175. Svar [72. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um dagsektir vegna umgengnisbrota.

1. *Hve oft hefur dagsektum verið beitt vegna umgengnisbrota skv. 38. gr. barnalaga?*

Frá gildistöku barnalaga 1. júlí 1992 hefur alls fjórum sinnum verið úrskurðað um dagsektir á grundvelli 38. gr. laganna.

Við embætti sýslumannsins í Reykjavík voru kveðnir upp tveir slíkir úrskurðir árið 1995, báðir á hendur sama aðilanum, og einn úrskurður árið 1997. Sýslumaðurinn í Keflavík hefur kveðið upp einn úrskurð á grundvelli ákvæðisins, það var á árinu 1995.

2. *Hversu oft hefur fjárnámsheimild sömu greinar verið beitt til að innheimta dagsektir?*

Fjárnámsheimild ákvæðisins hefur verið beitt alls þrisvar sinnum.

Við embætti sýslumannsins í Reykjavík hafa tvær fjárnámsgerðir farið fram á grundvelli dagsektarúrskurða, báðar hjá sama aðila. Fjárnámsandlag fyrri gerðarinnar var selt nauðungarsölu án þess að nokkuð kæmi upp í dagsektakröfuna. Nýtt fjárnám var gert á grundvelli úrskurðarins en það var árangurslaust og sektarþoli hefur verið tekinn til gjaldþrotaskipta. Sýslumaðurinn í Keflavík hefur einu sinni beitt fjárnámsheimildinni, fjárnámið var árangurslaust og leiddi til gjaldþrotaskipta.

3. *Hve miklar upphæðir hefur ríkissjóður innheimt samtals vegna dagsekta?*

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds hefur engin innheimta dagsekta vegna umgengnisbrota skilað sér í ríkissjóð.

4. *Hvert er mat ráðuneytisins á gildi slíkra sekta í ljósi reynslunnar?*

Ekki hefur oft þurft að grípa til heimildar 38. gr. barnalaga til að koma á umgengni milli barns og foreldris. Af þeirri reynslu má draga þá ályktun að heimildin hafi nokkur varnaðaráhrif, þótt ómögulegt sé að meta þau með nokkurri vissu. Það bendir vissulega fremur til virkra varnaðaráhrifa úrræðisins að í þeim tilfellum sem komið hefur til úrskurðar og fjárnámsgerða hafa engar eignir verið fyrir hendi þegar til átti að taka. Ljóst er að ríkissjóður hefur ekki hagnast á dagsektum enn sem komið er.

Þau úrræði sem beitt er í grannlöndum okkar til að þvinga fram umgengni barns og foreldris eru annars vegar dagsektir og hins vegar innsetningargerð. Fyrir dyrum stendur endurskoðun á ýmsum ákvæðum barnalaga. Eitt þeirra atriða sem verða skoðuð verður hvort rétt sé að leggja til þá breytingu á ákvæðum barnalaga að auk heimildar til að leggja á dagsektir sem úrræði til að þvinga fram umgengni geymi þau heimild til að koma á umgengni með innsetningargerð.

176. Frumvarp til laga [172. mál]

um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Árni R. Árnason, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnlaugur M. Sigmundsson.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lífeyrissjóður er eign sjóðfélaga sinna. Innstæða eða réttindi samkvæmt samningi um tryggingavernd eru eign rétthafa.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Eiganda lífeyrissjóðs skv. 5. mgr. 1. gr. eða rétthafa skv. 1. mgr. er óheimilt að framselja, veðsetja eða ráðstafa á annan hátt eign sinni í lífeyrissjóði, innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign nema með samkomulagi skv. 1.–3. tölul. 3. mgr. 14. gr. Ekki verður gerð aðför í eign í lífeyrissjóði eða í réttindum samkvæmt slíkum samningi og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða eignina eða réttindin á nokkurn hátt.

3. gr.

Á eftir orðinu „sjóðfélaga“ í fyrri málslið 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: sem og hlutdeild hans í hreinni eign til greiðslu lífeyris.

4. gr.

Á undan 29. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs. Heimild til að sitja félagsfund hafa sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra. Stjórn lífeyrissjóðs boðar til félagsfundar. Henni ber að boða félagsfund innan viku ef sjóðfélagar með $\frac{1}{10}$ atkvæðavægis eða endurskoðendur sjóðsins krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Til félagsfundar skal boðað með dagskrá í auglýsingu í fjölmiðlum með minnst fjögurra vikna og mest sjö vikna fyrirvara.

Atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fer eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum þeirra eftir nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Sjóðfélagi getur veitt öðrum skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði sitt á félagsfundi. Slíkt umboð gildir aldrei lengur en tvö ár og það má afturkalla hvenær sem er.

Aðila sem ber beina ábyrgð á skuldbindingum lífeyrissjóðs eða ábyrgð á breytilegu iðgjaldi til hans er þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. heimilt að fara með meiri hluta atkvæða á félagsfundi sjóðsins og við stjórnarkjör skv. 5. mgr. samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins.

Árlega skal halda félagsfund, ársfund, í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Í fundarboði skal auglýst eftir framboðum til stjórnar og gefa tveggja vikna framboðsfrest. Á ársfundi skal taka fyrir skýrslu stjórnar, ársreikninga, tryggingafræðilega úttekt, fjárfestingarstefnu, laun stjórnar og tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal kjósa beint á aðalfundi eða með almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu fyrir ársfund.

5. gr.

30. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einungis þriðjungur eigna landsmanna eru í eigu einstaklinga og fyrirtækja þeirra. Hinn hluti eignanna er í eigu ríkis og sveitarfélaga, samvinnufélaga eða sjálfseignarfélaga með óljóst eignarhald. Einkaeign hefur minnkað mjög ört á þessari öld með vexti ríkisvaldsins, aukinni þátttöku þess í atvinnurekstri og myndun lífeyrissjóða. Eignarskattur er þáttur í þessari þróun en hann flytur eignir einstaklinga yfir ákveðnum mörkum til ríkisins á 70 ára fresti miðað við 1,45% eignarskatt.

Ríkið á m.a. margar sjúkrastofnanir, skóla, samgöngumannvirki og hluti í orkufyrirtækjum og öðrum stærstu atvinnufyrirtækjum landsins að ótöldum þjóðlendunum. Það á miklar fasteignir og jarðir. Sveitarfélögin eiga m.a. lendur, skólabyggingar og hluti í stórum atvinnufyrirtækjum og orkufyrirtækjum. Allur orkugeirinn, sem á eignir að svipaðri stærðargráðu og útgerðir landsins, er í opinberri eign; sömuleiðis stærsti hluti fjármálamarkaðarins. Sparisjóðir eru að mestu sjálfseignarstofnanir. Samvinnufélög og mjólkursamlög eru í óbeinni eða óljósri eign félagsmanna. Sérstakt fyrirbæri er Eignarhaldsfélag Brunabótafélagsins þar sem sveitarfélög „erfa“ borgara sína. Sívaxandi vægi skipulagsreglna hefur að auki skert umráð einstaklinga yfir eignum sínum þannig að spurningar hljóta að vakna um gildi eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar.

Til viðbótar öllu þessu koma svo lífeyrissjóðirnir sem hafa vaxið gífurlega eftir að verðtryggingin tryggði eignir þeirra og löggjafinn skyldaði alla landsmenn til að greiða minnst 10% af launum sínum til lífeyrissjóðs. Ekki liggur ljóst fyrir hver á þessar miklu og hraðvaxandi eignir. Markmiðið með frumvarpinu er að taka af allan vafa um að þær séu eign sjóðfélaga hvers lífeyrissjóðs.

Skoðun þeirra sem leggja áherslu á framtak og frumkvæði einstaklinga í stað opinberrar forsjár er að betra sé fyrir þjóðfélagið í heild að eignir séu í eigu einstaklinga en ekki hins opinbera. Einstaklingur hugsar betur um eign sína en opinber starfsmaður sem engra beinna hagsmuna hefur að gæta. Þess vegna sé brýnt að sporna við þeirri þróun að sífellt meiri eignir komist í hendur opinberra aðila eða óljósra eigenda; finna beri einstaklinga sem eigendur að sem flestum eignum. Hafa ber í huga að þjóðfélagið er ekkert annað en hópur einstaklinga og þeir hljóta því að eiga á einn eða annan hátt allar eignir sem fyrirfinnast.

Ekki hefur verið ljóst hverjir eru eigendur lífeyrissjóða. Sjóðfélagar eiga réttindi hjá sjóðunum en hver fer með forræði þeirra eigna sem standa á móti réttindunum? Ef farið væri eftir iðgjaldinu, sem yfirleitt skiptist í 4% iðgjald launþega og 6% iðgjald launagreiðanda, mætti draga þá ályktun að launþegar ættu 40% af eignum sjóðanna og launagreiðendur 60%. Sú ályktun er í samræmi við upphafið að stofnun lífeyrissjóða, en þeim var ætlað að taka við framfærsluábyrgð vinnuveitenda. Þessi siðferðilega ábyrgð er ævaforn og felst í því að bónda bar að sjá hjúi sínu farborða eftir langa þjónustu ef vinnuþrek þess dvínaði sökum elli eða örorku.

Þrátt fyrir þessa skiptingu, 40% og 60%, eru stjórnir flestra lífeyrissjóða skipaðar jafnt af samtökum atvinnurekenda og verkalýðsfélögum.

Uppbygging velferðarkerfis með almannatryggingar sem þungamiðju hefur flutt framfærsluábyrgðina frá atvinnurekanda til ríkis og sveitarfélaga. Skylduaðild launþega að lífeyrissjóði með lagaboðum árin 1974 og 1980, sem og lög nr. 129/1997, dregur enn frekar

fram þennan flutning á framfærsluábyrgð til ríkisins. Enginn gerir lengur kröfu til fyrrverandi launagreiðanda að hann hlaupi undir bagga með manni sem lendir í kröggum vegna elli eða örorku. Kröfum er beint til ríkis eða sveitarfélaga. Þar sem engin ábyrgð atvinnurekenda á framfærslu launþegans er lengur fyrir hendi er ekki hægt að réttlæta að atvinnurekendur eigi hlut í lífeyrissjóðunum.

Skipting iðgjalds í 4% og 6% er hluti af kjarasamningum og í raun marklaus. Hækka mætti laun allra landsmanna um 6% iðgjaldshlut atvinnurekenda og launþegar greiddu 9,434% (=10%/1,06) af hækkuðu launum og báðir aðilar væru eins settir eftir breytinguna.

Þegar launþegi lýkur starfi hjá atvinnurekanda af einhverri ástæðu á hann kröfu á lífeyrissjóðinn en ekki atvinnurekandinn. Það sýnir e.t.v. best að sjóðfélagarnir eigi lífeyrissjóðinn en ekki aðrir, enda er talað um hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris.

Getur löggjafinn blandað sér í málefni lífeyrissjóðanna á þann hátt sem hér er lagt til? Því er til að svara að með lögum settum árið 1974 var öllum launþegum gert rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps Með lögum nr. 55/1980 náði þessi aðildarskylda einnig til allra annarra sem þiggja laun fyrir störf sín. Lögin fjölluðu um lítið annað; ekkert um lágmarkstryggingavernd, hvort og hvernig sjóðirnir geti staðið við loforð sín, hvernig öryggi fjármuna verði tryggt eða hvernig ráðstöfun fjár skuli háttað; heldur ekkert um það hver eigi lífeyrissjóðina eða hvernig eigandinn geti haft áhrif á ráðstöfun eignar sinnar. Ekki var tekið á samspili almannatrygginga og lífeyrissjóðanna. Sautján árum seinna var loks tekið á fjórum fyrstu atriðunum með lögum nr. 129/1997.

Lagasetningin hefur fyrst og fremst stuðlað að almennri þátttöku landsmanna í lífeyrissjóðum eins og glöggt má sjá á fjölda þeirra sem aðild hafa átt að lífeyrissjóðum á hverju ári. Þessi lagasetning (1974 og 1980) var talin nauðsynleg vegna þess að samningar aðila vinnumarkaðarins frá 1969, um skylduaðild launþega að hinum nýstofnuðu lífeyrissjóðum, höfðu ekki áhrif sem skyldi. Þannig stuðlaði Alþingi að því að lífeyrissjóðakerfið varð svo almennt sem raun er á. Miklar eignir lífeyrissjóðanna urðu til fyrir aðgerðir löggjafans. Spurning vaknar hvort Alþingi sé ekki aðeins heimilt heldur skylt að kveða á um hver sé eigandi að fénu sem safnast saman eftir að það skyldaði fólk til að greiða til lífeyrissjóða og hvort því beri ekki að tryggja að eigandi fjárins geti tekið þátt í ráðstöfun þess og ávöxtun.

Árið 1980 var svo komið að lífeyrissjóðirnir voru ófærir um að standa við skuldbindingar sínar vegna neikvæðra vaxta og óðaverðbólgu. Þeir stóðu frammi fyrir gífurlegri skerðingu lífeyris því að eignir þeirra gufuðu upp. Með verðtryggingunni sem heimiluð var með lögum frá Alþingi (Ólafslögum) var stöðu þeirra bjargað. Það er svo aftur önnur hlið á þeirri medalíu að hinar miklu eignir þeirra byggðust upp vegna mjög hárra raunvaxta á tímabili sem ollu hörmungum á meðal skuldara; gjaldþrotum, eignamissi og skilnuðum. Sérstaklega komu breytilegir (síhækkandi) raunvextir í bakið á lántakendum. Nú er hins vegar komin upp sú staða vegna lækkandi raunvaxta, sem með sama áframhaldi verða komnir niður fyrir 3,5% um mitt næsta ár, að vegið er að grundvelli lífeyrissjóðakerfisins sem byggist á 3,5% raunvöxtum. Aftur var það löggjafinn sem greip inn í atburðarásina.

Tillögur sem hér eru lagðar fram eru samhljóða breytingartillögum sem fluttar voru við frumvarp sem varð að lögum nr. 129/1997. Þeim var þá hafnað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er afdráttarlaust kveðið á um að sjóðfélagar eigi lífeyrissjóðinn sinn. Sömuleiðis er kveðið á um að séreign samkvæmt samningi um tryggingavernd, sbr. 1. mgr. 8. gr., sé eign rétthafa.

Um 2. gr.

Hér er lagt bann við veðsetningu, framsali eða annarri ráðstöfun þess eignarhluta sem sjóðfélagi á í lífeyrissjóði samkvæmt ákvæðum 1. gr. Slíkt bann var til staðar varðandi ráðstöfun á innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign. Undanþegin er ráðstöfun til maka skv. 3. mgr. 14. gr. laganna. Enn fremur er lagt bann við aðför eða annarri skerðingu á þessari eign. Þetta er í samræmi við þá grundvallarhugsun laganna að með skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé verið að firra ríkið ábyrgð á skakkaföllum við tekjumissi sem einstaklingurinn verður fyrir vegna örorku, dauða um aldur fram eða langlífis. Það væri í andstöðu við þau markmið ef eignin gæti orðið að engu vegna fjárhagslegra vandræða einstaklingsins einhvern tíma á ævinni.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að jafnframt því að senda sjóðfélaga árlega upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt skuli einnig senda honum upplýsingar um hversu stóran hlut hann á í hreinni eign til greiðslu lífeyris í krónum talið. Verg eign hvers lífeyrissjóðs, þ.e. hrein eign til greiðslu lífeyris, á ætíð að vera jafnhá framtíðarskuldbindingum sjóðsins að frádregnum skuldbindingum vegna framtíðariðgjalda innan 5%–10% skekkjumarka, sbr. 39. gr. Skuldbinding lífeyrissjóðs er reiknuð sem summa af skuldbindingu einstakra sjóðfélaga. Þannig er hægt að skipta hreinni eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris á milli sjóðfélaga hans í hlutfalli við hlut hvers sjóðfélaga í heildarskuldbindingu sjóðsins. Hér er kveðið á um að sjóðfélaginn verði upplýstur um það hversu stóran hlut hann á í lífeyrissjóðnum sínum.

Ef eignum allra lífeyrissjóða er deilt með fjölda vinnandi fólks og lífeyrisþega kemur í ljós að sjóðfélagar eiga um 2 millj. kr. að meðaltali hjá lífeyrissjóðnum sínum.

Um 4. gr.

Stjórnir lífeyrissjóða hafa yfirleitt verið skipaðar til helminga af samtökum atvinnurekenda og launþega, en sú skipan mála grundvallast á hugmyndinni um framfærsluábyrgð vinnuveitenda. Þá voru það hagsmunir atvinnurekenda að sjóðirnir væru vel reknir. En eftir að framfærsluábyrgðin færðist til ríkis og sveitarfélaga eru ekki forsendur fyrir aðild atvinnurekenda að stjórnum lífeyrissjóða.

Samkvæmt 30. gr. laganna er gert ráð fyrir að sjóðfélagar megi mæta á ársfund lífeyrissjóðs síns með umræðu- og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Þó að ekki sé komin mikil reynsla á þessa fundi kemur það illa við sjóðfélagana að vera eins og annars flokks fólk án áhrifa á stjórn lífeyrissjóðsins. Sjóðfélagarnir eiga þó allt undir því í ellinni að sjóðirnir séu vel reknir og engir aðrir hafa hagsmuni af góðum eða slæmum rekstri lífeyrissjóðsins.

Með þessari grein er tryggt að sjóðfélagi geti haft áhrif á fjárfestingu eignar sinnar í sjóðnum með því að hann verði virkur á félagsfundum. Lagt er til að um félagsfundi lífeyrissjóða gildi svipaðar reglur og um hluthafafundi hlutafélaga. Reglur um atkvæðavægi eru þó vandmeðfarnar en hagsmunaárekstur verður óhjákvæmilega milli eldri og yngri sjóðfélaga við val á forsendum við tryggingafræðilega úttekt, sérstaklega við mat á þeirri ávöxtun sem vænst er að sjóðurinn nái næstu áratugi.

Lífeyrissjóður sýnir betri stöðu ef reiknað er með hárri ávöxtun og þá er að öðru óbreyttu hægt að hækka lífeyri til þeirra sem nú fá lífeyrisgreiðslur. Það verða því hagsmunir eldri sjóðfélaga að reikna með hárri ávöxtun. Hins vegar þarf að skerða lífeyri líðandi stundar ef reiknað er með lágri ávöxtun en við það verður sjóðurinn sterkari en ella í fjarlægri framtíð þegar yngri sjóðfélagar hefja töku lífeyris.

Gert er ráð fyrir að atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fari eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum þeirra en ekki er kveðið nánar á um hvernig það skuli gert. Gert er ráð

fyrir að þessi vandi verði leystur með nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Atkvæðavægi og þar með áhrif eldri sjóðfélaga verða mikil ef eingöngu er miðað við áunnin réttindi eða inneign. Þeir hefðu því hugsanlega of mikil ítök. Ef miðað er við höfðatölu fá þeir sem eiga mjög lítil réttindi, t.d. vegna hlutastarfs, of mikil ítök. Þeir geta auk þess átt atkvæðisrétt í tveimur eða þremur sjóðum samtímis. Koma má í veg fyrir það með því að miða við þann rétt sem sjóðfélaginn kemur til með að ávinna sér um starfsævina (framreiknaðan rétt), en þá er hugsanlegt að yngri sjóðfélagar fái of mikil ítök miðað við hagsmuni þeirra. Lausnin gæti falist í því að miða við blöndu af áunnum og framreiknuðum réttindum.

Þegar aðili, t.d. ríkissjóður eða sveitarfélag, ber ábyrgð á lífeyrissjóði, beina eða óbeina, er eðlilegt að hann hafi öll tök á stjórn sjóðsins og breytingum á samþykktum hans því að hann á allt undir því að skynsamlega sé staðið að rekstri sjóðsins.

Nauðsynlegt getur verið að grípa til póstatkvæðagreiðslu ef aðstæður eru þannig að sjóðfélagar geta ekki kosið beinni kosningu á félagsfundi. Það getur átt við ef lífeyrissjóðurinn er mjög fjölmennur eða sjóðfélagar mjög dreifðir, t.d. sjómenn.

Um 5. gr.

Eðlilegt verður að telja að ákvæði um félagsfund komi á undan ákvæðum um stjórn sem kosin er á félagsfundi. Því er lagt til að ákvæði um félagsfund komi í stað 30. gr. en verði jafnframt á undan 29. gr.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

177. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sesselju Árnadóttur frá félagsmálaráðuneyti.

Frumvarpið er til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 10. júlí 1998 en þau voru sett til að taka af vafa um gildistöku sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Samkvæmt ákvæðum laganna áttu þau að öðlast gildi 1. júní 1998, en þau voru hins vegar ekki birt fyrr en 5. júní 1998. Mátti ályktа, með hliðsjón af 7. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, að þetta leiddi til þess að lögin öðluðust ekki gildi fyrr en 1. október 1998. Með bráðabirgðalögunum voru tekin af öll tvímæli um að gildistaka laganna væri við birtingu þeirra, 10. júlí 1998, en ekki 1. október 1998. Var þannig eytt þeirri réttaróvissu sem hafði skapast um gildistöku sveitarstjórnarlaganna.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Kristján Pálsson og Arnbjörg Sveinsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. okt. 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm., með fyrirvara. Siv Friðleifsdóttir. Einar K. Guðfinnsson.

Magnús Stefánsson. Pétur H. Blöndal.

178. Frumvarp til fjáraukalaga [173. mál]

fyrir árið 1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1998, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**9.104,0**	**9.487,0**
Skattar á tekjur og hagnað	2.119,0	2.536,0
Tryggingagjöld	651,0	639,0
Eignarskattar	-16,0	-112,0
Skattar á vörur og þjónustu	6.350,0	6.424,0
Aðrar rekstrartekjur	107,0	57,0
Sala eigna	-121,0	-121,0
Tekjur samtals	**9.090,0**	**9.423,0**
Forsætisráðuneyti	148,8	148,8
Menntamálaráðuneyti	407,0	407,0
Utanríkisráðuneyti	336,6	336,6
Landbúnaðarráðuneyti	388,4	388,4
Sjávarútvegsráðuneyti	60,3	60,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	301,2	301,2
Félagsmálaráðuneyti	251,1	251,1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	641,6	641,6
Fjármálaráðuneyti	10.599,0	1.407,0
Samgönguráðuneyti	415,4	446,4
Iðnaðarráðuneyti	53,0	53,0
Viðskiptaráðuneyti	14,8	14,8
Umhverfisráðuneyti	93,8	93,8
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-400,0	-1.150,0
Gjöld samtals	**13.311,0**	**3.400,0**
Tekjujöfnuður	**-4.221,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-4.221,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	8.650,0
Fjárheimildir sem ekki leiða til gjaldfærslu í reikninga ársins	1.288,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	2.717,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	446,0
Handbært fé frá rekstri	**8.880,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt löng lán	2.275,0
Afborganir veittra lána	-290,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	-1.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**985,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**9.865,0**
Fjármögnun	
Tekin löng lán	-2.750,0
Afborganir lána	-7.148,0
Fjármögnun samtals	-9.898,0
Breyting á handbæru fé	**-33,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

6. Ýmis ákvæði.

6.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta, eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

6.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 6.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	1.799,0	2.225,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	-30,0	11,0
1.1.5.1	Skattar á söluhagnað, arð og vaxtatekjur	350,0	300,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**2.119,0**	**2.536,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**2.119,0**	**2.536,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	590,0	603,0
2.4	Tryggingagjöld, ótalin annars staðar	61,0	36,0
	Tryggingagjöld	**651,0**	**639,0**
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	134,0	38,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	30,0	30,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-180,0	-180,0
	Eignarskattar	**-16,0**	**-112,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur, nettó	5.774,0	5.924,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	86,0	85,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	15,0	-10,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	322,0	321,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-200,0	-204,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	0,0	3,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	113,0	115,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	150,0	72,0
5.1.2.20.1	Skemmtanaskattur	0,0	-20,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**6.260,0**	**6.286,0**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	0,0	17,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	85,0	116,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	5,0	5,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**90,0**	**138,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**6.350,0**	**6.424,0**
	Skatttekjur, samtals	**9.104,0**	**9.487,0**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur, leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	113,0	111,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	16,0	16,0
	Arðgreiðslur og leigutekjur frá öðrum opinberum aðilum	**129,0**	**127,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	-81,0	-150,0
	Arðgreiðslur, leigutekjur	**48,0**	**-23,0**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	59,0	80,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**107,0**	**57,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. söluhagnaður**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-121,0	-121,0
	Sala eigna, samtals	**-121,0**	**-121,0**
	Heildartekjur samtals	**9.090,0**	**9.423,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	5,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,8

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	1,0
1.23 Hrafnseyri	3,0
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	4,0
1.53 Landafundanefnd	13,5
1.90 Ýmis verkefni	5,5
1.91 Heimssýning í Lissabon	17,0
Almennur rekstur samtals	44,0
Gjöld samtals	**44,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Viðhaldsverkefni:	
5.20 Stjórnarráðshús	19,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,0

01-221 Byggðastofnun

Stofnkostnaður:	
6.01 Byggðastofnun	45,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,0
01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	
Stofnkostnaður:	
6.01 Nýframkvæmdir	25,0
6.21 Fasteignir	10,0
Stofnkostnaður samtals	35,0
Gjöld samtals	**35,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,0
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**148,8**
Greitt úr ríkissjóði	**148,8**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-221 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	13,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,5

02-235 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum

Stofnkostnaður:	
6.60 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum	50,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,0

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.90 Byggingarframkvæmdir	50,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.14 Sérkennsla	20,0
1.40 Framhaldsskólar, óskipt	155,0
Almennur rekstur samtals	175,0
Gjöld samtals	**175,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	175,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	30,0

	m.kr.
6.92 Vesturfarasetrið á Hofsósi	15,0
6.93 Listaskálinn í Hverageröi	12,0
Stofnkostnaður samtals	57,0
Gjöld samtals	**57,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,0

02-973 Þjóðleikhús

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðleikhús	39,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	9,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,5

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.82 Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000	35,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,0

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.91 Aðildargjöld ESB	-34,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-34,0

m.kr.

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.30 Bridgesamband Íslands 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

02-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**407,0**
Greitt úr ríkissjóði	**407,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.53 Þýðingamiðstöð 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 12,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,8

03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNES(

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO 5,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,3

03-320 Sendiráð, almennt

Stofnkostnaður:
6.21 Sendiráð Íslands í Berlín 102,0
6.23 Sendiráð Íslands í London 17,0
6.24 Sendiráð Íslands í París 180,0
Stofnkostnaður samtals 299,0

Gjöld samtals **299,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	299,0
03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	
Almennur rekstur:	
1.23 Aðstoð Íslands við norðvesturhérað Rússlands	14,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**336,6**
Greitt úr ríkissjóði	**336,6**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	4,8
1.90 Ýmis verkefni	20,0
Almennur rekstur samtals	24,8
Gjöld samtals	**24,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,8

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	25,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Landgræðsla ríkisins	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.90 Sérstök verkefni	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	145,0

	m.kr.
1.02 Lífeyrissjóður bænda	5,0
Almennur rekstur samtals	150,0
Gjöld samtals	**150,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Bændasamtök Íslands	9,6
Stofnkostnaður:	
6.97 Jarðræktarframlög o.fl.	170,0
Gjöld samtals	**179,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	179,6

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**388,4**
Greitt úr ríkissjóði	**388,4**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.42 Verktakasamningur um upplýsingaöflun	10,0
1.53 Ár hafsins	4,8
1.90 Ýmislegt	2,5
Almennur rekstur samtals	17,3
Gjöld samtals	**17,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,3

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

05-211 Kvótaþing

Almennur rekstur:	
1.01 Kvótaþing	5,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,0
Gjöld samtals	**15,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0
Hlutdeild í ríkistekjum	5,0

05-213 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:	
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs	10,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**20,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**60,3**
Greitt úr ríkissjóði	**55,3**
Hlutdeild í ríkistekjum	**5,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 21,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,9

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 4,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,7

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Opinber réttaraðstoð 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri 2,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 2,0

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík 111,0

Sértekjur:
Sértekjur 4,5

Gjöld umfram tekjur **115,5**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	110,0
Hlutdeild í ríkistekjum	5,5

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:	
1.20 Fíkniefnamál	1,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5

06-390 Ýmis löggæslukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	50,0
1.14 Löggæsla í Bosníu	1,7
Almennur rekstur samtals	51,7
Gjöld samtals	**51,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,7

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	2,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,9

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	11,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,7

m.kr.

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Stofnkostnaður:
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðkirkja Íslands 48,1

Stofnkostnaður:
6.26 Prestbústaður að Laufási í Eyjafirði 8,0

Gjöld samtals **56,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,1

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kristnisjóður 5,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,2

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **301,2**
Greitt úr ríkissjóði **293,7**
Hlutdeild í ríkistekjum **7,5**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

07-311 Jafnréttisráð

Almennur rekstur:
1.12 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 38,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,3

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 146,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 146,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 16,8
1.90 Ýmis framlög 41,0
Almennur rekstur samtals 57,8

Gjöld samtals **57,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,8
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**251,1**
Greitt úr ríkissjóði	**251,1**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	8,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,5

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-200,0
Almennur rekstur samtals	-200,0
Gjöld samtals	**-200,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-803,0
Hlutdeild í ríkistekjum	603,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	25,0
1.15 Lyf	60,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	12,0
Almennur rekstur samtals	97,0
Gjöld samtals	**97,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	97,0

m.kr.

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 14,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,8

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi 5,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,7

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisspítalar 352,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 352,0

m.kr.

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur 373,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 373,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa ..... -296,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -296,0

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Stofnkostnaður:
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 22,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.53 Tóbaksvarnir 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Stofnkostnaður:
6.21 Sjúkrastofnanir SÁÁ, byggingastyrkur 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

m.kr.

08-431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaðarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ 21,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,5

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 126,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 126,3

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkraflutningar 8,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,2

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 21,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,6

m.kr.

08-574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli 2,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,8

08-575 Heilsugæslustöðin Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hellu 2,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,8

08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 3,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,6

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 4,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,4

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 1,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,4

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 641,6
Greitt úr ríkissjóði 38,6
Hlutdeild í ríkistekjum 603,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirskattanefnd	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	8.653,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	-17,0
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	-5,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	721,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	-2,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	-6,0
Almennur rekstur samtals	9.344,0
Gjöld samtals	**9.344,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	152,0
Viðskiptahreyfingar	9.192,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	300,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	300,0

m.kr.

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur ..... -250,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -250,0

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:
6.24 Tryggingastofnun ríkisins 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 1.058,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.058,0

09-995 Skýrsluvélakostnaður

Stofnkostnaður:
6.02 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 13,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **10.599,0**
Greitt úr ríkissjóði **1.407,0**
Hlutdeild í ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **9.192,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	15,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,4

10-211 Vegagerðin

Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	119,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	119,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	8,0
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnamannvirki	285,9
Gjöld samtals	**293,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	293,9

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	9,8
Almennur rekstur samtals	9,8
Gjöld samtals	**9,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**5,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,1

m.kr.

10-472 Flugvellir

Stofnkostnaður:
6.80 Flugvellir, framkvæmdir ..... -18,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0
Viðskiptahreyfingar ..... -31,0

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur **415,4**
Greitt úr ríkissjóði **327,4**
Hlutdeild í ríkistekjum **119,0**
Viðskiptahreyfingar ..... **-31,0**

11 Iðnaðarráðuneyti

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 45,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,0

11-301 Orkustofnun

Stofnkostnaður:
6.21 Fasteignir 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **53,0**
Greitt úr ríkissjóði **53,0**
Hlutdeild í ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál 12,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,8

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppnisstofnun 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **14,8**
Greitt úr ríkissjóði **14,8**
Hlutdeild í ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 16,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,8

Gjöld samtals **20,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,8

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.23 Ýmis umhverfisverkefni 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur 2,4

Gjöld umfram tekjur **2,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,4

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

m.kr.

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	15,0
1.12 Skipulag miðhálendis	10,0
Almennur rekstur samtals	25,0
Gjöld samtals	**25,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	13,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**16,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,0

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	1,0
Almennur rekstur samtals	1,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Viðhald fasteigna	20,0
Gjöld samtals	**21,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,9
Gjöld umfram tekjur	**18,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,1

	m.kr.
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**93,8**
Greitt úr ríkissjóði	**93,8**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-400,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1.150,0
Viðskiptahreyfingar	750,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**-400,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-1.150,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**750,0**

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	49,8
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	109,8
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	275,8
	Samtals	**435,4**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	14,0
	Samtals	**14,0**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta óta.	69,0
	Samtals	**69,0**
Almenn opinber þjónusta samtals		**518,4**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	191,8
	Samtals	**191,8**
03.2	Dómstólar	46,6
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	15,4
Löggæsla og öryggismál samtals		**253,8**
04.	**Fræðslumál**	
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	225,0
	Samtals	**225,0**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	63,5
	Samtals	**63,5**

	m.kr.
04.6 Önnur fræðslumál, óta.	10,0
Fræðslumál samtals	**298,5**
05. Heilbrigðismál	
05.1 Sjúkrahúsaþjónusta	
05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	486,7
05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	15,0
05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	48,5
Samtals	**550,2**
05.2 Heilsugæsla	
05.2.1 Almenn heilsugæsla	196,1
05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	3,5
Samtals	**199,6**
05.4 Lyf og hjálpartæki	60,0
05.6 Önnur heilbrigðismál	26,8
Heilbrigðismál samtals	**836,6**
06. Almannatryggingar og velferðarmál	
06.1 Almannatryggingar	
06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	-200,0
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	-233,2
Samtals	**-433,2**
06.2 Velferðarmál	
06.2.3 Málefni fatlaðra	38,3
06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	1,5
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta, óta.	50,0
Samtals	**89,8**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**-343,4**
07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.2 Skipulagsmál	107,7
Samtals	**107,7**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	**107,7**

	m.kr.
08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	2,0
08.0.2 Söfn, listir ofl.	140,5
08.0.4 Kirkjumál	61,3
Samtals	**203,8**
Menningarmál samtals	**203,8**
09. Eldsneytis- og orkumál	
09.2 Orkumál	
09.2.3 Orkumál, óta.	8,0
Samtals	**8,0**
Eldsneytis- og orkumál samtals	**8,0**
10. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	
10.1 Landbúnaðarmál	
10.1.1 Jarðræktarmál	9,0
10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	150,0
10.1.5 Dýralæknisþjónusta	25,0
10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	204,4
Samtals	**388,4**
10.3 Sjávarútvegsmál	
10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	43,0
10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	17,3
Samtals	**60,3**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals	**448,7**
11. Iðnaðarmál	
11.2 Iðnaðarstarfsemi	45,0
Iðnaðarmál samtals	**45,0**

	m.kr.
12. Samgöngumál	
12.1 Landsamgöngur	
12.1.1 Vega- og gatnagerð	119,0
Samtals	**119,0**
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	293,9
Samtals	**293,9**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	-12,9
Samtals	**-12,9**
Samgöngumál samtals	**400,0**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	35,9
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	5,0
13.6 Önnur atvinnumál	45,0
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**85,9**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	-400,0
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	146,0
14.0.3 Önnur þjónusta	10.702,0
Samtals	**10.448,0**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**10.448,0**
Heildargjöld samtals	**13.311,0**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 1998

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	11.357,7
Önnur gjöld	479,9
Sértekjur	-0,7
Rekstrargjöld samtals	**11.836,9**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	150,0
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	146,0
Sjúkratryggingar	97,0
Lífeyristryggingar og félagsleg aðstoð	-200,0
Barnabætur	-250,0
Aðrar neyslu- og rekstartilfærslur	265,4
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**208,4**
Fjármagnskostnaður	**-400,0**
Viðhald	**39,0**
Fjárfesting	
Fasteignakaup og framkvæmdir í samræmi við ákvæði 7. gr. fjárlaga	599,0
Hafnaframkvæmdir	285,9
Jarðræktarframlög	170,0
Vegagerðin	119,0
Háskólar og framhaldsskólar	100,0
Heilbrigðisstofnanir	52,0
Annað	300,8
Fjárfesting samtals	**1.626,7**
Gjöld samtals	**13.311,0**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur og lögbundin framlög 1998

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
05-211	**Kvótaþing**	
	Skráningargjald	5,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	5,0
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	
	Áfengiseftirlitsgjald	2,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	2,0
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	
	Áfengiseftirlitsgjald	5,5
	Hlutdeild í ríkistekjum	5,5
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Mörkuð útgjöld	146,0
	Greitt úr ríkissjóði	146,0
08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Hluti í almennu tryggingagjaldi	603,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	603,0
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	3,5
	Greitt úr ríkissjóði	3,5
10-211	**Vegagerðin**	
	Þungaskattur	119,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	119,0
	Heildartekjur og lögbundin framlög	**884,0**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**884,0**
	Mismunur, skerðing	**0,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um hækkanir og niðurfellingar á fjárheimildum ýmissa liða fjárlaga ársins 1998. Tillögurnar eru í samræmi við framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu og ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld. Þá fylgja með frumvarpinu upplýsingar um breytingar á gildandi fjárveitingum fjárlagaliða, ýmist til hækkunar eða lækkunar, með hliðsjón af ónotuðum fjárheimildum og umframgjöldum þeirra í árslok 1997. Þær breytingar voru áður kynntar í frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1997.

Ný framsetning. Frumvarp til fjáraukalaga er nú í fyrsta sinn sett fram samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Því hafa lagagreinar frumvarpsins verið færðar í nýjan búning í samræmi við ákvæði þeirra laga og framsetningu sambærilegra lagagreina í fjárlögum ársins 1998. Helstu breytingarnar á lagagreinunum miðað við frumvarp síðasta árs eru í fyrsta lagi að felld eru niður ákvæði um breytingar á lánahreyfingum í 1. gr., rekstraryfirliti A-hluta ríkissjóðs. Í öðru lagi er nú tekin upp ný lagagrein sem verður 2. gr. frumvarpsins og sýnir breytingar á sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs. Þar koma fram rekstrarhreyfingar, fjármunahreyfingar og fjármögnun. Í þriðja lagi er sett fram ný 3. gr. í frumvarpinu þar sem tilgreindar eru breytingar á ákvæðum 5. gr. gildandi fjárlaga um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir. Í fjórða lagi er nú á eftir lagagreinum frumvarpsins birt sundurliðun 1, sem sýnir áætlaðar breytingar á tekjum A-hluta ríkissjóðs skipt niður á einstaka tekjuliði. Í fimmta lagi eru í sundurliðun 2 settar fram tillögur um breytingar á fjárveitingum einstakra fjárlagaliða og viðfangsefna. Framsetning þeirrar sundurliðunar er svipuð og var í 2. gr. frumvarps síðasta árs en sú breyting er gerð að þar er nú jafnhliða sýnt hvernig útgjöldum stofnana er mætt með greiðslu úr ríkissjóði, hlutdeild í ríkistekjum eða viðskiptahreyfingu. Loks eru á eftir sundurliðunum birt séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um breytingar á ríkisfjármálunum samkvæmt frumvarpinu. Þau yfirlit sýna breytingar á málaflokkaskiptingu gjalda, hagrænni skiptingu þeirra og mörkuðum tekjum.

Athygli er vakin á því að í samræmi við gildandi fjárlög eru fjárhæðir fyrir áætlaðar tekjur og fjárveitingar í frumvarpinu nú settar fram á rekstrargrunni, þ.e. miðað við álagðar tekjur og áfallnar skuldbindingar um útgjöld, en greiðsluhreyfingar eru einnig sýndar.

Flutningur á stöðu fjárheimilda milli ára. Í frumvarpi þessu er einnig tekin upp breytt tilhögun varðandi flutning umframgjalda og ónotaðra fjárheimilda milli ára. Í fyrri frumvörpum til fjáraukalaga hefur verið flutt sérstök tillaga um breytingar á fjárveitingum fjárlaga til lækkunar eða hækkunar með hliðsjón af lokastöðu fjárheimilda undangengins árs. Hafi t.d. orðið afgangur á rekstrarheimild stofnunar hefur fjárveiting hennar alla jafna verið hækkuð um sömu fjárhæð í fjáraukalögum ársins þar á eftir. Til einföldunar hefur þá flutt staða allra stofnana verið færð í einu lagi á liðinn 09-989 Launa- og verðlagsmál hjá fjármálaráðuneytinu en sundurliðun sýnd í sérstöku fylgiskjali. Staða liðins árs sem flutt er milli ára hefur því jafnan verið innifalin í heildargjöldum 1. greinar frumvarpsins. Í 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, er svohljóðandi ákvæði: *Að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.* Þetta ákvæði er talið vera fullnægjandi heimild til þess að ekki þurfi lengur að flytja sérstaka tillögu vegna flutnings á stöðu fjárheimilda milli ára í frumvarpi til fjáraukalaga. Afgangsheimildir og umframgjöld síðasta árs eru því ekki innifaldar í lagagreinum og sundurliðunum þessa frumvarps. Upplýsingar um flutta stöðu fjárheimilda eru aftur á móti birtar eftir sem áður í fylgiskjali með frumvarpinu og er fjallað um þær í greinargerðinni.

Endurskoðaðar afkomuhorfur 1998. Fjárlög ársins 1998 voru afgreidd með rúmlega 100 m.kr. tekjuafgangi. Heildartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 165,8 milljarðar króna en heildarútgjöld 165,7 milljarðar króna. Gert var ráð fyrir að lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs skilaði 4,8 milljarða króna afgangi og að skuldir ríkissjóðs yrðu greiddar niður sem því næmi.

Afkoma ríkissjóðs

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Breyting frá fjárlögum
Tekjur	165.810	174.900	9.090
Gjöld	165.677	177.700	12.023
Tekjujöfnuður	**133**	**-2.800**	**-2.933**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	891	12.704	11.813
Handbært fé frá rekstri	**1.024**	**9.904**	**8.880**
Fjármunahreyfingar	3.785	4.770	985
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**4.809**	**14.674**	**9.865**

Fjármálaráðuneytið hefur nú endurskoðað áætlanir um afkomu ríkissjóðs í ljósi upplýsinga sem liggja fyrir um framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu og miðað við horfur til ársloka. Sú endurskoðun bendir til að staðan í árslok verði talsvert önnur en fjárlög gerðu

ráð fyrir, eða að tekjuafgangur verði um 6,6 milljarðar króna, ef frá er talin 9,3 milljarða króna gjaldfærsla vegna endurmats á áföllnum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs sem greiða þarf í framtíðinni. Að lífeyrisskuldbindingunum meðtöldum stefnir hins vegar í um 2,8 milljarða króna bókfærðan halla í árslok. Að teknu tilliti til rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og til fjármunahreyfinga er talið að lánsfjárafgangur ríkissjóðs geti orðið um 14,7 milljarðar króna. Fyrirhugað er að bætt staða ríkissjóðs verði nýtt til að greiða niður skuldir hraðar en ella. Er það í fyrsta sinn í meira en hálfan annan áratug sem ríkissjóður þarf ekki að taka lán til að mæta fjárþörf vegna rekstrarhalla og lánveitinga.

Vakin er athygli á því að aukning fjárheimilda sem leitað er eftir með frumvarpinu nemur um 13,3 milljörðum króna en endurskoðuð áætlun um bókfærð útgjöld ársins gerir ráð fyrir að þau hækki um 12 milljarða króna. Kemur þetta fram í því að breyting á á afkomu ríkissjóðs verður um 1,3 milljarði króna hærri samkvæmt 1. gr. frumvarpsins en sýnt er í töflunni hér að ofan um áætlaða afkomu ríkissjóðs. Mismunurinn á fjárheimildunum og útgjaldaáætluninni skýrist af heimildum þar sem áætlað er að ekki verði færð á móti samsvarandi gjaldfærsla í ríkisreikning ársins 1998. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir í samræmi við reynslu fyrri ára að nokkur hluti fjárheimilda fjárlaga, einkum stofnkostnaðarheimildir, verði ekki nýttur að fullu á þessu ári heldur færist til næsta árs. Í öðru lagi er um að ræða umframgjöld tiltekinna stofnana sem færð voru til bókar í ríkisreikningi síðasta árs en leita þarf eftir fjárheimild fyrir í frumvarpinu til að mæta neikvæðri stöðu sem flutt verður til þessa árs. Sem dæmi má taka að í frumvarpinu er leitað eftir fjárheimild til að mæta rekstrarhalla ríkisspítala sem færður var í reikninga ársins 1997 en flyst milli ára og kemur til lækkunar á fjárheimild þessa árs. Jafnframt er nokkur óvissa um viðskiptaskuldir og eignir einstakra stofnana í lok yfirstandandi árs og endurspeglar frumvarpið því í takmörkuðum mæli þær hreyfingar og hugsanlegar yfirfærslur til næsta árs.

Hér á eftir er fjallað nánar um helstu breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við fjárlög ársins 1998.

1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um endurskoðaða áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1998. Fyrst eru dregnar saman helstu niðurstöður. Síðan er gerð grein fyrir tekjum ríkissjóðs á árinu 1998 og helstu frávikum frá áætlun fjárlaga. Umfjöllun um tekjur ríkissjóðs í þessum kafla miðast við rekstrargrunn sem sýnir álagðar tekjur á viðkomandi ári án tillits til þess hvenær þær innheimtast.

Breytt framsetning fjárlaga. Við undirbúning og gerð fjárlaga fyrir árið 1998 var í fyrsta sinn miðað við gjörbreytta uppgjörsaðferð í samræmi við ný lög um fjárreiður ríkisins. Meginbreytingin felst annars vegar í því að fjárlög og fjáraukalög eru nú sett fram

á sama grunni og ríkisreikningur, þ.e. rekstrargrunni. Hins vegar var flokkun ríkisaðila endurskoðuð sem leiddi til mikillar fjölgunar tekjuliða í fjárlögum þar sem nú eru m.a. ýmsar tekjur, sem áður töldust til sértekna ýmissa stofnana, færðar til tekna ríkissjóðs. Með þessum breytingum verður samanburður við fyrri ár afar erfiður. Hér á eftir er því fyrst og fremst horft til samanburðar við áætlun fjárlaga 1998 annars vegar og endurskoðaða áætlun hins vegar.

Tekjuhorfur 1998. Þegar fjárlög fyrir árið 1998 voru afgreidd í lok síðasta árs var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs yrðu 165,8 milljarðar króna. Í þeirri áætlun var gengið út frá þjóðhagsspá sem í meginatriðum var birt í þjóðhagsáætlun í október 1997. Þessi spá hefur nú verið endurskoðuð og sýnir allbreytta mynd frá því sem áður var áætlað eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Þannig er nú talið að heildartekjur ríkissjóðs verði rúmlega 9 milljörðum króna hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má nær alfarið rekja til mun meiri umsvifa í efnahagslífinu en búist var við í lok síðasta árs. Sérstaklega hefur innflutningur aukist og er þess nú vænst að virðisaukaskattur af innflutningi verði rúmlega 6 milljörðum króna meiri en áætlað var. Jafnframt eru launabreytingar mun meiri en ráðgert var og munu tekjuskattar einstaklinga skila 2,1 milljarði króna meira en áætlað var og tryggingagjöld um 0,7 milljörðum króna meira. Í heild er því talið að tekjur ríkissjóðs á árinu 1998 verði rúmlega 9 milljörðum króna hærri en áætlun fjárlaga, eða um 175 milljarðar króna.

Þjóðhagsforsendur tekjuáætlunar

Magnbreyting, %	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frávik frá fjárlögum
Einkaneysla	5,0	10,0	5,0
Samneysla	3,0	3,0	0,0
Fjárfesting	1,3	27,3	26,0
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	3,9	11,9	8,0
Útflutningur vöru og þjónustu	4,6	1,5	-3,1
Innflutningur vöru og þjónustu	5,9	22,6	16,7
Verg landsframleiðsla	3,5	5,2	1,7
Vísitala neysluverðs	3,0	1,6	-1,4
Ráðstöfunartekjur á mann	8,0	10,6	2,6
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	4,9	8,9	4,0

Forsendur tekjuáætlunar árið 1998. Þær stærðir sem mestu ráða um tekjur ríkissjóðs eru kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna, þ.e. heildartekjur að teknu tilliti til verðlagsþróunar og skattbreytinga, einkaneysla og almennur innflutningur. Allar þessar stærðir hafa tekið verulegum breytingum frá því sem áður var gert ráð fyrir. Samkvæmt nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar eykst kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna um tæplega 9% á árinu í

stað 5% samkvæmt forsendum fjárlaga. Þessa aukningu má rekja til hækkunar launa samkvæmt kjarasamningum, lækkunar tekjuskatts og minnkandi atvinnuleysis. Í kjölfarið er búist við að einkaneysla heimilanna aukist mun meira en áður var spáð, eða um 10% í stað 5,0%. Neysluaukningin kemur meðal annars fram í stórauknum innflutningi, einkum bifreiða og ýmissa heimilistækja auk þess sem ferðalög til útlanda hafa aukist. Þjóðhagsstofnun áætlar að almennur vöruinnflutningur aukist um 26% á árinu í stað 4,4% eins og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Hér á eftir er nánar fjallað um frávik einstakra liða frá áætlun fjárlaga.

Skipting ríkissjóðstekna 1998

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr	Áætlun 1998 m.kr	Frávik frá fjárlögum m.kr	Frávik frá fjárlögum %
1. Skatttekjur	**149.399**	**158.503**	**9.104**	**6,1**
Skattar á tekjur og hagnað	37.937	40.056	2.119	5,6
Einstaklingar	30.581	32.700	2.119	6,9
Lögaðilar	6.956	6.956	0	0,0
Ríkissjóður	400	400	0	0,0
Tryggingagjöld og launaskattar	15.295	15.946	651	4,3
Eignarskattar	8.059	8.043	-16	-0,2
Skattar á vörur og þjónustu	87.803	94.153	6.350	7,2
Virðisaukaskattur	53.936	59.710	5.774	10,7
Vörugjöld	20.832	21.318	486	2,3
Aðrir sértækir veltuskattar	6.749	6.749	0	0,0
Bifreiðaskattar	5.360	5.445	85	1,6
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	926	931	5	0,5
Aðrir skattar	305	305	0	0,0
2. Aðrar rekstrartekjur	**12.787**	**12.894**	**107**	**0,8**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.120	2.249	129	6,1
Vaxtatekjur	6.815	6.734	-81	-1,2
Neyslu- og leyfisgjöld.	3.297	3.297	0	0,0
Annað.	555	614	59	10,6
3. Sala eigna	**2.721**	**2.600**	**-121**	**-4,4**
5. Fjárframlög	**903**	**903**	**0**	**0,0**
Heildartekjur ríkissjóðs	**165.810**	**174.900**	**9.090**	**5,5**

Skattar á tekjur og hagnað. Búist er við að tekjuskattur einstaklinga skili um 2,1 milljarði króna í auknar tekjur á árinu 1998 umfram áætlun fjárlaga. Þessi hækkun stafar alfarið af meiri launabreytingum og minna atvinnuleysi en áður var gert ráð fyrir. Þar sem álagningu á lögaðila vegna ársins 1997 verður ekki lokið fyrr en í lok október er ekki tilefni til að endurskoða fyrri áætlun fyrr en við afgreiðslu fjárlaga. Því er ekki reiknað með breytingu á tekjuskatti lögaðila frá áætlun fjárlaga að svo stöddu.

Tryggingagjöld. Meiri launabreytingar en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga er meginskýring þess að tryggingagjöld eru talin verða tæplega 700 m.kr. hærri en í áætlun fjárlaga.

Eignarskattar. Búist er við að eignarskattar einstaklinga hækki um 160 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Á móti vega um 180 m.kr. minni tekjur af stimpilgjaldi. Ekki er vænst breytinga á eignarsköttum lögaðila að svo stöddu. Því bendir allt til að tekjur ríkissjóðs af eignarsköttum verði í samræmi við áætlun fjárlaga.

Skattar á vörur og þjónustu. Spáð er að heildartekjur ríkissjóðs af sköttum á vörur og þjónustu muni aukast um 6,4 milljarða króna frá áætlun fjárlaga. Þessi aukning skýrist fyrst og fremst af mun meiri innflutningi en spáð var. Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar eykst almennur innflutningur á vörum um 26% á árinu 1998 í stað 4,4% í forsendum fjárlaga. Af þessum ástæðum er talið að tekjur af virðisaukaskatti verði tæplega 5,8 milljörðum króna meiri en í áætlun fjárlaga. Það sem af er árinu hefur bifreiðainnflutningur verið um 25% meiri en á sama tíma á síðasta ári, en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að aukningin yrði um 8%. Því er gert ráð fyrir að tekjur af vörugjöldum af bifreiðum aukist um rúmlega 300 m.kr. Jafnframt aukast tekjur ríkissjóðs af öðrum innflutningsgjöldum. Vegna lækkandi heimsmarkaðsverðs á bensíni er hins vegar gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi af bensíni lækki um 200 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Aukinn fjöldi díselbifreiða hefur í för með sér að tekjur af þungaskatti verða um 100 m.kr. umfram áætlun fjárlaga.

2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur að undanförnu í samvinnu við önnur ráðuneyti lagt mat á fjárvöntun til einstakra verkefna og farið yfir tilefni til aukinna fjárveitinga með fjáraukalögum. Útgjöld ríkissjóðs á yfirstandi ári hafa verið endurskoðuð í ljósi þessara upplýsinga. Samkvæmt því endurmati eru nú horfur á að útgjöldin verði um 12 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða alls um 177,7 milljarðar króna. Þar af eru 9,3 milljarðar króna vegna endurmats á áföllnum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs sem koma til greiðslu í framtíðinni. Að þeim frátöldum nemur frávikið á gjaldahliðinni um 2,7 milljörðum króna og jafngildir það 1,6% af heildarútgjöldum samkvæmt fjárlögum.

Eins og vikið er að í inngangi greinargerðarinnar eru fjárheimildirnar sem sótt er um í frumvarpinu um 1,3 milljörðum króna hærri en útgjaldaáætlunin. Sá mismunur er vegna heimilda sem þarf að leita eftir þótt ekki verði færð á móti þeim samsvarandi gjaldfærsla í ríkisreikning ársins 1998, heldur í reikning liðins árs eða næsta árs. Einnig er vakin athygli á því að flutningur á stöðu fjárheimilda, bæði frá síðasta ári og til næsta árs, veldur því að

tölur um áætlaða útkomu ársins verða ekki í öllum tilvikum nákvæmlega þær sömu og fjárheimildirnar sem sótt er um með frumvarpinu.

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs 1998

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1998 m.kr.	Áætlun 1998 m.kr.	Breyting frá fjárlögum m.kr.	Breyting frá fjárlögum %
Rekstrargjöld	**63.616**	**74.800**	**11.184**	**18**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**69.131**	**69.000**	**-131**	**0**
Lífeyristryggingar	16.475	16.275	-200	-1
Sjúkratryggingar	8.643	8.743	100	1
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.188	5.338	150	3
Barnabætur	4.500	4.250	-250	-6
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.869	3.019	150	5
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	31.456	31.375	-81	0
Fjármagnskostnaður	**16.200**	**15.800**	**-400**	**-2**
Viðhald	**3.833**	**3.873**	**40**	**1**
Fjárfesting	**12.897**	**14.227**	**1.330**	**10**
Samtals	**165.677**	**177.700**	**12.023**	**7**

Rekstrarkostnaður er nú talinn verða um 11,2 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Endurmat á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs í kjölfar nýrra kjarasamninga við ríkisstarfsmenn veldur mestu um þá hækkun, eða sem nemur um 9,3 milljörðum króna, eins og nánar er greint frá í skýringum um einstaka fjárlagaliði frumvarpsins. Af hækkunum annarra rekstrargjalda, alls um 1,9 milljarðar króna, vegur þyngst að launagjöld stofnana, einkum heilbrigðisstofnana, vegna kjarasamninga, aðlögunarsamninga og úrskurða kjaranefndar eftir afgreiðslu fjárlaga aukast um 1 milljarð króna frá því sem reiknað hafði verið með. Því til viðbótar er gert ráð fyrir um 650 m.kr. útgjöldum til að gera upp uppsafnaðan rekstrarhalla heilbrigðisstofnana. Þá má nefna að útgjöld aukast um 180 m.kr. vegna reksturs framhaldsskóla og um 130 m.kr. vegna reksturs löggæslustofnana.

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru áætlaðar 69 milljarðar króna á árinu, eða 130 m.kr. lægri en í fjárlögum. Gert er ráð fyrir að greiðslur vegna búvöruframleiðslu vaxi um 150 m.kr. vegna hækkunar á grundvallarverði mjólkur frá janúar sl. í samræmi við ákvæði búvörusamnings. Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eykst um 150 m.kr. vegna hlutdeildar í auknum skatttekjum ríkissjóðs og útsvarsstofni. Nokkrar breytingar verða á útgjöldum sjúkratrygginga, bæði til hækkunar og lækkunar, en samtals er áætlað að þau verði um 100 m.kr. hærri en miðað var við í fjárlögum. Á móti vegur að reiknað er með að

greiðslur barnabóta lækki um 250 m.kr. þar sem þær eru tekjutengdar og að útlit er fyrir að greiðslur lífeyristrygginga verði um 200 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga, einkum vegna tekjutryggingar og fæðingarorlofs.

Fjármagnskostnaður er talinn verða 400 m.kr. lægri en miðað var við í forsendum fjárlaga. Skýrist það af því að dregið hefur úr þörf fyrir skammtímalán auk þess sem erlendar skuldir hafa verið greiddar meira niður en áætlað var.

Viðhald og stofnkostnaður stefnir í að verða um 1,4 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar munar mest um 600 m.kr. viðbótarútgjöld í tengslum við heimildir 7. gr. fjárlaga og eru þá meðtalin lóða- og fasteignakaup vegna sendiráðanna í Berlín og París. Þá eru nærri 300 m.kr. til flýtingar á framkvæmdum hafnaáætlunar og 170 m.kr. til uppgjörs á eldri jarðræktarframlögum. Reikna má með því að hluti stofnkostnaðarframlaga muni þó ekki koma til útgreiðslu á þessu ári heldur færist til næsta árs.

Ónotaðar fjárveitingar og umframgjöld frá árinu 1997. Eins og nánar er greint frá í inngangi greinargerðarinnar er gert ráð fyrir að greiðslustaða fjárlagaliða gagnvart heimildum í lok liðins árs verði sem fyrr flutt til þessa árs, og komi þar með til lækkunar eða hækkunar á fjárveitingum gildandi fjárlaga. Þessar fjárráðstafanir verði þó ekki hluti af lagagreinum frumvarpsins heldur byggi málsmeðferð þeirra á ákvæði í lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að flutningur á stöðu fjárheimilda milli ára verði sambærilegur við það sem verið hefur. Flutningurinn byggir á viðmiðunarreglum þar sem einkum er horft til þess hvort útgjöld eru bundin, t.d. af lagaákvæðum, eða eru fremur á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Meginreglan er að umframgjöldum og ónotuðum fjárveitingum í rekstri er ráðstafað til næsta árs. Sama gildir um afgangsheimildir til viðhalds og fjárfestingar þegar framkvæmdum er ólokið. Á tilfærsluliðum er hins vegar almennt gert ráð fyrir að umframgjöld og ónotaðar fjárveitingar falli niður, enda ráðast þær greiðslur í flestum tilvikum af ákvæðum laga eða samninga.

Í yfirlitinu hér að neðan er sýnt hvernig hækkanir og lækkanir á fjárveitingum yfirstandandi árs vegna stöðu í lok síðasta árs skiptast eftir ráðuneytum og hagrænni flokkun. Þar hefur verið tekið tillit til breytinga á framsetningu fjárlagaliða innan og milli ráðuneyta í fjárlögum 1998 miðað við árið áður. Í nokkrum tilvikum hefur þetta áhrif á heildarfjárhæðir ráðuneyta og getur valdið lítils háttar misræmi við talnayfirlit um sama efni sem áður voru birt með frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1997.

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra fjárveitinga og umframgjalda 1997

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald
00 Æðsta stjórn ríkisins	17,5	10,1	-	-1,5
01 Forsætisráðuneyti	40,6	15,9	9,1	63,5
02 Menntamálaráðuneyti	301,6	681,2	167,4	401,5
03 Utanríkisráðuneyti	72,4	31,1	138,7	91,4
04 Landbúnaðarráðuneyti	34,0	93,5	37,6	-23,6
05 Sjávarútvegsráðuneyti	91,5	16,9	16,3	16,7
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	204,6	220,2	-0,9	18,0
07 Félagsmálaráðuneyti	181,8	156,3	141,7	26,1
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	342,7	287,2	43,5	45,8
09 Fjármálaráðuneyti	135,1	72,2	94,5	162,9
10 Samgönguráðuneyti	57,2	26,6	67,9	34,9
11 Iðnaðarráðuneyti	70,3	18,8	10,7	-1,9
12 Viðskiptaráðuneyti	2,1	14,7	1,4	-
13 Hagstofa Íslands	11,4	5,2	5,1	-14,8
14 Umhverfisráðuneyti	124,8	78,6	26,3	38,2
Samtals	**1.687,6**	**1.728,5**	**759,3**	**857,2**

Með flutningi á stöðu fjárheimilda milli ára er fyrirhugað að fjárveitingar til reksturs stofnana árið 1998 verði hækkaðar sem nemur afgangi þeirra af rekstrarheimildum ársins 1997, eða sem nemur 1.688 m.kr. Á móti verða rekstrarfjárveitingar stofnana samkvæmt gildandi fjárlögum lækkaðar um 1.728 m.kr. vegna umframgjalda í rekstri þeirra á síðasta ári. Þá verði á sama hátt fluttar fjárheimildir að fjárhæð 760 m.kr. vegna ónotaðra tilfærsluframlaga í árslok 1997. Loks verði fluttar heimildir sem svari til ónotaðra fjárveitinga til stofnkostnaðar og viðhalds árið 1997, eða samtals 857 m.kr. Með þessu móti verði fluttar heimildir alls að fjárhæð 1.575 m.kr. milli ára í samræmi við stöðu á fjárlagaliðum ráðuneyta í lok síðasta árs. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að nettóstaða afgangsheimilda og umframgjalda ýmissa fjárlagaliða sem nemi um 1.300 m.kr. falli niður og færist ekki milli ára. Sundurliðun þessara fjárráðstafana eftir einstökum fjárlagaliðum og viðfangsefnum ráðuneyta er sýnd í fylgiskjölum 1 og 2.

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins

Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs var áætlað um einn milljarður króna í fjárlögum fyrir árið 1998. Eins og nú horfir er gert ráð fyrir að handbært fé aukist um 8,9 milljarða króna miðað við fyrri áætlun. Skýrist það að mestu af aukningu tekna umfram útgjöld þegar tekið hefur verið tillit til þess að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar hafa ekki áhrif á sjóðstreymi ársins 1998 þar sem þær koma ekki til greiðslu fyrr en í framtíðinni.

Fjármunahreyfingar eru nú taldar auka sjóðsinnstreymi um nálægt einn milljarð króna og verða þær þá um 4,8 milljarðar króna samanborið við 3,8 milljarða króna í fjárlögum. Þar munar mest um að áætlað er að veitt löng lán lækki um 2,3 milljarða króna frá fjárlögum. Skýrist það í fyrsta lagi af því að lánveitingar til Byggingasjóðs ríkisins verða um einum milljarði króna lægri en ráðgert var í fjárlögum. Í öðru lagi verða endurlán til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins talsvert minni en ætlað var þar sem framkvæmdum við smíði nýs hafrannsóknaskips seinkar að stórum hluta fram á næsta ár. Í þriðja lagi frestast lántökur og framkvæmdir við Flugstöð Leifs Eiríkssonar um eitt ár. Á móti vegur að útlit er fyrir að sala hlutabréfa og eignarhluta í ríkisfyrirtækjum skili einum milljarði króna minna í ríkissjóð en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga og að afborganir af veittum lánum lækka um 0,3 milljarða króna. Gert hefur verið ráð fyrir þessum breytingum á lánveitingum ríkissjóðs í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999.

Að teknu tilliti til breytinga á handbæru fé frá rekstri og innstreymi fjár vegna fjármunahreyfinga er þannig gert ráð fyrir að hreinn lánsfjárafgangur aukist um 9,9 milljarða króna og verði um 14,7 milljarðar króna í stað 4,8 milljarða króna samkvæmt fjárlögum. Bætt greiðslustaða ríkissjóðs verður nýtt til að greiða niður meira af skuldum en áætlað var í fjárlögum. Kemur það fram í fjármögnunarliðum sjóðstreymisins á þann veg að tekin löng lán lækka um 2,8 milljarða króna frá fjárlögum og verða 9,9 milljarðar króna en afborganir af teknum lánum vaxa um 9,9 milljarða króna og verða um 24,6 milljarðar króna.

Við setningu fjárlaga fyrir árið 1998 voru lánsfjárheimildir sem áður voru afgreiddar í sérstöku frumvarpi til lánsfjárlaga felldar inn í fjárlögin í samræmi við ákvæði laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Við þá breytingu voru felld út ákvæði um að fjármálaráðherra geti heimilað aðilum sem njóta ríkisábyrgðar að skuldbreyta lánum sínum þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast. Var þá gert ráð fyrir að heimild til slíkra ráðstafana væri fyrir hendi í 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins. Eftir nánari athugun er hins vegar ekki talið ótvírætt að sú lagagrein tryggi slíka heimild. Af þeirri ástæðu eru viðeigandi ákvæði nú tekin upp undir lið 6, ýmis ákvæði, í 3. gr. þessa frumvarps. Sambærileg ákvæði hafa verið tekin upp í 5. gr. frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999.

Sjóðstreymi ríkissjóðs 1998

Í milljónum króna	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Breyting frá fjárlögum
Handbært fé frá rekstri	**1.024**	**9.904**	**8.880**
Fjármunahreyfingar			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-400	-400	0
Veitt löng lán	-9.585	-7.310	2.275
Afborganir veittra lána	6.620	6.330	-290
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-550	-550	0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.700	6.700	-1.000
Fjármunahreyfingar samtals	**3.785**	**4.770**	**985**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**4.809**	**14.674**	**9.865**
Fjármögnun			
Tekin löng lán	12.650	9.900	-2.750
Afborganir af teknum lánum	-17.452	-24.600	-7.148
Fjármögnun samtals	**-4.802**	**-14.700**	**-9.898**
Breyting á handbæru fé	**7**	**-26**	**-33**

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 148,8 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að 5,8 m.kr. viðbótarframlag verði veitt til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga um þjóðlendur sem samþykkt voru fyrr á þessu ári. Þar af fari 2,3 m.kr. til greiðslu kostnaðar við nýtt starf löglærðs fulltrúa og ritara í hálft ár, 2,0 m.kr. til greiðslu nefndalauna og annars kostnaðar tengdum henni og 1,5 m.kr. renni til eignakaupa. Á ársgrundvelli er talið að reksturskostnaður vegna laganna um þjóðlendur, nemi 8,8 m.kr. og er gert ráð fyrir þeim kostnaði í frumvarpi til fjárlaga 1999.

190 Ýmis verkefni. Farið er fram á samtals 44 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið. Í fyrsta lagi 1 m.kr. til greiðslu kostnaðar við úrskurðarnefnd upplýsingamála en hann hefur reynst meiri en gert var ráð fyrir. Bæði er að mál sem berast nefndinni eru fleiri en áætlað var og einnig hefur verið ákveðið að gefa út úrskurði nefndarinnar. Í öðru lagi 3 m. kr. til að greiða útistandandi kostnað við byggingu bæjar að Hrafnseyri við Arnarfjörð. Framkvæmdir voru að mestu kostaðar af frjálsum framlögum en leitað er eftir 1,5 m.kr. fjárheimild fyrir því sem á vantar. Þá eru 1,5 m.kr. vegna viðhalds á eldra húsnæði að Hrafnseyri. Í þriðja lagi 4 m.kr. til undirbúnings að 1000 ára afmæli kristnitöku sem hefur reynst vera viðameiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í fjórða lagi er farið fram á 13,5 m.kr. aukafjárveitingu til Landafundanefndar, en fjárveiting til hennar er 14,6 m.kr. í fjárlögum 1998. Af aukafjárveitingunni eru 10 m.kr. styrkur til kvikmyndagerðar og er það fyrsta greiðsla af samtals 49,3 m.kr. til þess verkefnis. Þá er farið fram á 3,5 m.kr. til að mæta almennum útgjöldum nefndarinnar. Í fimmta lagi 2,5 m.kr. til kjördæmanefndar sem skipuð var í upphafi ársins og nýlega hefur lokið störfum og skilað tillögum til forsætisráðherra. Í sjötta lagi er lagt til að veitt verði 3 m. kr. aukaframlag til að kosta starf nefndar um auðlindagjald sem þegar hefur hafið störf með víðtækri gagnaöflun. Ekki hafði verið gert ráð fyrir kostnaði við starfið í fjárlögum. Að síðustu er farið fram á að fjárheimild gildandi fjárlaga verði hækkuð um 17 m.kr. til að standa straum af kostnaði við þátttöku Íslands í heimssýningunni í Portúgal þar eð hann reyndist hærri en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Þar af eru 10 m.kr. virðisaukaskattur sem ekki hefur fengist endurgreiddur af sýningamunum eins og ráð var fyrir gert. Veitt var 40 m.kr. framlag til þessa verkefnis í fjárlögum 1998 og 20 m.kr. í fjáraukalögum 1997.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis. Óskað er eftir 19 m.kr. lokaframlagi til endurbyggingar Stjórnarráðshússins við Lækjartorg. Kostnaður við endurbyggingu hússins nam 89 m.kr. og keyptur var búnaður í húsið fyrir um 14 m.kr. Samanlagt hefur þegar verið veitt 85 m.kr. til verkefnisins.

221 Byggðastofnun. Gert er ráð fyrir 45 m.kr. aukaframlagi til stofnunarinnar vegna uppgjörs í tengslum við stuðning við atvinnuuppbyggingu á svæðum þar sem samdráttur í sauðfjárframleiðslu hefur verið mestur undanfarin ár.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Lagt er til að veitt verði 35 m.kr. aukafjárveiting á þessum lið sem skiptist í annars vegar þannig að 25 m.kr. verði varið til vegabóta á Þingvöllum í umsjá Vegagerðarinnar. Er það liður í vegabótum fyrir hátíð 1000 ára afmælis kristnitöku árið 2000. Áætlað er fyrir 50 m.kr. til framkvæmdanna í fjárlagafrumvarpi 1999 og er ráðgert að leita eftir 10 m.kr. fjárveitingu til þeirra á árinu 2000. Hins vegar verði 10 m.kr. varið til að kaupa upp sumarbústaði innan vébanda þjóðgarðsins á Þingvöllum. Hugmyndin er að skapa Þingvallanefnd svigrúm vegna hugsanlegra framkvæmda við mannvirki sem tengjast hátíðarhöldunum á Þingvöllum árið 2000.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 407 m.kr.

221 Kennaraháskóli Íslands. Farið er fram á 13,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu til Kennaraháskólans vegna uppsafnaðs rekstrarvanda, biðlauna og kostnaðar við sameiningu Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands.

235 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum. Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. aukafjárveiting til að hefja starf samkvæmt áætlun um rannsóknastarfsemi á sviði upplýsingatækni og umhverfismála. Í fjárlagafrumvarpi 1999 er gert ráð fyrir 65 m.kr. framlagi til verkefnisins og er áætlað að verkefnið fái árlegt framlag í fjárlögum til og með árinu 2003. Verklagsreglur Rannsóknarráðs gera ráð fyrir því að samið sé um einstök verkefni og að allt að þriðjungur kostnaðar verði greiddur við undirskrift samninga.

*318 **Framhaldsskólar, stofnkostnaður.*** Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. aukafjárveiting í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar um að ljúka fyrsta áfanga endurbóta á húsnæði Menntaskólans í Reykjavík og Sjómannaskólahúss. Unnið er að endurbótum á húsi menntaskólans að Þingholtsstræti 18 og smíði tengibyggingar milli þess og Casa Nova. Endurbætur á Sjómannaskólahúsi felast meðal annars í breytingum sem bæta kennsluaðstöðu. Gert er ráð fyrir því að fjárveitingin skiptist að jöfnu á milli verkefnanna.

*319 **Framhaldsskólar, almennt.*** Farið er fram á 175 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið sem skiptist þannig. Í fyrsta lagi 20 m.kr. vegna fjölgunar nemenda sem þurfa sérkennslu og meiri þjónustuþarfir en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 1998. Í fjárlagafrumvarpi 1999 er lagt til að framlag til sérkennslu hækki um 30 m.kr. frá fjárlögum. Í öðru lagi 40 m.kr. vegna kostnaðar við að flýta yfirvinnugreiðslum til kennara þeirra áfangakerfisskóla sem færðu starfstíma sinn fram um tvær vikur haustið 1998 í samræmi við heimild í kjarasamningi. Í þriðja lagi 10 m.kr. vegna kostnaðar sem leiðir af samningum við sjálfseignarstofnanir og félagasamtök um rekstur framhaldsskóla á Skógum og hússtjórnarskóla í Reykjavík og á Hallormsstað. Að lokum eru 105 m.kr. ætlaðar til að greiða uppsafnaðan kostnað Héraðsskólans í Reykholti, Verslunarskóla Íslands og Menntaskólans í Kópavogi. Rekstri Héraðsskólans í Reykholti var hætt á miðju ári 1997. Umframkostnað við Verslunarskóla Íslands má að stórum hluta rekja til fjölgunar nemenda í tölvunámi, umfram það sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Unnið er að því að afmarka rekstrarumfang Menntaskólans í Kópavogi í samráði við stjórnendur hans. Nemendum skólans hefur fjölgað örar en gert var ráð fyrir, sérstaklega í verknámi, auk þess sem rekstrarkostnaður verknámsins reyndist meiri en áætlað var fyrir. Tillaga um skiptingu fjárins milli skólanna þriggja verður lögð fyrir fjárlaganefnd fyrir afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi.

*969 **Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*** Gerð er tillaga um 57 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið sem skiptist þannig. Í fyrsta lagi 30 m.kr. til Endurbótasjóðs menningarstofnana vegna kostnaðar við endurbætur á Safnahúsinu við Hverfisgötu. Framkvæmdir á þessum lið eru fjármagnaðar með tekjum af sérstökum eignarskatti. Í öðru lagi 15 m.kr. styrk til uppbyggingar Vesturfaraseturs á Hofsósi. Að síðustu 12 m.kr. til að styrkja uppbyggingu Listaskálans í Hveragerði.

*973 **Þjóðleikhús.*** Gerð er tillaga um 39 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið. Annars vegar eru 25 m.kr. til þess að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla leikhússins. Hins vegar eru 14 m.kr. vegna aukinna greiðslna í lífeyrissjóð af launum starfsmanna frá ársbyrjun 1998 sem láðist að gera ráð fyrir þegar stofnunum voru bættar hækkanir lífeyrisiðgjalda við 3. umræðu fjárlagafrumvarps ársins 1998. Í fjárlagafrumvarpi ársins 1999 er áætlað fyrir þeim útgjöldum.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Lagt er til að hljómsveitinni verði veitt 9,5 m.kr. aukafjárveiting. Þar af eru 3,5 m.kr. vegna kostnaðar samkvæmt endurskoðuðum húsaleigusamningi hljómsveitarinnar og Háskólabíós. Þá eru 6 m.kr. vegna aukinna greiðslna í lífeyrissjóð af launum starfsmanna frá árbyrjun 1998 sem láðist að gera ráð fyrir þegar stofnunum voru bættar hækkanir lífeyrisiðgjalda við 3. umræðu fjárlagafrumvarps ársins 1998. Í fjárlagafrumvarpi ársins 1999 er áætlað fyrir þessum útgjöldum.

982 Listir, framlög. Farið er fram á 35 m.kr. framlag í fjáraukalögum til að hefja greiðslur til Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000. Nýlega var undirritaður samningur við Reykjavíkurborg um framlög ríkisins. Í frumvarpi til fjárlaga 1999 er gert ráð fyrir 50 m.kr. til verkefnisins.

985 Alþjóðleg samskipti. Greiðslur til ESB á árinu 1998 vegna aðildargjalda samkvæmt EES samningnum hafa verið inntar af hendi. Samtals voru greiddar 202,4 m.kr. Að auki verða greiddar á árinu 13,2 m.kr. vegna starfsmanna hjá ESB. Heildargreiðslur vegna þessara verkefna eru því áætlaðar um 216 m.kr. en í fjárlögum eru ætlaðar 250 m.kr. til þeirra. Lagt er til að mismunurinn, 34 m.kr., falli niður.

989 Ýmis íþróttamál. Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. aukafjárveiting til stuðnings við rekstur bridgesambandsins.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Lagt er til að veittar verði í fjáraukalögum 10 m.kr. til verkefna á sviði upplýsingamála í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Í fjárlagafrumvarpi 1999 er áætlað fyrir 135 m.kr. til verkefna á þessu sviði á fjárlagalið menntamálaráðuneytisins.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 336,6 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 3 m.kr. hækkun á fjárveitingu til þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins. Miðstöðin fékk tímabundið 5 m.kr. framlag í fjárlögum fyrir árið 1997 vegna þýðinga á viðauka I við EES-samninginn (heilbrigðisreglur). Framlagið var fellt niður í fjárlögum fyrir árið 1998. Um er að ræða fjórðung af rekstrarfé miðstöðvarinnar. Ekki hefur reynst mögulegt að draga svo mikið úr rekstrarkostnaði á þessu ári vegna aukinna þýðingarverkefna sem leiða af samningsskuldbindingum, m.a. vegna EES.

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að veitt verði 2,5 m.kr. aukafjárveiting til stuðnings við ritun á sögu landhelgismálsins á þessari öld. Gert er ráð fyrir þremur bindum sem koma út fyrir aldarafmælið. Á síðasta ári veitti ríkisstjórnin 1,5 m.kr. til undirbúnings ritsins.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að veitt verði 12,8 m.kr. viðbótarfjárveiting á viðfangsefni *1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli*. Samkvæmt nýjum fjárreiðulögum telst tollafgreiðslugjald til ríkistekna sem aðrar rekstrartekjur og er framsetning í fjárlögum 1998 í samræmi við það. Sértekjur innheimtuembætta lækka því frá því sem var árið 1997 en á móti hækkar fjárheimild um sömu fjárhæð. Við lokun bókhalds ársins 1997 urðu þau mistök að nýju skilgreiningunni var beitt við uppgjör hjá Sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli. Þannig lækkuðu sértekjur um 12,8 m.kr. frá því sem ella hefði orðið og afgangur embættisins lækkaði um þá fjárhæð. Á móti hækkuðu ríkistekjur um sömu fjárhæð og voru færðar í ríkissjóð. Þar sem búið er að loka bókhaldi s.l. árs og ný flokkun ríkistekna og sértekna er komin til framkvæmda þá er ekki hægt að koma leiðréttingu í gegnum bókhaldið með góðu móti. Er því lögð til hækkun fjárheimilda til tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli.

306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO. Farið er fram á 5,3 m.kr. aukafjárveitingu til að greiða leigu á tímabundnu húsnæði fyrir sendiherrann í París. Núverandi sendiherrabústaður hefur verið seldur í samræmi við heimild í 7. gr. fjárlaga. Á móti útgjöldunum myndast álíka háar vaxtatekjur af andvirði hins selda húsnæðis sem renna í ríkissjóð. Undirritaðir hafa verið samningar um kaup á nýrri íbúð sem verður væntanlega tekin í notkun í byrjun næsta árs.

320 Sendiráð, almennt. Óskað er eftir 299 m.kr. aukafjárveitingu til stofnkostnaðar á þessum lið og skiptist hækkunin á þrjú viðfangsefni. Í fyrsta lagi er leitað eftir 102 m.kr. fjárheimild til kaupa á lóð undir bústað sendiherra Íslands í Berlín. Starfsemi sendiráðs Íslands í Bonn verður flutt til Berlínar á næsta ári. Í 7. gr. fjárlaga 1998 er heimild til að selja sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað í Berlín. Utanríkisráðuneytið hefur nú þegar fest kaup á lóð í Berlín fyrir sendiherrabústaðinn en unnið er að því að selja eignina í Bonn. Lóðin fékkst á mjög góðu verði miðað við markaðsaðstæður, 83,2 m.kr. Að auki er gert ráð fyrir 3% umsýslukostnaði og 16 m.kr. í hönnunar- og undirbúningskostnað vegna byggingar á lóðinni. Sala á sendiráðinu í Bonn er talin munu skila 60 til 70 m.kr. í ríkissjóð. Áætlað er að ráðstöfunin feli því í raun í sér 30 til 40 m.kr. aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Í öðru lagi er óskað eftir 17 m.kr. viðbótarframlagi vegna endurnýjunar á langtímaleigusamningi fyrir sendiherrabústaðinn í London og endurbóta á húsnæðinu. Í fjáraukalögum ársins 1997 voru veittar 290 m.kr. til að mæta þessum útgjöldum. Þá

var reiknað með að ekki þyrfti að greiða virðisaukaskatt í Bretlandi af samningnum en nú liggur fyrir að stjórnvöld þar munu ekki veita slíka undanþágu. Aukinn kostnaður vegna þessa verður 8 m.kr. Að auki er viðbótarkostnaður vegna endurnýjunar húsbúnaðar um 9 m.kr.

Í þriðja lagi er lögð til 180 m.kr. aukafjárveiting til kaupa á íbúð fyrir sendiherra Íslands í París í samræmi við heimild í 7. gr. fjárlaga 1998. Fyrri sendiherrabústaður var seldur á síðasta ári fyrir 197 m.kr. eftir að allur kostnaður við söluna hafði verið greiddur. Gengið hefur verið frá kaupum á nýrri íbúð fyrir um 140 m.kr. Að auki er gert ráð fyrir 3% umsýslukostnaði og 36 m.kr. til endurbóta. Áætlað er að þessar eignabreytingar skili í heild sinni um 20 m.kr. í ríkissjóð.

391 ***Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.*** Farið er fram á 14 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna aðstoðar Íslands við norð-vesturhéruð Rússlands. Aðstoðin verður í formi sjávarafurða og í samvinnu við Rauða kross Íslands sem væntanlega mun leggja fram allt að 10 m.kr. til viðbótar við tillögu um aðstoð ríkisins. Rauði kross Íslands mun annast dreifingu á aðstoðinni.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 338,4 m.kr.

190 ***Ýmis verkefni.*** Óskað er eftir aukinni fjárheimild að fjárhæð 24,8 m.kr. á þessum lið sem skiptist þannig: Í fyrsta lagi 4,8 m.kr. vegna aðildargjalds Íslands til Norður-Atlantshafslaxveiðinefndarinnar, NASCO. Utanríkisráðuneytið fer með fyrirsvar Íslands í samtökunum. Fyrirhugað var í fjárlögum 1997 og 1998 að gera nýtt samkomulag sem fæli í sér lækkun á greiðsluviðmiðun aðildargjaldsins og ætlast til að hagsmunaaðilar fjármögnuðu kostnaðinn eftirleiðis. Þau áform hafa ekki gengið eftir. Í frumvarpi til fjárlaga 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu vegna aðildargjaldsins á fjárlagalið landbúnaðarráðuneytisins. Í öðru lagi 8 m.kr. til áframhaldandi uppkaupa á laxalögnum í sjó. Ríkisstjórnin veitti 2 m.kr. framlag til verkefnisins á árinu 1996 af ráðstöfunarfé sínu og ákvað síðan að beita sér fyrir viðbótarheimild að fjárhæð 6 m.kr. í fjáraukalögum ársins 1997 til þess að styrkja frekari uppkaup á netalögnum. Í fjárlagafrumvarpi 1999 er gert ráð fyrir 8 m.kr. framlagi til verkefnisins. Í þriðja lagi er farið fram á 10 m.kr. framlag til að styðja hrossarækt, sem orðið hefur fyrir tjóni af völdum smitandi hrossasóttar. Að lokum er farið fram á 2 m.kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar við tilraunir með hörrækt á þessu ári.

233 Yfirdýralæknir. Óskað er eftir 25 m.kr. aukafjárveitingu til embættisins. Annars vegar er um að ræða 5 m.kr. hækkun vegna kostnaðar sem embættið varð fyrir þegar óþekkt hrossasótt herjaði hér á landi á þessu ári. Ekki tókst að greina vírusinn sem olli sóttinni fyrr en í byrjun júní sl. Þegar hafa verið greiddar 2 m.kr. vegna þessa og er fyrirséður viðbótarkostnaður að fjárhæð 3 m.kr. Hins vegar er óskað eftir 20 m.kr. til að mæta auknum kostnaði á síðustu árum vegna EES aðildar, aukins innflutnings búfjár og búfjárafurða, nýrra laga um dýralækna og viðhalds gamalla sauðfjárveikivarnagirðinga. Í árslok 1997 var uppsafnaður vandi embættisins 29 m.kr. þótt embættið hafi fengið 15 m.kr. viðbótarframlag í fjáraukalögum 1997. Orsök vandans má að stórum hluta rekja til þess að Sauðfjárveikivarnir fóru á árinu 1997 um 20 m.kr. fram úr fjárheimildum. Stefnt er að lækkun á rekstrarkostnaði Sauðfjárveikivarna. Þrátt fyrir 20 m.kr. aukafjárveitingu, sem hér er lögð til, stefnir í um 15 m.kr. halla á rekstri embættisins. Á fjárlögum ársins 1999 er gert ráð fyrir 15 m.kr. aukningu á fjárheimildum til embættisins. Ætlast er til að þessar auknu fjárveitingar, ásamt aðgerðum embættisins til hagræðingar, dugi til að koma rekstri þess í gott horf.

311 Landgræðsla ríkisins. Óskað er eftir 4 m.kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar við viðgerð á hreyfli landgræðsluflugvélar stofnunarinnar eftir að kviknaði í honum um mitt þetta ár. Stofnunin er ekki tryggð fyrir tjóninu.

321 Skógrækt ríkisins. Gerð er tillaga um 5 m.kr. viðbótarframlag til þess að standa straum af kostnaði við skógræktaráætlanir sem stofnunin gerir í samstarfi við skógræktarfélög og aðra sem stunda skógrækt.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Farið er fram á samtals 150 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið. Beinar greiðslur til bænda vegna mjólkurframleiðslu hækka um 145 m.kr. vegna 5,2% hækkunar á grundvallarverði mjólkur í janúar sl. Samkvæmt upplýsingum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins er ekki búist við frekari verðlagsbreytingum á árinu. Þá hækkar framlag til lífeyrissjóðsins um 5 m.kr. vegna 5,2% hækkunar á grundvallarverði mjólkur í janúar sl.

811 Bændasamtök Íslands. Farið er fram á 179,6 m.kr. aukafjárveitingu á þessum fjárlagalið. Annars vegar eru 9,6 m.kr. vegna aukinna greiðslna í lífeyrissjóð af launum starfsmanna frá ársbyrjun 1998 sem láðist að gera ráð fyrir þegar stofnunum voru bættar hækkanir lífeyrisiðgjalda við 3. umræðu fjárlagafrumvarps ársins 1998. Í fjárlagafrumvarpi ársins 1999 er áætlað fyrir þessum útgjöldum. Hins vegar eru 170 m.kr. til að mæta kostnaði ríkisins af samningum við bændur vegna framkvæmda á lögbýlum sem teknar voru út og samþykktar af héraðsráðunautum á árunum 1992-1997. Heildar-

kostnaður við fullnaðaruppgjör á þessum framkvæmdum er 220 m.kr., en það er í samræmi við heimild í búnaðarlögum sem samþykkt voru á síðasta löggjafarþingi. Í fjárlögum 1998 er veitt 50 m.kr. framlag vegna uppgjörsins.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 60,3 m.kr.

190 ***Ýmis verkefni.*** Alls er farið fram á 17,3 m.kr. viðbótarfjárveitingu á þessum lið. Í fyrsta lagi er lögð til 10 m.kr. hækkun til viðfangsefnisins *1.42 Verktakasamningur um upplýsingaöflun* til að kaupa gagnagrunn Fiskifélagsins yfir aflaskýrslur. Áformað er að vinnsla aflaskýrslna sem til þessa hefur verið á hendi Fiskifélags Íslands flytjist til Hagstofu Íslands og Fiskistofu á næsta ári. Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin staðið fyrir því að árs hafsins verði minnst með ýmsum hætti og er óskað eftir 4,8 m.kr. til að mæta þeim kostnaði. Dagur hafsins var haldinn hátíðlegur þann 12. september sl. með opnu húsi margra sjávarútvegsfyrirtækja fyrir almenning. Samkeppni var haldinn um gerð veggspjalds í tilefni ársins. Kennsluleiðbeiningar um hafið og lífríki þess hafa verið teknar saman fyrir grunnskóla. Röð fyrirlestra um málefni hafsins var haldin á vegum Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands. Ráðstefna um virkjun mannauðs í þágu sjávarútvegs var haldin á Akureyri. Ráðherrar sjávarútvegs á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi héldu ráðstefnu hér á landi um ábyrga fiskveiðistjórnun. Loks eru ráðuneyti sjávarútvegs og umhverfis að vinna að kynningarefni fyrir almenning um ýmis mál er viðkoma hafinu, m.a. hafrannsóknir og nýtingu auðlinda hafsins. Að lokum er farið fram á 2,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu til greiðslu biðlauna tveggja starfsmanna Fiskifélags Íslands sem hafa unnið mál gegn ríkissjóði þess efnis að þeim beri að fá biðlaun.

202 ***Hafrannsóknastofnunin.*** Farið er fram á 8 m.kr. hækkun fjárheimildar til að greiða kostnað við rannsóknarleiðangur. Ríkisstjórnin samþykkti þann 29. janúar 1998 að gera út leiðangur til leitar að loðnu, síld og kolmunna til viðbótar við þann leiðangur sem farinn var í ársbyrjun 1998, þar sem sá leiðangur bar ekki árangur. Viðbótarkostnaður er 10 m.kr. en þar af mun stofnunin bera 2 m.kr. með endurskipulagningu annarra verkefna.

211 ***Kvótaþing.*** Lagt er til að hækka fjárheimild þessa fjárlagaliðar um 15 m.kr. Annars vegar er óskað eftir 5 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu rekstrarkostnaðar við Kvótaþing sem tók til starfa haustið 1998. Á móti rekstrarkostnaði þingsins koma jafn háar ríkistekjur sem það hefur af þóknunum fyrir skráningu á kvótatilboðum. Hins vegar er farið fram á 10 m.kr. til að mæta stofnkostnaði við Kvótaþing sem greiðist með fram-

lagi úr ríkissjóði. Annar kostnaður er borinn af ríkistekjum sem þingið mun hafa samkvæmt gjaldskrá sinni. Áætlað er fyrir rekstri Kvótaþings í frumvarpi til fjárlaga 1999.

213 Verðlagsstofa skiptaverðs. Óskað er eftir 20 m.kr. aukafjárveitingu á þessum fjárlagalið. Farið er fram á 10 m.kr. fjárveitingu til að standa undir rekstri Verðlagsstofu skiptaverðs á árinu 1998. Stofan tók til starfa um mitt ár 1998 og hefur verið staðsett á Akureyri. Ekki var gert ráð fyrir henni í fjárlögum yfirstandandi árs, enda var hún fyrst stofnuð með lögum nr. 13/1998. Að auki er óskað eftir 10 m.kr. til að standa straum af stofnkostnaði við stofuna. Gert er ráð fyrir kostnaði við rekstur Verðlagsstofu skiptaverðs í frumvarpi til fjárlaga 1999.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 301,2 m.kr.

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir 21,9 m.kr. viðbótarfjárheimild til aðalskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Annars vegar er lögð til 20,9 m.kr. aukafjárveiting til aðalskrifstofu vegna fjölgunar verkefna sem hafa leitt til aukins kostnaðar og viðvarandi erfiðleika í rekstri síðustu árin. Lögð er til sambærileg hækkun í fjárlagafrumvarpi 1999. Hins vegar er farið fram á 1 m.kr. hækkun fjárveitinga til að standa undir tímabundnum kostnaði við starf nefndar sem hefur, samkvæmt nýjum áfengislögum, það verkefni að kanna hvort æskilegt sé að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Gert er ráð fyrir að niðurstaða og skýrsla um starf nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi á þessu þingi.

201 Hæstiréttur. Óskað er eftir 4,7 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu biðlauna hæstaréttarritara en staðan var lögð niður með samþykkt nýrra dómstólalaga síðasta vor. Hæstaréttarritari á rétt á eins árs biðlaunum frá 1. júlí sl. að telja.

232 Opinber réttaraðstoð. Lögð er til 20 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna gjafsókna. Beiðnum hefur fjölgað verulega og útgjöld hafa aukist jafnt og þétt síðustu árin, eða úr 14 m.kr. 1995 í 29 m.kr. 1997. Á þessu ári stefnir í að kostnaður verði ríflega tvöfalt meiri en áætlað er í fjárlögum. Gert er ráð fyrir hækkun fjárveitinga í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár.

303 Ríkislögreglustjóri. Óskað er eftir 2 m.kr. hækkun fjárveitingar. Með breytingum á lögreglulögum sem gerðar voru í tengslum við samþykkt áfengislaga er tóku gildi 1. júlí 1998 er kveðið á um að Ríkislögreglustjóri skuli annast skipulag áfengiseftirlits á

landsvísu og að í því skyni verði sett á fót sérstök deild hjá embættinu. Gert er ráð fyrir tilfærslu á störfum og fjármunum innan embættisins og að kostnaðarauki vegna deildarinnar verði 4 m.kr. á ársgrundvelli en 2 m.kr. á þessu ári. Útgjaldaaukinn er fjármagnaður með ákveðnu hlutfalli ríkistekna af áfengisgjaldi.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Lögð er til 115,5 m.kr. viðbótarfjárheimild til embættisins og er tilefnið þríþætt. Í fyrsta lagi er óskað eftir 80 m.kr. viðbótarfjárheimild til lögreglustjórans í Reykjavík vegna rekstrarhalla fyrra árs og yfirstandandi árs. Með þessari fjárveitingu, tillögum um hækkun í fjárlagafrumvarpi 1999 og breytingum á vaktakerfi, innheimtu og skipulagi er rekstur embættisins orðinn traustur.

Í öðru lagi er lögð til 30 m.kr. hækkun fjárheimildar en í fjárlögum þessa árs var framlag til embættisins lækkað um samsvarandi fjárhæð. Því var ætlað að hagræða sem þeirri fjárhæð nam eða bæta innheimtu sekta. Í heimildarákvæði fjárlaga 1998 er kveðið á um að ráðstafa megi allt að 30 m.kr. af auknum tekjum ríkisins vegna bættrar sektarinnheimtu til embættisins. Talið er að bætt innheimta hjá embættinu muni leiða til ríflega 50 m.kr. tekjuauka ríkissjóðs.

Að lokum er farið fram á 5,5 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna eftirlits með vínveitingastöðum. Með áfengislögum sem tóku gildi 1. júlí 1998 er kveðið á um að lögreglan í Reykjavík skuli sinna eftirliti með vínveitingastöðum í stað sérstakra víneftirlitsmanna og mun breytingin leiða til 1 m.kr. útgjaldaauka á þessu ári. Niður fellur heimild til að leggja gjöld á vínveitingastaði vegna starfa víneftirlitsmanna en þau hafa árlega skilað um 9 m.kr. tekjum. Lækka þjónustutekjur á þessu ári um 4,5 m.kr. vegna þessa. Eftirlitið er nú fjármagnað með ákveðnu hlutfalli tekna af áfengisgjaldi.

341 Áfengis- og fíkniefnamál. Ríkisstjórnin samþykkti fyrr á árinu að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir 1,5 m.kr. styrk til alþjóðlegs forvarnaverkefnis, Pallas Aþena. Markmið verkefnisins er að virkja ungt fólk í baráttunni gegn fíkniefnum á þeirra eigin forsendum.

390 Ýmis löggæslukostnaður. Farið er fram á 51,7 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið. Óskað er eftir 50 m.kr. aukafjárveitingu til að styrkja rekstur löggæslu í landinu. Gert er ráð fyrir að fjármunum þessum verði ráðstafað til einstakra sýslumannsembætta. Áætlað er að nýtt skipulag við álagningu og innheimtu umferðarsekta muni auka tekjur ríkissjóðs á þessu ári um 130 - 150 m.kr. Þá verður um næstu áramót tekið í notkun hliðstætt kerfi við innheimtu annarra sekta, s.s. dómsekta og málskostnaðar, sem auka mun tekjur enn frekar. Þá er farið fram á 1,7 m.kr. viðbótarfjárheimild til löggæslu í Bosníu. Á síðasta ári ákvað ríkisstjórnin að senda þrjá lögreglumenn til starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna í Bosníu. Þjálfunar- og undirbúningskostnaður hefur reynst 1,7 m.kr. umfram það sem áætlað var.

*395 **Landhelgisgæsla Íslands.*** Óskað er eftir 2,9 m.kr. aukafjárveitingu vegna samnings sem undirritaður var sl. vor um þjónustu þyrlulækna við Sjúkrahús Reykjavíkur. Felur hann í sér að sjúkrahúsið beri ábyrgð á og skipuleggi þjónustu þyrlulækna. Kostnaðarauki Landhelgisgæslunnar er 7,5 m.kr. á heilu ári en um 2,9 m.kr. á þessu ári.

*490 **Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.*** Óskað er eftir 11,7 m.kr. viðbótarfjárheimild til viðfangsefnisins *1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður* og er tilefnið tvíþætt. Annars vegar er farið fram á 10 m.kr. aukafjárveitingu vegna útgáfu á ökuskírteinum. Kostnaður hefur hækkað umtalsvert með tilkomu tölvulesanlegra ökuskírteina sem tekin voru í notkun á síðasta ári. Einnig hafa útgefin skírteini verið miklu fleiri en gert var ráð fyrir og stefnir í að um 30 þúsund skírteini verði gefin út á þessu ári. Til frambúðar má búast við að árlega verði gefin út um 15 þúsund skírteini. Hins vegar er óskað eftir viðbótarframlagi að fjárhæð 1,7 m.kr. vegna lausnar sýslumanns á Akranesi úr embætti. Samkvæmt 20. gr. stjórnarskrárinnar er hægt að flytja embættismann úr einu embætti í annað enda sé honum veittur kostur á að kjósa um embættisskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum. Sýslumaðurinn á Akranesi kaus að óska eftir lausn frá embætti í stað þess að vera fluttur í annað embætti.

*491 **Húsnæði og búnaður sýslumanna.*** Farið er fram á 8 m.kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar við nýtt þinglýsingarforrit. Unnið hefur verið að hönnun forritsins síðustu árin og er stefnt að því að taka það í notkun hjá sýslumannsembættum á næstu árum. Nauðsynlegt er að færa inn upplýsingar úr þinglýsingarbókum og setja upp kerfin hjá sérhverju sýslumannsembætti. Fjárveiting er ætluð til greiðslu við að setja kerfið upp og prófa það áður en það verður tekið í notkun. Í frumvarpi til fjárlaga 1999 er samsvarandi tillaga.

*701 **Biskup Íslands.*** Lögð er til 56,1 m.kr. hækkun fjárheimilda en þar af hækkar viðfangsefnið *1.01 Þjóðkirkja Íslands* um 48,1 m.kr. Í byrjun september sl. var gerður samningur milli ríkis og þjóðkirkjunnar um fjárframlög til þjóðkirkjunnar. Samningur þessi er nánari útfærsla á og viðbót við samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá því í janúar 1997. Í samningnum er tilgreint heildarframlag í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár en hækkun á þessu ári skal vera í samræmi við það. Á grundvelli samningsins er óskað eftir 20,8 m.kr. viðbótarfjárheimild. Fjárhæðin skiptist þannig að hækkun um 10,8 m.kr. er ætlað til launa biskups Íslands, vígslubiskupa, presta og prófasta en auk þess mun framlag hækka um 22,2 m.kr. vegna framlags af launabótalið fjárlaga. Í annan stað hækkar framlag til embættiskostnaðar presta um 6 m.kr. og að lokum er lagt til að hækka framlag til rekstrar biskupsstofu um 4 m.kr. Alls munu þessir liðir því hækka um 43 m.kr.

Í annan stað er á grundvelli framangreinds samnings lagt til að hækka fjárheimild þjóðkirkju Íslands um 27,3 m.kr. til að mæta halla á rekstri biskupsstofu í árslok 1997 að fjárhæð 17 m.kr. og halla vegna launagreiðslna presta 10,3 m.kr.

Að lokum er gerð er tillaga um 8 m.kr. aukafjárveitingu til viðfangsefnisins *6.26 Prestbústaður að Laufási í Eyjafirði* sem fyrirhugað er að verði varið til að endurnýja prestbústaðinn vegna sérstakra aðstæðna.

707 ***Kristnisjóður.*** Í byrjun september sl. var gerður samningur milli ríkis og þjóðkirkjunnar um fjárframlög til þjóðkirkjunnar. Á grundvelli samningsins er óskað eftir 5,2 m.kr. til kristnisjóðs en framlag til hans miðast við 15 árslaun presta í fámennustu prestaköllum. Að auki skal miða við ein árslaun til viðbótar til ársloka 2005.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 251,1 m.kr.

101 ***Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Farið er fram 4 m.kr. aukafjárveitingu til að greiða kostnað vegna vinnu við undirbúning að stofnun Íbúðalánasjóðs, sbr. lög nr. 44/1998, um húsnæðismál. Sérstakri undirbúningsnefnd, sbr. 55. gr. laganna, er falið að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar Íbúðalánasjóðs. Þá skal félagsmálaráðherra skipa matsnefnd, skv. 56. gr. laganna, til þess að leggja mat á allar eignir og skuldir Húsnæðisstofnunar ríkisins og sjóða sem stofnunin fer með.

311 ***Jafnréttisráð.*** Samkvæmt þingsályktun um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, skal ríkisstjórnin skipa nefnd með fulltrúum stjórnmálaflokka, skrifstofu jafnréttismála og Kvenréttindafélags Íslands til að skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að bæta hlut kvenna í stjórnmálum. Nefndinni er ætlað að starfa í a.m.k. fimm ár og skal hafa allt að 5 m.kr. til ráðstöfunar á árinu 1998 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum. Þar sem nefndin hefur ekki störf fyrr en í september 1998 er gert ráð fyrir að hluti þessa fjármagns nýtist á árinu 1999.

700 ***Málefni fatlaðra.*** Farið er fram á 38,3 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir viðbótarfjárheimild að fjárhæð 30 m.kr. til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla á nokkrum stofnunum fyrir fatlaða. Í öðru lagi er óskað eftir viðbótarfjárheimild að fjárhæð 8,3 m.kr. sem er ætluð til að gera þjónustusamning við SÍBS um rekstur Múlalundar, verndaðs vinnustaðar fyrir fatlaða.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Sjóðurinn fær lögbundið framlag er nemur 1,4% af skatttekjum ríkisins á ári hverju í sinn hlut, auk 0.264% af útsvarsstofni liðins árs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur árið 1998 verður framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 146 m.kr. hærra en áætlað var við setningu fjárlaga. Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins verði leiðrétt sem því nemur.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Farið er fram á 57,8 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 16,8 m.kr. viðbótarfjárheimild til að jafna skuld ráðuneytisins við Tryggingastofnun ríkisins um síðustu áramót vegna greiðslu stofnunarinnar á meðlögum, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1992. Í öðru lagi er leitað eftir viðbótarfjárheimild að fjárhæð 21 m.kr vegna móttöku flóttamanna frá fyrrum Júgóslavíu. Upphæðin skiptist þannig að 6,5 m.kr. eru til uppgjörs á móttöku flóttamanna á Ísafirði og Höfn í Hornafirði og 14,5 m.kr. vegna móttöku flóttamanna á Blönduósi. Í þriðja lagi er leitað eftir 10 m.kr. viðbótarfjárheimild til eflingar á vímuvörnum fyrir unglinga. Loks er farið fram á 10 m.kr. aukaframlag til stuðnings við rekstur áfanga- og vinnuheimilis Krossins.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 641,6 m.kr.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Sótt er um 8,5 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta starfsmannakostnaði. Á fyrri hluta ársins 1998 voru launaútgjöld vegna langtímaveikinda og barnsburðarleyfa metin til ígildis 5 starfa og seinni hluta ársins hafa barnsburðarleyfi aukist. Ráðið hefur verið í stöður viðkomandi starfsmanna.

201 Tryggingastofnun ríkisins. Lagt er til 5 m.kr. viðbótarframlag til yfirstjórnar Tryggingastofnunar ríkisins sem er ætlað til að breyta forritum. Nauðsynlegt er talið að halda sérstaka skrá yfir þá sem eru tryggðir hér á landi í kjölfar nýlegra breytinga á almannatryggingalögum.

204 Lífeyristryggingar. Lögð er til 200 m.kr. lækkun á framlögum til lífeyristrygginga í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld árið 1998. Er þar einkum um að ræða greiðslur vegna tekjutryggingar og fæðingarorlofs. Loks er gerð tillaga um breytta fjármögnun þessa liðar á þann veg að greiðslur úr ríkissjóði lækki um 603 m.kr. eða sem nemur samsvarandi aukinni hlutdeild lífeyristrygginga í ríkistekjum af tryggingagjaldi.

Breytingin hefur ekki áhrif á útgjöld og fjallar aðeins um fjármögnun. Gera má ráð fyrir að endurskoða þurfi fjárhæðina við þriðju umræðu frumvarpsins þegar tekjuáætlun ríkissjóðs hefur verið endurmetin að nýju.

206 Sjúkratryggingar. Samtals er farið fram á 97 m.kr. hækkun á framlögum til sjúkratrygginga vegna fjögurra tilefna. Í fyrsta lagi er lögð til 225 m.kr. lækkun á lækniskostnaði sjúkratrygginga vegna greiðslna til heilsugæslulækna. Samkvæmt úrskurði kjaranefndar um launakjör heilsugæslulækna hækka grunnlaun þeirra verulega en á móti lækka greiðslur sjúkratrygginga fyrir viðtöl og skoðun lækna á heilsugæslustöðvum. Í öðru lagi er sótt um 250 m.kr. hækkun fjárheimildar til að standa straum af kostnaði við sérfræðilækningar. Mat Tryggingastofnunar ríkisins á samningum við sérfræðilækna gerir ráð fyrir um 400 m.kr. viðbótarútgjöldum á ári, þar af koma um 300 m.kr. úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að kostnaður á árinu 1998 verði um 250 m.kr., þar sem samningarnir giltu hluta úr því ári og er farið fram á viðbótarfjárheimild sem þeim kostnaði nemur. Í þriðja lagi er lögð til 60 m.kr. hækkun á framlögum til niðurgreiðslu á lyfjum. Miðað við útkomu fyrstu sjö mánuði ársins er áætlað að lyfjaútgjöld fari fram úr forsendum fjárlaga. Notkun nýrra dýrari lyfja er meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir en lyfjakaup eru ekki talin hafa aukist að magni umfram forsendur. Samkvæmt fjárlögum 1998 var áformað að spara 300 m.kr. í lyfjakostnaði á árinu. Loks er í fjórða lagi sótt um 12 m.kr. viðbótarframlag vegna aukins kostnaðar við hjúkrun í heimahúsum. Samningur Tryggingastofnunar ríkisins við hjúkrunarfræðinga gerir ráð fyrir 20 m.kr. útgjaldaaukningu á ársgrundvelli. Áætlað er að útgjöld vegna heimahjúkrunar hækki um 12 m.kr. á yfirstandandi ári vegna samningsins og er farið fram á viðbótarfjárheimild sem þeim kostnaðarauka nemur.

301 Landlæknir. Lögð er til 14,8 m.kr. aukafjárveiting til embættis Landlæknis. Verulegur fjárhagsvandi blasir við embættinu. Uppsafnaður rekstrarhalli embættisins nam 14,8 m.kr. í lok liðins árs. Áætlað er að halli á yfirstandandi ári verði 13,6 m.kr. að óbreyttu. Í fjárlögum 1998 er samtals 57,8 m.kr. framlag til embættisins. Í ljósi þess að viðvarandi halli hefur verið á rekstri embættisins leggur heilbrigðisráðuneytið til að fram fari endurmat á allri starfsemi þess.

327 Geislavarnir ríkisins. Sótt er um 3,5 m.kr. aukafjárveitingu til Geislavarna ríkisins vegna nýrra mælinga á geislavirkni í umhverfinu. Ríkisstjórnin samþykkti 2. febrúar 1998 að hefja mælingar á geislavirka efninu teknetín í hafinu umhverfis Ísland og í matvælum, þar sem losun geislavirkra efna í hafið frá endurvinnslustöðinni í Sellafield jókst verulega á árunum 1994 - 1996.

*358 **Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.*** Gerð er tillaga um að 30 m.kr. verði færðar af fjárlagaliðnum *08-379 Sjúkrahús, óskipt* yfir á þennan lið í samræmi við tillögur faghóps á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem falið var að skipta framlaginu til að auðvelda lausn á fjárhagsvanda sjúkrahússins.

*370 **Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.*** Beinþynning hefur verið verulegt vandamál hjá eldra fólki og til skamms tíma var engin óyggjandi meðferð í boði. Framfarir í meðferð á beinþynningu gera mögulegt að greina hana nákvæmar og fylgjast með árangri meðferðar. Slíkar mælingar hafa verið gerðar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur s.l. 4 ár og hefur ekki verið gengið frá samningum við sjúkrahúsið um þjónustuna. Í frumvarpi til fjárlaga 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að gera þjónustusamning við Sjúkrahús Reykjavíkur um þessa þjónustu. Óskað er eftir 5,7 m.kr. til að greiða fyrir þá þjónustu sem veitt hefur verið undanfarin 4 ár.

*371 **Ríkisspítalar.*** Samtals er sótt um 352 m.kr. aukna fjárheimild til ríkisspítalanna, þar af eru 166 m.kr. af óskiptum fjárlagalið. Óskað er eftir 186 m.kr. aukafjárveitingu til ríkisspítalanna, eða sem nemur uppsöfnuðum halla þeirra í árslok 1997, að frádregnum eðlilegum greiðslufresti. Er það í samræmi við þá stefnumörkun að gera tillögur um aðgerðir í rekstri spítalanna árið 1998 og að undirbúnir verði þjónustusamningar um starfsemina. Faghópur heilbrigðisráðuneytis, sem skila á tillögum fyrir árslok, leitast við að vinna tillögur um aðhaldsaðgerðir í rekstrinum í samstarfi við fagfólk og stjórnendur. Nánari ákvarðanir um fjárframlög verða teknar þegar þær tillögur liggja fyrir. Til umræðu er að auka samstarf stóru sjúkrahúsanna sem mun spara verulega í rekstrinum að mati heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Í samræmi við tillögur faghópsins er loks gerð tillaga um að 166 m.kr. verði færðar á þennan lið af fjárlagaliðnum *08-379 Sjúkrahús, óskipt.*

*375 **Sjúkrahús Reykjavíkur.*** Samtals er lagt til að fjárheimildir Sjúkrahúss Reykjavíkur aukist um 373 m.kr., þar af eru 100 m.kr. af óskiptum lið. Lagt er til að veitt verði heimild sem nemur 273 m.kr. til að greiða uppsafnaðan halla til ársloka 1997, að frádregnum eðlilegum greiðslufresti. Ekki liggur fyrir hvernig stjórnendur sjúkrahússins hyggjast samræma rekstrarkostnað við fjárheimildir í fjárlögum yfirstandandi árs. Faghópur heilbrigðisráðuneytisins, sem skila á tillögum innan skamms, leitast við að vinna tillögur um aðhald í rekstri sjúkrahússins í samstarfi við fagfólk og aðra stjórnendur þess. Nánari ákvarðanir um fjárframlög verða teknar þegar þær tillögur liggja fyrir. Til umræðu er að auka samstarf stóru sjúkrahúsanna sem mun spara verulega í rekstrinum að mati heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Í samræmi við tillögur faghópsins er gerð tillaga um að 100 m.kr. verði færðar til sjúkrahússins af fjárlagaliðnum *08-379 Sjúkrahús, óskipt* til að auðvelda lausn á fjárhagsvanda þess.

*379 **Sjúkrahús, óskipt.*** Gerð er tillaga um að fjárheimild liðarins lækki um 296 m.kr. vegna útdeilingar á óskiptu framlagi í fjárlögum 1998. Framlagið var ætlað til að auðvelda lausn á fjárhagsvanda sjúkrahúsa og var faghópi á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins falið að skipta framlaginu. Í samræmi við niðurstöður faghópsins er gerð tillaga um að 166 m.kr. færist til ríkisspítalanna, 100 m.kr. til Sjúkrahúss Reykjavíkur og 30 m.kr. til Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar.

*381 **Sjúkrahús og læknisbústaðir.*** Samtals er sótt um 22 m.kr. vegna þriggja stofnkostnaðarverkefna. Í fyrsta lagi er farið er fram á 11,3 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að ljúka uppgjöri vegna framkvæmda við Sjúkrahús Akraness. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á sjúkrahúsinu á undanförnum árum. Byggt var nýtt anddyri fyrir sjúkrahús og heilsugæslustöð, endurbætur gerðar á rannsóknarstofu og deild fyrir aldraða sjúklinga endurbyggð. Samtals er heildarkostnaður við framkvæmdirnar 62 m.kr. Skuld vegna framkvæmdanna á byggingarreikningi við Framkvæmdasýslu ríkisins er um 12,5 m.kr. og þar af er hluti ríkissjóðs um 11,3 m.kr. Í öðru lagi er óskað eftir 5 m.kr. framlagi til að ljúka uppgjöri á framkvæmdum við Sjúkrahúsið á Blönduósi. Byggingarframkvæmdir hafa staðið yfir frá árinu 1978 og nemur heildarkostnaður um 218 m.kr. á verðlagi hvers árs, en um 378 m.kr. á verðlagi ágústmánaðar 1998. Síðast var bókaður 7 m.kr. kostnaður á þennan lið á árinu 1997. Á byggingareikningi hjá Framkvæmdasýslu ríkisins er óuppgerður kostnaður að upphæð um 7,4 m.kr. vegna framkvæmdanna. Þar af er hluti ríkissjóðs um 5 m.kr. Loks er farið fram á 5,7 m.kr. framlag til að gera upp eftirstöðvar kostnaðar við framkvæmdir á meðferðarheimilinu að Sogni og starfsmannahúsi, ásamt lóðarframkvæmdum. Megnið af kröfunni myndaðist á árunum 1992 og 1993.

*399 **Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.*** Sótt er um 3,5 m.kr. framlag til tóbaksvarna. Tekjur af brúttósölu tóbaks reyndust hærri en áætlað var í fjárlögum 1997. Samkvæmt lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, skal verja 0,7% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs. Farið er fram á 3,5 m.kr. viðbótarfjárheimild til tóbaksvarna í samræmi við ákvæði laganna.

*420 **Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.*** Farið er fram á 15 m.kr. framlag til að styrkja byggingaframkvæmdir á vegum Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið. Um er að ræða viðbyggingu sjúkrastofnunarinnar Vogs.

*431 **Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands.*** Lagt er til að Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands verði veittur 15 m.kr. styrkur til meiriháttar viðhalds á eignum og til endurnýjunar á fráveitulögnum.

495 Daggjaldastofnanir. Sótt er um 21,5 m.kr. aukafjárveitingu til að koma á móts við hallarekstur á Reykjalundi og auðvelda gerð þjónustusamnings við stofnunina. Framlagið verður greitt við undirskrift þjónustusamnings. Uppsafnaður rekstrarvandi Reykjalundar frá árinu 1992 til ársloka 1997 er áætlaður 43 m.kr. á verðlagi hvers árs.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Samtals er óskað eftir 126,3 m.kr. í viðbótarframlag undir þessum lið vegna fjögurra liða. Í fyrsta lagi er lagt er til að veitt verði 70 m.kr. óskipt framlag til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjáraukalögum 1997 var 200 m.kr. framlag til að gera upp halla sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Fyrirhugað er að ljúka þjónustusamningum við flestar heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni, en það eru stofnanir þar sem sjúkrahús og heilsugæsla eru rekin saman. Er fjárveitingin miðuð við að rekstur viðkomandi stofnana verði í jafnvægi árin 1998 og 1999 og að hún verði greidd heilbrigðisstofnunum við undirskrift þjónustusamnings.

Í öðru lagi er óskað eftir 39,2 m.kr. fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum halla á rekstri heilsugæslustöðva í Reykjavík, enda við það miðað að reksturinn verði innan fjárheimilda árið 1998 og 1999. Rekja má vandann til aukinnar heimahjúkrunar. Vaxandi þörf fyrir heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum skýrist í fyrsta lagi af því að sjúklingar eru sendir fyrr heim af sjúkrahúsum og þurfa því meiri aðhlynningu heima. Í annan stað hefur öldruðum og fötluðum fjölgað. Loks er fólk almennt upplýstara um hvaða þjónusta er í boði og nýtir sér hana í auknum mæli. Rekstrarhalli heilsugæslustöðva í Reykjavík hefur verið nokkur undanfarin ár. Á liðnu ári gerðu stjórnendur heilsugæslunnar átak í að koma rekstri hennar inn í ramma fjárlaga svo útlit er fyrir að rekstur heilsugæslunnar í Reykjavík verði í jafnvægi á árinu 1998.

Í þriðja lagi er farið fram á 3,5 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna læknisþjónustu við fanga á árinu 1998. Um síðustu áramót fluttist ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga frá dómsmálaráðuneyti til heilbrigðisráðuneytis. Heilbrigðisráðuneytið hefur unnið að þjónustusamningum við heilbrigðisstofnanir um heilbrigðisþjónustu við fanga, þar á meðal geðlæknaþjónustu, sem hefur ekki verið í fangelsum til þessa. Einnig þótti nauðsynlegt að auka almenna heilbrigðisþjónustu, einkum að Litla-Hrauni. Kostnaður við endurskipulagninguna reyndist meiri en áætlað var í fjárlögum.

Loks er sótt um 13,6 m.kr. hækkun á fjárveitingu til að greiða uppsafnaðan halla í árslok 1997 á heilsugæslustöðinni í Mosfellsbæ. Í ársbyrjun 1998 var heilsugæslustöðin í Mosfellsbæ færð úr rekstrarumsjón Reykjalundar og opnuð í nýju húsnæði fjórum mánuðum síðar. Öllum tengslum milli Reykjalundar og heilsugæslustöðvarinnar var þar með lokið. Af því tilefni er nauðsynlegt að gera upp eftirstöðvar kostnaðar vegna rekstursins.

501 Sjúkraflutningar. Sótt er um 8,2 m.kr. aukaframlag til sjúkraflutninga. Samningur á milli heilbrigðismálaráðuneytisins og Rauða kross Íslands um innkaup og rekstur bifreiða til sjúkraflutninga tók gildi í upphafi árs 1998. Með samningnum greiðir heilbrigðisráðuneytið laun sjúkraflutningamanna og húsnæðiskostnað. Vegna vanáætlunar í launa- og húsnæðiskostnaði er nú óskað er eftir viðbótarfjárheimild sem því nemur.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Óskað er eftir 21,6 m.kr. viðbótarfjárheimild til að gera upp uppsafnaðan halla Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík í árslok 1997. Má rekja vandann til aukinnar þjónustu einkum og sér í lagi aukinnar heimahjúkrunar. Gert er ráð fyrir að reksturinn verði innan heimilda fjárlaga árið 1998 og á næsta ári.

574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli og 575 Heilsugæslustöðin Hellu. Samtals er sótt um 5,6 m.kr. framlag sem skiptist að jöfnu á heilsugæslustöðvarnar. Farið er fram á 2,8 m.kr. aukafjárveitingu á hvora stöð til að mæta áætluðum áföllnum kostnaði við gæsluvaktir árin 1997 og 1998. Hluti kjarasamnings við heilsugæslulækna fól í sér heimild til endurskipulagningar gæsluvakta þeirra. Í fjárlagafrumvarpi 1999 er rekstrargrunnur stöðvanna leiðréttur vegna þessa.

586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ. Farið er fram á 3,6 m.kr. viðbótarfjárheimild til að mæta áætluðum halla á rekstri heilsugæslustöðvarinnar í Mosfellsbæ á árinu 1998. Sértekjur eru ofáætlaðar um 2 m.kr. í fjárlögum. Þá var tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir heilsugæslustöðina um mitt ár og voru húsaleiga og rekstarkostnaður hærri en áætlað var. Í fjárlagafrumvarpi ársins 1999 er gert ráð fyrir þessum breyttu forsendum.

725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ. Farið er fram á 4,4 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum áföllnum kostnaði vegna gæsluvakta á heilsugæslustöðinni Ísafirði árin 1997 og 1998. Hluti kjarasamnings við heilsugæslulækna fól í sér heimild til endurskipulagningar gæsluvakta þeirra. Í fjárlagafrumvarpi 1999 er rekstrargrunnur stöðvarinnar leiðréttur vegna þessa.

781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum. Farið er fram á 1,4 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum áföllnum kostnaði við gæsluvaktir á heilsugæslustöðinni í Vestmannaeyjum. Hluti kjarasamnings við heilsugæslulækna fól í sér heimild til endurskoðunar á gæsluvöktum þeirra. Í fjárlagafrumvarpi 1999 er rekstrargrunnur stöðvarinnar leiðréttur vegna þessa.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 10.599 m.kr.

201 Ríkisskattstjóri. Farið er fram á 18 m.kr. viðbótarframlag vegna ýmissa nýrra verkefna sem falin hafa verið embættinu með lagasetningu á undanförnum árum. Verkefnin sem um er að ræða eru innheimta búnaðargjalds, eftirlit með ársreikningum fyrirtækja og eftirlit með skyldutryggingu lífeyrissjóða. Þá hafa póstburðargjöld fyrir fjöldasendingar embættisins hækkað verulega. Gert er ráð fyrir sambærilegum fjárveitingum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999.

214 Yfirskattanefnd. Óskað er eftir 6 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Fyrirhugað er að ráða tvo nýja starfsmenn að embættinu til þess að gera nefndinni betur kleift að hraða úrskurðum og afgreiða mál innan þeirra tímamarka sem lög kveða á um. Gert er ráð fyrir sambærilegri fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Sótt er um 9.344 m.kr. heimild undir þessum lið. Í fjárlögum ársins 1998 var gerð sú grundvallarbreyting á framsetningu að allar skuldbindingar sem falla á ríkissjóð á árinu eru gjaldfærðar samtímis jafnvel þótt þær komi ekki til greiðslu fyrr en seinna. Frá og með árinu 1998 eru því færðar til gjalda á þennan lið bæði greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri og reiknaðar skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati á nýjum áunnum lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna á árinu. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun eru þær skuldbindingar nú taldar aukast um 9,3 milljarða króna frá því sem gert var ráð fyrir við setningu fjárlaga. Verðlagsuppbætur sem koma til greiðslu á árinu 1998 eru hins vegar taldar hækka alls um 152 m.kr. Skýrist þessi breyting af því að með nýju launakerfi, sem samið var um við nær öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna í kjarasamningum ársins 1997, færist stór hluti af föstum yfirvinnugreiðslum og aukagreiðslum ríkisstarfsmanna inn í dagvinnulaun þeirra. Veldur það auknum skuldbindingum hjá ríkissjóði þar sem lífeyrisgreiðslur taka mið af dagvinnulaunum en ekki heildarlaunum. Fyrir afgreiðslu fjárlaganna var vinna við svokallaða aðlögunarsamninga um breytingar á launakerfinu ekki nægilega langt á veg komin til þess að unnt væri að segja fyrir um hverjar niðurstöður þeirra yrðu.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Gerð er tillaga um 300 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar. Á liðnum er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 7. gr. fjárlaga. Áætlun um þau útgjöld er jafnan háð nokkurri óvissu þar sem ekki verður séð fyrir við setningu fjárlaga í hvaða mæli þær heimildir verða nýttar á árinu. Aukna fjárþörf liðarins má að stærstum hluta rekja til ráðstöfunar á söluand-

virði ýmissa ríkiseigna, s.s. til framkvæmda og kaupa á húseignum. Eignasalan leiðir til sambærilegrar hækkunar á ríkistekjum og verður afkoma ríkissjóðs því óbreytt eftir sem áður.

811 Barnabætur. Áætlað er að greiddar barnabætur lækki um 250 m.kr. frá gildandi fjárlögum og nemi 4.250 m.kr. á árinu 1998. Barnabætur eru tekjutengdar og miðast áætlunin við að almennar launahækkanir á liðnu ári leiði til aukins frádráttar á bótunum á yfirstandandi ári.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Óskað er eftir 50 m.kr. hækkun á fjárveitingu þessa liðar til að mæta útgjöldum við fyrirhugaðar endurbætur innanhúss og viðbyggingu við húsnæði Tryggingastofnunar ríkisins að Laugavegi 114-116. Viðbyggingin verður um 100 fermetrar að grunnfleti, á tveimur hæðum, og er ætluð til að hægt verði að koma fyrir þjónustumiðstöð stofnunarinnar á jarðhæð hússins. Með þessum framkvæmdum er einnig ráðgert að flytja þá starfsemi stofnunarinnar sem nú er í Tryggvagötu 28 á Laugaveg og að það húsnæði verði selt í framhaldi af því. Gert er ráð fyrir að verkið muni kosta alls um 250 m.kr. og munu Fasteignir ríkissjóðs greiða allt að 130 m.kr. til þess. Þá er gert ráð fyrir að um 50 m.kr. af söluandvirði Tryggvagötu 28 renni til verksins en að lögð verði fram breytingatillaga við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1999 þar sem farið verði fram á fjárveitingu fyrir því sem á vantar

989 Launa- og verðlagsmál. Sótt er um samtals 1.058 m.kr. hækkun fjárheimildar á þessum lið til greiðslu launabóta til stofnana í kjölfar endurmats á áhrifum nýrra kjarasamninga og úrskurða kjaranefndar sem fram komu eftir setningu fjárlaga 1998. Í fyrsta lagi er farið er fram á 388 m.kr. viðbótarframlag vegna mats á áhrifum af breytingum á launakjörum sjúkrahússlækna, heilsugæslulækna, alþingismanna, presta, dómara o.fl. starfshópa. Í fjárlögum var 460 m.kr. fjárveiting færð á þennan lið til að mæta þessum hækkunum og er leitað eftir fjárheimild sem nemur mismuninum á henni og metinni hækkun að fjárhæð 848 m.kr. Á móti vegur að 225 m.kr. af fjárveitingu viðfangsefnisins *08-206-1.10 Lækniskostnaður* hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fellur niður vegna þess að samkvæmt úrskurði kjaranefndar hækka grunnlaun heilsugæslulækna verulega frá 1. apríl 1998 en samhliða því verður hætt að greiða sérstaklega fyrir skoðanir og viðtöl á heilsugæslustöðvum. Í öðru lagi er leitað eftir 350 m.kr. aukaframlagi til þess að greiða launabætur til heilbrigðisstofnana umfram það sem þegar hafði verið reiknað með í fjárlögum vegna aðlögunarnefndarsamninga við hjúkrunarfræðinga um breytt launakerfi þeirra. Fjárhæðin miðast við að hækkanir umfram forsendur fjárlaga taki að stærstum hluta gildi frá 1. júlí sl. Á ársgrundvelli verður aukning launabótanna nokkru meiri, eða um 510 m.kr., og hefur verið gert ráð fyrir því á launaliðum heilbrigðisstofnana í frumvarpi til fjárlaga ársins 1999. Í þriðja

lagi er farið er fram á 120 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins með hliðsjón af endurmati á launabótum vegna kjarasamninga við framhaldsskólakennara. Loks er leitað er eftir 200 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að bæta ýmsum ríkisstofnunum útgjaldaauka sem leiðir af kjarasamningum og úrskurðum kjaranefndar fyrir nokkra aðra starfshópa. Þar á meðal eru launahækkanir hjá prófessorum við háskólastofnanir, sem kjaranefnd hefur fellt úrskurð um en eftir er að meta inn í launafjárveitingar þar sem breytt launaflokkaröðun þeirra samkvæmt úrskurðinum mun ekki liggja endanlega fyrir fyrr en í lok október. Fyrirhugað er að ljúka endurmati á launagrunni þeirra stofnana áður en frumvarpið verður afgreitt.

995 Skýrsluvélakostnaður. Farið er fram á 60 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar. Að undanförnu hefur farið fram endurskoðun á áætlunum um smíði og gangsetningu á nýju tekjubókhaldskerfi ríkisins. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar er að vinna við að ljúka við smíðina krefst um 10 þúsund tíma til viðbótar við það sem áður hafði verið reiknað með. Skýrist það einkum af nýjum verkefnum sem leiða af ýmsum breytingum á skattalögum og framkvæmd tekjuálagningar og innheimtu. Sem dæmi má taka álagningu fjármagnstekjuskatts, aukna skuldajöfnun s.s. upp í meðlög og húsaleigubætur, tengingu við málaskrá lögreglustjóra vegna innheimtu sekta, gjaldfrest á fleiri gjöldum í tollafgreiðslu, gagnasamskipti við greiðslukortafyrirtæki vegna innheimtu fasteigna- og bifreiðagjalda o.fl. Að auki var gert ráð fyrir mun meiri vinnu við smíðina árið 1997 en varð reyndin. Leiðir það til aukinna útgjalda á þessum fjárlagalið 1998 þar sem Gjaldheimta Reykjavíkur bar 45% kostnaðarins fram til ársloka 1997 þegar Reykjavíkurborg hætti þátttöku í rekstri hennar og starfsemin var sameinuð embætti Tollstjórans í Reykjavík. Þá hefur viðhaldskostnaður reynst þungur í skauti þar sem halda þarf við eldra og nýja tekjubókhaldskerfinu samtímis þar til nýja kerfið leysir hið eldra af hólmi á árinu 1999. Endurskoðun á áætlunum um smíði tekjubókhaldskerfisins bendir jafnframt til þess að 105 m.kr. vanti til að mæta fjárþörf verkefnisins miðað við framlag í frumvarp til fjárlaga næsta árs.

999 Ýmislegt. Óskað er eftir 13 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar. Sú fjárhæð miðast við samning sem gerður hefur verið við FJÖLÍS, samtök höfundarréttarhafa, um greiðslur fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni hjá ríkisstofnunum að undangenginni könnun á áætluðum fjölda afrita hjá ríkinu í heild. Samkvæmt samningnum verða árlegar greiðslur 5 m.kr. frá og með árinu 1998 en á því ári þarf jafnframt að ganga frá eldra uppgjöri við samtökin með 8 m.kr. eingreiðslu. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. fjárveitingu vegna samningsins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 415,4 m.kr.

190 ***Ýmis verkefni.*** Lagt er til að veita 15,4 m.kr. viðbótarfjárveitingu til *1.23 Slysavarnaskóla sjómanna.* Landhelgisgæsla Íslands fór á sl. ári fram á að Slysavarnaskóli sjómanna greiddi kostnað að fjárhæð 13,4 m.kr. vegna notkunar á þyrlu Landhelgisgæslunnar við reglubundnar æfingar hjá skólanum á árabilinu 1994-1997. Talið er óhjákvæmilegt að greiða þennan kostnað og er lagt til að hann verði greiddur á þremur árum. Lagt er til að veita 5,4 m.kr. á þessu ári og í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár er lögð til 4 m.kr. fjárveiting. Í undirbúningi er samningur um samskipti þessara aðila. Í annan stað er óskað eftir 10 m.kr. viðbótarfjárheimild en ríkisstjórnin samþykkti í janúar síðastliðinn að Akraborgin yrði afhent Slysavarnaskóla sjómanna til afnota þegar hún hætti áætlunarsiglingum. Jafnframt samþykkti ríkisstjórnin að sækja um 10 m.kr. heimild í frumvarpi til fjáraukalaga þessa árs til að standa straum af nauðsynlegum breytingum á skipinu vegna breyttra verkefna þess.

211 ***Vegagerðin.*** Óskað er eftir 119 m.kr. hækkun á fjárheimild á viðfangsefni nýframkvæmda hjá Vegagerðinni til samræmis við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af þungaskatti. Vakin er athygli á því að jafnan er nokkur óvissa um áætlaða útkomu einstakra liða ríkistekna og kann því að reynast nauðsynlegt að breyta þessum lið aftur, bæði gjalda- og teknamegin, við þriðju umræðu frumvarpsins eftir endurmat á tekjuáætlun ríkissjóðs sem fram fer þegar nær dregur árslokum.

335 ***Siglingastofnun Íslands.*** Alls er óskað eftir 293,9 m.kr. viðbótarfjárheimildar til þessa fjárlagaliðar. Farið er fram á 8 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna húsaleigu sem Siglingastofnun Íslands greiðir. Eftir sameiningu Vita- og hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar ríkisins flutti Siglingastofnun í húsnæði Vita- og hafnamálastofnunar í Kópavogi. Húsnæði Siglingamálastofnunar ríkisins hefur staðið autt síðan þá. Þá er óskað eftir 285,9 m.kr. fjárheimild á viðfangsefni *6.70 Hafnamannvirki* vegna flýtingar hafnaframkvæmda á árinu 1998. Um er að ræða dýpkanir, grjótvarnir utan á bryggjur, brimvarnir og stálþil við bryggjur á alls 10 stöðum á landinu og er hlutdeild ríkisins í þessum framkvæmdum 285,9 m.kr. Samgöngunefnd Alþingis fjallaði um málið sl. vor og mælti með að erindin yrðu samþykkt.

471 ***Flugmálastjórn.*** Lagt er til að fjárheimild þessa liðar hækki um 5,1 m.kr. Ríkisstjórnin samþykkti þann 13. febrúar 1998 að leita eftir heimild í fjáraukalögum til að endurgreiða flugfélaginu Cargolux ofgreitt eldsneytisgjald að fjárhæð 9,8 m.kr., frá október 1994 til desemberloka 1997, með vöxtum frá 1. janúar 1996, í samræmi við ákvæði

laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Í lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum er kveðið á um að eldsneyti til áætlunarflugs milli Íslands og N-Ameríku skuli undanþegið eldsneytisgjaldi. Cargolux lagði í árslok 1997 fram kröfu um endurgreiðslu eldsneytisgjalds á þessum forsendum og féllst ríkisstjórnin á það. Í annan stað er lagt er til að hækka þjónustutekjur viðfangsefnisins *1.70 Alþjóðaflugþjónusta* um 4,7 m.kr. og verða tekjurnar þá jafn háar gjöldum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 voru rekstrargjöld jafn há tekjum. Við 2. og 3. umræðu fjárlaga hækkuðu gjöld um samtals 4,7 m.kr. vegna endurmats launabóta og hækkunar vegna lífeyrisgreiðslna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þá láðist að hækka þjónustutekjurnar samsvarandi og er hér lagt til að leiðrétta það.

472 ***Flugvellir.*** Lagt er til að lækka fjárheimild viðfangsefnisins *6.80 Flugvellir, framkvæmdir* um 18 m.kr. Sl. vor voru samþykkt lög á Alþingi um niðurfellingu eldsneytisgjalds og var innheimtu þess hætt frá og með 1. júní 1998. Vegna þessa lækka áætlaðar tekjur flugmálaáætlunar á árinu 1998 um 41 m.kr. frá fjárlögum 1998, úr 623 m.kr. í 582 m.kr. Í tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun, sem var forsenda við fjárlagagerð ársins 1998, var gert ráð fyrir að eldsneytisgjald skilaði 62 m.kr. á árinu. Í þingsályktun um flugmálaáætlun, sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið vor, er gert ráð fyrir að 41 m.kr. tekjutapi vegna niðurfellingar gjaldsins verði mætt í fyrsta lagi með 18 m.kr. lækkun á framlagi til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, í öðru lagi með hækkun á lendingargjöldum, sem áætlað er að skili 10 m.kr. á árinu, og í þriðja lagi með hækkun á greiðslu úr ríkissjóði um 13 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 53 m.kr.

240 ***Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.*** Sótt er um 45 m.kr. til að kosta athuganir Fjárfestingarstofu í tengslum við uppbyggingu stóriðju. Þyngst vega athuganir tengdar samningaviðræðum íslenskra stjórnvalda og fulltrúa Norsk Hydro en jafnframt hefur verið unnið að fleiri kostum í þessum efnum, einkum samanburðarathugun á byggingu lítils álvers. Áætluð útgjöld vegna rannsóknar á uppbyggingu stóriðju námu samtals um 26,5 m.kr. á fyrstu níu mánuðum þessa árs. Áætlað er að rannsóknir á gróðri og veðurfari kosti 8 m.kr. Loks er reiknað með 10 m.kr. til frekari athugana í samstarfi við Norsk Hydro, einkum á fjármögnun og skipulagi hlutaðeigandi orku- og álfyrirtækja.

301 ***Orkustofnun.*** Farið er fram á 8 m.kr. aukaframlag til að stofnunin geti komið sér upp geymsluhúsi undir borkjarna og svarf, gegn því að hún afhendi landbúnaðarráðuneytinu Straumfræðihús að Keldum til notkunar fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Geymsluhús Orkustofnunar á Keldnaholti er talið ónýtt.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 14,8 m.kr.

190 ***Ýmis verkefni.*** Gerð er tillaga um að hækka framlag til viðfangsefnisins *1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál* um 12,8 m.kr. og er tilefnið þríþætt. Í fyrsta lagi er farið fram á 4 m.kr. hækkun til að standa undir áföllnum kostnaði við undirbúning að sölu hlutabréfa í ríkisbönkum. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 4 m.kr. viðbótarfjárheimild til að greiða upphafskostnað við Fjármálaeftirlitið sem tekur til starfa 1. janúar n.k. og tekur þá við verkefnum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins. Eftirlitsskyldir aðilar standa að öllu leyti undir kostnaði við rekstur stofnunarinnar frá 1. janúar 1999. Gert er ráð fyrir talsverðum útgjöldum vegna undirbúnings starfseminnar á þessu ári. Sett hefur verið á stofn undirbúningsnefnd, stjórn verður skipuð og forstjóri ráðinn. Í þriðja lagi er farið fram á 4,8 m.kr. aukafjárveitingu til að kosta rekstrarráðgjöf á vegum Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, EBRD, sem bankinn er að láta vinna í Rússlandi fyrir stórt útgerðarfyrirtæki. Verkið er unnið af íslenskum ráðgjöfum og er ætlað að ljúka því á þessu ári. Veitt var 5,3 m.kr. framlag til verkefnisins í fjáraukalögum 1997.

902 ***Samkeppnisstofnun.*** Farið er fram á 2 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við aukið álag á Samkeppnisstofnun vegna verkefna tengdum samkeppnislögum.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 93,8 m.kr.

101 ***Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Lagt er til að fjárheimild aðalskrifstofunnar hækki um 20,8 m.kr. á árinu 1998. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar er óskað eftir 13,8 m.kr. heimild til að mæta kostnaði við skuldbindingar íslenska ríkisins vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Ferðakostnaður á þessu ári er áætlaður 4,3 m.kr. og gerð hagfræðilíkans er talið kosta 4,5 m.kr. á þessu ári. Aðrir smærri liðir nema samtals um 4,8 m.kr.

Í annan stað er óskað eftir samtals 7 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna nýs húsnæðis. Farið er fram á 2,2 m.kr. fjárveitingu til að mæta rekstrarkostnaði við viðbótarhúsnæði ráðuneytisins, en gerður hefur verið leigusamningur um húsnæði í húsi Íslandsbanka við Lækjargötu. Óskað er eftir 4,8 m.kr. viðbótarfjárheimild til tækjakaupa og lagfæringa á húsnæðinu.

190 ***Ýmis verkefni.*** Óskað er eftir 1,5 m.kr. aukafjárveitingu á viðfangsefninu *1.23 Ýmis umhverfisverkefni* til að freista þess að stemma stigu við aurburði úr Skaftá en á undanförnum árum hafa vandamál vegna þessa farið vaxandi. Skipuð hefur verið nefnd til að leggja mat á til hvaða aðgerða sé hægt að grípa. Kostnaður við nefndarstarfið og tilraunir vegna væntanlegra framkvæmda er áætlaður 1,5 m.kr.

205 ***Náttúruvernd ríkisins.*** Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. lækkun þjónustutekna. Á undanförnum árum hafa tekjur af tjaldstæðum í þjóðgörðunum, bæði í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum, farið lækkandi en dregið hefur úr ásókn Íslendinga. Stjórn Náttúruverndar ríkisins mun láta endurmeta öflun sértekna vegna gistingar í þjóðgörðum í ljósi reynslu undanfarinna ára og skila ráðuneytinu tillögum um breytt fyrirkomulag til framtíðar. Getur þar m.a. komið til greina að bjóða þennan rekstur út.

281 ***Styrkir til fráveitna sveitarfélaga.*** Lögð er til 10 m.kr. hækkun til fráveitna sveitarfélaga. Framkvæmdir þeirra við lagningu fráveitna hafa farið sívaxandi undanfarin ár. Framlag ríkisins getur að hámarki orðið 20% af samþykktum kostnaði eða mest 200 m.kr. á ári. Í fjárlögum þessa árs er ráðstöfunarfé 150 m.kr. en það nægir ekki til að mæta eftirspurn sveitarfélaganna.

301 ***Skipulagsstofnun.*** Farið er fram á 25 m.kr. viðbótarfjárheimildar á þessum fjárlagalið. Annars vegar er óskað eftir 15 m.kr. fjárveitingu til yfirstjórnar til að mæta kostnaði við undirbúning gildistöku nýrra skipulags- og byggingarlaga. Stofnunin fékk heitið Skipulagsstofnun og stjórnunar- og eftirlitshlutverki hennar var breytt og það aukið verulega. Þessu hefur fylgt nokkur kostnaður m.a. vegna hönnunar, útgáfu og prentunar á öllum bréfsefnum, merkjum og gögnum stofnunarinnar, auk þess sem gera þurfti ný leiðbeiningarrit. Þá féll til verulegur launakostnaður við gerð nýrrar byggingarreglugerðar svo og kostnaður vegna kynningar á nýjum lögum og reglugerð. Hins vegar er farið fram á 10 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta viðbótarkostnaði við skipulag miðhálendis sem hefur reynst hærri en áætlað er fyrir í fjárlögum þessa árs. Má það helst rekja til gerðar ýmissa nauðsynlegra grunngagna svo sem kortagerðar og fornleifarannsókna. Einnig reyndist nauðsynlegt að kynna verkefnið betur á vinnslustigi þess en miðað var við í upphaflegri kostnaðaráætlun. Fleiri athugasemdir bárust en ráð hafði verið fyrir gert, sem leiddi til aukinnar vinnu sérfræðinga.

*310 **Landmælingar Íslands.*** Lagt er til að hækka fjárheimild stofnunarinnar um 16 m.kr. á þessu ári. Landmælingar Íslands munu hefja starfsemi í nýju húsnæði á Akranesi í byrjun næsta árs. Áætlaður kostnaður vegna flutnings stofnunarinnar á þessu ári nemur alls 13 m.kr. og er farið fram á viðbótarfjárveitingu til að mæta þeim kostnaði. Í fyrsta lagi er um að ræða áfallinn kostnað að fjárhæð 5,2 m.kr. vegna innréttinga í nýju húsnæði stofnunarinnar á Akranesi en annan kostnað af hönnun og innréttingum húsnæðisins mun leigusali bera. Þá koma til 2,5 m.kr. vegna aukins leigukostnaðar stofnunarinnar þar sem greiða þarf leigu fyrir núverandi húsnæði og hið nýja síðustu þrjá mánuði ársins. Loks er áætlaður 5,3 m.kr. kostnaður við flutning á lager, húsbúnaði og tækjum. Í annan stað er lagt til að veitt verði 3 m.kr. viðbótarframlag til Landmælinga Íslands vegna búnaðarkaupa. Fjárhæðin skiptist þannig að 1,6 m.kr. eru til að endurnýja símkerfi stofnunarinnar og 1,4 m.kr. eru til að setja upp netbúnað.

*410 **Veðurstofa Íslands.*** Gerð er tillaga um að hækka fjárheimild stofnunarinnar um 18,1 m.kr. á þessu ári og er að rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi er farið fram á 1 m.kr. viðbótarfjárheimild til að standa straum af kostnaði við endurmenntun. Í öðru lagi er lagt til að hækka þjónustutekjur viðfangsefnisins *1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug* um 2,9 m.kr. og verða tekjurnar þá jafnháar gjöldum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 voru rekstrargjöld jafnhá tekjum. Við 3. umræðu fjárlaga hækkuðu gjöld um 2,9 m.kr. vegna lífeyrisgreiðslna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þá láðist að hækka þjónustutekjurnar samsvarandi og er hér lagt til að leiðrétta það. Að lokum er óskað eftir 20 m.kr. aukafjárveitingu til að bæta við vinnuaðstöðu fyrir 10-12 starfsmenn Veðurstofunnar. Núverandi húsnæði er fullnýtt en fyrirhugað er að kaupa húsnæði til bráðabirgða sem komið verði fyrir á lóð stofnunarinnar. Framlagið er ætlað til kaupa á húsum, innréttingum, búnaði og til rekstrar á þessu og næsta ári. Endanleg kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir en verði tilboðum tekið sem leiðir til kostnaðar umfram framangreinda fjárhæð, mun Veðurstofan fjármagna mismuninn af sínu framlagi á þessu og næsta ári.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild til greiðslu vaxtagjalda lækki um 400 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Gerð er tillaga um að fjárveiting fjárlagaliðarins lækki um 400 m.kr. og greiðslur úr ríkissjóði um 1.150 m.kr. Í fjárlögum fyrir árið 1998 var gert ráð fyrir að gjaldfallinn fjármagnskostnaður yrði 16,2 milljarðar króna og vaxtagreiðslur 12,3 milljarðar króna. Endurskoðun á þessum útgjöldum bendir til þess að gjaldfallnir vextir verði um 15,8 milljarðar króna og greiddir vextir liðlega 11,1 milljarður króna. Lækkunin skýrist aðallega af því að betri greiðslustaða ríkissjóðs hefur dregið úr þörf fyrir skammtímalán auk þess sem erlendar skuldir hafa verið greiddar talsvert meira niður en áætlað var. Enn fremur hafa vextir á spariskírteinum og ríkisbréfum verið lægri en gert var ráð fyrir í áætlun.

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
00	***Æðsta stjórn ríkisins***						
101-1.01	Yfirstjórn		-3.500				-3.500
101-1.50	Fálkaorðan		-300				-300
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald				500		500
201-1.01	Alþingiskostnaður		9.000				9.000
201-1.06	Almennur rekstur		-5.300				-5.300
201-1.06	Almennur rekstur		3.900				3.900
201-1.06	Almennur rekstur		-800				-800
201-6.01	*Tæki og búnaður*					4.000	4.000
201-6.21	Fasteignir					-4.000	-4.000
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis		-200				-200
620-1.01	Ríkisendurskoðun		4.600				4.600
620-6.01	Tæki og búnaður					-2.000	-2.000
		Samtals æðsta stjórn ríkisins	**7.400**		**500**	**-2.000**	**5.900**
01	**Forsætisráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		400				400
101-1.01	*Yfirstjórn*			-200			-200
101-1.20	Stjórnarráðshús		-100				-100
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	Styrkur sem kemur til greiðslu á árinu 1998.		6.000			6.000
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni		3.500				3.500
190-1.52	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku		-700				-700
190-1.90	Ýmis verkefni		-3.500				-3.500
190-1.90	Ýmis verkefni			6.900			6.900
190-1.91	Heimssýning í Lissabon	Útgjöld vegna heimssýningar falla til á árinu 1998.	20.000				20.000
190-1.91	Heimssýning í Lissabon			-4.000			-4.000
190-1.95	Safnahús við Hverfisgötu		-800				-800
190-6.52	Minningarkapella á Ljósavatni	Framkvæmdir við kapelluna hefjast á árinu 1998.				7.000	7.000
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis		3.100				3.100
201-1.21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu		3.500				3.500
201-5.20	Stjórnarráðshús	Útgjöldum við framkvæmdir lýkur á árinu 1998.			15.200		15.200
201-5.21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu				4.300		4.300
201-5.22	Ráðherrabústaður Þingvöllum				900		900

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
201-5.24	Bessastaðir				100		100
205-6.21	Mannvirkjagerð á Bessastöðum	Endurbætur á Bessastöðum halda áfram á árinu 1998.				28.900	28.900
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	Afgangur verður nýttur til að mæta auknum útgjöldum vegna formennsku í norrænu samstarfi.	6.400				6.400
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis			400			400
241-1.01	Umboðsmaður barna		2.700				2.700
241-6.01	Tæki og búnaður					-2.600	-2.600
251-1.01	Safnahús		1.000				1.000
301-1.10	Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar			5.700			5.700
301-1.15	Efling íslenskrar tungu			-5.700			-5.700
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Uppsafnaður rekstrarhalli. Verður jafnað til móts við framlög til fasteigna og framkvæmda.	-10.800				-10.800
902-5.01	Fasteignir	Afgangur verður látinn ganga upp í rekstrarhalla.			2.000		2.000
902-6.01	Nýframkvæmdir	Afgangur verður látinn ganga upp í rekstrarhalla.				7.700	7.700
		Samtals forsætisráðuneyti	**24.700**	**9.100**	**22.500**	**41.000**	**97.300**
02	**Menntamálaráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		-3.900				-3.900
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra			5.800			5.800
201-1.05	Aðrar stofnanir og verkefni	Sértekjur vegna þjónustuverkefna koma inn á árinu 1998.	-85.300				-85.300
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum		-2.400				-2.400
202-1.10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma		2.100				2.100
203-1.01	Yfirstjórn		900				900
203-1.01	Yfirstjórn			400			400
203-1.02	Rekstur fasteigna		-1.200				-1.200
203-1.03	Rannsóknastofur	Sértekjur vegna þjónustuverkefna innheimtast á árinu 1998.	-5.500				-5.500
203-1.03	Rannsóknastofur			-300			-300
204-1.11	Íslenskukennsla erlendis		-200				-200
205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi		200				200
205-1.20	Bókaútgáfa		1.100				1.100
206-1.01	Orðabók Háskólans		1.100				1.100
207-1.01	Íslensk málstöð		100				100
210-1.01	Háskólinn á Akureyri		6.800				6.800
210-1.02	Rannsóknastarfsemi			-6.800			-6.800
211-1.01	Tækniskóli Íslands	Uppsafnaður vandi frá árinu 1996 vegna námsframboðs umfram forsendur fjárlaga.	-29.900				-29.900
221-1.01	Yfirstjórn		-4.500				-4.500

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
221-1.02	Rannsóknastarfsemi			2.600			2.600
221-1.03	Rekstur fasteigna		3.600				3.600
221-1.04	Stoðþjónusta		-2.500				-2.500
221-1.05	Kennsla		-5.700				-5.700
221-1.05	Kennsla			1.300			1.300
221-1.10	*Íslenska menntanetið*		-700				-700
221-1.20	Endurmenntun		-1.300				-1.300
221-1.30	Æfingakennsla			3.200			3.200
223-1.01	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	Uppsafnaður vandi vegna verkefna, einkum vegna samræmdra prófa, sem er lokið.	-11.100				-11.100
236-6.60	Vísindasjóður					-400	-400
237-6.60	Tæknisjóður					-600	-600
269-5.21	Viðhald	Frestun framkvæmda m.a. við lyftu hjá Kennaraháskóla Íslands.			11.200		11.200
269-6.21	Stofnkostnaður	Uppgjöri á verkefnum er ólokið.				6.600	6.600
299-1.90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	Styrkir, rannsóknarleyfi og verkefni í vinnslu sem ekki verða greidd fyrr en árið 1998.		9.300			9.300
301-1.01	Almennur rekstur		-1.300				-1.300
301-1.01	Almennur rekstur		2.400				2.400
302-1.01	Almennur rekstur	Uppsafnaður rekstrarvandi.	-9.600				-9.600
302-1.01	Almennur rekstur	Að mestu kostnaður við flutninga í nýtt húsnæði á árinu 1997.	-10.100				-10.100
303-1.01	Almennur rekstur	*Að hluta vegna sértekna sem voru innheimtar en ekki skilað.*	-13.700				-13.700
304-1.01	Almennur rekstur		-27.000				-27.000
304-1.01	Almennur rekstur		24.900				24.900
304-1.09	Önnur verkefni		-2.000				-2.000
305-1.01	Almennur rekstur		-3.700				-3.700
305-1.01	Almennur rekstur		-5.300				-5.300
306-1.01	Almennur rekstur		-700				-700
306-1.01	Almennur rekstur		-3.100				-3.100
306-1.01	Almennur rekstur			-400			-400
306-1.09	Önnur verkefni		5.200				5.200
307-1.01	Almennur rekstur		-4.500				-4.500
307-1.01	Almennur rekstur		-4.000				-4.000
307-1.09	Önnur verkefni		1.800				1.800
308-1.01	Almennur rekstur	Að hluta vegna þess að fjárveitingar hafa ekki fylgt nemendafjölgun.	-8.900				-8.900
308-1.01	Almennur rekstur	Að hluta vegna kostnaðar við nýtt skólahúsnæði með fullkominni verknámsaðstöðu.	-25.700				-25.700

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
308-1.09	Önnur verkefni		900				900
309-1.01	Almennur rekstur		-400				-400
309-1.01	Almennur rekstur		-3.500				-3.500
316-5.21	Viðhald	Leigutekjur frá rekstraraðilum sumarhótela verða gerðar upp á árinu 1998.			-32.300		-32.300
317-1.01	Sameignir skólanna á Laugarvatni		-1.500				-1.500
318-5.80	Viðhald herma				1.700		1.700
318-5.90	Viðhald	Framkvæmdum flýtt m.a. hjá Þroskaþjálfaskóla, Iðnskóla í Reykjavík og Laugaskóla.			-26.700		-26.700
318-6.40	Tæki og búnaður					-10.800	-10.800
318-6.50	Tölvubúnaður					-1.000	-1.000
318-6.90	Byggingarframkvæmdir	Framkvæmdir töfðust m.a. við Menntaskólann í Reykjavík, Borgarholtsskóla og Ármúlaskóla.				245.500	245.500
319-1.11	Sameiginleg þjónusta		100				100
319-1.12	Orlof kennara		1.600				1.600
319-1.13	Forfallakennsla		-2.800				-2.800
319-1.14	Sérkennsla		100				100
319-1.15	Prófkostnaður	Uppsafnaður kostnaður við sveinspróf.	-27.900				-27.900
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi		-2.100				-2.100
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi			5.200			5.200
319-1.17	Námsskrárgerð	Unnið er að samningu aðalnámsskrár grunn- og framhaldsskóla.	19.000				19.000
319-1.18	Námsefnisgerð		-400				-400
319-1.19	Kennsluefirlit		1.100				1.100
319-1.19	Kennsluefirlit			-400			-400
319-1.21	Nám tannsmiða	Kostnaður verktaka er óuppgerður.		8.700			8.700
319-1.22	Námskeið skipstjórnarmanna		3.400				3.400
319-1.23	Ólympíuleikar í eðlisfræði	Ólympíuleikarnir verða haldnir hér á landi árið 1998.	7.800				7.800
319-1.25	Nám flugvirkja í Svíþjóð	Uppgjöri á námsvistargjöldum er ólokið vegna ágreinings um kostnað.		6.000			6.000
319-1.26	Þróunarsjóður	Úthlutað verður úr sjóðnum árið 1998.		17.900			17.900
319-1.26	Þróunarsjóður			800			800
319-1.30	Endurmenntun		8.900				8.900
319-1.30	Endurmenntun			-3.400			-3.400
319-1.40	Framhaldsskólar, óskipt		-2.300				-2.300
319-1.40	Framhaldsskólar, óskipt			-600			-600
350-1.01	Almennur rekstur	Sértekjur sem innheimtust 1997 verður skilað 1998.	-18.100				-18.100
350-1.01	Almennur rekstur		10.500				10.500

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
350-1.09	Önnur verkefni	Sértekjur sem innheimtust árið 1997 verður skilað 1998.	-16.800				-16.800
351-1.01	Almennur rekstur		-5.100				-5.100
351-1.01	Almennur rekstur		-300				-300
351-1.01	Almennur rekstur		-500				-500
352-1.01	Almennur rekstur	Uppsafnaður halli og óbættur kostnaður vegna nemendafjölgunar haustið 1997.	-23.300				-23.300
352-1.01	Almennur rekstur		900				900
352-1.09	Önnur verkefni		3.500				3.500
352-1.09	Önnur verkefni		4.500				4.500
352-1.09	Önnur verkefni		-2.200				-2.200
353-1.01	Almennur rekstur		1.500				1.500
353-1.01	Almennur rekstur		4.000				4.000
353-1.01	Almennur rekstur			-400			-400
353-1.09	Önnur verkefni		900				900
354-1.01	Almennur rekstur		-3.700				-3.700
354-1.01	Almennur rekstur		-6.500				-6.500
354-1.01	Almennur rekstur			-400			-400
354-1.09	Önnur verkefni		-700				-700
354-1.09	Önnur verkefni		3.300				3.300
354-1.09	Önnur verkefni		2.100				2.100
355-1.01	Almennur rekstur		-500				-500
355-1.01	Almennur rekstur		500				500
355-1.09	Önnur verkefni		3.200				3.200
356-1.01	Almennur rekstur		400				400
356-1.01	Almennur rekstur		-400				-400
356-1.01	Almennur rekstur			-400			-400
357-1.01	Almennur rekstur		-5.100				-5.100
357-1.01	Almennur rekstur		4.600				4.600
357-1.01	Almennur rekstur			-400			-400
357-1.09	Önnur verkefni		2.100				2.100
358-1.01	Almennur rekstur		-400				-400
358-1.01	Almennur rekstur		-300				-300
358-1.01	Almennur rekstur			-400			-400
359-1.01	Almennur rekstur	Uppgjör á sértekjum 1997 fer fram á árinu 1998.	-18.500				-18.500

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
359-1.01	Almennur rekstur		2.200				2.200
359-1.01	Almennur rekstur			-700			-700
359-1.09	Önnur verkefni	Uppgjör á sértekjum 1997 fer fram á árinu 1998.	-12.000				-12.000
360-1.01	Almennur rekstur	Að hluta vegna flutnings í nýtt skólahúsnæði á árinu 1997.	-11.500				-11.500
360-1.01	Almennur rekstur		1.500				1.500
361-1.01	Almennur rekstur		3.800				3.800
361-1.01	Almennur rekstur		-6.900				-6.900
362-1.01	Almennur rekstur		1.100				1.100
362-1.01	Almennur rekstur		-2.700				-2.700
363-1.01	Almennur rekstur		-2.900				-2.900
363-1.01	Almennur rekstur		-1.600				-1.600
363-1.01	Almennur rekstur			-200			-200
365-1.01	Almennur rekstur	Að hluta óbættur kostnaður vegna nemendafjölgunar.	-16.900				-16.900
365-1.01	Almennur rekstur		-1.700				-1.700
365-1.09	Önnur verkefni		4.400				4.400
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	Uppsafnaður vandi vegna meiri táknmálstúlkaþjónustu en fjárlög gera ráð fyrir.	-5.700				-5.700
430-1.02	Nám táknmálstúlka			1.700			1.700
430-1.03	Völundur, námsgagnagerð		500				500
430-1.03	Völundur, námsgagnagerð			-1.400			-1.400
441-1.01	Kennsla		-4.500				-4.500
441-1.02	Annað en kennsla		4.500				4.500
506-1.01	Almennur rekstur		-4.700				-4.700
506-1.01	Almennur rekstur		5.000				5.000
506-1.01	Almennur rekstur		-100				-100
507-1.01	Almennur rekstur	Nemendafjölgun umfram forsendur fjárlaga.	-12.700				-12.700
507-1.01	Almennur rekstur		5.700				5.700
507-1.09	Önnur verkefni		-600				-600
514-1.01	Almennur rekstur	Kennslukostnaður minni en fjárlög gera ráð fyrir og eignakaup færð á stofnkostnað.	56.100				56.100
514-1.01	Almennur rekstur		-14.200				-14.200
514-1.01	Almennur rekstur	Að hluta eignakaup umfram forsendur fjárlaga sem fjármögnuð eru af framlagi til kennslu.	-30.100				-30.100
514-1.09	Önnur verkefni		-8.000				-8.000
516-1.01	Almennur rekstur		-100				-100
516-1.01	Almennur rekstur		1.000				1.000

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
523-1.01	Kennsla í dagskóla		7.800				7.800
523-1.02	Annað en kennsla		-1.800				-1.800
523-1.09	Önnur kennsla		-9.500				-9.500
524-1.01	Kennsla í dagskóla		2.500				2.500
524-1.02	Annað en kennsla		-1.500				-1.500
531-1.01	Kennsla í dagskóla		-2.400				-2.400
531-1.02	Annað en kennsla		-1.900				-1.900
541-1.01	Kennsla		-1.300				-1.300
541-1.02	Annað en kennsla		1.000				1.000
551-1.01	Kennsla		-4.700				-4.700
551-1.02	Annað en kennsla		2.500				2.500
561-1.01	Kennsla í dagskóla		2.300				2.300
561-1.02	Annað en kennsla		-6.200				-6.200
562-1.01	Kennsla í dagskóla		-1.900				-1.900
562-1.02	Annað en kennsla		-900				-900
564-1.01	Kennsla		-11.400				-11.400
564-1.02	Annað en kennsla		6.800				6.800
571-1.01	Sjómannaskólahúsið		-1.800				-1.800
606-1.01	Kennsla		900				900
606-1.02	Annað en kennsla		2.400				2.400
610-1.10	Héraðsskólinn Núpi		-100				-100
610-1.20	Héraðsskólinn Reykjanesi		-200				-200
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	Ýmis verkefni hafa tafist.	21.200				21.200
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni			200			200
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla			1.700			1.700
720-1.70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi			-700			-700
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum		-300				-300
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum			1.800			1.800
720-6.90	Tölvuvæðing í grunnskólum					3.400	3.400
725-1.01	Námsgagnastofnun		-1.200				-1.200
804-1.01	Kvikmyndaskoðun		-400				-400
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	Úthlutun stykja var hraðað vegna hækkunar framlags í fjárlögum 1998.		-19.900			-19.900
884-1.10	Skólaakstur	Uppgjör á aksturskostnaði fer fram árið 1998.		5.000			5.000

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	Unnið verður að rannsóknarverkefnum á árinu 1998.	5.200				5.200
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands			2.400			2.400
902-1.10	Byggða- og minjasöfn			1.000			1.000
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	Uppsafnaður rekstrarvandi frá árinu 1996, óinnheimtar sértekjur og biðlaun.	-10.600				-10.600
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands			-400			-400
903-1.11	Héraðsskjalasöfn			2.000			2.000
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	Uppsafnaður kostnaður vegna þjónustu umfram forsendur fjárlaga.	-7.100				-7.100
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn			-1.100			-1.100
905-6.05	Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	Bókakaup ársins 1997 verða greidd 1998.				11.300	11.300
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar		-900				-900
907-1.01	Listasafn Íslands	Safnið innheimti ekki sértekjur í samræmi við forsendur fjárlaga.	-13.900				-13.900
907-1.01	Listasafn Íslands			-400			-400
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar		1.100				1.100
907-6.01	Listaverkakaup					7.600	7.600
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands		1.600				1.600
919-1.90	Söfn			1.000			1.000
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til að greiða fyrir hagræðingu hjá ráðuneytinu.	24.400				24.400
969-5.21	Viðhald				13.400		13.400
969-6.21	Endurbótasjóður menningarstofnana	Framkvæmdir hafa tafist m.a. við Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Listaháskóla.				157.500	157.500
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn		1.000				1.000
976-1.01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993			1.300			1.300
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	Styrkir verða greiddir út 1998 og síðar.		71.900			71.900
979-6.10	Húsafriðunarsjóður	Framlag í sjóðinn vegna ársins 1997 verður greitt 1998.				15.100	15.100
981-1.01	Kvikmyndasjóður	Rekstrarútgjöld umfram heimild í fjárlögum.	-45.200				-45.200
981-1.01	Kvikmyndasjóður			21.800			21.800
981-1.02	Kvikmyndasafn Íslands		-2.000				-2.000
982-1.15	Þýðingarsjóður	Styrkir verða greiddir á árinu 1998.		8.400			8.400
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa			3.300			3.300
982-1.25	Starfsemi hljómsveita			400			400
982-1.27	Tónlist fyrir alla			-700			-700
982-1.28	Barnamenningarsjóður			-100			-100
982-1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþin			1.000			1.000
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila			1.800			1.800

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
982-1.90	Listir			4.300			4.300
983-1.10	Fræðistörf	Að mestu nokkurra ára vandi vegna fransk-íslenskrar orðabókar, er minnkar smám saman.		-11.400			-11.400
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	Styrkjum verður úthlutað á árinu 1998.		5.200			5.200
983-1.20	Iðnsaga Íslands			2.400			2.400
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands			-300			-300
983-1.23	Hið íslenska bókmenntafélag			-200			-200
984-1.90	Norræn samvinna			-800			-800
985-1.90	Alþjóðleg samskipti			1.400			1.400
985-1.91	Aðildargjöld ESB	*Uppgjör aðildargjalda ársins 1997 fer fram 1998.*		13.500			13.500
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins			100			100
988-1.90	Æskulýðsmál			600			600
989-1.15	Skólaíþróttir			800			800
989-1.16	Íþróttafélög			700			700
989-1.90	Ýmis íþróttamál			2.300			2.300
999-1.11	Forvarnastarf í skólum			2.200			2.200
999-1.43	Skriðuklaustur			1.200			1.200
999-1.44	Snorrastofa			2.200			2.200
999-1.90	Ýmis framlög	Ýmsir styrkir.		-5.200			-5.200
		Samtals menntamálaráðuneyti	**-379.600**	**167.400**	**-32.700**	**434.200**	**189.300**
03	**Utanríkisráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn	Halli verði jafnaður með afgangi á viðskiptaþjónustu.	-6.800				-6.800
101-1.01	Yfirstjórn	Afgangur verði látinn ganga upp í halla á yfirstjórn.	9.500				9.500
101-1.01	Yfirstjórn			-1.600			-1.600
101-1.02	Varnarmálaskrifstofa		-1.500				-1.500
101-1.53	Þýðingamiðstöð		1.100				1.100
101-6.01	Tæki og búnaður					3.000	3.000
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	Greiðslur frestast til ársins 1998.		2.500			2.500
190-1.31	Gufuskálar	Uppgjör útgjalda vegna tóransstöðvarinnar að Gufuskálum gerist snemma árs 1998.	12.400				12.400
190-1.90	Ýmis verkefni			3.000			3.000
201-1.01	Yfirstjórn		-700				-700
201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli		5.800				5.800
201-1.20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	Halli verður jafnaður á móti öðrum viðfangsefnum embættisins á árinu 1998.	-7.500				-7.500
201-1.30	Fíkniefnaeftirlit		500				500

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
201-5.20	Fasteignir				1.000		1.000
201-6.10	Bifreiðar					-1.700	-1.700
301-1.01	Sendiráð Íslands í Bonn		3.300				3.300
302-1.01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn		5.600				5.600
303-1.01	Sendiráð Íslands í London		2.000				2.000
304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu		-800				-800
305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló		900				900
306-1.01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD o	Halli verði jafnaður með tilfærslu fjár frá öðrum sendiráðum 1998.	-5.800				-5.800
307-1.01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi		1.900				1.900
308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington		-2.900				-2.900
309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og að	Halli verði jafnaður með tilfærslu fjár frá öðrum sendiráðum 1998.	-4.900				-4.900
310-1.01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandi	Útgjöld hafa frestast og falla til á árinu 1998.	15.700				15.700
311-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalag		3.700				3.700
312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA		1.900				1.900
314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking		4.300				4.300
317-1.01	Sendiráð Íslands í Helsinki		-200				-200
318-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu		3.800				3.800
320-5.90	Viðhald				1.500		1.500
320-6.21	Sendiráð Íslands í Berlín					5.800	5.800
320-6.22	Sendiráð Íslands í Washington	Greiðslur vegna endurbyggingar sendiherrabústaðar falla til síðar en ætlað var.				19.400	19.400
320-6.23	Sendiráð Íslands í London	Greiðslu vegna endurnýjunar sendiráðsaðseturs lýkur 1998.				74.400	74.400
320-6.90	Tæki og búnaður	Umframgreiðsla gengur til móts við fjárveitingu ársins 1998.				-12.000	-12.000
390-1.01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands			1.100			1.100
391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP			200			200
391-1.14	Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael	Áformað er að aðstoðinni ljúki 1998.		26.500			26.500
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna			3.500			3.500
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herz	Áformað er að útgjöld þessa verkefnis falli áfram til á árunum 1998-99.		36.200			36.200
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð			1.400			1.400
401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN			300			300
401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN			400			400
401-1.41	Atlantshafsbandalagið, NATO	Fjármunir notist 1998 til að styrkja fastanefnd Íslands hjá NATO og Vestur-Evrópusambandinu.		14.400			14.400
401-1.70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA			-3.300			-3.300
401-1.71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	Afgangur verði nýttur til uppgjörs á þróunarsjóði EFTA.		12.400			12.400

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
401-1.72	EFTA-dómstóllinn	Afgangur verði nýttur til uppgjörs á þróunarsjóði EFTA.		20.200			20.200
401-1.73	Þróunarsjóður EFTA	Útgjöld reyndust meiri en áætlað var. Uppgjöri vegna sjóðsins lýkur á árinu 1998.		-15.600			-15.600
401-1.85	Friðargæsla			500			500
401-1.85	Friðargæsla			300			300
401-1.85	Friðargæsla			-1.600			-1.600
401-1.85	Friðargæsla			200			200
401-1.85	Friðargæsla			4.600			4.600
401-1.85	Friðargæsla			200			200
401-1.85	Friðargæsla	Vegna hjálparstarfa íslenskra lækna, hjúkrunarfólks og lögreglumanna í Bosníu.		31.700			31.700
401-1.85	Friðargæsla			3.700			3.700
401-1.85	Friðargæsla			400			400
401-1.85	Friðargæsla			600			600
401-1.85	Friðargæsla			-6.600			-6.600
401-1.85	Friðargæsla			1.000			1.000
401-1.85	Friðargæsla			1.000			1.000
401-1.85	Friðargæsla			1.100			1.100
		Samtals utanríkisráðuneyti	**41.300**	**138.700**	**2.500**	**88.900**	**271.400**
04	**Landbúnaðarráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		-3.100				-3.100
101-1.01	Yfirstjórn			3.600			3.600
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings		3.600				3.600
190-1.12	Mat á búvörum	Tekjur hafa reynst minni en áætlað var.	-6.900				-6.900
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða		-1.100				-1.100
190-1.16	Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993		1.400				1.400
190-1.90	Ýmis verkefni		4.100				4.100
190-1.90	Ýmis verkefni			-4.700			-4.700
211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins		-1.900				-1.900
221-1.01	Veiðimálastofnun	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-11.200				-11.200
233-1.01	Yfirdýralæknir	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-15.000				-15.000
233-1.25	Sauðfjárveikivarnir	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-18.200				-18.200
233-1.52	Eftirlit og eftirlitsferðir		400				400
233-5.90	Dýralæknisbústaðir				3.000		3.000
233-6.21	Krufningastofa á Keldum					800	800

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
236-1.01	Aðfangaeftirlit ríkisins		2.100				2.100
261-1.01	Bændaskólinn á Hvanneyri		-1.500				-1.500
261-1.01	Bændaskólinn á Hvanneyri			300			300
261-5.01	Viðhaldsfé				1.100		1.100
261-6.01	Tæki og búnaður	Umframgjöld sem greidd verða af framkvæmdafé á árinu 1998.				-7.400	-7.400
261-6.20	Fasteignir og lóðir	Umframgjöld sem greidd verða af framkvæmdafé á árinu 1998.				-8.000	-8.000
271-1.01	Bændaskólinn á Hólum		1.800				1.800
271-5.01	Viðhaldsfé	Umframgjöld sem greidd verða af framkvæmdafé á árinu 1998.			-12.900		-12.900
271-6.20	Fasteignir og lóðir					3.600	3.600
283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins		6.900				6.900
283-5.01	Viðhald				3.900		3.900
283-6.01	Tæki og búnaður					1.400	1.400
283-6.25	Tilraunagróðurhús	Umframgjöld sem greidd verða af framkvæmdafé á árinu 1998.				-12.200	-12.200
293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins		-400				-400
311-1.01	Landgræðsla ríkisins		8.000				8.000
311-1.01	Landgræðsla ríkisins			-3.700			-3.700
311-1.90	Fyrirhleðslur	Framlag í fjárlögum fært undir tilfrærslur en bókað undir rekstri.	-10.500				-10.500
311-1.90	Fyrirhleðslur	Framlag í fjárlögum fært undir tilfrærslur en bókað undir rekstri.		14.800			14.800
311-5.01	Viðhaldsfé				2.300		2.300
311-6.01	Tæki og búnaður					-10.300	-10.300
311-6.20	Fasteignir					1.000	1.000
321-1.01	Skógrækt ríkisins	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-9.200				-9.200
321-1.01	Skógrækt ríkisins	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.		-11.400			-11.400
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá		-4.900				-4.900
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá			4.900			4.900
321-1.90	Sérstök verkefni		-6.500				-6.500
321-1.90	Sérstök verkefni			6.500			6.500
321-5.01	Viðhaldsfé				10.100		10.100
331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði		-3.100				-3.100
341-1.10	Átak í landgræðslu og skógrækt		5.700				5.700
805-1.05	Niðurgreiðslur á ull og gærum			200			200
805-1.10	Vaxta- og geymslukostnaður	Samningsbundin útgjöld sem greidd verða á árinu 1998.		43.700			43.700
805-1.30	Uppkaup á fullvirðisrétti	Uppkaup reyndust umfram áætlun og verða greidd af samningsbundinni fjárveitingu 1998.		-46.700			-46.700

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
805-1.32	Afsetning birgða	Samningsbundin útgjöld sem greidd verða á árinu 1998.		19.400			19.400
805-1.33	Hagræðing og vöruþróun			4.700			4.700
805-1.34	Umhverfisverkefni			6.000			6.000
		Samtals landbúnaðarráðuneyti	**-59.500**	**37.600**	**7.500**	**-31.100**	**-45.500**
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		-1.900				-1.900
101-1.11	Fiskveiðisamningar		1.800				1.800
190-1.20	Eldi sjávardýra			700			700
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	Útgjöld falla til síðar en ætlað var. Kemur til útborgunar 1998.	10.100				10.100
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla			-3.000			-3.000
190-1.31	Stjórn fiskveiða		1.600				1.600
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir			15.000			15.000
190-1.42	Verktakasamningur um upplýsingaöflun			-800			-800
190-1.46	Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits		3.700				3.700
190-1.90	Ýmislegt		-2.500				-2.500
190-1.90	Ýmislegt			2.500			2.500
190-6.01	Undirbúningur sjávarútvegsgarðs	Fjárheimild frá fyrri árum. Fjármunir verða notaðir til að kosta undirbúningsvinnu á árinu 1998.				9.500	9.500
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra			2.000			2.000
202-1.01	Almenn starfsemi		13.800				13.800
202-5.31	Viðhald skipa				-15.600		-15.600
202-6.31	Tæki og búnaður í skip					14.500	14.500
202-6.90	Tæki og búnaður deilda og útibúa					1.700	1.700
203-1.01	Almenn starfsemi	Uppsafnaður rekstrarvandi. Verður skoðaður í tengslum við afgang á tækjum og búnaði.	-11.700				-11.700
203-6.01	Tæki og búnaður	Ráðstöfun afgangs verði skoðaður í tengslum við uppsafnaðan rekstrarhalla.				12.000	12.000
204-1.01	Fiskistofa	Útgjöld falla til síðar en gert var ráð fyrir.	29.400				29.400
204-1.01	Fiskistofa			-100			-100
204-1.10	Landamærastöðvar	Útgjöld falla til á árinu 1998.	17.800				17.800
204-1.11	Eftirlit með úthafsveiðum	Útgjöld færast milli ára.	7.400				7.400
204-6.01	Tæki og búnaður					-5.100	-5.100
901-1.01	Yfirstjórn		1.900				1.900
901-1.30	Keldnaholt		-800				-800
901-5.30	Keldnaholt, viðhald				-300		-300
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til að greiða fyrir hagræðingu hjá ráðuneytinu.	4.000				4.000

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
		Samtals sjávarútvegsráðuneyti	**74.600**	**16.300**	**-15.900**	**32.600**	**107.600**
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**						
103-1.10	Útgáfa lagasafns	Tekjur og gjöld skila sér ekki á sama tíma.	9.300				9.300
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga		200				200
190-1.21	Próf málflytjenda		-2.500				-2.500
190-1.22	Próf skjalaþýðenda		-700				-700
190-1.23	Próf fasteignasala		-100				-100
190-1.31	Matsnefnd eignarnámsbóta		700				700
190-1.32	Tölvunefnd		-600				-600
190-1.33	Mannanafnanefnd		-300				-300
190-1.34	Örorkumatsnefnd	Tekjur til nefndarinnar skila sér áður en til útgjalda kemur.	32.000				32.000
190-1.41	Útgáfa norræns dómasafns		800				800
190-1.42	Norræn samvinna á sviði sakfræði		400				400
190-1.43	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL			200			200
190-1.44	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB			-100			-100
190-1.46	Landskjörstjórn		-700				-700
201-1.01	Yfirstjórn		-3.200				-3.200
201-1.02	Útgáfa hæstaréttardóma		2.100				2.100
211-1.02	Héraðsdómur Reykjavíkur		-2.700				-2.700
212-1.02	Héraðsdómur Vesturlands		1.100				1.100
213-1.02	Héraðsdómur Vestfjarða		-300				-300
214-1.02	Héraðsdómur Norðurlands vestra		3.300				3.300
215-1.02	Héraðsdómur Norðurlands eystra		-1.400				-1.400
216-1.02	Héraðsdómur Austurlands		-400				-400
217-1.02	Héraðsdómur Suðurlands		-800				-800
218-1.02	Héraðsdómur Reykjaness	Rekstrarumfang minna en heimilt er samkvæmt fjárlögum vegna aðhalds í rekstri.	10.900				10.900
290-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður		100				100
290-1.14	Óviss útgjöld		100				100
291-5.01	Viðhald húseigna				2.300		2.300
291-6.01	Húsnæði Hæstaréttar					-200	-200
291-6.60	Upplýsingakerfi dómstóla					200	200
301-1.05	Ríkissaksóknari		-300				-300
303-1.01	Ríkislögreglustjóri		-5.500				-5.500

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins		-300				-300
311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	Rekstrarumfang er verulega umfram heimildir fjárlaga.	-45.800				-45.800
311-6.01	Tæki og búnaður					1.300	1.300
311-6.80	Bifreiðir					1.700	1.700
321-1.01	Almannavarnir ríkisins		3.900				3.900
325-1.10	Neyðarsímsvörun			-700			-700
331-1.01	Yfirstjórn		3.400				3.400
331-1.10	Ökunám	Tekjur eru í samræmi við áætlun fjárlaga en gjöld eru nokkuð hærri.	-7.100				-7.100
331-1.11	Ökuhermar fyrir grunnskólabörn		3.000				3.000
341-1.10	Matsnefnd vínveitingahúsa		-1.100				-1.100
341-1.20	Fíkniefnamál		900				900
341-1.20	Fíkniefnamál			-200			-200
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála		-300				-300
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður		-1.500				-1.500
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður			-100			-100
390-1.12	Tölvulesanleg vegabréf	*Verkefnið fór hægar af stað en ráð var fyrir gert.*	11.700				11.700
390-1.13	Undirbúningur að smíði varðskips		1.100				1.100
390-6.01	Tæki og búnaður					400	400
390-6.10	Bifreiðir	*Uppsafnaður vandi undanfarinna ára.*				-10.100	-10.100
391-5.01	Viðhald húseigna				1.000		1.000
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	Stofnunin fékk greiðslu úr landhelgissjóði á síðasta ári.	31.000				31.000
395-6.01	Tæki og búnaður	*Uppsafnaður afgangur.*				15.000	15.000
397-6.01	Tæki og búnaður	Vinna við tölvukerfi vegna Schengen samstarfsins er ekki hafin.				10.000	10.000
411-1.01	Yfirstjórn		-400				-400
412-1.01	Yfirstjórn	*Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.*	-11.500				-11.500
412-1.20	Löggæsla	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-14.700				-14.700
413-1.01	Yfirstjórn		-4.600				-4.600
413-1.20	Löggæsla		-500				-500
414-1.01	Yfirstjórn		-3.300				-3.300
414-1.20	Löggæsla		500				500
415-1.01	Yfirstjórn		-200				-200
415-1.20	Löggæsla		100				100
416-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-2.800				-2.800

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
416-1.20	Löggæsla	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-3.900				-3.900
417-1.01	Yfirstjórn		-200				-200
417-1.20	Löggæsla		-900				-900
418-1.01	Yfirstjórn		-3.000				-3.000
418-1.20	Löggæsla		6.800				6.800
418-1.40	Tollgæsla		-1.500				-1.500
419-1.01	Yfirstjórn		800				800
419-1.20	Löggæsla		-900				-900
420-1.01	Yfirstjórn		-400				-400
420-1.20	Löggæsla		2.900				2.900
421-1.01	Yfirstjórn		-1.600				-1.600
421-1.20	Löggæsla		-1.700				-1.700
421-1.40	Tollgæsla		100				100
422-1.01	Yfirstjórn		-100				-100
422-1.20	Löggæsla		300				300
423-1.01	Yfirstjórn		-200				-200
423-1.20	Löggæsla		-1.100				-1.100
424-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-14.300				-14.300
424-1.20	Löggæsla		5.800				5.800
424-1.40	Tollgæsla		-1.200				-1.200
425-1.01	Yfirstjórn		-1.100				-1.100
425-1.20	Löggæsla		4.900				4.900
426-1.01	Yfirstjórn		-3.100				-3.100
426-1.20	Löggæsla		-1.500				-1.500
426-1.40	Tollgæsla		400				400
427-1.01	Yfirstjórn		-800				-800
427-1.20	Löggæsla		-400				-400
428-1.20	Löggæsla		2.900				2.900
429-1.01	Yfirstjórn		-300				-300
429-1.20	Löggæsla		700				700
430-1.01	Yfirstjórn		-400				-400
430-1.20	Löggæsla		-1.000				-1.000
431-1.01	Yfirstjórn		-900				-900

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
431-1.20	Löggæsla		-1.700				-1.700
432-1.01	Yfirstjórn		2.000				2.000
432-1.20	Löggæsla		3.700				3.700
432-1.40	Tollgæsla		-200				-200
433-1.01	Yfirstjórn		-5.200				-5.200
433-1.20	Löggæsla		-2.800				-2.800
433-1.40	Tollgæsla		-1.400				-1.400
434-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-7.300				-7.300
434-1.20	Löggæsla	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-2.300				-2.300
434-1.40	Tollgæsla		-500				-500
436-1.01	Yfirstjórn	Ekki hafa allar stöður embættisins verið nýttar.	9.500				9.500
436-1.20	Löggæsla	Ekki hafa allar stöður embættisins verið nýttar.	6.900				6.900
436-1.40	Tollgæsla		-1.200				-1.200
437-1.01	Yfirstjórn		400				400
437-1.20	Löggæsla		-3.400				-3.400
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	Aukin útgáfa vegabréfa og ökuskírteina miðað við forsendur fjárlaga.	-10.300				-10.300
490-1.20	Kostnaður við löggæslunám	Afgangur frá 1996 og lækkun dagpeningagreiðslna til nema Lögregluskólans.	9.100				9.100
490-1.21	Óviss útgjöld		700				700
490-1.60	Gagnalínukostnaður		-2.400				-2.400
491-5.01	Viðhald húseigna				1.000		1.000
491-6.14	Húsnæði sýslumannsins í Stykkilshólmi					900	900
491-6.26	Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði					300	300
491-6.33	Húsnæði sýslumannsins á Selfossi	Verkið hófst ekki fyrr en undir lok árs 1997.				15.000	15.000
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna	Uppsafnaður vandi undanfarinna ára.				-23.900	-23.900
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins		2.000				2.000
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga				500		500
501-6.01	Tæki og búnaður					2.200	2.200
591-6.10	Stofnframkvæmdir					400	400
701-1.01	Þjóðkirkja Íslands	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-16.800				-16.800
701-1.01	Þjóðkirkja Íslands		-300				-300
701-1.01	Þjóðkirkja Íslands		100				100
701-1.01	Þjóðkirkja Íslands	Launa- og embættiskostnaðargreiðslur eru umfram áætlun fjárlaga.	-10.300				-10.300
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til að greiða fyrir hagræðingu hjá ráðuneytinu.	28.000				28.000

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
		Samtals dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**-15.600**	**-900**	**4.800**	**13.200**	**1.500**
07	**Félagsmálaráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		5.400				5.400
101-1.01	Yfirstjórn			-300			-300
101-1.90	Reynslusveitarfélög	Kostnaður við verkefnið kemur hægar inn en áætlað var.	13.500				13.500
101-1.99	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál			-1.300			-1.300
101-1.99	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál			1.900			1.900
272-6.01	Byggingarsjóður verkamanna					-4.500	-4.500
302-1.01	Ríkissáttasemjari		-300				-300
311-1.01	Jafnréttisráð		-2.700				-2.700
311-1.10	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál		2.200				2.200
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	Uppsafnaðar tekjur. Tekjustofnar skila meiru en nemur rekstrarufangi stofnunar.	12.300				12.300
331-6.01	Tæki og búnaður					1.000	1.000
400-1.01	Barnaverndarstofa		-500				-500
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	Starfsemi Sambýlis að Sólheimum 17 var hætt og samningur gerður við Varpholt í Eyjafirði.		25.200			25.200
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	Starfsemi Sambýlis að Sólheimum 17 var hætt og samningur gerður við Varpholt í Eyjafirði.		-15.900			-15.900
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins		5.500				5.500
400-6.20	Bygging móttöku- og meðferðarstöðvar					-4.500	-4.500
401-1.01	Barnaverndarráð		-1.000				-1.000
700-1.03	Samráðsnefnd um ferlimál		300				300
700-1.20	Vistun geðfatlaðra		-1.700				-1.700
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.		-2.500				-2.500
700-1.80	Starfsþjálfun			-400			-400
700-1.90	Ýmis verkefni		-1.000				-1.000
700-1.90	Ýmis verkefni	Samningum við tölvumiðstöð fatlaðra og starfsþjálfun fatlaðra var ekki lokið fyrir áramót.		12.800			12.800
700-1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	Útskriftir á árinu 1997 reyndust minni en áætlað var.	34.100				34.100
701-1.01	Svæðisskrifstofa	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-12.900				-12.900
701-1.01	Svæðisskrifstofa			8.500			8.500
701-1.10	Svæðisráð		300				300
701-1.20	Sambýli	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-6.200				-6.200
701-1.26	Sambýli Stigahlíð 71		-1.100				-1.100
701-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		-3.600				-3.600
701-1.60	Dagvistun	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-3.900				-3.900

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
701-1.77	Vistheimili fyrir börn	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-3.600				-3.600
702-1.01	Sæðisskrifstofa	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-14.200				-14.200
702-1.01	Sæðisskrifstofa			900			900
702-1.10	Sæðisráð		500				500
702-1.20	Sambýli		7.900				7.900
702-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		1.400				1.400
702-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni			-800			-800
702-1.30	Verndaður vinnustaður, Örvi		2.200				2.200
702-1.40	Leikfangasafn Keflavík		-100				-100
702-1.60	Skammtímavistun	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-8.600				-8.600
702-1.61	Dagvistun Keflavík		300				300
702-1.64	Hæfingarstöðvar	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.900				-2.900
702-1.70	Vistheimilið Tjaldanesi		4.300				4.300
702-1.73	Vistheimili fyrir börn		6.200				6.200
703-1.01	Sæðisskrifstofa		2.900				2.900
703-1.20	Sambýli Akranesi		-200				-200
703-1.21	Sambýli Borgarnesi		300				300
703-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		-700				-700
703-1.40	Leikfangasöfn Vesturlandi		600				600
703-1.61	Skammtímavistun		-600				-600
704-1.01	Sæðisskrifstofa	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-9.400				-9.400
704-1.10	Sæðisráð		500				500
704-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		3.600				3.600
704-1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu		4.400				4.400
704-1.32	Þjónusta í Strandasýslu		400				400
704-1.33	Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu		100				100
704-1.34	Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu		-200				-200
705-1.01	Sæðisskrifstofa		2.100				2.100
705-1.20	Sambýli	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.100				-2.100
705-1.20	Sambýli		1.100				1.100
705-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		800				800
705-1.40	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra		2.200				2.200
705-1.60	Skammtímavistun		-500				-500

Fylgiskjal 1

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
705-1.61	Dagvistun	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-6.300				-6.300
706-1.01	Sæðisskrifstofa		-500				-500
706-1.01	Sæðisskrifstofa			500			500
706-1.10	Sæðisráð		100				100
706-1.20	Sambýli		-500				-500
706-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		-200				-200
706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaí		2.100				2.100
706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaí			-900			-900
707-1.01	Sæðisskrifstofa		2.000				2.000
707-1.01	Sæðisskrifstofa			3.500			3.500
707-1.10	Sæðisráð		300				300
707-1.20	Sambýli Egilsstöðum	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.000				-2.000
707-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.000				-2.000
707-1.30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum		-400				-400
707-1.50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi		1.200				1.200
707-1.50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi			-100			-100
707-1.86	Samningur við Hornafjarðarbæ um þjónustu við fat		2.200				2.200
707-1.86	Samningur við Hornafjarðarbæ um þjónustu við fat	Samnigur gerður eftir samþykkt fjárlaga. Heimildir eru á öðrum fjárlagaliðum.		-3.400			-3.400
708-1.01	Sæðisskrifstofa		500				500
708-1.01	Sæðisskrifstofa			1.900			1.900
708-1.10	Sæðisráð		300				300
708-1.20	Sambýli Selfossi	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.400				-2.400
708-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		4.100				4.100
708-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni			-1.700			-1.700
708-1.30	Verndaður vinnustaður Selfossi	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-3.800				-3.800
708-1.50	Vistheimili fyrir börn		500				500
708-1.70	Lambhagi		-1.000				-1.000
708-1.72	Skaftholt		1.800				1.800
708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við		8.800				8.800
708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við		4.300				4.300
708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við		1.900				1.900
708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við		7.400				7.400
708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við	Samningur gerðu eftir samþykkt fjárlaga. Heimildir eru á öðrum fjárlagaliðum.	-29.100				-29.100

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
710-1.70	Heimili einhverfra	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-4.500				-4.500
711-1.20	Sambýli	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-4.600				-4.600
711-1.30	Vinnustofan Ás		3.800				3.800
711-1.60	Dagvistun Lækjarási	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.100				-2.100
711-1.61	Dagvistun Bjarkarási	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-3.200				-3.200
711-1.62	Dagvistun Lyngási	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-5.800				-5.800
711-1.63	Skammtímavistun Víðihlíð 9		-200				-200
711-1.64	Skammtímavistun Hólabergi		-300				-300
720-1.70	Vistheimilið Skálatúni		1.000				1.000
750-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-4.700				-4.700
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra					34.100	34.100
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til hagræðingar hjá ráðuneytinu.	11.900				11.900
980-1.01	Yfirstjórn		8.500				8.500
981-1.10	Félagsdómur		-800				-800
981-1.30	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	Umsóknir um styrki reyndust minni en áætlað var.		28.300			28.300
981-1.32	Starfsmenntun í atvinnulífinu			2.000			2.000
981-1.32	Starfsmenntun í atvinnulífinu			5.100			5.100
981-1.70	Atvinnumál kvenna	Umsóknir um styrki reyndust minni en áætlað var.		14.800			14.800
981-1.90	Ýmislegt			12.000			12.000
999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþ			11.200			11.200
999-1.11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	Uppgjör við Tryggingastofnun vegna barnameðlaga erlendra manna frestast til ársins 1998.		27.600			27.600
999-1.30	Sjómannastofur			2.300			2.300
999-1.31	Félagasamtök, styrkir			4.500			4.500
999-1.50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu s		-200				-200
999-1.53	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og		-1.200				-1.200
999-1.60	Verkefni á sviði húsnæðismála		3.700				3.700
999-1.90	Ýmis framlög			3.500			3.500
		Samtals félagsmálaráðuneyti	**25.500**	**141.700**		**26.100**	**193.300**
08	**Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.**						
101-1.01	Yfirstjórn		1.300				1.300
101-1.01	Yfirstjórn			100			100
101-6.01	Tæki og búnaður					-700	-700
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins		-6.200				-6.200

Fylgiskjal I

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins			100			100
301-1.01	Yfirstjórn	Uppsöfnuð umframgjöld án heimildar, frá árinu 1996 var flutt yfir 10,1 m.kr. rekstrarskuld.	-14.800				-14.800
301-1.10	Læknaráð		-100				-100
301-1.20	Sjúkraflutningaráð		500				500
301-1.30	Slysavarnaráð		1.300				1.300
301-1.40	Siðaráð		800				800
311-1.01	Héraðslæknir í Reykjavík		-300				-300
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands		-600				-600
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	Kaup á heyrnartækjum færist yfir a næsta ár.		-10.000			-10.000
326-1.01	Sjónstöð Íslands		900				900
327-1.01	Geislavarnir ríkisins		-500				-500
327-6.01	Tæki og búnaður					400	400
330-1.01	Manneldisráð		-300				-300
340-1.20	Sjálfsbjörg Akureyri			900			900
340-1.80	Gigtarráð			2.400			2.400
340-1.90	Ýmis starfsemi			8.000			8.000
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda					-1.800	-1.800
358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri		6.500				6.500
370-1.01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	Óhafin fjárveiting, á móti er stofnkostnaður í mínus.	30.100				30.100
370-6.50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	Umframútgjöld vegna endurskipulagingar, á móti er óhafin fjarveiting í rekstri.				-23.600	-23.600
371-1.01	Ríkisspítalar	Umframútgjöld í rekstri skýrast af því að veruleg inneign er á liðnum stjórnarnefnd, stofnkostnaði	-124.400				-124.400
371-5.60	Stjórnarnefnd, viðhald	Umframútgjöld vegna viðhalds, a móti er verulegur afgangur a liðnum stjórnanefnd, stofnkostnað			-106.000		-106.000
371-6.60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður					296.300	296.300
371-6.70	Nýframkvæmdir á Landspítalalóð					-31.900	-31.900
375-1.01	Sjúkrahús Reykjavíkur	Inneign skýrist af uppgjöri af liðnum 08-370 í árslok í samræmi við samkomulag um rekstur sjúkr	57.800				57.800
378-1.01	Læknishéraðasjóður			2.000			2.000
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Framlag til að leiðretta stöðu sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Nefnd a vegum HT mun úthluta fénu.	200.000				200.000
381-5.50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt				5.700		5.700
381-6.60	Tækjakaup, óskipt					17.400	17.400
381-6.90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisb	Skýrist að mestu af umframútgjöldum vegna samkomulags um heilsugæslustöð í Garðabæ.				-55.700	-55.700
385-1.01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni	Framlag á að færast a móti útgjöldum sjúkratrygginga.		39.000			39.000
385-6.01	Stofnkostnaður og endurbætur	Í samræmi við samkomulag um sjúkrahúsin í Reykjavík var framlagi vegna öldrunarsjúkrahúss fl				-61.000	-61.000
393-1.11	Lyfjaverðsnefnd		-300				-300

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
393-1.41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár		1.200				1.200
393-1.51	Evrópska lyfjaskráin		100				100
393-1.71	Samheitaverðskrá lyfja		1.000				1.000
395-1.01	Lyfjaeftirlit ríkisins	Uppsafnaðar tekjur umfram gjöld frá árinu 1996 voru 4,6 m.kr. Leiðretta þarf gjaldskrá.	7.000				7.000
396-1.01	Lyfjanefnd	Uppsafnaðar tekjur umfram gjöld voru 7,1 m.kr. frá árinu 1996. Leiðrétta þarf gjaldskrá .	11.100				11.100
399-1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975		400				400
399-1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarni		6.200				6.200
399-1.50	Tannverndarsjóður			300			300
399-1.53	Tóbaksvarnir			-3.500			-3.500
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili			2.000			2.000
399-1.63	Áfallahjálp			-1.500			-1.500
399-1.65	Heilsuefling		-2.900				-2.900
399-1.65	Heilsuefling			1.300			1.300
399-1.71	Norræni heilsugæsluskólinn			1.400			1.400
399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO			3.200			3.200
399-1.90	Ýmis framlög			6.800			6.800
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi		100				100
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi			1.300			1.300
422-1.01	Hlaðgerðarkot		100				100
422-1.01	Hlaðgerðarkot		-100				-100
431-1.01	Endurhæfingardeild		-7.000				-7.000
431-1.10	Heilsuhælisdeild		2.000				2.000
490-1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna		700				700
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Umframútgjöld, m.a. vegna veikinda, barnsburðarleyfa o.fl. sameiginlegs kostnaðar.	-11.600				-11.600
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Skýrist að hluta af samningum um sjúkraflutninga.		-28.400			-28.400
500-5.01	Viðhald, óskipt				-8.900		-8.900
500-5.01	Viðhald, óskipt				-1.700		-1.700
500-5.01	Viðhald, óskipt				5.800		5.800
500-6.01	Tæki og búnaður					16.800	16.800
500-6.90	Tölvuvæðing					-5.200	-5.200
510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	Umframútgjöld, m.a. vegna heimahjúkrunar. Styrkja þarf fjármálastjórn.	-31.700				-31.700
510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík		300				300
510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík			3.800			3.800

Fylgiskjal 1

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
511-1.10	Heilsugæslustöðin Árbæ		-6.400				-6.400
511-1.20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi		-8.700				-8.700
512-1.10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti		-13.900				-13.900
512-1.10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti		600				600
512-1.10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti		-800				-800
512-1.20	Heilsugæslustöðin Mjódd		-5.900				-5.900
513-1.10	Heilsugæslustöðin Fossvogi		-5.300				-5.300
513-1.10	Heilsugæslustöðin Fossvogi		-900				-900
514-1.10	Heilsugæslustöðin Hlíðum		1.500				1.500
514-1.20	Heilsugæslustöðin Miðbæ		-4.400				-4.400
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi		-2.000				-2.000
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík		-100				-100
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík		-3.900				-3.900
553-1.01	Reynslusveitarfélagið Akureyri		-1.400				-1.400
558-1.01	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu		-200				-200
558-1.01	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu		-100				-100
558-5.01	Viðhald				-100		-100
561-1.01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði		-500				-500
566-1.01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði		-1.100				-1.100
571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri		-300				-300
572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal		-700				-700
575-1.01	Heilsugæslustöðin Hellu		-3.900				-3.900
578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði		-100				-100
579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn		-300				-300
582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	Umframútgjöld skýrast af auknu umfangi og miklum afleysingum vegna veikinda.	-10.100				-10.100
583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ		-2.100				-2.100
584-1.01	Heilsugæslustöðin Kópavogi		-3.800				-3.800
621-1.10	Áfengisvarnaráð		-2.500				-2.500
621-1.10	Áfengisvarnaráð			700			700
621-1.90	Forvarnasjóður		-400				-400
621-1.90	Forvarnasjóður			13.600			13.600
715-1.11	Sjúkrasvið	Millifærð heimild af liðnum 08-950 Rekstrarhagræðing.	5.000				5.000
735-1.11	Sjúkrasvið		-100				-100

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
741-1.01	Heilsugæslusvið		100				100
741-1.01	Heilsugæslusvið		-100				-100
741-1.11	Sjúkrasvið		100				100
741-1.11	Sjúkrasvið		-100				-100
771-1.11	Sjúkrasvið	Millifært af liðnum 08-950 Rekstrarhagræðing.	6.000				6.000
785-1.11	Sjúkrasvið		-6.300				-6.300
		Samtals heilbrigðis- og trygg.málaráðun.	***55.500***	***43.500***	***-105.200***	***151.000***	***144.800***
09	**Fjármálaráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		6.400				6.400
101-6.01	Tæki og búnaður	Einkum vegna endurnýjunar á tölvubúnaði og uppbyggingar á málaskrá.				-6.300	-6.300
103-1.01	Ríkisbókhald		5.200				5.200
103-6.01	Tæki og búnaður					1.600	1.600
104-1.01	Ríkisfjárhirsla		2.400				2.400
104-6.01	Tæki og búnaður					2.000	2.000
105-1.01	Ríkislögmaður		-400				-400
105-6.01	Tæki og búnaður					1.500	1.500
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra			9.600			9.600
201-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-9.800				-9.800
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-13.600				-13.600
201-1.20	Skatteftirlit		-100				-100
201-6.01	Tæki og búnaður	Kaup á búnaði hafa frestast frá því sem ætlað var.				21.000	21.000
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík		-3.600				-3.600
202-6.01	Tæki og búnaður					6.100	6.100
203-1.01	Skattstofa Vesturlands		100				100
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra		100				100
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra		6.100				6.100
207-1.01	Skattstofa Austurlands		2.900				2.900
208-1.01	Skattstofa Suðurlands		1.700				1.700
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja		500				500
211-1.01	Skattstofa Reykjaness		2.400				2.400
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld		8.700				8.700
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld			-200			-200
212-1.02	Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur		100				100

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
212-1.10	Skatteftirlit		700				700
212-1.15	Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli			200			200
212-1.20	Olíugjald	Að mestu frá árinu 1996. Gildistaka laga hefur frestast en framlag er veitt að nýju árið 1998.	-5.900				-5.900
212-1.30	Þungaskattur		900				900
212-1.40	Fjármagnstekjuskattur		3.200				3.200
212-6.01	Tæki og búnaður					2.300	2.300
214-1.01	Yfirskattanefnd		7.000				7.000
214-6.01	Tæki og búnaður					400	400
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins		4.300				4.300
215-6.01	Tæki og búnaður					-4.300	-4.300
261-1.01	Ríkistollstjóri		-6.800				-6.800
261-6.01	Tæki og búnaður					3.500	3.500
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík		6.200				6.200
262-6.01	Tæki og búnaður					-1.500	-1.500
402-1.01	Fasteignamat ríkisins		-100				-100
402-1.05	Yfirfasteignamatsnefnd		-400				-400
901-1.01	Framkvæmdasýslan		1.200				1.200
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur á sérstöku framlagi á árinu 1997 til að greiða fyrir hagræðingu hjá ráðuneytinu.	20.100				20.100
981-6.05	Stjórnarráðsbyggingar					7.100	7.100
981-6.40	Tollhúsið við Tryggvagötu	Útgjöld vegna framkvæmda við tollhúsið hafa frestast frá því sem gert var ráð fyrir.				18.200	18.200
981-6.80	Listaskóli	Famkvæmda við húsnæði listaskóla hafa frestast.				21.200	21.200
981-6.90	Aðrar húseignir					6.300	6.300
981-6.92	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga					-3.000	-3.000
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarin			18.100			18.100
995-1.01	Launagreiðslukerfi		10.600				10.600
995-1.02	Tekjubókhaldskerfi		1.000				1.000
995-1.03	Skattvinnslukerfi	Á móti greiðslum sem bókaðar hafa verið á rekstur standa afgangsheimildir til stofnkostnaðar.	-27.400				-27.400
995-1.04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins		100				100
995-1.05	Innheimtuskilakerfi		-1.700				-1.700
995-1.06	Forsendukerfi innheimtugagna		11.200				11.200
995-6.01	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	Uppbygging á nýju kerfi hefur seinkað nokkuð frá því sem fyrirhugað var.				25.400	25.400
995-6.02	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	Uppbygging á nýju kerfi hefur orðið nokkru hraðari en reiknað var með.				-12.600	-12.600
995-6.03	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi					13.500	13.500

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
995-6.04	Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	Uppbygging á nýju kerfi hefur seinkað nokkuð frá því sem fyrirhugað var.				29.300	29.300
995-6.08	Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal	Verkefni að mestu lokið en fyrirhugað að afgangi verði varið til forritunar á framtali einstaklinga.				20.000	20.000
995-6.09	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi	Uppbygging á nýju kerfi hefur seinkað nokkuð frá því sem fyrirhugað var.				11.200	11.200
999-1.09	Rekstrarhagræðing		2.400				2.400
999-1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið		11.500				11.500
999-1.15	Kjararannsóknir		-400				-400
999-1.17	Ýmis sameiginlegur kostnaður		-2.000				-2.000
999-1.19	Ýmsar endurgreiðslur			-300			-300
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga	Greiðslur hafa frestast frá því sem reiknað var með í fjárlögum.		35.000			35.000
999-1.21	Breytingar á framsetningu fjárlaga og ríkisreikning	Uppgjör á útgjöldum viðkomandi aðila að verkefninu lýkur ekki fyrr en á árinu 1998.	10.300				10.300
999-1.70	Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	Uppgjöri ýmissa útgjalda verður ekki að fullu lokið fyrr en á árinu 1998.		15.000			15.000
999-1.90	Óviss útgjöld		7.800				7.800
999-1.90	Óviss útgjöld			17.100			17.100
		Samtals fjármálaráðuneyti	**62.900**	**94.500**		**162.900**	**320.300**

10 Samgönguráðuneyti

101-1.01	Yfirstjórn		6.900				6.900
101-1.01	Yfirstjórn			1.600			1.600
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar			-200			-200
190-1.13	Siglingamálastofnun Namibíu	Uppgjör verkefnisins fer fram á árinu 1998.	1.100				1.100
190-1.14	Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	Upphaf verkefnisins frestast.	8.000				8.000
190-1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa		-800				-800
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna		600				600
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna			5.000			5.000
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna			5.600			5.600
190-1.25	GPS-staðsetningarkerfi	Upphaf verkefnisins frestast.	17.000				17.000
190-1.27	Slysavarnafélag Íslands			-2.800			-2.800
190-1.28	Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	Verkefnið hefst á árinu 1998 og felst að stórum hluta í stofnkostnaði.		37.400			37.400
190-1.29	Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum			5.000			5.000
190-1.33	Flugeftirlitsnefnd		-100				-100
190-1.34	Flugskóli Íslands			3.000			3.000
190-1.40	Stefnumótun í ferðamálum		-200				-200
190-1.42	Ferðamál og markaðsstarf			7.700			7.700
190-1.43	Heilsárshótel á landsbyggðinni			4.500			4.500

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.63	Ferðaskrifstofan GCI á Íslandi	Hér er um tryggingarfé að ræða en ágreiningur er um hvaða kröfur ber að greiða.	1.000				1.000
190-1.63	Ferðaskrifstofan GCI á Íslandi	Hér er um tryggingarfé að ræða en ágreiningur er um hvaða kröfur ber að greiða.		-100			-100
190-1.90	Ýmislegt		4.500				4.500
190-1.90	Ýmislegt			1.300			1.300
190-1.91	Athugun á öryggi fiskiskipa		900				900
335-6.70	Hafnamannvirki					34.900	34.900
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-2.500				-2.500
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	Stofnun lokað á árinu og Póst- og fjarskiptastofnun tók við starfseminni.	10.200				10.200
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	Póst- og fjarskiptastofnun tók við verkefnum Fjarskiptaeftirlits á árinu.	-22.700				-22.700
651-1.01	Ferðamálaráð		-300				-300
651-1.81	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994			-100			-100
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til hagræðingar hjá ráðuneytinu.	7.000				7.000
		Samtals samgönguráðuneyti	**30.600**	**67.900**		**34.900**	**133.400**
11	**Iðnaðarráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		-300				-300
101-6.01	Tæki og búnaður					-1.000	-1.000
102-1.01	Einkaleyfastofan	Tekjur og gjöld skila sér ekki á sama ári.	25.900				25.900
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands		-5.200				-5.200
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins		600				600
203-6.01	Tæki og búnaður					-900	-900
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja		2.400				2.400
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja			1.500			1.500
240-1.41	Vegalagning vegna álvers á Grundartanga		4.000				4.000
299-1.19	Staðlaráð			5.100			5.100
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf		-5.000				-5.000
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf			-1.100			-1.100
299-1.31	Starf hjá framkvæmdastjórn ESB	Ekki á fjárlögum. Leitað verði eftir aukafjárveitingu 1998.	2.900				2.900
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar			-200			-200
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	Útgjöld falla til á árinu 1998.	15.800				15.800
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál			-2.600			-2.600
299-1.60	Verkefnaútflutningur	Ekki á fjárlögum. Verður jafnað með millifærslu 1998.	-1.100				-1.100
299-1.60	Verkefnaútflutningur	Ekki á fjárlögum. Verður jafnað með millifærslu 1998.		-2.300			-2.300
299-1.70	Til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni			1.900			1.900

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
301-1.01	Yfirstjórn		-5.700				-5.700
301-1.02	Orkumálasvið		400				400
301-1.03	Orkurannsóknir	Tekjur og gjöld falla ekki til a sama tíma.	15.100				15.100
399-1.14	Aðstoð við litlar hitaveitur		200				200
399-1.14	Aðstoð við litlar hitaveitur			8.400			8.400
399-1.21	Orkunefnd		-1.500				-1.500
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til að greiða fyrir hagræðingu hjá ráðuneytinu.	3.000				3.000
		Samtals iðnaðarráðuneyti	**51.500**	**10.700**		**-1.900**	**60.300**
12	**Viðskiptaráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		-2.400				-2.400
190-1.10	Neytendasamtökin			-1.700			-1.700
190-1.11	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir			1.000			1.000
190-1.30	Endurskipulagning fjármagnsmarkaðar	Ekki á fjárlögum. Verður jafnað með millifærslu 1998.		-200			-200
190-1.40	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	Ekki á fjárlögum. Verður jafnað með millifærslu 1998.	-900				-900
190-1.40	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	Ekki á fjárlögum. Verður jafnað með millifærslu 1998.		-200			-200
190-1.46	Prófnefndir			-1.400			-1.400
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál		-3.900				-3.900
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál			3.900			3.900
302-1.01	Löggildingarstofa	Halli yfirfærður til ársins 1998.	-7.400				-7.400
401-1.01	Vátryggingaeftirlitið		-100				-100
902-1.01	Samkeppnisstofnun		1.100				1.100
950-1.90	Rekstrarhagræðing		1.000				1.000
		Samtals viðskiptaráðuneyti	**-12.600**	**1.400**			**-11.200**
13	**Hagstofa Íslands**						
101-1.01	Yfirstjórn		-5.200				-5.200
101-1.01	Yfirstjórn			5.100			5.100
101-1.02	Sérstakar kannanir		4.400				4.400
101-1.50	Þjóðskráin		6.000				6.000
101-6.01	Tæki og búnaður	Halli verði jafnaður mót afgangi á rekstri.				-14.800	-14.800
950-1.90	Rekstrarhagræðing		1.000				1.000
		Samtals hagstofa Íslands	**6.200**	**5.100**		**-14.800**	**-3.500**

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

14 Umhverfisráðuneyti

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
101-1.01	Yfirstjórn		-700				-700
101-1.01	Yfirstjórn	Aukinn ferðakostnaður.		-2.000			-2.000
101-6.01	Tæki og búnaður	Endurnýjun tölvubúnaðar vegna nýs tölvukerfis, Lotus Notes.				-2.700	-2.700
190-1.22	Stefnumörkun í umhverfismálum		-700				-700
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára auk annarra smærri liða.	-22.900				-22.900
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni			1.000			1.000
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum			-1.600			-1.600
190-1.35	Umhverfisvöktun	Greiðslur vegna verkefna 1997 falla ekki til fyrr en 1998.	10.100				10.100
190-1.39	Mengunarslys		300				300
190-1.39	Mengunarslys			3.000			3.000
190-1.40	Alþjóðastofnanir	Greiðslur vegna alþjóðlegra samninga falla ekki til fyrr en á árinu 1998.		6.000			6.000
190-1.53	Undirbúningur náttúrustofa			100			100
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum			3.000			3.000
190-1.55	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar		2.000				2.000
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar		2.200				2.200
190-1.57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur		600				600
190-1.59	Náttúruverndarráð	Náttúruverndarþing og greiðslur fyrir verkefni á vegum Friðlýsingarsjóðs.		-3.400			-3.400
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn		1.200				1.200
205-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-10.700				-10.700
205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði		1.100				1.100
205-5.01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði				3.500		3.500
205-6.01	Tæki og búnaður	Sala bifreiðar á móti kaupum á annarri fór fram eftir áramót.				-3.700	-3.700
210-1.01	Veiðistjóri		2.000				2.000
221-1.01	Hollustuvernd ríkisins		1.600				1.600
221-6.01	Tæki og búnaður					-400	-400
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga hafa verið minni en ráð var fyrir gert.				49.000	49.000
285-1.10	Eyðing spilliefna	Greiðslur vegna verkefna 1997 falla ekki til fyrr en 1998.		17.000			17.000
301-1.01	Skipulagsstofnun	Vinna við lagafrumvarp auk barnsburðarleyfa og starfsmannaskipta.	-7.900				-7.900
301-1.01	Skipulagsstofnun			2.600			2.600
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	Tekjur hafa reynst hærri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir.	7.800				7.800
301-1.12	Skipulag miðhálendis		1.900				1.900
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	Uppsafnaðar tekjur. Tekjustofnar skila meiru en nemur rekstrarufangi stofnunar.	84.500				84.500
321-1.10	Námssjóður			-600			-600

Breytingar framlaga 1998 vegna ónotaðra heimilda og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
321-1.10	Námssjóður			1.200			1.200
321-6.01	Tæki og búnaður					-4.100	-4.100
401-1.01	Yfirstjórn		-900				-900
401-1.02	Setur í Reykjavík	Uppsafnaður rekstrarvandi auk annarra liða, s.s. lægri tekjur en áætlað.	-23.600				-23.600
401-1.03	Setur á Akureyri		-2.800				-2.800
401-5.21	Fasteignir				1.400		1.400
401-6.01	Tæki og búnaður	Bifreið embættisins skemmdist mikið í árekstri.				-4.800	-4.800
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	Starfrækslan fór hægar af stað en ráð var fyrir gert.	7.000				7.000
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum		-3.300				-3.300
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi		2.100				2.100
410-1.01	Almenn starfsemi	Tekjur reyndust lægri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir.	-5.100				-5.100
950-1.90	Rekstrarhagræðing		400				400
		Samtals umhverfisráðuneyti	**46.200**	**26.300**	**4.900**	**33.300**	**110.700**
		Samtals öll ráðuneyti	**-40.900**	**759.300**	**-111.100**	**968.300**	**1.575.600**

Niðurfellingar ónotaðra fjárveitinga og umframgjalda í árslok 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
00	**Æðsta stjórn ríkisins**						
401-1.01	Hæstiréttur	Laun Hæstaréttardómara reyndust meiri en áætlað var.	-4.400				-4.400
520-1.01	Opinberar heimsóknir	Kostnaður við opinberar heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja fór fram úr áætlun.	-4.100				-4.100
		Samtals æðsta stjórn ríkisins	**-8.500**				**-8.500**
01	**Forsætisráðuneyti**						
231-1.61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	Framlag varð minna en gert var ráð fyrir sökum hagstæðrar gengisþróunar.		1.500			1.500
901-1.01	Húsameistari ríkisins	Innheimst hafa eldri kröfur embættisins, en það hefur verið lagt niður í árslok 1996.	21.700				21.700
		Samtals forsætisráðuneyti	**21.700**	**1.500**			**23.200**
02	**Menntamálaráðuneyti**						
720-1.80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfélaga.	600				600
720-1.80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfélaga.		-500			-500
720-1.90	Grunnskólar, óskipt	Kostnaður vegna yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga, einkum biðlaun.	-11.500				-11.500
750-1.40	Dagvist fatlaðra forskólabarna	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfélaga.	7.100				7.100
750-1.40	Dagvist fatlaðra forskólabarna	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfélaga.		9.400			9.400
750-5.01	Viðhald	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfélaga.			-4.200		-4.200
750-6.01	Tæki og búnaður	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfelaga.				-1.100	-1.100
872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna			-100			-100
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	Launuðum stórmeisturum fækkaði á árinu 1997.		1.500			1.500
		Samtals menntamálaráðuneyti	**-3.800**	**10.300**	**-4.200**	**-1.100**	**1.200**
03	**Utanríkisráðuneyti**						
190-1.13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EE			2.800			2.800
391-1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóða			500			500
391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF			600			600
401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN			-4.000			-4.000
401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNE			-300			-300
401-1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA			-100			-100
401-1.16	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO			900			900
401-1.35	Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið			4.300			4.300
401-1.39	Evrópuráðið			-500			-500
401-1.40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD			2.600			2.600
401-1.75	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE			-300			-300

Niðurfellingar ónotaðra fjárveitinga og umframgjalda í árslok 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
511-1.10	Flugstöð Leifs Eiríkssonar			-900			-900
		Samtals utanríkisráðuneyti		**5.600**			**5.600**
04	**Landbúnaðarráðuneyti**						
190-1.51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO		-200				-200
801-1.01	Beinar greiðslur til bænda	Beinar greiðslur til bænda reyndust minni en áætlað var.		22.200			22.200
801-1.02	Lífeyrissjóður bænda			1.500			1.500
805-1.01	Beinar greiðslur til bænda			-7.800			-7.800
851-1.90	Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumeng	Greiðslur urðu minni en áætlað var.		12.000			12.000
		Samtals landbúnaðarráðuneyti	**-200**	**27.900**			**27.700**
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**						
190-1.43	Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna		3.300				3.300
190-1.49	Úrskurðarnefndir		5.100				5.100
190-1.52	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	Framlög til þessara stofnana urðu minni en ætlað var.		6.400			6.400
221-1.01	Verðlagsráð sjávarútvegsins		1.000				1.000
		Samtals sjávarútvegsráðuneyti	**9.400**	**6.400**			**15.800**
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-20.400				-20.400
102-1.01	Stjórnartíðindi	Tekjur voru hærri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir.	18.600				18.600
231-1.10	Málskostnaður í opinberum málum		1.400				1.400
232-1.10	Opinber réttaraðstoð	Kostnaður vegna gjafsókna.	-22.200				-22.200
232-1.15	Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamn			9.200			9.200
235-1.10	Bætur brotaþola	Greiddar bætur reyndust lægri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir.		11.500			11.500
290-1.11	Meðdómsmenn		-2.800				-2.800
290-1.12	Setu- og varadómarar		1.000				1.000
302-1.02	Rannsóknarlögregla ríkisins	Stofnunin var lögð niður á síðasta ári og um er að ræða uppgjör á kostnaði.	-22.300				-22.300
397-1.01	Schengen samstarf	Þýðingar- og aðildargjaldakostnaður var ofmetinn í fjárlögum.		6.400			6.400
490-1.30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur l	Lögbundin útgjöld.	6.800				6.800
		Samtals dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**-39.900**	**27.100**			**-12.800**
07	**Félagsmálaráðuneyti**						
981-1.81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO			-500			-500
982-1.01	Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	Á móti greiðslu launa vegna gjaldþrota fyrirtækja komu meiri innheimtur úr þrotabúum en ætlað v		115.000			115.000

Niðurfellingar ónotaðra fjárveitinga og umframgjalda í árslok 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
		Samtals félagsmálaráðuneyti		**114.500**			**114.500**
08	**Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.**						
203-1.10	Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	Ofáætlaðar tilfærslur, fellt niður.		151.000			151.000
204-1.10	Lífeyristryggingar	Ofáætlaðar tilfærslur, fellt niður.		80.000			80.000
206-1.10	Sjúkratryggingar	Vanáætluð tilfærsluútgjöld felld niður.		-63.900			-63.900
208-1.10	Slysatryggingar	Vanáætluð tilfærsluútgjöld felld niður.		-30.000			-30.000
214-1.10	Eftirlaunasjóður aldraðra	Greiðslur eftirlauna urðu minni en áætlun gerði ráð fyrir, fellt niður. Uppsöfnuð sjóðseig á að læk	50.000				50.000
399-1.72	Bláalónsnefnd	Verkefni lokið og er ekki lengur í fjarlögum.	300				300
		Samtals heilbrigðis- og trygg.málaráðun.	**50.300**	**137.100**			**187.400**
09	**Fjármálaráðuneyti**						
250-1.10	Ýmis innheimtukostnaður	Lögboðin útgjöld innheimtumanna við fullnustuaðgerðir.	-10.700				-10.700
250-1.20	Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	Lögboðin útgjöld innheimtumanna við fullnustuaðgerðir.	5.200				5.200
251-1.01	Gjaldheimtan í Reykjavík	Lokun sameiginlegrar gjaldheimtu með Rvík.borg og tilfærsla verkefna til tollstjórans í Reykjavík.	-8.800				-8.800
381-1.01	Uppbætur á lífeyri	Löbundnar greiðslur uppbóta á lífeyrisiðgjöld vegna ríkisstarfsmanna.		200			200
481-6.01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	Áætlun fjárlaga um nýtingu heimildarákvæða er jafnan háð talsverðri óvissu.				-25.400	-25.400
801-1.10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	Útskipti eldri flokka spariskirteina fyrir markflokka urðu minni er reiknað var með.	591.800				591.800
971-6.01	Ríkisábyrgðir	Minni þörf var fyrir framlög í Ríkisábyrgðasjóð en miðað var við í fjárlögum.				211.300	211.300
971-6.10	Tjónabætur					10.200	10.200
989-1.90	Launa- og verðlagsmál	Launabætur til stofnana vegna kjarasamninga og úrskurða urðu nokkru meiri en áætlað var fyrir.	-33.400				-33.400
989-6.01	Stofnkostnaður	Ekki reyndist vera þörf fyrir verðbætur á stofnkostnaðarverkefni á árinu.				30.000	30.000
999-1.13	Kjarasamningar	Vegna samninga við nær öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna og breytinga á launakerfi þeirra.	-11.700				-11.700
999-1.14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	Samningsbundnar greiðslur umfram áætlun fjárlaga.	-1.700				-1.700
999-1.31	Lífeyrissjóður bænda	Sjóðfélögum hefur fækkað örar en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.		32.800			32.800
999-1.45	Ýmsar nefndir		-5.800				-5.800
999-1.50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)			200			200
999-1.60	Dómkröfur	Dómkröfur sem falla á ríkissjóð hafa farið vaxandi.	-13.600				-13.600
999-1.65	Kjaradómur og kjaranefnd	Vegna fjölgunar starfshópa og mikilla launabreytinga árið 1997 sem nefndin þurfti að úrskurða u	-3.100				-3.100
999-1.71	Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri			-4.500			-4.500
999-1.81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	Fjárþörf reyndist vera nokkru minni en ætlað var vegna minni útflutnings.		3.800			3.800
999-6.20	Ríkisbifreiðar, framlag	Frá og með 1998 verða ekki lengur veitt sérstök framlög til bifreiðakaupa frá fjármálaráðuneyti.				1.700	1.700
		Samtals fjármálaráðuneyti	**508.200**	**32.500**		**227.800**	**768.500**

Niðurfellingar ónotaðra fjárveitinga og umframgjalda í árslok 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10	**Samgönguráðuneyti**						
190-1.26	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO			-100			-100
211-6.55	Ferjur og flóabátar	Til að mæta greiðslum ríkissjóðs á afborgunum á lánum vegna ferjunnar Herjólfs.				175.000	175.000
471-1.01	Flugmálastjórn	Rennur til afborgunar á láni vegna endurnýjunar á flugvél stofnunarinnar.	12.100				12.100
		Samtals samgönguráðuneyti	**12.100**	**-100**		**175.000**	**187.000**
11	**Iðnaðarráðuneyti**						
299-1.21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL		800				800
399-1.15	Niðurgreiðsla á rafhitun	Kostnaður við niðurgreiðslu fór fram úr áætlun.		-9.500			-9.500
		Samtals iðnaðarráðuneyti	**800**	**-9.500**			**-8.700**
12	**Viðskiptaráðuneyti**						
903-1.01	Skráning hlutafélaga	Kostnaður varð meiri en áætlað var áður en verkefnið fluttist til Hagstofu.	-1.100				-1.100
		Samtals viðskiptaráðuneyti	***-1.100***				***-1.100***
		Samtals öll ráðuneyti	**549.000**	**353.300**	**-4.200**	**401.700**	**1.299.800**

179. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [174. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 72. gr. laganna kemur ný grein og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin hljóðar svo:

Nytjastofnar á hafsvæði því sem fullveldisréttur Íslands nær til eru sameign íslensku þjóðarinnar. Kveðið skal á um sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda til hagsbóta fyrir þjóðarheildina í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til stjórnarskipunarlaga var áður flutt á síðasta þingi en varð eigi útrætt. Síðan þá hefur mikil umræða verið í þjóðfélaginu um mikilvægi þess að nytjastofnar á hafsvæðinu í kringum Ísland haldist í þjóðareign eins og lög gera ráð fyrir. Þverpólitísk almannasamtök hafa verið mynduð sem hafa það að meginmarkmiði að fiskveiðiauðlindin verði sameign íslensku þjóðarinnar en ekki einstaklingseign þeirra sem hafa nytjaréttinn hverju sinni. Ein mikilvæg leið til að tryggja að það markmið náist er að setja ákvæði um slíkt inn í stjórnarskrá eins og hér er lagt til.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru langmikilvægasta auðlind íslensku þjóðarinnar. Í lögum um stjórn fiskveiða hefur frá árinu 1988 verið ákvæði um að þeir séu sameign íslensku þjóðarinnar. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er verið að tryggja stjórnskipulega stöðu þess ákvæðis.

Með ákvæði fyrra málsliðar greinarinnar er verið að tryggja annars vegar forræði Íslendinga yfir auðlindinni og hins vegar að auðlindin sé sameign íslensku þjóðarinnar en ekki þeirra sem fara með nýtingarréttinn samkvæmt lögum hverju sinni. Ástæða þykir til að tryggja stjórnskipulega stöðu þessa ákvæðis þó að það sé þegar lögbundið vegna þess hvernig núverandi fiskveiðistjórn er framkvæmd.

Síðara ákvæði greinarinnar kveður annars vegar á um að nýta beri auðlindina á sjálfbæran hátt, en með því er átt við að nýtingin mæti þörfum núverandi kynslóðar án þess að skerða möguleika kynslóða framtíðarinnar til sambærilegrar nýtingar. Í því sambandi skal minnt á hið mikla brottkast sem getur ógnað sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. Hins vegar er yfirlýsing um að hagnýting auðlindanna eigi að vera til hagsbóta fyrir þjóðarheildina og ákveðin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Ástæða þykir til að ítreka hagsmuni þjóðarheildarinnar í ljósi þess að heilu byggðarlögin geta misst lífsviðurværi sitt við kaup og sölu einstaklinga á aflahlutdeildum. Það getur einnig átt sér stað þegar aflahlutdeildum er úthlutað án endurgjalds til einstaklinga og fyrirtækja sem nýta ekki veiðirétt sinn en hagnast á því að selja hann eða leigja til þeirra sem stunda fiskveiðar, þeirra sem ekki fá veiðileyfi eða aflahlutdeild þrátt fyrir ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi leggja bönd á atvinnufrelsi manna nema almannaheill krefji.

Um skilgreiningu á hugtakinu nytjastofnar vísast til 1. mgr. 2. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Samkvæmt þeirri grein teljast til nytjastofna sjávardýr, svo og sjávargróður,

sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð. Það hafsvæði, sem fullveldisréttur nær nú til, er skilgreint í lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Er fullveldisréttur Íslands yfir landhelgi og efnahagslögsögu skilgreindur í 2. og 4. gr. laganna. Athygli skal vakin á því að ákvæði fyrri málsliðar 1. gr. frumvarpsins nær einnig til botnlægra fiskstofna á landgrunninu utan efnahagslögsögu sem fullvirðisréttur Íslands nær til skv. 6. gr. laga nr. 41/1979.

Frumvarp þetta er nær samhljóða frumvarpi því sem forsætisráðherra flutti á síðasta kjörtímabili, 118. löggjafarþingi 1994–1995, sem stjórnarfrumvarp Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Samkvæmt stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar og samkvæmt fyrirliggjandi málefnaskrá samfylkingar Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Kvennalistans er stefnt að því að festa í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Af þessu má ráða að um efni þessa frumvarps til stjórnskipunarlaga sé víðtæk sátt í þinginu.

Eins og fyrr segir var frumvarp þetta lagt fram á 122. löggjafarþingi. Nú er kosningaþing og fyrirsjáanlegar breytingar á stjórnarskrá vegna breytingar á kjördæmaskipan. Það mælir enn frekar með því að nú sé rétti tíminn til að festa þetta ákvæði í stjórnarskrá. Málið er brýnt því að núverandi fiskveiðistjórn er á svig við 1. gr. laga um stjórnun fiskveiða þó að víðtæk pólitísk sátt sé um það að fiskstofnarnir í hafinu í kringum landið séu sameign íslensku þjóðarinnar.

180. Fyrirspurn [175. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ferðakostnað aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um þátttöku almannatryggingakerfisins í ferðakostnaði foreldra eða aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda sem eru á meðferðarheimilum fjarri heimabyggð? Ef um hlutdeild almannatrygginga er að ræða í þessum kostnaði, hver er hún, og ef ekki, mun ráðherra þá beita sér fyrir breytingum á viðkomandi reglum?
2. Hver er áætlaður heildarferðakostnaður foreldra eða aðstandenda vegna þátttöku þeirra í meðferðarstarfi á heimilum fyrir unga fíkniefnaneytendur?

181. Frumvarp til laga [176. mál]

um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI

Heiti, hlutverk, aðild, stjórn og iðgjald.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í lögum þessum og samþykktum sjóðsins.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir fjárfestingarstefnu, eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykkta sjóðsins.
Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Skylda til greiðslu iðgjalds nær til allra launþega og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi frá 16 ára til 70 ára aldurs og hafa ekki fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að öðrum lífeyrissjóði og greiðslu iðgjalds til hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

3. gr.

Fjármálaráðherra skipar sjö menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða, tveir eftir tilnefningu stjórnar Landssambands lífeyrissjóða og þrír án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður sjóðstjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

5. gr.

Iðgjald til sjóðsins skal nema 10% af iðgjaldsstofni, sbr. 2. mgr. Sé um launþega að ræða skiptist iðgjald þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 6%.
Iðgjald skv. 1. mgr. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga.

6. gr.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt er umfram iðgjald skv. 5. gr. og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá sjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum. Jafnframt er heimilt að kveða á um í samþykktum að hluta iðgjalds skv. 1. mgr. 5. gr. sé varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

7. gr.

Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldshluta. Gjalddagi iðgjalds hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar og eindagi síðasta dag sama mánaðar. Hafi ekki verið greitt á eindaga skal innheimta hæstu vanskilavexti sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka frá gjalddaga til greiðsludags. Launagreiðanda og sjálfstæðum atvinnurekanda ber að tilkynna sjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra látið af störfum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta þóknun allt að 2% af iðgjaldi vegna innheimtu iðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta í samræmi við 6. gr. laga nr. 129/1997. Heimilt er að draga þóknunina frá iðgjaldi áður en það er fært í réttindabókhald.

II. KAFLI
Lífeyrisréttindi.

9. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélaga eftir því sem við á ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka og börnum lífeyri í samræmi við ákvæði þessa kafla og samþykkta sjóðsins.

10. gr.

Hver sjóðfélagi sem orðinn er fullra 67 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku lífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um tiltekið hlutfall í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem segir í 1. mgr. í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað.

11. gr.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira í samræmi við áunninn rétt fram að orkutapi, enda hafi hann greitt til sjóðsins í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Örorkulífeyrir skal framreiknaður samkvæmt reglum sem nánar er kveðið á um í samþykktum sjóðsins, enda hafi sjóðfélagi:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum,
b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs.

Hundraðshluta orkutapsins og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og að fengnu áliti trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er

tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.

Í samþykktir sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um örokulífeyrinn, svo sem örorkumat, fjárhæð hans, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá maki hans rétt á lífeyri úr sjóðnum.

Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 19 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára, skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

Fullur makalífeyrir skal að lágmarki vera 50% af áunnum örorkulífeyri viðkomandi sjóðfélaga við andlátið miðað við 100% örorku.

Í samþykktum sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um makalífeyri, svo sem um fjárhæð hans, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

13. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið, og eiga þá börn hans eða kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 19 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 19 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Í samþykktum sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um barnalífeyri, svo sem um útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga, er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum hans. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

15. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skulu sett í samþykktir sem stjórn sjóðsins semur og staðfestar eru af fjármálaráðherra.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til að einfalda lögin um starfsemi Söfnunarsjóðsins og samræma þau ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (slsl.). Þau lög gilda um lögbundna lífeyrissjóði með þeim undanþágum sem tilgreindar eru í 50. gr. þeirra laga. Það á t.d. við um V. kafla sem fjallar um útgáfu starfsleyfa og III. kafla sem fjallar um lífeyrisréttindin, að undanskildu ákvæðinu sem fjallar um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka hans, og 3. gr. sem fjallar um iðgjaldsstofninn. Þrátt fyrir að sett hafi verið ítarleg ákvæði í lög nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða þykir rétt að fjalla um helstu atriði er varða starfsemi Söfnunarsjóðsins í lögum um hann, svo sem um aðild, stjórn, iðgjald og iðgjaldsstofn. Jafnframt er lagt til að meginreglurnar sem gilda eiga um lífeyrisréttindi í Söfnunarsjóðnum verði í lögunum, sbr. II. kafla frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að í samþykktum sjóðsins verði sett frekari ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem um skipulag, ársfund, fjárfestingarstefnu, gerðardóm, upplýsingaskyldu, endurskoðun, lífeyri og útreikning hans.

Með lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er sjóðnum fengið nýtt hlutverk. Samkvæmt 6. gr. þeirra skal ríkisskattstjóri hafa eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Komi í ljós eftir könnun á framtali og samanburð á upplýsingum frá launagreiðendum og lífeyrissjóðum að ekki hafi verið greitt í lífeyrissjóð vegna einhvers manns skal senda upplýsingarnar til Söfnunarsjóðsins sem á þá að innheimta iðgjaldið. Gert er ráð fyrir að þessi breyting muni leiða til aukinna umsvifa hjá sjóðnum og einhverrar fjölgunar starfsfólks.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um heiti sjóðsins og hlutverk. Sjóðurinn starfar nú í einni deild en hefur heimild til að taka við viðbótariðgjöldum, sbr. 8. gr. núgildandi laga um sjóðinn sem breytt var með lögum nr. 128/1996. Nauðsynlegt þykir að heimila stjórn sjóðsins að skipta honum í deildir eftir fjárfestingarstefnu, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, svo og að stofna séreignardeild við sjóðinn vegna móttöku lífeyrissparnaðar í séreign. Þá þykir nauðsynlegt að heimila stjórn sjóðsins að taka upp aldurstengda réttindaávinnslu vegna iðgjalda í sameign en slík iðgjöld yrðu varðveitt í sérstakri deild. Nokkrir lífeyrissjóðir hafa ákveðið að taka upp aldurstengt réttindaávinnslukerfi og haldi sú þróun áfram getur verið nauðsynlegt að taka upp slíkt kerfi hjá Söfnunarsjóðnum.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um aðild og er ákvæðið sambærilegt við 7. gr. núgildandi laga um sjóðinn. Öllum þeim sem ekki fullnægja tryggingarskyldu sinni með aðild að öðrum lífeyrissjóði í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 ber að greiða til sjóðsins. Er þetta í samræmi við 6. gr. slsl. þar sem fram kemur, eins og áður sagði, að Söfnunarsjóðnum ber að innheimta iðgjald hjá aðilum sem ekki hafa greitt til lífeyrissjóðs.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um skipan stjórnar. Lagt er til að stjórn sjóðsins verði skipuð með sama hætti og áður nema að gert er ráð fyrir að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tilnefni ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins eins og áður heldur skipi fjármálaráðherra þrjá í stað tveggja án tilnefningar. Lífeyrissjóðasamböndin hafa tilnefnt hvort sína tvo fulltrúa. Gert er ráð fyrir því áfram. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að nú standa yfir viðræður um sameiningu lífeyrissjóðasambandanna í ein hagsmunasamtök lífeyrissjóða. Í drögum að samþykktum hinna nýju samtaka kemur fram að þeim verði stjórnað af framkvæmdastjórum og stjórnarmönnum lífeyrissjóðanna.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um helstu hlutverk stjórnar en ákvæðið er í samræmi við 29. gr. slsl. en um hlutverk stjórnar að öðru leyti, hlutverk framkvæmdastjóra, hæfi stjórnarmanna og ársfund fer samkvæmt VI. kafla slsl.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um iðgjald og iðgjaldsstofn. Iðgjaldið er í samræmi við 1. mgr. 2. gr. slsl. og þær reglur sem nú gilda hjá sjóðnum. 2. mgr. sem fjallar um iðgjaldsstofninn er samhljóða 1. mgr. 3. gr. slsl.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um heimild sjóðsins til móttöku viðbótariðgjalds en sjóðurinn fékk slíka heimild með breytingu sem gerð var á lögum sjóðsins árið 1996. Þá er lagt til að heimilt verði að ákveða í samþykktum að hluta af 10% iðgjaldinu sé varið í séreign en um slíka samþættingu sameignar og séreignar gilda 4. og 5. gr. slsl. Sjóðfélagi gæti þannig ráðstafað annað séreignarhluta iðgjaldsins. Jafnframt yrði sjóðurinn að tryggja að samþætting séreignar og sameignar nægði til að standa undir lágmarkstryggingarverndinni sem sjóðnum er skylt að veita skv. 4. gr. slsl.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um skyldu launagreiðanda til þess að halda eftir iðgjaldshluta starfsmanna og standa skil á iðgjöldum til sjóðsins, svo og um gjalddaga, eindaga og dráttarvexti. Ákvæðið er í samræmi við 7. gr. slsl. og 8. gr. núgildandi laga um Söfnunarsjóðinn. Gert er ráð fyrir að iðgjöld sem innheimt verða skv. 6. gr. slsl. verði innheimt á sama hátt og önnur iðgjöld, en í upplýsingum þeim sem sjóðurinn fær frá ríkisskattstjóra mum koma fram fyrir hvaða tímabil ekki hefur verið greitt iðgjald.

Um 8. gr.

Með þessari grein er lagt til að stjórn sjóðsins fái heimild til þess að innheimta þóknun vegna iðgjalda sem innheimt eru skv. 6. gr. slsl. Gera má ráð fyrir að erfiðra og kostnaðarsamara verði að innheimta þessi iðgjöld en önnur iðgjöld og þykir ekki sanngjarnt að sá kostnaðarauki leggist á alla sjóðfélaga.

Um 9. gr.

Í II. kafla frumvarpsins eru sett helstu ákvæðin sem gilda eiga um lífeyrisréttindin en gert er ráð fyrir að frekari ákvæði verði sett í samþykktir sjóðsins. Kaflinn er byggður á III. kafla slsl. og í samræmi við þær reglur sem nú gilda um lífeyrisréttindin hjá sjóðnum. Sjóðurinn notar nú stigakerfi með jafnri réttindaávinnslu þegar réttindi eru reiknuð út. Í frumvarpinu er hins vegar ekki tilgreint hvaða réttindaávinnslukerfi eigi að nota og gæti sjóðurinn því auk þess að notast við núverandi kerfi tekið upp aldurstengt réttindaávinnslukerfi, sbr. 1. gr. og skýringar við hana. Í greininni eru talin upp þau réttindi sem sjóðurinn veitir.

Um 10. gr.

Í þessari grein er fjallað um ellilífeyri. Gert er ráð fyrir að almenna reglan verði sú að greiðsla ellilífeyris hefjist þegar sjóðfélagi verður 67 ára. Hann getur þó hafið töku lífeyris 65 ára eða frestað henni til 70 ára aldurs, en sú ákvörðun hefur áhrif á upphæð mánaðarlegs lífeyris.

Um 11. gr.

Í þessari grein er fjallað um örorkulífeyri og er greinin í samræmi við þær reglur sem nú gilda hjá sjóðnum. Ákvæðið er að mestu samhljóða 15. gr. slsl. Rétt þykir þó að setja almenn ákvæði um örorkumatið í lög um Söfnunarsjóðinn en slík ákvæði eru ekki í lögum nr. 129/1997. Í greininni felst að sjóðfélagi sem fullnægir skilyrðunum í 1. mgr. eigi ávallt rétt á áunnum örorkulífeyri. Hann getur hins vegar átt rétt á framreikningi ef hann fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í 2. mgr. og eftir atvikum 3. mgr. Í 6. mgr. er tilgreint að örorkulífeyrir greiðist ekki ef orkutap og tekjuskerðing vara skemur en þrjá mánuði. Er það í samræmi við núgildandi reglur og það sem almennt tíðkast hjá lífeyrissjóðum.

Um 12. og 13. gr.

Í þessum greinum er fjallað um makalífeyri og barnalífeyri en þær eru í samræmi við reglur sem nú gilda í sjóðnum og 16. og 17. gr. slsl.

Í 12. gr. er gert ráð fyrir því að þeir sem eru fjárhagslega háðir sjóðfélaga geti átt rétt á makalífeyri. Getur þar ekki einugis verðið um að ræða maka heldur einnig aðila sem hefur annast heimili hins látna um árabil, svo sem foreldri eða systkini. Rétturinn er að því leyti rýmri en 16. gr. slsl. áskilur. Í 1. mgr. eru tilgreind þau almennu skilyrði sem verða að vera fyrir hendi til þess að réttur til makalífeyris stofnist. Í 2. mgr. er kveðið á um þann lágmarkstíma sem makalífeyrir skal greiddur. Þessi tími getur stystur verið 24 mánuðir, en ef makinn er með börn á framfæri, sem makinn hafði áður á framfæri sínu, eða er öryrki ber að greiða makalífeyri til þess tíma er börnin ná 19 ára aldri eða á meðan örorkan varir, en þó ekki lengur en til 67 ára aldurs. Í 3. mgr. er hugtakið maki skilgreint og er það sama skilgreiningin og í 3. mgr. 16. gr. slsl. Í 5. mgr. er kveðið á um að frekari reglur um makalífeyri skulu settar í samþykktir sjóðsins.

Í 13. gr. er kveðið á um rétt til barnalífeyris vegna andláts eða örorku sjóðfélaga. Grunnfjárhæðir eru tilgreindar og eiga að taka breytingum í samræmi við þróun verðlags. Jafnframt er gert ráð fyrir að barnalífeyrir með börnum örorkulífeyrisþega taki mið af örorku sjóðfélaga.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu stjórnar til að grípa til ráðstafana vegna stöðu sjóðsins. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 39. gr. slsl. Stjórn sjóðsins verður skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins ef meira en 10% munur verður á milli eigna og skuldbindinga. Hafi munurinn verið meiri en 5% í fimm ár verður sjóðurinn þó að grípa til sams konar ráðstaf-

ana. Er þarna leitast við að gera greinarmun á tímabundnum sveiflum og viðvarandi ástandi með því að gera strangari kröfur í síðarnefnda tilvikinu.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að ítarlegri ákvæði verði sett um starfsemi sjóðsins í samþykktir sem stjórn sjóðsins semur en ráðherra staðfestir.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frumvarp þetta miðar að því að samræma lög um starfsemi Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda við ákvæði nýlegra laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða.

Talið er að frumvarpið hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

182. Lög [77. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

(Afgreidd frá Alþingi 22. okt.)

Samhljóða þskj. 77.

183. Svar [39. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um innheimtu gjalds fyrir endurtektarpróf.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hefur ástundun nemenda í framhaldsskólum breyst eftir að hafin var gjaldtaka af nemendum sem þreyta endurtektarpróf?*
2. *Hefur orðið fækkun á nemendum sem falla í áfanga eða bekk á tímabilinu?*
3. *Hversu mikið fé hefur verið innheimt vegna þessa (sundurliðað eftir námsönnum og skólum)?*

Þess skal getið að ákveðins misskilnings gætir í spurningunni því yfirleitt innheimta skólar ekki sérstakt gjald fyrir endurtektarpróf heldur greiða nemendur sem endurinnrita sig í bekkjardeild eða námsáfanga sérstakt endurinnritunargjald. Í eftirfarandi svari er tekið mið af endurinnritunargjaldi.

Þá ber að hafa í huga að skólum er ekki skylt að innheimta gjaldið heldur er þeim „heimilt að innheimta sérstakt endurinnritunargjald af nemendum við endurinnritun í bekkjardeild eða námsáfanga," eins og segir í 2. gr. reglugerðar um endurinnritunargjald, nr. 333/1997 frá 16. maí 1997. Fáeinir skólar hafa ekki nýtt sér þessa heimild.

Eftir að hafa athugað málið og leitað álits framhaldsskólanna er niðurstaða ráðuneytisins sú að of stuttur tími sé liðinn frá því að gjaldtaka hófst til að tölfræðilega sé hægt að meta áhrif hennar sem stjórntækis fyrir skólana. Að svo stöddu nefna flestir skólar að ekki sé hægt að greina merkjanlega breytingu á ástundun nemenda eftir að innheimta gjaldsins hófst. Einnig telja skólar að ekki sé marktækur munur á fjölda þeirra nemenda sem falla í áfanga eða bekk á tímabilinu miðað við stöðuna fyrir gjaldtöku. Allmargir skólar nefna að of stuttur tími sé liðinn frá því að gjaldtaka hófst til að hægt sé að meta reynsluna af áhrifum gjaldtökunnar. Þó er það til dæmis nefnt að í einum skóla hafi orðið vart við hugarfarsbreytingu hjá nemendum og foreldrum þeirra varðandi ástundun og fall og þar er jafnframt dregin sú ályktun að gjaldið veiti sumum nemendum aðhald. Einnig kemur fram það viðhorf að gjaldið sé svo lágt, í langflestum tilvikum mun lægra en andvirði einnar kennslubókar, að það hafi ekki mikil áhrif.

Eftirfarandi er yfirlit yfir gjaldtöku, skipt eftir skólum og önnum (önnin þegar greiðsla er innt af hendi):

	haustönn 1997, kr.	**vorönn 1998, kr.**	**haustönn 1998, kr.**
Borgarholtsskóli		230.000	260.000
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	213.500	256.500	239.000
Fjölbrautaskóli Suðurlands	369.500	393.500	349.000
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	418.500	336.000	
Fjölbrautaskóli Vesturlands	221.500	330.000	297.000
Fjölbrautaskólinn Breiðholti	1.063.000	934.000	874.000
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	359.000	428.500	471.500
Fjölbrautaskólinn við Ármúla		440.800	640.300
Flensborgarskólinn	428.000	441.000	390.500
Framhaldsskóli Vestfjarða	78.500	64.000	120.500
Framhaldsskólinn á Húsavík	27.500	5.500	73.000
Framhaldsskólinn á Laugum		47.000	36.000
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu		(ekkert gjald innheimt)	
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum		(ekkert gjald innheimt)	
Iðnskólinn í Hafnarfirði		(ekkert gjald innheimt)	
Iðnskólinn í Reykjavík	552.500	639.500	706.500

Kvennaskólinn í Reykjavík	81.000		24.000
Menntaskólinn á Akureyri			81.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum	124.000	237.000	165.000
Menntaskólinn að Laugarvatni		(ekkert gjald innheimt)	
Menntaskólinn í Kópavogi	337.500	466.000	459.000
Menntaskólinn í Reykjavík	81.000		105.000
Menntaskólinn við Hamrahlíð	801.500	594.000	642.000
Menntaskólinn við Sund	111.000		117.000
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	48.000	17.000	27.000*
Verkmenntaskóli Austurlands			16.500*
Verkmenntaskólinn á Akureyri	572.500	615.500	**
Samtals	5.888.000	6.475.800	6.093.000

* gjald fyrir endurtektarpróf
** upplýsingar liggja ekki fyrir

184. Svar [87. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um hlutafélög og einkahlutafélög.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg hlutafélög annars vegar og einkahlutafélög hins vegar voru skráð á árunum 1996, 1997 og 1998 (til 1. okt.), sundurliðað eftir árum og starfsgreinum?*
2. *Hve mikið fjölgaði hlutafélögum annars vegar og einkahlutafélögum hins vegar á þessum árum sem hlutfall af heildarfjölda þeirra, sundurliðað eftir árum og starfsgreinum?*

Hagstofa Íslands, sem hefur frá 1. september 1997 starfrækt hlutafélagaskrá, hefur tekið saman upplýsingar um þetta efni. Í töflu 1 eru upplýsingar um heildarfjölda skráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir atvinnugreinum miðað við seinasta dag áranna 1996 og 1997 og 1. október 1998.

Í töflu 2 er sýnt hve mikið hlutafélögum og einkahlutafélögum fjölgaði á árunum 1996 til 1998, sundurliðað eftir atvinnugreinum. Tekið skal fram að taflan sýnir eingöngu breytingar í einstökum atvinnugreinum sem voru tilkomnar vegna nýskráningar og afskráningar en ekki má ráða af þessum upplýsingum hve mörg fyrirtæki tilkynntu um breytta starfsemi, þ.e. hættu starfsemi í einni atvinnugrein en hófu starfsemi í annarri.

Tafla 1. Heildarfjöldi hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir atvinnugreinum.

		31.12.1996		31.12.1997		1.10.1998	
Atvinnugreinar	**Deildir**	**HF**	**EHF**	**HF**	**EHF**	**HF**	**EHF**
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	**01-02**	8	101	8	131	8	148
Fiskveiðar	**05**	65	403	54	458	54	468
Námuvinnsla og vinnsla hráefna úr jörðu	**10-14**	4	19	4	20	4	21
Iðnaður	**15-37**	222	1.202	226	1.337	220	1.376
Veitur	**40-41**	2	6	1	8	1	9
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	**45**	29	760	30	911	28	990
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	**50-52**	157	1.853	160	2.121	156	2.233
Hótel- og veitingahúsarekstur	**55**	22	315	24	381	25	412
Samgöngur og flutningar	**60-64**	47	253	51	300	52	322
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	**65-67**	51	58	55	72	58	79
Fasteignastarfsemi, leiguþjónusta og ýmis sérhæfð þjónusta	**70-74**	131	1.729	144	2.068	159	2.222
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	**75**	0	2	0	2	0	2
Fræðslustarfsemi	**80**	0	33	0	36	1	43
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	**85**	5	74	5	101	5	117
Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	**90-93**	18	260	20	344	19	384
Heimilishald með launuðu starfsfólki	**95**	0	0	0	0	0	0
Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt	**99**	0	0	0	0	0	0
Engin starfsemi	**97**	83	1.264	71	1.175	69	1.231
Ótilgreind starfsemi, undirbúningsfélag	**98**	12	434	16	448	17	553
		856	8.766	869	9.913	876	10.610

Tafla 2. Nýskráningar og afskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga sem hlutfall af heildarfjölda.

		1996				1997				1998			
		HF		EHF		HF		EHF		HF		EHF	
Bálkar	Deildir	Fjölgun	% af heild	Fjölgun	% af heild	Fjölgun	% af heild	Fjölgun	% af heild	Fjölgun	% af heild	Fjölgun	% af heild
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	**01-02**	0	0	21	26	0	0	27	26	0	0	16	12
Fiskveiðar	**05**	2	3	68	20	6	13	73	19	3	6	46	11
Námuvinnsla og vinnsla hráefna úr jörðu	**10-14**	1	33	1	6	0	0	1	5	0	0	1	5
Iðnaður	**15-37**	10	5	157	15	6	3	197	17	9	4	91	7
Veitur	**40-41**	0	0	3	100	0	0	2	33	0	0	1	13
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	**45**	2	7	119	19	0	0	151	20	0	0	113	13
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	**50-52**	1	1	263	17	5	3	315	17	7	5	213	11
Hótel- og veitingahúsarekstur	**55**	1	5	61	24	3	14	89	30	1	4	62	18
Samgöngur og flutningar	**60-64**	0	0	46	22	3	6	54	22	1	2	35	12
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	**65-67**	6	13	4	7	4	8	16	29	0	0	10	14
Fasteignastarfsemi, leiguþjónusta og ýmis sérhæfð þjónusta	**70-74**	6	5	261	18	11	8	343	20	9	6	216	11
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	**75**	0	-	1	100	0	-	0	0	0	-	0	0
Fræðslustarfsemi	**80**	0	-	7	27	0	-	4	13	1	-	7	19
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	**85**	1	25	15	25	0	0	26	35	0	0	22	23
Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	**90-93**	1	6	51	24	2	11	79	30	0	0	58	18
Heimilishald með launuðu starfsfólki	**95**	0	-	0	-	0	-	0	-	0	-	0	-
Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt	**99**	0	-	0	-	0	-	0	-	0	-	0	-
Engin starfsemi	**97**	-113	-58	-305	-19	-70	-50	-406	-26	-30	-30	-219	-15
Ótilgreind starfsemi, undirbúningsfélag	**98**	1	9	59	16	3	23	42	10	2	13	84	18
		-81		832		-27	1,5	1.013	13,1	3	0,8	756	7,0

185. Svar [55. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða árangri hafa þær breytingar sem nýlega voru gerðar á rekstri verslunar og þjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar skilað?

Í upphafi árs 1997 skipaði utanríkisráðherra nefnd til að fjalla um málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (FLE), en sem kunnugt er hefur rekstrarvandi stöðvarinnar verið mikill. Nefndin var skipuð tveimur alþingismönnum, ásamt fulltrúum úr iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, samgönguráðuneyti, fjármálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Fulltrúi Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og fulltrúi Framkvæmdasýslu ríkisins störfuðu jafnframt með nefndinni.

Nefndinni var ætlað að gera tillögur um endurskipulagningu leigumála og fyrirkomulags verslunar- og þjónustureksturs í FLE. Nefndin skyldi m.a. athuga alla þætti rekstrar og þjónustu flugstöðvarinnar með það að markmiði að leita leiða til að auka tekjur hennar þannig að reksturinn gæti staðið undir afborgunum og vöxtum af lánum sem tekin hafa verið vegna flugstöðvarinnar.

Á grundvelli álits nefndarinnar hrinti utanríkisráðherra í framkvæmd viðamiklum breytingum á rekstrarfyrirkomulagi verslunar og þjónustu í FLE. Þær breytingar fólust í útboðum á leigu á verslunarrými, þjónusturými og langtímabílastæðum. Ákveðið var að segja upp öllum leigu- og þjónustusamningum frá síðustu áramótum, fyrir utan samning Fríhafnarinnar. Þess í stað var boðin út leiga á verslunarrými, þjónusturými og langtímabílastæðum. Framkvæmd útboðanna var á vegum Ríkiskaupa.

Tekjuaukning sem rekja má til breytinga á fyrirkomulagi verslunar- og þjónustustarfsemi í FLE er 201,8 millj. kr. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 1998. Áætluð tekjuaukning ársins er 245 millj. kr., eða 70% aukning tekna á milli ára.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 30. september 1997 voru heildartekjur af verslun og þjónustustarfsemi 268 millj. kr. Á sama tímabili þessa árs, 1998, voru heildartekjurnar 469,8 millj. kr.

Heildartekjur verslunar og þjónustu árið 1997 voru 348,4 millj. kr. Áætlanir þessa árs gera ráð fyrir tekjum að upphæð 593,7 millj. kr.

Stöðugildi árið 1997 í þjónustu og verslun voru 195, en eru 303 á þessu ári. Starfsmönnum hefur fjölgað um 108 vegna breytinga á verslunar- og þjónustustarfsemi.

Í árslok 1997 voru langtímaskuldir flugstöðvarinnar 4.283.493.366 kr. Á þessu ári hefur tekist að greiða upp vanskilavexti frá fyrri tíma og standa skil á gjaldföllnum vöxtum þessa árs. Eru nú öll lán flugstöðvarinnar í skilum.

Af framangreindu má ljóst vera að markvisst hefur verið unnið að því að leysa langvarandi fjárhagsvanda FLE með víðtækri endurskipulagningu rekstrar og þjónustu. Viðskiptahættir í stöðinni hafa verið færðir í nútímalegra horf. Með aukinni þjónustu og útboðum eru nú allar horfur á að stöðva megi skuldasöfnun vegna flugstöðvarinnar og byrja að greiða niður skuldir.

186. Svar [94. mál]

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um styrkveitingar hans til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar.

1. *Hverjir hafa fengið úthlutað styrkjum af þeirri 80 milljón króna fjárveitingu sem ríkisstjórnin hefur árlega samþykkt sérstaklega til ráðherrans, hversu hár var hver styrkur og til hvaða verkefna voru þeir veittir?*

Í fjárlögum fyrir árin 1997 og 1998 er heimild fyrir ríkisstjórnina til að ráðstafa, að fengnum tillögum iðnaðarráðherra, allt að 80 millj. kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Í því sambandi skal sérstaklega huga að atvinnusköpun á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist atvinnuuppbyggingu á orku- og stóriðjusviði.

Á grundvelli þessarar heimildar voru árið 1997 veittir 36 styrkir til þessara mála og 60 styrkir á þessu ári, eða alls 96 styrkir að upphæð samtals 160 millj. kr.

Í fylgiskjali er skrá um þessar styrkveitingar fyrir árin 1997 og 1998. Þar er í fremsta dálki getið nafna styrkþega, þá er verkefnið skýrt í stuttu máli og í aftasta dálki er að finna styrkupphæðina.

2. *Hvernig hafa þessir styrkir verið auglýstir eða kynntir?*

Auglýsing og kynning á styrkjunum hefur í aðalatriðum verið þrenns konar, þ.e. með almennum auglýsingum í blöðum, með fundaferðum um landið og með beinum samskiptum við atvinnuráðgjafa og aðra sem stuðla að framgangi nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar.

Ráðuneytið hefur lagt áherslu á að leita að verkefnum sem líkleg væru til að skapa varanlegan árangur og ný og fjölbreyttari störf sem víðast um landið. Ákveðnum atvinnugreinum hefur hvorki verið sérstaklega hampað eða hafnað, né heldur gerður greinarmunur á því hvort um stór eða smá verkefni væri að ræða. Til þess að fá sem besta sýn yfir málið fól ráðuneytið í upphafi eftirtöldum aðilum að gera tillögur um verkefni sem væru best til þess fallin til að stuðla að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun: Stjórn verkefnisins *Átak til atvinnusköpunar*, vegna almennra stuðningsaðgerða við frumkvöðla, vöruþróun og vöxt fyrirtækja á landsbyggðinni, Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, vegna stóriðjuframkvæmda, og Fjárfestingaskrifstofu Íslands, vegna fjárfestinga erlendra aðila í atvinnustarfsemi utan sjávarútvegs og stóriðju. Hugmyndir og tillögur atvinnuráðgjafanna komu til afgreiðslu hjá Átaki til atvinnusköpunar.

Umfangsmesta og flóknasta verkefnið féll í skaut Átaks til atvinnusköpunar, þ.e. stuðningsaðgerðir við verkefni og verkefnahugmyndir á landsbyggðinni. Í upphafi var málið kynnt rækilega, m.a. á fundaferðum um allt land þar sem rætt var um mikilvægi nýsköpunar í atvinnulífinu og skýrður tilgangur Átaks til atvinnusköpunar, sem m.a. væri að taka þátt í samstarfsverkefnum sem veittu fyrirtækjum og einstaklingum leiðsögn um stofnun fyrirtækja, nýsköpun, vöruþróun og umbætur í rekstri auk þess að taka þátt í hluta kostnaðar við slík verkefni.

Stuðningsverkefni Átaks til atvinnusköpunar voru síðan auglýst sérstaklega í dagblöðum og að auki var haft samband við atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni og leitað eftir hugmyndum frá þeim um álitleg verkefni. Meginmarkmiðið var að stuðningsaðgerðirnar væru unnar í samstarfi við fyrirtæki og frumkvöðla, en einnig stofnanir og sveitastjórnir, eins og við átti í hverju tilfelli fyrir sig.

3. Hvernig var staðið að mati á umsóknum?

Mat á verkefnunum (umsóknunum) má skipta í tvennt. Fyrst voru allar verkefnahugmyndirnar metnar af þriggja manna matsnefnd sérfræðinga. Mikilvægur hluti af matinu var að leita álits utanaðkomandi til að skjóta styrkari stoðum undir það.

Að þessum fyrsta hluta matsins loknum lá nokkurn veginn fyrir hvernig tiltækt fé mundi skiptast á milli Fjárfestingaskrifstofu Íslands, til verkefna tengdum erlendri fjárfestingu, Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, vegna staðarvals og frummats fyrir stærri iðnað, og Átaks til atvinnusköpunar, til almenns stuðnings við iðngreinar og einstök svæði og til vöruþróunar, nýsköpunar og útrásar fyrirtækja á landsbyggðinni. Lokayfirferð og afgreiðsla þeirra verkefna sem heyrðu undir Átak til atvinnusköpunar voru síðan í höndum stjórnar þess.

Sú breyting varð á þessu verklagi árið 1998 að stjórn Átaks til atvinnusköpunar var alfarið falið mat á öllum verkefnunum og lokaafgreiðsla þeirra. Frummat á verkefnunum var í höndum framkvæmdastjóra Átaks til atvinnusköpunar og tveggja sérfræðinga. Eins og áður var lagt til grundvallar mat á því hversu líkleg verkefnin væru til að leiða til varanlegrar atvinnuuppbyggingar á viðkomandi stað.

4. Hefur verið um eftirfylgni að ræða hjá ráðuneytinu? Ef svo er, í hverju er hún fólgin?

Eftirfylgnin er tvenns konar. Í fyrsta lagi er meginreglan sú að greiðslum til styrkþega er skipt í tvennt og fer seinni greiðslan aldrei fram fyrr en framvindu- eða lokaskýrsla styrkþega liggur fyrir. Þar kemur fram hvernig tekist hefur að ná þeim markmiðum sem stefnt var að í verkefninu. Í öðru lagi verður gerð úttekt á árangri verkefnisins, sbr. 5. lið.

Auk þessa hefur framkvæmdastjóri Átaks til atvinnusköpunar og stjórn þess fylgst óformlega með framgangi einstakra verka, eins og tækifæri hafa gefist til hverju sinni. Þessi óformlega eftirfylgni og lokaskýrslur ábyrgðarmanna einstakra verkefna urðu til þess að ástæða þótti til að halda umfangsmikla sýningu á árangri verkefna sem studd höfðu verið af Átaki til atvinnusköpunar. Sú sýning var í Ráðhúsi Reykjavíkur, 14.–16. nóvember 1997.

5. Hefur mat á árangri af þessum fjárveitingum farið fram?

Fyrir liggur sá ásetningur stjórnar Átaks til atvinnusköpunar að gera könnun á stöðu verkefnanna sem það hefur stutt. Árangur stuðningsverkefna sem þessara verður sýnilegur á mislöngum tíma og eru viðmið árangursmats ekki einhlít. Þannig gæti stuðningur virst leiða til mikils árangurs fljótlega eftir að stuðningur er veittur en minni eða einskis sé lengra tímabil tekið. Á sama hátt má vænta þess að stuðningur komi í sumum tilfellum ekki fram sem raunverulegur árangur fyrr en að nokkrum tíma liðnum, sérstaklega ef um lítt þroskaða viðskiptahugmynd er að ræða.

Þar sem markmið stuðningsaðgerða þeirra sem tengjast Átaki til atvinnusköpunar er fyrst og fremst varanlegur árangur í nýsköpun og atvinnuþróun hefur verið við það miðað að mat á árangri stuðningsaðgerðanna fari fram tveimur til þremur árum eftir að stuðningurinn var veittur. Í samræmi við það má ætla að árangursmat verði sett á verkefnalista Átaks til atvinnusköpunar á næsta ári.

Hvað varðar stuðningsverkefni sem tengjast Markaðsskrifstofunni og Fjárfestingaskrifstofunni kemur vel til greina að samtímis fari fram mat á árangri þeirra þótt sum verkefnanna séu þess eðlis að árangurs af þeim sé ekki að vænta fyrr en eftir mun lengri tíma en hér er rætt um.

Fylgiskjal.

	Verkefni 1997	Lýsing	Styrkur
1.	**Erlend fjárfesting utan stóriðju**		
	Reykhólar - frekari erlend fjárfesting	Erlendar rannsóknir sýna glöggt mikilvægi þess að fylgja erlendri fjárfestingu fast eftir, því erlendir fjárfestar sem þegar hafa fjárfest eru líklegri en aðrir til að fjárfesta meira. Bandarískir eigendur Þörungar-vinnslunnar hafa sýnt áhuga á að skoða frekari starfsemi á svæðinu. Einnig kunna að vera möguleikar á erlendri fjárfestingu á fleiri sviðum á svæðinu.	1,0 m.kr. fyrir Fjárfestingarskrifstofu Íslands til að koma á samstarfi við heimamenn og eigendur Þörungarverksmiðjunnar um frekari fjárfestingu og skoða aðra möguleika til erlendra fjárfestinga á svæðinu, gegn mótframlagi heimamanna.
	Norðurland vestra - innflutningur fyrirtækja	Fjárfestingarskrifstofan hefur staðið fyrir sérstökum fjárfestingarverkefnum með heimamönnum og fyrirtækjum á nokkrum svæðum á landinu. Gert er ráð fyrir að slíku verkefni verði einnig komið á fyrir Norðurland vestra, þar sem svæðið verður skilgreint og skoðaðir sértækir fjárfestingarmöguleikar. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði erlendur ráðgjafi til að skoða möguleika á innflutningi fyrirtækja til svæðisins.	4,0 m.kr. frá Fjárfestingarskrifstofu Íslands til að fara í fjárfestingarverkefni með heimamönnum og fyrirtækjum á svæðinu, gegn mótframlagi þeirra.
	Eyjafjörður - þátttaka í matvælaverkefni	Frá byrjun árs 1996 hefur verið fjárfestingarverkefni í gangi, með þátttöku Fjárfestingarskrifstofunnar, Héraðsnefndar Eyjafjarðar, Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnumálanefndar Akureyrar, um kynningu á möguleikum til fjárfestingar í vinnslu matvæla fyrir erlendum fjárfestum. Erlendur ráðgjafi hefur unnið með hópnum og ráðinn hefur verið sérstakur starfsmaður í verkefnið.	2,0 m.kr. frá Fjárfestingarskrifstofu Íslands til að ljúka verkefninu, gegn mótframlagi samstarfsaðila.
	Húsavík - fullvinnsla á harðvið	Mótað hefur verið fjárfestingarverkefni með Fjárfestingarskrifstofunni, Húsavíkurkaupstað, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og Aldin hf. um að kynna fyrir erlendum fjárfestum tækifæri til fjárfestingar í úrvinnslu á harðviði á Húsavíkursvæðinu.	2,0 m.kr. frá Fjárfestingarskrifstofu Íslands til að taka þátt í almennri skilgreiningarvinnu á Húsavíkursvæðinu og leita að erlendum fjárfestum til að fjárfesta í úrvinnslu á harðviði.

Þórshöfn - frekari fjárfesting í kúfiskvinnslu	Eigendur Kúfiskvinnslunnar hafa lýst yfir áhuga á að skoða frekari starfsemi á svæðinu. Gert er ráð fyrir að möguleikar svæðisins verði skoðaðir í samráði við heimamenn og eigendur Kúfiskvinnslunnar.	0,5 m.kr. frá Fjárfestingarskrifstofu Íslands til að skoða möguleika á frekari erlendri fjárfestingu á Þórshöfn, gegn mótframlagi heimamanna.
Egilsstaðir - sumarhúsahverfi fyrir erlenda ferðamenn	Verkefnið felst í skoða möguleika á rekstri sumarhúsa-þyrpingar með miðlægri þjónustu. Fjárfestingarskrifstofan er í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Austurlands, Vallarhrepp og NUON í Hollandi.	1,0 m.kr. frá Fjárfestingarskrifstofu Íslands í vinnu við fjárfestingarverkefnið, gegn mótframlagi samstarfsaðila.
Norðfjörður og Eskifjörður - fullvinnsla á síld.	Hafið er fjárfestingarverkefni með þátttöku Fjárfestingarskrifstofunnar, Atvinnuþróunarfélags Austurlands, Síldarvinnslunnar hf., Friðþjófs hf., og RARIK um athugun á að fá erlendan fjárfesti til að fjárfesta í fyrirtæki á Austurlandi, í samstarfi við síldarvinnslur á Austurlandi, sem framleiðir og selur síld til manneldis á erlendum mörkuðum.	2,5 m.kr. frá Fjárfestingarskrifstofu Íslands til að taka þátt í verkefni um fullvinnslu síldar, gegn mótframlagi samstarfsaðila.
Suðurland - fjárfestingarverkefni	Fjárfestingarskrifstofan, í samvinnu við heimamenn og fyrirtæki á Suðurlandi, leggi í sérstakt fjárfestingar-verkefni þar sem styrkleikar svæðisins verða kannaðir, með sérstakri áherslu á að skoða möguleika á að fá erlenda fjárfesta inn í ferðaþjónustu á Suðurlandi og inn í fullvinnslu er nýti vikur til framleiðslu á byggingarvörum til útflutnings.	3,0 m.kr. frá Fjárfestingarskrifstofu Íslands til að taka þátt í fjárfestingarverkefninu, gegn mótframlagi frá væntanlegum samstarfsaðilum.
Innflutningur fyrirtækja - leit að fyrirtækjum.	Gert er ráð fyrir að vinna fari af stað á vegum Fjárfestingarskrifstofunnar við að leita markvisst að starfandi fyrirtækjum erlendis, sem hafa tryggan markað, með flutning til Íslands í huga.	4,0 m.kr. frá Fjárfestingarskrifstofunni til að vinna að innflutningi fyrirtækja og greiða fyrir erlendan ráðgjafa sem vinna myndi með skrifstofunni að verkefninu.

Fjárfestingarhvatar - rannsókn	Sett verði af stað verkefni er miði að því að skoða möguleika Íslands, sérstaklega landsbyggðarinnar, til að bjóða styrki til handa erlendum fjárfestum. Skoðað verði hvernig hægt er að kynna íslenskt viðskipta-umhverfi á þann hátt að það virki sem hvati fyrir erlenda fjárfestingu. Tilboð liggja fyrir hjá erlendum ráðgjafarfyrirtækjum í slíka vinnu.	4,0 m.kr., sem skiptist jafnt á milli Fjárfestingar-skrifstofunnar og MIL, til að gera úttekt á fjárfestingarhvötum.
Aðstoð við áhættufjármögnun í hugbúnaðariðnaði	Fjárfestingarskrifstofan mun í samvinnu við Útflutningsráð, Iðnþróunarsjóð, OZ hf. og verðbréfa-fyrirtæki efna til námskeiðs fyrir 6-8 hugbúnaðarhús. Fyrirtækin fá aðstoð við gerð viðskiptaáætlunar og hún svo kynnt fyrir 10-20 erlendum áhættufjárfestum í september næstkomandi. Þá fá 2-3 fyrirtæki að fara með sína áætlun til Brussel í nóvember á EB-sýningu fyrir erlenda áhættufjárfesta.	0,5 m.kr. frá Fjárfestingarskrifstofu

2 **Staðarvals- og frumathuganir fyrir stærri iðnað**

Eyjafjörður - staðarval fyrir stærri iðnað	Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar hefur í samstarfi við Héraðsnefnd Eyjafjarðar og Byggðastofnun á Akureyri unnið að því að skoða iðnaðarsvæði með frekari rannsóknir í huga. Búast má við tillögum og kostnaðaráætlun nú í vor.	2,0 m.kr. frá MIL til að gera viðhorfskönnun og hefja frekari undirbúning fyrir rannsóknir á svæðinu í samvinnu við heimamenn.
Reyðarfjörður - stóriðjukostir	Lengi hefur verið rætt um það á milli MIL, Orku- og stóriðjunefndar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og Reyðarfjarðarhrepps að hleypa af stokkunum athugun á því að endurvekja verkefni um byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ljúka þarf nauðsynlegum staðarvalsathugunum og vinna beinagrind að frummati á umhverfisáhrifum, endurskoða kostnaðaráætlun um kísilmálmvinnsluna og kanna hug erlendra fjárfesta.	7,0 m.kr. frá MIL til að endurvekja verkefni um kísilmálmvinnslu á Reyðarfirði.

Silicon Single Crystals	Silicon Single Crystals er efni notað við framleiðslu á kísilflögum. Framleiðslan krefst allmikillar orku. Framkvæmd verði staðarvals- og framleiðslukostnað-argreining á framleiðslu efnisins hér á landi. Coopers and Lybrand hafa þegar gefið tilboð í slíka vinnu og eru nú þegar að vinna að því að finna staðsetningu í Evrópu fyrir ssc-framleiðanda.	4,0 m.kr., sem skiptist jafnt á milli Fjárfestingarskrifstofunnar og MIL, til að gera staðarvals- og kostnaðargreiningu fyrir silicon single crystals.
Polyol.	Framleiðsla á Polyol hér á landi byggist á aðgangi að jarðgufu og kælivatni, Gufunotkun yrði um 1 millj. tonn af jarðgufu en raforkunotkun er fremur lítil. Sú framleiðsluaðferð sem er til skoðunar er mjög umhverfisvæn.	8,0 m.kr. frá MIL til að kosta hagkvæmnisathugun vegna byggingar 100 þús tonna Polyol verksmiðju á Íslandi.

3. **Styrkir til vöruþróunar og markaðssetningar**

Dalabyggð - könnun á hagkvæmni leirverksmiðju	Leir finnst í miklu magni í Búðardal. Hugmyndir hafa lengi verið á lofti um að nýta megi þennan leir til framleiðslu byggingarvöru, t.d. leirflísa, þakskífna o.fl. Margvíslegar rannsóknir hafa verið gerðar til að meta hagkvæmni slíkrar framleiðslu. Unnið í samvinnu við sveitarstjórn Dalabyggðar og Gunnar Björnsson.	0,7 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til stöðumats á hugmyndum um leirvinnslu í Búðardal. Markmiðið með stöðumatinu er að fá raunhæfa mynd af því hvort fýsilegt sé að stefna að vinnslu á leirnum.
Flateyri - Vestfiskur skelfiskur	Vestfirskur skelfiskur á Flateyri stefnir að vöruþróunarverkefni með Lýsi hf.. Um er að ræða nýtingu á kúffisksoði til súpugerðar og etv. fleira. Sala afurðar mun styðjast við samböndd Lýsis hf.	1,8 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar.
Sauðárkrókur - endurnýtingarkerfi fyrir fiskeldi	Máki hf. á Sauðárkróki hefur stundað rannsóknir á endurnýtingu vatns eða sjávar í fiskeldi, sem leiðir til meiri hagkvæmni í rekstri, minni orkunotkunar og minni mengunar. Máki er nú þátttakandi í 4. rammaáætlun ESB með þetta verkefni.	1,0 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar

Sauðárkrókur - Skynjaratækni	Hjá Element skynjaratækni hefur verið þróaður og framleiddur búnaður til verndunar umhverfis með megináherslu á lofttegundir, t.d. gasskynjara fyrir kælibúnað. Fyrirsjáanlegt er samstarf við danska fyrirtæki Sabro um sölu framleiðslunnar	2,2 m.kr frá Átaki til atvinnusköpunar og Fjárfestingaskrifstofu Íslands til markaðsaðgerða erlendis og til að kynna fyrirtækið fyirr erlendum fjárfestum..
Sauðárkrókur - vöruþróun á steinull	Steinullarverksmiðjan hefur að undanförnu unnið að forathugun á frekari úrvinnslu á steinull, t.d. til pípueinangrunar, hljóðeinangrunarvörur ofl.	2,5 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til að fjármagna hluta þessarar þróunarvinnu á móti verksmiðjunni, en heildarkostnaður er áætlaður um 6 m.kr.
Akureyri - vöruþróun á fjaðrabát	Jóhann Gíslason hefur hannað athyglisverðan fjaðrabát sem byggist á tvíbolung sem ber uppi þriðja bolinn á fjaðrandi örmum.	0,3 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til að vinna að áframhaldandi þróun bátsins.
Eyjafjörður - úttekt á vindmyllu Vindorku í Edinborg	Vindorka hf. hefur unnið að gerð vindrafstöðvar, sem þykir lofa góðu. Nauðsynlegt er á þessu stigi að fá úttekt á hagkvæmni verkefnisins hjá óháðum aðila. Slíkt er m.a. forsenda þess að fá nýja fjárfesta að verkefninu.	1,0 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til að mæta kostnaði við úttekt á vindrafstöðinni hjá Garrad Hassan í Edinborg.
Ólafsfjörður - þurrkaðferð fyrir fisk	Vöruþróunarverkefni sem byggir á nýtingu heits vatns við verkun á saltfiski. Fram þurfa að fara umfangsmiklar rannsóknir á möguleikum og gildi slíkrar aðferðar..	1,0 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar.
Húsavík - þróun fatnaðar úr líni fyrir sjúkrastofnanir	Prýði ehf stefnir að þróun íslenskra gæðavara úr líni fyrir heilbrigðisstofnanir, s.s. hjúkrunarbúninga, læknasloppa, rúmfatnað, nærföt fyrir börn og náttföt.	0,5 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til vöruþróunar.
Egilsstaðir - vöruþróun á sótthreinsunarbúnaði	Hugmyndin er að reka verksmiðju á Egilsstöðum til framleiðslu á ryðfríum sótthreinsivélbúnaði. Búið er að stofna fyrirtæki um verkefnið og ráða framkvæmdastjóra. Hugmyndin er keypt frá Danmörku og unnin í samvinnu við danska aðila.	0,7 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til vöruþróunar.
Höfn - markaðssetning tæknigarða	Setja á fót tæknigarða þar sem fyrirtækjum í nýsköpun og þróunarvinnu er boðin aðstaða gegn vægu gjaldi. Tæknigarðurinn er tengdur rannsóknarstofnunum sem þannig fá beinan aðgang að atvinnulífnu og atvinnulífið fær aðgang að rannsóknarstofnunum. Hornafjarðarbær, Byggðastofnun og Atvinnuþróunar-félag Austurlands standa að þessu verkefni.	0,8 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til markaðssetningar og frekari undirbúningsvinnu.

Fjölblendir, frumgerð nýs blöndungs	Smíði frumgerðar nýs blöndungs úr álblöndu. Blöndungurinn sparar eldsneyti, minnkar útblástursmengun og hægt er að nota hann í nánast allar vélar. Verkefnið er þróunarverkefni Kristjáns Ómarssonar, Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands og Nýsis.	1,0 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til að ljúka við frumgerð blöndungsins.

2.4 Almennur stuðningur við iðngreinar og einstök svæði.

Samvinnuverkefni í textíliðnaði	Framhald markmiðssetningar sem unnin var fyrir textíliðnaðinn í fyrra. Markmiðið með samvinnuverkefninu er að styrkja og efla iðngreinina með markvissum aðgerðum í vöruþróunar- og markaðsmálum. Fagráð og verkefnisstjórn hefur þegar verið myndað og er verkefnið komið til framkvæmda.	5,0 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar
Skilgreining á samstarfsverkefni í húsgagnaiðnaði	Skipa nefnd hagsmunaaðila til að draga upp stöðumynd af greininni og nauðsynlegar úrbætur, líkt og gert var í textíliðnaði í fyrra. Að þessu starfi komi hönnuðir, bólstrarar og húsgagnasmiðir.	0,5 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til að vinna að stöðumati og aðgerðaráætlun í húsgagnaiðnaði.
Samkeppni um gerð minjagripa	Gert er ráð fyrir að Átak til atvinnusköpunar í samvinnu við Byggðastofnun, Hönnunarstöð, Handverk og Samtök iðnaðarins efni til samkeppni um gerð minjagripa. Bestu hlutunum verði síðan fylgt eftir, hliðstætt því sem gert er í verkefninu Snjallræði.	2,0 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til að efla gerð íslenskra minjagripa.

Ferðaþjónustuverkefni	Styrkur til ýmissa ferðaþjónustuverkefna. Eftirfarandi verkefni hafa veið valin: 1. Vistvæn ferðaþjónusta 2. Byggðasafn að Hnjótum 3. Skipulagning ferðaþjónustu í Hrísey 4. Náttúruböð við Mývatn 5. Strandmenningarsetur á Húsavík 6. Sögusetur um Brydebúð í Vík 7. Sögusetur "á Njáluslóð" 8. Snorrasetur í Reykholti. 9. Bjartar næstur, iðnsýning í V-Húnavatnssýslu.	8,0 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til styrktar ýmsum verkefnum í ferðaþjónustu á landsbyggðinni.
Atvinnuþróun með aðstoð námsmanna	Nýta sér kosti Nýsköpunarsjóðs námsmanna til að stuðla að nýsköpun á landsbyggðinni. Styrkveiting felst í því að sjóðurinn borgar námsmanninum laun en fyrirtæki eða viðkomandi umsjónaraðili sér fyrir aðstöðu og efniskostnaði.	1,5 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar til að styrkja u.þ.b. 7 verkefni á sviði nýsköpunar á landsbyggðinni.
Tilraunavinnsla á hör með líftæknilegum aðferðum	Talið er að ræktun og vinnsla hörs geti orðið arðbær atvinnugrein hér á landi. Niðurbrot plöntuvefsins með ensímum í volgu vatni er nýjung og er talin gefa af sér trefjar með hámarks gæðum	1,5 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar á móti jafnháu framlegi frá landbúnaðarráðuneyti og Byggðastofnun, samtals 4,5 m.kr.
Markaðssetning akstursíþrótta erlendis	Landssamband íslenskra akstursíþrótta hefur verið að leggja grunn að markaðssetningu erlendis á íslensku efni. Samningar hafa verið gerðir um sýningar á íslensku efni á þekktum sjónvarpsrásum og er unnið að stofnun fyrirtækis ásamt Aflvaka og Iðnlánasjóði. Markmiðið er að íslensk torfæra verði að alþjóðegri keppnisgrein, íslensk reynsla og þekking á þessu sviði að útflutningsgrein og að alþjóðleg rallykeppni á heimsmælikvarða verði árlega haldin á Íslandi.	1,5 m.kr. frá Átaki til atvinnusköpunar.
Snæfellsbær - atvinnusköpun	Einstaklingar og fyrirtæki á Snæfellsnesi hafa ákveðið að taka höndum saman með atvinnufulltrúum á svæðinu við leit að atvinnutækifærum.	0,5 m.kr frá Átaki til atvinnusköpunar á móti framlögum heimamanna.
Styrkleikagreining	Gert verði mat á styrkleikum og veikleikum svæðisins með tilliti til viðtækari atvinnuuppbyggingar.	0,5 m.kr frá Átaki til atvinnusköpunar

	Verkefni 1998	Lýsing	Styrkur
1.	**Almennar stuðningsaðgerðir við iðngreinar og einstök svæði.**		
	Samstarfsvettvangur um Málmgarð	"Málmgarður". Samstarfsverkefni fyrirtækja og stofnana um eflingu úrvinnsluiðnaðar úr léttmálmum. Því tengist samræming rannsóknar- og þróunarstarfs, þekkingarmiðlun og kynning á möguleikum á nýsköpun í tengslum við léttmálma. Áhersla verður lögð á málmsteypur og málmvinnslu í fyrirtækjum á landsbyggðinni. Mótframlag frá ýmsum aðilum, m.a. framleiðendum.	1.500.000
	Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar	Athugun á hagkvæmni þess að reisa fiskgaletínverksmiðju á Norðurlandi. Galetín er prótein sem notað er við matvæla- og lyfjaframleiðslu og m.fl. Það er unnið úr fiskúrgangi, einkum roði og beinum.	750.000
	Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar	Stefnumótun í skinna og fataiðnaði þar sem kannað verður hvort möguleiki er á aukinni verðmætasköpun úr íslenskum skinnum með því að auka hlutdeild útflutts fatnaðar á kostnað útflutnings á skinnum sem hráefnis til iðnaðar. Samvinnuverkefni Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar og fyrirtækja í greininni.	500.000
	Sögusetrið á Hvolsvelli	Áframhald uppbyggingu verkefnisins "á Njáluslóð" á Sögusetrinu á Hvolsvelli í tengslum við nýtt og stærra húsnæði.	2.200.000
	Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar	Samstarfsverkefni Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar og heimamanna í Hrísey um stefnumótun um samræmingu ferðaþjónustu í Hrísey í þeim tilgangi að vinna markvisst að heildstæðri og fjölbreyttri ferðaþjónustu.	300.000
	Æðardúnsframleiðslan Skarði, Búðardal	Endurbætur á framleiðslustýringu við hreinsun æðardúns til að uppfylla alþjóðlegar kröfur og hagræðing í rekstri með endurbótum á vélakosti – Dalasýsla.	500.000
	Ölfushreppur	Úttekt á mögulegri iðnaðaruppbyggingu í Þorlákshöfn í tengslum við betri nýtingu á góðri hafnaraðstöðu og nægu landrými auk nálægðar við orkuvirki og jarðefnaauðlindir. Auk þess kynning fyrir erlendum fjárfestum sem vilja fjárfesta í meðalstórum iðnaði.	500.000
	Iðntæknistofnun og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Kynning á möguleikum til eflingar atvinnuþróunar á Vestfjörðum. Leiðsögn og fagleg aðstoð m.a. um rekstrar- og framleiðsluþætti sem bætt geti afkomu fyrirtækja á svæðinu og ábendingar um möguleika nýsköpunar sem skotið gæti nýjum stoðum undir atvinnulíf á Vestfjörðum. Einnig að leiðbeina áhugasömu fólki á Vestfjörðum við að gera viðskiptahugmyndir að veruleika og þjálfa leiðbeinendur til að sinna slíku starfi. Unnið í samvinnu atvinnuráðgjafa og Iðntæknistofnunar.	1.000.000

Snorri Þorfinnsson ehf.	Áframhaldandi vinna við gagnagrunn um ættir Vestur-Íslendinga vestanheims og tengja hann innlendum ættfræðiskrám. Einnig til áframhaldandi uppbyggingar Vesturfarasetursins á Hofsósi.	1.000.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra og Iðntæknistofnun	Kynning á möguleikum til eflingar atvinnuþróunar í Vestur-Húnavatnssýslu. Leiðsögn og fagleg aðstoð m.a. um rekstrar- og framleiðsluþætti sem bætt geti afkomu fyrirtækja á svæðum og ábendingar um möguleika nýsköpunar sem skotið gæti nýjum stoðum undir atvinnulíf svæðisins. Einnig að leiðbeina áhugasömu fólki í Vestur-Húnavatnssýslu að gera viðskiptahugmyndir að veruleika og þjálfa leiðbeinendur til að sinna slíku starfi. Unnið í samvinnu atvinnuráðgjafa og Iðntæknistofnunar.	1.000.000
Efling Stykkishólms	Atvinnuvegasýning í Stykkishólmi. Kynning á atvinnulífi í Stykkishólmi allt frá sjávarútvegi og iðnaði til ferðaþjónustu og handverks.	500.000
Átak til atvinnusköpunar	Ráðstefna og greining á stöðu líftækniiðnaðar á Íslandi. Markmiðið er að fá yfirlit yfir þá möguleika sem eru til eflingar nýs hátækniiðnaðar tengdum líftækni. Mótframlag frá ýmsum aðilum, s.s. Íslenskri erfðagreiningu.	400.000
Iðntæknistofnun	Fjarfundakerfi, nettenging og samþætting á starfsemi þeirra sem stunda leiðsögn og þekkingarmiðlun til fyrirtækja um land allt. Samstarfsverkefni ITÍ, Byggðastofnunar, atvinnuráðgjafa og Iðnþróunarfélaga í öllum landsfjórðungum.	1.200.000
Eyjaferðir ehf.	Samræming og markaðssetning á skoðunarferðum á lífríki Breiðafjarðar t.d. ferðir til hvalaskoðunar m.a. til að fullnýta aukinn skipakost.	500.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Úttekt á styrkleika og veikleika Vestur-Barðastrandasýslu og mögulegri eflingu atvinnulífsins þar. Unnið í samvinnu við Byggðastofnun.	300.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík	Uppbygging á safni og fræðslusetri á Húsavík um hvali. Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlunar.	500.000
Menningarfélag um Brydesbúð	Brydesverslun í Vík. Áframhaldandi uppbygging verslunarminjasafns og söguseturs er tengist Brydebúð og þeirri fjölbreytilegu starfsemi sem þar hefur farið fram.	500.000
Víkurplast ehf.	Stuðningur við endurnýtingu aðfluttrar plastverksmiðju sem fær nýtt hlutverk við framleiðslu ýmiss konar umbúða, skápa o.fl.	500.000
Útflutningsráð Íslands	Gerð vefsíðu á Interneti, svokallað Hestanet, til að markaðssetja erlendis vörur og þjónustu er tengist íslenska hestinum. Hestanetið á að nýtast öllum þeim framleiðendum og þjónustuaðilum sem tengjast íslenska hestinum. Unnið í samstarfi við framleiðendur og Útflutningsráð Íslands sem kostar það að hluta.	1.000.000
Söðlasmiðurinn ehf. Helluskeifur ehf. Sólberg Sigurðsson	Bæta framleiðslutækni við framleiðslu á hnökkum, beislum og skeifum og samræming og efling markaðsaðgerða erlendis. Verkefnið er samstarfsverkefni Helluskeifna ehf., Söðlasmiðsins ehf. og Sólbergs Sigurbergssonar söðlasmiðs.	2.000.000

Atvinnuráðgjöf Vesturlands	Samræming á markaðssetningu á ferðaþjónustu og tengdri atvinnustarfsemi á Snæfellsnesi.	500.000
Iðnminjasafn á Akureyri	Iðnminjasafn á Akureyri. Safnið er í gömlu Hekluhúsunum á Glereáreyrum. Þar eru kynntar helstu iðngreinar sem við lýði hafa verið á Akureyri um áratuga skeið.	400.000
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	Verslun í Þingeyjarsýslum. Úttekt á styrkleika og veikleika verslunar í sýslunni og leit að nýjum sóknarfærum.	500.000
Dalaleir	Rannsóknir á mögulegri framleiðslu á iðnaðarvöru úr leir sem finnst í Dalabyggð. Framleiðsluprófanir í verksmiðju í Frakklandi.	400.000
Saumastofan Grenivík	Hönnunar- og vöruþróunarverkefni um nýjar vörur og markaðssetningu þeirra.	300.000
Átak um jarðhitaleit	Jarðhitaleitarátak á köldum svæðum. Framlag til samstarfsverkefna iðnaðarráðuneytisins, Orkuráðs og Byggðastofnunar um átak til leitar að jarðhita til húshitunar á þeim svæðum þar sem ekki eru hitaveitur nú en talið er að þjóðhagslega hagkvæmt kunni að vera að leggja hitaveitu. Átakið beinist einkum að frumstigum leitar en heimaaðilum og orkufyrirtækjum er ætlað að taka við framkvæmdum þegar vísbending er fengin um jarðhita sem hagkvæmt væri að nýta.	10.000.000
Átak um orkusparnað	Kynning á aðferðum til orkusparnaðar vegna rafhitunar, gerð fræðsluefnis og fagleg ráðgjöf til almennings. 50% kostnaður við framkvæmd á móti Orkustofnun.	2.000.000
ERGO	Úttekt á ástandi efnistöku og efnisvinnslu á Íslandi og gerð tillagna um bætt framtíðarskipulag og betri nýtingu á þessum óendurnýtanlegu auðlindum landsins.	200.000
Heiðdís Jónsdóttir	"Á roði í reiðtúr" – útivistarfatnaður. Þróunarvinna og undirbúningur að framleiðslu að nýrri línu íslensks tískufatnaðar fyrir hestamenn og annað útivistarfólk þar sem fiskroð verður ríkur þáttur í hönnuninni. Mótframlag frá ýmsum aðilum.	400.000
Iðntæknistofnu Íslands Nýsköpunarsvið	"Stofnun og rekstur fyrirtækja." Leiðbeinandi þjónusta um almennan undirbúning að stofnun fyrirtækja, gerð viðskiptaáætlana ásamt námskeiðahaldi um stofnun og rekstur fyrirtækja. Verkefnið hefur einkum nýst fólki á landsbyggðinni. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	100.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Handverkshús á Blönduósi. Stofnun handverkshúss sem nýtist sem starfsstöð stofnaðila, aðstaða fyrir handverksfólk, aðstaða fyrir námskeið, samskiptamiðstöð handverksfólks og verslun.	500.000
Höfðaver	Endurgerð seglbáts frá síðustu aldamótum í upprunalega mynd. Báturinn fær síðan hlutverk tengt ferðaþjónustu og hvalaskoðun frá Húsavík.	500.000

Jóhann Gíslason	Hönnun og þróun á fjaðrandi báti sem er byggð á hugmynd umsækjanda. Stefnt er að því að frumgerð verði fljótlega tilbúin - Eyjafjörður.	500.000
Samstarfsverkefni um hörvinnslu	Áframhaldandi þróun á hörvinnslu. Í verkefninu felast hagkvæmniathuganir á ræktun og framleiðslu hörs, feygingartilraunir og athuganir á líklegum mörkuðum. Mótframlag frá Framleiðnisjóði.	1.500.000
Gunnar Jóhannesson	Hálendisvefur. Gerð stafræns kortagrunns um hálendi Íslands sem verður aðgengilegur á Interneti og nýst getur t.d. skólum, ferðaþjónustu og minni byggðarlögum í einfaldari verkefnum.	750.000
Íslenskt Sjávarsilfur ehf.	Áframhald þróunar á paté úr laxaafurðum bæði fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings.	500.000
Samstarfsverkefni um Icelandica 2001	Icelandica 2001. Undirbúningur og markaðssetning alþjóðlegrar sýningar á íslenska hestinum og vörum tengdum honum. Mótframlag frá ýmsum aðilum.	2.000.000
Iceland Complete ehf.	Margmiðlun, hönnun og framleiðsla á margmiðlunardiski þar sem er að finna allt það helsta um ferðaþjónustu á Íslandi. Nýtist vel smærri aðilum á landsbyggðinni sem hafa takmarkað auglýsingafé.	500.000
Framfarafélag Bolungarvíkur	Framfarafélag og fulltrúar fyrirtækja í Bolungarvík. Kostaður verði ráðgjafi sem fer á milli fyrirtækja og veik- og styrkleikagreinir þau, kemur með tillögur um úrbætur og hugsanlega nýjar framleiðslulínur. Einnig verði möguleikar á nýjum atvinnutækifærum kannaðir í tengslum við nýsköpun, vöruþróun og nýja atvinnustarfsemi.	500.000
Kirkjubæjarstofa	Uppbygging, rekstur og kynning á Kirkjubæjarstofu sem er upplýsinga- og fræðasetur með áherslu á náttúruvísindi, landmótun og ferðaþjónustu.	1.000.000
Fagráð textíliðnaðarins Iðntæknistofnun	Samvinnuverkefni prjónastofanna í landinu. Samræming aðgerða við endurbætur á framleiðsluaðferðum, þróun nýrra textílafurða fyrir erlendan markað, og markaðsátak til að endurheimta fyrri stöðu á álitlegum markaðssvæðum, t.d. í Ameríku.	6.000.000
Trévík	Þróun og markaðssetning á húsgagni fyrir börn, svokallaðri ferðaskrifstofu. Verðlaunaverkefni frá Hönnunardögum.	400.000
Ferðaþjónustan Bjarnargili	Hagkvæmniathuganir og viðskiptaáætlun vegna ferðaþjónustu á Bjarnargili í Fljótum. Undirbúningur að stofnun alhliða ferðaþjónustufyrirtækis.	300.000
Keflavíkurverktakar	Vöruþróun og markaðssetning á afurðum unnum úr smáþörungum.	800.000
Iðntæknistofnun Íslands Nýsköpunarsvið	Kynningarmiðstöð um Evrópuverkefni þar sem fyrirtækjum eru veittar upplýsingar um evrópskt samstarfsverkefni og þau aðstoðuð við að koma á vísinda- og tæknisamstarfi við erlend fyrirtæki.	3.000.000

Iðntæknistofnun Íslands Nýsköpunarsvið	"Reynslunni ríkari." Leiðbeiningar og aðstoð við konur til að taka fyrstu skref við mótun viðskiptahugmynda, viðskiptasambanda og til undirbúnings að stofnun fyrirtækis. Þetta verkefni ætti að henta konum á landsbyggðinni einkar vel. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	1.500.000
Iðntæknistofnun Íslands Nýsköpunarsvið	Tæknivöktun: Að safna upplýsingum og nýungum um tækni og rekstrarleg málefni og miðla þeim til fyrirtækja sem greiða áskriftargjald fyrir þjónustuna. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	1.100.000
Iðntæknistofnun Íslands Nýsköpunarsvið	"Uppeldissetur." Stofnun uppeldisseturs miðað við íslenskrar aðstæður í líkingu við það sem gerist t.d. í Nova Scotia. Takmarkið er að þróa tækninýjungar í fullmótaða framleiðslu og koma framleiðslunni af stað, t.d. í nýju fyrirtæki. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	2.000.000
Átak til atvinnusköpunar	Rekstur verkefna um atvinnuþróun á svæðum sem ekki njóta stóriðjuuppbyggingar. Leiðsögn og miðlun þekkingar til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref í nýsköpun. Mótframlag frá fleiri aðilum, m.a. IVR.	4.000.000
Víkurlax ehf.	Efling nýsköpunar í fiskeldi, einkum lúðueldi, en tilraunaræktun á lúðu lofar góðu. Talið er að með vísindalegri þróun fiskeldis megi vænta mikils af þessari grein í framleiðni.	900.000
Iðntæknistofnun	"Eldisbóndinn" er Evrópuverkefni sem að meginstofni er kostað af ESB. Samstarfsaðilar eru frá Írlandi og Hollandi. Um er að ræða þróun námsefnis fyrir bændur og aðra sem vilja hefja fiskeldi í smáum stíl.	800.000
Iðntæknistofnun	"Ferðaþjónusta til framtíðar" er verkefni sem að meginstofni fjallar um umbætur á sviði umhverfismála hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Tilgangurinn er að hjálpa fyrirtækjum í ferðaþjónustu í dreifbýli við að bæta stöðu þeirra í umhverfismálum og að tengja starfsemi þeirra við þjóðmenningu. Samstarfsverkefni ITÍ, atvinnu- og ferðaráðgjafa, fyrirtækja í ferðaþjónustu og Tækniskólans í Þórshöfn í Færeyjum.	500.000
Skelfiskur hf.	Þróun og markaðssetning á kúffiskþykkni sem framleiðsla er að hefjast á á Vestfjörðum. Kúffiskþykkni er unnið úr kúskel með suðu og notað til súpugerðar og sem bragðefni í sjávarrétti.	1.600.000
Ístoppur	Kynning á íslenska hestinum á nýjum erlendum mörkuðum. Talið er að hefðbundnir markaðir séu u.þ.b. að mettast og til þess að geta viðhaldið svipuðum útflutningi og undanfarin ár þurfi markaðsátak á nýjum mörkuðum.	400.000

2. Erlend fjárfesting utan stóriðju.

Fjárfestingastofa Íslands	Forhagkvæmniathugun á möguleikum framtíðaruppbyggingar orkufreks iðnaðar í Norðurlandskjördæmi vestra. Styrkleika- og veikleikagreining landsvæðisins. Í fyrsta áfanga verði lokið við slíka vinnu í Skagafirði.	6.500.000
Fjárfestingastofa Íslands	Endurnýjun kynningarefnis um Ísland sem fjárfestingarkost. Gerð kynningarbæklings og heimasíðu á Internetinu.	3.000.000
Fjárfestingastofa Íslands	Útgáfa bókar á ensku um íslenskt rekstrarumhverfi "Doing Business in Iceland", útgáfa og dreifing.	1.000.000
Fjárfestingastofa Íslands	Fjárhagsleg úttekt á rekstrargrundvelli Saltverksmiðju á Reykjanesi og kynning á niðurstöðum fyrir fjárfestum.	500.000
Fjárfestingastofa Íslands	Margvíslegar úttektir á hagkvæmni og markaðsforsendum erlendra fyrirtækja sem flytja mætti til Íslands. Áhersla á landsbyggðina. M.a. efling viðskipta við austurströnd Kanada og Bandaríkjanna er nýst gæti íslenskum jaðarsvæðum.	3.000.000
Markaðsskrifstofa iðnaðar-ráðuneytis og Landsvirkjunar	Lok forhagkvæmnisathugana, gerð kynningarefnis fyrir erlenda fjárfesta og kynningarfundir með þeim. Hugsanlegir staðir eru Þorlákshöfn, Húsavík, Mývatnssveit og Suðurnesin.	3.000.000

187. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um rannsóknir á laxi í sjó.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðuneytinu að hrinda í framkvæmd rannsóknum á sjávarvist laxa, sem miðist að því að kanna tengsl á milli annars vegar umhverfisaðstæðna í hafi og hins vegar vaxtar og endurheimta. Sérstök áhersla skal lögð á að finna orsakir hinna gríðarlegu affalla sem oft verða í hafi, á hvaða stigi sjávarvistarinnar þau verða, og jafnframt að leita leiða til að minnka þau.

Greinargerð.

Íslenskir laxastofnar eru verðmæt auðlind. Áætlað er að heildarvelta sem tengist stangaveiðum á laxi sé á bilinu 1.100–1.200 millj. kr., þar af er talið að um 550 – 600 millj. kr. fáist fyrir sölu veiðileyfa. Tekjur af nýtingu íslensku laxveiðiánna eru mikilvægur þáttur þess að byggð geti haldist í samfélögum sem eiga undir högg að sækja samfara hnignun hefðbundinna landbúnaðargreina.

Víða erlendis eru stofnar Atlantshafslax í sögulegri lægð. Ljóst er að þar á mannskepnan stærsta sök með minnkun á búsvæðum í fersku vatni vegna raforkuframleiðslu og eyðileggingu búsvæða af mengun, t.d. súru regni. Þá er ofveiði þar sem sjávarveiði er stunduð víða kennt um hnignun laxastofna. Einnig hafa verið nefnd neikvæð áhrif fiskeldis vegna hættu á útbreiðslu sjúkdóma og vegna erfðamengunar.

Á Íslandi er ekki unnt að merkja hnignun laxastofna í sama mæli og víða erlendis. Ástæður þess er m.a. unnt að þakka banni við veiðum á laxi í sjó innan íslensku efnahagslögsögunnar, að tiltölulega lítið hefur verið hróflað við búsvæðum laxfiska hérlendis og mengun er hér mjög lítil. Þrátt fyrir þessa staðreynd er ljóst að miklar sveiflur einkenna laxgengd í íslenskar veiðiár, sérstaklega á Norðurlandi og Austurlandi. Orsakir slíkra sveiflna má rekja bæði til breytilegrar framleiðslu á laxaseiðum í fersku vatni og mjög breytilegra endurheimtna á laxi úr sjó.

Markvissar rannsóknir í nokkrum lykilám hérlendis hafa sýnt að hafið er einn stærsti orsakavaldurinn í stofnsveiflum á laxi og endurheimtur náttúrulegra laxaseiða hafa reynst á bilinu 2–22 % þau ár sem upplýsingar liggja fyrir um. Undanfarin 15 ár hefur laxgengd almennt verið í lægð hérlendis. Á sama tíma hefur hlutfall stórlaxa (lax með tveggja ára sjávardvöl eða lengri) lækkað og það bendir til aukinna affalla á öðru ári í sjó. Á þessu tímabili var gerð tilraun með stórfelldar sleppingar laxaseiða til hafbeitar en endurheimtur seiða úr sjó hafa reynst það litlar að ekki er grundvöllur fyrir slíkri starfsemi. Almennt virðist því unnt að tengja þá lægð sem hefur ríkt í laxgengd hérlendis við aukin afföll laxa í hafi.

Á undanförnum árum hefur verið unnið öflugt rannsóknarstarf sem varðar þá þætti sem áhrif hafa á framleiðslu á laxaseiðum í fersku vatni. Jafnframt hafa rannsóknir sýnt að umhverfi sjávar hefur gríðarleg áhrif á endurheimtu og vöxt laxa í sjó. Hins vegar vantar sárlega nauðsynlegar upplýsingar og skýringar á því hvaða þættir hafa mest áhrif á afkomu laxins í sjó. Ný tækni, sem hefur verið þróuð á Íslandi, þar sem rafmerkjum sem mæla seltu, dýpi og hitastig er komið fyrir á fiski, hefur leitt til þess að rannsóknir í hafi eru nú miklu auðveldari en áður og skila meiri vitneskju.

Helstu verkefni sem vinna þarf á þessu sviði eru eftirfarandi:

1. *Mælingar á umhverfisþáttum.* Rannsóknir hafa sýnt að marktæk fylgni er á milli sjávarhita vorið sem seiðin ganga úr ánum og veiði á smálaxi árið eftir og stórlaxi tveimur árum síðar. Þetta gildir sérstaklega í ám á Norðurlandi og Austurlandi. Nákvæmari og betri skráning á hitastigi sjávar þarf að vera fyrir hendi.
2. *Beitarsvæði í sjó.* Lítið er vitað um hvar íslenski laxinn heldur sig á meðan sjávardvöl stendur. Slík vitneskja skiptir höfuðmáli til að unnt sé að skýra og spá fyrir um breytingar á laxgengd. Ýmsir telja að beitarsvæði fyrir lax hafi dregist saman í N-Atlantshafi og sé það skýring á hnignun laxastofna við Atlantshafið. Með því að þróa og framleiða sérhæfð skráningartæki sem fest eru á seiði væri unnt að fá slíkar upplýsingar.
3. *Tengsl við aðrar tegundir.* Nauðsynlegt er að tengja lax inn í fjölstofnaverkefni, þar sem lögð er áhersla á rannsóknir sem snúa bæði að fæðu laxa í sjó eftir árstíma og afræningjum laxa í hafi. Ýmsir telja þannig að aukning á stofnstærð sjávarspendýra hafi haft neikvæð áhrif á laxastofna. Um þetta er hins vegar lítið vitað enn sem komið er. Þá er vitað að nytjafiskar t.d. þorskur og ufsi éta sjógönguseiði í einhverjum mæli fyrst eftir að seiðin ganga til sjávar. Fjölstofnarannsóknir gætu leitt í ljós, í hve miklum mæli afrán þessara tegunda á laxinum er.

Brýnt er að afla fjármagns til að nauðsynlegar sjávarrannsóknir á laxi geti hafist. Slíkar rannsóknir eru dýrar grunnrannsóknir sem erfitt eða ómögulegt er að fjármagna með framlögum frá atvinnugreininni sjálfri. Því er eðlilegt að ríkisvaldið veiti fé til slíkra verkefna með tilliti til þeirra hagsmuna sem í húfi eru jafnframt því sem bent er á að allar hafrannsóknir eru nú greiddar úr sameiginlegum sjóði landsmanna.

188. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um stofnun endurhæfingarmiðstöðvar.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,
Magnús Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að setja á stofn endurhæfingarmiðstöð sem verði sjálfstæð opinber stofnun með þjónustusamning við heilbrigðisráðuneyti. Markmið stofnunarinnar yrði að bæta þjónustu við þá sem þarfnast endurhæfingar til lengri tíma, stuðla að því að þeir verði virkir þjóðfélagsþegnar á ný og bæta um leið nýtingu spítalanna.

Greinargerð.

Endurhæfingu sjúklinga til lengri tíma eftir að bráðaendurhæfingu á spítölunum lýkur þarf að bæta. Undanfarin ár hefur gengið erfiðlega að koma þessum sjúklingum, sem hafa orðið illa úti af sjúkdómum og slysum, í viðeigandi meðferð. Endurhæfingu á bráðastigi hefur verið nokkuð vel sinnt en almennt er viðurkennt að fjárskortur hefur háð endurhæfingu að því loknu. Tilhneiging hefur verið að sjúkrahús leggi áherslu á bráðaþjónustu á kostnað langtímaendurhæfingar. Þá hefur einnig staðið endurhæfingu fyrir þrifum, bæði á Ríkisspítölunum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur, að heyra undir lyflæknissvið í stað þess að vera sjálfstætt

svið með eigin stjórnun, fjárveitingu og rekstur. Til að ráða bót á þessu hafa komið fram hugmyndir um að sameina krafta og þekkingu á endurhæfingardeildum þessara stofnana í eina endurhæfingarmiðstöð. Til greina kæmi einnig að aðrar stofnanir sem sinna endurhæfingu, svo sem Reykjalundur og Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, gætu tengst miðstöðinni svo að sem best samvinna væri um hvert sjúklingar færu til meðferðar.

Varðandi staðsetningu stöðvarinnar verði kannaður sá möguleiki að samnýta aðstöðu á Grensásdeild og í Kópavogi.

Verði miðstöðin sett á stofn gæti skipun stjórnar hennar verið eftirfarandi: Formaður skipaður af heilbrigðisráðherra og aðrir fulltrúar skipaðir af Háskóla Íslands, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Ríkisspítölunum, Neytendasamtökunum, Vinnuveitendasambandinu og einn fulltrúi skipaður af starfsmönnum.

Í Reykjavík voru á síðastliðnu ári að meðaltali um 35 rúm á Grensásdeild til afnota fyrir langtímaendurhæfingu. Á Reykjalundi eru um 150 endurhæfingarrúm og á Heilsustofnun NLFÍ eru 160 rúm, þar af 60 skilgreind fyrir endurhæfingu. Á hvorugum staðnum er hins vegar gert ráð fyrir umönnun svokallaðra þungra endurhæfingarsjúklinga. Í Reykjavík og nágrenni eru þannig samtals um 240–250 rúm skilgreind til notkunar fyrir endurhæfingu en þar af eru aðeins 30–35 fyrir þunga endurhæfingu. Hluti rúmanna er að auki stöðugt tepptur vegna of fárra vistunarúrræða.

Gert er ráð fyrir að í nýju miðstöðinni rúmist starfsemi sem nú fer fram á Grensásdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur auk þess sem endurhæfingarþjónustu þeirri sem ráðgerð er á nýrri deild á Kópavogshæli yrði einnig komið fyrir þar. Loks flytjist þeir sjúklingar sem þarfnast endurhæfingar til lengri tíma og nú liggja á bráðadeildum í miðstöðina um leið og ástand þeirra leyfir.

189. Svar [101. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um útköll lögreglu á geðdeildir sjúkrahúsa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu oft undanfarin fimm ár hefur lögregla verið kölluð til aðstoðar á geðdeildum sjúkrahúsa vegna erfiðra tilfella? Hversu oft hafa geðsjúkir verið fluttir af sjúkrahúsi og settir í fangageymslur?

Dómsmálaráðuneytið leitaði eftir upplýsingum hjá lögreglustjóranum í Reykjavík og lögreglustjóranum á Akureyri, en geðdeildir sjúkrahúsa eru einungis í umdæmum þeirra.

Í svari lögreglustjórans í Reykjavík kom fram að vegna tímaskorts hafi aðeins gefist ráðrúm að afla upplýsinga frá undanförnum þremur árum, þ.e. frá 12. september 1995, þar sem frá þeim tíma séu upplýsingarnar á tölvutæku formi. Kannaður var hjá embættinu fjöldi tilvika vegna beiðna frá Landspítalanum, Sjúkrahúsi Reykjavíkur (áður Borgarspítala) og Kleppi. Á þessum tíma færði lögregla fjóra sjúklinga geðdeildar í fangageymslur. Í öll skiptin var það gert á grundvelli beiðna frá Landspítalanum, þrisvar vegna þess að sjúklingar höfðu verið óviðráðanlegir og einu sinni í samráði við sjúkling sjálfan. Í þau þrjú skipti sem sjúklingur var fluttur í fangageymslur lögreglu var um að ræða aðstæður sem starfsmenn

deildanna töldu sig ekki ráða við. Tvisvar var sjúklingur talinn hafa neytt fíkniefna, en um sama sjúkling var að ræða í bæði skiptin, og einu sinni sjúkling sem hótaði lækni sínum sem reyndi að útskrifa hann af geðdeild. Jafnframt voru á þessu tímabili 17 einstaklingar, ekki sjúklingar, fluttir í fangageymslu lögreglu samkvæmt beiðnum frá geðdeildum, í fjögur skipti frá Kleppi og í 13 skipti frá Landspítala. Í mörgum tilvikum var um að ræða ölvaða einstaklinga sem höfðu valdið starfsfólki og sjúklingum deildanna ónæði og voru þeir vistaðir í fangageymslu vegna ölvunarástands síns. Einnig var í nokkrum tilvikum um að ræða ölvaða einstaklinga sem höfðu leitað til geðdeilda eftir lyfjagjöf eða óskuðu eftir innlögn. Þá koma fram þær upplýsingar í svari lögreglustjórans í Reykjavík að lögreglan hafi einnig haft afskipti af ýmsum öðrum málum er upp hafa komið geðdeildum, svo sem þegar óskað er eftir leit að sjúklingum.

Í svari lögreglustjórans á Akureyri kom fram að ekki hafi verið tök á að fletta dagbókum af þessu tilefni þar sem um sé að ræða óhemjuvinnu, en tilvik sem þessi séu fá og þeim fari fækkandi. Ekki sé vitað um dæmi þess að óskað hafi verið eftir að sjúklingur væri fluttur af geðdeild í fangageymslur, en fangar í afplánun hafi verið fluttir á geðdeild og síðan þaðan aftur í fangelsi. Samkvæmt dagbók lögreglunnar hefur starfsfólk geðdeildar Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar (FSA) sjaldan óskað aðstoðar lögreglunnar. Þess eru þó dæmi og þá vegna þess að sjúklingur hafi verið erfiður þá stundina og starfsfólk ekki talið sig ráða við ástandið. Enn fremur eru dæmi um að lögreglumenn hafi verið fengnir til að vaka yfir sjúklingum deildarinnar sem taldir voru sjálfum sér og öðrum hættulegir, en þá voru þeir ekki einkennisklæddir. Langt er um liðið síðan leitað hefur verið eftir slíkri aðstoð. Þá er í upplýsingum frá lögreglustjóranum á Akureyri tekið fram að beiðnum um aðstoð frá geðdeild Fjórðungssjúkrahússins hafi farið fækkandi undanfarin ár þar sem deildin sé orðin mjög vel mönnuð.

190. Svar [102. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um sveigjanleg starfslok.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær var nefnd skipuð til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok, sbr. ályktun Alþingis nr. 7/111 frá 13. apríl 1989?*
2. *Hvað líður störfum nefndarinnar?*

Nefnd sem komið var á fót í samræmi við framangreinda þingsályktun var skipuð af þáverandi forsætisráðherra 22. mars 1991. Skipaðir voru Guðmundur Benediktsson, þáverandi ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, formaður, Barði Friðriksson hrl., samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, Guðríður Elíasdóttir, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Björn Jósef Arnviðarson, þáverandi bæjarfulltrúi á Akureyri og formaður launanefndar sveitarfélaga, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Ólafur Ólafsson landlæknir, frá landlæknisembættinu.

Samkvæmt gögnum málsins kom nefndin saman 13. júní 1991 og lagði á ráðin um gagnaöflun af ýmsu tagi sem leggja mætti nefndarstarfinu til grundvallar. Meðal gagna sem ákveðið var að afla voru:

1. Umsagnir sem félagsmálanefnd sameinaðs Alþingis höfðu borist við umfjöllun þingsályktunartillöguna, þ.e. frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og Vinnumálasambandi samvinnufélaga.
2. Umsagnir og ábendingar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasambandi Íslands, Félagi eldri borgara, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna og félögum heilbrigðisstétta, þar á meðal Læknafélaginu og Félagi hjúkrunarfræðinga.
3. Spár og kannanir um starfsaldursbreytingar og breytingar á fjölda og eðli starfa.
4. Reglur um álagningu opinberra gjalda eftir að eftirlaunaaldri er náð.

Jafnframt ákvað nefndin að fá tryggingafræðing til viðtals á starfstíma hennar.

Í vörslum forsætisráðuneytis er ekki að finna frekari gögn um störf nefndarinnar.

191. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta gera áætlun um bætt starfsumhverfi kvennahreyfingarinnar og annarra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi. Í því skyni verði gert ráð fyrir fjárveitingu samkvæmt fjárlögum til þess að styrkja kvennapólitískt starf hér á landi og til þátttöku í alþjóðlegu kvennapólitísku starfi. Einnig verði tryggðar greiðar boðleiðir á milli félaga og hópa annars vegar og stjórnvalda hins vegar með samstarfs- og upplýsingafundum um innlent og alþjóðlegt starf sem beinist að því að jafna stöðu kynjanna.

Greinargerð.

Starfsemi frjálsra félagasamtaka er einn af hornsteinum lýðræðisins. Þau starfa oft í beinum tengslum við grasrótina og eru í mun betri aðstöðu en stjórnvöld til þess að bregðast vafningalaust við nýjum aðstæðum og skilgreina þarfir og skoðanir hins almenna borgara. Þau koma á framfæri sjónarmiðum og ábendingum sem koma stjórnvöldum að gagni og verka þannig sem mótvægi við stjórnkerfi sem oft er þungt og seinvirkt.

Á alþjóðavettvangi hefur á undanförnum árum skapast aukinn skilningur á mikilvægi frjálsra félagasamtaka og hlutverki kvennahreyfingarinnar. Innan Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna hefur aukinn skilningur haft í för með sér bætt starfsskilyrði sem hafa leitt til þess að starfsemi kvennahreyfingarinnar hefur eflst. Skemmst er þess að minnast að Evrópusambandið hefur ákveðið að veita fé að jafngildi tveggja milljarða íslenskra króna til frjálsra félagasamtaka sem vinna gegn ofbeldi á konum og börnum. Ástæðan er sú að sögn Anitu Gradin, sem m.a. fer með dómsmál hjá ESB, að „félagasamtök beiti árangursríkari aðferðum en hið opinbera til að ná til almennings og til þeirra sem eru í áhættuhópum.“

Þetta hlutverk félagasamtaka þarf einnig að meta að verðleikum hér á landi og skapa svigrúm fyrir nýja hópa með nýjar hugmyndir. Sérstaklega þarf að huga að og veita brautargengi góðum hugmyndum sem gætu haft keðjuverkandi áhrif í þá átt að leiðrétta kynjamisrétti á

Íslandi, jafnvel þótt hugmyndirnar komi frá litlum og lítt skilgreindum hópum eða einstaklingum.

Að vissu marki koma íslensk stjórnvöld til móts við rótgróin félagasamtök eins og ungmennahreyfinguna, íþróttahreyfinguna, skáta og fleiri samtök með hefðbundið skipulag og uppbyggingu, en á meðal félagasamtaka hefur kvennahreyfingin mikla sérstöðu. Það er eðli hreyfingarinnar að innan hennar hafa oft myndast litlir óformlegir hópar sem ekki hafa neinar félagaskrár og finnast hvergi á skrám yfir formleg félagasamtök. Þessir hópar hafa brugðist skjótt við nýjum aðstæðum og hafa starfað að afmörkuðum verkefnum í stuttan tíma. Þannig stigu samtök um kvennaathvarf, kvennaráðgjöf, Stígamót o.fl. sín fyrstu skref, en einnig má nefna t.d. konur gegn klámi, áhugahóp um aðgerðir til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir unglingsstúlkna o.fl.

Sem dæmi um nýja kvennapólitíska hópa sem eru starfandi hér á landi mætti nefna Bríeti, öflugan hóp ungra kvenna sem hafa mikinn áhuga á femínisma og eru um þessar mundir að vinna að gerð útvarpsþátta um jafnréttismál. Kynjaverur nefnast ný „jafnréttindasamtök" ungs fólks sem sjálft vill skoða og skilgreina kynjabaráttuna. Kvennakirkjan nýtur æ meiri vinsælda og ekki er vanþörf á að hlúa að kvenfrelsisstarfi innan íslenskrar kirkju. Samstaða gegn kynferðisofbeldi kallast nýstofnuð samtök sem vonandi eiga eftir að láta að sér kveða í framtíðinni. Lífslíkur og árangur þessara hópa mundu aukast til mikilla muna ef hægt væri að sækja um fjárveitingar til þess að koma í verk einhverjum af þeim hugmyndum sem félagsfólk hefur. Þessum hópum og einstaklingum þyrfti að gefa tækifæri til þess að sækja um styrki til pólitískra verkefna, svo fremi að þau geti rökstutt þörfina og sýnt fram á almennt gildi starfsins fyrir samfélagið.

Aukið samstarf á alþjóðavettvangi snertir jafnt kvennapólitískt starf og aðra þætti samfélagsins. Reynslan hefur sýnt að á Íslandi er mikill áhugi á þátttöku í alþjóðlegu kvennapólitísku starfi eins og sést á þátttöku íslenskra kvenna í Nordisk forum, Peking-ráðstefnunni og ráðstefnu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Valmiera í ágúst 1997. Íslensk stjórnvöld studdu ferðir íslenskra kvenna á ráðstefnurnar og tryggði sá stuðningur mikla þátttöku og virkni fyrir og meðan á ráðstefnunum stóð. En ráðstefnuferðir eru lítils virði ef ekki eru tök á að fylgja þeim eftir. Á þessum ráðstefnum mynduðu Íslendingar tengsl sem erfitt reyndist að rækta áfram vegna fjárskorts.

Hugmyndin að þessari tillögu til þingsályktunar kemur frá norskri stjórnsýslu. Í Noregi hefur barna- og fjölskyldumálaráðuneyti árlega auglýst styrki til kvennapólitískrar upplýsingastarfsemi og einnig styrki til kvennapólitísks alþjóðastarfs. Styrkirnir hafa tryggt þann jarðveg sem nauðsynlegur er fyrir frjótt starf. Þar í landi er farvegur fyrir samráð og gagnkvæmt upplýsingaflæði á milli stjórnvalda og kvennahreyfingarinnar. Þar er hefð fyrir því í utanríkisráðuneyti að drög að samningum og hugmyndir sem snerta konur á alþjóðavettvangi eru send út til umsagnar og upplýsinga- og samráðsfundir eru haldnir í ráðuneytinu þegar þurfa þykir. Í norska barna- og fjölskyldumálaráðuneytinu er tæpra tveggja áratuga hefð fyrir samráðsfundum og gagnkvæmu upplýsingaflæði á milli ráðuneytis, stofnana, frjálsra félagasamtaka og baráttuhópa sem getur komið að góðu gagni fyrir alla aðila.

Á sama hátt þyrftu íslensk stjórnvöld að bera hugmyndir sínar undir félagasamtök þegar um er að ræða ákvarðanir sem varða áhuga- og baráttumál þeirra. Það ætti að vera fengur í því fyrir íslenska stjórnsýslu að nýta reynslu og þekkingu sem safnast hafa saman innan kvennahreyfingarinnar. Í mörgum tilvikum er um sérfræðikunnáttu að ræða sem nauðsynlegt er fyrir opinbera aðila að hafa aðgang að. Einnig ætti að kappkosta að kynna kvennahreyfingunni hugmyndir og fyrirætlanir sem opinberir aðilar vinna að og hafa um þær samráð.

Ef lögð er rækt við að fanga góðar hugmyndir eins og lýst er að hér að framan má skapa umhverfið sem þarf til þess að kvennahreyfing og stjórnvöld í sameiningu geti í raun jafnað stöðu kynjanna.

192. Svar [37. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um greiðslukortastarfsemi.

Svör við fyrirspurn þessari eru að hluta byggð á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands, Samkeppnisstofnun, Greiðslumiðlun hf. og Kreditkortum hf. (Europay hf.). Ekki reyndist unnt að afla nægilegra upplýsinga til að veita svör við öllum liðum fyrirspurnarinnar á tilsettum tíma og ólíklegt að unnt sé að svara öllu því sem spurt er um.

1. *Er ráðherra sammála því mati samkeppnisráðs að setja þurfi sérstaka löggjöf um greiðslukortastarfsemi? Ef svo er, er áformað að leggja fram frumvarp til laga um slíka starfsemi?*

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 1/1998 er m.a. fjallað um þörf á sérlöggjöf um greiðslukort. Í ákvörðuninni segir m.a. í 5. kafla niðurstaðna:

„Eins og fram hefur komið eru engin sérlög um greiðslukort í gildi hér á landi en ýmis lög taka til starfseminnar. Starfsemi greiðslukortafyrirtækja með tilliti til samkeppnishamlna og annars tengdu samkeppnismálum fellur undir samkeppnislög. Jafnframt er tilgangur sérákvæðanna í VIII. kafla laganna að hafa eftirlit með viðskiptaháttum og skilmálum greiðslukortafyrirtækja.

Samkeppnisráð telur að setja þurfi sérstaka löggjöf um greiðslukortastarfsemi þar sem t.d. greiðslukortafyrirtækjum verði settar starfsreglur og fjárhagslegt eftirlit með starfsemi þeirra tryggt. Þannig verði haft eftirlit með greiðslukortafyrirtækjum til jafns við önnur fjármálafyrirtæki, svo sem hvað varðar starfsleyfi og fjárhagslega stöðu. Einnig verði réttur greiðsluviðtakenda betur tryggður frá því sem nú er. Hið sama gildir um réttindi korthafa, t.d. um ábyrgðir þriðja manns fyrir úttektum korthafa, en þeim málum er öðruvísi háttað hér á landi en í nágrannaríkjum okkar þrátt fyrir að ýmislegt hafi áunnist á síðustu árum.

Samkeppnisráð telur mikilvægt að með sérlögum verði ekki á nokkurn hátt dregið úr heimildum samkeppnisyfirvalda til að hafa eftirlit með samkeppnishömlum, viðskiptaháttum og neytendavernd frá því sem nú er á greiðslukortamarkaðnum.“

Ráðherra er í meginatriðum sammála þeim sjónarmiðum sem fram koma í fyrrgreindu áliti samkeppnisráðs. Rétt þykir hins vegar að rekja í stuttu máli helstu ákvarðanir Alþingis um þessi mál.

Nú er kveðið á um eftirlit með greiðslukortastarfsemi í VIII. kafla samkeppnislaga, nr. 8/1993. Fyrir setningu þeirra laga hafði á 112., 113. og 115. löggjafarþingi verið lagt fram frumvarp til laga um greiðslukortastarfsemi, þar sem m.a. var kveðið á um skráningu og eftirlit með starfsemi greiðslukortaútgefenda, réttindi og skyldur kortaútgefenda, ábyrgð korthafa og kortaútgefenda, skráningu og meðferð upplýsinga sem kortaútgefandi skráir, viðurlög og málsmeðferð. Frumvörp þessi voru ekki afgreidd. Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi kemur fram að vorið 1992 hafi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskað eftir því að meginefni frumvarpsins yrði fellt inn í

frumvarp til samkeppnislaga og verði samkeppnisráði m.a. veitt heimild til að setja reglur um greiðslukortastarfsemi. Í 40. gr. frumvarpsins var kveðið á um að ráðherra setti með reglugerð nánari reglur um greiðslukortastarfsemi að fengnum tillögum samkeppnisráðs þar að lútandi. Sú grein var felld brott í þinglegri meðferð.

Ráðherra hefur hins vegar talið tilefni til þess að huga að endurskoðun á þeirri skipan sem ákveðin var af Alþingi samkvæmt framangreindu. Í því efni hefur ráðuneytið haft til skoðunar tvær leiðir. Annars vegar að setja sérstök lög um starfsemi greiðslukortafyrirtækja þar sem kveðið yrði sjálfstætt á um starfsleyfi þeirra og skilyrði til starfsleyfis, starfsheimildir og skyldur, eftirlit og fleira. Hins vegar að fella greiðslukortafyrirtæki undir lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með svipuðum hætti og eignarleigufyrirtæki, sbr. 9. gr. laganna. Greiðslukortafyrirtækin hefðu þrengri starfsheimildir og þyrftu ekki að uppfylla sömu skilyrði um fjárhæð stofnhlutafjár og lánastofnanir. Hins vegar giltu þá sömu ákvæði um starfsleyfi, rekstur og eftirlit um greiðslukortafyrirtækin.

Mikil umræða hefur verið um þessi mál og nýjungar í notkun greiðslukorta á alþjóðlegum vettvangi, meðal annars útgáfu svokallaðs rafeyris, en með því er átt við örgjörvakort sem líklegt er að á næstu árum muni koma í stað stað seðla og mynta í flestum tegundum smásöluviðskipta. Ráðuneytið hefur fylgst með umræðu og þróun á vettvangi Evrópusambandsins og EES. Á þeim vettvangi hafa drög að tilskipun um starfsemi rafeyrisfyrirtækja verið til umfjöllunar. Ekki hefur náðst samstaða um setningu slíkrar tilskipunar og er þess ekki að vænta að hún öðlist gildi á næstu missirum.

Að mati ráðuneytisins verður ekki skilið milli umræðu um rafeyri og mótun löggjafar þar að lútandi annars vegar og mótun laga um starfsemi greiðslukortafyrirtækja hins vegar. Hefur ráðherra því ákveðið að skipa nefnd til að fjalla um þessi mál og móta tillögur um hvernig haga beri löggjöf um greiðslukortastarfsemi, m.a. með hliðsjón af þróun löggjafar á Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvörðun um breytingar og eftir atvikum framlagningu frumvarps um málið verður tekin á grundvelli vinnu nefndarinnar.

Rétt er að vekja athygli á því að viðskiptaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, Greiðslumiðlun hf., Kreditkort hf., Samband íslenskra viðskiptabanka, Samband íslenskra sparisjóða og Neytendasamtökin hafa gert með sér sérstakt samkomulag um að draga úr sjálfskuldarábyrgðum. Aðilar að samkomulaginu eru sammála um gildi þeirrar stefnu að draga úr vægi sjálfskuldarábyrgða og að lánveitingar verði í auknum mæli eingöngu miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans. Með samkomulaginu eru settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum í þeim tilvikum er sjálfskuldarábyrgð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu. Í samkomulaginu eru jafnframt sérákvæði til verndar ábyrgðarmönnum sem skrifað hafa undir ábyrgð vegna úttektar með kreditkortum.

2. *Hvaða reglur gilda nú um fjárhagslegt eftirlit með starfsemi greiðslukortafyrirtækja?*

Um eftirlit með greiðslukortastarfsemi gilda ákvæði VIII. kafla samkeppnislaga, nr. 8/1993. Það eftirlit lýtur fyrst og fremst að viðskiptaskilmálum fyrirtækjanna. Starfsemi þeirra fellur hins vegar ekki undir eftirlit bankaeftirlitsins nema að því leyti sem eftirlit þess með viðskiptabönkum og sparisjóðum snertir eignarhlut þeirra í greiðslukortafyrirtækjunum. Viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum er heimilt að stunda greiðslukortastarfsemi og mundi slík starfsemi fyrirtækjanna sjálfra falla undir eftirlit bankaeftirlits sem liður í almennu eftirliti þess með lánastofnunum.

Það er hins vegar álit ráðherra að stefna beri að því að greiðslukortafyrirtæki lúti sambærilegu eftirliti og önnur fyrirtæki á fjármagnsmarkaði.

Hins vegar ber að líta til þess að fyrirtækin lúta endurskoðun samkvæmt almennum lögum.

3. *Hvað má áætla að árleg heildarfjárhæð viðskipta með milligöngu greiðslukorta (kreditkorta) sé há, annars vegar innlend og hins vegar erlend?*

Í Hagtölum mánaðarins, sem Seðlabanki Íslands gefur út, eru birtar veltutölur um kreditkortanotkun. Árið 1997 var veltan 70,4 milljarðar kr. innan lands og um 12 milljarðar kr. erlendis, eða samtals 82,4 milljarðar kr.

4. *Hvern má áætla árlegan kostnað af greiðslukortastarfsemi og hvernig skiptist hann milli korthafa, greiðsluviðtakenda, greiðslukortafyrirtækja og banka?*

Ekki fengust upplýsingar um árlegan kostnað af greiðslukortastarfsemi eða hvernig hann skiptist milli þeirra aðila sem spurt er um. Þó má finna nokkra vísbendingu um skiptingu kostnaðar í ársreikningum Greiðslumiðlunar hf. og Kreditskorta hf. fyrir árið 1997. Samkvæmt ársreikningi Greiðslumiðlunar hf. er hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar þannig að korthafar bera 36% í formi kortagjalda (árgjalda, útskriftargjalda, færslugjalda o.fl.), sölu- og þjónustuaðilar um 54% í formi þjónustu- og ábyrgðargjalda, en um 10% er mismunur fjármagnstekna og gjalda og tekjur af erlendum viðskiptum.

Samkvæmt ársreikningi Kreditkorta hf. fyrir árið 1997 greiddu korthafar um 40% af tekjum félagsins, aðildarfyrirtæki (kaupmenn og þjónustuaðilar) um 40% og mismunurinn, um 20%, voru fjármagnstekjur og gengismunur.

5. *Hverjar voru tekjur bankakerfisins annars vegar og greiðslukortafyrirtækjanna hins vegar af greiðslukortastarfsemi á árunum 1995, 1996 og 1997?*

Ekki tókst að afla þessara upplýsinga á þeim tíma sem gefinn var til að svara. Mismunandi uppbygging greiðslukortafyrirtækjanna tveggja gerir erfitt að afla nákvæmra upplýsinga um tekjur þeirra annars vegar og bankakerfisins hins vegar af greiðslukortastarfsemi. Útgáfa og öll viðskipti með Eurocard eru hjá Kreditkortum hf. og ganga reikningsskil þess inn í reikningsskil eigendanna, banka og sparisjóða, sem þáttur hlutdeildarfélags samkvæmt svonefndri hlutdeildaraðferð. Viðskipti með VISA, kreditkort Greiðslumiðlunar hf., skiptast hins vegar á milli banka og sparisjóða sem útgefenda kortanna og Greiðslumiðlunar hf. sem viðtakanda færslna og þjónustuaðila við útgefendur. Viðskipti með VISA koma því með tvennu móti inn í reikningsskil banka og sparisjóða; annars vegar vegna beinnar hlutdeildar þeirra í árgjöldum, vöxtum og þóknunum og hins vegar vegna hlutdeildar í rekstri Greiðslumiðlunar hf.

6. *Að hve miklu leyti má áætla að kostnaður við greiðslukortaviðskipti komi fram í hærra verði á vöru og þjónustu og telur ráðherra eðlilegt að þeir sem staðgreiða fyrir vöru og þjónustu beri kostnað af greiðslukortaviðskiptum til jafns við þá sem greiða með kreditkorti?*

Verðmyndun ræðst af ýmsum þáttum og því er erfitt að greina hvernig kostnaður við greiðslukortaviðskipti kemur fram í verði á vöru og þjónustu. Við úttekt á slíku þyrfti til samanburðar að meta þann kostnað sem hlýst af öðrum greiðsluformum, t.d. peningum. Færa má fyrir því rök að fyrirtæki hafi kostnað af viðtöku seðla, mynta og ávísana, svo dæmi séu tekin. Að öðru jöfnu má búast við að notkun kreditkorta hækki verðlag ef kostnaður söluaðila af viðtöku kreditkorta er meiri en hagræðið af rafrænum viðskiptum, tryggum greiðslum

og hugsanlega auknum ágóða þeirra af meiri viðskiptum. Þannig er ljóst að kostnaður fyrirtækja af móttöku kreditkorta er mismunandi, sem og hagræði þeirra af sömu viðskiptum. Á frjálsum markaði er það fyrirtækjanna sjálfra að meta þann kostnað sem af viðskiptunum hlýst og taka tillit til hans við verðlagningu til viðskiptavina.

7. *Hverjar má áætla viðbótartekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti sem til verður af hærra verði á vöru og þjónustu vegna greiðslukortaviðskipta?*

Ekki liggur ljóst fyrir hvort greiðslukortaviðskipti leiði til hærra verðs á vöru og þjónustu, sbr. umfjöllun hér að framan, og því er ekki unnt að svara þessari spurningu.

8. *Hver er munurinn á hæsta og lægsta gjaldflokki þjónustugjalda greiðslukortafyrirtækja og banka og telur ráðherra eðlilegt að greiðsluviðtakendum sé mismunað með þjónustugjöldum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Samkeppnisstofnun er þjónustugjald greiðsluviðtakenda hjá Greiðslumiðlun hf. 0,9–4,0% af veltu í kreditkortaviðskiptum og 0,2–0,8% af veltu í debetkortaviðskiptum. Samkvæmt gjaldskrá Kreditkorta hf. er þóknun greiðsluviðtakenda fyrir ábyrgð og þjónustu 1,0–3,0% af veltu í kreditkortaviðskiptum og 0,45–0,8% af veltu í debetkortaviðskiptum. Þá greiða greiðsluviðtakendur einnig svokallaða posaleigu, símakostnað og kostnað við pappírs- og leturborða í posana.

Gjald greiðslumóttakenda ræðst af tegund viðskipta, veltu og áhættuþáttum og er samningsatriði. Þá er gerður greinarmunur á því hvort viðskipti eru rafræn eða handvirk. Lægsta gjaldið greiða dagvöruverslanir og stórmarkaðir því að áhætta er minni í þeim rekstri, velta að jafnaði mikil og kostnaður greiðslukortafyrirtækjanna því lægri en hjá þeim fyrirtækjum sem greiða hæsta gjaldið. Sem dæmi um fyrirtæki í hæsta flokki eru söluturnar, smærri sérvöruverslanir, verkstæði, öldurhús og fleiri fyrirtæki sem eru áhættumeiri og hafa minni veltu.

Viðskiptaráðherra telur ekki óeðlilegt að í þessum viðskiptum sem öðrum fari verð eftir magni viðskipta og áhættu. Ávallt er þó spurning hve mikinn afslátt eigi að veita stærstu viðskiptavinum. Hvorki Samkeppnisstofnun né samkeppnisráð hafa tjáð sig um hvort framangreindur munur á þjónustugjöldum sé eðlilegur eða ekki.

193. Svar [118. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Stefánssonar um afkomu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

1. *Hver var afkoma atvinnutryggingardeildar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins árin 1995–97 og hver er áætluð afkoma deildarinnar árið 1998?*

Afkomu atvinnutryggingardeildar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins árin 1995–97 og áætlaða afkomu deildarinnar 1998 má sjá í eftirfarandi töflu (fjárhæðir í kr.):

	1995	1996	1997	1998 áætlun
Vaxtatekjur:				
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	2.737.285	2.031.304	25.214.927	x[1]
Vaxtatekjur af verðbréfum	610.017.183	564.759.615	446.664.057	x[1]
Vaxtatekjur af ríkisb.víx. o.fl.		6.836.645	740.554	0
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	12.096.316	11.558.159	3.413.042	0
Vaxtatekjur samtals	624.850.784	585.185.723	476.032.580	439.000.000
Vaxtagjöld:				
Vaxtagjöld vegna skuldabréfalána	458.683.178	418.684.188	359.224.879	264.000.000
Vaxtagjöld samtals	458.683.178	418.684.188	359.224.879	264.000.000
Hreinar vaxtatekjur samtals	166.167.606	166.501.535	116.807.701	175.000.000
Almennur rekstrarkostnaður:				
Þóknun til Byggðastofnunar	18.525.000	18.525.000	18.525.000	18.525.000
Þóknun til Fiskveiðasjóðs Íslands	0			
Annar rekstrarkostnaður	295.343	794.900	307.015	
Almennur rekstrarkostnaður samtals	18.820.343	19.319.900	18.832.015	18.525.000
Framlög á afskriftareikningi, tekjur	32.102.517	220.110.205	238.065.785	150.000.000
Hagnaður (tap) ársins:	13.282.174	200.790.305	219.233.770	131.475.000

[1] Áætlaðar vaxtatekjur árið 1998 eru ekki sundurliðaðar.

2. *Hver var afkoma hlutafjárdeildar sjóðsins árin 1995–97 og hver er áætluð afkoma deildarinnar árið 1998?*

Afkomu hlutafjárdeildar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins árin 1995–97 og áætlaða afkomu árið 1998 má sjá í eftirfarandi töflu (fjárhæðir í kr.):

	1995	1996	1997	1998 áætlun
Vaxtatekjur:				
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	1.733.806	459.351	13.139.023	x[1]
Vaxtatekjur af verðbréfum	3.866.452	3.918.031	6.726.599	x[1]
Vaxtatekjur af ríkisb.víx. o.fl.		4.080.080	297.762	0
Vaxtatekjur samtals	5.600.258	8.457.462	20.163.384	7.800.000

Vaxtagjöld:				
Vaxtagjöld vegna hlutdeildarskírteina	24.989.464	16.549.655	24.137.183	0
Vaxtagjöld samtals	24.989.464	16.549.655	24.137.183	0
Hreinar vaxtatekjur samtals	-19.389.206	-8.092.193	-3.973.799	7.800.000
Aðrar tekjur:				
Endurmat og söluhagnaður hlutabréfa	31.882.421	-3.920.280	6.269.741	0
Hreinar rekstrartekjur samtals	12.493.215	-12.012.473	2.295.942	7.800.000
Almennur rekstrarkostnaður:				
Þóknun til Byggðastofnunar	975.000	975.000	975.000	975.000
Þóknun til Fiskveiðasjóðs Íslands	600.000	500.000	750.000	0
Annar rekstrarkostnaður	7.387.301	2.860.490	2.491.660	1.825.000
Almennur rekstrarkostnaður samtals	8.962.301	4.335.490	4.216.660	2.800.000
Hagnaður (tap) ársins:	3.530.914	-16.347.963	-1.920.718	5.000.000

[1] Áætlaðar vaxtatekjur árið 1998 eru ekki sundurliðaðar.

194. Svar [93. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um fjölda starfsmanna sem vinna við fiskveiðistjórnunarkerfið.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir sinna störfum við stjórnkerfi fiskveiða og eftirlit með því, talið í starfsmönnum og stöðugildum?*
2. *Hvernig skiptast þeir starfsmenn og þau stöðugildi eftir stofnunum?*
3. *Hver hefur þróunin verið frá 1991?*

Hugtakið stjórnkerfi fiskveiða er hægt að túlka á mismunandi hátt. Ef það er túlkað vítt má segja að allir starfsmenn sjávarútvegsráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunarinnar sinni störfum sem beint eða óbeint tengjast stjórnkerfi fiskveiða. Ársverk unnin hjá Hafrannsóknastofnuninni eru um 160, en starfsmenn eru 135. Er hér talið með sumarafleysingafólk og fólk sem starfar við tímabundnar rannsóknir. Stöðugildi þessara 135 starfsmanna eru 127. Hjá sjávarútvegsráðuneytinu starfa 18 manns í 17,6 stöðugildum. Að auki sinnir starfsfólk Fiskistofu störfum við stjórnkerfi fiskveiða og eftirliti með því.

Í svarinu er þó kosið að túlka hugtakið stjórnkerfi fiskveiða þröngt og þeir taldir upp sem sinna gerð laga og reglna í fiskveiðikerfinu og þeir sem sjá um daglega framkvæmd þess og eftirlit með því. Miðað við þetta sjónarhorn er eftirfarandi tafla unnin:

	Stöðugildi 1. október 1998	Stöðugildi 1993
Sjávarútvegsráðuneyti	5,5	4,5
Fiskistofa		
Fiskveiðistjórnunarsvið[1]	10,0	8,0
Lögfræðisvið	3,0	1,0
Veiðieftirlitssvið[2]	26,0	18,0
Eftirlit með úthafsveiðum[3]	5,0	0,0
Tölvusvið[4]	5,5	4,5
Fjármála- og rekstrarsvið[4]	6,0	6,0
Hafrannsóknastofnun		
Lokanir svæða[5]	1,0	1,0

[1] Á þessu ári var ráðinn einn starfsmaður vegna Kvótaþings.

[2] Fyrr á þessu ári voru sex starfsmenn ráðnir til að sinna eftirliti um borð í fullvinnsluskipum.

[3] Eftirlit á Flæmingjagrunni. Starfsmenn ráðnir tímabundið.

[4] Um 50% stöðugilda á tölvusviði og 75% stöðugilda á fjármála- og rekstrarsviði eru talin störf við stjórnkerfi fiskveiða og eftirlit með því.

[5] Sjö sérfræðingar hjá Hafrannsóknastofnuninni skipta með sér sólarhringsbakvakt.

Að auki er hluti af starfi hafnarstarfsmanna um allt land vinna við fiskveiðistjórnunarkerfið þar sem þeir sjá um vigtun og skráningu á lönduðum afla.

Fiskistofa tók til starfa 1. september 1992. Við stofnun hennar fluttust 17 veiðieftirlitsmenn sem höfðu starfað hjá sjávarútvegsráðuneytinu til Fiskistofu og auk þess fjórir aðrir starfsmenn ráðuneytisins. Frá Hafrannsóknastofnuninni fluttust starfsmenn tölvudeildar, samtals 5,6 stöðugildi, og tveir starfsmenn aðrir sem sáu um aflaskýrslur.

Á árinu 1991 störfuðu 18 veiðieftirlitsmenn hjá ráðuneytinu og um tíu starfsmenn aðrir er sinntu störfum á sviði fiskveiðistjórnunar. Auk þessa sinnti tölvudeild Hafrannsóknastofnunarinnar vinnu við fiskveiðistjórnunarkerfið og starfsmenn þar sáu um aflaskýrslur. Við uppbyggingu á tölvukerfum vegna eftirlits með fiskveiðistjórnunarkerfinu var einnig notuð aðkeypt vinna sérfræðinga.

195. Svar [99. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um rannsóknir á kóröllum og svömpum.

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til umsagnar Hafrannóknastofnunar og eru svörin byggð á umsögn stofnunarinnar.

1. *Hefur útbreiðsla og fjölbreytni kóralla og stórra svampa á sjávarbotni verið könnuð á Íslandsmiðum? Ef svo er, um hvaða svæði er að ræða? Hefur þýðing kóralla og svampa fyrir vistkerfi sjávar og nytjastofna verið rannsökuð?*

Rannsóknaverkefninu Botndýr á Íslandsmiðum, sem nú er í fullum gangi, er m.a. ætlað að kanna fjölbreytni botndýra innan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands en nokkur ár munu líða þar til því verki lýkur. Í tengslum við það verkefni hafa fundist um tíu tegundir kóralla sem ekki voru áður þekktar á Íslandsmiðum. Í rannsóknunum hefur einnig verið lögð áhersla á söfnun stórra svampa og ljóst að umtalsverðar upplýsingar um báða þessa dýrahópa munu verða fyrirliggjandi á næstu árum. Engin rannsókn hefur verið gerð þar sem útbreiðsla og fjölbreytni kóralla og stórra svampa hefur verið könnuð sérstaklega. Leiðangur danska varðskipsins Ingolf fyrir um einni öld og fáeinir aðrir leiðangrar hafa veitt upplýsingar um nokkra fundarstaði þessara lífvera við Ísland.

Þegar spurt er um þýðingu kóralla og svampa fyrir vistkerfi sjávar og nytjastofna við Ísland er líklega átt við kóralla sem mynda neðansjávargarða, einkum tegundina postulínskórall (Lophelia pertusa), og stóra svampa sem sjómenn kalla „ost". Fyrirliggjandi en þó takmörkuð vitneskja bendir til þess að útbreiðsla kórallagarða sé mjög afmörkuð og aðeins óverulegur hluti af heildarflatarmáli sjávarbotns við Ísland. Takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar á þýðingu slíkra svampa- og kórallasvæða fyrir vistkerfi sjávar á norðurslóðum. Þó er vitað að slík svæði hafa fjölbreytilegt lífríki og margar smádýrategundir lifa í tengslum við kóralla og svampa.

2. *Er vitað um einhver svæði á Íslandsmiðum þar sem kóröllum eða stórum svömpum hefur fækkað verulega á undanförnum árum eða áratugum? Ef svo er, af hvaða ástæðum hefur sú fækkun orðið?*

Engin óyggjandi vísindaleg gögn eru til um ástand kóralla og svampa á Íslandsmiðum undanfarna áratugi. Af þeim sökum er ekki grundvöllur til að gefa faglegt mat um það hvort eða hvernig breytingar hafa orðið á fjölbreytni kóralla og/eða svampa undanfarna áratugi.

3. *Hafa áhrif veiðarfæra á tilvist og útbreiðslu kóralla og stórra svampa á Íslandsmiðum verið könnuð?*

Óverulegar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu sviði hér á landi.

4. *Hefur verið reynt með einhverjum hætti að vernda kóralla og lífríki sem þeim fylgir fyrir skemmdum af völdum veiðarfæra?*

Lokun veiðisvæða til verndunar kóröllum fyrir hugsanlegum skemmdum af völdum veiðarfæra hefur ekki átt sér stað. Hins vegar hefur skyndi- eða reglugerðarlokunum oft verið komið á til verndar smáfiski á svæðum þar sem vitað er um kóralla.

196. Frumvarp til laga [180. mál]

um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sigríður A. Þórðardóttir,
Arnbjörg Sveinsdóttir.

1. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa á meðan hjónaband stóð, skulu þó ekki falla utan skipta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi hjóna var lagt fram á 112., 113., 115., 116., 117., 118. og 120. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það var sama efnis og þetta frumvarp, að ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa í hjúskap, skuli teljast hjúskapareign þeirra og koma því jafnt til skipta verði slit á fjárfélagi hjónanna, en frumvarp þetta var áður flutt á 121. löggjafarþingi.

Ný hjúskaparlög tóku gildi 1. júlí 1993 og er því lagt til að mælt verði fyrir um þetta atriði þar. Samkvæmt hjúskaparlögum er eign hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars, sbr. 54. gr., og er þar m.a. átt við persónuleg réttindi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við þær sérreglur sem um þau réttindi gilda, sbr. 57. gr. laganna. Um fjárskipti þessara réttinda eru ákvæði í 102. gr. en þar eru taldar upp þær hjúskapareignir sem geta fallið utan skipta að kröfu maka. Í frumvarpi þessu er lagt til að ellilífeyrisréttindi verði ekki talin þar með, þau séu hjúskapareign sem geti ekki fallið utan skipta.

Eins og nú háttar til eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa á almennum vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér, með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi, að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á *þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.*

Eins og fram hefur komið er frumvarp um þetta efni ekki lagt fram í fyrsta sinn nú. Oft hafa umræður og umsagnir um málið þó snúist meira um aðra þætti, eins og fjölmargar aðrar greiðslur frá lífeyrissjóðum, en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem kannski vonlegt er. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem nú

tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd fyrir, svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er t.d. um að ræða svokallaða 95 ára reglu (þ.e. samanlagður aldur og starfsaldur), tengingu lífeyris við launaflokk viðkomandi, svo og niðurfellingu iðgjaldagreiðslna eftir 32 ár. Í Lífeyrissjóði sjómanna öðlast menn rétt til ellilífeyris 60 ára hafi þeir stundað sjómennsku í 25 ár. Þá veitir 20–25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyristöku frá 61 árs aldri og frá 62 ára aldri eftir 15–20 ára starf á sjó.

Hér eru nefnd fáein dæmi um það flókna kerfi sem lífeyrissjóðir hafa komið sér upp, en fjölmörg dæmi væri einnig hægt að nefna þar sem löggjafinn hefur gripið inn í eða ákvarðanir eru teknar af stjórnum sjóðanna samkvæmt reglugerð.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir fjölmargra lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frumvarpi þessu að rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. Með frumvarpinu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðað við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis milli lífeyrissjóða í dag.

Eftir að frumvarp þetta var lagt fram á 121. löggjafarþingi hefur þónokkuð miðað í þessum efnum. Þannig sendi allsherjarnefnd Alþingis, sem hafði málið til umfjöllunar, frá sér skýrslu (614. mál á 121. löggjafarþingi) þar sem fram kemur að nefndarmenn séu sammála um að nauðsynlegt sé að leysa úr því vandamáli sem upp kemur ef slit verða á fjárfélagi hjóna og aðeins annað þeirra hefur áunnið sér lífeyrisréttindi eða lífeyrisréttindi annars eru mun meiri en hins. Hins vegar taldi nefndin að kanna þyrfti ýmis atriði betur áður en lagabreyting í þessa átt væri afgreidd.

Á 122. löggjafarþingi voru afgreidd lög frá Alþingi um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Þar er nokkuð komið til móts við efni tillögu þessarar með ákvæði í 14. gr. Í lögunum kemur fram að sjóðfélagi getur á grundvelli samkomulags við maka sinn tekið ákvörðun um, í fyrsta lagi, að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Í öðru lagi að í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka. Í þriðja lagi að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Nær slíkt samkomulag eftir því sem við á til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og felur í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

Flutningsmenn frumvarpsins telja að með þessum nýmælum í lögum nr. 129/1997 sé stigið skref í rétta átt, en vilja ganga lengra og því er það lagt fram að nýju.

197. Frumvarp til laga [181. mál]

um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:

a. til raforkuframleiðslu allt að 200 kw.,
b. þeirra aðila sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir,
c. þeirra aðila sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara; tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töf nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kw., þarf leyfi ráðherra.

Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Gera skal skipulagsáætlun sem lýsi fyrirhuguðum framkvæmdum. Áður en veitt er leyfi skv. 3. gr. skal skipulagsáætlunin hafa hlotið samþykki sveitarstjórnar þar sem það á við, svo og skipulagsyfirvalda, sbr. lög nr. 73/1997, að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins. Ef um er að ræða vatnsaflsvirkjun með uppsett afl meira en 10 megavött eða vatnsmiðlun þar sem meira en 5 ferkílómetrar fara undir vatn getur skipulagsstjórn krafist þess að fram fari umhverfismat á kostnað framkvæmdaraðila áður en skipulagsáætlun er samþykkt.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m.a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kw., sbr. a-lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ í 1. mgr. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, kemur: allt að 200 kw.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á 107., 108., 116., 117., 118., 120., 121. og 122. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt.

Flutningsmaður telur að vel komi til álita að breyta viðmiðunum varðandi stærð þeirra virkjana sem heimildir þarf fyrir, sbr. 2. og 3. gr., en í frumvarpinu er miðað við gildandi ákvæði orkulaga. Mætti athuga þetta sérstaklega við endurskoðun þeirra laga.

Að mati flutningsmanns er brýnt að lögfesta ákvæði frumvarpsins út frá almennum sjónarmiðum, en einnig vegna breyttrar réttarstöðu erlendra ríkisborgara hér á landi að gerðum samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Frumvarpið var upphaflega afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var af iðnaðarráðuneytinu í apríl 1979 til að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign“. Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1. september 1978 sem studd var af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Framsóknarflokki. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í nefndinni ásamt sérfræðingum. Nefndin skilaði áliti með bréfi dagsettu 22. september 1981 og fylgir það hér á eftir sem sérstakt fylgiskjal. Þar segir m.a.:

„Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt á orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að „frumvarpi til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar“.“

Og nokkru síðar segir í sama bréfi:

„Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála áliti meiri hlutans. Hann skilar séráliti sem einnig fylgir bréfi þessu þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frumvarpstillögu.“

Nefndarálit minni hlutans, Páls Pétursson alþingismanns, og lögfræðilegt álit, er því fylgdi, er birt sem fylgiskjal með þessu frumvarpi, en álit meiri hlutans fylgir hér á eftir í heild sem greinargerð með frumvarpi þessu sem nefndin samdi, svo og athugasemdir við einstakar greinar.

Flutningsmaður tekur undir þá stefnu að sem mest af náttúruauðlindum landsins beri að lýsa sameign þjóðarinnar, þar á meðal réttinn til virkjunar fallvatna, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins. Því er mál þetta nú flutt á Alþingi til að láta reyna á hvort ekki sé vilji til að lögfesta ákvæði frumvarpsins, e.t.v. með einhverjum breytingum á einstökum ákvæðum þess í meðferð þingsins.

Hér fara á eftir athugasemdir þær sem meiri hluti nefndarinnar lét fylgja með frumvarpsdrögunum í áliti sínu:

„Með bréfi dags. 9. apríl 1979 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til þess að semja tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign. Í nefndina voru skipaðir: Jakob Björnsson orkumálastjóri, formaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Bragi Sigurjónsson alþingismaður, Guðmundur Vigfússon deildarstjóri og Páll Pétursson alþingismaður. Í skipunarbréfi er kveðið á um að Gísli Einarsson, fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu, starfi með nefndinni. Í febrúar 1981 tók Pétur Thorsteinsson, lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu, við störfum hans. Ritari nefndarinnar var Páll Hafstað, fulltrúi hjá Orkustofnun. Þegar Bragi Sigurjónsson tók sæti í ríkisstjórn haustið 1979 fól hann Sigþóri Jóhannessyni verkfræðingi að gegna störfum fyrir sig meðan hann sæti í ríkisstjórn. Í byrjun júní 1981 hætti Björn Þ. Guðmundsson formlegum störfum í nefndinni að eigin ósk.

Nefndin hélt 18 fundi og lauk hún störfum 21. september 1981. Skoðaði hún fjölda gagna er varða virkjunarréttindi fallvatna og leitaði álits hjá sérfræðingum. Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu málsins og skilaði Páll Pétursson alþingismaður séráliti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt að orku fallvatna landsins og nýtingu hennar. Er kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingar hennar. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Meginundantekningin kveður á um að réttur landeiganda haldist til virkjunar allt að 200 kw. Þeir sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni halda þeim rétti að sjálfsögðu, svo og þeir sem hafið hafa framkvæmdir við slíkt verk. Loks er þeim sem virkjunarheimildir hafa veittur 10 ára aðlögunarfrestur til þess að nýta sér þær heimildir.

Í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um að ráðherra geti veitt leyfi til þess að virkja fallvötn með þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja, m.a. um uppgræðslu lands í stað gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum. Áður en virkjunarleyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs.

Í vatnalögum, nr. 15/1923, er kveðið á um vissar nýtingarheimildir landeigenda á virkjunarréttindum, svo og annarra sem heimildir á þeim hafa tekið. Þar segir í 2. gr.: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.“ Og í 1. mgr. 49. gr. segir: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.“

Forsaga vatnalaganna er í stórum dráttum sú að í byrjun aldarinnar voru sett lög nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi og eignarnám á þeim o.fl. Árið 1917 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um skipan nefndar til að fjalla um setningu heildarlöggjafar um nýtingu vatns hér á landi. Nefndist sú nefnd fossanefnd og skip-

uðu hana Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson, Guðmundur Eggerz, Jón Þorláksson og Sveinn Ólafsson. Varð ágreiningur í nefndinni um hversu víðtækur réttur til nýtingar á vatnsréttindum ætti að fylgja landareign. Meiri hluti (Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson og Jón Þorláksson) taldi að vatnsréttindi ættu að meginstefnu til að vera í eigu ríkisins, þar með talin virkjunarréttindi að mestu leyti, en vissar hagnýtingarheimildir ættu að fylgja landareign. Minni hlutinn taldi hins vegar að réttur til hagnýtingar á vatni ætti alfarið að fylgja landareignum.

Frumvarp, sem byggði á meirihlutaáliti fossanefndar, náði ekki fram að ganga. Niðurstaðan varð sú að sjónarmið bæði meiri og minni hlutans voru sameinuð í einu frumvarpi með þeim árangri sem að ofan greinir, þ.e. að vissar nýtingarheimildir eru taldar upp í vatnalögum varðandi virkjunarréttindi. Þær voru þó háðar verulegum takmörkunum, m.a. að leyfi ráðherra þurfti til að virkja flestöll vatnsföll, þ.e. sem voru meira en 500 eðlishestöfl (368 eðliskílóvött eða 3,22 gwst. á ári af náttúrulegri orku). Þessar heimildir voru síðan verulega takmarkaðar með raforkulögum, nr. 12/1946, þar sem kveðið var á um að ríkinu einu væri heimilt að reisa og reka raforkuver sem eru stærri en 100 hestöfl (74 kw.). Ákvæði þessi voru rýmkuð með núverandi orkulögum, nr. 58/1967, þar sem einkarétti ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver var aflétt, en leyfi ráðherra þarf til slíkra framkvæmda ef virkjun er stærri en 200 kw. Samkvæmt þessu er gerður greinarmunur á stærð fallvatna annars vegar (samkvæmt vatnalögum) og stærð raforkuvers hins vegar (samkvæmt orkulögum). Þar sem 49. gr. vatnalaga hefur ekki verið numin úr gildi þarf enn leyfi ráðherra til þess að virkja öll fallvötn sem hafa meira afl en 500 eðlishestöfl.

Margþættar ástæður leiddu til þess að Alþingi samþykkti árið 1923 að virkjunarréttur skyldi fylgja landareign. Ein ástæðan var eflaust sú að Norðmenn settu sambærilega löggjöf 14. desember 1917. Síðan hafa Noregur og Ísland haft nokkra sérstöðu í heiminum hvað þetta efni varðar. Einar Arnórsson prófessor skilaði langri og ítarlegri greinargerð um vatnsréttindi á Íslandi þar sem hann rakti helstu lagaákvæði er snertu þau mál frá upphafi byggðar. Niðurstaða hans var að landareign fylgdu ekki virkjunarréttindi utan tiltekinna þröngra nýtingarheimilda. Byggði meiri hluti fossanefndar á þeirri niðurstöðu. Ýmsir aðrir töldu hins vegar tillögu meiri hlutans vega að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Varla hefur það þó haft mikil áhrif á niðurstöðu Alþingis þar sem greinargerð Einars Arnórssonar prófessors virðist taka af allan vafa um að svo var ekki. Ein mikilvægasta ástæðan fyrir niðurstöðu þingsins var e.t.v. sú að Alþingi taldi að með því að láta virkjunarréttindi fylgja landareign mundi það hvetja einstaklinga til þess að virkja fallvötn landsins þjóðinni í hag en láta ekki þá skyldu hvíla á ríkinu. Frá þessum tímum hafa orðið miklar breytingar og forsendur nú allt aðrar en þá. Þróunin hefur orðið sú að virkjun fallvatna hefur fallið í hlut opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga. Miðar frumvarp þetta að því að auðvelda opinberum aðilum að þjóna almannahag á mikilvægu sviði orkumála með því að virkja fallvötn til raforkuframleiðslu án þess að skerða réttmæt réttindi einstaklinga.

Samkvæmt framansögðu hafa nýtingarheimildir á virkjunarréttindum fallvatna fylgt landareignum, sem þau liggja á, frá árinu 1923 er vatnalögin voru sett. Með frumvarpi þessu takmarkast þó virkjunarréttindi við 200 kw. sem samsvarar þeirri orku sem nægir til heimilis- og búsþarfa. Ráðherra er heimilt að ráðstafa því sem umfram er bótalaust, þó þannig að allt annað tjón sem leiðir af virkjunarframkvæmdum verði bætt.

Sú spurning hlýtur að vakna hér hvort slík tilhögun brjóti í bága við 72. gr. (áður 67. gr.) stjórnarskrárinnar um eignarnám. Í lögum hér og í öðrum löndum með sambærilegt stjórnkerfi hefur alltaf verið talið að vissar takmarkanir á eignarréttindum einstaklinga væru heim-

ilar án þess að um eignarnám sé að ræða. Vitna má í þessu sambandi til Ólafs Lárussonar prófessors (*Eignaréttur*, bls. 34–35) sem hefur haft mikil áhrif á íslenska löggjöf: „Af því ... er ljóst, að þeim [ákvæðum 67. gr. (nú 72. gr.) stjskr.] var ætlað að veita eignarréttinum víðtæka vernd ... En hér hlýtur einnig annað sjónarmið að koma til álita, það að tryggja almannahagsmuni gegn hagsmunum einstaklinganna. Einstrengingsleg vernd einkahagsmuna getur orðið þjóðfélaginu fjötur um fót og heft eðlilega þróun þess með ýmsum hætti. Þarf þar á meðalvegi að halda, er samræmi svo sem föng eru á þessi tvö sjónarmið, tryggi rétt einstaklinganna án þess að hefta athafnafrelsi þjóðfélagsins um skör fram. Heimildin til eignarnáms er þar ekki nægileg. Bótaskyldan, er því fylgir, mundi oftlega tálma ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að talið er, að löggjafarvaldið hafi rétt til að setja almennar reglur um eignarréttindi manna, er geti haft að geyma ýmiss konar takmarkanir á þeim, framar því sem ákvæði stjskr. 72. gr. heimila, og verði eigendurnir að þola þær takmarkanir bótalaust. En mörkin milli þessara almennu takmarkana annars vegar og þeirra takmarkana, sem varða bótum, hins vegar, eru engan veginn skýr."

Þar sem skýrar reglur hafa ekki mótast um mörkin milli eignarnáms og annarra eignartakmarkana þegar ýmsum hefðbundnum skerðingum sleppir, svo sem neyðarrétti, skattlagningu, friðunarlöggjöf o.fl., hefur verið reynt að orða ýmsar leiðbeiningarreglur um þessi mörk. Um þetta segir Ólafur Lárusson (*Eignaréttur*, bls. 35): „... að takmörkunin sé almenn, taki til allra eigna af tilteknu tagi, telja flestir að ráði því, hvort hún er heimil án bóta, og jafnframt hitt, að ástæðurnar til þess að hún er gerð séu almenns eðlis".

Telja verður að sú eignartakmörkun, sem felst í frumvarpi þessu, sé almenn þar sem hún nær til allra virkjunarheimilda sömu tegundar, bæði þar sem nú er talið hagkvæmt að virkja og annars staðar, og að ástæðurnar til takmörkunarinnar séu almenns eðlis, þ.e. að auðvelda orkuöflun í almannaþágu. Hins vegar verður að hafa í huga að framangreind vísiregla ein sker ekki úr um það hvort eignartakmörkun sé heimil án bóta. Líta verður á fleiri atriði og vega þau síðan og meta í heild, t.d. verður að skoða hvort eðlileg nýting eignar er skert, hversu umfangsmikil eða þungbær skerðingin er, hvort aðilaskipti að eignarheimildum eiga sér stað o.s.frv. Almennt séð verður að styðjast við vissan jafnréttis- og réttlætismælikvarða. Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum. Mörk eignarnáms og almennra takmarkana á eignarrétti og beitingu hans eru því breytileg eftir þjóðfélagsháttum og aðstæðum, t.d. ef styrjaldarhætta eða stríðsástand er fyrir hendi. Með öll framangreind atriði í huga verður að telja að ákvæði þessa frumvarps brjóti ekki í bága við ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður segir nær frumvarpið ekki til virkjunar allt að 200 kw. Til samanburðar má geta þess að meðalbýli nota aðeins um 10 kw. eða þar undir. Einkarafstöðvar á landinu munu flestallar vera undir 100 kw. að stærð. Í flestum tilvikum er hagkvæmara að kaupa orku frá rafveitum en að notast við einkarafstöð. Almenningsrafveitur munu nú ná til yfir 95% býla á landinu og minnkar sá fjöldi stöðugt sem ekki nýtur þess að geta keypt raforku frá þeim.

Frumvarpið nær heldur ekki til virkjaðra fallvatna né til fallvatna þar sem virkjunarframkvæmdir eru hafnar. Eru þetta sambærilegar undantekningar og gerðar voru við setningu raforkulaga, nr. 12/1946, þegar kveðið var á um einkarétt ríkisins að virkjun fallvatna yfir 100 kw.

Að auki er í frumvarpinu mikilvæg undantekning frá virkjunarheimildum ríkisins, en það eru heimildir þeirra aðila sem virkja fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laganna. Þykir sanngjarnt að þeir sem hafa hug á slíkum framkvæmdum við setningu laganna

haldi þeim réttindum. Einnig þykir eðlilegt að veita öðrum þennan aðlögunarfrest til þess að nýta þessi réttindi. Er þetta í samræmi við það sjónarmið að taka mið af nýtingarmöguleikum eigna, sbr. það sem áður var nefnt í sambandi við mat á mörkum eignarnáms og almennum eignartakmörkum. Tefjist framkvæmdir er gert ráð fyrir að fresturinn lengist sem töfinni nemur.

Á undanförnum árum og áratugum hafa aðrar þjóðir leitast við að ná yfirráðum yfir náttúruauðlindum sínum. Af fjölda dæma er að taka, t.d. settu Norðmenn lög nr. 21 4. maí 1973 þar sem réttur til olíu undir norsku landsvæði og þess hluta landgrunns sem háð er einkaeignarrétti er lýstur eign ríkisins án bóta til landeigenda. Danir settu lög nr. 181 8. maí 1950 þar sem kveðið var á um að öll hráefni neðan jarðar, sem ekki höfðu verið nýtt af einkaaðilum, tilheyrðu ríkinu án bóta til landeigenda. Lög þessi hafa verið túlkuð svo að þau nái einnig til jarðhita. Nýsjálendingar settu lög árið 1953 (The Geothermal Energy Act) þar sem jarðhiti var lýstur almannaeign án bóta til landeigenda, nema þar sem hann var beinlínis nýttur af landeigendum eða ábúendum. Fleiri dæmi mætti nefna þar sem gengið er lengra en hér er gert í því að takmarka eignarráð landeigenda.

Rétt þykir að minnast hér á skoðanir sem fram hafa komið hérlendis um rétt ríkisins til þess að lýsa með löggjöf yfir eignarrétti sínum á jarðhita fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeigenda, en þar er að finna vissa hliðstæðu við virkjunarréttindi.

Í vatnalögum, nr. 15/1923, segir að landeigandi megi hagnýta sér hveri og laugar á landareign sinni með þeim takmörkunum sem lögin tilgreina. Sambærileg ákvæði voru sett í lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og síðar í orkulög, nr. 58/1967. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita þar sem kveðið var á um rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita sem liggur dýpra eða er sóttur dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar. Fylgdi því ítarleg greinargerð um eignar- og umráðarétt á jarðhita eftir Ólaf Jóhannesson, prófessor í stjórnskipunarrétti. Segir þar m.a.: „Eins og lögum er háttað nú, verður réttur landeiganda til jarðhitans ekki takmarkaður við tiltekið dýpi, t.d. ákveðna metratölu, heldur verður að meta það í hverju falli, ef á reynir, með hliðsjón af réttmætri þörf landeiganda, almannahagsmunum og vandkvæðum þeim, sem á því eru að skipta jarðhita, sem djúpt liggur, á milli fleiri eigenda. Sú aðalregla, er að framan greinir, er í samræmi við það, sem gildir um vatnsréttindi og námuréttindi að íslenzkum lögum."

Niðurstaða Ólafs er „... að eðlilegt er að draga mörk milli þess jarðhita, sem til landareignar heyrir [þ.e. til heimila og búsþarfa], og þess jarðhita, sem er eftir eðli sínu eins konar almenningseign ... Því verður ekki neitað, að það er sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls, að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar."

Telur hann að löggjöf, er kveði á um að eignar- og umráðaréttur ríkisins yfir jarðhita fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeiganda, brjóti ekki í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Þótt nýting jarðhita og fallvatna til orkuframleiðslu sé um margt ólík eru viss meginsjónarmið varðandi eignarrétt á þeim sambærileg, svo sem þau sem fram koma hér að framan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfestur verði eignarréttur ríkisins að orku fallvatna og nýtingu hennar. Þó eru vissar nýtingarheimildir annarra aðila heimilaðar, sbr. 2. gr.

Um 2. gr.

Í þessari grein koma fram vissar takmarkanir á eignarumráðum ríkisins yfir virkjunarréttindum fallvatna. Fyrst er þess að geta að þeir sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvötnum halda að sjálfsögðu þeim réttindum. Að auki eru gerðar þrjár takmarkanir á eignarráðum ríkisins:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að hér eftir sem hingað til fylgi landareignum réttur til nýtingar vatnsafls til raforkuframleiðslu vegna heimilis- og búsþarfa. Mörkin eru miðuð við 200 kw. sem samsvarar því afli sem nú má virkja leyfislaust, sbr. gildandi orkulög.

Í öðru lagi halda þeir sem hafið hafa virkjunarframkvæmdir réttindum til nýtingar þeirri orku sem þeir hafa ætlað sér að virkja.

Í þriðja lagi er umráðamönnum virkjunarréttinda veittur viss frestur, 10 ár frá gildistöku laganna, til þess að nýta þau réttindi sem þeir hafa. Gert er ráð fyrir að þessi frestur geti í sumum tilfellum lengst fram yfir 10 ár ef hægt var að ljúka virkjunarframkvæmdunum fyrir þann tíma, en þær höfðu dregist af óviðráðanlegum ástæðum. Lengist þá fresturinn sem töfinni hefur numið. Með „óviðráðanlegum ástæðum“ er hér átt við „force majeure“, þ.e. náttúruhamfarir, stríð, verkföll o.s.frv.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra veiti leyfi fyrir stærri virkjunum en 200 kw. með þeim skilyrðum sem hann telur eðlilegt að setja, sbr. 5. gr. Um veitingu slíkra leyfa gilda til uppfyllingar ákvæði vatnalaga, sbr. 8. gr. Tekið er fram að leyfi samkvæmt þessari grein geri sérstakt leyfi óþarft fyrir vatnsmiðlanir vegna virkjunar, en kveðið er á um slík leyfi í vatnalögum.

Grein þessari er ekki ætlað að breyta ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um leyfi Alþingis fyrir stærri virkjanir en 2.000 kw.

Um 4. gr.

Með þessum ákvæðum er reynt að tryggja að sem fyllstar upplýsingar liggi fyrir um umhverfis- og náttúruverndarmál við ákvörðun um leyfisveitingu til byggingar virkjunar, svo og að krefjast megi umhverfismats við tilteknar aðstæður. Þá er í greininni vísað til ákvæða skipulagslaga. Orðalagið „þar sem það á við“ er sett vegna óvissu sem ríkir um mörk sveitarfélaga á miðhálendinu og á það bæði við um mörk þeirra innbyrðis og mörk utan lögsagnar tiltekins sveitarfélags, þ.e. gagnvart afréttum og almenningum.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að leyfi skv. 3. gr. megi binda nauðsynlegum skilyrðum, m.a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta kveður á um að landeigendur og aðrir rétthafar eigi rétt á bótum vegna tjóns er þeir verða fyrir vegna virkjunarframkvæmda og aðgerða sem þeim eru samfara, t.d. jarðrasks, óþæginda o.fl. Að sjálfsögðu geta aðilar eftir atvikum samið um uppgræðslu lands vegna gróðurspjalla. Þá er kveðið á um að þeir eigi rétt á bótum fyrir virkjunarréttindi, allt að 200 kw., sbr. a-lið 2. gr. Ef eignarnám fer fram skal það fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Um 7. gr.

Hér er lögð til breyting sem nauðsynleg er á vatnalögum, nr. 15/1923, og leiðir af frumvarpi þessu. 1. mgr. 49. gr. vatnalaga hljóðar svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi."

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á vatnalögum eða orkulögum.

Um 8. gr.

Grein þessi felur í sér að ákvæði vatnalaga skulu að öðru leyti en hér er kveðið á um gilda um nýtingu orku og vatns fallvatna. Má sérstaklega benda á í þessu sambandi 49. gr., VI. kafla, XIV. kafla og 140., 143. og 144. gr. laganna.

Í 49. gr. er fjallað um rétt landeiganda til að virkja á landi sínu og annarra sem við þeim heimildum hafa tekið. Hefur þetta ákvæði þýðingu fyrir virkjanir allt að 200 kw.

Í VI. kafla vatnalaga er fjallað um vatnsmiðlanir.

Í XIV. kafla laganna eru almenn ákvæði um vatnsvirki. Þar segir m.a. í 1. lið 133. gr. að áður en byrjað er að gera mannvirki eða vinna önnur verk, sem breytingum valda á vatnsborði, straumstefnu eða straummagni o.s.frv., skuli tilkynna það ráðherra.

Í 143. og 144. gr. laganna er fjallað um meðferð vatnamála. Í c-lið 144. gr. segir m.a. að áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er kveðið er á um í 1. lið 133. gr., skuli leita álits þeirra manna er ákvörðun kann að varða o.s.frv.

Í 140. gr. vatnalaga er fjallað um mat bóta fyrir eignarnumin réttindi, en ákvæði um það efni er ekki að finna í lögum um framkvæmd eignarnáms.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Nefndarálit um virkjunarrétt fallvatna.

II. Álit minni hluta virkjunarréttindanefndar fallvatna.

Um samhljóða fylgiskjöl vísast til þskj. 61 (59. mál 108. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1985–86, bls. 593–604.

198. Tillaga til þingsályktunar [182. mál]

um að stofna lífsiðfræðiráð.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma hið fyrsta á fót lífsiðfræðiráði til að fjalla um siðfræðileg álitaefni sem tengjast erfðabreytingum á lífverum og einræktun og afla til þess nauðsynlegra heimilda á Alþingi. Ráðinu verði ætlað að fylgjast með þróun í líftækni innan lands og erlendis, veita stjórnvöldum ráðgjöf og miðla fræðslu til almennings. Um leið verði endurskoðað núverandi kerfi ráðgefandi nefnda hjá hinu opinbera á þessu sviði og stefnt að einföldun þess og samræmingu.

Einnig verði hið fyrsta komið á fót samstarfsnefnd ráðuneyta sem fari með mál er snerta líftækni og rannsóknir á því sviði, hvort sem um er að ræða menn, dýr, plöntur eða örverur. Nefndin verði m.a. tengiliður lífsiðfræðiráðs við einstök ráðuneyti.

Greinargerð.

Þróun líftækni hefur verið afar hröð og gífurlegu fjármagni á alþjóðamælikvarða er varið í rannsóknir sem henni tengjast. Rúmir þrír áratugir eru síðan tókst að ráða gátuna um uppbyggingu erfðaefnisins og fyrir 24 árum voru fluttir erfðavísar milli örvera. Nokkru síðar hófst tilraunaframleiðsla og markaðssetning á afurðum erfðabreyttra lífvera og nú keppast fjölþjóðafyrirtæki um að tryggja sér einkaleyfi á lífverum til erfðabreytinga og afurðum erfðabreyttra lífvera.

Fyrir um tveimur áratugum tókst að einrækta fyrstu lífverurnar á tilraunastofum og síðan hefur einræktun (klónun) þróast stig af stigi. Fyrsta einræktun mannlegra fósturvísa var framkvæmd við læknamiðstöð Georgs Washington háskólans í Bandaríkjunum í október 1993. Þann 23. febrúar 1997 barst sem eldur í sinu um heimsbyggðina fréttin um skosku sauðkindina Dollý, en hún varð til við einræktun hjá Roslin Institute í Edinborg. Það nýja við þennan atburð er að ekki var einræktað úr frumum fósturvísa heldur notaðar líkamsfrumur úr fullvaxta kindum til að búa til einræktaðan einstakling. Tíu dögum síðar bættist svo við fréttin um að apar hefðu verið einræktaðir úr fósturfrumum vestan hafs. Fáir draga nú í efa að innan skamms verði hægt að einrækta menn. Siðferðilegar spurningar, sem fylgt hafa tilraunum í sameindalíftækni undanfarna áratugi, hafa að vonum magnast við þessi tíðindi. Joseph Rotblat, sem vann til friðarverðlauna Nóbels 1995 fyrir baráttu Pugwash-samtaka sinna gegn kjarnavopnum, segir nú að mannkyninu stafi meiri hætta af einræktun en gereyðingarvopnum.

Fyrsta löggjöfin hérlendis um erfðabreyttar lífverur var samþykkt á Alþingi 2. apríl 1996 og heyrir hún undir umhverfisráðherra (lög nr. 18/1996). Hún tók mið af ESB-reglum en við lögin var bætt ákvæðum um siðfræðileg og samfélagsleg álitaefni. Sérstök níu manna ráðgjafarnefnd á að fylgjast með framkvæmd laganna og veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráð og beita sér jafnframt fyrir fræðslu um erfðabreytingar. Á sama þingi, 29. maí 1996, voru samþykkt lög um tæknifrjóvgun (nr. 55/1996) þar sem m.a. er fjallað um rannsóknir á fósturvísum og þær leyfðar í vissum tilvikum. Sérstök vísindasiðanefnd hefur nú verið skipuð á grundvelli laganna, sbr. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði frá 4. júlí 1997, og er hlutverk hennar að fjalla um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Lögin leggja hins vegar bann við einræktun. Sérstök þriggja manna nefnd sérfróðra aðila á að fylgjast með

framkvæmd laganna sem annars er á hendi dómsmálaráðuneytis. Þá er að geta laga um dýravernd, nr. 15/1994, sem heyra undir umhverfisráðuneytið og kveða m.a. á um tilraunir á lifandi dýrum. Sérstök þriggja manna tilraunadýranefnd fjallar um veitingu leyfa fyrir slíkum tilraunum og er einn nefndarmanna skipaður af Rannsóknastofnun í siðfræði. Þá hafa siðanefndir, er varða heilbrigði og læknisfræðilega meðhöndlun manna, starfað án lagaboðs á vegum einstakra fagfélaga eins og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og á vegum einstakra sjúkrahúsa auk siðaráðs landlæknis sem starfar á vegum landlæknisembættisins.

Í grannlöndum okkar eru starfandi sérstök lífsiðfræðiráð eða líftækninefndir sem fylgjast með þróun á þessu sviði, veita stjórnvöldum ráðgjöf og er ætlað að taka heildstætt á líftækni, þar á meðal á siðferðilegum þáttum hennar. Frakkland var fyrst ríkja í Evrópu til að setja á fót slíka siðanefnd árið 1983. Í Danmörku voru sett lög um siðaráð árið 1987 og nokkru síðar var það einnig gert í öðrum skandinavískum löndum. Danska löggjöfin um „videnskabsetisk komitésystem og behandling af biomedicinske forskningsprojekter" (komitéloven nr. 503/1992) var endurskoðuð 1992 og tillaga um breytingar á ný lögð fram 1996. Evrópuráðið hefur frá árinu 1978 látið sig varða löggjöf og reglur á sviði erfðatækni og rannsókna á fóstrum og fósturvísum. Voru samþykktir ráðsins um þetta efni gefnar út í íslenskri þýðingu á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins árið 1990. (Samþykktir ráðherranefndar og ráðgjafaþings Evrópuráðsins um lífsiðfræði. Rit 2/1990.)

Á 119. og 120. löggjafarþingi fóru fram miklar umræður um erfðabreyttar lífverur og tæknifrjóvganir af tilefni frumvarpa um samnefnd efni sem lögfest voru vorið 1996. Snar þáttur í þeirri umræðu og umfjöllun viðkomandi þingnefnda voru siðferðilegar hliðar líftækni og tæknifrjóvgunar. Þó skorti á að þessi mál væru rædd og sett í samhengi. Það nefndakerfi, sem komið var á fót samkvæmt þessum lögum, kemur ekki í staðinn fyrir siðaráð sem fjallað gæti heildstætt um álitaefni og dregið markalínur. Því er með tillögunni gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar lífsiðfræðiráð sem hafi það meginverkefni að fjalla um siðfræðileg álitaefni sem tengjast erfðabreytingum á lífverum og einræktun. Til að valda slíku verkefni og vera fært um að veita stjórnvöldum ráðgjöf og miðla fræðslu til almennings er óhjákvæmilegt að lífsiðfræðiráði sé gert kleift að fylgjast náið með þróun á líftæknisviði innan lands og erlendis. Unnt ætti að vera að einfalda um leið það nefndakerfi sem fyrir er á grundvelli laga um erfðabreyttar lífverur, tæknifrjóvgun og dýravernd. Þá hlýtur slíkt lífsiðfræðiráð að hafa hliðsjón af alþjóðasamningnum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og öðrum ákvæðum alþjóðasamþykkta sem Ísland er aðili að.

Tillagan gerir enn fremur ráð fyrir að komið verði á fót samstarfsnefnd þeirra ráðuneyta sem fara með mál er snerta líftækni og rannsóknir á því sviði, hvort sem um er að ræða menn, dýr, plöntur eða örverur. Þar getur ef grannt er skoðað verið um að ræða flest ráðuneyti innan Stjórnarráðsins, en þó mæðir líklega mest á umhverfisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og menntamálaráðuneyti í þessum efnum, því síðasttalda að því er varðar rannsóknir. Þá ber að hafa í huga að Einkaleyfastofa á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis fer lögum samkvæmt með einkaleyfi er snerta erfðabreyttar lífverur.

Hörð viðbrögð víða um lönd við fregninni um einræktuðu sauðkindina Dollý eru skýr vísbending um að margir telji að vísindamenn séu nú komnir lengra en góðu hófi gegnir með inngrip í náttúruleg lífsferli. Menn skynja þá miklu óvissu sem fram undan er ef ekki tekst að koma böndum á tæknigetu mannsins þegar í hlut á stafróf lífsins í formi erfðaefnis og náttúrulegrar tímgunar. Mikilsvert er því að samstaða takist sem víðast um skipuleg viðbrögð, bæði innan þjóðríkja og á alþjóðavettvangi, með það að markmiði að móta sameiginlegar reglur og viðmiðanir. Afar brýnt er að litið sé heildstætt á þetta stóra viðfangsefni og

siðfræðileg gildi fái aukinn sess við mat á því hvert skuli stefna. Þeirri tillögu, sem hér er flutt um stofnun lífsiðfræðiráðs, er ætlað að vera lóð á þá vogarskál.

Tillagan var áður flutt á 121. og 122. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

199. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Bætur fyrir atvinnutjón skal ákveða fyrir tímann frá því að tjón varð þangað til tjónþoli getur hafið vinnu að nýju eða þar til heilsufar hans er orðið stöðugt.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Greiða skal þjáningabætur fyrir tímabilið frá því að tjón varð þar til heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, 1.300 kr. fyrir hvern dag sem hann er rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem hann er veikur án þess að vera rúmliggjandi.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika sem það veldur í lífi tjónþola. Varanlegur miski skal metinn til stiga og skal miða við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt.

Bætur fara eftir aldri tjónþola á tjónsdegi og skulu vera þessar fyrir algeran, 100 stiga, miska:

Aldur	**Krónur**	**Aldur**	**Krónur**
49 ára og yngri	4.000.000	62 ára	3.480.000
50 ára	3.960.000	63 ára	3.440.000
51 ára	3.920.000	64 ára	3.400.000
52 ára	3.880.000	65 ára	3.360.000
53 ára	3.840.000	66 ára	3.320.000
54 ára	3.800.000	67 ára	3.280.000
55 ára	3.760.000	68 ára	3.240.000
56 ára	3.720.000	69 ára	3.200.000
57 ára	3.680.000	70 ára	3.160.000
58 ára	3.640.000	71 ára	3.120.000
59 ára	3.600.000	72 ára	3.080.000
60 ára	3.560.000	73 ára	3.040.000
61 ára	3.520.000	74 ára eða eldri	3.000.000

Við lægra miskastig lækka fjárhæðir þessar í réttu hlutfalli. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að ákveða hærri bætur, allt að 50% hærri en samkvæmt töflunni.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir 4. mgr. 5. gr.

4. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns dragast greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá sams konar slysatryggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Greiðslur frá samningseða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega dragast frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Jafnframt skal draga frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársafvöxtun. Aðrar greiðslur sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem lífeyrissjóði eða vátryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu.

5. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 42/1996, koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Bætur fyrir varanlega örorku skal meta til fjárhæðar á grundvelli örorkustigs tjónþola skv. 5. gr., árslauna hans skv. 7. gr. og eftirfarandi töflu, þannig að margfölduð séu saman örorkustig, árslaun og stuðull töflunnar í samræmi við aldur tjónþola á þeim tíma þegar honum er metin varanleg örorka:

Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull
0	10,614	25	13,085	50	4,691
1	10,901	26	12,520	51	4,684
2	11,196	27	12,074	52	4,645
3	11,498	28	11,628	53	4,623
4	11,809	29	11,294	54	4,621
5	12,128	30	10,626	55	4,591
6	12,455	31	10,344	56	4,534
7	12,792	32	10,054	57	4,449
8	13,138	33	9,758	58	4,358
9	13,493	34	9,455	59	4,259
10	13,857	35	9,144	60	4,155
11	14,232	36	8,825	61	4,096
12	14,616	37	8,499	62	4,068
13	15,011	38	8,208	63	4,073
14	15,417	39	7,906	64	4,090
15	15,833	40	7,592	65	4,119
16	16,261	41	7,265	66	4,082
17	16,701	42	6,889	67	3,731
18	17,116	43	6,538	68	3,348
19	16,535	44	6,140	69	2,950
20	15,955	45	5,731	70	2,537

21	15,376	46	5,342	71	2,101
22	14,800	47	4,953	72	1,636
23	14,226	48	4,828	73	1,136
24	13,654	49	4,744	74	0,588

Sé tjónþoli orðinn 75 ára þegar honum er metin örorka, en hafi stundað vinnu þegar tjón varð, skal ákvarða honum bætur skv. 1. mgr. og skal þá notaður margfeldisstuðullinn 0,588.

Bótafjárhæðin skal greidd í einu lagi.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Árslaun til ákvörðunar bóta skv. 6. gr. skulu teljast vera meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma er honum er metin varanleg örorka.

Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. mgr. skal ekki miða við lægri árslaun en tilgreint er í þessari töflu:

Aldur	**Kr.**
66 ára og yngri	1.200.000
67 ára	1.100.000
68 ára	1.000.000
69 ára	900.000
70 ára	800.000
71 ára	700.000
72 ára	600.000
73 ára	500.000
74 ára	400.000

Ekki skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr.

7. gr.

8. gr. laganna, sbr. lög nr. 42/1996, orðast svo:

Bætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skal ákvarða á grundvelli örorkustigs skv. 5. gr. Bætur skulu ákveðnar eftir reglum 5.–7. gr.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Í 4. og 6. gr. eru töflugildin miðuð við upphaf aldursárs. Við útreikning bóta skal reiknað með að margfeldisstuðull breytist hlutfallslega jafnt milli töflugilda.

9. gr.

10. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Mat á örorku. Örorkunefnd.

Þegar fyrir liggur sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola, eða þá læknisfræðilegu þætti skv. 2. og 3. gr. sem meta þarf til þess að uppgjör bóta samkvæmt lögum þessum geti farið fram, getur hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitið undir örorkunefnd. Heimilt er að óska álits örorkunefndar um ákvörðun örorku- og/eða miskastigs, án þess að fyrir liggi sérfræðilegt álit, ef málsaðilar standa sameiginlega að slíkri beiðni.

Í örorkunefnd eiga sæti þrír menn sem skipaðir eru af dómsmálaráðherra til sex ára í senn. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar, en einn lögfræðingur og er hann formaður nefndarinnar. Formaður skal fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara. Ráðherra skipar varamenn eftir sömu reglum og aðalmenn. Ráðherra er heimilt, að ósk nefndarinnar, að fjölga nefndarmönnum tímabundið, í því skyni að tryggja að afgreiðsla mála dragist ekki. Um hæfi nefndarmanna til þess að fara með mál skal fara eftir reglum laga um sérstakt hæfi dómara.

Örorkunefnd skal semja töflur um miskastig.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu örorkunefndar. Í reglugerðinni skal m.a. vera heimild fyrir nefndina til þess að kveðja lækna og aðra sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar og jafnframt ákveðið hvernig staðið skuli að birtingu helstu álitsgerða hennar. Í reglugerð skal og kveða á um gjald fyrir álitsgerðir nefndarinnar.

10. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, tímabundið atvinnutjón og missi framfæranda bera vexti frá því að tjón varð. Bætur fyrir varanlega örorku bera vexti frá upphafsdegi metinnar örorku skv. 5. gr. Vextirnir skulu nema 4,5% á ári.

13. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að láta þann sem:

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni eða
b. ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.

Þeim sem af ásetningi eða gáleysi veldur dauða annars manns má gera að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.

14. gr.

Á eftir 28. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:

Fjárhæðir samkvæmt lögum þessum eru miðaðar við lánskjaravísitölu eins og hún var 1. júlí 1993 (3282) og taka þær sömu breytingum og mælt er fyrir um í 15. gr., sbr. einnig lög nr. 12/1995, um vísitölu neysluverðs.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999 og eiga við um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til bótaskylds atviks eftir gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 42/1996 og nr. 149/1997, fellur brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af Guðmundi Jónssyni, fyrrverandi hæstaréttardómara, og Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni. Haustið 1996 skipaði dómsmálaráðherra þá, ásamt Sigrúnu Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanni, í nefnd skv. 3. gr. laga nr. 42/1996, til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga, nr. 50/1993. Nefndinni var ætlað að ljúka störfum í október 1997, en með lögum nr. 149/1997 var sá tími framlengdur til október 1998. Nefndin skilaði áliti í tvennu lagi. Sigrún skilaði minnihlutaáliti sem birt er sem fylgiskjal II með frumvarpinu.

Frumvarpinu fylgir greinargerð höfunda til dómsmálaráðherra (fylgiskjal I) þar sem gerð er grein fyrir starfi nefndarinnar, sett fram svör við þeim spurningum sem allsherjarnefnd Alþingis fól nefndinni að leita svara við og settur fram rökstuðningur fyrir niðurstöðum meiri hluta nefndarinnar.

Samkvæmt frumvarpinu eru helstu breytingar frá gildandi lögum þessar:

1. Við útreikning bóta fyrir varanlega örorku er notaður samfelldur margfeldisstuðull til 75 ára aldurs. Í gildandi lögum er fastur margfeldisstuðull sem lækkar frá 26 ára aldri. Ítarleg grein er gerð fyrir forsendum stuðulsins í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins.
2. Við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku er miðað við fjárhagslegt örorkumat fyrir alla slasaða, en ekki einungis þá sem nýta vinnugetu sína til þess að afla tekna. Felld er niður sérregla 8. gr.
3. Árslaun til ákvörðunar bóta miðast við meðalatvinnutekjur slasaða síðustu þrjú almanaksárin fyrir slys. Í gildandi lögum er miðað við heildarvinnutekjur slasaða síðustu 12 mánuði fyrir slys. Tekin er upp lágmarkslaunaviðmiðun við útreikning bóta fyrir varanlega örorku, en hámark viðmiðunarlauna er óbreytt.
4. Reglum um frádrátt frá skaðabótakröfu vegna varanlegrar örorku er breytt þannig að auk þeirra greiðslna sem nú dragast frá koma greiðslur frá almannatryggingum til frádráttar og hluti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði.
5. Bótaréttur 70 ára og eldri vegna varanlega örorku er rýmkaður.
6. Breytt er orðalagi í 2., 3. og 4. gr. laganna um það tímamark þegar tímabundinni örorku lýkur.
7. Heimild til þess að ákveða álag á miskabætur skv. 4. gr. laganna er rýmkuð. Fellt er niður ákvæði í 4. gr. um að bætur greiðist ekki nái miskastig ekki 5%.
8. Veruleg breyting verður á reglum um örorkunefnd í 10. gr. skaðabótalaganna. Meðal annars er lagt til að aðalreglan verði sú að málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegra álitsgerða um örorku- og/eða miskamat, en hvor aðili hafi rétt til þess að skjóta slíkum álits-

gerðum til örorkunefndar til endurmats. Örorkunefnd verði einungis matsaðili á fyrsta stigi þegar málsaðilar óska þess sameiginlega. Um þessar breytingar vísast nánar til skýringa við 9. gr. frumvarpsins.

9. Ársvextir af bótum skv. 16. gr. hækka úr 2% í 4,5%.
10. Gildissvið miskabótareglunnar í 26. gr. laganna er rýmkað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gerð er tillaga um að rétti til bóta fyrir tímabundið atvinnutjón ljúki þegar tjónþoli getur hafið vinnu að nýju eða þegar heilsufar hans er orðið stöðugt. Miða ber við það tímamark sem fyrr kemur. Í gildandi lögum eru orðin þegar „ekki er að vænta frekari bata" notuð um síðari tímaviðmiðunina. Mat á batahorfum og því hvenær heilsufarslegt ástand tjónþola telst orðið stöðugt er læknisfræðilegt. Þeir læknar sem nefndin hefur ráðfært sig við telja annmarka á því að miða við batahorfur þar sem ástand tjónþola geti talist stöðugt þótt batahorfur séu enn fyrir hendi. Eins er ekki gefið í öllum tilvikum að nokkurs bata sé von eftir slys. Í ljósi þessa er gerð tillaga um að miða lok þess tímabils sem bætt er samkvæmt reglum 2. gr. við það tímamark er tjónþoli getur hafið vinnu að nýju eða þegar heilsufar hans er orðið stöðugt. Síðara tímamarkið hefur verið nefnt stöðugleikatímapunktur (á dönsku: stationærtidspunkt).[1] Miklu getur skipt hvert þetta tímamark er því þá fellur niður réttur tjónþola til bóta fyrir tímabundið atvinnutjón og við tekur tímabil sem bætt er samkvæmt reglum um varanlega örorku og varanlegan miska. Í frumvarpinu er gerð tillaga um sams konar orðalagsbreytingu á 3., 4. og 5. gr. skaðabótalaganna, sbr. 2.–4. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Gerð er tillaga um að réttur til þjáningabóta geti verið fyrir hendi þar til heilsufar tjónþola er orðið stöðugt í stað þess að miða við batahorfur. Vísað er til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Gerð er tillaga um að varanlegur miski verði metinn miðað við heilsufar tjónþola þegar það er orðið stöðugt, sbr. athugasemdir um 1. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt gildandi lögum lækka bætur vegna varanlegs miska um 5% fyrir hvert aldursár tjónþola umfram 59 ár að sjötugu, en ekkert eftir það. Lækkun miskabóta vegna aldurs er þannig rökstudd að því eldri sem tjónþoli er því skemur þurfi hann að búa við áverkann. Miðað við þá hugsun eru rök til þess að skerða miskabætur vegna aldurs slasaða miklu fyrr en við sextugt, reyndar ætti skerðingin þá að vera samfelld alla mannsævina. Hér er lagt til að skerðing miskabóta vegna aldurs hefjist við 50 ára aldur, en skerðingin verði 1% fyrir hvert ár á aldrinum 50–74 ára og bætur fyrir 100% miska endi þar með í þremur milljónum króna.

Þá er lagt til að breytt verði framsetningu á 2. mgr. 4. gr. þannig að lækkun bóta fyrir varanlegan miska verði lýst í töflu, sem verði hluti sjálfs lagatextans. Er það í samræmi við tillögur um framsetningu á 6. gr.

Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 4. gr. gildandi laga skulu engar bætur greiddar þegar varanlegur miski er metinn minni en 5%. Þetta ákvæði hefur sætt gagnrýni sem felst í því

---

[1] Dr. Atli Þór Ólason, Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 1997, bls. 259–285.

að ekki séu rök til þess að fella niður bótarétt þess sem hlýtur varanlegan miska þótt hann mælist minni en 5%.[2] Lágmarkið leiði annaðhvort til þess að raunverulegur varanlegur miski bætist ekki eða að minni miski en 5% sé metinn upp í 5%, svo bætur falli ekki niður með öllu.

Fremur mun fátítt að læknisfræðileg örorka vegna afleiðinga slyss sé metin lægri en 5%. Slíkt gerist þó, t.d. þegar slasaði missir framan af fingri. Þótt tilvikin séu fá felur það eitt vart í sér rök til að svipta slíka tjónþola bótarétti. Miskabætur í þessum tilvikum yrðu lágar. Hagkvæmnisástæður réttlæta ekki að engar bætur séu greiddar fyrir lítinn miska né heldur að hann sé ofbættur með því að færa hann upp í 5%. Slíkt leiðir til ósamræmis.

Lagt er til að heimilt verði, við sérstakar aðstæður, að ákveða allt að 50% hærri miskabætur en í töflunni. Ekki er áskilið að varanlegur miski tjónþola nái tilteknu lágmarki til þess að heimildinni megi beita. Er þetta víðtækari heimild en í samsvarandi ákvæði dönsku skaðabótalagannna, þar sem hækkunarheimildin er bundin við að læknisfræðileg örorka slasaða sé 100%. Eru þá fyrst og fremst höfð í huga tilvik þar sem töflumat á læknisfræðilegri örorku færi yfir 100%.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum dragast bætur frá almannatryggingum og lífeyrissjóði ekki frá bótum fyrir varanlega örorku. Í greinargerð með frumvarpinu að skaðabótalögum, nr. 50/1993, kemur fram að margföldunarstuðull laganna hafi öðrum þræði verið ákveðinn með hliðsjón af því að tjónþoli héldi óskertum rétti til bóta frá þriðja manni, t.d. almannatryggingum og vátryggingum. Þessi sjónarmið eiga ekki við í þessu frumvarpi. Margföldunarstuðull 5. gr. frumvarpsins er annars eðlis en í gildandi lögum og við það miðaður að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku. Vegna þessa er lagt til að til frádráttar bótum komi greiðslur af félagslegum toga sem koma í hlut tjónþola vegna örorkunnar. Við frádráttinn þarf að huga að því að greiðslur séu sambærilegar með því að taka tillit til skattskyldu og greiðsluforms, áður en dregið er frá skattfrjálsum og afvöxtuðum bótum fyrir varanlega örorku. Ekki er lagt til að bætur skerðist vegna slysatrygginga eða annarra bótaúrræða sem tjónþoli hefur sjálfur kostað með greiðslu iðgjalds.

Breytingar á frádrætti eru tvenns konar. Annars vegar skal samkvæmt frumvarpinu draga frá greiðslur frá almannatryggingum. Hins vegar er gerð tillaga um að frá bótum dragist 40% af verðmæti örorkulífeyris. Lengi hefur verið álitamál hvernig fara beri með örorkulífeyri við uppgjör slysabóta. Rétt til örorkulífeyris öðlast menn með iðgjaldsgreiðslum til lífeyrissjóðs. Í eðli sínu er örorkulífeyrir samsettur annars vegar sem tryggingabætur sem tjónþoli hefur sjálfur greitt iðgjald af og hins vegar sem tryggingabætur þar sem vinnuveitandi greiðir iðgjaldið samkvæmt lagaskyldu. Algengast er að launþeginn greiði 4% tekna sinna í lífeyrissjóðsiðgjald en vinnuveitandinn 6% ofan á greidd laun. Iðgjaldshluti vinnuveitandans er þó stundum hærri. Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði. Vegna lagaskyldunnar má færa fyrir því rök að réttur til örorkulífeyris sé annars eðlis en bótaréttur sem fæst úr frjálsum slysatryggingum. Örorkulífeyrir sé, vegna lagaskyldunnar, nær því að vera félagslegt úrræði. Áður en skaðabótalögin tóku gildi árið 1993 höfðu

---

[2] Jón Erlingur Þorláksson, Slysabætur og íslensk skaðabótalög, bls. 42–43.

dómstólar haft verðmæti örorkulífeyris til hliðsjónar við ákvörðun bóta, án þess þó að verðmætið væri dregið frá að fullu við ákvörðunina. Tekið skal fram að almennt öðlast tjónþoli ekki rétt til örorkulífeyris frá lífeyrissjóði nema varanleg örorka hans sé a.m.k. 40%. Samkvæmt reynslutölum frá örorkunefnd eru slík mál örfá á ári hverju.

Hér er lagt til að 60% verðmætis örorkulífeyris komi til frádráttar bótum. Er það í samræmi við það hlutfall sem algengast er að vinnuveitandi greiði af iðgjaldi til lífeyrissjóðs. Örorkulífeyrir er skattskyldur eins og aðrar tekjur. Tekjur, sem stofn fyrir útreikning skaðabóta, eru skertar um þriðjung vegna skattfrelsis, sbr. umfjöllun um 5. gr. Því þarf að skerða örorkulífeyrinn, sem kemur til frádráttar, með sama hætti. Frádrátturinn verður því 40%, þ.e. ⅔ af 60%. Nauðsynlegt er við uppgjör bóta að reikna verðmæti örorkulífeyris til eingreiðslu og er eðlilegt að sú fjárhæð sé fundin með sömu afvöxtunarprósentu og notuð er til ákvörðunar á stuðlinum í 5. gr.

Um 5. gr.

Gerð er tillaga um að hverfa frá þeirri tilhögun gildandi laga að hafa einn og sama margföldunarstuðulinn, sem háður er breytingum frá 26 ára aldri samkvæmt ákvæðum 9. gr. Í staðinn komi samfelldur margfeldisstuðull fyrir alla starfsævina, sem lækkar með hækkandi aldri.[3] Þannig yrði ákvæði hliðstætt lækkunarákvæði 9. gr. fellt inn í margföldunarstuðulinn. Með þessu er stefnt að því að fram náist sanngjarnari niðurstaða um bætur fyrir fjárhagslegt tjón án þess að fórnað sé þeirri einföldun bótaákvarðana sem fólst í setningu skaðabótalaganna.

Forsendurnar við útreikning margfeldisstuðulsins eru þessar:

a. Notaðir eru tryggingafræðilegir stuðlar sem sýna hversu mikið árstekjur margfaldast ef bættar eru tapaðar vinnutekjur til 75 ára aldurs. Við útreikning stuðlanna er tekið tillit til dánar-, örorku- og starfslíkinda. Byggt er á íslenskum dánarlíkum áranna 1991–95. Örorkulíkur eru byggðar á danskri reynslu. Starfslíkindi hefur Sigurður Freyr Jónatansson cand. act. reiknað út frá tölum um atvinnuþátttöku í vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands frá því í apríl 1998.
b. Miðað er við 4,5% ársafvöxtunarforsendu frá 18 ára aldri tjónþola. Er sú forsenda í samræmi við niðurstöðuna í dómi Hæstaréttar frá 30. mars 1995 og í samræmi við þá ávöxtunarmöguleika sem telja má að séu fyrir hendi í þjóðfélaginu nú, þegar miðað er við áhættulitla ávöxtun.
c. Í stuðlinum er miðað við að bætur til barna ávaxtist um 3% á ári til 18 ára aldurs, en 4,5% eftir það. Lagt er til grundvallar að barn sem er tjónþoli byrji að hafa tekjur 18 ára og er því ekki bættur tekjumissir að því aldursmarki. Vegna þessa verður höfuðstóll bóta til barns lægri eftir því sem það er yngra, að gefnu sama örorkustigi. Er lagt á barnið sjálft, eða öllu heldur forráðamenn þess, að ávaxta bæturnar til 18 ára aldurs barnsins til þess að jafna muninn. Er lagt til að ávöxtunarkrafa fjárins á þessu tímabili sé lægri en eftir að 18 ára aldri er náð.
d. Miðað er við að skerðing vegna tekjuskattshagræðis og eingreiðslu verði 33,3%. Ljóst er að áhrif tekjuskattfrelsis eru mismunandi fyrir einstaka tjónþola, bæði vegna mismunar í tekjuviðmiðun og eins vegna mishás örorkustigs. Hlutfall tekjuskatts af háum

[3] Margfeldisstuðullinn í frumvarpinu er reiknaður út af Sigurði Frey Jónatanssyni cand. act. Forsendur útreikningsins koma nánar fram í bréfi hans til nefndarinnar á fskj. 16.

tekjum er hærra en af lágum tekjum. Þá má líta svo á að þar sem metin örorkustig miðast við samsvarandi, hlutfallslega tekjulækkun til frambúðar þá sé sá hluti teknanna sem tapast að jafnaði skattlagður hærra en sá hlutinn sem eftir stendur. Erfitt er að reikna þennan mismun skattlagningar inn í stuðulinn og því er lagt til að miða við fast hlutfall.

e. Við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku er miðað við að tjónþoli nái að ávaxta höfuðstólinn um 4,5% á ári (3% að 18 ára aldri) og vextirnir auk höfuðstólsins standi undir því að greiða bætur í samræmi við metið tjón. Sá hluti bótanna sem er í formi vaxtatekna í framtíðinni er ekki skattfrjáls eins og höfuðstóllinn. Fyrir unga tjónþola er þessi hluti bótanna mun stærri hlutfallslega en hjá eldri tjónþolum. Skattur af fjármagnstekjum er nú 10%. Inn í margföldunarstuðulinn er reiknað álag til þess að mæta áhrifum10% fjármagnstekjuskatts.

f. Við útreikning stuðulsins er litið til þeirrar staðreyndar að launatekjur manna dreifast ójafnt yfir starfsævina. Tekjur manna eru að jafnaði hæstar um miðbik starfsævinnar en lækka síðan nokkuð fram að starfslokum. Tekjur ungra manna eru sjaldnast eðlilegur grundvöllur fyrir áætlun um ævitekjur þeirra. Við útreikning framtíðartekjumissis er ekki eðlilegt að byggja á tekjureynslu liðinna ára, án þess að taka tillit til framangreindra atriða. Í stuðlinum er reiknað 30% álag á tekjur þess sem slasast 18 ára gamall eða yngri. Það álag stiglækkar fram til loka 29. aldursárs. Á sama hátt er tekið tillit til þess að líkur eru fyrir lækkandi tekjum á síðari hluta starfsævi.[4]

g. Stuðullinn gildir jafnt fyrir bæði kyn. Litið er fram hjá mismuni einstaklinga sem byggist á kynferði og reiknað út frá meðaltali fyrir bæði kyn.

Í 2. mgr. er ákvæði um bótarétt þeirra sem hafa náð 75 ára aldri þegar þeim er metin varanleg örorka. Skilyrði fyrir bótum er að viðkomandi einstaklingur hafi stundað vinnu þegar tjón varð. Notaður er sami stuðull og fyrir 74 ára mann og árslaun reiknast skv. 6. gr. frumvarpsins, nema hvað lágmarkslaunaviðmiðun greinarinnar er ekki notuð. Ákvæðið kemur í stað 2. mgr. 9. gr. gildandi laga sem lagt er til að verði felld úr gildi, sbr. athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 7. gr. gildandi laga er miðað við tekjur á „jafnlengdarári", þ.e. tekjur á síðustu 12 mánuðum fyrir þann dag er tjón varð. Þessi viðmiðun er ekki að öllu leyti heppileg. Að jafnaði liggja tekjur manna skýrast fyrir miðað við almanaksár, þ.e. í skattframtölum. Ákvörðun „jafnlengdarárstekna" krefst hins vegar sérstakrar athugunar þar sem tímasetja þarf tekjur nákvæmlega innan ársins. Slíkt er oft háð erfiðleikum og óvissu.

Hér er lagt til að snúið verði til fyrri framkvæmdar um að tekjurnar miðist við almanaksár og miðað verði við meðaltal þriggja síðustu ára fyrir slys. Tekjurnar yrðu færðar upp til verðlags þess dags sem metin varanleg örorka tjónþola miðast við. Þetta er sama tímamark og miðað er við í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Af þessu leiðir að vísitöluleiðréttingin í lokamálslið 2. mgr. 15. gr. laganna á ekki lengur við og fellur brott. Til þess að taka af tvímæli er jafnframt kveðið á um að til „heildarvinnutekna" skuli m.a. bæði telja framlag vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs.

---

[4] Um aldursleiðréttingarstuðulinn vísast til álitsgerðar Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessen frá árinu 1995, Alþingistíðindi 1995–96, A-deild, bls. 3294 o.áfr.

Viðmiðun við síðustu þrjú tekjuár er að jafnaði eðlileg þegar um er að ræða mann í launuðu starfi. Launatekjur liðinna ára eru oftast góð vísbending um launatekjur komandi ára. Þetta á þó ekki alltaf við. Hjá ungu fólki, sem er að hefja starfsferil sinn, eru líkur fyrir hækkandi launum. Hjá fullorðnu fólki, sem nálgast lok starfsævinnar, eru líkur fyrir lækkandi launum. Til þessara þátta er tekið tillit í margfeldisstuðli 6. gr. Launatekjur liðinna ára eru hins vegar ekki góður mælikvarði ef breytingar höfðu orðið á högum tjónþola skömmu áður en slys varð eða þegar fullyrða má að slíkar breytingar standi fyrir dyrum. Má nefna sem dæmi að tjónþoli hafi skipt um starf þannig að breyting hafi orðið á tekjum eða látið af starfi og hafið töku lífeyris. Í slíkum tilvikum er eðlilegra að ákveða viðmiðunarlaunin miðað við nýjar aðstæður. Á sama hátt yrði tekjuviðmiðun námsmanns, sem væri að ljúka starfsréttindanámi, eðlilegust miðað við það starf, sbr. umfjöllun um 8. gr.

Þá er gerð tillaga um að 2. mgr. 7. gr. verði rýmkuð þannig að mati verði beitt í þeim tilvikum þegar viðmiðun við síðustu þrjú tekjuár fyrir slys þykir af einhverjum ástæðum ekki réttmæt.

Lagt er til að í 3. mgr. 7. gr. laganna verði tekin upp lágmarkslaunaviðmiðun, sem miðist við 1.200.000 kr. á ári eða 100.000 kr. á mánuði allt að 67 ára aldri. Lágmarkslaunaviðmiðunin lækki um 100.000 kr. fyrir hvert aldursár umfram 66 þar til 400.000 kr. viðmiðunarlaunum er náð, en lækki ekki eftir það. Framangreindar fjárhæðir miðast við verðlag 1. júlí 1993.

Um nánari skýringar á lágmarkslaunaviðmiðuninni vísast til umfjöllunar um 8. gr. þar sem fjallað er um tölulegar forsendur og tengsl þeirrar greinar annars vegar og 6. gr. hins vegar.

Í 4. mgr. 7. gr. gildandi laga er ákvæði þess efnis að ekki skuli miðað við hærri árslaun en 4,5 millj. kr. Þeirri gagnrýni hefur verið hreyft að þetta ákvæði valdi því að fullar bætur fáist ekki í tilviki tekjuhás tjónþola. Reglan feli í sér frávik frá grundvallarreglu, sem ekki sé eðlilegt að víkja frá.

Ekki er að finna sérstaka skýringu á þessu hámarksákvæði í athugasemdum með frumvarpi til laganna. Ætla má að rökin geti falist í því að ýmsir þeir sem svo hárra tekna njóta hafi þær einungis tímabundið. Er líði á starfsævina færist tekjur manna yfirleitt nær meðallaunum. Sem dæmi hefur verið bent á sjómenn. Að þessu virtu er ekki gerð tillaga um breytingu hér á.

Um 7. gr.

Deilur hafa verið um gildandi fyrirkomulag á ákvörðun bóta til barna og tjónþola sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa litlar vinnutekjur. Bent hefur verið á mikla mismunun milli tjónþola eftir því hvort um bótaákvörðun fer samkvæmt reglum 5.–7. gr. eða ákvæði 8. gr. Oft er vafasamt í hvorn dilkinn skuli draga einstaka tjónþola.

Undir 8. gr. laganna falla að meginstefnu til þeir sem engar eða óverulegar vinnutekjur hafa. Í greininni er sérstaklega getið um börn, án þess að nánar sé tilgreint til hvaða aldurs það nái. Auk barna munu stærstu hóparnir sem greinin tekur til vera heimavinnandi húsmæður og námsmenn.

Bætur til þeirra sem falla undir greinina eru ekki byggðar á mati á fjárhagslegri örorku heldur eru bótaupphæðir leiddar af mati á læknisfræðilegri örorku. Þannig er ætlað fjártjón vegna varanlegrar örorku bætt á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. Er því grundvallarmunur á þeim aðferðum sem notaðar eru til þess að meta fjártjón þeirra sem falla undir 8. gr. laganna og annarra tjónþola.

Samkvæmt skaðabótalögunum frá 1993 greiddust engar fjártjónsbætur til þeirra sem féllu undir 8. gr. væri metinn miski lægri en 15%. Eftir lagabreytingu á miðju ári 1996 (lög nr. 42/1996) var lágmarkið fært í 10%. Í máli sem dæmt var í Hæstarétti 4. júní 1998 (mál nr. 317/1997) reyndi á hvort aðgreining tjónþola í lögunum í tvo hópa eftir tekjureynslu væri reist á málefnalegum grundvelli. Jafnframt hvort það stæðist jafnræðisreglu 65. gr. og eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar að þeir sem fái metið miskastig undir tilteknu lágmarki eigi ekki rétt til bóta fyrir líklegt fjártjón eins og nú er skv. 8. gr. skaðabótalaganna. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að aðgreining tjónþolanna í tvo hópa væri byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Hins vegar væri það andstætt tilgreindum greinum stjórnarskrár að þeir sem fái metinn miska undir tilteknu lágmarki fái ekki fjártjónsbætur í samræmi við líklegt tjón.

Skipting tjónþola í tvær fylkingar, eins og gert er í 6. og 8. gr. skaðabótalaganna, veldur óhjákvæmilega misræmi og afmörkunarvanda. Notkun læknisfræðilegs örorkumats í 8. gr. en fjárhagslegs örorkumats í 6. gr. getur leitt til óeðlilegrar niðurstöðu. Niðurfelling bótaréttar við lægra miskastig en 15 eða 10% stenst ekki samkvæmt tilvitnuðum dómi Hæstaréttar. Þá hefur verið bent á að bætur skv. 8. gr. geti verið svo háar að launafólki sem fái bætur skv. 6. gr. beri mun lægri bætur heldur en hinum sem ekki vinna fyrir tekjum og falla því undir 8. gr. Þannig kunni húsmóðir með hátt miskastig sem einungis vinnur á heimili að fá hærri bætur en húsmóðir sem auk heimilisstarfa sinna hefur stundað launað starf utan heimilis.

Eitt helsta markmið með setningu skaðabótalaganna var að taka upp fjárhagslegt örorkumat í stað læknisfræðilegs til þess að bætur yrðu ákveðnar í meira samræmi við raunverulegt einstaklingsbundið fjártjón en hið læknisfræðilega örorkumat gefur kost á. Þessu markmiði hefur einungis verið náð gagnvart þeim tjónþolum sem falla undir 6. gr., því enn er miðað við læknisfræðilegt örorkumat gagnvart hinum tekjulausu.

Það er óeðlileg niðurstaða að vinnutekjur sem maður aflar geti orðið til þess að lækka bætur sem honum hefðu ella borið. Í ljósi þess er lagt til að samræma og fella saman, að því marki sem kostur er, reglur lagagreinanna tveggja með það fyrir augum að draga úr misræmi bóta.

Gerð er tillaga um að í fyrsta lagi verði í 7. gr. tekin inn lágmarksárslaun sem viðmiðun við ákvörðun bóta og verði þau 1.200.000 kr. miðað við grunnvísitölu skaðabótalaganna. Í tillögum Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessen á árinu 1995 var miðað við 1.400.000 kr. lágmarkslaun, en sú fjárhæð svarar nánast til meðallauna landverkafólks innan ASÍ á árinu 1994 eins og sést af eftirfarandi töflu:

Árslaun landverkafólks ASÍ 1994 í krónum.[5]

Verkakarlar	1.399.000	Afgreiðslukonur	1.075.000
Verkakonur	1.104.000	Skrifstofukarlar	1.694.000
Iðnaðarmenn	1.802.000	Skrifstofukonur	1.331.000
Afgreiðslukarlar	1.546.000	ASÍ, landverkafólk	1.414.000

Í umfjöllun um breytingartillöguna á árinu 1995 kom fram sú gagnrýni að lágmarksárslaunaviðmiðunin væri of há. Breytingin í þessu frumvarpi er gerð með hliðsjón af því.

---

[5] Alþingistíðindi 1995–96, A-deild, bls. 3341.

Í annan stað er lagt til að tekið verði upp fjárhagslegt örorkumat gagnvart þeim sem ekki hafa vinnutekjur í stað hins læknisfræðilega örorkumats. Með því móti fellur sjálfkrafa niður 10% stýfingin í 8. gr. sem Hæstiréttur hefur dæmt andstæða stjórnarskránni. Með þessu móti verður fjártjón tjónþola í öllum tilvikum reiknað út frá sams konar örorkumati. Ljóst er að fjárhagslegt örorkumat hlýtur eðli máls samkvæmt að byggjast á nokkuð öðrum og veikari forsendum hjá hinum tekjulausu en þeim sem 6. gr. tekur til.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til skaðabótalaga, nr. 50/1993, má sjá skilgreiningu á þeim atriðum sem ráða skulu við ákvörðun hins fjárhagslega örorkumats. Vísast einkum til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins. Þar segir m.a.:

„Það sem ræður úrslitum við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku samkvæmt þessari grein er hvort tjónþoli tapar tekjum til frambúðar.

Í 2. mgr. segir í almennum orðum við hvað eigi að miða þegar tjón vegna varanlegrar örorku er metið. *Annars vegar verður að meta hvaða atvinnutækifæri tjónþoli hefði átt ef hann hefði ekki orðið fyrir tjóni og hins vegar atvinnutækifæri eftir líkamstjón.* Í því skyni verður hverju sinni að afla upplýsinga um atvinnu hans og tekjur fyrir og eftir tjónsatvik. Að því er varðar atvinnutækifæri eftir það skal vakin athygli á því að í 2. mgr. er berum orðum vikið að því að líta skuli til þess hvort ætla megi að tjónþoli eigi kost á vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við. Við slíkt sanngirnismat koma einkum til álita andlegir og líkamlegir hæfileikar tjónþola, verkkunnátta hans, menntun og aldur“ (leturbreyting frumvarpshöfunda).

Við fjárhagslegt örorkumat fer fram samanburður á tveimur hugsuðum atburðarásum, sem báðar byggjast að mestu leyti á spá um framtíðina.[6] Annars vegar er litið til þess hver hefði orðið framvindan í lífi tjónþola í atvinnu- og tekjulegu tilliti hefði tjónsatvikið ekki orðið, en hins vegar er lagt mat á líklega framvindu í ljósi þess líkamstjóns sem orðið er. Af framangreindri tilvitnun í athugasemdir með frumvarpinu til skaðabótalaga má ráða að áherslan hvíli á mati á atvinnutækifærum fyrir slys annars vegar og eftir slys hins vegar. Í því skyni skuli líta til þeirra þátta sem í framhaldinu greinir. Ljóst er að sum þeirra hliðsjónaratriða, sem nefnd eru, svo sem tekjur fyrir og eftir slys, geta ekki átt við um flesta þá sem 8. gr. tekur til. Þrátt fyrir það er lagt til að fram fari fjárhagslegt örorkumat gagnvart þeim einstaklingum, með mismun á atvinnutækifærum fyrir og eftir slys sem mælikvarða og líklegum áhrifum á atvinnutekjur. Við mat á atvinnutækifærum fyrir og eftir slys yrði m.a. að líta til starfshæfni og starfa viðkomandi tjónþola fyrr á ævinni, menntunar hans og starfsréttinda með það fyrir augum að ákvarða að hvaða marki þessir möguleikar hafi raskast. Við matið yrði gengið út frá andlegu og líkamlegu heilsufari viðkomandi tjónþola, eins og það var fyrir slys, svo og aldri hans.

Ýmist má ætla að tjón geti valdið vanhæfni til þess að gegna ákveðnum störfum eða almennt minnkaðri getu til þess að sinna að fullu starfi sem viðkomandi þó ræður við. Taka má sem dæmi skurðlækni. Líkamlegur áverki getur valdið því að hann verði að hætta skurðlækningum og verði þá að snúa sér að öðru starfi. Annar áverki getur valdið því að skurðlæknirinn þurfi að stytta vinnudag sinn þótt hann geti áfram sinnt starfinu. Í báðum tilvikum þarf að meta fjárhagslega örorku hins slasaða til örorkustiga skv. 3. mgr. 5. gr. laganna.

Í tilviki heimavinnandi einstaklings yrði almennt að meta skert hæfi til tekjuöflunar utan heimilis samkvæmt þeim viðmiðunum sem að framan greinir. Hugsanlegt er að örorka til

---

[6] Viðar Már Matthíasson prófessor, Úlfljótur 2. tbl. 1998, bls.192.

heimilisstarfa geti orðið afleiðing slyss, þótt hún yrði ekki talin þess eðlis að af henni leiði skerta eða jafnskerta möguleika til tekjuöflunar utan heimilis. Sem dæmi má nefna hreyfihömlun af tilteknu tagi. Við þær aðstæður yrði að meta viðkomandi einstaklingi fjárhagslega örorku vegna minnkaðrar getu til heimilisstarfa. Hún yrði þá bætt á grundvelli lágmarkstekjuviðmiðunar 7. gr. laganna, sbr. og 3. mgr. 1. gr. laganna.

Í tilviki námsmanns yrði almennt að líta til mismunar á atvinnutækifærum fyrir og eftir slys. Við þær aðstæður að námslok tengd starfsferli eða starfsréttindum megi teljast fyrirsjáanleg yrðu þó metnir möguleikar námsmannsins til þess að gegna því starfi sem hann stefndi að með menntun sinni. Þetta á við hvort heldur slys valdi því að hann verði að hætta námi eða það dragi úr starfsgetu í fyrirhuguðu starfi. Tekjuviðmiðun í slíku tilviki færi eftir sérreglunni í 2. mgr. 7. gr., svo sem lagt er til að henni verið breytt.

Varðandi atvinnulausan mann er þess sérstaklega að geta að þótt hann falli undir 8. gr. getur tekjuviðmiðun fyrir slys átt við um hann, a.m.k. að einhverju leyti. Sérstaklega getur það átt við í ljósi tillögunnar um breytingu á 7. gr. um þriggja ára tekjuviðmiðun fyrir slys, í stað eins árs í gildandi lögum.

Sérstaklega ber að geta þess að börn falla undir 8. gr. Mat á fjárhagslegri örorku barns verður að fara eftir stöðluðum reglum, þar eð vart eru tiltækar efnislegar viðmiðanir í hinum einstöku tilvikum. Lagt er til grundvallar að börnum verði bættur missir atvinnutekna frá 18 ára aldri en þau verði ekki fyrir tekjumissi til þess tíma. Með því að tekjutap bætist aðeins frá þessu aldursmarki er gert ráð fyrir að úrskurðaðar bætur til barna ávaxtist óskertar með 3% ársvöxtum frá útborgunardegi til 18 ára aldurs. Barnið fær bætur þannig ákvarðaðar og þar með er lagt á það sjálft, eða öllu heldur forráðamenn þess, að ávaxta bæturnar á umræddu æviskeiði. Launaviðmiðun barna yngri en 18 ára yrðu lágmarkslaun skv. 3. mgr. 7. gr. að viðbættum 30%, þ.e. 1.560.000 kr. á ári. Er þetta innifalið í töflu 6. gr. frumvarpsins.

Með þeim efnisreglum, sem hér eru lagðar til, ætti ekki að skipta máli varðandi fjárhæð bóta hvort tjónþoli félli undir reglu 7. eða 8. gr. Af þeirri ástæðu er ekki ástæða til ítarlegri reglna til afmörkunar á því undir hvora regluna einstakir tjónþolar falla.

Um 8. gr.

Efni 9. gr. laganna um lækkun örorkubótafjárhæðar við hærri aldur var dregið inn í töflu 6. gr. samkvæmt frumvarpinu. Í stað 2. mgr. kemur 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við það er gerð tillaga um að núverandi 9. gr. laganna falli brott, en í staðinn komi regla um að margfeldisstuðlar 4. og 6. gr. laganna breytist innan ársins, til þess að girða fyrir þrep í bótafjárhæðum á afmælisdögum tjónþola. Til skýringar á reglunni má nefna dæmi af manni sem er 30 ára og 50 daga á þeim degi sem varanleg örorka hans miðast við. Margföldunarstuðull hans skv. 6. gr. lækkar um 50/365 af mismuninum á margföldunarstuðli 30 ára manns og 31 árs manns. Tekið skal fram að margföldunarstuðullinn lækkar ekki eftir að 74 ára aldri er náð.

Um 9. gr.

Örorkunefnd tók til starfa eftir gildistöku skaðabótalaganna árið 1993. Málum sem skotið er til nefndarinnar hefur stöðugt fjölgað. Vegna málafjöldans hefur álag á nefndina verið mjög mikið og afgreiðslutími mála lengst. Miklu skiptir fyrir málsaðila að enginn ónauðsynlegur dráttur verði á því að mat á afleiðingum líkamstjóns geti legið fyrir.

Í því skyni að létta álagi af örorkunefnd er lagt til að 1. mgr. 10. gr. laganna verði breytt þannig að horfið verði frá þeirri meginreglu að örorkunefnd sé matsaðili á fyrsta stigi. Aðal-

reglan verði sú að málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegs álits um örorku- og/eða miskastig og þá læknisfræðilegu þætti sem meta þarf skv. 2. og 3. gr. laganna til þess að ljúka megi bótauppgjöri. Sérfræðilegt mat, sem annar málsaðila aflar, geti tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta borið undir örorkunefnd. Með þessu breytist hlutverk örorkunefndar og hún verður fyrst og fremst matsaðili á síðara stigi. Áfram verður það meginhlutverk nefndarinnar að stuðla að því að viðunandi samræmi geti fengist um matsniðurstöður. Ætla má að til hennar verði einkum skotið þeim málum sem eru á einhvern hátt sérstök eða fordæmisskapandi. Sætti annar málsaðila sig ekki við niðurstöðu örorkunefndar getur hann freistað þess að fá henni breytt eða hrundið með því að leita til dómstóla.

Þá er í frumvarpsgreininni jafnframt heimilað að skjóta til örorkunefndar sérfræðilegu áliti um þá læknisfræðilegu þætti sem um er getið í 2. og 3. gr. laganna. Slík heimild hefur ekki verið fyrir hendi til þessa.

Frá aðalreglunni um að örorkunefnd fjalli ekki um mál á fyrsta stigi er gerð sú undantekning að málsaðilar geta sameiginlega óskað álits örorkunefndar um ákvörðun örorku- og/eða miskastigs án þess að áður liggi fyrir sérfræðilegt álit.

Lagt er til að við 2. mgr. 10. gr. verði bætt heimild til ráðherra, að fenginni ósk örorkunefndar, að fjölga tímabundið í nefndinni, í því skyni að tryggja að afgreiðsla mála dragist ekki. Málsgreinin er að öðru leyti óbreytt.

Til þess að tryggja að örorkunefnd geti sem best sinnt samræmingarhlutverki sínu er nauðsynlegt að helstu niðurstöður hennar verði gerðar aðgengilegar með birtingu. Gerð er tillaga um viðbót við 4. mgr. 10. gr. þess efnis að ráðherra skuli ákveða í reglugerð hvernig staðið skuli að birtingu helstu álitsgerða nefndarinnar.

Um 10. gr.

Ákvæðið á ekki lengur við þar sem aldursleiðrétting bóta samkvæmt frumvarpinu verður gerð með öðrum hætti.

Um 11. gr.

Samkvæmt frumvarpinu skal reikna bætur fyrir varanlega örorku miðað við verðlag á þeim tíma þegar heilsufarslegt ástand tjónþola er orðið stöðugt. Leiðrétting launaviðmiðunar skv. 1. mgr. 7. gr. miðast við þann dag. Lokamálsliður 2. mgr. 15. gr. á því ekki lengur við.

Um 12. gr.

Lagt er til að vextir verði þeir sömu og miðað er við í afvöxtunarforsendu margfeldisstuðulsins skv. 6. gr., þ.e. 4,5% á ári. Vakin skal athygli á því að vextir reiknast ekki af bótum fyrir varanlega örorku fyrr en frá upphafsdegi metinnar örorku, þ.e. því tímamarki þegar tímabundnu ástandi lýkur og við tekur mat á varanlegri örorku. Réttur til dráttarvaxta verður áfram samkvæmt vaxtalögum, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna.

Um 13. gr.

Lagt er til að heimild til ákvörðunar miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaganna verði rýmkuð.

Í fyrri málsgreininni er fjallað um rétt þess sem misgert var við til miskabóta. Skv. a-lið er heimilt að láta þann sem veldur öðrum líkamstjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Heimildin í 26. gr. er sjálfstæð, en bætur samkvæmt henni gætu jafnframt komið til viðbótar bótum fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón skv. 3. gr. laganna (þjáningabótum) og/eða bótum fyrir varanlegan miska skv. 4. gr.

Skilyrði þjáningabóta skv. 3. gr. eru almennt tengd rúmlegu eða veikindum og skilyrði miskabóta skv. 4. gr. er að líkamstjón leiði til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Bótafjárhæðir eru bundnar í greinunum. Samkvæmt frumvarpinu eru huglægu bótaskilyrðin skv. a-lið ströng, en séu þau uppfyllt þykir rétt að rýmka rétt til þess að ákveða þeim sem verður fyrir líkamstjóni bætur frá því sem er samkvæmt gildandi lögum, jafnvel þótt ekki teljist uppfyllt þau skilyrði um afleiðingar líkamstjóns sem áskilin eru skv. 3. og 4. gr. Bótafjárhæðir eru ekki bundnar enda verið að mæla fyrir um reglu þar sem ákvarða ber bætur eftir því sem sanngjarnt þykir.

Í b-lið í 1. mgr. eru bótaskilyrði óbreytt frá því sem nú er í 26. gr. Samkvæmt frumvarpinu er þó um heimild en ekki skyldu til greiðslu miskabóta að ræða.

Í 2. mgr. frumvarpsins er nýmæli sem opnar rétt eftirlifenda til miskabóta í vissum tilvikum. Heimilt er að gera þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur. Orðið maki nær hér einnig til sambúðarmaka og barn til fósturbarns. Heimild af þessu tagi hefur ekki verið fyrir hendi í íslenskum lögum. Samsvarandi regla er í norsku skaðabótalögunum. Reglan er matskennd og er sett í því skyni að dómstólar hafi heimild til þess að ákvarða miskabætur til þeirra sem nánastir eru hinum látna, þegar dauða ber að með þeim hætti sem lýst er í ákvæðinu. Lagt er í hendur dómstóla að ákveða hæfilegar bætur og jafnframt að ákveða hverju sinni hverjir úr hópi hinna tilgreindu eigi rétt til bótanna. Færi slíkt eftir aðstæðum hverju sinni.

Lögð er áhersla á að fjárhæðir bóta samkvæmt greininni eiga að ákvarðast samkvæmt því sem sanngjarnt þykir hverju sinni. Hafa skal m.a. í huga umfang tjóns, sök tjónvalds og fjárhagsstöðu hans. Séu börn fórnarlömb kynferðisbrota ber að líta til þess hversu alvarlegar afleiðingar brots eru fyrir þau, svo og til eðlis verknaðarins, hve lengi misnotkun hefur staðið og hvort um misnotkun fjölskyldu- eða trúnaðartengsla er að ræða. Slík tengsl eiga ekki að leiða til lækkunar bóta.

Um 14.–15. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

GREINARGERÐ

til dómsmálaráðherra með tillögum Gests Jónssonar hrl. og Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara, sem ásamt Sigrúnu Guðmundsdóttur hrl. voru skipaðir í nefnd skv. 3. gr. laga nr. 42/1996, til að vinna að endurskoðun skaðabótalaga, nr. 50/1993.

I.

Frumvarp til skaðabótalaga var samþykkt sem lög á Alþingi, staðfest af forseta Íslands 19. maí 1993 og birt sem lög nr. 50/1993. Samkvæmt ákvæði 28. gr. laganna öðluðust þau gildi 1. júlí 1993 og eiga við um skaðabótaábyrgð á tjónum sem orðið hafa eftir gildistöku þeirra.

Í athugasemdum með frumvarpi sem lagt var fyrir á Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992 er rakinn aðdragandinn að samningu þess, gerð grein fyrir meginmarkmiðum með setningu

skaðabótalaga og þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á frumvarpinu frá upphaflegri gerð þess er það var fyrst lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi, en frumvarpið varð þá ekki útrætt.

Um meginmarkmið frumvarpsins segir svo í athugasemdunum:

1. Að endurbæta reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón á mönnum, þar á meðal tjón vegna missis framfæranda.
2. Að færa til nútímahorfs reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða.
3. Að setja lagaákvæði sem gera dómstólum kleift að taka eðlilegt tillit til hagsmuna þeirra sem valda tjóni eða bera af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð.

Auk þess eru í frumvarpinu ákvæði um nokkur önnur atriði sem tengjast greindum breytingum, t.d. reglur um skiptingu bótaábyrgðar milli aðila sem bera ábyrgð vegna sama tjóns, aðilaskipti að bótakröfu og bætur fyrir óhjákvæmilegt tjón sem verður rakið til líkamstjóns.[7]

Með bréfi dags. 18. febrúar 1994 fól dómsmálaráðherra Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni, Guðmundi Skaftasyni, fyrrverandi hæstaréttardómara, og Gunnlaugi Claessen hæstaréttarlögmanni að láta í té rökstutt mat á því hvort margföldunarstuðull 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaganna leiddi til þess að fullar bætur fengjust fyrir fjárhagslegt tjón og gefa álit sitt á áhrifum breytinga á stuðlinum á heildarfjárhæð skaðabóta í samanburði við eldri rétt. Var nefndin skipuð í framhaldi rökstuddrar gagnrýni nokkurra lögmanna sem töldu að með reiknireglu laganna hefði bótaréttur tjónþola vegna varanlegrar örorku skerst frá því sem áður gilti. Meiri hluti nefndarmanna lagði til í álitsgerð sinni 23. júní 1994 að stuðull í 1. mgr. 6. gr. yrði hækkaður úr 7,5 í 10. Einnig lagði meiri hlutinn til að ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. yrði breytt þannig að í stað lágmarksins 15% kæmi 10% og 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. breyttist með hliðsjón af því. Tillögurnar leiddu ekki til breytinga á skaðabótalögunum.

Í tilefni af dómi Hæstaréttar 30. mars 1995 fól allsherjarnefnd Alþingis 7. júní 1995 Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Gunnlaugi Claessen hæstaréttardómara að taka á ný upp athugunina frá árinu 1994. Skyldu þeir taka til athugunar margföldunarstuðul 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaga í ljósi dóms Hæstaréttar, yfirfara önnur ákvæði laganna og semja frumvarp til laga um breytingar á lögunum, ef niðurstöðurnar gæfu tilefni til þess.

Álitsgerð Gests og Gunnlaugs frá 10. nóvember 1995 fylgdi fullbúið frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögunum.[8] Frumvarpið varð ekki að lögum, en með lögum nr. 42 13. maí 1996, um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, var stuðullinn í 1. mgr. 6. gr. laganna hækkaður í 10, auk þess sem gerð var breyting á 8. gr. laganna. Samkvæmt ákvæði 3. gr. laganna var dómsmálaráðherra falið að skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga, nr. 50/1993.

Hinn 17. júlí 1996 skipaði dómsmálaráðherra Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra, Guðmund Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómara, og Þorgeir Örlygsson prófessor í nefnd til að vinna að endurskoðun laganna. Árni og Þorgeir viku úr nefndinni að eigin ósk og skipaði dómsmálaráðherra í þeirra stað Gest Jónsson og Sigrúnu Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmenn. Var nefndin þannig fullskipuð 21. nóvember 1996. Fyrsti formlegi fundur nefndarinnar var haldinn 27. nóvember 1996. Nefndin hefur haldið yfir 50 fundi.

---

[7] Alþingistíðindi 1992–93, A-deild, bls. 3622.

[8] Álitsgerðin er birt í heild sinni ásamt lagafrumvarpinu sem fylgiskjal með frumvarpi til laga nr. 42/1996, um breytingu á skaðabótalögum. Alþingistíðindi 1995–96, A-deild, bls. 3294 o.áfr.

Með bréfi dags. 15. september 1997 fór nefndin þess á leit við dómsmálaráðherra að frestur til þess að ljúka verkefninu yrði framlengdur. Við því var orðið og var nefndinni veittur frestur til haustsins 1998 til þess að ljúka verkefni sínu.

II.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 42/1996 er gerð grein fyrir gagnrýni sem fram kom á tillögur Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessen. Sérstaklega hafi þrjú atriði verið gagnrýnd:

1. Gagnrýni á ákvörðun lágmarkslauna til viðmiðunar við bótaútreikning og um afmörkun bótaréttar fyrir varanlega örorku við aldur.
2. Að tillögurnar leiði til ofbóta, þ.e. heildarbætur til hins slasaða verði hærri en nemur tekjutjóni hans, þar sem áfram verði í gildi reglur laganna um að bætur frá þriðja aðila dragist ekki frá bótakröfu.
3. Að aukinn bótaréttur geti leitt til umtalsverðrar hækkunar iðgjalda.

Í athugasemdunum kemur fram að allsherjarnefnd hafi farið mjög ítarlega yfir skaðabótalögin út frá tillögunum. Ýmsar spurningar hafi vaknað hjá nefndinni við þá athugun, svo sem hvort rétt sé að víkja frá þeirri stöðlun bótareglna sem lögfest var 1993 með því að láta bætur frá öðrum en hinum bótaskylda hafa áhrif á skaðabótakröfu; hvort unnt sé að láta sömu meginreglur gilda við ákvörðun skaðabóta til tjónþola hvort sem þeir hafa aflað sér atvinnutekna fyrir slysið eða ekki og hvort rétt sé að lögfesta lágmarksviðmiðun í því sambandi; hvort réttara sé að greiða örorkulífeyri út mánaðarlega í stað eingreiðslu skaðabóta þegar örorkustig er hátt og hinn bótaskyldi er fær um að taka á sig slíka skuldbindingu; hvort eðlilegra sé að reikna framtíðartjón út frá nettóárslaunum fremur en heildarárslaunum; hvort möguleikar frambúðarávöxtunar séu aðrir en Hæstiréttur gengur út frá í dómi sínum 30. mars 1995. Fram kemur að fleiri spurningar hafi vaknað við meðferð málsins fyrir allsherjarnefnd sem ekki eru raktar í greinargerðinni. Taldi nefndin of mörgum spurningum ósvarað til þess að hægt væri að gera að sinni allar þær breytingar á lögunum sem fram komu í tillögum Gests og Gunnlaugs.

Með skaðabótalögunum varð grundvallarbreyting á ákvörðun skaðabóta fyrir líkamstjón. Sjónarmið sem beitt var við ákvörðun skaðabóta höfðu fram til þess mótast af dómvenju þar sem ríkt tillit var tekið til einstaklingsbundinna þátta. Með lögunum var í auknum mæli byggt á stöðlun skaðabóta. Frumvarpshöfundar telja rétt að viðhalda stöðlun bótaréttar í ríkum mæli en gera þó tillögur um aukið tillit til einstaklingsbundinna þátta. Tillögurnar eru byggðar á þeim grundvelli sem lagður var með setningu skaðabótalaganna en tekið er tillit til ábendinga og gagnrýni sem fram hefur komið.

III.

Við starf sitt hefur nefndin yfirfarið þau gögn sem lágu fyrir allsherjarnefnd Alþingis þegar fjallað var um frumvarp Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessen haustið 1995.

Nefndinni hafa borist ýmis erindi og ábendingar, svo sem bréf dómsmálaráðuneytisins varðandi störf örorkunefndar, bréf frá hópi lögmanna með ábendingum um breytingar á skaðabótalögunum, bréf frá Gylfa Tholacius hrl., álitsgerð umboðsmanns barna, minnisblað Kristjáns Guðjónssonar, deildarstjóra slysatryggingadeildar Tryggingstofnunar, minnisblað Unu Bjarkar Ómarsdóttur um tilkynnt bifreiðaslys, bréf dr. Atla Þórs Ólasonar læknis ásamt athugasemdum hans við skaðaðbótalögin, bréf Sambands íslenskra tryggingafélaga ásamt

greinargerð Guðnýjar Björnsdóttur hrl. Öll framangreind erindi fylgja greinargerð þessari til ráðherra.

Á fund nefndarinnar hafa komið Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, læknarnir Jónas Hallgrímsson og Guðmundur Björnsson, hæstaréttarlögmennirnir Jón Steinar Gunnlaugsson og Karl Axelsson, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga, Ragnar Þ. Ragnarsson tryggingastærðfræðingur, Ragnar Halldór Hall hæstaréttarlögmaður, formaður Örorkunefndar, og Viðar Már Matthíasson prófessor. Þá hefur nefndin átt nokkra fundi með fulltrúum Vátryggingaeftirlitsins.

IV.

Rétt þykir að fjalla í þessum kafla sérstaklega um þá gagnrýni sem sett var fram á tillögur Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessen, sem rakin er að framan, en fjalla síðan í næsta kafla um þau atriði sem allsherjarnefnd óskar sérstakrar skoðunar á í greinargerð með lögum nr. 42/1996.

1. *Gagnrýni á ákvörðun lágmarkslauna til viðmiðunar við bótaútreikning og um afmörkun bótaréttar fyrir varanlega örorku við aldur.*

Í tillögum Gests og Gunnlaugs var gerð tillaga um að lágmarkslaun til viðmiðunar við bótaútreikning yrðu 1.400.000 kr. fyrir 66 ára og yngri. Þá var gert ráð fyrir nokkurri tekjuöflun allt að 83 ára aldri. Aldursafmörkunin var byggð á upplýsingum um starfslíkur.

Í meðfylgjandi frumvarpi er gerð tillaga um að lágmarksárslaun til viðmiðunar við bótaútreikning verði 1.200.000 kr. Er miðað við þá almennu reglu að varanleg örorka leiði ekki til tekjutaps eftir að 75 ára aldri er náð. Bætur fyrir tekjutap greiðast ekki eftir það aldursmark nema sýnt sé fram á að tjónþoli hafi stundað vinnu þegar tjón varð, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

2. *Að tillögurnar leiði til ofbóta, þ.e. heildarbætur til hins slasaða verði hærri en nemur tekjutjóni hans, þar sem áfram verði í gildi reglur laganna um að bætur frá þriðja aðila dragist ekki frá bótakröfu.*

Í stöðlun bótaréttar felst að minna tillit er tekið til einstaklingsbundinna þátta. Í gildandi lögum er notaður fastur margföldunarstuðull, sem lækkar frá 26 ára aldri, í stað tryggingafræðilegra stuðla sem áður voru notaðir. Fasti margföldunarstuðullinn er lægri en tryggingafræðilegu stuðlarnir, enda ákveðinn út frá þeirri forsendu að ýmsir þættir, sem áður voru látnir hafa áhrif til lækkunar á bótagreiðslur, t.d. skattfrelsi og greiðslur frá þriðja aðila, hafi það ekki lengur. Ljóst er að bótaréttur slasaðs fólks frá þriðja aðila, t.d. almannatryggingum eða lífeyrissjóði, er mjög misjafn. Þá er þýðing skattfrelsis háð tekjum hins slasaða. Loks hafa bótaúrræði sem slasaði hefur kostað sjálfur með greiðslu iðgjalds ekki áhrif á skaðabætur. Af framangreindu leiðir að bótaúrræði sem ekki hafa áhrif á skaðabótaákvörðunina geta leitt til þess að heildarbætur til tjónþola verði hærri en tekjutapi hans nemur. Á sama hátt liggur ljóst fyrir að stöðlunin leiðir til þess að margir tjónþolar fá ekki fullar bætur fyrir tekjutap þar sem þeir njóta ekki greiðslna frá þriðja aðila vegna tjónsins.

Í frumvarpinu er fylgt þeirri stefnu, sem lengi hefur verið ríkjandi í íslenskum skaðabótarétti, að bætur sem falla tjónþola í skaut frá tryggingum sem hann hefur kostað sjálfur með greiðslu iðgjalds eigi ekki að hafa áhrif á skaðabótakröfu. Hins vegar telja frumvarpshöfundar rétt að til frádráttar komi bótagreiðslur sem telja má að séu af félagslegum toga. Í samræmi við þetta er gerð tillaga um tvenns konar breytingar á 4. mgr. 5. gr. skaðabóta-

laganna um að bætur frá þriðja aðila dragist ekki frá skaðabótakröfu vegna varanlegrar örorku. Í fyrsta lagi er lagt til að verðmæti greiðslna frá almannatryggingum dragist frá skaðabótakröfu og í öðru lagi er lagt til að 40% af eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði verði dregið frá bótum. Nánar er gerð grein fyrir þessum tillögum og forsendum þeirra í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins.

Rétt er að vekja athygli á því að réttur til örorkulífeyris frá lífeyrissjóði stofnast yfirleitt ekki nema varanleg örorka sé mjög há, oftast a.m.k. 40%. Bótaskyld tilvik þar sem varanleg örorka er svo há eru ekki mörg. Samkvæmt upplýsingum frá örorkunefnd hefur nefndin metið svo háa örorku í innan við 30 tilvikum frá því skaðabótalögin tóku gildi.[9] Þá ber að hafa í huga að þegar örorkustig er mjög hátt má ætla að bætur fyrir framtíðartekjutjón nægi ekki til þess að mæta fjártjóni slasaða, því auk tekjutjónsins má ætla að ýmsir þættir daglegs lífs, sem heilbrigðir einstaklingar leysa án fjárhagslegra útgjalda, svo sem þrif, matseld, viðhald o.fl., hafi í för með sér viðbótarútgjöld hjá þeim sem verða fyrir mikilli varanlegri örorku.

3. Að aukinn bótaréttur geti leitt til umtalsverðrar hækkunar iðgjalda.

Óumdeilt markmið með því að setja skaðabótareglur er að tryggja tjónþolum hæfilegar bætur vegna fjártjóns og miska. Iðgjöld vátrygginga eru afleidd stærð, þ.e þau þurfa að vera nægjanlega há til þess að standa undir bótagreiðslunum og eðlilegum kostnaði við rekstur vátryggingastarfseminnar. Augljóst er að því rýmri sem bótaréttur er því hærri þurfa vátryggingaiðgjöldin að vera.

Mikil breyting varð á skaðabótareglunum við lögfestingu þeirra árið 1993. Um margt er erfitt að bera eldra bótakerfi saman við lögin vegna þess hve ólík þau eru. Í eldra kerfinu var tjón reiknað á grundvelli læknisfræðilegs örorkumats (varanlegs miska) en í yngra kerfinu er aðalreglan að fjártjón er bætt á grundvelli fjárhagslegs örorkumats. Áður voru tryggingafræðilegir stuðlar notaðir við útreikninga en nú er notaður fastur margföldunarstuðull sem lækkar frá 26 ára aldri tjónþola. Áður voru fjártjónsbætur til barna og tekjulausra einstaklinga ákveðnar á grundvelli einstaklingsbundinna sjónarmiða, nú eru þær ákveðnar samkvæmt staðlaðri bótareglu í 8. gr. laganna. Þá voru gerðar breytingar á reglum um frádrátt vegna greiðslna frá þriðja aðila. Fleira mætti nefna.

Þegar frumvarp til breytinga á skaðabótalögunum var til meðferðar hjá allsherjarnefnd Alþingis síðla árs 1995 kom fram ábending frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um að yrði frumvarpið að lögum þyrfti að hækka iðgjöld bifreiðatrygginga mjög verulega. Lagði SÍT fyrir allsherjarnefnd athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingafræðings, dags. 8. desember 1995, á áhrifum tillagnanna á bótafjárhæðir vegna líkamstjóna í lögboðnum bifreiðatryggingum.[10]

Í athugun Bjarna var byggt á upplýsingum sem SÍT safnaði um stöðu 921 slysamáls sem urðu á síðari hluta ársins 1993, þ.e. fyrsta missirinu sem skaðabótalögin giltu. Voru þetta öll skráð slys á tímabilinu. Málunum var skipt í þrjá flokka. Í fyrsta flokk var skipað 119 málum sem voru uppgerð eða langt komin. Í annan flokk var skipað 215 málum þar sem nokkrar upplýsingar lágu fyrir. Í þriðja flokki voru 587 mál sem ekki voru það langt komin að unnt væri að skipta áætlun niður á bótaþætti. Með því að áætla meðalkostnað á mál í hverjum flokki fékkst niðurstaða um áætlaðan heildartjónakostnað tímabilsins. Af niður-

---

[9] Upplýsingar örorkunefndar frá 31. ágúst 1998, sjá fskj. 1.

[10] Sjá fskj. 2.

stöðunni var dregin sú ályktun að iðgjöld bifreiðatrygginga þyrftu að hækka um 30,5% til þess að afkoma félaganna versnaði ekki frá því sem áður var. Deilur urðu um réttmæti forsendnanna og þeirra ályktana sem af þeim voru dregnar. Var nefndinni falið að láta í ljós skoðun sína á því hver iðgjaldaáhrif tillögur um breytingar á skaðabótalögunum gætu haft.

Nú eru liðin tæp fimm ár að jafnaði frá því tjón síðari hluta ársins 1993 urðu. Upplýsingar ættu að liggja fyrir um niðurstöðu langflestra málanna eða a.m.k. ætti að vera unnt að áætla með nokkurri vissu hver niðurstaða málanna verður. Að mati frumvarpshöfunda er besta leiðin til þess að fá fram áreiðanlegar upplýsingar um kostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna að endurvinna þá athugun sem gerð var að frumkvæði SÍT árið 1995. Hefur nefndin talið rétt að yfirfara að nýju málin 921 og bera niðurstöðurnar saman við þær áætlanir sem gerðar voru fyrir þremur árum og kynntar fyrir Alþingi.

Eftir að hafa átt fund með framkvæmdastjóra SÍT sendi nefndin sambandinu skriflegt erindi 2. júní 1997 þar sem þess var óskað að framangreind athugun yrði endurunnin.[11] Með bréfi dags. 26. júní 1997 upplýsti SÍT að sambandið hefði tekið erindið upp við viðkomandi tryggingafélög og því hefði verið vel tekið. Veruleg vinna væri því samfara að verða við erindinu og væri svars því ekki að vænta fyrr en síðla sumars.[12] Svar SÍT barst 12. september 1997.[13] Ekki var orðið við beiðni nefndarinnar um að endurvinna athugunina frá 1995. Lýsti framkvæmdastjóri SÍT því yfir á fundi með nefndinni að teldi hún svör SÍT ekki fullnægjandi væri eðlilegt að nefndin sneri sér beint til vátryggingafélaganna með erindið.

Nefndin átti fund með fulltrúa Vátryggingaeftirlitsins 3. október 1997 þar sem þess var óskað að eftirlitið legði nefndinni lið við að óska þeirra upplýsinga sem hún hafði beðið um frá SÍT. Síðari hluta október var nefndinni tilkynnt símleiðis að Vátryggingaeftirlitið ætti af ýmsum ástæðum erfitt með að verða við beiðninni, a.m.k. það snemma að gagn yrði að í störfum nefndarinnar. Með bréfi dags. 5. nóvember 1997 fór nefndin þess á leit við Vátryggingaeftirlitið að það endurskoðaði fyrri afstöðu sína.[14] Rökstuddi nefndin í bréfi sínu af hverju hún teldi að athugunarinnar væri þörf. Svar Vátryggingaeftirlitsins barst í bréfi dags. 14. nóvember 1997 og var erindi nefndarinnar hafnað.[15]

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið óskaði þess við Vátryggingaeftirlitið með bréfi dags. 16. desember 1997 að eftirlitið athugaði hverjar hafi verið endanlegar bótafjárhæðir vegna slysa sem urðu síðari hluta árs 1993.[16] Í framhaldi þessa bréfs átti nefndin fund með fulltrúum Vátryggingaeftirlitsins 14. janúar 1998. Á fundinum lagði eftirlitið fram minnisblað um verkefnið og þátt sinn í því.[17] Nefndin gerði grein fyrir ósk sinni um að könnunin yrði gerð þannig að eftirlitið yfirfæri sjálfstætt með könnun frumgagna stöðu umræddra mála. Að beiðni eftirlitsins gerði nefndin næsta dag skriflega grein fyrir hugmyndum sínum um hvernig staðið skyldi að könnuninni.[18] Vátryggingaeftirlitið vann könnunina án atbeina nefndarinnar. Gengu nokkur bréf á milli þess og nefndarinnar meðan á könnuninni stóð.[19]

---

[11] Sjá fskj. 3.
[12] Sjá fskj. 4.
[13] Sjá fskj. 5.
[14] Sjá fskj. 6.
[15] Sjá fskj. 7.
[16] Sjá fskj. 8.
[17] Sjá fskj. 9.
[18] Sjá bréf dags. 15. janúar 1998, fskj. 10.
[19] Sjá bréf dags. 13. febrúar 1998, 18. febrúar 1998 og 31. mars 1998, fskj. 11–13.

Niðurstöður Vátryggingaeftirlitsins bárust nefndinni með bréfum þess dags. 16. júní[20] og 6. júlí 1998.[21] Í fyrra bréfinu kom fram að samkvæmt upplýsingum tryggingafélaganna væri heildarkostnaður vegna líkamstjóna á umræddu tímabili áætlaður 1181 millj. kr. og þar af hefðu 605 millj. kr. verið greiddar í árslok 1997 en áætlaðar eftirstöðvar væru 576 millj. kr. Í bréfinu tók eftirlitið fram að það legði ekki mat á hversu mikið af áætluðum eftirstöðvum kæmu til greiðslu og hve mikið fé losnaði úr tjónaskuld þegar uppgjöri væri lokið. Í síðara bréfi eftirlitsins kom fram að miðað við reynslutölur áranna 1989–92 mætti ætla að 280 millj. kr. væru ógreiddar vegna síðari hluta árs 1993. Í niðurlagi bréfsins var tekið fram að ekki væri unnt að draga þá ályktun að áætlanir félaganna væru tvöfalt það sem þyrfti til þess að mæta þeim greiðslum sem eftir væru.

Að mati frumvarpshöfunda hefur ekki tekist að fá fram svör við þeim spurningum sem nefndin leitaði svara við, að þær upplýsingar sem að framan eru raktar nægi ekki til þess að álykta um iðgjaldaþörf bifreiðatrygginganna eftir setningu skaðabótalaganna. Niðurstaðan er því að ekki sé unnt að veita svar við því erindi allsherjarnefndar Alþingis.

V.

Næst verður vikið að þeim atriðum sem allsherjarnefnd óskaði sérstakrar athugunar á:

a. *Er rétt að víkja frá þeirri stöðlun bótareglna sem lögfest var 1993 með því að láta bætur frá öðrum en hinum bótaskylda hafa áhrif á skaðabótakröfu?*

Markmiðið með reglum skaðabótaréttar um bætur fyrir varanlega örorku er að leitast við að gera tjónþola jafnsettan fjárhagslega og hann var fyrir slys. Í þessu felst að meta þarf annars vegar til fjár það sem tjónþoli tapar vegna slyssins og taka hins vegar tillit til þess bótaréttar sem stofnast kann af sömu ástæðu. Lengst af hefur í þessu sambandi verið litið fram hjá bótarétti tjónþola sem til fellur vegna ráðstafana sem hann sjálfur hefur gert til þess að tryggja sig gegn áföllum og kostað sjálfur. Hins vegar hafa félagslegar greiðslur og tryggingabætur, sem tjónvaldur hefur greitt iðgjöld af, komið til frádráttar að fullu.

Í skaðabótalögunum er að nokkru vikið frá þessum sjónarmiðum.Tjón er reiknað með því að nota fastan margföldunarstuðul sem er lægri en þeir tryggingafræðilegu stuðlar sem lengst af hafa verið notaðir til útreiknings á framtíðartekjutapi tjónþola. Á móti eru bætur ekki skertar sérstaklega vegna skattfrelsis og svonefnds eingreiðsluhagræðis. Þá er í ríkum mæli horft fram hjá greiðslum frá þriðja manni, þ.e. bætur eru ekki lækkaðar vegna greiðslna sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem frá almannatryggingum, lífeyrissjóði eða vátryggingafélagi, sbr. 1. málsl. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaganna, nema í ákveðnum tilvikum, sbr. 2.–4. málsl. 4. mgr. 5. gr. laganna. Þessi stöðlun bótareglnanna hefur leitt til einföldunar á bótauppgjörum, en á móti kemur að einstaklingsbundnum þáttum hefur verið vikið til hliðar í ríkum mæli.

Það er skoðun frumvarpshöfunda að rétt sé auka vægi einstaklingsbundinna þátta í bótauppgjörum vegna varanlegrar örorku. Annars vegar beri að nota tryggingafræðilega stuðla við útreikning bótanna og hins vegar beri að skerða bætur sem nemi þeim félagslegu bótagreiðslum sem koma í hlut tjónþola vegna hins bótaskylda atviks. Þessi skerðing komi til viðbótar frádrætti skv. 4. mgr. 5. gr. gildandi laga. Tillögur þessa efnis eru í 4. og 5. gr. frumvarpsins og er þar ítarlega gerð grein fyrir breytingartillögunum.

---

[20] Sjá fskj. 14.
[21] Sjá fskj. 15.

b. Er unnt að láta sömu meginreglur gilda við ákvörðun skaðabóta til tjónþola hvort sem þeir hafa aflað sér atvinnutekna fyrir slysið eða ekki og er rétt að lögfesta lágmarksviðmiðun í því sambandi?

Í meðfylgjandi frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að við ákvörðun skaðabóta verði miðað við tekjur tjónþola síðustu þrjú almanaksárin fyrir tjónsatburð. Þó verði aldrei miðað við lægri árslaun en 1.200.000 kr. og ekki hærri en 4.500.000 kr. Nefndar fjárhæðir miðast við lánskjaravísitölu 1. júlí 1993, sbr. 13. gr. laganna. Við það er miðað að varanleg örorka allra sé metin á sama hátt, þ.e. miðað verði við svonefnda fjárhagslega örorku. Sérstök aldursleiðrétting er reiknuð inn í margfeldisstuðul laganna, sem að öðru leyti er byggður á bestu aðgengilegum upplýsingum um starfs-, örorku- og ævilíkur. Við það er miðað að atvinnuþátttöku ljúki í síðasta lagi við 75 ára aldur og framangreind lágmarkslaunaviðmiðun lækkar frá 67 ára aldri.

c. Er réttara að greiða örorkulífeyri út mánaðarlega í stað eingreiðslu skaðabóta þegar örorkustig er hátt og hinn bótaskyldi er fær um að taka á sig slíka skuldbindingu?

Það hefur verið gildandi regla í íslenskum rétti að hinn bótaskyldi inni bótagreiðsluna af hendi í einu lagi. Í þeim tilvikum þar sem bætur eiga að mæta tjóni sem verður á löngum tíma, eins og gildir t.d. um bætur vegna varanlegrar örorku, hefur bótasumman fyrir alla starfsævina verið reiknuð til eingreiðslu og þá tekið tillit til þess hagræðis sem tjónþoli hefur af skattfrelsi bótanna, eingreiðslunni og þeim kostum sem hann á til ávöxtunar fjárins. Þessi uppgjörsaðferð hefur marga kosti. Það er kostur í sjálfu sér að málinu lýkur. Ekki er vafi á því að í mörgum tilvikum verður endanlegt og fyrirvaralaust bótauppgjör tjónþola mikil hvatning til sjálfsbjargar.

Að jafnaði er tjónþoli háðari bótagreiðslum því hærra sem örorkustig hans er. Sé örorkustig mjög hátt eru auknar líkur til þess að tjónþoli geti ekki framfleytt sér fjárhaglega án bótagreiðslna. Í slíkum tilvikum hafa kostir endanlegs bótauppgjörs minna vægi. Séu skaðabætur greiddar sem mánaðarlegur örorkulífeyrir, samsvarandi tekjutapi tjónþola vegna slyssins, út starfsævi hans, verður tjónþoli eins settur fjárhagslega og slys hefði ekki orðið. Jafnframt hefur tjónþoli tryggingu fyrir því að bótagreiðslurnar endast út ætlaða starfsævi hans. Með lífeyrisgreiðslum í stað eingreiðslu er einnig unnt að endurmeta örorku tjónþola þegar slíkt á við og endurákvarða bætur á þeim grundvelli og jafnframt hverfa út óvissuþættir sem gerðir eru upp á grundvelli líkinda við eingreiðslu, eins og t.d. ævilíkur, tekjuþróun, ávöxtunarkostir og skattlagning tekna. Lífeyrisgreiðslur koma naumast til álita nema hinn greiðsluskyldi sé vátryggingafélag eða sambærilegur aðili. Enginn vafi getur leikið á því að íslensku vátryggingafélögin hafa fjárhagslegan styrk til þess að takast á við uppgjör slysabóta í formi lífeyrisgreiðslna. Að öllu þessu athuguðu er það mat frumvarpshöfunda að hyggja beri að breytingu á skaðabótalögunum í þá veru að heimila bótauppgjör við hátt örorkustig í formi lífeyris.

Við mat á því hvort rétt sé að taka upp lífeyrisgreiðslur í stað eingreiðslu þegar örorkustig er mjög hátt verður ekki fram hjá því litið að samkvæmt gildandi lögum um tekjuskatt eru bætur fyrir varanlega örorku, sem greiðast í einu lagi, skattfrjálsar, en bætur sem greiðast sem lífeyrir skattleggjast eins og aðrar tekjur. Vegna skattfrelsisins lækka eingreiðslubætur um þriðjung frá því sem ella væri. Að mati frumvarpshöfunda er skattalegt hlutleysi að þessu leyti forsenda þess að unnt sé að leggja til breytingu á skaðabótalögunum að þessu leyti.

d. Er eðlilegt að reikna framtíðartjón út frá nettóárslaunum fremur en heildarárslaunum?

Í meðfylgjandi frumvarpsdrögum reiknast framtíðartjón út frá heildarárslaunum sem eru skert um þriðjung vegna skattfrelsis og eingreiðsluhagræðis. Augljós rök eru fyrir því að reikna framtíðartjón út frá nettóárslaunum, ef slíkt er unnt á einfaldan hátt. Það varð niðurstaða frumvarpshöfunda að í stöðluðu bótakerfi eins og byggt er á í skaðabótalögunum væri erfitt að koma við útreikningi framtíðartjóns á grundvelli nettóárslauna. Varð niðurstaðan sú að skerða bætur um þriðjung vegna skattfrelsis og eingreiðsluhagræðis. Við þá ákvörðun var m.a. höfð hliðsjón af dómum Hæstaréttar um örorkubætur frá tímabilinu áður en skaðabótalögin tóku gildi.

e. Eru möguleikar á frambúðarávöxtun aðrir en Hæstiréttur gengur út frá í dómi sínum frá 30. mars 1995?

Að mati frumvarpshöfunda hafa forsendur þær sem Hæstiréttur miðaði við í nefndum dómi ekki breyst þannig að ástæða sé til þess að breyta forsendu um ávöxtun framtíðartekna. Hins vegar hefur skattlagning fjármagnstekna breyst frá því dómurinn var kveðinn upp og leggst nú 10% skattur á vaxtatekjur. Margföldunarstuðullinn í 5. gr. frumvarpsins miðast við 4,5% ársávöxtun framtíðartekna auk þess sem inn í hann er reiknað álag til þess að mæta áhrifum fjármagnstekjuskattsins.

VI.

Auk þess að kanna þá þætti sérstaklega sem raktir eru í köflunum hér á undan var nefndinni falið að yfirfara skaðabótalögin í heild sinni. Sú könnun hefur leitt til þess að frumvarpshöfundar gera ýmsar tillögur til breytinga á lögunum, sem ekki hefur verið gerð grein fyrir að framan. Þær helstu eru þessar:

1. Gerð er tillaga um breytt orðalag í 2., 3. og 4. gr. laganna um það tímamark þegar tímabundinni örorku lýkur. Um þessa tillögu vísast til skýringa við fyrstu grein frumvarpsins.
2. Gerð er tillaga um að heimild til þess að ákveða álag á miskabætur skv. 4. gr. laganna verði rýmkuð, sbr. skýringar við 3. gr. frumvarpsins.
3. Gerð er tillaga um verulega breytingu á reglum um örorkunefnd í 10. gr. skaðabótalaganna. Meðal annars er lagt til að aðalreglan verði sú að málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegra álitsgerða um örorku- og/eða miskamat, en hvor aðili hafi rétt til þess að skjóta slíkum álitsgerðum til örorkunefndar til endurmats. Örorkunefnd verði einungis matsaðili á fyrsta stigi þegar málsaðilar óska þess sameiginlega. Um þessar breytingar vísast nánar til skýringa við 9. gr. frumvarpsins.
4. Gerð er tillaga um rýmkun miskabótareglunnar í 26. gr. laganna, sbr. skýringar við 13. gr. frumvarpsins.

Reykjavík, 10. september 1998,

Guðmundur Jónsson,
fyrrv. hæstaréttardómari.

Gestur Jónsson
hæstaréttarlögmaður.

Fskj. 1.

Örorkunefnd

Mörkinni 1, 108 Reykjavík

Samantekt um niðurstöður álitsgerða örorkunefndar

Mál hvers slysaár er 1993 voru 274 talsins.
Listinn sýnir stöðuna þann 31.08.1998

Varanleg örorka

Móttökudagur beiðni	17 mál
Frávísun	45 mál
Beiðni afturkölluð	1 mál
Úthlutað lækni	11 mál
0 - 4	64 mál
5 - 9	38 mál
10 - 14	49 mál
15 - 24	16 mál
25 - 34	13 mál
35 - 49	3 mál
50 - 59	0 mál
60 - 69	2 mál
70 - 79	0 mál
80 - 89	0 mál
90 - 100	2 mál

Miskastig

Móttökudagur beiðni	17 mál
Frávísun	3 mál
Beiðni afturkölluð	1 mál
Úthlutað lækni	11 mál
0 - 4	19 mál
5 - 9	96 mál
10 - 14	73 mál
15 - 24	28 mál
25 - 34	10 mál
35 - 49	2 mál
50 - 59	0 mál
60 - 69	1 mál
70 - 79	1 mál
80 - 89	0 mál
90 - 100	3 mál

Örorkunefnd

Mörkinni 1, 108 Reykjavík

Samantekt um niðurstöður álitsgerða örorkunefndar

Mál hvers slysaár er 1994 voru 565 talsins.
Listinn sýnir stöðuna þann 31.08.1998

Varanleg örorka

Móttökudagur beiðni	47 mál
Athugasemdir	2 mál
Til baka frá lækni	1 mál
Frávísun	87 mál
Beiðni afturkölluð	2 mál
Úthlutað lækni	22 mál
0 - 4	152 mál
5 - 9	66 mál
10 - 14	78 mál
15 - 24	47 mál
25 - 34	15 mál
35 - 49	7 mál
50 - 59	4 mál
60 - 69	0 mál
70 - 79	1 mál
80 - 89	0 mál
90 - 100	2 mál

Miskastig

Móttökudagur beiðni	49 mál
Athugasemdir	3 mál
Til baka frá lækni	1 mál
Frávísun	2 mál
Beiðni afturkölluð	2 mál
Úthlutað lækni	22 mál
0 - 4	32 mál
5 - 9	224 mál
10 - 14	141 mál
15 - 24	57 mál
25 - 34	12 mál
35 - 49	2 mál
50 - 59	5 mál
60 - 69	0 mál
70 - 79	0 mál
80 - 89	1 mál
90 - 100	1 mál

Örorkunefnd

Mörkinni 1, 108 Reykjavík

Samantekt um niðurstöður álitsgerða örorkunefndar

Mál hvers slysaár er 1995 voru 607 talsins.
Listinn sýnir stöðuna þann 31.08.1998

Varanleg örorka

Móttökudagur beiðni	98 mál
Athugasemdir	10 mál
Til baka frá lækni	2 mál
Frávísun	72 mál
Úthlutað lækni	46 mál
0 - 4	115 mál
5 - 9	87 mál
10 - 14	86 mál
15 - 24	45 mál
25 - 34	14 mál
35 - 49	2 mál
50 - 59	2 mál
60 - 69	3 mál
70 - 79	0 mál
80 - 89	0 mál
90 - 100	0 mál

Miskastig

Móttökudagur beiðni	98 mál
Athugasemdir	10 mál
Til baka frá lækni	2 mál
Frávísun	2 mál
Úthlutað lækni	47 mál
0 - 4	47 mál
5 - 9	214 mál
10 - 14	121 mál
15 - 24	40 mál
25 - 34	14 mál
35 - 49	5 mál
50 - 59	1 mál
60 - 69	0 mál
70 - 79	0 mál
80 - 89	0 mál
90 - 100	0 mál

Örorkunefnd

Mörkinni 1, 108 Reykjavík

Samantekt um niðurstöður álitsgerða örorkunefndar

Mál hvers slysaár er 1996 voru 398 talsins.
Listinn sýnir stöðuna þann 31.08.1998

Varanleg örorka

Móttökudagur beiðni	199 mál
Athugasemdir	3 mál
Til baka frá lækni	1 mál
Frávísun	12 mál
Úthlutað lækni	51 mál
0 - 4	36 mál
5 - 9	43 mál
10 - 14	28 mál
15 - 24	7 mál
25 - 34	4 mál
35 - 49	2 mál
50 - 59	1 mál
60 - 69	0 mál
70 - 79	0 mál
80 - 89	0 mál
90 - 100	1 mál

Miskastig

Móttökudagur beiðni	200 mál
Athugasemdir	3 mál
Til baka frá lækni	1 mál
Úthlutað lækni	53 mál
0 - 4	9 mál
5 - 9	83 mál
10 - 14	29 mál
15 - 24	13 mál
25 - 34	2 mál
35 - 49	0 mál
50 - 59	0 mál
60 - 69	0 mál
70 - 79	0 mál
80 - 89	0 mál
90 - 100	1 mál

Örorkunefnd

Mörkinni 1, 108 Reykjavík

Samantekt um niðurstöður álitsgerða örorkunefndar

Mál hvers slysaár er 1997 voru 66 talsins.
Listinn sýnir stöðuna þann 31.08.1998

Varanleg örorka

Móttökudagur beiðni	57 mál
Úthlutað lækni	2 mál
0 - 4	1 mál
5 - 9	1 mál
10 - 14	0 mál
15 - 24	1 mál
25 - 34	0 mál
35 - 49	0 mál
50 - 59	0 mál
60 - 69	0 mál
70 - 79	0 mál
80 - 89	0 mál
90 - 100	0 mál

Miskastig

Móttökudagur beiðni	58 mál
Úthlutað lækni	3 mál
0 - 4	0 mál
5 - 9	2 mál
10 - 14	1 mál
15 - 24	0 mál
25 - 34	0 mál
35 - 49	0 mál
50 - 59	0 mál
60 - 69	0 mál
70 - 79	0 mál
80 - 89	0 mál
90 - 100	0 mál

Fskj. 2.

Athugun á áhrifum tillögu Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessens til breytinga á skaðabótalögum á bótafjárhæðir vegna líkamstjóna í lögboðnum bifreiðatryggingum.

(8. desember 1995.)

Gögn.

Á vegum Sambands íslenskra tryggingafélaga var safnað upplýsingum um þau slys sem gerð hafa verið upp samkvæmt hinum nýju skaðabótalögum. Einnig var leitað eftir upplýsingum um öll þau slys sem urðu á síðari helmingi ársins 1993 og enn eru óuppgerð. Þeim var skipt í tvo hópa, annars vegar þau mál sem svo langt voru komin áleiðis í vinnslu að starfsmenn tjónadeilda töldu sér fært að áætla greiðslur á þær bótategundir sem greiðast samkvæmt skaðabótalögum, og hins vegar önnur tjón.

Athugunin náði til rúmlega 90% af tryggingastofni í lögboðnum bifreiðatryggingum. Tjón á fyrri hluta árs munu að jafnaði yfir 20% hærri en tjón á síðari hluta árs.

1. Uppgerð tjón.

Bætur í hverju máli fyrir sig voru hér umreiknaðar samkvæmt tillögu GJ og GC. Í þeim málum þar sem ekki hafði farið fram mat á fjárhagslegri örorku (vegna þess að um tjónþoli hefur verið tekjulaus), en tjónþola höfðu verið úrskurðaðar miskabætur var áætluð fjárhagsleg örorka út frá miskastigi, eftir meðaltali í þeim málum þar sem fyrir liggur bæði mat á fjárhagslegri örorku og miskastigi, þó þannig að ætlað var fremur lægra en reyndin hefur verið. Fjárhæðir eru á verðlagi uppgjörsdags hvers tjóns, en verðbreytingar innan þess tímabils sem hér um ræðir hafa verið litlar, og ekki ástæða til að ætla að þær skekki þá mynd sem fæst.

Alls var hér um að ræða 244 mál, og reyndist hækkun á bótafjárhæðum samkvæmt tillögum GJ og GC vera um 46% frá því sem gildandi skaðabótalög segja fyrir um. Ef litið er einvörðungu á þau 119 tjón sem urðu á síðari hluta árs 1993, þar sem uppgjör mála með örorku er lengst komin, var hækkun þó nokkru meiri eða 50%.

Í þeim málum sem hér eru talin er lítil óvissa um hver yrði bótafjárhæð eftir tillögum GJ og GC, og niðurstaða verður að teljast áreiðanleg.

2. Áætluð tjón frá síðari hluta 1993 þar sem fyrir lá skipting á einstaka bótaþætti.

Varðandi þessi mál er að hluta byggt á mati starfsmanna tjónadeilda, og að hluta á gögnum sem lágu fyrir í heild, svo sem örorku- og miskamötum, upplýsingum um tekjur tjónþola, læknisvottorðum, þegar greiddum bótum o.s.frv. Tjón þessi voru einnig umreiknuð eftir þeim reglum sem um getur í tillögum GJ og GC, og sama aðferð og lýst er í 1. notuð ef um var að ræða tekjulausan einstakling sem metinn hafði verið miski.

Í þessum flokki töldust 215 tjón og hækkun á bótafjárhæðum reiknast hér 50%, eða nokkru meira en í hópi uppgerðra tjóna. Meðaltjón er hér um 1,7 milljónir, á móti um 1 milljón í uppgerðum tjónum.

3. Önnur tjón frá síðari hluta ársins 1993.

Í áætlun eru 587 tjón til viðbótar sem urðu á síðari hluta árs 1993, sem ekki eru svo langt komin í vinnslu að unnt hafi verið að skipta áætlun niður á bótaþætti. Meðaltjón í þessum flokki tjóna er áætlað um 1 milljón kr. sem er ekki fjarri því sem er um uppgerð tjón. Sýnist því eðlilegast að miða hér við hækkun sem samsvari hækkun uppgerðra tjóna að meðaltali.

4. Mat á áhrifum á iðgjald.

Ef vegin er saman eftir bótafjárhæð hækkun hinna þriggja tjónahópa, uppgerðra tjóna ársins 1993 með 49%, áætluð tjón 1993 sem unnt var að sundurliða á bótaþætti með 50% hækkun, og önnur áætluð tjón 1993 með 46% hækkun, fæst mat á heildarhækkun slysabóta í lögboðnum bifreiðatryggingum sem er um 47%, eða ef reiknuð er bótafjárhæð á ársgrundvelli, úr 2.600 milljónum í 3.800 milljónir. Í lögboðnum bifreiðatryggingum hafa um 60% tjónabóta verið vegna líkamstjóna, þannig að munatjón reiknast 1.750 milljónir. Tjón myndu því samkvæmt ofansögðu hækka eftir tillögum GJ og GC frá uppgjörsreglum skaðabótalaga um nálægt 28% eða í um 5.550 milljónir úr 4.350 milljónum.

Miðað við að iðgjöld ársins voru 3.935 milljónir á árinu 1993 yrði þá nauðsynleg iðgjaldshækkun til að afkoma félaganna versnaði ekki 30,5%. Er þá ekki er reiknað fyrir auknum kostnaði við að gera upp eftir breyttum reglum.

Varðandi þau atriði sem vafi hefur leikið á er rétt að hafa í huga að áætlað hefur verið þannig að mat á hækkunaráhrifum tillagna yrði fremur lægra en hærra. Þykir mér að í ljósi fyrrgreindra útreikninga og forsendna megi áætla hækkunarþörf iðgjalda ekki minni en 30% til að vega upp áhrif þeirra breytinga sem lagðar eru til.

Bjarni Guðmundsson,
cand. act.

Fskj. 3.

SÍT
b.t. Sigmars Ármannssonar
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík.

Reykjavík, 2. júní 1997.

Á fundi yðar og nefndar sem vinnur að endurskoðun skaðabótalaganna fyrr í dag var þess óskað, að SÍT leitaði eftir því við Bjarna Guðmundsson cand. act. , að hann endurvinni athugun sína frá 08.12.95 um áhrif af tillögum GJ og GCL til breytinga á skaðabótalögum á bótafjárhæðir vegna líkamstjóna í lögboðnum bifreiðatryggingum. Í nefndri álitsgerð var unnið út frá uppgerðum og áætluðum tjónum síðari hluta árs 1993, þ.e. fyrsta misserið sem skaðabótalögin giltu.

Þess er óskað að sérstaklega verði hugað að forsendum um fjölda bótaskyldra tjóna, sem urðu á tímabilinu, og metið verði á grundvelli nýjustu upplýsinga frá vátryggingafélögunum hver ætla megi að verði heildartjónakostnaður á þessu sviði. Er þá sérstaklega haft í huga að Bjarni vann athugun sína út frá forsendum um flokkun bótaskyldra líkamstjóna í þrjá flokka og mikilvægt er að sú flokkun verði nú byggð á nýjustu fáanlegum upplýsingum.

Ef álitamál skapast við framkvæmd verksins er þess vinsamlegast óskað að haft verði samráð við nefndina.

Nefndin gerir sér grein fyrir því að framangreint verkefni kallar á gagnaöflun og kann að vera nokkuð tímafrekt. Nefndin leyfir sér að óska þess að verkið verði unnið jafn hratt og verða má og er þá haft í huga hve nauman tíma nefndin hefur til þess að skila af sér.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Jónsson,
formaður skaðabótanefndar.

Fskj. 4.

26. júní 1997.

Nefnd til endurskoðunar á skaðabótalögum,
hr. Guðmundur Jónsson, formaður,
Mörkinni 1,
108 Reykjavík.

Í kjölfar beiðnar nefndar þeirrar, sem vinnur að endurskoðun á skaðabótalögum nr. 50/1993, þess efnis að af S.Í.T. hálfu verði frekari vinnu varið í athugun frá því í desember 1995 um áhrif tillagna Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessen á bótafjárhæðir vegna líkamstjóna í lögboðnum ábyrgðartryggingum ökutækja, skal upplýst að undirritaður hefur þegar tekið málefnið upp við hlutaðeigandi vátryggingafélög. Af þeirra hálfu hefur erindinu verið jákvætt tekið. Þessu fylgir þó veruleg vinna fyrir starfsfólk félaganna auk þess sem sumarmánuðir nýtast iðulega illa vegna leyfa starfsfólks. Vísbendinga varðandi þau atriði, sem nefndin spyrst fyrir um, er því vart að vænta fyrr en síðla sumars.

Virðingarfyllst,
Samband íslenskra tryggingafélaga.
Sigmar Ármannsson.

12. september 1997.

Nefnd til endurskoðunar á skaðabótalögum,
hr. Guðmundur Jónsson, formaður,
Mörkinni 1,
108 Reykjavík.

Með bréfi yðar, dags. 2. júní s.l., var þess farið á leit, að af hálfu Sambands íslenskra tryggingafélaga yrði frekari vinnu varið í athugun frá því í desember 1995 um áhrif tillagna Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessen á bótafjárhæðir skv. lögmæltum ökutækjatryggingum vegna líkamstjóna. Þessi athugun gaf til kynna, að slysabætur mundu hækka um 47%. Með bréfi undirritaðs til yðar, dags. 26. júní s.l., var þessari málaleitan jákvætt tekið.

Við lauslega skoðun hjá bifreiðatryggingafélögunum kom strax í ljós, að fyrri vísbendingar um hækkunaráhrif tillagnanna stæðu enn. Virtust jafnvel hækkunaráhrifin meiri en í fyrstu var talið. Miðað við það, og einnig að sumarleyfistími starfsfólks vátryggingafélaganna stóð yfir, var ákveðið að binda skoðunina að þessu sinni við "tjónasafn" eins félags. Línum þessum fylgir því samantekt Ragnars Þ. Ragnarssonar, starfsmanns Tryggingamiðstöðvarinnar hf., en Ragnar er félagsmaður í Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. Niðurstöður hans eru byggðar á gögnum félags hans, þ.e. T.M. hf. Helstu niðurstöður Ragnars á hækkunaráhrifum tillagnanna, hefðu þær verið lögfestar, eru sem hér segir (og er þá litið til tjóna á tímabilinu 1.7. til 31.12. 1993):

- Uppgerð tjón, hækkun 54%
- Tjón í vinnslu, hækkun 45%
- Samtals slysatjón, hækkun 48%

Einnig fylgir bréfi þessu samanburður um fjölda slasaðra í umferðinni á Íslandi, Danmörku og Svíþjóð á árinu 1995, bæði miðað við fjölda ökutækja og fjölda íbúa. Kemur þar glögglega fram að slysatíðni hér á landi er stórum meiri en í hinum tveimur ríkjunum. Má sjálfsagt nefna ýmsar ástæður fyrir þessum

gífurlega mun á fjölda bótaskyldra slysa í þessum ríkjum. Veigamikil og nærtæk skýring er þó örugglega sú, að hér á landi eru og hafa lengi verið önnur viðmið lækna í matsstörfum, einkum þó hvað teljast skuli "fébótaskylt" slys. Sýnist sem fátt sé um haldbærar reglur eða venjur um matsstörf læknanna, og að fyllri vísbendingar um eðli matsins (fjárhagslegt mat/læknisfræðilegt mat v. miska) þurfi jafnvel að vera í skaðabótalögunum sjálfum.

Virðingarfyllst,
Samband íslenskra tryggingafélaga.
Sigmar Ármannsson.

Fskj.

TRYGGINGA-
MIÐSTÖÐIN HF.

Ágúst 1997 - Ragnar Þ. Ragnarsson

Um drög að breytingum á skaðabótalögum nr. 50/1993
sett fram af Gesti Jónssyni og Gunnlaugi Claessen 10. nóv. 1995.

Eftirfarandi er endurskoðuð útgáfa af greinargerð sama efnis sem gerð var 11. desember 1995.

Í júní 1995 fól allsherjarnefnd Alþingis þeim Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Gunnlaugi Claessen hæstaréttardómara að semja álitsgerð um margföldunarstuðul skaðabótalaganna, vaxtagrundvöll við bótauppgjör, samanburð bóta samkvæmt gildandi lögum og eldri ólögfestum skaðabótarétti og gera tillögur til breytinga á þeim atriðum skaðabótalaganna sem þeim þykir þurfa. Þeir skiluðu Alþingi greinargerð þann 10. nóvember 1995 þar sem gerðar eru tillögur um margvíslegar breytingar á lögunum.

Í umsögnum aðila um frumvarpsdrögin kom fram margvísleg gagnrýni. Niðurstaðan varð sú, að Alþingi samþykkti breytingar á skaðabótalögunum sem gengu í aðra átt og voru ekki eins víðtækar. Ennfremur var ákveðið að skipa nefnd til endurskoðunar á skaðabótalögunum. Nefndin hefur verið skipuð, í henni sitja þeir Guðmundur Jónsson formaður, Sigríður Guðmundsdóttir og Gestur Jónsson, öll lögfræðingar. Nefndin hefur sent SÍT erindi, þar sem óskað er eftir endurskoðun á fyrra mati á kostnaðaráhrifum frumvarpsdraganna í ljósi þeirrar þekkingar sem fengist hefur við meðferð tjónanna síðan.

Helstu breytingar samkvæmt tillögum GJ og GC frá þágildandi lögum voru eftirfarandi:

Í þágildandi lögum er margföldunarstuðull, 7,5 sem lækkar með aldri frá 26 til 70 ára aldurs þannig að þeir sem eldri eru en sjötugir fá ekki bætur fyrir varanlega örorku nema í undantekningatilvikum. Í frumvarpsdrögum GJ og GC var lagt til, að í stað fyrrnefnds margföldunarstuðuls verði tekin upp tafla með tryggingafræðilega útreiknuðum stuðlum. Þessir stuðlar eru miðaðir við 4,5% framtíðarávöxtum í samræmi við dóm hæstaréttar frá 30.03.1995 en ekki 6,0% eins og áður var. Inn í þessa stuðla er reiknað allt að 30% hækkun til ungra manna vegna óframkominns tekjuklifurs og starfsframa, afvöxtum bóta til barna til 17 ára aldurs og skattleysishagræði 33% óháð bótafjárhæð.

Bætur til tekjulágs fólks, námsmanna og heimavinnandi, verði miðaðar við lágmarks árstekjur, 1.400.000 kr. Launavísitala í júlí 1993 var 131,3 stig en er 156,7 stig í maí 1997, hefur hækkað um 19,35%. Lágmarks árstekjur vegna tjóna sem gerð væru upp í dag samkvæmt frumvarpsdrögunum væru 1.670.000 kr. Þetta mat GJ og GC á meðaltekjum landverkafólks innan ASÍ sem er í fullu starfi er byggt á fréttabréfi kjararannsóknarnefndar nr. 107 frá mars 1995. Við þessa breytingu falla niður bætur til heimavinnandi og tekjulausra á grundvelli miskastiga skv. 8. gr. laganna.

- Áhrif aldurs á miskabætur skv. 4. gr. breytist. Miða skal við 4 millj. kr. fyrir fullan miska eins og áður, en bæturnar lækka um 1% fyrir hvert ár frá og með 50 ára aldri til og með 74 ára aldurs og er þá 3 millj. kr. Í þágildandi lögum er lækkunin í 5% stökkum frá 60 - 69 ára aldurs, og er þá 2 millj. kr..
- Ákvæði um lágmark miskastiga til að öðlast bótarétt falli niður. Þetta á við um 4. gr. þar sem segir að ekki skuli greiða bætur fyrir varanlegan miska sem metinn er minni en 5% og 8. gr. þar sem kveðið er á um að heimavinnandi fólk og tekjulaust fái ekki bætta varanlega örorku þegar miskastig er minna en 15%.
- Vextir skulu vera 4,5% í stað 2% áður. Þá skal reikna vexti á bætur fyrir varanlega örorku frá matsdegi í stað tjóndegi áður og reikna skal vexti á tímabundið atvinnutjón frá því tjón varð, en vextir hafa ekki verið reiknaðir á tímabundið atvinnutjón til þessa.
- Miða skal miðað við aldur tjónþola á þeim degi þegar örorkumat fer fram, en ekki á tjóndegi eins og nú er. Hugmyndin er sú, að bætur vegna tímabundins tekjumissis og þjáningarbætur bæti mönnum tjónið fram að matsdegi, en bætur fyrir varanlega örorku og miska bæti tjónið eftir það.

Hér á eftir verða rakin áhrif þessara breytinga á upphæðir einstakra bótaþátta.

Skoðuð voru öll tjón sem féllu á félagið vegna umferðarslysa sem urðu á tímabilinu 1. júlí 1993 – 31.12.1993. Ennfremur var tekið mið af banaslysum í umferðinni árin 1994 og 1995.

Miskabætur.

Miskabætur lækka frá því sem nú er hjá fólki á aldrinum 50 til 63 ára, en hækka hjá þeim sem eldri eru. Samkvæmt gildandi lögum lækka miskabætur fyrir fulla örorku úr 4 millj kr í 2 millj. kr frá 60 til 69 ára aldri. Í frumvarpsdrögunum er lagt til, að bætur lækki úr 4 millj. kr. í 3 millj. kr. frá 50 til 74 ára aldurs. Heildaráhrifin eru óveruleg. Talið er að miskabætur vegna tjóna frá seinni hluta árs 1993 hækki um 2% við breytinguna.

Örorkubætur.

Örorkubætur er sá bótaþáttur sem breytist áberandi mest ef frumvarpsdrögin verða lögfest. Í lang flestum tilfellum hækka örorkubæturnar, oft mjög mikið. Bætur vegna varalegrar örorku á grundvelli atvinnutekna og örorkustiga skv. þágildandi lögum eru áætlaðar 25% af heildar bótafjárhæðinni. Tekjulausir og heimavinnandi fá bætur vegna varanlegrar örorku að því tilskildu að miski þeirra sé metinn minnst 15%. Örorkubætur til þeirra er þá metinn á grundvelli miskastiga skv. 8. gr. skaðabótalaganna. Samkvæmt frumvarpsdrögunum mun þessi hópur fá bætur á grundvelli örorkustiga og lágmarkslauna. Bætur skv. 8. gr. gildandi laga eru áætlaðar 14% af heildar bótafjárhæðinni. Samanlagðar örorku- og heimavinnubætur eru nú 39% af heildartjónunum, en verða 59%. Fjárhæðir vegna þessara liða hækka um 128%.

Mest er hækkun örorkubótanna hjá tekjulausum unglingum með tæplega 15% miska og örorku. Sem dæmi má nefna, að örorku- og miskabætur til unglings sem er 15 ára á

tjóndegi, 17 ára á uppgjörsdegi, tekjulaus með 12% miska og 12% örorku hækka úr 520 þkr. í 3.050 þkr., eða um 546%.

Mikil breyting er á dreifingu örorkubóta eftir aldri, örorku og miska. Bætur til ungs tekjulauss fólk og fólks náægt sjötugu hækka að jafnaði meira en hjá öðrum. Þó eru til dæmi um lækkun bóta.

Bætur til mikið slasaðra ungabarna lækka, sem dæmi má nefna, að bætur til ungabarns sem er með 100% örorku og er tveggja ára á uppgjörsdegi lækka úr 21,6 Mkr. í 16,5 Mkr. eða um 24%.

Bætur til tekjulausra.

Bætur til tekjulausra einstaklinga skv. 8. gr. falla niður sem slíkar, en þess í stað er lagt til, að þessir tjónþolar fái greiddar örorkubætur miðað við lágmarkslaun. Bætur til þessara hópa hækka í flestum tilvikum verulega. Þetta þetta má rekja til þess að ekki verði lengur miðað við 15% lágmark miska til að tekjulausir fái bætur fyrir varanlega örorku. Miklu fleiri munu fá örorkubætur en áður, mest tekjulaust ungt fólk um og innan við tvítugt, sem einnig fær mesta hækkun vegna breytinga á örorkustuðli. Bætur til tekjulausra námsmanna geta margfaldast vegna þess að 15% markið fellur niður og þeir fá bætur miðað við lágmarkslaun.

Bætur vegna tímabundins tekjumissis.

Engar breytingar verða á þessum bótaþætti.

Þjáningarbætur.

Engar breytingar verða á þessum bótaþætti.

Sjúkrakostnaður.

Engar breytingar verða á þessum bótaþætti.

Útfararkostnaður.

Engar breytingar verða á þessum bótaþætti.

Bætur til eftirlifandi maka.

Ekki er lagt til að breyta texta 1. mgr. 13. gr. laganna sem fjalla um bætur til eftirlifandi maka. Bæturnar eru ákvarðaðar 30% af þeim bótum sem ætla má að hinn látni mundi hafa átt rétt á við algera örorku. Örorkubæturnar hækka í flestum tilvikum, og þar með makabæturnar. Erfitt er að meta heildaráhrif breytingatillagnanna á makabætur í því úrtaki sem stuðst er við að öðru leyti, aðeins eitt banaslys féll á félagið seinni hluta árs 1993. Því var brugðið á það ráð að skoða öll banaslys í umferðinni frá gildistöku skaðabótalaganna til ársloka 1995. Í því safni eru 7 banaslys, þar af 6 uppgerð. Í fjórum tilvikum er ekki um eftirlifandi maka að ræða og því ekki greiddar makabætur, í þremur tilvikum eru greiddar makabætur, þær hækka um 43%.

Bætur vegna framfærslu eftirlifandi barna.

Engar breytingar verða á þessum bótaþætti.

Vextir.

Talsverðar breytingar eru á vaxtaútreikningi í frumvarpsdrögunum frá því sem nú er. Vegur þar mest að vaxtaprósentan hækkar úr 2,0% í 4,5% og að vextir reiknast á örorkubætur frá örorkumatsdegi en ekki tjóndegi eins og áður. Ennfremur skal reikna vexti á tímabundið atvinnutjón sem ekki ber vexti samkvæmt gildandi lögum. Vextir hækka í tjónum sem eru gerð upp skömmu eftir tjóndag, en lækka í tjónum sem eru lengi í vinnslu. Ef gert er ráð fyrir að þau tjón sem nú eru óuppgerð verði að meðaltali eitt ár enn í vinnslu, tjón sé gert upp strax og örorkumat liggur fyrir og tímabundin örorka sé bætt jafn óðum þannig að ekki komi til vaxtagreisðlna af þeim sökum, þá lækka vaxtagreiðslur um 39%.

Uppgjörskostnaður.

Uppgjörskostnaður er þóknun lögmanns, kostnaður vegna örorkumats og læknisvottorð. Þessir liðir ættu ekki að þurfa að hækka, þó er spurning um lögmannskostnaðinn. Vinnuframlag lögmanna breytist lítið við breytingarnar, en bótafjárhæðirnar vaxa verulega. Þekkt er tilhneiging lögmanna til að taka mið af bótafjárhæðum þegar þeir meta vinnuframlag sitt. Hér er ekki gert ráð fyrir að uppgjörskostnaður breytist.

Annar kostnaður.

Annar kostnaður er t. d. umönnunarkostnaður til foreldra ungra tjónþola og ferðakostnaður við sérstakar aðstæður. Ekki er gert ráð fyrir að þessi kostnaður breytist.

Tjónakostnaður samtals.

Skoðuð voru öll tjón vegna umferðarslysa sem urðu á tímabilinu 1. júlí 1993 – 31.12.1993. Alls urðu 141 tjón á þessu tímabili, 53 eru uppgerð, 88 eru enn í vinnslu, misjafnlega langt komin. Búið er að greiða 125 Mkr inn á 116 tjón, 74 Mkr. vegna uppgerðra tjóna og 51 Mkr vegna óuppgerðra tjóna. Áætlað er að enn séu ógreiddar 98 Mkr, tjón verði samtals 223 Mkr.

Ef þessi tjón væru bætt samkvæmt frumvarpsdrögunum er áætlað að:

uppgerð tjón hækki	**úr**	**74 Mkr í**	**114 Mkr, þ.e.**	**54%**
tjón í vinnslu hækki	**úr**	**149 Mkr í**	**216 Mkr, þ.e.**	**45%**
samtals hækki tjón	**úr**	**223 Mkr í**	**330 Mkr, þ.e.**	**48%.**

Áður hefur verið minnst á að bætur hækki í lang flestum tilvikum, en bent hefur verið á dæmi þar sem bætur myndu lækka. Eftirfarandi tafla sýnir dreifingu breytinganna í tjónasafni félagsins frá seinni hluta árs 1993.

Hækkun bóta %	Fjöldi
-50 - 0	1
1 - 50	57
51 - 100	26
101 - 150	10
151 - 200	27
201 - 250	13
251 - 300	5
301 - 350	1
351 - 400	1
	141

Áhrif á iðgjöld.

Þegar iðgjöld eru ákvörðuð skal það haft í huga, að þau séu sanngjörn í garð vátryggingataka og í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað sbr. 55. gr laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994. Þetta þýðir að ef iðgjöld eru rétt ákvörðuð fyrir, þá breytist þau í sama hlutfalli og tjónakostnaðurinn. Í seinni tíð hefur samkeppnin á vátryggingamarkaðnum fengið aukið vægi við iðgjaldsákvörðun og vikið þessu tryggingafæðilega sjónarmiði til hliðar um stundarsakir. Til lengri tíma litið hljóta iðgjöldin þó að fylgja tjónaþunganum, ef þau eru of lág í einhverri vátryggingagrein í langan tíma hljóta þau að vera of há í einhverjum öðrum vátryggingagreinum og leiða til erfiðrar samkeppnisstöðu félagsins í þeim greinum. Lögmál markaðarins eiga að tryggja að sérhvert vátryggingafélag byggi iðgjaldaskrár sínar þannig upp, að þær nálgis áhættuna eins vel og unnt er, annars gerir keppinauturinn það.

Niðurstaðan er sú, að erfitt sé að segja til um þróun iðgjalds til skemmri tíma, fyrst eftir að vátryggingafélagi er orðið ljóst að hin tryggingalega áhætta hefur breyst, því ræður markaðurinn að miklu leyti, en til lengri tíma litið mun iðgjaldið laga sig að áhættunni.

Til lögboðinna ökutækjatrygginga teljast ábyrgðartryggingar ökutækja og slysatryggingar ökumanns. Í ábyrgðartryggingunni eru einnig bætt munatjón, frumvarpsdrögin hafa engin áhrif á þau. Í lögboðnum ökutækjatryggingum skiptast tjónagreiðslur þannig, að u.þ.b. 65% fara til að bæta slys á fólki en 35% fara til að bæta munatjón.

Ef **slysatjónin hækka um 48%** leiðir það til **31% hækkunar tjónakostnaðar**. Kostnaður við rekstur greinarinnar ætti ekki að þurfa að hækka jafn mikið, líklegt er að lögfesting frumvarpsdraganna leiddi til þess að **iðgjöld þyrftu að hækka um 28%** þegar til lengri tíma er litið að því gefnu, að þau séu tryggingafræðilega rétt fyrir.

Algengt iðgjald fyrir fjölskyldubíl að framrúðutryggingu meðtalinni er 23.800 kr. Þau myndu hækka í 30.000 kr.

Auk beinnar meðaltalshækkunar má reikna með að innbyrðis hlutföll áhættuhópa breytist. Líklegt má telja, að áhættan sem fylgir því að tryggja ungt fólk vaxi. Bætur ungra manna um og innan við tvítugt hækka mest samkvæmt frumvarpsdrögunum, en það er einmitt sá

hópur manna sem algengast er fái bætur úr ökumanns og eigendatryggingunni, þ.e. slys sem þeir hafa sjálfir valdið. Þessi hópur er einnig áberandi í hópi þeirra sem valda líkamstjónum á öðrum. Líklegt er að iðgjöld ungs fólks þurfi að hækka meira en annarra. Einnig gæti þurft að taka til endurskoðunnar iðgjöld þess fólks sem hefur börn á þessum aldri á heimili sínu.

Niðurlag

Niðurstaðan hér að framan, 48% hækkun slysatjóna, lítið eitt hærri en fyrri athugun sem gerð var í lok nóvember 1995 leiddi í ljós. Megin ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að launavísitalan hefur hækkað mun meira en lánskjaravísitalan á þessum tíma. Frá júlí 1993 til júní 1997 hefur lánskjaravísitalan hækkað úr 3.282 í 3.542 eða 7,9% meðan launavísitalan hefur hækkað úr 131,3 í 156,7 eða 19,3%. Þetta leiðir til þess að lágmarkslaunin hækka meira en aðrir þættir sem koma til útreiknings og hefur mikil áhrif á lokaniðurstöðuna. Það er varasamt að miða við mismunandi vísitölur í frumvarpinu, þær geta þróast mismunandi eins og hér hefur gerst og breytt hlutföllum í tjónafjárhæðum.

Lögboðnar ökutækjatryggingar

Sundurliðun slysatjóna eftir bótaþáttum, tjónatímabil 01.07.1993 - 31.12.1993

Tjón gerð upp og áætluð á grundvelli skaðabótalaganna nr. 50/1993.

	Öll	Í vinnslu	Uppgerð	Hlutfallsleg skipting bótaþátta: Öll	Í vinnslu	Uppgerð
Miskabætur	50.781.397	34.748.628	16.032.769	23	23	22
Örorkubætur	54.895.787	29.498.325	25.397.462	25	20	34
Til tekjulausra skv. 8. gr.	30.736.352	29.329.439	1.406.913	14	20	2
Tímabundin örorka	33.491.713	20.213.497	13.278.216	15	14	18
Þjáningarbætur	11.971.348	7.142.927	4.828.421	5	5	7
Sjúkrakostnaður	7.636.303	5.030.941	2.605.362	3	3	4
Útfararkostnaður	250.000	0	250.000	0	0	0
Makabætur	0	0	0	0	0	0
Barnalífeyrir	0	0	0	0	0	0
Vextir	10.276.929	8.239.524	2.037.404	5	6	3
Uppgjörskostnaður	19.424.045	13.204.223	6.219.822	9	9	8
Annar kostnaður	3.883.155	1.899.721	1.983.434	2	1	3
Tjón samtals	**223.347.029**	**149.307.226**	**74.039.803**	**100**	**100**	**100**
Fjöldi tjóna	141	88	53			
Meðaltjón	1.584.021	1.696.673	1.396.977			

Tjón gerð upp og áætluð á grundvelli frumvarpsdraga GJ og GC frá 10.11.1995.

	Öll	Í vinnslu	Uppgerð	Öll	Í vinnslu	Uppgerð
Miskabætur	51.570.311	34.956.799	16.613.512	16	16	15
Örorkubætur	195.576.258	129.768.548	65.807.710	59	60	58
Til tekjulausra skv. 8. gr.	0	0	0	0	0	0
Tímabundin örorka	33.491.713	20.213.497	13.278.216	10	9	12
Þjáningarbætur	11.971.348	7.142.927	4.828.421	4	3	4
Sjúkrakostnaður	7.636.303	5.030.941	2.605.362	2	2	2
Útfararkostnaður	250.000	0	250.000	0	0	0
Makabætur	0	0	0	0	0	0
Barnalífeyrir	0	0	0	0	0	0
Vextir	6.247.766	3.849.871	2.397.895	2	2	2
Uppgjörskostnaður	19.424.045	13.204.223	6.219.822	6	6	6
Annar kostnaður	3.883.155	1.899.721	1.983.434	1	1	2
Tjón samtals	**330.050.900**	**216.066.527**	**113.984.372**	**100**	**100**	**100**
	141	88	53			
	2.340.787	2.455.301	2.150.649			

Hlutfallsleg breyting á skiptingu bótaþátta, **Frumv.drög / Lög 1993** ö / m = 0,75

	Öll	Í vinnslu	Uppgerð
Miskabætur	1,02	1,01	1,04
Örorku og heimav.bætur	2,28	2,21	2,46
Til tekjulausra skv. 8. gr.	-	-	-
Tímabundin örorka	1,00	1,00	1,00
Þjáningarbætur	1,00	1,00	1,00
Sjúkrakostnaður	1,00	1,00	1,00
Útfararkostnaður	1,00	-	1,00
Makabætur	-	-	-
Barnalífeyrir	-	-	-
Vextir	0,61	0,47	1,18
Uppgjörskostnaður	1,00	1,00	1,00
Annar kostnaður	1,00	1,00	1,00
Tjón samtals	**1,48**	**1,45**	**1,54**

Lágmarkslaun 1.670.000

Hlutfall Slysatj	Áhrif kostnaðar	Hækkun slysatj	Hækkun tjónahlutf
0,65	1,00	0,48	0,31
0,65	0,90	0,48	0,28
0,65	0,80	0,48	0,25


Sérstök athugun á banaslysum 01.07.1993 - 31.12.1995

	Skaðab.Lög	Frumvarp	Frmv / Lög
Útfararkostnaður	1.484.192	1.484.192	1,00
Makabætur	14.613.889	20.940.698	1,43
Barnalífeyrir	3.885.840	3.885.840	1,00
Annað	2.790.023	2.457.350	0,88
Tjón samtals	**22.773.943**	**28.768.080**	**1,26**
Fjöldi tjóna	7	7	
Meðaltjón	3.253.420	4.109.726	

Samanburður á fjölda slasaðra í umferðinni á Íslandi, Danmörku og Svíþjóð.

Tölur fyrir árið 1995.

	Ísland	Svíþjóð	Danmörk
Fjöldi slysa m.v. 100.000 ökutæki	1565,0	875,0	523,0
Fjöldi slysa m.v. 100.000 íbúa	879,0	444,0	211,0



	Íbúar	Vélknúin ökutæki	Slys skv. skráningu vátr. fél.
Ísland	268.000	150.500	2.356
Svíþjóð	8.837.000	4.488.900	39.270
Danmörk	5.019.000	2.022.000	10.573

slys = líkamstjón

Fskj. 6.

Vátryggingaeftirlitið
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík.

Reykjavík, 5. nóvember 1997.

Við undirrituð erum í nefnd til endurskoðunar á skaðabótalögum, sem skipuð var af dómsmálaráðherra skv. 3. gr. laga nr. 42/1996. Meðal verkefna nefndarinnar er að kanna hvort breyttar bótareglur muni leiða til hækkunar iðgjalda. Nefndinni var ætlað að ljúka störfum í október 1997. Nú hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til breytingar á lögum nr. 42/1996 (mál nr. 58) þar sem gert er ráð fyrir að starfstími nefndarinnar framlengist um eitt ár.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið um framlengingu á starfstíma nefndarinnar segir m.a. svo:

> *Samkvæmt bréfi nefndarinnar til ráðherra, dags. 15. september 1997, er starf nefndarinnar vel á veg komið. Þó telur nefndin að enn skorti fullnægjandi upplýsingar um tjónakostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna eftir gildistöku skaðabótalaganna 1. júlí 1993. Slíkar upplýsingar séu forsenda þess að unnt sé að meta áhrif einstakra tillagna, sem nefndin kynni að gera, á iðgjöld bifreiðatrygginga. Þá telur nefndin að hún hafi fengið misvísandi upplýsingar um fjölda bótaskyldra slysa sem leiða til bótagreiðslu fyrir líkamstjón. Nefndin telur að senn líði að því að slys, sem urðu síðari hluta árs 1993 og árið 1994, verði að mestu uppgerð.....*
>
> *....Með hliðsjón af röksemdum nefndarinnar er lagt til að ákvæði til bráðabirgða með skaðabótalögum verði breytt þannig að nefnd þeirri sem falið hefur verið að endurskoða lögin verði veitt nauðsynlegt svigrúm til að ljúka störfum sínum. Þykir hæfilegt að sá frestur verði til október 1998, enda er verkefnið í senn flókið og umfangsmikið.*

Af framangreindri tilvitnun má ráða að það er eitt af verkefnum nefndarinnar skv. ákvörðun Alþingis að afla áreiðanlegra upplýsinga um kostnað af líkamstjónum sem greiðist af bifreiðatryggingum skv. gildandi lögum.

Nefndin vísar til fundar sem hún átti með dr. Helga Þorssyni, tölfræðingi, þann 3. október sl. Á fundinum var þess óskað að Vátryggingaeftirlitið legði nefndinni lið við öflun upplýsinga um kostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna eftir breytinguna á skaðabótalögunum 1. júlí 1993.

Nánar tiltekið vísaði nefndin til athugunar Bjarna Guðmundssonar cand. act., dags. 08.12.95, á áhrifum tillögu Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessen til breytinga á skaðabótalögum á bótafjárhæðir vegna líkamstjóna í lögboðnum bifreiðatryggingum.

Athugunin var byggð á gögnum sem SÍT safnaði um öll slys sem urðu síðari hluta ars 1993, þ.e. eftir að skaðabótalögin tóku gildi. Náði athugunin til rúmlega 90% af tryggingastofni í lögboðnum bifreiðatryggingum. Fulltrúar SÍT kynntu niðurstöður athugunar Bjarna fyrir allsherjarnefnd Alþingis í desember 1995, þegar tillögur til breytinga á skaðabótalögunum voru þar til umfjöllunar. Aðalniðurstaða athugunarinnar var sú að iðgjöld bifreiðatrygginga þyrftu að hækka verulega, yrðu tillögurnar að lögum.

Í athugun Bjarna var byggt á upplýsingum sem SÍT safnaði um stöðu 921 slysamáls frá tímabilinu 1. júlí 1993 til loka þess árs. Voru þetta öll skráð slys á tímabilinu. Málunum var skipt í þrjá flokka. Í fyrsta flokk var skipað 119 málum sem voru uppgerð eða langt komin. Í annan flokk var skipað 215 málum þar sem nokkrar upplýsingar lágu fyrir. Í þriðja flokki voru 587 mál sem ekki voru svo langt komin að unnt væri að skipta áætlun niður á bótaþætti. Áætlaður líkamstjónakostnaður eins árs var þannig fenginn að áætlaður meðalkostnaður á tjón í flokki 1 og 3 var ákveðinn ein milljón króna, en sautjánhundruðþúsund í flokki 2. Sú niðurstaða sem þannig fékkst var síðan umreiknuð miðað við tjónafjölda á heilu ári og allan tryggingastofninn.

Nú eru liðin rúm 4 ár að jafnaði frá því tjón síðari hluta árs 1993 urðu. Líklega er stærstur hluti málanna þegar frágenginn eða svo miklar upplýsingar fyrirliggjandi að fá megi fram áreiðanlegar niðurstöður um heildarkostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna á umræddu tímabili. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að farið verði aftur yfir stöðu málanna 921 til þess að sem nákvæmastar upplýsingar fáist um tjónakostnaðinn. Mat Bjarna Guðmundssonar árið 1995 byggðist á upplýsingum sem fengust með því að fara í gegnum þessi mál hvert fyrir sig. Nauðsynlegt er að slíkt verði einnig gert nú.

Nokkur vinna kann að vera samfara því að yfirfara málin, en ástæða er til þess að vekja athygli á því að þegar verkið var unnið árið 1995 tók það stuttan tíma. Ætla má að verkið verði auðsóttara nú, þar sem telja verður að allar upplýsingar séu nú mun aðgengilegri en þá var.

Á fyrrgreindum fundi með dr. Helga Þórssyni upplýsti nefndin að hún hafi leitað til SÍT með beiðni um að verk þetta yrði unnið. Var það gert á fundi með framkvæmdastjóra SÍT 2. júní 1997. Skriflegt erindi sama efnis var sent SÍT þann dag. Á fundi með nefndinni 12.09.97 kynnti framkvæmdastjórinn, ásamt Ragnari Þ. Ragnarssyni tryggingastærðfræðingi, skýrslu er unnin var úr gögnum Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og tilkynnti framkvæmdastjórinn, að SÍT treysti sér ekki að verða við beiðni nefndarinnar að öðru leyti.

Dr. Helgi Þórsson tilkynnti nefndinni nú nýverið símleiðis, að Vátryggingaeftirlitið ætti af ýmsum ástæðum erfitt með að verða við beiðninni, a.m.k. það snemma að gagn yrði af fyrir nefndina.

Nefndin vill hér með óska þess að Vátryggingaeftirlitið endurskoði framangreinda afstöðu sína. Eins og fram kemur í bréfi þessu er það verkefni nefndarinnar, skv. ákvörðun Alþingis, að afla áreiðanlegra upplýsinga á þessu sviði. Sérþekking á málefninu er fyrir hendi hjá Vátryggingaeftirlitinu og reyndar má telja að verkefnið falli

beinlinis að lögbundnu verksvið þess. Er þess hér með óskað að Vátryggingaeftirlitið taki verkefnið að sér og hafi samráð við nefndina um úrvinnslu þess.

Skriflegs svars yðar við bréfi þessu er óskað við fyrsta tækifæri og sendist formanni nefndarinnar Guðmundi Jónssyni, Bólstaðarhlíð 4, 105 Reykjavík.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Jónsson, fyrrv. hæstaréttardómari.
Gestur Jónsson hrl.
Sigrún Guðmundsdóttir hrl.

Fskj. 7.

Hr. Guðmundur Jónsson
Bólstaðarhlíð 4
105 Reykjavík

Reykjavík 14/11/97

Efni: Varðandi bréf nefndar sem annast endurskoðun skaðabótalaga.

Vísað er til bréfs nefndarinnar til eftirlitsins dags. 05.11. sl. þar sem þess er óskað að eftirlitið taki að sér það verkefni fyrir nefndina að athuga hverjar hafi verið endanlegar bótafjárhæðir tiltekinna 921 slysamála er komu til á síðari hluta árs 1993 og Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT) hafði safnað upplýsingum um síðla árs 1995.

Eftirlitið getur ekki orðið við beiðni nefndarinnar um að skoða þessi mál sérstaklega. Slík athugun hefur ekki tilgang í eftirlitsstarfi okkar og hæpið að telja það lið í starfsskyldum að skoða hin tilteknu slysamál nú. Það væri vart innlegg í umræðu um breytingar á skaðabótalögum að sjá hvernig uppgjör hafi reynst í þessum tilteknu málum miðað við áætlun þeirra í byrjun. Það væri fyrst og fremst athugun á tilteknum starfa tjónamanna vátryggingafélaganna. M.ö.o. samanburður á endanlegu uppgjöri hinna tilteknu slysamála miðað við mat þeirra á sínum tíma hefði takmarkað gildi vegna þeirrar óvissu sem óhjákvæmilega var fyrir hendi um endanlegar bótafjárhæðir.

Eftirlitið mun síðar í vetur geta látið nefndinni í té upplýsingar um samanlagðar greiðslur og tjónaskuld fyrir hvert tjónaár í lok hvers reikningsárs til loka 1996 fyrir félögin samanlagt. Jafnframt er unnt að bæta við rekstrarkostnaði og bera saman við fjármunatekjur og innkomin iðgjöld. Hluti þessara gagna hefur verið sendur nefndinni sbr. erindi nefndarinnar til eftirlitsins í mars sl. og samskipti í framhaldi af því.

Í bréfi yðar kemur fram að SÍT hafi hafnað skriflegu erindi nefndarinnar. Getið er skýrslu sem nefndin mun hafa fengið frá Tryggingamiðstöðinni hf. Nefndin virðist ekki hafa leitað til einstakra vátryggingafélaga með það erindi sem hér um ræðir. Það er mikilvægt að gott samstarf sé á milli nefndarinnar og vátryggingafélaganna við úrslausn þessa verkefnis. Eftirlitið hvetur því nefndina til að láta reyna á viðræður við félögin eða fulltrúa þeirra, þar sem hún skilgreini þann vanda sem hún telur sig vera í. Það leitar á huga eftirlitsins hvort samstarf við vátryggingafélögin hafi verið reynt til hins ítrasta og hvort óþarfa tortryggni og fyrirfram mótuð afstaða ríki í milli aðila.

Framanrituðu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
Vátryggingaeftirlitið.
Rúnar Guðmundsson
skrifstofustjóri.

Fskj. 8.

IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Vátryggingaeftirlitið
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

16. desember 1997

Með bréfi, dags. 9. desember sl, óskaði dómsmálaráðuneytið eftir því við viðskiptaráðuneytið að það hlutaðist til um að Vátryggingaeftirlitið aðstoðaði nefnd þá sem vinnur að endurskoðun skaðabótalaga og starfar samkvæmt 3. gr. l. nr. 42/1996 við útvegun upplýsinga.

Nefndin fór þess á leit við yður með bréfi, dags. 5. f.m., að þeir tækjuð saman upplýsingar um tjónabætur sem greiddar hafa verið í 921 líkamstjóni sem urðu á seinni hluta árs 1993 og að þér hefðuð samráð við hana um úrvinnslu þeirra upplýsinga sem út úr athugun yðar kæmi.

Með bréfi, dags. 14. f.m., höfnuðuð þér því að vinna umbeðnar upplýsingar fyrir nefndina á þeim grundvelli að slík upplýsingaöflun félli ekki að hlutverki yðar sem eftirlitsaðila.

Auk yðar hefur ráðuneytið átt fundi með Sambandi íslenskra tryggingafélaga og nefnd þeirri er vinnur að endurskoðun skaðabótalaganna.

Eitt af verkefnum eftirlitsaðila með vátryggingastarfsemi er að hafa eftirlit með því að uppgjör tjóna sé í samræmi við lög og reglur, enda segir m.a. í 55. gr. laga um vátryggingastarfsemi að eftirlitið skuli fylgjast með iðgjaldagrundvelli vátrygginga með það fyrir augum að iðgjöld sem í boði eru hér á landi séu sanngjörn í garð vátryggingataka. Ráðherra telur það vera eitt af verkefnum Vátryggingaeftirlitsins samkvæmt tilvitnaðri lagagrein að kanna hvernig staðið hefur verið að uppgjöri tjóna og taka saman upplýsingar um niðurstöður tjónabóta.

Ráðherra telur hins vegar að frekari úrvinnsla þeirra upplýsinga og mat á þeim, svo sem mat á hugsanlegum breytingum á skaðabótalögum á bætur til einstakra tjónþola eða áhrif hugsanlegra breytinga á iðgjöld eða annað hliðstætt mat, sé ekki í verkahring Vátryggingaeftirlitsins. Einnig geti það almennt haft áhrif á framtíðarmöguleika eftirlitsaðila til eftirlits með framkvæmd á þeim sviðum þar sem hann hefur með beinum hætti komið að stefnumarkandi vinnu.

Að teknu tilliti til lögbundinnar stöðu nefndar þeirrar sem vinnur að endurskoðun

skaðabótalaga og eindregins vilja sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingu á skaðabótalögum sem nú liggur fyrir Alþingi, vill ráðherra mælast til þess að þér takið saman umræddar upplýsingar. Lítur ráðherra svo á að í því felist að athuga hverjar hafi verið endanlegar bótafjárhæðir hinna tilteknu slysamála er komu til á síðari hluta árs 1993. Verði nefndinni veittar samandregnar upplýsingar um niðurstöður þeirrar athugunar, sbr. 51. gr. laga um vátryggingastarfsemi.

Ráðherra leggur, með vísan til 51. gr. l. nr. 60/1994, áherslu á að gætt sé viðskiptaleyndar um þá þætti í ofangreindri athugun sem varða mikilvæga viðskiptahagsmuni þeirra sem hlut koma að máli. Með það í huga er þess farið á leit við yður að þér verðið í viðræðum við nefndina um meðferð málsins.

Finnur Ingólfsson.
Halldór J. Kristjánsson.

Fskj. 9.

VÁTRYGGINGAEFTIRLITIÐ

Lagt fram til kynningar á fundi hjá eftirlitinu 14.01. 1998 með þeirri nefnd sem annast endurskoðun skaðabótalaga.

Frá eftirlitinu eru auk undirritaðs á fundinum, Rúrik Vatnarsson og Helgi Þórsson.

Til fundarins var boðað í framhaldi af bréfi nefndarinnar til eftirlitsins dags. 29.12. sl.

Óþarft er að rekja forsögu málsins og aðdraganda fundarins. Þess má þó geta að viðskiptaráðherra fór þess á leit við eftirlitið, með bréfi dags. 16.12. sl., að það kanni hvernig staðið hefur verið að uppgjöri tiltekinna tjóna ársins 1993 og að teknar verði saman upplýsingar um niðurstöður tjónabóta. Hann telur "hins vegar að frekari úrvinnsla þeirra upplýsinga og mat á þeim, svo sem mat á hugsanlegum breytingum á skaðabótalögum á bætur til einstakra tjónþola eða áhrif hugsanlegra breytinga á iðgjöld eða annað hliðstætt mat, sé ekki í verkahring Vátryggingaeftirlitsins. Einnig geti það almennt haft áhrif á framtíðarmöguleika eftirlitsaðila til eftirlits með framkvæmd á þeim sviðum þar sem hann hefur með beinum hætti komið að stefnumarkandi vinnu." Ráðherra hefur því mælst til þess að eftirlitið taki saman upplýsingar um hverjar hafi verið endanlegar bótafjárhæðir hinna tilteknu slysamála er komu til á síðari hluta árs 1993. Að nefndinni verði veittar samandregnar upplýsingar um niðurstöður þeirrar athugunar að gættri 51. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum. Ráðherra leggur áherslu á að gætt sé viðskiptaleyndar um þá þætti í þeirri athugun sem framundan er sem varða mikilvæga viðskiptahagsmuni þeirra sem hlut eiga að máli.

Eftirlitið vill svo sem frekast er unnt og lög og starfsskyldur heimila, aðstoða nefndina við endurskoðun skaðabótalaga.

Tilgangur þessa fundar er einkum sá að undirbúa það verkefni sem framundan er. Eftirlitið telur mikilvægt að fá nánari upplýsingar frá nefndinni um hvaða atriði það eru sem hún telur sig þurfa. Eftirlitið mun síðar taka ákvörðun um hvaða gögn og upplýsingar það getur látið nefndina hafa.

Nokkur atriði má nefna í framhaldi af framanrituðu:

1. Eftirlitið vinnur við undirbúning þeirrar athugunar sem framundan er m.ö.o. mótun verklags.

2. Eftir því sem nauðsyn ber til mun eftirlitið yfirfara öll líkamstjónin sem urðu á síðari hluta ársins 1993. Til álita er hvort staðið verði að fyllri athugun en þeirri sem rætt hefur verið um í þessu tilviki, þ. á m. hvort fleiri ár verði skoðuð.

3. Athugun eftirlitsins getur hafist fljótlega. Fyrirsjáanlegt er að verkefnið getur tekið einhverja mánuði. Það ræðst af fyrirkomulagi skráningar hjá vátryggingafélögunum og umfangi þeirrar athugunar sem ráðist verður í.

4. Fyrirhugað er að upplýsa um raunverulegan tjónakostnað vátryggingafélaganna. Væntanlega þarf að skoða fleiri vátryggingagreinar en ökutækjatryggingar, t.d. ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur. Huga getur þurft að atriðum svo sem; fjölda tjóna, skiptingu tjónakostnaðar sbr. greiðslur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku, miska, sjúkrakostnaðar, á hverju byggist mat á eftirstöðvum tjóna sem ekki eru uppgerð, hve mikið er um svonefnd "0" tjón og ástæður þessa o.s.frv.

Að svo mæltu er óskað eftir umræðum á fundinum!

Rúnar Guðmundsson
skrifstofustjóri.

Fskj. 10.

Vátryggingaeftirlitið
b.t. skrifstofustjóra
Rúnars Guðmundssonar
Suðurlandsbraut 6
150 Reykjavík.

Reykjavík, 15. janúar 1998.

Vísað er til fundar okkar í gær með fulltrúum Vátryggingaeftirlitsins varðandi hvernig staðið skuli að könnun á tjónakostnaði bifreiðatrygginga (líkamstjón) vegna slysa sem urðu síðari hluta árs 1993, þ.e. fyrsta misserinu sem skaðabótalögin nr. 50/1993 voru í gildi.

Á fundinum skiptust aðilar á skoðunum um hvernig standa beri að könnuninni og í framhaldinu óskaði eftirlitið þess að nefndin gerði skriflega nánari grein fyrir hugmyndum sínum í þessu efni.

Nefndin vísar til bréfs síns til eftirlitsins frá 5. nóvember 1997, en þar er verkefninu ítarlega lýst. Markmiðið með könnuninni er að fá fram niðurstöður um heildartjónakostnað (líkamstjón) bifreiðatrygginga á umræddu tímabili. Nauðsynlegt er að eftirlitið yfirfari þau 921 mál sem um ræðir með sjálfstæðri könnun frumgagna. Nefndin leggur á það áherslu að staðið verði að könnuninni með þeim hætti að niðurstöðurnar verði traustar.

Vegna þess sem fram kemur í minnisblaði Rúnars Guðmundssonar, sem lagt var fram á fundinum, tekur nefndin fram að upplýsingar um skiptingu kostnaðar á einstaka bótaþætti væru vel þegnar. Nefndin leggur einungis áherslu á að slík gagnaöflun verði ekki til þess að tefja verkið. Tekið skal fram að upplýsingar um hvaða félög eiga í hlut eða hverjir hinni slösuðu eru skipta engu máli. Nefndarmenn taka það fram að þeir munu gæta þagmælsku um þær upplýsingar sem leynt eiga að fara.

Nefndin hefur ekki forsendur til þess að gera nánari tillögur til eftirlitsins um verklag við framkvæmd verksins, þar sem nefndin hefur ekki upplýsingar um hvernig skráningu upplýsinga er háttað hjá vátryggingafélögunum. Nefndin leyfir sér að óska þess að Vátryggingaeftirlitið hafi samráð við hana um framkvæmd verksins.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Jónsson.
Gestur Jónsson.
Sigrún Guðmundsdóttir.

Fskj. 11.

Vátryggingaeftirlitið
b.t. skrifstofustjóra
Rúnars Guðmundssonar
Suðurlandsbraut 6
150 Reykjavík.

Reykjavík, 13. febrúar 1998.

Vísað er til fundar okkar þann 14. janúar sl. með fulltrúum Vátryggingaeftirlitsins og bréfs okkar næsta dag varðandi verklag við könnun á tjónakostnaði bifreiðatrygginga. Í niðurlagi bréfsins kom fram ósk nefndarinnar um að eftirlitið hefði samráð við hana um framkvæmd verksins.

Nefndin hefur engar spurnir haft af framgangi verksins né hvernig að því er staðið. Vegna þess takmarkaða tíma sem nefndin hefur til að ljúka verkefni sínu leyfir hún sér að óska upplýsinga um stöðu mála.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Jónsson.
Gestur Jónsson.
Sigrún Guðmundsdóttir.

Fskj. 12.

Guðmundur Jónsson
formaður nefndar til endurskoðunar á skaðabótalögum
Bólstaðarhlíð 4
105 Reykjavík

Reykjavík 18/02/98

Varðar stöðu könnunar á bótafjárhæðum vegna líkamstjóna sem urðu síðari hluta árs 1993, sbr. bréf yðar dags 13. þ.m. móttekið í gær

Hinn 16. jan. sl. sendi Vátryggingaeftirlitið bréf þeim fjórum vátryggingafélögum sem stunduðu ökutækjatryggingar á Íslandi 1993 og enn eru starfandi. Í bréfinu greindi frá ráðgerðu fyrirkomulagi könnunarinnar í stórum dráttum. Áttu starfsmenn eftirlitsins síðan fund með stjórnendum hvers félags um sig, fengu yfirlit sem til voru á hverjum stað yfir líkamstjón í ökutækjatryggingum á síðari hluta árs 1993 og óskuðu í sumum tilvikum eftir gögnum sem fljótlegt var talið að vinna til fyllingar þeim sem fyrir lágu. Síðustu gögn úr þessari forkönnun eru að berast.

Á næstunni mun eftirlitið skilgreina samræmt yfirlit og afla viðbótargagna í samræmi við það til þess að fá stöðu og áætlaðar eftirstöðvar umræddra tjóna á síðustu áramótum. Jafnframt verða könnuð frumgögn um einstök tjón, eftir atvikum úrtak eða tiltekna tjónaflokka í heild til þess að sannprófa yfirlitsgögnin. Samhliða þessu verða einnig kannaðir nánar vinnuhættir hvers félags við skráningu tjóna og við áætlanir, m.a. aðferð við ákvörðun svonefnds meðaltjóns.

Framanrituðu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
Vátryggingaeftirlitið.
Helgi Þórsson.

Fskj.

Afrit af kynningarbréfi til bifreiðatryggingafélaga.

Tryggingamiðstöðin hf.
Aðalstræti 6
101 Reykjavík

Reykjavík 16. janúar 1998

Varðar: Könnun Vátryggingaeftirlitsins á bótafjárhæðum vegna líkamstjóna sem urðu síðari hluta árs 1993

Á síðasta ári urðu umræður um gagnaöflun fyrir nefnd sem vinnur að endurskoðun á skaðabótalögum og samskipti nefndarinnar við bifreiðatryggingafélög, Vátryggingaeftirlitið og Samband Íslenskra tryggingafélaga. Eins og yður mun vafalítið kunnugt urðu málalyktir þær að viðskiptaráðherra mæltist til að Vátryggingaeftirlitið, í tengslum við eftirlitsstarf sitt, aflaði upplýsinga um endanlegar bótafjárhæðir vegna slysa sem urðu á síðari hluta árs 1993. Skyldu upplýsingar þessar taka til allra umferðarslysa, en veittar nefndinni í samandregnu formi að gættri 51. grein laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994 með breytingum skv. lögum nr. 63/1997. Vátryggingaeftirlitið mun verða við þessum tilmælum ráðherra en afla jafnframt annarra upplýsinga sem það telur hafa þýðingu í starfi sínu.

Vátryggingaeftirlitið vinnur nú að undirbúningi umræddrar könnunar. Könnunin mun einkum beinast að umferðarslysum sem urðu á tímabilinu 1.júlí til 31. desember 1993, en taka til annarra vátryggingagreina og annarra tímabila eftir því sem tilefni kunna að gefast. Hún mun m.a. taka til greiddra bóta og áætlaðra, fjárhæða, tímasetninga og vinnuaðferða félaganna við mat tjóna og áætlun eftirstöðva. Ætlunin er að afla upplýsinga um hvert líkamstjón frá þessum tíma og um aðferðir við áætlun á tjónaskuld vegna þeirra. Ráðgert er að afla gagnanna með athugun hjá félögunum í febrúar og mars nk.

Næsta skref í undirbúningi könnunar þessarar er að Vátryggingaeftirlitið eigi fund með viðkomandi vátryggingafélögum til þess að kynna skipulag hennar og fá upplýsingar um fyrirkomulag á gögnum félagsins um umrædd líkamstjón. Á slíkum fundi óskar eftirlitið eftir að hitta þá stjórnendur félagsins sem með þessi mál fara, ásamt þeim starfsmönnum sem þekkja til uppgjörs og mats á líkamstjónum og stjórnendur félagsins telja ástæðu til að kveðja til.

Lagt er til að slíkur fundur verði haldinn föstudaginn 23. jan. nk. kl. 10:30 í húsakynnum félagsins og standi í rúma klukkustund. Gert er ráð fyrir að af hálfu Vátryggingaeftirlitsins sitji fundinn auk undirritaðs, Rúrik Vatnarsson lögfræðingur. Góðfúslega hafið samband við undirritaðan eða Erlu Eyjólfsdóttur hjá Vátryggingaeftirlitinu til að staðfesta fundartímann eða finna annan hentugri.

Virðingarfyllst,
Vátryggingaeftirlitið.
Helgi Þórsson.

Fskj. 13.

Vátryggingaeftirlitið
b.t. skrifstofustjóra
Rúnars Guðmundssonar
Suðurlandsbraut 6
150 Reykjavík.

Reykjavík, 31. mars 1998.

Vísað er til fundar okkar þann 14. janúar sl. með fulltrúum Vátryggingaeftirlitsins og bréfs okkar næsta dag varðandi verklag við könnun á tjónakostnaði bifreiðatrygginga. Þá er vísað til fyrirspurnarbréfs okkar frá 13. febrúar sl. og svars eftirlitsins frá 18. febrúar sl., en því fylgdi afrit bréfs til eins vátryggingafélaganna um undirbúning könnunarinnar.

Þrátt fyrir ósk nefndarinnar um að eftirlitið hefði samráð við hana um framkvæmd verksins hefur ekkert samráð átt sér stað. Að auki hefur nefndin ekki haft aðrar spurnir af gangi verksins en að framan er lýst. Nefndin leyfir sér að undirstrika fyrri óskir um samvinnu við framkvæmd könnunarinnar og mikilvægi þess að niðurstöður berist alveg á næstunni.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Jónsson, fyrrv. hæstaréttardómari.
Gestur Jónsson hrl.
Sigrún Guðmundsdóttir hrl.

Fskj. 14.

Guðmundur Jónsson
formaður nefndar til endurskoðunar á skaðabótalögum
Bólstaðarhlíð 4
105 Reykjavík

Reykjavík 16. júní 1998

Hjálagt er handrit að skýrslu um bótafjárhæðir vegna líkamstjóna sem urðu í umferðarslysum síðari hluta árs 1993. Greint er frá greiðslum til þessa og mati bifreiðatryggingafélaganna á því hve mikið sé enn ógreitt af bótum vegna þessara slysa. Handritið er einvörðungu lýsandi um stöðu þessara tjóna við síðastliðin áramót, en ekki er hér lagt mat á hve mikið af áætluðum eftirstöðvum muni koma til greiðslu og hve mikið fé kunni að losna úr tjónaskuld vegna þessara slysa þegar uppgjöri þeirra verður lokið.

Við fyrstu hentugleika er æskilegt að við ræðum hvaða frekari vinnsla þessara gagna sé hugsanleg og gagnleg nefndinni.

Virðingarfyllst,
Vátryggingaeftirlitið.
Helgi Þórsson.

Bótafjárhæðir vegna líkamstjóna sem urðu síðari hluta árs 1993

Aðdragandi og gagnaöflun

Skaðabótalög gengu í gildi hinn 1. júlí 1993. Nefnd vinnur nú að endurskoðun laganna og hefur hún talið gagnlegt til að meta reynsluna af þeim að fá upplýsingar um uppgjör líkamstjóna sem urðu á fyrsta hálfa árinu sem lögin giltu. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið óskaði því eftir því við Vátryggingaeftirlitið með bréfi dagsettu 16. desember 1997 að eftirlitið athugaði hverjar hafi verið endanlegar bótafjárhæðir vegna slysa er urðu síðari hluta árs 1993.

Athugun Vátryggingaeftirlitsins beindist einkum að stöðu þessara tjóna við lok ársins 1997. Einnig var aflað upplýsinga um dagsetningu á öllum greiðslum, rætt við tjónamenn og deildarstjóra hvers félags um ýmis álitamál og farið yfir úrtak úr tjónamöppum. Óskað var upplýsinga um öll líkamstjón sem urðu á tímabilinu og bætt voru eða bætt verða samkvæmt skaðabótalögum hjá bifreiðatryggingafélögunum. Úrvinnsla sem hér er greint frá takmarkast við líkamstjón sem urðu í umferðarslysum, en fjögur vátryggingafélög annast nú uppgjör þeirra.

Með bótafjárhæðum eða bótum er í þessari skýrslu átt við allan kostnað sem vátryggingafélag greiðir vegna tjónsins. Innri kostnaður félaganna við uppgjör tjóna er þó yfirleitt ekki talinn með. Greiðslur eru lagðar saman beint án verðbóta, þótt þær hafi verið inntar af hendi á mismunandi tíma.

Heildarkostnaður vegna líkamstjóna í umferðarslysum sem urðu síðari hluta árs 1993 er áætlaður 1181 milljón króna. Í árslok 1997 höfðu 605 milljónir verið greiddar, en 576 milljónir voru áætlaðar ógreiddar. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þessum tjónum.

Ljóst er að uppgjöri líkamstjóna sem urðu í umferðinni síðari hluta árs 1993 og bætt eru samkvæmt skaðabótalögum er ekki lokið. Samkvæmt áætlunum vátryggingafélaganna er rúmur helmingur heildarskuldbindinga greiddur. Hafa þarf í huga að mat á óuppgerðum skuldbindingum er óvissu undirorpið og að vátryggingafélögum ber að meta eftirstöðvar af nokkurri svartsýni, þannig að sjaldgæft verði að eftirstöðvar séu vanmetnar í heild. Hluti áætlaðra eftirstöðva ætti því að standa ógreiddur þegar uppgjöri þekktra mála verður lokið og fyrningarfrestir liðnir. Mat bifreiðatryggingafélaga á eftirstöðvum er Vátryggingaeftirlitinu kunnugt og hefur eftirlitið ekki gert við það athugasemdir.

Yfirlit

Tafla 1 sýnir greiðslur til ársloka 1997 og áætlaðar eftirstöðvar ásamt fjölda tjónþola. Í töflunni eru tjónin flokkuð eftir því hve langt uppgjör þeirra er komið og meðaltjón reiknað í hverjum flokki.

Tafla 1: Líkamstjón í umferðarslysum sem urðu síðari hluta árs 1993

	Staða tjóna			Samtals		
Heildartölur	**Uppgert**	**Í vinnslu**	**Óhreyft**	**Hreyfð tjón**	**Óuppgerð tjón**	**Öll tjón**
Greitt við árslok 1997	513.970.405	90.943.326		604.913.731	90.943.326	604.913.731
Áætlað ógreitt við árslok 1997		400.142.512	176.185.190	400.142.512	576.327.702	576.327.702
Áætlaður heildarkostnaður	513.970.405	491.085.838	176.185.190	1.005.056.243	667.271.028	1.181.241.433
Fjöldi tjónþola	433	374	250	807	624	1057
Meðaltjón						
Greitt við árslok 1997	1.186.999	243.164		749.583	145.743	572.293
Áætlað ógreitt við árslok 1997		1.069.900	704.741	495.840	923.602	545.249
Áætlaður kostnaður	1.186.999	1.313.064	704.741	1.245.423	1.069.345	1.117.542

Staða tjóns ræðst af greiðslum og af áætlun um ógreiddar eftirstöðvar. Hafi eitthvað verið greitt vegna tiltekins tjónþola er tjónið eftir atvikum talið uppgert eða í vinnslu. Áætli viðkomandi vátryggingafélag að eitthvað sé ógreitt telst tjónið í vinnslu nema ekkert hafi enn verið greitt, þá telst það óhreyft. Munur á tjónum sem hér eru kölluð í vinnslu og óhreyfð liggur í því sem greitt hefur verið til þessa. Dæmi eru um tjón vinnslu sem legið hafa óhreyfð mjög lengi og einnig um tjón sem eru óhreyfð í bókhaldi enn þótt ljóst sé að tjónið muni hafa varanlegar afleiðingar sem verði bættar úr hendi vátryggingafélags.

Tjón sem skráð hafa verið án þess að nokkuð hafi verið greitt og án þess að nokkrar ógreiddar eftirstöðvar séu áætlaðar um síðustu áramót eru ekki talin með hér. Ætla má að félögin hafi mismunandi reglur um hvenær tjón eru strikuð út úr áætlun, þ.a. fjöldi óhreyfðra tjóna sé ekki fyllilega sambærilegur milli félaga.

Þegar sök er skipt og bætur til sama tjónþola eru greiddar af tveimur vátryggingafélögum er hann talinn hjá báðum. Þetta er ekki algengt, en veldur því að fáeinir tjónþolar eru tvítaldir. Það hefur ekki áhrif á heildarfjárhæðir.

Greiðslur eftir bótaflokkum

Tafla 2 sýnir hvernig bætur vegna uppgerðra tjóna skiptast eftir bótaflokkum.

Tafla 2. Skipting bóta eftir bótaflokkum (uppgerð tjón)

Bótaflokkur	Fjárhæð	
Varanleg örorka	193.213.229	37,6%
Miskabætur	107.321.429	20,9%
Tímabundið atvinnutjón	75.417.307	14,7%
Útlagður kostnaður	31.795.339	6,2%
Uppgjörskostnaður	31.368.449	6,1%
Þjáningabætur	28.517.578	5,5%
Heilbrigðiskostnaður	18.527.154	3,6%
Ósundurliðað	13.291.727	2,6%
Vextir	11.227.058	2,2%
Ýmislegt	3.332.331	0,6%
Banaslys	1.044.500	0,2%
Endurkrafa	-1.064.015	-0,2%
Samtals	513.992.085	100,0%

Bætur vegna varanlegra afleiðinga slyss geta verið bætur fyrir varanlega örorku, bætur fyrir varanlegan miska og bætur vegna banaslysa. Þessir þrír bótaflokkar nema rúmlega 300 milljónum eða 55-60% af heildarbótafjárhæðum vegna uppgerðra slysa. Í slysum sem hafa varanlegar afleiðingar eru auk þess greiddar aðrar tegundir bóta.

Vátryggingafélögin gerðu upp fjögur banaslys sem urðu í umferðinni á síðari hluta árs 1993. Til samanburðar var aflað upplýsinga úr slysaskráningu Umferðarráðs, en samkvæmt henni urðu banaslys í umferðinni 10 á umræddu tímabili. Nokkur banaslys voru ekki bótaskyld, t.d. vegna ölvunar eða gáleysis og koma því ekki fram í bókum vátryggingafélaganna. Á hinn bóginn skráir Umferðarráð slys ekki sem banaslys ef hinn slasaði andast af völdum slyssins þegar nokkuð er liðið frá slysi. Forsendur skráningarinnar eru því mismunandi og ekki unnt að ákvarða nákvæman fjölda látinna í umferðinni nema með því að bera saman nafnalista.

Tafla 3 sýnir skiptingu uppgerðra tjóna eftir því hvort bættar hafi verið varanlegar afleiðingar eða ekki.

Tafla 3. Uppgerð tjón, greind eftir því hvort greiddar voru bætur fyrir varanlegar afleiðingar

	Varanlegar afleiðingar	Ekki varanlegar afleiðingar	Öll tjón
Greitt samtals	497.054.410	16.915.995	513.970.405
Fjöldi slasaðra	288	145	433
Meðaltjón	1.726.087	116.635	1.186.999

Varanlegar afleiðingar eru til staðar í tveimur af hverjum þremur uppgerðum tjónum, en bætur í þeim tjónum eru 97% af heildarfjárhæð uppgerðra tjóna. Meðalkostnaður við líkamstjón sem gerð voru upp fyrir árslok 1997 og höfðu varanlegar afleiðingar sem bættar voru var 1726 þúsund, en 116 þúsund í þeim tjónum þar sem afleiðingar töldust ekki varanlegar.

Í 55% þeirra tilvika þar sem afleiðingar verða varanlegar er bæði bætt varanleg örorka og varanlegur miski. Það eru auk banaslysa alvarlegustu slysin, enda er meðalbótafjárhæð 2,5 milljónir króna þar en innan við 700 þúsund í slysum þar sem bara annar bótaþátturinn er til staðar.

Örorkumat er unnið samkvæmt skrám félaganna af örorkunefnd í kringum 60% af þeim tilvikum sem gerð hafa verið upp og í tæplega 50 málum sem enn eru í vinnslu. Í um 40% tilvika hefur örorka verið metin án atbeina örorkunefndar.

Tjón í vinnslu


Tjón í vinnslu eru 374 og hefur verið greidd 91 milljón króna vegna þeirra. Áætlaðar eftirstöðvar eru 400 milljónir króna, eða rúm 80% af áætluðum heildarkostnaði við þessi tjón. Meira en 10% af heildartjóni hefur verið greitt í 74 tjónum, eða 20% tjónanna. Greiðslur vegna þeirra tjóna eru 92% af greiðslum vegna tjóna í vinnslu, en eftirstöðvarnar tæpur fjórðungur af heildareftirstöðvum vegna tjóna í vinnslu. Í 300 tjónum hefur verið greitt innan við 10% af áætluðum kostnaði við viðkomandi tjón.

Lausleg flokkun tjónamanna á tjónum í vinnslu miðað við hve mikil vitneskja er til staðar um þau er að nokkuð mikið sé vitað um fjórðung þeirra, en um hin sé lítið vitað eða mjög mikil óvissa á mati á eftirstöðvum. Meginhluti bóta sem þegar hafa verið greiddar án þess að tjónið sé uppgert er vegna tjóna sem mikið er vitað um. Meðalkostnaður við þau tjón er talinn verða 2,6 milljónir króna, en tæp 900 þús. króna við hin sem minna er vitað um. Eftirstöðvar í tjónum sem mikið er vitað um eru taldar um 150 milljónir króna samtals, en 250 milljónir í hinum sem minna er vitað um.

Greiðsluhraði

Meðfylgjandi mynd sýnir að greiðslur eru minni um ári eftir slys en fyrst eftir slysið. Síðan aukast þær aftur og ná hámarki um 3 árum eftir slys en minnka eftir það. Hér eru skoðaðar í einu lagi greiðslur vegna uppgerðra tjóna og vegna tjóna í vinnslu frá öllum vátryggingafélögum. Breytilegt er eftir félögum hve hratt dregur úr greiðslum eftir að hámarki er náð, og hjá sumum hefur greiðsluhraði verið nánast óbreyttur eftir að hann náði hámarki.

Velja má um nokkra mælikvarða á greiðsluhraða. Hér eru sýndar greiðslur síðasta hálfa árið, reiknaðar yfir í dagsmeðaltöl þ.e. nánast 182 daga hlaupandi meðaltöl. Sömu megindrættir sjást með því að nota aðra mælikvarða á greiðsluhraðann.



Fskj. 15.

Nefnd til endurskoðunar á skaðabótalögum
Guðmundur Jónsson formaður
Bólstaðarhlíð 4
105 Reykjavík

Reykjavík 6. júlí 1998

Efni: Ógreiddar eftirstöðvar bóta vegna líkamstjóna í umferðarslysum sem urðu síðari hluta árs 1993.

Í samræmi við umræður á fundi undirritaðs með nefndinni hinn 22. júní sl. hefur Vátryggingaeftirlitið áætlað hve mikið hafi verið ógreitt við árslok 1997 af bótum vegna líkamstjóna í umferðarslysum sem urðu síðari hluta árs 1993.

Eins og fram kemur í handriti að skýrslu sem nefndinni hefur verið sent er mat bifreiðatryggingafélaganna að 576 milljónir króna séu enn ógreiddar vegna þessara tjóna. Þegar hafa verið greiddar 605 milljónir króna ef greiðslur eru lagðar saman á verðlagi hvers tíma. Það samsvarar 620 milljónum á meðalverðlagi ársins 1997.

Eftirstöðvar má meta með því að skoða þróun á fyrri árum sem lengra eru komin í uppgjöri. Þróun í tjónagreiðslum vegna áranna 1989-1992 var sú að í lok 4. árs höfðu verið greiddar um 62% endanlegra fjárhæða og í lok 5. árs um 76%. Séu þessar tölur vegnar saman í ljósi þess að eingöngu er horft til tjóna sem urðu á síðari hluta ársins má ætla að í lok 5. uppgjörsárs hafi að jafnaði verið greidd um 69% tjóna sem urðu á síðari hluta hvers árs '89-'92 og 31% endanlegrar fjárhæðar hafi enn verið ógreitt. Þessi hlutföll eru miðuð við að greiðslur séu færðar til fasts verðlags áður en einstök uppgjörsár eru lögð saman.

Ef reynsla áranna 1989-1992 er yfirfærð beint yfir á bætur vegna tjóna sem urðu í umferðarslysum síðari hluta árs 1993 eru ógreiddar 280 milljónir króna vegna þeirra tjóna. Vegna breytileika í greiðsluhraða er eðlilegt að skoða þá tölu sem lágt mat á því sem ógreitt er. Mat þetta er ekki reist á mati vátryggingafélaganna á óuppgerðum líkamstjónum, heldur eingöngu á þróun tjónagreiðslna sem fyrir liggja. Hafa þarf í huga að sú þróun á við líkamstjón sem urðu áður en skaðabótalög tóku gildi, en viðbúið er að þau lög hafi áhrif á greiðsluhraða, þótt ekki sé enn komin reynsla á hver þau áhrif eru.

Mikilvægt er einnig að benda á að hér er byggt á samanlögðum tölum félaganna. Væri þróunin skoðuð hjá hverju félagi fyrir sig kæmi í ljós meiri breytileiki í gögnum eins og eðlilegt er þegar minni gagnasöfn eru skoðuð. Ekki er því unnt að draga þá ályktun út frá framangreindum niðurstöðum að áætlanir bifreiðatryggingafélaganna um eftirstöðvar séu tvöfalt það sem þarf til að mæta þeim greiðslum sem eftir eru. Hverju félagi um sig ber að leggja í tjónaskuld álag vegna óvissu um framvindu eftirstöðva til viðbótar þeirri fjárhæð sem hér hefur verið fjallað um.

Virðingarfyllst,
Vátryggingaeftirlitið.
Helgi Þórsson.

Fskj. 16.

Hr. Guðmundur Jónsson
Bólstaðahlíð 4
105 Reykjavík.

Reykjavík, 7. september 1998.

Að beiðni þinni, sem formanns nefndar sem vinnur að endurskoðun skaðabótalaga, hef ég tekið saman meðfylgjandi töflu yfir margfeldisstuðla til notkunar við útreikning skaðabóta skv. frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum. Þær forsendur sem notaðar voru við útreikning stuðlanna voru þessar:

a) Stuðlarnir sýna hversu mikið árstekjur margfaldast ef bættar eru tapaðar vinnutekjur til 75 aldurs.
b) Miðað er við að fyrir 75 ára aldur geti starfsævi lokið vegna andláts, örorku eða þess að viðkomandi láti af störfum af öðrum orsökum. Ekki er gert ráð fyrir að öryrkjar komi til starfa aftur, en einstaklingur sem hættir störfum af öðrum orsökum getur hafið störf að nýju við ákveðnar líkur sem eru háðar aldri. Notaðar eru dánarlíkur byggðar á reynslu áranna 1991-95, og danskar örorkulíkur með 30% lækkun eins og nú er gert við úttektir á lífeyrissjóðum og reynst hafa endurspegla raunverulega örorkuáhættu í þjóðfélaginu nokkuð vel. Líkur á að hverfa úr starfi af öðrum orsökum og að koma aftur til starfa eru unnar af undirrituðum út frá tölum um atvinnuþátttöku frá vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands, frá því í apríl 1998.
c) Aldursleiðréttingarstuðull er sá sami og stuðst var við í álitsgerð Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessen frá 1995. Með notkun stuðulsins er leitast við mæta áhrifum þess að atvinnutekjur dreifast ójafnt á starfsævina.
d) Við núvirðingu framtíðartekjutaps er gengið út frá 4,5% ársvöxtum frá 18 ára aldri en 3% ársvöxtum til þess tíma. Þessi ávöxtun er síðan skert til þess að mæta áhrifum 10% fjármagnstekjuskatts. Það hækkar stuðlana sem skattinum nemur.
e) Ekki er gert ráð fyrir að börn og unglingar hefji störf fyrr en við 18 ára aldur.
f) Gert er ráð fyrir að allar tekjur séu skattlagðar með 33.3% skatthlutfalli.
g) Stuðlarnir gilda fyrir bæði kyn, þ.e. ekki er tekið tillit til kynbundinna atriða við útreikning þeirra.

Virðingarfyllst,
Sigurður Freyr Jónatansson cand. act.

Fylgiskjal II.

ÁLITSGERÐ
minni hluta nefndar sem skipuð var skv. 3. gr. laga nr. 42/1996.

I.
Inngangur.

Með bréfi dags. 18. október 1996 var undirrituð skipuð í nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga, sbr. ákvæði til bráðabirgða í 3. gr. laga nr. 42/1996. Meðnefndarmenn mínir eru Guðmundur Jónsson, fyrrv. hæstaréttardómari, og Gestur Jónsson hrl. Til þess var ætlast að nefndin lyki störfum í október 1997 en með bréfi dags. 15. september 1997 fóru nefndarmenn þess á leit við dómsmálaráðherra að hann hlutaðist til um að nefndin fengi lengri frest til að ljúka störfum sínum. Með lögum nr. 149/1997, um breytingu á skaðabótalögunum, var ákvæði til bráðabirgða breytt þannig að í stað ártalsins 1997 kom 1998.

Niðurstaðan mín af endurskoðun laganna er sú að í heild virðast skaðabótalögin viðunandi. Þó eru lagðar til nokkrar breytingar, en helstu þeirra eru eftirfarandi.

1. Greiðsla frá þriðja manni — ofbætur.

Lagt er til að frá skaðabótakröfu verði dregnar bætur vegna sama tjónsatviks, að því leyti sem þær eru kostaðar af bótagreiðanda eða þriðja manni. Útreikningar sýna að á efri hluta örorkustigans er hlutfall skaðabóta og fjártjóns orðið mun hærra en eðlilegt má telja vegna þess hve bótaúrræðin skarast. Þannig verður sama tjónið tvíbætt. Á tíma dómvenjunnar voru t.d. örorkubætur samkvæmt lögum um almannatryggingar dregnar frá skaðabótakröfu og í sumum dómum tekið tillit til örorkubóta frá lífeyrissjóðum við ákvörðun heildarbóta.

2. Skipting á 8. gr.

Í 8. gr. gildandi laga eru teknir undir eitt mismunandi hópar tjónþola sem tæpast hafa allir samstöðu við ákvörðun örorkutjóns. Því er lagt til að greininni verði skipt upp í stærstu hópana.

Lagt er til að ungmenni innan 18 ára aldurs verði tekin út úr 8. gr. en taki þó bætur eftir sama örorkustiga og nú er í lögunum. Bætur eru allt að helmingi hærri en í Danmörku og verulega hærri en í Noregi. Ekki er um að ræða neina tekjusögu hjá þessum hópi og ævistarf óráðið.

Þá er lagt til að heimavinnandi tjónþolar verði settir í sérstaka nýja grein. Í 3. mgr. 1. gr. laganna segir að verðmæti vinnu við heimilisstörf skuli lagt að jöfnu við launatekjur. Eins og bent hefur verið á, m.a. af Vátryggingaeftirlitinu, hentar hér ekki að meta örorkutjónið út frá læknisfræðilega metinni örorku fyrir varanlegt mein. Fyrir tíma skaðabótalaganna var reynt að meta bætur út frá fjölskyldustærð miðað við tilteknar tekjur. Hér er haft til hliðsjónar mat tryggingastærðfræðinga á örorkubótum við þessar aðstæður, svo og dómar sem gengið hafa, t.d. hrd.: 1996:503 (517–518), 1002 (1005) og 1059 (1063). Í dóminum á bls. 503 er byggt á mati tryggingastærðfræðings, en í hinum dómunum koma fram sérstök atriði sem valda annarri niðurstöðu.

Undir 8. gr. falla þá ýmsir ósamstæðir tjónþolar sem ekki eiga sér marktæka tekjusögu. Reglan í 6. gr. laganna um að meta fjártjón vegna örorku á grundvelli tekna í fortíðinni er talin aðalregla og regla 8. gr. því undantekningarregla frá henni, sem ber að skýra þröngt. Í lagatexta er mjög erfitt að staðla til fullnustu bætur fyrir þennan hóp. Þó er lagt til að núverandi örorkustigi 8. gr. standi óbreyttur, en með þeim fyrirvara að tjónþoli og bótagreiðandi eigi jafnan kost á að fá einstaklingsbundið mat á bótum óbundið af honum, miðað við allar aðstæður.

Þegar um er að ræða mjög lítið tjón þykir rétt að fjártjónsbætur verði ekki ákveðnar eftir huglægu mati og ekki fyrr en tjón er komið fram. Óvissan um fjártjón í slíkum málum er það mikil að þörf er öruggra sannana. Jafnframt er lagt til að lágmörk og hámörk verði felld niður.

II.
Nýlegir dómar Hæstaréttar.

Á undanförnum vikum hafa gengið dómar Hæstaréttar er þýðingu hafa varðandi túlkun og skýringu skaðabótalaganna. Á það bæði við um einstök ákvæði þeirra, svo og um gildi laganna gagnvart stjórnarskránni. Jafnframt hafa fengist svör við ýmsum atriðum sem gagnrýnd hafa verið í lögunum ásamt greinargóðu yfirliti um ástæður fyrir setningu laganna.

Í dómi Hæstaréttar frá 22. maí 1998 í málinu nr. 311/1997: Andrés Andrésson gegn Ásmundi Ólafssyni og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og íslenska ríkinu er samandregið yfirlit yfir helstu ástæður lagasetningarinnar o.fl., en í dóminum segir svo:

„Fram að gildistöku skaðabótalaga naut ekki við lögfestra reglna um bætur vegna líkamstjóns. Myndast hafði dómvenja um útreikning bóta, sem einkum var byggður á læknisfræðilegu örorkumati og var á grundvelli þess reynt að sannreyna raunverulegt tjón. Þó var ljóst að áætlun þess hlaut ætíð að vera mörgum vafaatriðum undirorpin og að tjónsfjárhæð yrði að verulegu leyti háð mati, sem á margan hátt var óvisst.

Með hinum nýju skaðabótalögum voru sett ákvæði, sem samkvæmt greinargerð með frumvarpi að lögunum höfðu meðal annars þann megintilgang að endurbæta reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón á mönnum, þar á meðal tjón vegna missis framfæranda, og að færa til nútímahorfs reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða. Samkvæmt greinargerðinni var og að því stefnt að gera lögin þannig úr garði að tjónþoli fengi almennt, auk hæfilegra miskabóta, fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón sitt. Einnig var þar sagt að hinar nýju reglur ættu að draga úr vafa og ósamræmi og vera einfaldari og skýrari en áður hefði tíðkast. Þetta ætti að leiða til sparnaðar og hagræðingar, greiða fyrir málsmeðferð og flýta fyrir því að tjónþolar fengju bótafé í hendur. Ákvæði laganna ættu því að vera til þess fallin að efla réttaröryggi, þannig að tjónþoli og hinn bótaskyldi ættu auðveldara með að gera sér grein fyrir því hve miklar skaðabætur skyldi greiða vegna líkamstjóns, sem orðið hefði.

Hin nýju lög fela í sér gerbreytingu á reglum um örorkumat. Er þar tekið upp fjárhagslegt mat í stað læknisfræðilegs og var megintilgangurinn sá að fá raunhæfari grundvöll til að miða varanlegt tekjutap við. Þá eru í lögunum ákvæði um að bótafjárhæðir verði í ríkum mæli staðlaðar, svo og ákvæði um lágmark og hámark bóta í nánar greindum tilvikum. Í 6. gr. laganna er almenn regla um útreikning bóta fyrir varanlega örorku. Er þar miðað við að árslaun tjónþola verði margfölduð með stuðli, sem við gildistöku laganna var 7,5 en var með lögum nr. 42/1996 hækkaður í 10. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, skal síðan margfölduð með örorkustigi. Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 50/1993 segir að rökin fyrir föstum stuðli séu tvíþætt. Annars vegar að einfalda ákvörðun bótafjár-

hæðar og hins vegar að komast hjá miklum og tíðum sveiflum á bótafjárhæðum vegna breytinga á vöxtum. Ástæða þess að margföldunarstuðullinn var ekki hærri en 7,5 var meðal annars sögð sú að ekki væri nú gert ráð fyrir því að greiðslur frá þriðja manni, til dæmis bætur almannatrygginga, vátryggingarfé o.fl., væru dregnar frá skaðabótakröfu. Lágur margföldunarstuðull vegi á móti því hagræði sem tjónþoli hafi af því að þessar greiðslur dragist ekki frá skaðabótakröfu hans. Í greinargerð með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 42/1996, sagði að ljóst væri að þágildandi margföldunarstuðull væri ekki nægilega hár til þess að slasað fólk fengi fullnægjandi bætur fyrir fjártjón, sem leiddi af varanlegri örorku. Lög nr. 42/1996 tóku gildi 1. júlí 1996. Í 3. gr. þeirra var ákveðið til bráðabirgða þess efnis að dómsmálaráðherra skyldi skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Átti frumvarp að breytingum á lögunum að leggjast fyrir Alþingi eigi síðar en í október 1997, en með lögum nr. 149/1997 var þessi frestur framlengdur um eitt ár.“

Hér til viðbótar er rétt að benda á að tjónadreifingin eftir örorkustigi skipti einnig máli varðandi lagasetninguna. Í athugasemdum með frumvarpi að skaðabótalögunum segir að frumvarpið geri ráð fyrir að örorkubætur fyrir minni háttar „læknisfræðilega“ örorku lækki almennt eða falli niður, en bætur fyrir mikla örorku hækki. Þannig mun fyrir setningu skaðabótalaga (árin 1989–91) verulegur meiri hluti þeirra örorkutjónsmála sem upplýsingar lágu fyrir um vera metin með 15% örorku eða lægri. Í athugasemdum Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings til allsherjarnefndar Alþingis, frá 5. desember 1995, segir svo:

„Þegar íslensku skaðabótalögin voru undirbúin og samþykkt á Alþingi mun það hafa verið skoðað sem megintilgangur þeirra að breyta upphæðum bóta fyrir slysatjón frá því sem áður var. Það var skoðun manna, sem um þau mál fjölluðu, að bætur fyrir minni háttar tjón hefðu verið óþarflega háar, en aftur á móti þyrftu bætur fyrir hin stærstu tjón að hækka. Munur milli kynja var einnig talinn óeðlilegur. Um þessi markmið hygg ég að hafi verið nokkuð almenn samstaða“

Í tilvitnuðum hæstaréttardómi segir enn fremur:

„Með skaðabótalögum, nr. 50/1993, var bætt úr brýnni þörf fyrir lögfestar reglur á þessu sviði. Með lögunum var aðferðum við útreikning tjóns vegna varanlegrar örorku breytt í verulegum atriðum. Leitast var við að setja skýrari og einfaldari reglur um ákvörðun bótafjárhæða, sem til þess væru fallnar að draga úr vafa og leiða til skjótari og ódýrari málsmeðferðar. Hins vegar er ljóst að eftir sem áður verða bætur ekki ætíð ákveðnar þannig að óyggjandi sé. Þó verður að telja að hinar stöðluðu reglur laganna leiði til frekara samræmis í bótaákvörðunum og stuðli að jafnræði. Samanburður milli hins nýja bótakerfis og þess, sem áður gilti, er örðugur og getur ekki gefið einhlít svör um það, hvort hin nýju lög fullnægi því markmiði að tryggja tjónþolum fullar bætur fyrir fjártjón. Slíkt mat er torvelt og verður að ætla löggjafanum nokkurt svigrúm í þessum efnum, enda er það hlutverk hans að setja almennar reglur um forsendur bótaákvarðana, þegar þess er þörf. Ekki verður annað séð en að þau ákvæði skaðabótalaganna, sem hér er um fjallað, þ.e. 5.–7. gr., eins og þau voru við setningu laganna 1993, hafi stuðst við málefnaleg sjónarmið og ekki falið í sér mismunun. Að öllu athuguðu verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á það í málinu, að lögin hafi ekki getað þjónað ofangreindu markmiði og verði því ekki beitt um tjón áfrýjanda. Í þeim fólst skýrt og ótvírætt mat löggjafans, sem við svo búið verður ekki haggað af dómstólum.“

Í þessum dómi Hæstaréttar kemur skýrt fram að 5.–7. gr. skaðabótalaganna fara ekki í bág við stjórnarskrána og jafnframt að almenni löggjafinn getur sett reglur um hvernig

ákvarða skuli bætur þegar aflahæfi manna er skert, enda sé stuðst við málefnaleg sjónarmið og þær feli ekki í sér mismunun.

Af öðrum dómum Hæstaréttar sem þýðingu hafa má nefna dóm frá 7. maí 1998 í málinu nr. 281/1997: Birnir Bergsson gegn Tryggingamiðstöðinni hf., dóm frá 22. maí 1998 í málinu nr. 312/1997: Sigurður Davíðsson gegn Vátryggingafélagi Íslands hf. o.fl. og dóm frá 4. júní 1998 í málinu nr. 317/1997: Elfa Þöll Grétarsdóttir gegn Vátryggingafélagi Íslands hf. Dómar þessir gefa vísbendingar um kröfur sem gera verður til skaðabótalaganna.

III.
Athugasemdir með frumvarpi að lögum nr. 42/1996.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 42/1996 er gerð grein fyrir gagnrýni sem fram hafi komið á tillögur Gests Jónssonar og Gunnlaugs Claessen. Einkum var um að ræða gagnrýni á þrjú atriði, þ.e.:

1. á tillögur um ákvörðun lágmarkslauna til viðmiðunar við bótaútreikning og um afmörkun bótaréttar fyrir varanlega örorku við aldur,
2. að tillögurnar leiði í ýmsum tilvikum til ofbóta, þ.e. að heildarbætur til hins slasaða verði hærri en nemur tekjutjóni hans, þar sem áfram verði í gildi reglur laganna um að bætur frá þriðja aðila dragist ekki frá bótakröfu,
3. að aukinn bótaréttur gæti leitt til umtalsverðrar hækkunar iðgjalda.

Fór allsherjarnefnd ítarlega yfir málið út frá tillögunum. Vöknuðu ýmsar spurningar hjá nefndinni við þá athugun, svo sem hvort rétt sé að víkja frá þeirri stöðlun bótareglna sem lögfest var 1993 með því að láta bætur frá öðrum en hinum bótaskylda hafa áhrif á skaðabótakröfu; hvort unnt sé að láta sömu meginreglur gilda við ákvörðun skaðabóta til tjónþola hvort sem þeir hafa aflað sér atvinnutekna fyrir slysið eða ekki og hvort rétt sé að lögfesta lágmarksviðmiðun í því sambandi; hvort réttara sé að greiða örorkulífeyri út mánaðarlega í stað eingreiðslu skaðabóta þegar örorkustig er hátt og hinn bótaskyldi er fær um að taka á sig slíka skuldbindingu; hvort eðlilegra sé að reikna framtíðartjón út frá nettóárslaunum fremur en heildarárslaunum; hvort möguleikar frambúðarávöxtunar séu aðrir en Hæstiréttur gengur út frá í dómi sínum 30. mars 1995. Fram kemur að fleiri spurningar hafi vaknað við meðferð málsins fyrir allsherjarnefnd sem ekki eru raktar í greinargerðinni. Telur nefndin of mörgum spurningum ósvarað enn til þess að hægt sé að gera að sinni allar þær lagabreytingar sem fram komu í tillögum Gests og Gunnlaugs.

IV.
Um breytingar á skaðabótalögunum.

Hér á eftir verður leitast við að svara þeim spurningum sem varpað er fram í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 42/1996. Jafnframt verður sett fram frumvarp til breytinga ásamt athugasemdum við það.

Það mátti vera ljóst þegar bótum fyrir líkamstjón var breytt frá reglum mótuðum af dómvenju í lögbundnar reglur að skynsamlegt væri að sjá hver reynslan yrði af þeirri breytingu og endurskoða síðan bótakerfið í heild sinni. Varhugavert er að taka einstök atriði út úr vegna þess að reglurnar grípa hver inn í aðra og eru samtengdar í kerfi (sjá síðar varðandi greiðslur frá þriðja manni og mat á vinnu tjónþola við heimilisstörf). Í heild sinni eru lögin viðunandi og er aðeins þörf breytinga á fáum atriðum. Í ljósi þessa eru takmarkaðar breytingar á lögunum lagðar til.

1. Stöðlun bóta — tíföldunin.

Ein meginbreytingin sem varð með tilkomu skaðabótalaganna var að margfalda árslaun með ákveðnum stuðli. Í fyrsta frumvarpinu sem lagt var fram var notaður stuðullinn 6. Hann varð 7,5 skv. 6. gr. skaðabótalaganna sem tóku gildi 1. júlí 1993 og var síðan hækkaður í 10, sbr. lög nr. 42/1996. Í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar frá 22. maí 1998 er tilgreint að ákvæði 5.–7. gr. skaðabótalaganna hafi stuðst við málefnaleg sjónarmið og ekki falið í sér mismunun.

Þegar dómar í slysamálum eru skoðaðir sést að stöðlun bóta er í raun ekki vandkvæðum bundin vegna þess hve lík þau eru í aðalatriðum, þótt afleiðingarnar geti verið ólíkar. Eigi tjónþoli sér tekjusögu er fyrir hendi grundvöllur til að byggja framtíðarvinnutekjutjón á. Sé tekjureynslan ekki til staðar sýnist ekkert því til fyrirstöðu að staðla bætur, en á þessu sviði geta atvik verið mjög margbreytileg þannig að rétt kann að vera að rýmka heimild aðila til að fá einstaklingsbundið mat frá því sem nú er. Í hæstaréttarmálinu nr. 317/1997: Elfa Þöll Grétarsdóttir gegn Vátryggingafélagi Íslands hf., sem dæmt var 4. júní sl., var niðurstaðan að skipting tjónþola í tvo hópa eftir því hvort þeir ættu sér tekjusögu eða ekki væri málefnaleg og fæli ekki í sér mismunun.

Í forsendum fyrir tíföldun árslauna er tekið tillit til skattgreiðslna, eingreiðslu-hagræðis og afvöxtunarprósentu. Ekki er lögð til breyting á þessum stuðli. Helstu ástæður þess eru eftirfarandi.

Í fskj. 1 (tafla 2.40.70.1.SK) er að finna einföld dæmi um samanburð á núvirtu tapi eftir tryggingafræðilegum stuðli til 70 ára aldurs sem tryggingastærðfræðingar hafa notað og bótum miðað við tífaldan margföldunarstuðul eins og hann er nú samkvæmt skaðabótalögunum. Á bilinu þar sem örorkustig er 7% og upp undir 50% er gott samræmi milli núvirts taps og bóta. Bætur sem hlutfall af tapinu eru aðeins hærri eða 101,3%. Það segir raunar að ekki sé um verulega breytingu að ræða frá tíma dómvenjunnar. Þetta snarbreytist þegar örorkustigið nálgast 50%. Þá verða bætur af núvirtu tapi frá 226% til 320%, tíðast á bilinu 226% til um 260%. Þetta stafar af því að inni í ráðstöfunartekjur eftir tjónsatburð er kominn örorkulífeyrir frá þriðja aðila vegna sama tjónsatviks. Þar sem svo verulegur munur er á núvirtu tjóni eftir tryggingafræðilegum reglum og bótum liggja öll rök til þess að minnka bilið milli bóta og núvirts tjóns og er fjallað um það í athugasemdum um greiðslur frá þriðja aðila.

Varðandi afvöxtunarprósentuna þá var með dómi Hæstaréttar frá 30. mars 1995 ákveðið að miða framtíðarávöxtun við 4,5% vaxtafót. Vaxtafóturinn hafði áður verið 6% samkvæmt dómi Hæstaréttar 10. júlí 1984. Lækkunin nam þannig 25%. Á fjármagnsmarkaðinum eru við lýði fjölmörg vaxtastig (vaxtafætur) sem taka breytingum í sífellu. Óhentugt er í skaðabótamálum að miða við óstöðugt vaxtastig, bæði hvað varðar afvöxtunarprósentu og vexti af bótum, en í 16. gr. skaðabótalaganna er stefnt að stöðugum vöxtum.

Afvöxtunarprósentan, 4,5%, samrýmist vel margföldunarstuðlinum 10, sbr. fskj. 1. Ekki er lagt til að breytt verði viðmiðun við vaxtafótinn 4,5%. Eðlilegt er að hafa við mat á honum ávöxtun af kröfum til nokkuð langs tíma (nokkurra ára). Þegar athugaðir eru algengir og auðveldir kostir á kaupum á verðbréfum og bankainnstæðum á undanförnum árum sést að vextir hafa yfirleitt verið yfir 4,5% auk fullrar verðtryggingar. Síðan eru aðrir öruggir kostir á fjármagnsmarkaðinum sem gefa af sér mun meiri ávöxtun. Þegar á allt þetta er litið sýnist hinn nýi fjármagnstekjuskattur 10% ekki gefa sérstakt tilefni til breytinga á margföldunarstuðlinum, enda hafa orðið meiri breytingar á vöxtum innbyrðis án þess ástæða þætti til breytinga. Það er grundvallaratriði að stuðullinn getur aldrei verið nákvæmur; hann

er ekkert annað en nálgun. Ófært er að hafa stuðulinn þannig að hann taki breytingum við hverja vaxtabreytingu eða skattabreytingu. Til samanburðar má nefna að samkvæmt nýlegum norskum hæstaréttardómi (Rt. 1994:1524) var ávöxtunarprósentan þar í landi ákveðin 5% (sjá NOU 1994, bls. 36).

Því er niðurstaðan sú að margföldunarstuðullinn 10 sé í góðu samræmi við núvirðingu tjóns eftir tryggingafræðilegum reglum á þeim hluta örorkustigans sem er undir 50%, en um það bil verður veruleg breyting á vegna greiðslna frá þriðja aðila. Lögin bættu strax hag þeirra sem fyrir stórum tjónum urðu, en hækkun stuðulsins í 10 hefur síðan aukið þar á, svo spurningin er nú orðin mun áleitnari, hvort ekki sé komið út í verulegar ofbætur þar sem bótaúrræðin eru farin að skarast svo mjög og verður fjallað um það hér á eftir.

2. Greiðslur frá þriðja aðila — ofbætur.

Eins og að framan greinir hefur margföldunarstuðull laganna hækkað úr 6 í 10 frá því að frumvarp til skaðabótalaga var fyrst lagt fram og þar til nú. Aftur á móti hefur reglum um frádrátt á greiðslum þriðja aðila ekki verið breytt. Leiðir þetta til breyttra viðhorfa gagnvart þessum greiðslum, þannig að eðlilegt er að þær komi að einhverju eða öllu leyti til frádráttar bótum.

Í þessu sambandi er til fróðleiks rétt að líta til hinna norrænu landanna og athuga hvernig farið er með greiðslur frá þriðja aðila í löggjöf þeirra.

Í dönsku skaðabótlögunum eru þær ekki dregnar frá fjártjónskröfu en margföldunarstuðullinn hafður þeim mun lægri, sexfaldur. Hefur þetta trúlega verið gert vegna stöðlunar og einföldunar. Frumvarpið til skaðabótalaga var í fyrstu sniðið eftir dönsku lögunum með mjög þröngum heimildum til frádráttar á þriðja manns greiðslum og lágum margföldunarstuðli.

Í 3. mgr. gr. 3-1 norsku skaðabótalaganna, nr. 26/1969, um skaðabætur fyrir líkamstjón segir:

„Við ákvörðun skaðabóta dragast frá laun á veikindatíma og samsvarandi greiðslur, almannatryggingabætur og bætur úr lífeyrissjóði samkvæmt ráðningarskilmálum, svo og vátryggingabætur að því tilskildu að hinn skaðabótaskyldi hafi greitt iðgjaldið. Enn fremur má taka tillit til vátryggingabóta sem ekki falla undir málsliðinn hér á undan, annars verulegs fjárstuðnings sem tjónþoli hefur fengið eða kemur til með að fá vegna tjónsins og annarra aðstæðna.“

Í sænsku skaðabótalögunum frá 2. júní 1972, 5. kafla, 3. gr., segir:

„Við ákvörðun bóta fyrir tekjumissi eða missi framfæranda dragast frá þær bætur sem tjónþoli fær greiddar vegna missisins í formi:

1. *bóta vegna skyldutryggingar (1962:381) samkvæmt lögum um almannatryggingar, laga um vinnutjónatryggingar (1976:380) eða þess háttar bóta,*
2. *launa á veikindatíma eða lífeyris, sem vinnuveitandi greiðir á grundvelli ráðningarsamnings,*
3. *lífeyris, sem greiddur er vegna lífeyristryggingar samkvæmt heildarkjarasamningi,*
4. *tímabundinnar greiðslu vegna slysa- eða veikindatryggingar samkvæmt heildarkjarasamningi. Lög 1977:272, sem tóku gildi 1. júlí sama ár.“*

Af framangreindu verður vart annað ráðið en allar bætur frá lífeyrissjóði komi til frádráttar og eins þótt þær séu byggðar á heildarkjarasamningi. Annars munu bætur í Svíþjóð tíðast vera greiddar út í formi lífeyris.

Eins og fram kemur í fskj. 1 (tafla 2.40.70.1.SK) og vikið er að hér að framan er gott samræmi á milli núvirts taps og bóta á því bili örorkustigans sem liggur á milli 7% og 50%. Þegar ofar kemur breytast hlutföllin. Þetta stafar af öðrum bótum vegna örorkutrygginga. Hér sýnast einkum tvær leiðir fyrir hendi sem velja þarf á milli. Hvor leiðin verður fyrir valinu er komið undir hreinu löggjafarmati.

Önnur leiðin er að draga bæturnar frá að fullu, sbr. útreikning á fskj. 1 (tafla 2.40.70.A100.1.SK). Hér næst gott samræmi í bótum, þegar frá eru taldar 100 þús. kr. tekjur á mánuði. Rök eru einkum þau að með henni fæst að mestu nokkuð samfelldur stigi eftir tekjuhæð.

Hin leiðin er sú að draga frá bótum þann hluta örorkutyggingarinnar sem vinnuveitandi eða þriðji aðili hafa kostað. Þetta er reiknað á fskj. 1 (10, tafla 2.40.70.A60.1.SK). Niðurstaðan er sú að bætur eftir margföldunarstuðlinum 10, sem hlutfall af núvirði taps, nema 154,2% og allt upp undir 200% á tekjubili 150 þús. kr. og hærra, lækkandi eftir því sem tekjur hækka. Aðalrökin varðandi lífeyrissjóðina eru þau að tjónþolinn hafi sjálfur lagt fram iðgjald til þeirra og því sé ekki sanngjarnt að draga frá þá hlutdeild í bótunum. Hér má einnig líta til þess að tilgangurinn með skaðabótalögunum var m.a. sá að bæta hlut þeirra er urðu fyrir stóru líkamstjónunum. Gert er ráð fyrir þessari leið í frumvarpi því sem hér fylgir.

Í nýlegum dómi Hæstaréttar (þiggja manna dómur) frá 7. maí sl. í málinu nr. 281/1997: Birnir Bergsson gegn Tryggingamiðstöðinni hf. reyndi á frádrátt vegna greiðslu þriðja manns, þ.e. túlkun á 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaganna. Málavextir voru í sem stystu máli þeir að tjónþolinn og bótagreiðandinn höfðu komið sér saman um fjárhæð hins tímabundna atvinnutjóns. Tjónþolinn hafði fengið greiddar rúmar 2,2 millj. kr. vegna þess úr þremur lífeyrissjóðum og einum sjúkrasjóði. Bótagreiðandi taldi að draga ætti fjárhæðina, 2,2 millj. kr., frá umsaminni bótafjárhæð. Hæstiréttur leit svo á að skýlausa lagaheimild fyrir frádrættinum væri ekki að finna í 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaganna, hvorki að því er varðaði fjárhæðina í heild né hluta hennar. Í dóminum segir svo:

„Í málinu liggja fyrir reglugerðir fyrir þá lífeyrissjóði og þann sjúkrasjóð, sem áfrýjandi naut greiðslna frá á meðan hann var óvinnufær af völdum fyrrnefnds slyss. Af reglugerðum þessum er ótvírætt að réttur áfrýjanda til greiðslna réðst af framlögum í þágu hans til hlutaðeigandi sjóða. Þótt slík framlög hafi að nokkru verið greidd af vinnuveitendum áfrýjanda breytir það ekki því að þau voru hluti af þeim heildarlaunakjörum, sem hann naut eftir lögum og kjarasamningum. Svarar þetta því til þess að áfrýjandi hafi unnið rétt til umræddra greiðslna með endurgjaldi úr eigin hendi.“

Ekki verður hjá því komist að viðurkenna að tjónþoli hafi fengið tjón sitt tvíbætt, að því er tekur til hinnar umdeildu fjárhæðar. Sjónarmið Hæstaréttar er að tjónþoli hafi „unnið rétt til umræddra greiðslna með endurgjaldi úr eigin hendi“. Þetta sama má raunar segja um alla frádráttarliðina sem taldir eru í 2. mgr. 2. gr. Laun í slysaforföllum eru nánast tryggingarlegs eðlis, til að tryggja tjónþolanum tekjur í því falli, en ekki endurgjald fyrir vinnu sem látin er af hendi. Slysadagpeningar fyrir tímabundið vinnutekjutap, hvort heldur er frá opinberum tryggingum eða atvinnuslysatryggingu vátryggingafélags, eru beinlínis til að bæta tímabundinn tekjumissi. Erfitt er að koma auga á efnisleg rök fyrir því að um hliðstæðar bætur frá lífeyris- og stryktarsjóðum eigi ekki að gilda sömu reglur varðandi frádrátt frá skaðabótakröfu, enda hafi vinnuveitandi eða þriðji maður greitt iðgjöldin í framangreindum tilvikum. Hér sýnist eðlilegast að miða við þá efnisreglu hver hafi keypt og kostað kaupin á tryggingunni en ekki hvernig um hana hefur verið samið, hvort heldur það er í heildarskjarasamningi eða með öðrum hætti. Eins og að framan greinir er niðurstaða Hæstaréttar sú að „skýlaus

lagaheimild“ sé ekki fyrir frádrættinum. Því er það hreint löggjafaratriði að bæta hér úr og setja skýra reglu um frádrátt, hvert sem hlutfall þess frádráttar verður.

3. Tekjulausir tjónþolar.

Gagnrýni hefur komið fram á 8. gr. skaðabótalaganna og tengsl hennar og 5.–7. gr. Nefnt hefur verið að óskýrt sé hvort tjónþolar falli undir hana eða 6. gr. og þeim sé mismunað eftir því undir hvorri þeir eigi heima. Því hefur verið haldið fram að ákveða þurfi örorkubætur til allra eftir sömu reglunum, þ.e. sama staðli. Í dómi Hæstaréttar frá 4. júní 1998 í málinu nr. 317/1997: Elfa Þöll Grétarsdóttir gegn Vátryggingafélagi Íslands hf. kemur fram að 1. mgr. 8. gr. sé reist á málefnalegum forsendum og að hún gangi ekki í berhögg við stjórnarskrárbundin réttindi. Þannig hefur verið svarað þeirri gagnrýni að um mismunun sé að ræða eftir því hvor aðferðin eigi við.

Hjá þeim hópi tjónþola sem hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur og falla því undir 8. gr. skaðabótalaganna verður vart séð hvernig framkvæma á fjárhagslegt örorkumat. Til þess skortir efnislegar viðmiðanir. Því virðist slíkt mat ekki eiga við. Í athugasemdum við 5. gr. að lögunum segir að til þess að gera það verði hverju sinni að afla upplýsinga um atvinnu tjónþola fyrir og eftir tjónsatvik. Það verður ekki gert hjá þeim sem ekki hafa vinnutekjur, en það er vinnutekjutapið sem bæturnar snúast um. Ekki er mögulegt að gera sér grein fyrir hvernig örorkunefnd eða annar matsaðili gæti brugðist við í þeirri stöðu. Því verður ekki lagt til grundvallar hér að unnt sé að hafa einn skala fyrir alla tjónþola. Meðal annars í ljósi þessa eru aðrar leiðir taldar heppilegri, sbr. síðar.

Varðandi það atriði undir hvorn flokkinn tjónþolar falla þá hefur verið staðfest í dómum að ákvæði 6. gr. sé aðalregla en 8. gr. undantekningarregla frá 6. gr., sem ber því að skýra þröngt. Það er svo að sá hópur tjónþola sem nú fellur undir 8. gr. er auk barna t.d. heimavinnandi fólk, hvort sem um er að ræða fólk sem hefur aflað sér sérmenntunar og er tímabundið að sinna uppeldi ungbarna eða fólk sem hefur allt sitt líf helgað sig heimilisstörfum. Þá má nefna námsmenn yfir 17 ára aldri sem geta verið í sérfræðinámi og eru tekjulitlir langtímum saman eða tekjulausir. Einnig þeir sem eru tímabundið tekjulausir/tekjulágir vegna náms- eða rannsóknarstarfa. Síðan má nefna þann flokk tjónþola sem ekki hefur haft atvinnutekjur af persónulegum ástæðum, t.d. vegna óreglu, sjúkdóma o. fl. Þetta á einnig við um þá sem eru öryrkjar að einhverju leyti áður en tjónsatburður á sér stað. Enn má nefna þá tjónþola sem lifa á eignum sínum og hafa litlar eða engar atvinnutekjur, t.d. maður sem leigir húseignir eða hefur tekjur af hlutdeild sinni í atvinnurekstri.

Ljóst er að ýmsar ástæður valda því að sumir tjónþolar eiga sér ekki tekjusögu. Því kann að vera hæpið að staðla örorkubætur til þeirra alfarið út frá miskastigi einu sér samkvæmt 4. gr. laganna. Því er hér lagt til að út úr 8. gr. verði tekin ungmenni innan 18 ára aldurs og heimavinnandi tjónþolar. Hjá ungmennum er ekki um neina marktæka tekjusögu að ræða eða ævistarf ráðið. Spá um framtíðartekjur verður því ekki byggð á neinum haldbærum forsendum og því ekki um neitt betra að velja til stöðlunar en hið læknisfræðilega örorkumat.

Varðandi heimavinnandi tjónþola þá má ákveða bætur miðað við tekjur einhverrar sambærilegrar stéttar að teknu tilliti til fjölskyldustærðar. Þetta er sú aðferð sem notuð hefur verið í stórum dráttum. Þessi mælikvarði á betur við en að mæla bætur eftir miskastigi. Ábendingar um þetta komu fram frá Vátryggingaeftirlitinu strax og frumvarp að skaðabótalögum var lagt fram í fyrra skiptið á 115. löggjafarþingi 1991–92, sjá ársskýrslu þess 1987–95, bls. 127–135. Á bls. 130, í 7. tölul., segir: „Eðlilegra væri að jafna heimilisstörf við tiltekin laun en ekki staðlaða viðmiðun um varanlegt mein.“ Á bls. 135 (fskj. 2) eru örorku-

bætur fyrir varanlegt mein skv. 8. gr. reiknaðar til samsvarandi árslauna og mánaðarlauna. Athuga þarf að margföldunarstuðull fór úr 6 í 10. Miðað við tífaldan stuðul væru samsvarandi árslaun fyrir 15% orkuskerðingu um 520 þús. kr., 20% um 600 þús. kr., 30% um 640 þús. kr., 50% um 800 þús. kr., 75% um 1.300 þús. kr. og 90–100% um 1.600 þús. kr. Ljóst er að borið saman við útivinnandi tjónþola er viðmiðunin alltof lág langt upp eftir örorkustiganum. Bent er á að fyrst beindist gagnrýni að því að tjón heimavinnandi tjónþola væri mun hærra metið en útivinnandi tjónþola í ýmsum tilvikum. Nú sýnist þessu vera öfugt farið vegna hækkunar á margföldunarstuðlinum. Þetta er dæmi um hve varhugavert er að breyta einstökum atriðum í skaðabótalögunum án þess að gæta heildarinnar.

Þá er sanngjarnt að taka tillit til fjölskyldustærðar og er það eftir reglunni í 3. mgr. 1. gr., hvernig verðmæti vinnu við heimilsstörf skuli meta. Með öllu er óeðlilegt að meta að jöfnu vinnu heimavinnandi maka sem annast tveggja manna fjölskyldu og þeirrar sem annast fimm til sex manna fjölskyldu. Þótt íslensk dómvenja sé um sumt óljós um þetta verður þó að ályktа að hún feli í sér framangreinda aðalreglu. Hér er vísað til hrd: 1996:503. Því er lagt til að tekin verði upp sú regla að miða matið á vinnutekjutapinu við fjölskyldustærð.

Fjölmennur flokkur þeirra sem undir 8. gr. falla er námsfólk, 18 ára og eldra. Oftast er það tekjulágt eða tekjulaust svo við mat á bótum verður ekki stuðst við tekjusögu þess. Jafnframt eru námsmenn á þessu aldursskeiði tíðast óráðnir um ævistarf og það eigi fyrir séð. Verður slíkur tjónþoli því að taka örorkubætur eftir bótaskalanum í 8. gr. Þegar nemendur eru komnir í háskóla eða sérskóla og sér fyrir endann á námi er lagt til að þeim verði gefinn kostur á að velja á milli bóta skv. 8. gr. og 6. gr., sbr. 2. málsl. 2. mgr. hennar. Með þessu fengist nokkuð skýr afmörkun á milli greinanna. Í þeim tilvikum er sjaldnast marktæk tekjusaga fyrir hendi og yrði þá að byggja áætlun framtíðartekna á meðaltekjum í viðkomandi grein. Um aðra tjónþola sem 8. gr. tekur til og hér að framan voru nefndir er erfitt að setja nánari reglur í lagatexta en skalann sjálfan, sem þó þarf að vera frávíkjanlegur.

4. Hámörk og lágmörk felld niður.

Í 4. gr. skaðabótalaganna er ákvæði sem segir að sé miski metinn minna en 5% skuli ekki greiða bætur. Hliðstætt ákvæði var í 8. gr. þeirra er sagði að örorkubætur skyldi ekki greiða ef miskastig væri minna en 15% (10%). Með dómi Hæstaréttar 4. júní sl. í málinu Elfa Þöll Grétarsdóttir gegn Vátryggingafélagi Íslands hf. var talið að þetta færi í bága við jafnræðisákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 72. gr.

Í 7. gr. laganna segir að bætur skuli ekki miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr. Tillögur hafa komið fram um að minnstu bætur verði miðaðar við ákveðin lágmarksárslaun. Hefur fjárhæðin 1.400.000 kr. verið nefnd fyrir tjónþola 66 ára og yngri og 1.100.000 kr. fyrir 69 ára tjónþola. Sömu reglu var þá ætlað að gilda bæði fyrir þá er höfðu tekjusögu og hina sem ekki höfðu hana.

Til skýringar á réttarstöðunni þykir rétt að vísa til eftirfarandi úr framangreindum dómi Hæstaréttar:

„Sú tilhögun, að engar örorkubætur verði greiddar upp að ákveðnu lágmarki miskastigs, mun einkum vera rökstudd þannig, að minni háttar örorka leiði yfirleitt ekki til raunverulegs fjártjóns eða skerðingar á aflahæfi. Að því er þó að hyggja, að í aflahæfi manna eru fólgin eignarréttindi, sem njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 /1944, áður 67. gr. en nú 72. gr., sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995. Löggjafinn hefur engu síður heimild til að setja reglur um það, hvernig ákveða skuli bætur, þegar aflahæfi manna er skert, enda sé það markmið slíkra reglna, að fullar

bætur komi fyrir. Við setningu þeirra verður að gæta lögmæltra skilyrða, er meðal annars lúta að jafnræði borgaranna, sbr. núgildandi 65. gr. stjórnarskrárinnar og þær ólögfestu meginreglur á þessu sviði, sem áður giltu.“

Þegar framangreindar takmarkanir eru skoðaðar í þessu ljósi sýnist vafasamt að þær fái staðist. 5% takmörkunin mun í reynd skipta mjög litlu máli en ætla má að fyrir geti komið tilvik sem réttlæti greiðslu miskabóta á þessu sviði.

Þegar um er að ræða bótamarkið 4.500.000 kr. vandast málið meira. Í dóminum er því slegið föstu að aflahæfið njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Samrýmist það þessu ákvæði t.d. að bæta tjónþola með árslaun 9 millj. kr. aðeins með bótum sem svara til 5 millj. kr. árslauna? Framangreind tilvísun sýnist benda til þess að spurningunni verði að svara neitandi.

Í forsendum dóms Hæstaréttar frá 7. maí 1998 í málinu nr. 281/1997: Birnir Bergsson gegn Tryggingamiðstöðinni hf. er vísað til þeirrar meginreglu skaðabótaréttarins að tjónþoli eigi ekki rétt á hærri bótum en sem svarar raunverulegu fjártjóni hans. Bótaréttur og skaðabótaskylda hljóta að haldast í hendur eftir þessari meginreglu. Ályktа verður að í þeim tilvikum sem bótaákvörðun er byggð á fortíðartekjum mundi lögleiðing almennrar reglu um lágmarksviðmiðunarlaun leiða til þess að bótagreiðandi yrði í ýmsum tilvikum látinn bæta meira tjón en hann olli. Færi það í bága við þær ólögfestu meginreglur á þessu sviði sem áður giltu. Slík regla rúmast ekki innan skaðabótaréttarins og sýnist brot á jafnræði málsaðila. Áhrif viðmiðunarlauna á bætur til þeirra sem ekki hafa tekjusögu ákvarðast að sjálfsögðu eftir því hve há árslaun til viðmiðunar eru valin. Á stærstu tjónunum breyta 1.200.000 kr. árslaun engu verulegu frá gildandi lögum, en 1.000.000 kr. árslaun lækka bætur talsvert. Þegar neðar dregur í örorkustigann hækka bætur stórlega og því meira sem neðar dregur. Þessi tilhneiging er andstæð því sem skaðabótalögunum var ætlað í upphafi, þ.e. að draga úr bótum fyrir litlu tjónin en auka bætur fyrir þau stærri.

5. Iðgjaldabreyting.

Hlutverk vátryggingafélaga er að dreifa áhættu sem þau gera með töku iðgjalda hjá vátryggingartökum. Einn þátturinn við ákvörðun iðgjaldanna er að sjálfsögðu reglurnar um tjónabætur en ekki síður er ákvarðandi um iðgjaldaþörfina tíðni og stærð tjóna. Það liggur í eðli vátryggingarsamningsins að áhættan við gerð hans er alltaf ófyrirséð. Svars við spurningunni er því aðeins að nokkru að leita á sviði skaðabótaréttarins, þ.e. lög nr. 50/1993. Frekar verður að líta til laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, og reglna settra samkvæmt þeim.

Síðustu birtar tölur um afkomu vátryggingargreinanna eru fyrir árið 1996. Í fskj. 3 er ljósrit úr ársskýrslu Vátryggingaeftirlitsins 1996, nr. 23, sem sýnir niðurstöður einstakra greinaflokka eftir að fjármagnstekjum hafði verið skipt milli þeirra. Niðurstöðurnar sýna að verulega skortir á jafnvægi milli tjónakostnaðar og iðgjalda í einstökum greinaflokkum, þegar yfir lengri tíma er litið. Ekki er við því að búast að vátryggingafélögin hafi á valdi sínu að jafna hvert einstakt ár, en sé yfir lengri tíma litið ætti það að vera gerlegt, enda sýnir reynslan að þegar misvísunin vex úr hófi hækka iðgjöldin. Ef litið er á hallann á lögboðnu ökutækjatryggingunum sést að frjálsu ökutækjatryggingarnar (framrúðu- og húftrygging) standa undir honum ásamt hagnaði af öðrum greinum. Þetta getur vart gengið til lengdar. Þá ber einnig að hafa í huga að hækkun á margföldunarstuðli skaðabótalaganna úr 7,5 upp í 10 tók ekki gildi fyrr en um mitt ár 1996 og er því að líkindum aðeins að óverulegu leyti komin fram.

Niðurstaðan er sú að tillögur til breytingar á skaðabótalögunum sem hér eru gerðar eru ekki líklegar til að valda umtalsverðri hækkun iðgjalda. Hins vegar er hugsanlegt að meiri jöfnuður í afkomu vátryggingagreina leiði til hækkunar iðgjalda á lögboðnum ökutækjatryggingum ásamt því að miðað við birtar afkomutölur er líklegt að hækkun margföldunarstuðulsins úr 7,5 í 10 sé ekki nema að litlu leyti komin fram. Að öðru leyti vísast til ítarlegrar greinargerðar í ársskýrslum Vátryggingaeftirlitsins, nr. 14–22 og nr. 23.

V.
Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Verðmæti vinnu við heimilisstörf skal lagt að jöfnu við launatekjur, sbr. 2. og 7. gr.

2. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: svo sem bætur úr lífeyrissjóðum og styrktarsjóðum, að því marki sem vinnuveitandi og aðrir hafa hlutfallslega greitt iðgjöld til þeirra.

3. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Um greiðslur frá þriðja aðila fer eftir ákvæðum 4. mgr. 5. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað upphæðarinnar „6.000.000 kr.“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: 50%.
b. 6. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Hafi tjónþoli verið 50 ára eða eldri þegar tjón varð lækka bætur sem ákveðnar eru eftir 1. mgr. um 1.5% fyrir hvert aldursárs tjónþola umfram 49 ár. Bætur lækka þó ekki frekar eftir 69. aldursár tjónþola.

Um greiðslur frá þriðja aðila fer eftir ákvæðum 4. mgr. 5. gr.

5. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Njóti tjónþoli lífeyrisgreiðslna vegna varanlegrar örorku eftir lögum um almannatryggingar, ákvæðum reglugerða lífeyrissjóða eða vátryggingabóta, sem hinn skaðabótaskyldi eða aðrir hafa keypt til hagsbóta fyrir tjónþola, svo og bóta frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bóta frá sams konar slysatryggingu manns sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki, skal draga þær frá fjárhæð örorkutjónsins og margfalda síðan niðurstöðu með stuðli skv. 6. gr. Að lokum skal draga frá eingreiðslu bóta sem af sömu rótum eru runnar. Hafi tjónþoli sjálfur greitt iðgjald til lífeyrissjóða, styrktarsjóða eða annarra þvílíkra bótagreiðanda skal aðeins draga frá örorkutjóni þann hluta sem svarar til iðgjalda sem vinnuveitandi eða aðrir hafa greitt til þeirra.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Bætur skal meta til fjárhæðar sem nemur tíföldum árslaunum tjónþola margfölduðum með örorkustigi skv. 3. mgr. 5. gr., sbr. 9. gr.

Árslaun til ákvörðunar bóta skulu teljast meðaltal heildarvinnutekna tjónþola á síðustu þremur almanaksárum áður en tjónsatburður varð, leiðrétt með launavísitölu þess tíma. Árslaunin skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. breytingar á tekjum eða atvinnuhögum.

Bótafjárhæð skal greidd í einu lagi.

7. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Tjónþolar sem vinna heimilisstörf eiga rétt til bóta fyrir varanlega örorku, sem ákveðnar skulu miðað við föst mánaðarlaun grunnskólakennara í 6. þrepi launaflokks 150. Laun þessi miðast við heimilisstörf fyrir fimm manna fjölskyldu en bæta skal við 10% fyrir hvern fjölskyldumeðlim sem umfram er, en draga frá 20% fyrir hvern þann sem skortir á þann fjölda. Einstakling sem er einn í heimili skal ekki telja sem heimavinnandi.

Vinni tjónþoli utan heimilis skal bæta við þann tíma (vinnuvikum) reiknuðum tekjum fyrir heimilisstörf skv. 1. mgr. þessarar greinar, eins og við á eftir 2. mgr. 6. gr., þannig að út komi tekjur fyrir heilsársstarf.

Ekki verða bætur fyrir annað fjártjón skv. 1. gr. greiddar jafnframt bótum fyrir heimilisstörf samkvæmt þessari grein nema til einstaklings á heimili.

Um útreikning og greiðslu bóta fer eftir reglum 6. gr., sbr. 4. mgr. 5. gr.

8. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, sem orðast svo:

Bætur til ungmenna innan 18 ára aldurs sem hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur skal ákvarða á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. Bætur skulu ákveðnar sem hundraðshluti af bótum fyrir varanlegan miska eftir reglum 1.–4. málsl. 1. mgr. 4. gr.

Þegar miskastig er 10% eða lægra, 12%, 15%, 18% og 20% skulu örorkubætur vera 120%, 125%, 130%, 135% eða 140% af bótum fyrir varanlegan miska.

Þegar miskastig er 25% eru örorkubætur 150% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 30%, 35%, 40%, 45% eða 50% skulu örorkubætur vera 160%, 170%, 180%, 190% eða 200% af bótum fyrir varanlegan miska.

Þegar miskastig er 55% eru örorkubætur 225% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 60%, 65%, 70%,75%, 80% eða 85% skulu örorkubætur vera 250%, 275%, 300%, 325%, 350% eða 375% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 90%, 95% eða 100% skulu örorkubætur vera 400% af bótum fyrir varanlegan miska.

9. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Örorkubætur til annarra en tjónþola er starfa að heimilsstörfum, sbr. 7. gr., og ungmenna, sbr. 7. gr. a, sem hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skal ákveða eftir 2.–4. mgr. 7. gr. a. Stefni tjónþoli að ákveðnu ævistarfi sem hann hefur búið sig undir með sérstakri menntun

eða öðrum sambærilegum hætti og sjá má að það muni ganga eftir á hann þess kost að fá bætur metnar eftir 6. gr. með hliðsjón af meðaltekjum í viðkomandi starfsgrein.

Leiði bætur eftir 2.–4. mgr. 7. gr. a til óeðlilegrar eða ósanngjarnar fjárhæðar bóta að marki eiga bæði tjónþoli og bótagreiðandi rétt á að fá bætur metnar óbundið miðað við allar aðstæður.

Um greiðslur frá þriðja aðila skal fara eftir 4. mgr. 5. gr.

Þegar læknisfræðileg örorka í málum skv. 6., 7. og 8. gr. er metin 10% eða lægra skal því aðeins greiða bætur fyrir varanlega örorku að framtíðarfjárhagstjón vegna vinnutekjutaps sé hlutlægt sannað og fram komið þegar ekki er að vænta frekari bata. Komi það síðar fram skal fara með það eftir 11. gr.

10. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Þegar fyrir liggur sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola, eða þá læknisfræðilegu þætti skv. 2. og 3. gr., sem meta þarf til þess að uppgjör bóta samkvæmt lögum þessum geti farið fram, getur hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitið undir örorkunefnd. Heimilt er að óska álits örorkunefndar um ákvörðun örorku- og/eða miskastigs, án þess að fyrir liggi sérfræðilegt álit, ef málsaðilar standa sameiginlega að slíkri beiðni.

Í örorkunefnd eiga sæti þrír menn sem skipaðir eru af dómsmálaráðherra til sex ára í senn. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar, en einn lögfræðingur og er hann formaður nefndarinnar. Formaður skal fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara. Ráðherra skipar varamenn eftir sömu reglum og aðalmenn. Ráðherra er heimilt að ósk nefndarinnar að fjölga nefndarmönnum tímabundið, í því skyni að tryggja að afgreiðsla mála dragist ekki. Um hæfi nefndarmanna til þess að fara með mál skal fara eftir reglum laga um sérstakt hæfi.

Örorkunefnd skal semja töflur um miskastig.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu örorkunefndar. Í reglugerðinni skal m.a. vera heimild fyrir nefndina til þess að kveðja lækna og aðra sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar og jafnframt ákveðið hvernig staðið skuli að birtingu helstu álita hennar. Í reglugerð skal og kveða á um gjald fyrir matsgerðir sem nefndin gerir.

11. gr.

Á eftir orðinu „ófyrirsjáanlegar“ í 2. málsl. 11. gr. laganna kemur: sbr. þó 4. mgr. 8. gr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Tilvísunin „3. mgr. 7. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Lokamálsliður 2. mgr. fellur brott.

13. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, tímabundið atvinnutjón og missi framfæranda ber vexti frá því tjón varð. Bætur fyrir varanlega örorku bera vexti frá upphafsdegi metinnar örorku skv. 5. gr. Vextir skulu nema 4,5% á ári.

14. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni eða ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.

Þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns má dæma til þess að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999 og eiga við um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til bótaskylds tilviks eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er einungis um að ræða breytingar á tilvísun til annarra greina í lögunum.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að tjónþolinn fái tímabundið atvinnutjón sitt að fullu bætt en hvorki meira né minna. Frádráttur á greiðslu þriðja aðila miðist við það hvaðan féð er komið. Hafi tjónþolinn sjálfur lagt það fram rýrir það ekki bætur vegna hins bótaskylda tjónsatburðar. Sé það á hinn bóginn runnið frá vinnuveitenda eða þriðja aðila skerðir það bæturnar, allt með tilliti til þess að tjónið verði fullbætt í samræmi við reglu skaðabótaréttarins.

Nánar er vísað til athugasemdar við 4. mgr. 5. gr.

Um 3. gr.

Þessa breytingu leiðir sjálfkrafa af breyttri tilhögun á greiðslum frá þriðja aðila.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að ákveða bætur hærri en 4.000.000 kr. þó ekki hærri en 6.000.000 kr. Túlkun á þessu ákvæði hefur verið þröng og bundin við að tjónþolar hafi í raun meira en 100% örorku. Lögð er til rýmkun á þessu ákvæði þannig að þegar um sérstaka hækkun er að ræða sé hún ekki bundin við tjónþola sem hafa 100% örorku. Við lægra örorkustig skuli heimilt að ákveða hærri bætur þó ekki meira en 50% hærri en bætur samkvæmt metnu örorkustigi eru. Gert er ráð fyrir að heimild þessi sé notuð í undantekningartilfellum og eru þá sérstaklega höfð í huga þau tilvik þegar um sérstaklega mikinn miska er að ræða, svo sem þegar brunaslys verða eða andlitslýti o.þ.h.

Þá er lagt til að 5% lágmarkið í greininni verði fellt niður. Telji örorkunefnd að hægt sé að meta miska minni en 5% þá verður að telja rétt að bæta miska er af því leiðir.

Í 2. mgr. 4. gr. gildandi skaðabótalaga segir að hafi tjónþoli verið 60 ára eða eldri þegar tjón varð skuli lækka bætur sem ákveðnar eru eftir 1. mgr. greinarinnar um 5% fyrir hvert aldursár tjónþola umfram 59, en bætur lækki þó ekki frekar eftir 69. aldursár tjónþola.

Telja verður rök fyrir því að aldur tjónþola hafi áhrif á ákvörðun miskabóta. Hins vegar sýnist tæpast eðlilegt að lækkun bótanna fari fram á svo stuttu árabili og miða fremur við 50 ára aldur.

Sé miðað við 50 ára aldur verður lækkunin nokkru minni en hún er nú eftur lögunum. Samkvæmt gildandi lögum eru miskabætur hjá 69 ára tjónþola með 100% örorku 2.000.000 kr. en yrðu 2.800.000 kr. miðað við tillöguna. Ef skerðingarprósentan væri 2% fyrir hvert ár yrðu miskabæturnar 2.400.000 kr. Væri skerðingarprósentan 1% fyrir hvert ár yrðu miskabæturnar við 70 ára aldur 3.200.000 kr.

Um 5. gr.

Samræmi verður að vera á meðferð frádráttar á greiðslum þriðja manns frá bótum fyrir tímabundið atvinnutjón og bótum fyrir varanlega örorku. Sjónarmiðið sem hér er byggt á er hvaðan féð sem stendur undir bótunum er komið. Hafi tjónþolinn keypt tryggínguna sjálfur kemur frádráttur á henni frá bótum ekki til, en sé hún keypt af vinnuveitanda eða þriðja aðila til hagsbóta tjónþola dregst hún frá. Þannig yrði það hlutfallið milli iðgjaldagreiðslna til lífeyrissjóðs eða sjúkrasjóða sem ákvarðaði þá hlutdeild í heildarbótum frá sjóðunum sem frá bótum fyrir varanlega örorku dragist. Hjá SAL-sjóðunum mun vinnuveitandi tíðast greiða 60% iðgjalds og launþegi 40%. Þetta yrði skiptihlutfallið í þessu dæmi. Upplýsingar um annað skiptihlutfall eiga jafnan að vera auðfengar.

Til skýringar tillögunni í frumvarpsgreininni er rétt að taka fram: Samkvæmt tillögu að 6. gr. ber að miða bætur fyrir varanlega örorku sem aðalreglu við þriggja ára meðaltal vinnutekna. Þegar það er fengið skal frá því draga bætur frá lífeyrissjóði fyrir eitt ár eins og þær eru á útreikningsdegi. Þetta á aðeins við um örorkulífeyri en ekki þegar bætur eru greiddar með eingreiðslu. Síðan skal reikna út bætur fyrir örorku með viðkomandi margföldunarstuðli. Hafi lífeyrissjóðurinn eða viðkomandi aðili, t.d. almannatryggingar greitt bæturnar með eingreiðslu dregst hún frá þeirri fjárhæð bóta sem fékkst eftir margföldun með stuðlinum.

Þær nýju bætur sem lagt er til að dregnar verði frá örorkubótum samkvæmt skaðabótalögunum eru fyrst og fremst bætur frá framangreindum sjóðum auk bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, einkum 12. og 29. gr., svo og aðrar bætur sem jafna má til framangreinda bóta.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að skilgreining á árslaunum skv. 7. gr. gildandi laga verði færð inn í 6. gr. Samkvæmt gildandi lögum er ákveðið að árslaun teljist vera heildarvinnutekjur tjónþola á næst liðnu ári fyrir þann dag er tjón varð. Lagt er til að þessari viðmiðun verði breytt á þann veg að miðað verði við meðaltal heildarvinnutekna þriggja síðustu almanaksára fyrir tjón að teknu tilliti til launavísitölu. Rökin fyrir þessu eru þau að hjá venjulegum launþegum er þriggja ára viðmiðun öruggari mælikvarði til að meta framtíðartjón en eitt ár fyrir tjónsatburð. Sama heimild er í 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins og nú er í gildandi lögum til að taka tillit til breyttra tekna við ákvörðun árslauna til útreiknings bóta. Þegar líður á starfsævi fólks má búast við lækkandi tekjum, en til þessa er tekið tillit í 9. gr. laganna. Þriggja ára viðmiðun er einnig betur til þess fallin að jafna út tímabundnar sveiflur í tekjum tjónþola en eins árs viðmiðun fyrir tjónsatburð.

Varðandi vinnutekjur telst rétt að fella hámarkið, 4.500.000 kr., niður með því að það samræmist miður skaðabótasjónarmiðum.

Um 7. gr.

Með þessari frumvarpsgrein er ætlað að lögfesta nokkur meginsjónarmið við ákvörðun örorkubóta til heimavinnandi tjónþola, sem síðan yrðu skýrð og fyllt m.a. af dómstólum. Meginsjónarmiðið er að falla frá því að miða örorkubætur við varanlegan miska, en í stað þess að miða við laun ákveðinnar starfstéttar og fjölskyldustærð. Er það í betra samræmi við 3. mgr. 1. gr. laganna. Hér er lagt til að miðað verði við laun grunnskólakennara. Þessi viðmiðun ætti að jafnaði að vera nokkuð skýr. Álitaefni kann að vera við hvaða stétt beri að miða og er þetta hærri viðmiðun en notuð hefur verið í dómum. Ástæða þess er m.a. sú að uppeldisstarfið hefur síaukna þýðingu ásamt því að viðmiðunin í dómunum hefur verið lág. Þá má á það benda að þegar heimavinnandi tjónþolar hafa alið upp börn sín eru þeir alloft komnir á miðjan aldur og eiga ekki margra kosta völ á vinnumarkaðinum og síst af öllu ef þeir hafa orðið fyrir slysi.

Viðmiðunin við föst laun grunnskólakennara miðast við ríflega meðalfjölskyldustærð eða fimm manns í heimili. Frávik varðandi þá stærð ber að meta til hækkunar eða lækkunar eins og segir í frumvarpsgreininni, fjögurra manna fjölskylda fengi bætur miðað við 80% af launum kennara, þriggja manna 60% og tveggja manna 40%. Ekki þykir gerlegt að taka hér með einstakling. Telst eðlilegast að draga mörkin eftir því hvort tjónþolinn hafi aðra en sjálfan sig að annast. Ekki er gert ráð fyrir að bætt verið meira en heilt ársstarf.

Til hliðsjónar hér eru hafðir dómar og möt tryggingafræðinga, t.d. hrd: 1996:503 (517–518), 1002 (1005) og 1059 (1063).

Um 8. gr.

Eins og í 7. gr. er hér reynt að skipta upp 8. gr. gildandi laga. Er það gert með því að taka ungmenni innan 18 ára aldurs í sérákvæði. Bætur til þeirra fari alveg eftir stöðlunum í núgildandi lögum, en bætur til ungmenna t.d. í Noregi eru staðlaðar. Rökrétt þykir að fella niður 10% lágmarkið á miskastig til samræmis við aðrar tillögur til breytinga á lögunum. Ekki teljast efni til að hafa hinar stöðluðu bætur ungmenna mismunandi eftir aldri þegar tjón á sér stað, þannig að t.d. fimm ára tjónþoli fengi lægri bætur en fimmtán ára tjónþoli vegna meiri ávöxtunarmöguleika þess yngra. Hér er á það að líta að yngri tjónþolinn yrði að öðru jöfnu að bera sitt tjón tíu árum lengur en sá eldri.

Um 9. gr.

Það liggja margvíslegar ástæður til þess að fólk á enga eða takmarkaða tekjusögu og ógerningur er að sjá fyrir öll tilvik þar að lútandi. Staðlaðar bætur leiða ekki til hlutlægrar niðurstöðu í sumum tilvikum. Því er með ákvæðinu í 2. mgr. verið að opna leið, bæði fyrir tjónþola og tjónvald, til að fá einstaklingsbundið mat á bótum. Við mat bóta í slíkum tilvikum ber að taka tillit til allra aðstæðna.

Ákvæði 4. mgr. greinarinnar er ætlað að stuðla að skýrari vinnubrögðum varðandi framtíðartekjutap sem afleiðingu af læknisfræðilega metinni örorku. Verulegur fjöldi bættra örorkutjóna eru lítil tjón. Þegar litið er til fylgni á milli hins læknisfræðilega örorkumats og vinnutekjutapsins þá minnkar hún verulega eftir því sem neðar dregur í örorkustiganum. Maður sem orðið hefur fyrir litlu örorkutjóni heldur gjarnan óbreyttum vinnutekjum þrátt fyrir það. Miska- og þjáningarbótum er ætlað að bæta aðrar afleiðingar en vinnutekjutap. Í dómum má víða lesa þá staðhæfingu að hafi örorkutap reiknað læknisfræðilega orðið um einhver prósent hafi aflahæfið rýrnað að sama skapi. Um of mikla alhæfingu er að ræða eins og erlendar rannsóknir muna sýna, sbr. einnig greinargerð með skaðabótalögunum. Þessu

hefur verið svarað með því að setja reglur um að bæta ekki tjón fyrir ákveðna lágmarksörorku og mati á fjárhagslegri örorku. Lágmarksreglan hefur ekki verið talin standast í öllum tilvikum, sbr. hrd. 4. júní 1998 í málinu nr. 317/1997. Að sjálfsögðu er þess að gæta að lítil læknisfræðileg örorka getur og hefur stundum haft áhrif á vinnutekjur tjónþola til lækkunar.

Hér er lagt til að breytt verði að nokkru um verklag. Þegar læknisfræðileg örorka er 10% eða lægri verði því aðeins greitt fyrir framtíðarvinnutekjutap ef það er framkomið þegar ekki er að vænta frekari bata og fyrir liggi hlutlæg sönnun þar um en ekki verði byggt á huglægu mati hvort heldur er læknis eða annarra. Með hlutlægri sönnun er einkum litið til skoðunar læknis á þeim þáttum sem má mæla, mynda eða staðreyna með endurtekningu og ætti við um gróanda sára, beina, hreyfanleika liða, stærð og styrk vöðva og fleira af þessum toga. Komi vinnutekjutap síðar í ljós verði málið endurupptekið skv. 11. gr. Gagnvart tjónþola er það ekki ósanngjarnt þótt hann fái ekki tjónið bætt fyrir en það er áfallið.

Varðandi 10% markið er m.a. höfð til hliðsjónar vegna lagasamræmis 6. mgr. 29. gr. laga nr. 117/1993 og 8. gr. skaðabótalaganna.

Um 10. gr.

Örorkunefnd tók til starfa eftir gildistöku skaðabótalaganna árið 1993. Málum sem skotið er til nefndarinnar hefur stöðugt fjölgað. Vegna málafjöldans hefur álag á nefndina verið mjög mikið og afgreiðslutími mála lengst. Miklu skiptir fyrir málsaðila að enginn ónauðsynlegur dráttur verði á því að mat á afleiðingum líkamstjóns geti legið fyrir.

Í því skyni að létta álagi af örorkunefnd er lagt til að 1. mgr. 10. gr. verði breytt þannig að horfði verið frá þeirri meginreglu að örorkunefnd sé matsaðili á fyrsta stigi. Aðalreglan verði sú að málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegs álits um örorku- og/eða miskastig og þá læknisfræðilegu þætti sem meta þarf skv. 2. og 3. gr. laganna til þess að ljúka megi bótauppgjöri. Sérfræðilegt mat, sem annar málsaðila aflar, geti tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta borið undir örorkunefnd. Með þessu breytist hlutverk örorkunefndar og verður hún fyrst og fremst matsaðili á síðari stigi. Áfram verður það meginhlutverk örorkunefndar að stuðla að því að viðunandi samræmi geti fengist um matsniðurstöður. Ætla má að til nefndarinnar verði einkum skotið þeim málum sem eru á einhvern hátt sérstök eða fordæmisgefandi. Sætti annar málsaðili sig ekki við niðurstöður örorkunefndar getur hann freistað þess að fá henni breytt eða hrundið með því að leita til dómstóla.

Þá er í frumvarpsgreininni jafnframt heimilað að skjóta til örorkunefndar sérfræðilegu áliti um þá læknisfræðilegu þætti sem um er getið í 2. og 3. gr. laganna. Slík heimild hefur ekki verið fyrir hendi til þessa.

Frá aðalreglunni um að örorkunefnd komi ekki að málum á fyrsta stigi er gerð sú undantekning að málsaðilar geta sameiginlega óskað álits örorkunefndar um ákvörðun örorku- og/eða miskastigs án þess að áður liggi fyrir sérfræðilegt álit.

Lagt er til að við 2. mgr. 10. gr. verði bætt heimild til ráðherra, að fenginni ósk örorkunefndar, að fjölga tímabundið í nefndinni, í því skyni að tryggja að afgreiðsla mála dragist ekki. Málsgreinin er að öðru leyti óbreytt.

Til þess að tryggja að örorkunefnd geti sem best sinnt samræmingarhlutverki sínu er nauðsynlegt að helstu niðurstöður verði gerðar aðgengilegar með birtingu. Gerð er tillaga um viðbót við 4. mgr. 10. gr. þess efnis að ráðherra skuli ákveða í reglugerð hvernig staðið skuli að birtingu helstu álitsgerða nefndarinnar.

Um 11. gr.

Varðandi skýringu á ákvæði þessu vísast til 8. gr.

Um 12. gr.

Niðurfelling á tilvísun til 3. mgr. 7. gr. þarfnast ekki skýringar. Í ljósi breytinga á 6. gr. er lagt til að lokamálsliður 2. mgr. falli brott.

Um 13. gr.

Lagt er til að vextir verði þeir sömu og miðað er við í afvöxtun margföldunarstuðulsins skv. 6. gr., þ.e. 4,5% á ári. Vakin skal athygli á því að vextir reiknast ekki af bótum fyrir varanlega örorku fyrr en frá upphafsdegi metinnar örorku, þ.e. því tímamarki þegar tímabundnu ástandi lýkur og við tekur mat á varanlegri örorku. Réttur til dráttarvaxta verður áfram samkvæmt vaxtalögum, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna.

Um 14. gr.

Lögð er til breyting á 26. gr. gildandi skaðabótalaga. Megintilgangur með breytingu þessari er að gera rétt tjónþola til bóta vegna ófjárhagslegs tjóns skýrari, þannig að tjónþoli geti átt rétt á miskabótum vegna líkamstjóns óháð því hvernig atvik áttu sér. Nú sem í gildandi lögum þarf meingerð ekki að vera refsiverð né drýgð af illfýsni.

Ákvæði norsku skaðabótalaganna eru höfð hér til hliðsjónar. Skilyrði bótaábyrgðarinnar samkvæmt ákvæðinu eru fremur þröng. Í fyrsta lagi verður tjónið að vera framið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Einfalt gáleysi dugir ekki. Í öðru lagi er tjónvaldur einn ábyrgur fyrir greiðslu bótanna. Þannig kemur ekki til vinnuveitendaábyrgðar ef starfsmaður veldur tjóni. Í þriðja lagi er það tjónþoli sjálfur sem á rétt til greiðslu bótanna. Sé hann látinn geta börn hans, foreldrar eða maki/sambúðarmaki krafist bótanna.

Séu skilyrði bótaábyrgðar fyrir hendi getur tjónþoli hvort sem er átt rétt á bótum sjálfstætt samkvæmt ákvæði þessu eða til viðbótar bótum skv. 3. og 4. gr. skaðabótalaganna.

Fjárhæð bóta er matskennd og fer eftir hvað sanngjarnt þykir í hverju tilfelli. Þá skal meðal annars hafa í huga umfang tjónsins, sök tjónvaldsins og fjárhagslega getu hans. Séu börn fórnarlömb kynferðisbrota ber að líta til þess hversu alvarlegar afleiðingar brot hafa fyrir þau, svo og eðli verknaðarins, hversu lengi misnotkunin hefur varað og hvort um misnotkun ættartengsla eða trúnaðartengsla eða þess háttar sé að ræða. Slíkt á ekki að verka til lækkunar bóta.

Í 2. mgr. ákvæðisins er það nýmæli að maki og börn geta átt rétt á bótum úr hendi þess sem valdur er að dauða annars manns með ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé þeim ekki til að dreifa geta foreldrar átt rétt. Varðandi fjárhæð bóta er gert ráð fyrir því að henni sé stillt í hóf þar sem taka verður tillit til fjárhagslegrar getu tjónsvalds auk þess sem augljóst er að aldrei er með peningum hægt að bæta aðstandendum miska þann sem hér um ræðir.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Reykjavík 31. ágúst 1998

Sigrún Guðmundsdóttir hrl.

Fskj. 1.

17.07.1997

Til Skaðabótanefndar

Hjálagðar eru nokkrar töflur þar sem tekið er tillit til þeirra atriða sem rædd voru á fundi okkar í síðustu viku.

Þá er hér einnig gerð breyting frá fyrri útreikningi að því er varðar skattfrelsi 4% iðgjalds til lífeyrissjóðs en mér hafði því miður láðst að gera það í fyrri útreikningum.

Töflurnar skýra sig að öðru leyti nokkurn veginn sjálfar en þær eru hliðstæðar fyrri töflum nema að því er varðar eftirfarandi atriði:

1. Stéttarfélagsgjald er nú ekki tekið með við mat á ráðstöfunartekjum.
2. Tapaðar ráðstöfunartekjur eru sýndar sem hlutfall af ráðstöfunartekjum fyrir slys en ekki vinnutekjur fyrir slys.
3. Bætt er við tekjuflokknum 600.000 kr. á mán.
4. Þegar "bætur skv. hugmynd" eru sýndar er nú miðað við lögin og síðan dregið frá töpuðum tekjum tiltekið hlutfall af lífeyri en ekki er miðað við lágmark.
5. Þá eru tvær töflur þar sem tap er núvirt miðað við þá forsendu að raunvextir lækki um10% og 25% vegna fjármagnstekjuskatts.

Ef þið kynnuð að óska eftir frekari útreikningum, t.d. fyrir fleiri aldurshópa þá látið þið mig vita.

Beztu kveðjur,
Bjarni Þórðarson
tryggingastærðfræðingur.

Tryggingafræðilegur stuðull miðað við mismunandi
forsendur um raunvexti eða skerðingu þeirra vegna sköttunar.
Vinnutekjur reiknast annars vegar til 70 ára aldurs og
hins vegar til starfsloka eða í síðasta lagi til 84 ára aldurs.

	Vextir 4,5%		Vextir 4,05% (Sköttun 10%)		Vextir 3,375% (Sköttun 25%)	
	Til 70 ára	Til 84 ára	Til 70 ára	Til 84 ára	Til 70 ára	Til 84 ára
Aldur						
20	18,901	19,059	20,220	20,418	22,506	22,786
30	17,218	17,469	18,246	18,547	19,984	20,382
40	14,784	15,185	15,488	15,950	16,650	17,222
50	11,330	11,991	11,712	12,441	12,326	13,171
60	6,627	7,818	6,747	8,005	6,933	8,301
			Hækkun frá 4,5% vöxtum í %			
20			7,0	7,1	11,3	11,6
30			6,0	6,2	9,5	9,9
40			4,8	5,0	7,5	8,0
50			3,4	3,8	5,2	5,9
60			1,8	2,4	2,8	3,7

TAFLA 1.SK

Athugun á töpuðum ráðstöfunartekjum m.v. mismunandi örorku og vinnutekjur.
Giftur og barnlaus maður. Maki með 80.000 kr. í vinnutekjur á mán..

Fyrir Skaðabótanefnd

Forsendur:					
Aldur:		Staðgreiðsluhlutfall:	40,88%	Örorkulífeyrir alm.tr.:	14.186
Starfsaldur:		Frítekjumark staðgr.:	58.466	Frítekjumark örorkul.:	71.121
Einhleypur J/N:	N	Barnalífeyrir líf.sj.:	5.500	Tekjutrygging alm.tr.:	26.832
Fjöldi barna:	0	Barnalífeyrir alm.tr.:	11.450	Frítekjumark tekjutr.:	18.418
Vinnutekjur maka:	80.000	Lífeyrisr. í lífsj.	53%		

Örorka	Vinnutekjur fyrir slys	Skattar lögjald	Ráðstöf-unartekjur fyrir	Vinnutekjur eftir slys	Örorkulífeyrir Lífeyris-sjóður	Almanna-tryggingar	Samtals tekjur og lífeyrir	Skattar lögjald	Ráðstöf-unartekjur eftir	Lækkun ráðstöf-unartekna	Lækkun í % af ráðstöf-unartekjum
7%	100.000	19.344	80.656	93.000	0	0	93.000	16.317	76.683	3.973	4,9
7%	150.000	40.966	109.034	139.500	0	0	139.500	36.426	103.074	5.959	5,5
7%	200.000	62.589	137.411	186.000	0	0	186.000	56.534	129.466	7.946	5,8
7%	250.000	84.211	165.789	232.500	0	0	232.500	76.643	155.857	9.932	6,0
7%	300.000	105.833	194.167	279.000	0	0	279.000	96.752	182.248	11.919	6,1
7%	400.000	149.078	250.922	372.000	0	0	372.000	136.970	235.030	15.891	6,3
7%	600.000	235.568	364.432	558.000	0	0	558.000	217.405	340.595	23.837	6,5
15%	100.000	19.344	80.656	85.000	0	0	85.000	12.857	72.143	8.513	10,6
15%	150.000	40.966	109.034	127.500	0	0	127.500	31.236	96.264	12.770	11,7
15%	200.000	62.589	137.411	170.000	0	0	170.000	49.615	120.385	17.027	12,4
15%	250.000	84.211	165.789	212.500	0	0	212.500	67.994	144.506	21.283	12,8
15%	300.000	105.833	194.167	255.000	0	0	255.000	86.373	168.627	25.540	13,2
15%	400.000	149.078	250.922	340.000	0	0	340.000	123.131	216.869	34.053	13,6
15%	600.000	235.568	364.432	510.000	0	0	510.000	196.648	313.352	51.080	14,0

25%	100.000	19.344	80.656	75.000	0	0	75.000	8.533	66.467	14.189	17,6
25%	150.000	40.966	109.034	112.500	0	0	112.500	24.749	87.751	21.283	19,5
25%	200.000	62.589	137.411	150.000	0	0	150.000	40.966	109.034	28.378	20,7
25%	250.000	84.211	165.789	187.500	0	0	187.500	57.183	130.317	35.472	21,4
25%	300.000	105.833	194.167	225.000	0	0	225.000	73.400	151.600	42.566	21,9
25%	400.000	149.078	250.922	300.000	0	0	300.000	105.833	194.167	56.755	22,6
25%	600.000	235.568	364.432	450.000	0	0	450.000	170.701	279.299	85.133	23,4
50%	100.000	19.344	80.656	50.000	26.500	0	76.500	8.555	67.945	12.711	15,8
50%	150.000	40.966	109.034	75.000	39.750	0	114.750	24.782	89.968	19.066	17,5
50%	200.000	62.589	137.411	100.000	53.000	0	153.000	41.010	111.990	25.422	18,5
50%	250.000	84.211	165.789	125.000	66.250	0	191.250	57.238	134.012	31.777	19,2
50%	300.000	105.833	194.167	150.000	79.500	0	229.500	73.466	156.034	38.132	19,6
50%	400.000	149.078	250.922	200.000	106.000	0	306.000	105.921	200.079	50.843	20,3
50%	600.000	235.568	364.432	300.000	159.000	0	459.000	170.833	288.167	76.265	20,9
75%	100.000	19.344	80.656	25.000	39.750	24.370	89.120	13.123	75.998	4.658	5,8
75%	150.000	40.966	109.034	37.500	59.625	14.186	111.311	22.490	88.821	20.213	18,5
75%	200.000	62.589	137.411	50.000	79.500	14.186	143.686	36.020	107.666	29.746	21,6
75%	250.000	84.211	165.789	62.500	99.375	14.186	176.061	49.551	126.510	39.279	23,7
75%	300.000	105.833	194.167	75.000	119.250	13.216	207.466	62.685	144.781	49.385	25,4
75%	400.000	149.078	250.922	100.000	159.000	6.966	265.966	87.191	178.775	72.146	28,8
75%	600.000	235.568	364.432	150.000	238.500	0	388.500	138.465	250.035	114.397	31,4
100%	100.000	19.344	80.656	0	53.000	29.208	82.208	9.706	72.502	8.154	10,1
100%	150.000	40.966	109.034	0	79.500	17.283	96.783	15.664	81.119	27.915	25,6
100%	200.000	62.589	137.411	0	106.000	14.186	120.186	25.231	94.955	42.456	30,9
100%	250.000	84.211	165.789	0	132.500	14.186	146.686	36.064	110.622	55.167	33,3
100%	300.000	105.833	194.167	0	159.000	14.186	173.186	46.898	126.288	67.878	35,0
100%	400.000	149.078	250.922	0	212.000	14.186	226.186	68.564	157.622	93.300	37,2
100%	600.000	235.568	364.432	0	318.000	14.186	332.186	111.897	220.289	144.143	39.6

TAFLA 1.1.SK

Athugun á töpuðum ráðstöfunartekjum m.v. mismunandi örorku og vinnutekjur.
Giftur og barnlaus maður. Maki með 80.000 kr. í vinnutekjur á mán..

Forsendur:					
Aldur:		Staðgreiðsluhlutfall:	40,88%	Örorkulífeyrir alm.tr.:	14.186
Starfsaldur:		Frítekjumark staðgr.:	58.466	Frítekjumark örorkul.:	71.121
Einhleypur J/N:	N	Barnalífeyrir líf.sj.:	5.500	Tekjutrygging alm.tr.:	26.832
Fjöldi barna:	0	Barnalífeyrir alm.tr.:	11.450	Frítekjumark tekjutr.:	18.418
Vinnutekjur maka:	80.000	Lífeyrisr. í lífsj.	53%		

Örorka	Vinnutekjur fyrir slys	Skattar Iðgjald	Ráðstöf-unartekjur fyrir	Vinnutekjur eftir slys	Örorkulífeyrir Lífeyris-sjóður	Almanna-tryggingar	Samtals tekjur og lífeyrir	Skattar Iðgjald	Ráðstöf-unartekjur eftir	Lækkun ráðstöf-unartekna	Lækkun í % af ráðstöf-unartekjum
7%	50.000	2.000	48.000	46.500	0	0	46.500	1.860	44.640	3.360	7,0
7%	60.000	2.400	57.600	55.800	0	0	55.800	2.232	53.568	4.032	7,0
7%	70.000	6.370	63.630	65.100	0	0	65.100	4.251	60.849	2.781	4,4
7%	75.000	8.533	66.467	69.750	0	0	69.750	6.262	63.488	2.980	4,5
7%	80.000	10.695	69.305	74.400	0	0	74.400	8.273	66.127	3.178	4,6
7%	90.000	15.019	74.981	83.700	0	0	83.700	12.295	71.405	3.576	4,8
7%	100.000	19.344	80.656	93.000	0	0	93.000	16.317	76.683	3.973	4,9
15%	50.000	2.000	48.000	42.500	0	0	42.500	1.700	40.800	7.200	15,0
15%	60.000	2.400	57.600	51.000	0	0	51.000	2.040	48.960	8.640	15,0
15%	70.000	6.370	63.630	59.500	0	0	59.500	2.380	57.120	6.510	10,2
15%	75.000	8.533	66.467	63.750	0	0	63.750	3.668	60.082	6.385	9,6
15%	80.000	10.695	69.305	68.000	0	0	68.000	5.506	62.494	6.811	9,8
15%	90.000	15.019	74.981	76.500	0	0	76.500	9.181	67.319	7.662	10,2
15%	100.000	19.344	80.656	85.000	0	0	85.000	12.857	72.143	8.513	10.6

25%	50.000	2.000	48.000	37.500	0	0	37.500	1.500	36.000	12.000	25,0
25%	60.000	2.400	57.600	45.000	0	0	45.000	1.800	43.200	14.400	25,0
25%	70.000	6.370	63.630	52.500	0	0	52.500	2.100	50.400	13.230	20,8
25%	75.000	8.533	66.467	56.250	0	0	56.250	2.250	54.000	12.467	18,8
25%	80.000	10.695	69.305	60.000	0	0	60.000	2.400	57.600	11.705	16,9
25%	90.000	15.019	74.981	67.500	0	0	67.500	5.289	62.211	12.770	17,0
25%	100.000	19.344	80.656	75.000	0	0	75.000	8.533	66.467	14.189	17,6
50%	50.000	2.000	48.000	25.000	13.250	0	38.250	1.000	37.250	10.750	22,4
50%	60.000	2.400	57.600	30.000	15.900	0	45.900	1.200	44.700	12.900	22,4
50%	70.000	6.370	63.630	35.000	18.550	0	53.550	1.400	52.150	11.480	18,0
50%	75.000	8.533	66.467	37.500	19.875	0	57.375	1.500	55.875	10.592	15,9
50%	80.000	10.695	69.305	40.000	21.200	0	61.200	2.064	59.136	10.169	14,7
50%	90.000	15.019	74.981	45.000	23.850	0	68.850	5.309	63.541	11.440	15,3
50%	100.000	19.344	80.656	50.000	26.500	0	76.500	8.555	67.945	12.711	15,8
75%	50.000	2.000	48.000	12.500	19.875	38.714	71.089	5.456	65.633	-17.633	-36,7
75%	60.000	2.400	57.600	15.000	23.850	35.845	74.695	6.989	67.706	-10.106	-17,5
75%	70.000	6.370	63.630	17.500	27.825	32.977	78.302	8.523	69.779	-6.149	-9,7
75%	75.000	8.533	66.467	18.750	29.813	31.542	80.105	9.289	70.815	-4.348	-6,5
75%	80.000	10.695	69.305	20.000	31.800	30.108	81.908	10.056	71.852	-2.547	-3,7
75%	90.000	15.019	74.981	22.500	35.775	27.239	85.514	11.589	73.925	1.056	1,4
75%	100.000	19.344	80.656	25.000	39.750	24.370	89.120	13.123	75.998	4.658	5,8
100%	50.000	2.000	48.000	0	26.500	41.018	67.518	3.700	63.818	-15.818	-33,0
100%	60.000	2.400	57.600	0	31.800	38.748	70.548	4.939	65.609	-8.009	-13,9
100%	70.000	6.370	63.630	0	37.100	36.363	73.463	6.131	67.332	-3.703	-5,8
100%	75.000	8.533	66.467	0	39.750	35.170	74.920	6.727	68.194	-1.727	-2,6
100%	80.000	10.695	69.305	0	42.400	33.978	76.378	7.322	69.056	250	0,4
100%	90.000	15.019	74.981	0	47.700	31.593	79.293	8.514	70.779	4.202	5,6
100%	100.000	19.344	80.656	0	53.000	29.208	82.208	9.706	72.502	8.154	10.1

TAFLA 2.40.70.1.SK

Samanburður á núvirði taps og bótum miðað við mismunandi
forsendur um örorku og vinnutekjur. Hámarkslaunaviðmiðun 405.000 á mán.
Fertugur, giftur maður barnlaus. Maki með 80.000 kr. í vinnutekjur á mán..
Bætur samkvæmt frumvarpi miðast við lágmarkslaun kr. 125.000 á mánuði.

Örorka	Tekjur á mán.	Tap á mán.	Stuðull til 70 ára	Núvirði taps	Samkv. lögum Bætur	Samkv. frumvarpi 1995 Stuðull	Bætur	Bætur sem hlutfall af núvirði taps hugmynd	frumvarpi
7%	100.000	3.973	14,784	704.842	714.000	9,470	994.350	101,3	141,1
15%	100.000	8.513	14,784	1.510.274	1.530.000	9,470	2.130.750	101,3	141,1
25%	100.000	14.189	14,784	2.517.242	2.550.000	9,470	3.551.250	101,3	141,1
50%	100.000	12.711	14,784	2.255.033	5.100.000	9,470	7.102.500	226,2	315,0
75%	100.000	4.658	14,784	826.366	7.650.000	9,470	10.653.750	925,7	1289,2
100%	100.000	8.154	14,784	1.446.585	10.200.000	9,470	14.205.000	705,1	982,0
7%	150.000	5.959	14,784	1.057.174	1.071.000	9,470	1.193.220	101,3	112,9
15%	150.000	12.770	14,784	2.265.500	2.295.000	9,470	2.556.900	101,3	112,9
25%	150.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
50%	150.000	19.066	14,784	3.382.461	7.650.000	9,470	8.523.000	226,2	252,0
75%	150.000	20.213	14,784	3.585.948	11.475.000	9,470	12.784.500	320,0	356,5
100%	150.000	27.915	14,784	4.952.344	15.300.000	9,470	17.046.000	308,9	344,2
7%	200.000	7.946	14,784	1.409.684	1.428.000	9,470	1.590.960	101,3	112,9
15%	200.000	17.027	14,784	3.020.726	3.060.000	9,470	3.409.200	101,3	112,9
25%	200.000	28.378	14,784	5.034.484	5.100.000	9,470	5.682.000	101,3	112,9
50%	200.000	25.422	14,784	4.510.066	10.200.000	9,470	11.364.000	226,2	252,0
75%	200.000	29.746	14,784	5.277.178	15.300.000	9,470	17.046.000	289,9	323,0
100%	200.000	42.456	14,784	7.532.034	20.400.000	9,470	22.728.000	270,8	301,8

7%	250.000	9.932	14,784	1.762.016	1.785.000	9,470	1.988.700	101,3	112,9
15%	250.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
25%	250.000	35.472	14,784	6.293.017	6.375.000	9,470	7.102.500	101,3	112,9
50%	250.000	31.777	14,784	5.637.494	12.750.000	9,470	14.205.000	226,2	252,0
75%	250.000	39.279	14,784	6.968.409	19.125.000	9,470	21.307.500	274,5	305,8
100%	250.000	55.167	14,784	9.787.067	25.500.000	9,470	28.410.000	260,5	290,3
7%	300.000	11.919	14,784	2.114.526	2.142.000	9,470	2.386.440	101,3	112,9
15%	300.000	25.540	14,784	4.531.000	4.590.000	9,470	5.113.800	101,3	112,9
25%	300.000	42.566	14,784	7.551.549	7.650.000	9,470	8.523.000	101,3	112,9
50%	300.000	38.132	14,784	6.764.922	15.300.000	9,470	17.046.000	226,2	252,0
75%	300.000	49.385	14,784	8.761.294	22.950.000	9,470	25.569.000	261,9	291,8
100%	300.000	67.878	14,784	12.042.100	30.600.000	9,470	34.092.000	254,1	283,1
7%	400.000	15.891	14,784	2.819.191	2.856.000	9,470	3.181.920	101,3	112,9
15%	400.000	34.053	14,784	6.041.275	6.120.000	9,470	6.818.400	101,3	112,9
25%	400.000	56.755	14,784	10.068.791	10.200.000	9,470	11.364.000	101,3	112,9
50%	400.000	50.843	14,784	9.019.955	20.400.000	9,470	22.728.000	226,2	252,0
75%	400.000	72.146	14,784	12.799.278	30.600.000	9,470	34.092.000	239,1	266,4
100%	400.000	93.300	14,784	16.552.166	40.800.000	9,470	45.456.000	246,5	274,6
7%	600.000	23.837	14,784	4.228.874	2.891.700	9,470	3.221.694	68,4	76,2
15%	600.000	51.080	14,784	9.062.001	6.196.500	9,470	6.903.630	68,4	76,2
25%	600.000	85.133	14,784	15.103.275	10.327.500	9,470	11.506.050	68,4	76,2
50%	600.000	76.265	14,784	13.530.021	20.655.000	9,470	23.012.100	152,7	170,1
75%	600.000	114.397	14,784	20.294.943	30.982.500	9,470	34.518.150	152,7	170,1
100%	600.000	144.143	14,784	25.572.121	41.310.000	9,470	46.024.200	161,5	180,0

TAFLA 2.40.70.1.10%.SK

Samanburður á núvirði taps og bótum miðað við mismunandi
forsendur um örorku og vinnutekjur. Hámarkslaunaviðmiðun 405.000 á mán.
Fertugur, giftur maður barnlaus. Maki með 80.000 kr. í vinnutekjur á mán..
Bætur samkvæmt frumvarpi miðast við lágmarkslaun kr. 125.000 á mánuði.
Stuðull reiknaður miðað við 10% fjármagnstekjuskatt (4,05% raunávöxtun).

Örorka	Tekjur á mán.	Tap á mán.	Stuðull til 70 ára	Núvirði taps	Samkv. lögum Bætur	Samkv. frumvarpi 1995 Stuðull	Bætur	Bætur sem hlutfall af núvirði taps hugmynd	frumvarpi
7%	100.000	3.973	15,488	738.406	714.000	9,470	994.350	96,7	134,7
15%	100.000	8.513	15,488	1.582.192	1.530.000	9,470	2.130.750	96,7	134,7
25%	100.000	14.189	15,488	2.637.111	2.550.000	9,470	3.551.250	96,7	134,7
50%	100.000	12.711	15,488	2.362.416	5.100.000	9,470	7.102.500	215,9	300,6
75%	100.000	4.658	15,488	865.717	7.650.000	9,470	10.653.750	883,7	1230,6
100%	100.000	8.154	15,488	1.515.470	10.200.000	9,470	14.205.000	673,1	937,3
7%	150.000	5.959	15,488	1.107.516	1.071.000	9,470	1.193.220	96,7	107,7
15%	150.000	12.770	15,488	2.373.381	2.295.000	9,470	2.556.900	96,7	107,7
25%	150.000	21.283	15,488	3.955.573	3.825.000	9,470	4.261.500	96,7	107,7
50%	150.000	19.066	15,488	3.543.530	7.650.000	9,470	8.523.000	215,9	240,5
75%	150.000	20.213	15,488	3.756.707	11.475.000	9,470	12.784.500	305,5	340,3
100%	150.000	27.915	15,488	5.188.170	15.300.000	9,470	17.046.000	294,9	328,6
7%	200.000	7.946	15,488	1.476.812	1.428.000	9,470	1.590.960	96,7	107,7
15%	200.000	17.027	15,488	3.164.570	3.060.000	9,470	3.409.200	96,7	107,7
25%	200.000	28.378	15,488	5.274.222	5.100.000	9,470	5.682.000	96,7	107,7
50%	200.000	25.422	15,488	4.724.831	10.200.000	9,470	11.364.000	215,9	240,5
75%	200.000	29.746	15,488	5.528.473	15.300.000	9,470	17.046.000	276,7	308,3
100%	200.000	42.456	15,488	7.890.702	20.400.000	9,470	22.728.000	258,5	288,0

7%	250.000	9.932	15,488	1.845.922	1.785.000	9,470	1.988.700	96,7	107,7
15%	250.000	21.283	15,488	3.955.573	3.825.000	9,470	4.261.500	96,7	107,7
25%	250.000	35.472	15,488	6.592.684	6.375.000	9,470	7.102.500	96,7	107,7
50%	250.000	31.777	15,488	5.905.946	12.750.000	9,470	14.205.000	215,9	240,5
75%	250.000	39.279	15,488	7.300.238	19.125.000	9,470	21.307.500	262,0	291,9
100%	250.000	55.167	15,488	10.253.118	25.500.000	9,470	28.410.000	248,7	277,1
7%	300.000	11.919	15,488	2.215.218	2.142.000	9,470	2.386.440	96,7	107,7
15%	300.000	25.540	15,488	4.746.762	4.590.000	9,470	5.113.800	96,7	107,7
25%	300.000	42.566	15,488	7.911.146	7.650.000	9,470	8.523.000	96,7	107,7
50%	300.000	38.132	15,488	7.087.061	15.300.000	9,470	17.046.000	215,9	240,5
75%	300.000	49.385	15,488	9.178.499	22.950.000	9,470	25.569.000	250,0	278,6
100%	300.000	67.878	15,488	12.615.534	30.600.000	9,470	34.092.000	242,6	270,2
7%	400.000	15.891	15,488	2.953.438	2.856.000	9,470	3.181.920	96,7	107,7
15%	400.000	34.053	15,488	6.328.954	6.120.000	9,470	6.818.400	96,7	107,7
25%	400.000	56.755	15,488	10.548.257	10.200.000	9,470	11.364.000	96,7	107,7
50%	400.000	50.843	15,488	9.449.477	20.400.000	9,470	22.728.000	215,9	240,5
75%	400.000	72.146	15,488	13.408.767	30.600.000	9,470	34.092.000	228,2	254,3
100%	400.000	93.300	15,488	17.340.365	40.800.000	9,470	45.456.000	235,3	262,1
7%	600.000	23.837	15,488	4.430.249	2.891.700	9,470	3.221.694	65,3	72,7
15%	600.000	51.080	15,488	9.493.524	6.196.500	9,470	6.903.630	65,3	72,7
25%	600.000	85.133	15,488	15.822.479	10.327.500	9,470	11.506.050	65,3	72,7
50%	600.000	76.265	15,488	14.174.308	20.655.000	9,470	23.012.100	145,7	162,4
75%	600.000	114.397	15,488	21.261.369	30.982.500	9,470	34.518.150	145,7	162,4
100%	600.000	144.143	15,488	26.789.841	41.310.000	9,470	46.024.200	154,2	171,8

TAFLA 2.40.70.1.25%.SK

Samanburður á núvirði taps og bótum miðað við mismunandi forsendur um örorku og vinnutekjur. Hámarkslaunaviðmiðun 405.000 á mán. Fertugur, giftur maður barnlaus. Maki með 80.000 kr. í vinnutekjur á mán.. Bætur samkvæmt frumvarpi miðast við lágmarkslaun kr. 125.000 á mánuði. Stuðull reiknaður miðað við 25% fjármagnstekjuskatt (3,375% raunávöxtun).

Örorka	Tekjur á mán.	Tap á mán.	Stuðull til 70 ára	Núvirði taps	Samkv. lögum Bætur	Samkv. frumvarpi 1995 Stuðull	Bætur	Bætur sem hlutfall af núvirði taps hugmynd	frumvarpi
7%	100.000	3.973	16,650	793.805	714.000	9,470	994.350	89,9	125,3
15%	100.000	8.513	16,650	1.700.897	1.530.000	9,470	2.130.750	90,0	125,3
25%	100.000	14.189	16,650	2.834.962	2.550.000	9,470	3.551.250	89,9	125,3
50%	100.000	12.711	16,650	2.539.658	5.100.000	9,470	7.102.500	200,8	279,7
75%	100.000	4.658	16,650	930.668	7.650.000	9,470	10.653.750	822,0	1144,7
100%	100.000	8.154	16,650	1.629.169	10.200.000	9,470	14.205.000	626,1	871,9
7%	150.000	5.959	16,650	1.190.608	1.071.000	9,470	1.193.220	90,0	100,2
15%	150.000	12.770	16,650	2.551.446	2.295.000	9,470	2.556.900	89,9	100,2
25%	150.000	21.283	16,650	4.252.343	3.825.000	9,470	4.261.500	90,0	100,2
50%	150.000	19.066	16,650	3.809.387	7.650.000	9,470	8.523.000	200,8	223,7
75%	150.000	20.213	16,650	4.038.557	11.475.000	9,470	12.784.500	284,1	316,6
100%	150.000	27.915	16,650	5.577.417	15.300.000	9,470	17.046.000	274,3	305,6
7%	200.000	7.946	16,650	1.587.611	1.428.000	9,470	1.590.960	89,9	100,2
15%	200.000	17.027	16,650	3.401.995	3.060.000	9,470	3.409.200	89,9	100,2
25%	200.000	28.378	16,650	5.669.924	5.100.000	9,470	5.682.000	89,9	100,2
50%	200.000	25.422	16,650	5.079.316	10.200.000	9,470	11.364.000	200,8	223,7
75%	200.000	29.746	16,650	5.943.251	15.300.000	9,470	17.046.000	257,4	286,8
100%	200.000	42.456	16,650	8.482.709	20.400.000	9,470	22.728.000	240,5	267,9

7%	250.000	9.932	16,650	1.984.414	1.785.000	9,470	1.988.700	90,0	100,2
15%	250.000	21.283	16,650	4.252.343	3.825.000	9,470	4.261.500	90,0	100,2
25%	250.000	35.472	16,650	7.087.306	6.375.000	9,470	7.102.500	89,9	100,2
50%	250.000	31.777	16,650	6.349.045	12.750.000	9,470	14.205.000	200,8	223,7
75%	250.000	39.279	16,650	7.847.944	19.125.000	9,470	21.307.500	243,7	271,5
100%	250.000	55.167	16,650	11.022.367	25.500.000	9,470	28.410.000	231,3	257,7
7%	300.000	11.919	16,650	2.381.416	2.142.000	9,470	2.386.440	89,9	100,2
15%	300.000	25.540	16,650	5.102.892	4.590.000	9,470	5.113.800	89,9	100,2
25%	300.000	42.566	16,650	8.504.687	7.650.000	9,470	8.523.000	90,0	100,2
50%	300.000	38.132	16,650	7.618.774	15.300.000	9,470	17.046.000	200,8	223,7
75%	300.000	49.385	16,650	9.867.123	22.950.000	9,470	25.569.000	232,6	259,1
100%	300.000	67.878	16,650	13.562.024	30.600.000	9,470	34.092.000	225,6	251,4
7%	400.000	15.891	16,650	3.175.022	2.856.000	9,470	3.181.920	90,0	100,2
15%	400.000	34.053	16,650	6.803.789	6.120.000	9,470	6.818.400	89,9	100,2
25%	400.000	56.755	16,650	11.339.649	10.200.000	9,470	11.364.000	89,9	100,2
50%	400.000	50.843	16,650	10.158.431	20.400.000	9,470	22.728.000	200,8	223,7
75%	400.000	72.146	16,650	14.414.771	30.600.000	9,470	34.092.000	212,3	236,5
100%	400.000	93.300	16,650	18.641.340	40.800.000	9,470	45.456.000	218,9	243,8
7%	600.000	23.837	16,650	4.762.633	2.891.700	9,470	3.221.694	60,7	67,6
15%	600.000	51.080	16,650	10.205.784	6.196.500	9,470	6.903.630	60,7	67,6
25%	600.000	85.133	16,650	17.009.573	10.327.500	9,470	11.506.050	60,7	67,6
50%	600.000	76.265	16,650	15.237.747	20.655.000	9,470	23.012.100	135,6	151,0
75%	600.000	114.397	16,650	22.856.521	30.982.500	9,470	34.518.150	135,6	151,0
100%	600.000	144.143	16,650	28.799.771	41.310.000	9,470	46.024.200	143,4	159,8

TAFLA 2.40.70.A40.1.SK

Samanburður á núvirði taps og bótum miðað við mismunandi
forsendur um örorku og vinnutekjur. Hámarkslaunaviðmiðun 405.000 á mán.
Fertugur, giftur maður barnlaus. Maki með 80.000 kr. í vinnutekjur á mán..
Hér eru bætur í miðdálki reiknaðar skv. lögum fyrir örorku 7%, 15% og 25%.
Bætur fyrir örorku 50%, 75% og 100% eru reiknaðar þannig að eftir að vinnutekjur eru margfaldaðar með örorkuprósentu eru 40% af lífeyrisgreiðslum dregin frá áður en margfaldað er með stuðlinum.

Örorka	Tekjur á mán.	Tap á mán.	Stuðull til 70 ára	Núvirði taps	Samkv. hugmynd Bætur	Samkv. frumvarpi 1995 Stuðull	Bætur	Bætur sem hlutfall af núvirði taps hugmynd	frumvarpi
7%	100.000	3.973	14,784	704.842	714.000	9,470	994.350	101,3	141,1
15%	100.000	8.513	14,784	1.510.274	1.530.000	9,470	2.130.750	101,3	141,1
25%	100.000	14.189	14,784	2.517.242	2.550.000	9,470	3.551.250	101,3	141,1
50%	100.000	12.711	14,784	2.255.033	4.018.800	9,470	7.102.500	178,2	315,0
75%	100.000	4.658	14,784	826.366	5.449.411	9,470	10.653.750	659,4	1289,2
100%	100.000	8.154	14,784	1.446.585	7.458.811	9,470	14.205.000	515,6	982,0
7%	150.000	5.959	14,784	1.057.174	1.071.000	9,470	1.193.220	101,3	112,9
15%	150.000	12.770	14,784	2.265.500	2.295.000	9,470	2.556.900	101,3	112,9
25%	150.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
50%	150.000	19.066	14,784	3.382.461	6.028.200	9,470	8.523.000	178,2	252,0
75%	150.000	20.213	14,784	3.585.948	8.463.511	9,470	12.784.500	236,0	356,5
100%	150.000	27.915	14,784	4.952.344	11.477.611	9,470	17.046.000	231,8	344,2
7%	200.000	7.946	14,784	1.409.684	1.428.000	9,470	1.590.960	101,3	112,9
15%	200.000	17.027	14,784	3.020.726	3.060.000	9,470	3.409.200	101,3	112,9
25%	200.000	28.378	14,784	5.034.484	5.100.000	9,470	5.682.000	101,3	112,9
50%	200.000	25.422	14,784	4.510.066	8.037.600	9,470	11.364.000	178,2	252,0
75%	200.000	29.746	14,784	5.277.178	11.477.611	9,470	17.046.000	217,5	323,0
100%	200.000	42.456	14,784	7.532.034	15.496.411	9,470	22.728.000	205,7	301,8

7%	250.000	9.932	14,784	1.762.016	1.785.000	9,470	1.988.700	101,3	112,9
15%	250.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
25%	250.000	35.472	14,784	6.293.017	6.375.000	9,470	7.102.500	101,3	112,9
50%	250.000	31.777	14,784	5.637.494	10.047.000	9,470	14.205.000	178,2	252,0
75%	250.000	39.279	14,784	6.968.409	14.491.711	9,470	21.307.500	208,0	305,8
100%	250.000	55.167	14,784	9.787.067	19.515.211	9,470	28.410.000	199,4	290,3
7%	300.000	11.919	14,784	2.114.526	2.142.000	9,470	2.386.440	101,3	112,9
15%	300.000	25.540	14,784	4.531.000	4.590.000	9,470	5.113.800	101,3	112,9
25%	300.000	42.566	14,784	7.551.549	7.650.000	9,470	8.523.000	101,3	112,9
50%	300.000	38.132	14,784	6.764.922	12.056.400	9,470	17.046.000	178,2	252,0
75%	300.000	49.385	14,784	8.761.294	17.545.387	9,470	25.569.000	200,3	291,8
100%	300.000	67.878	14,784	12.042.100	23.534.011	9,470	34.092.000	195,4	283,1
7%	400.000	15.891	14,784	2.819.191	2.856.000	9,470	3.181.920	101,3	112,9
15%	400.000	34.053	14,784	6.041.275	6.120.000	9,470	6.818.400	101,3	112,9
25%	400.000	56.755	14,784	10.068.791	10.200.000	9,470	11.364.000	101,3	112,9
50%	400.000	50.843	14,784	9.019.955	16.075.200	9,470	22.728.000	178,2	252,0
75%	400.000	72.146	14,784	12.799.278	23.828.587	9,470	34.092.000	186,2	266,4
100%	400.000	93.300	14,784	16.552.166	31.571.611	9,470	45.456.000	190,7	274,6
7%	600.000	23.837	14,784	4.228.874	2.891.700	9,470	3.221.694	68,4	76,2
15%	600.000	51.080	14,784	9.062.001	6.196.500	9,470	6.903.630	68,4	76,2
25%	600.000	85.133	14,784	15.103.275	10.327.500	9,470	11.506.050	68,4	76,2
50%	600.000	76.265	14,784	13.530.021	16.276.140	9,470	23.012.100	120,3	170,1
75%	600.000	114.397	14,784	20.294.943	24.414.210	9,470	34.518.150	120,3	170,1
100%	600.000	144.143	14,784	25.572.121	32.552.280	9,470	46.024.200	127,3	180,0

TAFLA 2.40.70.A50.1.SK

Samanburður á núvirði taps og bótum miðað við mismunandi
forsendur um örorku og vinnutekjur. Hámarkslaunaviðmiðun 405.000 á mán.
Fertugur, giftur maður barnlaus. Maki með 80.000 kr. í vinnutekjur á mán..
Hér eru bætur í miðdálki reiknaðar skv. lögum fyrir örorku 7%, 15% og 25%.
Bætur fyrir örorku 50%, 75% og 100% eru reiknaðar þannig að eftir að vinnutekjur eru margfaldaðar með örorkuprósentu eru 50% af lífeyrisgreiðslum dregin frá áður en margfaldað er með stuðlinum.

Örorka	Tekjur á mán.	Tap á mán.	Stuðull til 70 ára	Núvirði taps	Samkv. hugmynd Bætur	Samkv. frumvarpi 1995 Stuðull	Bætur	Bætur sem hlutfall af núvirði taps hugmynd	frumvarpi
7%	100.000	3.973	14,784	704.842	714.000	9,470	994.350	101,3	141,1
15%	100.000	8.513	14,784	1.510.274	1.530.000	9,470	2.130.750	101,3	141,1
25%	100.000	14.189	14,784	2.517.242	2.550.000	9,470	3.551.250	101,3	141,1
50%	100.000	12.711	14,784	2.255.033	3.748.500	9,470	7.102.500	166,2	315,0
75%	100.000	4.658	14,784	826.366	4.899.264	9,470	10.653.750	592,9	1289,2
100%	100.000	8.154	14,784	1.446.585	6.773.514	9,470	14.205.000	468,2	982,0
7%	150.000	5.959	14,784	1.057.174	1.071.000	9,470	1.193.220	101,3	112,9
15%	150.000	12.770	14,784	2.265.500	2.295.000	9,470	2.556.900	101,3	112,9
25%	150.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
50%	150.000	19.066	14,784	3.382.461	5.622.750	9,470	8.523.000	166,2	252,0
75%	150.000	20.213	14,784	3.585.948	7.710.639	9,470	12.784.500	215,0	356,5
100%	150.000	27.915	14,784	4.952.344	10.522.014	9,470	17.046.000	212,5	344,2
7%	200.000	7.946	14,784	1.409.684	1.428.000	9,470	1.590.960	101,3	112,9
15%	200.000	17.027	14,784	3.020.726	3.060.000	9,470	3.409.200	101,3	112,9
25%	200.000	28.378	14,784	5.034.484	5.100.000	9,470	5.682.000	101,3	112,9
50%	200.000	25.422	14,784	4.510.066	7.497.000	9,470	11.364.000	166,2	252,0
75%	200.000	29.746	14,784	5.277.178	10.522.014	9,470	17.046.000	199,4	323,0
100%	200.000	42.456	14,784	7.532.034	14.270.514	9,470	22.728.000	189,5	301,8

7%	250.000	9.932	14,784	1.762.016	1.785.000	9,470	1.988.700	101,3	112,9
15%	250.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
25%	250.000	35.472	14,784	6.293.017	6.375.000	9,470	7.102.500	101,3	112,9
50%	250.000	31.777	14,784	5.637.494	9.371.250	9,470	14.205.000	166,2	252,0
75%	250.000	39.279	14,784	6.968.409	13.333.389	9,470	21.307.500	191,3	305,8
100%	250.000	55.167	14,784	9.787.067	18.019.014	9,470	28.410.000	184,1	290,3
7%	300.000	11.919	14,784	2.114.526	2.142.000	9,470	2.386.440	101,3	112,9
15%	300.000	25.540	14,784	4.531.000	4.590.000	9,470	5.113.800	101,3	112,9
25%	300.000	42.566	14,784	7.551.549	7.650.000	9,470	8.523.000	101,3	112,9
50%	300.000	38.132	14,784	6.764.922	11.245.500	9,470	17.046.000	166,2	252,0
75%	300.000	49.385	14,784	8.761.294	16.194.234	9,470	25.569.000	184,8	291,8
100%	300.000	67.878	14,784	12.042.100	21.767.514	9,470	34.092.000	180,8	283,1
7%	400.000	15.891	14,784	2.819.191	2.856.000	9,470	3.181.920	101,3	112,9
15%	400.000	34.053	14,784	6.041.275	6.120.000	9,470	6.818.400	101,3	112,9
25%	400.000	56.755	14,784	10.068.791	10.200.000	9,470	11.364.000	101,3	112,9
50%	400.000	50.843	14,784	9.019.955	14.994.000	9,470	22.728.000	166,2	252,0
75%	400.000	72.146	14,784	12.799.278	22.135.734	9,470	34.092.000	172,9	266,4
100%	400.000	93.300	14,784	16.552.166	29.264.514	9,470	45.456.000	176,8	274,6
7%	600.000	23.837	14,784	4.228.874	2.891.700	9,470	3.221.694	68,4	76,2
15%	600.000	51.080	14,784	9.062.001	6.196.500	9,470	6.903.630	68,4	76,2
25%	600.000	85.133	14,784	15.103.275	10.327.500	9,470	11.506.050	68,4	76,2
50%	600.000	76.265	14,784	13.530.021	15.181.425	9,470	23.012.100	112,2	170,1
75%	600.000	114.397	14,784	20.294.943	22.772.138	9,470	34.518.150	112,2	170,1
100%	600.000	144.143	14,784	25.572.121	30.362.850	9,470	46.024.200	118,7	180,0

TAFLA 2.40.70.A60.1.SK

Samanburður á núvirði taps og bótum miðað við mismunandi
forsendur um örorku og vinnutekjur. Hámarkslaunaviðmiðun 405.000 á mán.
Fertugur, giftur maður barnlaus. Maki með 80.000 kr. í vinnutekjur á mán..
Hér eru bætur í miðdálki reiknaðar skv. lögum fyrir örorku 7%, 15% og 25%.
Bætur fyrir örorku 50%, 75% og 100% eru reiknaðar þannig að eftir að vinnutekjur eru margfaldaðar
með örorkuprósentu eru 60% af lífeyrisgreiðslum dregin frá áður en margfaldað er með stuðlinum.

Örorka	Tekjur á mán.	Tap á mán.	Stuðull til 70 ára	Núvirði taps	Samkv. hugmynd Bætur	Samkv. frumvarpi 1995 Stuðull	Bætur	Bætur sem hlutfall af núvirði taps hugmynd	frumvarpi
7%	100.000	3.973	14,784	704.842	714.000	9,470	994.350	101,3	141,1
15%	100.000	8.513	14,784	1.510.274	1.530.000	9,470	2.130.750	101,3	141,1
25%	100.000	14.189	14,784	2.517.242	2.550.000	9,470	3.551.250	101,3	141,1
50%	100.000	12.711	14,784	2.255.033	3.478.200	9,470	7.102.500	154,2	315,0
75%	100.000	4.658	14,784	826.366	4.349.117	9,470	10.653.750	526,3	1289,2
100%	100.000	8.154	14,784	1.446.585	6.088.217	9,470	14.205.000	420,9	982,0
7%	150.000	5.959	14,784	1.057.174	1.071.000	9,470	1.193.220	101,3	112,9
15%	150.000	12.770	14,784	2.265.500	2.295.000	9,470	2.556.900	101,3	112,9
25%	150.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
50%	150.000	19.066	14,784	3.382.461	5.217.300	9,470	8.523.000	154,2	252,0
75%	150.000	20.213	14,784	3.585.948	6.957.767	9,470	12.784.500	194,0	356,5
100%	150.000	27.915	14,784	4.952.344	9.566.417	9,470	17.046.000	193,2	344,2
7%	200.000	7.946	14,784	1.409.684	1.428.000	9,470	1.590.960	101,3	112,9
15%	200.000	17.027	14,784	3.020.726	3.060.000	9,470	3.409.200	101,3	112,9
25%	200.000	28.378	14,784	5.034.484	5.100.000	9,470	5.682.000	101,3	112,9
50%	200.000	25.422	14,784	4.510.066	6.956.400	9,470	11.364.000	154,2	252,0
75%	200.000	29.746	14,784	5.277.178	9.566.417	9,470	17.046.000	181,3	323,0
100%	200.000	42.456	14,784	7.532.034	13.044.617	9,470	22.728.000	173,2	301,8

7%	250.000	9.932	14,784	1.762.016	1.785.000	9,470	1.988.700	101,3	112,9
15%	250.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
25%	250.000	35.472	14,784	6.293.017	6.375.000	9,470	7.102.500	101,3	112,9
50%	250.000	31.777	14,784	5.637.494	8.695.500	9,470	14.205.000	154,2	252,0
75%	250.000	39.279	14,784	6.968.409	12.175.067	9,470	21.307.500	174,7	305,8
100%	250.000	55.167	14,784	9.787.067	16.522.817	9,470	28.410.000	168,8	290,3
7%	300.000	11.919	14,784	2.114.526	2.142.000	9,470	2.386.440	101,3	112,9
15%	300.000	25.540	14,784	4.531.000	4.590.000	9,470	5.113.800	101,3	112,9
25%	300.000	42.566	14,784	7.551.549	7.650.000	9,470	8.523.000	101,3	112,9
50%	300.000	38.132	14,784	6.764.922	10.434.600	9,470	17.046.000	154,2	252,0
75%	300.000	49.385	14,784	8.761.294	14.843.081	9,470	25.569.000	169,4	291,8
100%	300.000	67.878	14,784	12.042.100	20.001.017	9,470	34.092.000	166,1	283,1
7%	400.000	15.891	14,784	2.819.191	2.856.000	9,470	3.181.920	101,3	112,9
15%	400.000	34.053	14,784	6.041.275	6.120.000	9,470	6.818.400	101,3	112,9
25%	400.000	56.755	14,784	10.068.791	10.200.000	9,470	11.364.000	101,3	112,9
50%	400.000	50.843	14,784	9.019.955	13.912.800	9,470	22.728.000	154,2	252,0
75%	400.000	72.146	14,784	12.799.278	20.442.881	9,470	34.092.000	159,7	266,4
100%	400.000	93.300	14,784	16.552.166	26.957.417	9,470	45.456.000	162,9	274,6
7%	600.000	23.837	14,784	4.228.874	2.891.700	9,470	3.221.694	68,4	76,2
15%	600.000	51.080	14,784	9.062.001	6.196.500	9,470	6.903.630	68,4	76,2
25%	600.000	85.133	14,784	15.103.275	10.327.500	9,470	11.506.050	68,4	76,2
50%	600.000	76.265	14,784	13.530.021	14.086.710	9,470	23.012.100	104,1	170,1
75%	600.000	114.397	14,784	20.294.943	21.130.065	9,470	34.518.150	104,1	170,1
100%	600.000	144.143	14,784	25.572.121	28.173.420	9,470	46.024.200	110,2	180,0

TAFLA 2.40.70.A75.1.SK

Samanburður á núvirði taps og bótum miðað við mismunandi
forsendur um örorku og vinnutekjur. Hámarkslaunaviðmiðun 405.000 á mán.
Fertugur, giftur maður barnlaus. Maki með 80.000 kr. í vinnutekjur á mán..
Hér eru bætur í miðdálki reiknaðar skv. lögum fyrir örorku 7%, 15% og 25%.
Bætur fyrir örorku 50%, 75% og 100% eru reiknaðar þannig að eftir að vinnutekjur eru margfaldaðar með örorkuprósentu eru 75% af lífeyrisgreiðslum dregin frá áður en margfaldað er með stuðlinum.

Örorka	Tekjur á mán.	Tap á mán.	Stuðull til 70 ára	Núvirði taps	Samkv. hugmynd Bætur	Samkv. frumvarpi 1995 Stuðull	Bætur	Bætur sem hlutfall af núvirði taps hugmynd	frumvarpi
7%	100.000	3.973	14,784	704.842	714.000	9,470	994.350	101,3	141,1
15%	100.000	8.513	14,784	1.510.274	1.530.000	9,470	2.130.750	101,3	141,1
25%	100.000	14.189	14,784	2.517.242	2.550.000	9,470	3.551.250	101,3	141,1
50%	100.000	12.711	14,784	2.255.033	3.072.750	9,470	7.102.500	136,3	315,0
75%	100.000	4.658	14,784	826.366	3.523.896	9,470	10.653.750	426,4	1289,2
100%	100.000	8.154	14,784	1.446.585	5.060.271	9,470	14.205.000	349,8	982,0
7%	150.000	5.959	14,784	1.057.174	1.071.000	9,470	1.193.220	101,3	112,9
15%	150.000	12.770	14,784	2.265.500	2.295.000	9,470	2.556.900	101,3	112,9
25%	150.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
50%	150.000	19.066	14,784	3.382.461	4.609.125	9,470	8.523.000	136,3	252,0
75%	150.000	20.213	14,784	3.585.948	5.828.459	9,470	12.784.500	162,5	356,5
100%	150.000	27.915	14,784	4.952.344	8.133.021	9,470	17.046.000	164,2	344,2
7%	200.000	7.946	14,784	1.409.684	1.428.000	9,470	1.590.960	101,3	112,9
15%	200.000	17.027	14,784	3.020.726	3.060.000	9,470	3.409.200	101,3	112,9
25%	200.000	28.378	14,784	5.034.484	5.100.000	9,470	5.682.000	101,3	112,9
50%	200.000	25.422	14,784	4.510.066	6.145.500	9,470	11.364.000	136,3	252,0
75%	200.000	29.746	14,784	5.277.178	8.133.021	9,470	17.046.000	154,1	323,0
100%	200.000	42.456	14,784	7.532.034	11.205.771	9,470	22.728.000	148,8	301,8

7%	250.000	9.932	14,784	1.762.016	1.785.000	9,470	1.988.700	101,3	112,9
15%	250.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
25%	250.000	35.472	14,784	6.293.017	6.375.000	9,470	7.102.500	101,3	112,9
50%	250.000	31.777	14,784	5.637.494	7.681.875	9,470	14.205.000	136,3	252,0
75%	250.000	39.279	14,784	6.968.409	10.437.584	9,470	21.307.500	149,8	305,8
100%	250.000	55.167	14,784	9.787.067	14.278.521	9,470	28.410.000	145,9	290,3
7%	300.000	11.919	14,784	2.114.526	2.142.000	9,470	2.386.440	101,3	112,9
15%	300.000	25.540	14,784	4.531.000	4.590.000	9,470	5.113.800	101,3	112,9
25%	300.000	42.566	14,784	7.551.549	7.650.000	9,470	8.523.000	101,3	112,9
50%	300.000	38.132	14,784	6.764.922	9.218.250	9,470	17.046.000	136,3	252,0
75%	300.000	49.385	14,784	8.761.294	12.816.351	9,470	25.569.000	146,3	291,8
100%	300.000	67.878	14,784	12.042.100	17.351.271	9,470	34.092.000	144,1	283,1
7%	400.000	15.891	14,784	2.819.191	2.856.000	9,470	3.181.920	101,3	112,9
15%	400.000	34.053	14,784	6.041.275	6.120.000	9,470	6.818.400	101,3	112,9
25%	400.000	56.755	14,784	10.068.791	10.200.000	9,470	11.364.000	101,3	112,9
50%	400.000	50.843	14,784	9.019.955	12.291.000	9,470	22.728.000	136,3	252,0
75%	400.000	72.146	14,784	12.799.278	17.903.601	9,470	34.092.000	139,9	266,4
100%	400.000	93.300	14,784	16.552.166	23.496.771	9,470	45.456.000	142,0	274,6
7%	600.000	23.837	14,784	4.228.874	2.891.700	9,470	3.221.694	68,4	76,2
15%	600.000	51.080	14,784	9.062.001	6.196.500	9,470	6.903.630	68,4	76,2
25%	600.000	85.133	14,784	15.103.275	10.327.500	9,470	11.506.050	68,4	76,2
50%	600.000	76.265	14,784	13.530.021	12.444.638	9,470	23.012.100	92,0	170,1
75%	600.000	114.397	14,784	20.294.943	18.666.956	9,470	34.518.150	92,0	170,1
100%	600.000	144.143	14,784	25.572.121	24.889.275	9,470	46.024.200	97,3	180,0

TAFLA 2.40.70.A100.1.SK

Samanburður á núvirði taps og bótum miðað við mismunandi
forsendur um örorku og vinnutekjur. Hámarkslaunaviðmiðun 405.000 á mán.
Fertugur, giftur maður barnlaus. Maki með 80.000 kr. í vinnutekjur á mán..
Hér eru bætur í miðdálki reiknaðar skv. lögum fyrir örorku 7%, 15% og 25%.
Bætur fyrir örorku 50%, 75% og 100% eru reiknaðar þannig að eftir að vinnutekjur eru margfaldaðar með örorkuprósentu eru **100%** af lífeyrisgreiðslum dregin frá áður en margfaldað er með stuðlinum.

Örorka	Tekjur á mán.	Tap á mán.	Stuðull til 70 ára	Núvirði taps	Samkv. hugmynd	Samkv. frumvarpi 1995		Bætur sem hlutfall af núvirði taps	
					Bætur	Stuðull	Bætur	hugmynd	frumvarpi
7%	100.000	3.973	14,784	704.842	714.000	9,470	994.350	101,3	141,1
15%	100.000	8.513	14,784	1.510.274	1.530.000	9,470	2.130.750	101,3	141,1
25%	100.000	14.189	14,784	2.517.242	2.550.000	9,470	3.551.250	101,3	141,1
50%	100.000	12.711	14,784	2.255.033	2.397.000	9,470	7.102.500	106,3	315,0
75%	100.000	4.658	14,784	826.366	2.148.528	9,470	10.653.750	260,0	1289,2
100%	100.000	8.154	14,784	1.446.585	3.347.028	9,470	14.205.000	231,4	982,0
7%	150.000	5.959	14,784	1.057.174	1.071.000	9,470	1.193.220	101,3	112,9
15%	150.000	12.770	14,784	2.265.500	2.295.000	9,470	2.556.900	101,3	112,9
25%	150.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
50%	150.000	19.066	14,784	3.382.461	3.595.500	9,470	8.523.000	106,3	252,0
75%	150.000	20.213	14,784	3.585.948	3.946.278	9,470	12.784.500	110,0	356,5
100%	150.000	27.915	14,784	4.952.344	5.744.028	9,470	17.046.000	116,0	344,2
7%	200.000	7.946	14,784	1.409.684	1.428.000	9,470	1.590.960	101,3	112,9
15%	200.000	17.027	14,784	3.020.726	3.060.000	9,470	3.409.200	101,3	112,9
25%	200.000	28.378	14,784	5.034.484	5.100.000	9,470	5.682.000	101,3	112,9
50%	200.000	25.422	14,784	4.510.066	4.794.000	9,470	11.364.000	106,3	252,0
75%	200.000	29.746	14,784	5.277.178	5.744.028	9,470	17.046.000	108,8	323,0
100%	200.000	42.456	14,784	7.532.034	8.141.028	9,470	22.728.000	108,1	301,8

7%	250.000	9.932	14,784	1.762.016	1.785.000	9,470	1.988.700	101,3	112,9
15%	250.000	21.283	14,784	3.775.774	3.825.000	9,470	4.261.500	101,3	112,9
25%	250.000	35.472	14,784	6.293.017	6.375.000	9,470	7.102.500	101,3	112,9
50%	250.000	31.777	14,784	5.637.494	5.992.500	9,470	14.205.000	106,3	252,0
75%	250.000	39.279	14,784	6.968.409	7.541.778	9,470	21.307.500	108,2	305,8
100%	250.000	55.167	14,784	9.787.067	10.538.028	9,470	28.410.000	107,7	290,3
7%	300.000	11.919	14,784	2.114.526	2.142.000	9,470	2.386.440	101,3	112,9
15%	300.000	25.540	14,784	4.531.000	4.590.000	9,470	5.113.800	101,3	112,9
25%	300.000	42.566	14,784	7.551.549	7.650.000	9,470	8.523.000	101,3	112,9
50%	300.000	38.132	14,784	6.764.922	7.191.000	9,470	17.046.000	106,3	252,0
75%	300.000	49.385	14,784	8.761.294	9.438.468	9,470	25.569.000	107,7	291,8
100%	300.000	67.878	14,784	12.042.100	12.935.028	9,470	34.092.000	107,4	283,1
7%	400.000	15.891	14,784	2.819.191	2.856.000	9,470	3.181.920	101,3	112,9
15%	400.000	34.053	14,784	6.041.275	6.120.000	9,470	6.818.400	101,3	112,9
25%	400.000	56.755	14,784	10.068.791	10.200.000	9,470	11.364.000	101,3	112,9
50%	400.000	50.843	14,784	9.019.955	9.588.000	9,470	22.728.000	106,3	252,0
75%	400.000	72.146	14,784	12.799.278	13.671.468	9,470	34.092.000	106,8	266,4
100%	400.000	93.300	14,784	16.552.166	17.729.028	9,470	45.456.000	107,1	274,6
7%	600.000	23.837	14,784	4.228.874	2.891.700	9,470	3.221.694	68,4	76,2
15%	600.000	51.080	14,784	9.062.001	6.196.500	9,470	6.903.630	68,4	76,2
25%	600.000	85.133	14,784	15.103.275	10.327.500	9,470	11.506.050	68,4	76,2
50%	600.000	76.265	14,784	13.530.021	9.707.850	9,470	23.012.100	71,8	170,1
75%	600.000	114.397	14,784	20.294.943	14.561.775	9,470	34.518.150	71,8	170,1
100%	600.000	144.143	14,784	25.572.121	19.415.700	9,470	46.024.200	75,9	180,0

Fskj. 2.

Úr ársskýrslu Vátryggingaeftirlitsins 1987–95, nr. 14–22.
(Mars 1996.)

7) Í 8. gr. er fjallað um tjónþola sem nýta starfsgetu sína þannig að ekki er um neinar eða litlar atvinnutekjur að ræða t.d. börn, námsfólk, maka/sambúðarmaka sem vinna heimilisstörf, þannig að ekki er unnt að nota viðmiðanir 6. gr. og 7. gr. til að ákveða bætur vegna varanlegrar örorku.

a) Það er einföld leið sem valin er til að meta fjárhagslegt tjón viðkomandi tjónþola í þessu sambandi. Spurningar vakna um ágæti/réttmæti fyrirkomulags 8. gr. varðandi heimavinnandi maka/sambúðarmaka. Maki sem fellur undir skilyrði 8. gr., getur fengið bætur sem geta verið talsvert hærri en bætur til einstaklings, af sama kyni, aldri o.s.frv, sem vinnur utan heimilis. Ekki verður séð hvers vegna þetta þurfi að vera svo og verður Tryggingaeftirlitið að lýsa yfir óánægju sinni með fyrirkomulag þetta. Viðmiðanir 8. gr. frumvarpsins eru hærri en samsvarandi ákvæði dönsku laganna, vegna þess að bætur fyrir varanlegt mein eru hærri í frumvarpinu en samkvæmt dönsku lögunum. Fyrirkomulag 8. gr. varðandi heimavinnandi maka, á ekki rétt á sér að áliti Tryggingaeftirlitsins. Eðlilegra væri að jafna heimilisstörf við tiltekin laun en ekki staðlaða viðmiðun um varanlegt mein.

Hjálagt fylgir framanrituðu til skýringar fylgiskjal nr. 2, þar sem fram koma upplýsingar um bætur til tjónþola sem hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur samkvæmt frumvarpinu. Fram kemur m.a. að útivinnandi makar með mánaðarlaun undir 100. þús. kr. fá **lægri** bætur en heimavinnandi makar fyrir 40% örorkustig en **hærri** bætur fyrir sama örorkustig sem útivinnandi ef mánaðarlaun eru yfir 100. þús. kr. á mánuði. Þegar orkuskerðingarstig er metið 90% - 100% eru bætur til heimavinnandi hærri nema mánaðarlaun fari yfir 222 þús. kr. á mánuði. Frumvarpið gerir ráð fyrir að atvinnutjón vegna heimilisstarfa og annarra starfa þar sem vinnutekjur eru takmarkaðar skuli meta með mismunandi hætti eftir því hvert orkuskerðingarstigið er hverju sinni, en ekki metið með hliðsjón af eðli starfsins eða annarra starfa sem tjónþoli kann að gegna, hefur gegnt eða er fær um að gegna.

b) Sem fyrr er nauðsynlegt að athuga ítarlega athugasemdir frumvarpsins sbr. varðandi námsfólk sem þiggur laun í tengslum við nám t.d. iðnnema og læknanema. Ákveða skal tjón þeirra eftir 2. mgr. 7. gr. en ekki reglum 8. gr. Hið sama á við varðandi þá sem eru atvinnulausir á tjónsdegi, 2. mgr. 7. gr. verður beitt um þá.

Fskj. 2.

Bætur til tjónþola sem hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur samkvæmt frumvarpi til skaðabótalaga.

Orku-skerðingar-stig %	*Bætur fyrir varanlegt mein* þús. kr.	*Örorkubætur* %	þús. kr.	*Sam - svarandi árslaun* * þús. kr.	*Sam - svarandi mán.laun* þús. kr.
15	600	130	780	867	72
18	720	135	972	900	75
20	800	140	1.120	933	78
25	1.000	150	1.500	1.000	83
30	1.200	160	1.920	1.067	89
35	1.400	170	2.380	1.133	94
40	1.600	180	2.880	1.200	100
45	1.800	190	3.420	1.267	106
50	2.000	200	4.000	1.333	111
55	2.200	225	4.950	1.500	125
60	2.400	250	6.000	1.667	139
65	2.600	275	7.150	1.833	153
70	2.800	300	8.400	2.000	167
75	3.000	325	9.750	2.167	181
80	3.200	350	11.200	2.333	194
85	3.400	375	12.750	2.500	208
90	3.600	400	14.400	2.667	222
95	3.800	400	15.200	2.667	222
100	4.000	400	16.000	2.667	222

* Launatekjur á ári sem myndu gefa sömu bætur (þ.e. sexföld árslaun margfölduð með örorkustigi) fyrir varanlega örorku þegar örorkustig er hið sama og orkuskerðingarstig.

Dæmi: Þegar orkuskerðingarstig er 40% verða bætur fyrir varanlegt mein 1.600 þús. kr. og örorkubætur 180% þeirrar fjárhæðar samkvæmt frumvarpinu, eða 2.880 þús. kr. Það samsvarar bótum fyrir 40% varanlega örorku til launþega þegar árslaunatekjur hans eru 1.200 þús. kr. eða mánaðarlaun 100 þús. kr., þ.e. 0,40 x 6 x 1.200 = 2.880 þús. kr.
Útivinnandi makar með mánaðarlaun undir 100 þús. kr. myndu því fá lægri bætur en heimavinnandi makar fyrir 40% örorkustig en hærri bætur fyrir sama örorkustig sem útivinnandi ef mánaðarlaun eru yfir 100 þús. kr. á mán. Þegar orkuskerðingarstig er metið 90 - 100% eru bætur til heimavinnandi hærri nema mánaðarlaun fari yfir 222 þús. kr. á mánuði.
Atvinnutjón vegna heimilisstarfa og annarra starfa þar sem vinnutekjur eru takmarkaðar skal því samkvæmt frumvarpinu meta með mismunandi hætti eftir því hvert orkuskerðingarstigið er hverju sinni, en er hvorki metið með hliðsjón af eðli starfsins né annarra starfa sem bótaþegi kann að gegna, hefur gegnt eða er fær um að gegna."

Fskj. 3.

Úr ársskýrslu Vátryggingaeftirlitsins 1996, nr. 23.
(Desember 1997.)

Í **töflu XIII** kemur hagnaður í hinum ýmsu greinaflokkum vátrygginga fram árin 1992 - 1996. Hagnaðurinn er mismunur eigin iðgjalda og fjármagnstekna sem færðar eru vátryggingastarfseminni annars vegar og eigin tjóna, umboðslauna og kostnaðar hins vegar. Hagnaðurinn hefur verið mestur á tímabilinu að krónutölu í *ökutækjatryggingum öðrum en lögboðnum* og í *eignatryggingum*. Í *sjótryggingum* hefur hagnaður farið vaxandi og svipaða sögu er að segja um *farmtryggingar* þar sem hagnaðurinn er hlutfallslega mestur eins og fram hefur komið. *Lögboðnar ökutækjatryggingar* koma út með tapi en í *slysa- og sjúkratryggingum* verða veruleg umskipti á tímabilinu frá tapi í hagnað.

TAFLA XIII HAGNAÐUR/TAP GREINAFLOKKA

GREINAFLOKKAR	1992 m. kr.	1993 m. kr.	1994 m. kr.	1995 m. kr.	1996 m. kr.
Eignatryggingar	316	412	345	271	313
Sjótryggingar	148	66	165	206	183
Flugtryggingar	0	0	1	-5	2
Farmtryggingar	94	91	99	105	115
Lögboðnar ökutækjatryggingar	-265	-87	-305	-86	-479
Frjálsar ökutækjatryggingar	244	341	395	334	239
Greiðslu- og efndatryggingar	-4	-10	-9	-13	50
Ábyrgðartryggingar	96	130	60	-62	-86
Slysa- og sjúkratryggingar	-210	-317	56	8	343
Líftryggingar	47	95	90	88	100
FRUMTRYGGINGAR ALLS	**466**	**722**	**898**	**846**	**780**

Niðurstöður hér á undan sýna að verulega skortir á að jafnvægi hafi verið í hinum ýmsu greinaflokkum milli iðgjalda annars vegar og tjónakostnaðar hins vegar á umræddu tímabili. Í sumum greinaflokkum hefur hagnaður verið mjög mikill um árabil og tap í öðrum. Mjög mikill kostnaður er einnig samfara rekstri í sumum greinum.

Allmikill munur er í ýmsum tilvikum á afkomu undirgreina greinaflokkanna en í þessu yfirliti verður ekki fjallað um einstakar undirgreinar. Ekki verður heldur fjallað um tjóna- og kostnaðarhlutföll hjá einstökum félögum. Með því að deila fjármagnstekjum sem koma í hlut vátrygginganna niður á undirgreinar í hlutfalli við eigin vátryggingaskuld, má fá hliðstæðar niðurstöður og birtar eru í töflu XIII fyrir einstök félög.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.

Samkvæmt lögum er dómsmálaráðherra skylt að láta fara fram endurskoðun á skaðabótalögum. Frumvarp þetta er samið af ráðherraskipaðri nefnd sem falið var það hlutverk.

Breyting á bótafjárhæðum samkvæmt skaðabótalögum getur haft óbein áhrif á útgjöld ríkissjóðs vegna tryggingaiðgjalda. Að mati nefndarinnar munu bótafjárhæðir hækka en ekki er ljóst hvort það muni leiða til breytinga á iðgjöldum. Nefndinni hefur ekki tekist að fá tryggingafræðilegt mat á því vegna skorts á upplýsingum.

Í 9. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á starfi örorkunefndar sem leiða munu til þess að færri mál verða til meðferðar hjá nefndinni og þar með lægri kostnaðar. Skylt er að greiða fyrir mat nefndarinnar og hafa þau gjöld staðið undir kostnaði við starf hennar. Framangreindar breytingar munu valda því að tekjur lækka og eru heildaráhrif því engin á ríkissjóð.

200. Frumvarp til laga [184. mál]

um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn í fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum eða fyrirtækjahópum er starfa í a.m.k. tveimur ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Skal í þeim tilgangi stofna evrópskt samstarfsráð með fulltrúum starfsmanna eða setja reglur í hverju fyrirtæki og hverjum fyrirtækjahópi um upplýsingamiðlun og samráð eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til fyrirtækja og fyrirtækjahópa, sbr. 3. og 4. gr.

Þegar aðalstjórn fyrirtækis, sbr. 7. gr., er hér á landi taka lög þessi enn fremur til erlendra dótturfyrirtækja og starfsstöðva að undantekinni 8. gr., 3. og 4. mgr. 11. gr., 2. og 3. mgr. 21. gr. og 34.–35. gr.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

3. gr.
Fyrirtæki.

Með fyrirtæki í lögum þessum er átt við fyrirtæki sem:

1. hefur a.m.k. 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. er með starfsstöðvar í a.m.k. tveimur EES-ríkjum,
3. hefur a.m.k. 150 starfsmenn í a.m.k. tveimur EES-ríkjum.

4. gr.
Fyrirtækjahópur.

Í lögum þessum merkir fyrirtækjahópur hóp fyrirtækja sem:

1. hefur a.m.k. 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. er með fyrirtæki í a.m.k. tveimur EES-ríkjum,
3. samanstendur af minnst einu fyrirtæki með minnst 150 starfsmenn og minnst einu öðru fyrirtæki með minnst 150 starfsmenn, hvort í sínu EES-ríkinu.

5. gr.
Móðurfyrirtæki.

Móðurfyrirtæki merkir fyrirtæki sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru fyrirtæki, t.d. á grundvelli eignarréttar, fjárhagslegrar þátttöku eða þeirra reglna sem það starfar eftir, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.

Ef ekki er unnt að sýna fram á hið gagnstæða skal telja að fyrirtæki sé í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru fyrirtæki þegar það beint eða óbeint:

1. hefur rétt til að tilnefna meira en helming fulltrúa í félagsstjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstofnun þess eða
2. fer með meiri hluta atkvæða í því eða
3. á meira en helmingshlut í því.

Ef tvö eða fleiri fyrirtæki innan fyrirtækjahóps fullnægja einu eða fleiri skilyrðum 2. mgr. telst það fyrirtæki móðurfyrirtæki sem fullnægir skilyrði 1. tölul. 2. mgr. Ef ekkert fyrirtækjanna fullnægir skilyrði 1. tölul. 2. mgr. telst það fyrirtæki sem fullnægir skilyrði 2. tölul. 2. mgr. móðurfyrirtæki.

Fyrirtæki, sem móðurfyrirtæki hefur eitthvert það samband við sem nefnt er í 1. og 2. mgr., telst dótturfyrirtæki. Saman mynda móðurfyrirtækið og dótturfyrirtækin fyrirtækjahóp.

Við ákvörðun þess hvaða þýðingu atkvæðisréttur og réttur til að tilnefna fulltrúa í félagsstjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstofnun fyrirtækis hefur í skilningi þessa ákvæðis skulu talin með bæði réttindi í eigu móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækja þess.

6. gr.
Undantekningar.

Fyrirtæki telst ekki móðurfyrirtæki skv. 1.–3. mgr. 5. gr. ef um er að ræða:

1. Lánastofnanir, aðrar fjármálastofnanir eða tryggingafyrirtæki, þar sem verðbréfaviðskipti, kaup og sala fyrir eigin hönd eða annarra falla undir eðlilega starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis, sem halda til bráðabirgða hlutabréfum í fyrirtæki sem þau hyggjast

selja aftur. Skilyrði er að þau notfæri sér ekki atkvæðisrétt sem þessum hlutabréfum fylgir með það fyrir augum að ákvarða samkeppnisaðgerðir þess sama fyrirtækis eða að þau notfæri sér þennan atkvæðisrétt einungis með það fyrir augum að undirbúa sölu hlutaðeigandi fyrirtækis í heild eða að hluta, eigna þess eða hlutabréfa og að af sölunni verði innan árs frá því að bréfanna var aflað.

2. Eignarhaldsfélag sem öðlast beint eða óbeint yfirráð yfir öðru fyrirtæki, með kaupum á hlut í því eða með öðrum hætti, að því tilskildu að atkvæðisréttur sem yfirráðin veita sé nýttur, einkum er varðar skipun í framkvæmdastjórn og yfirstjórnir fyrirtækja sem þau eiga hlut í, aðeins til að viðhalda fullu verðgildi þessara fjárfestinga og ekki til að ákvarða beint eða óbeint samkeppnisaðgerðir fyrirtækja þessara. Með eignarhaldsfélögum er átt við fyrirtæki sem hafa það meginmarkmið að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum og ávaxta og nýta slíka hagsmuni án þess að blanda sér beint eða óbeint í stjórn slíkra fyrirtækja.

Skiptastjóri þrotabús samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti, eða annar sá aðili sem lögum samkvæmt hefur verið skipaður til að annast félagsslit, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða aðrar sambærilegar aðgerðir, telst ekki í ráðandi aðstöðu í skilningi 5. gr.

7. gr.

Aðalstjórn.

Stjórn fyrirtækis telst aðalstjórn þess.

Stjórn móðurfyrirtækis, sbr. 5. gr., telst aðalstjórn fyrirtækjahóps. Ef tvö eða fleiri fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps eru móðurfyrirtæki telst aðalstjórn vera stjórn þess fyrirtækis sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart hinum fyrirtækjunum, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.

Ef aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps er ekki í EES-ríki telst aðalstjórn vera sá fulltrúi sem aðalstjórn tilnefnir. Ef slíkur fulltrúi hefur ekki verið tilnefndur telst aðalstjórn vera stjórn þess fyrirtækis eða starfsstöðvar sem hefur flesta starfsmenn í EES-ríki.

8. gr.

Reglur um fjölda starfsmanna.

Ákvörðun um fjölda starfsmanna, sbr. 3. og 4. gr., skal byggð á meðalfjölda starfsmanna sem ráðnir hafa verið til starfa á síðustu tveimur árum áður en beiðni er lögð fram skv. 10. gr. Við ákvörðun þessa skal ekki gerður greinarmunur á starfsmönnum í hlutastörfum og þeim sem gegna fullu starfi, sbr. þó 2. mgr.

Aðalstjórn skal veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar um heildarfjölda starfsmanna í fyrirtækjum og starfsstöðvum í einstökum ríkjum. Aðalstjórn skal enn fremur láta þeim í té upplýsingar um félagsform fyrirtækis og fyrirtækjahóps.

III. KAFLI

Ábyrgð á stofnun samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

9. gr.

Ábyrgð.

Aðalstjórn ber ábyrgð á því að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir stofnun samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

10. gr.

Upphaf samningaumleitana.

Aðalstjórn skal að eigin frumkvæði eða fyrir skriflega beiðni um það frá a.m.k. 100 starfsmönnum eða fulltrúum þeirra í a.m.k. tveimur fyrirtækjum eða starfsstöðvum í a.m.k. tveimur EES-ríkjum hefja samningaumleitanir um stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun.

Beiðni skv. 1. mgr. skal afhent aðalstjórn eða einhverri annarri stjórn fyrirtækis sem skal þá framsenda beiðnina til aðalstjórnar.

Frestur, sbr. 19. gr., hefst þegar beiðni starfsmanna, sbr. 1. mgr., hefur verið afhent aðalstjórn eða stjórn annars hlutaðeigandi fyrirtækis sem er hluti af fyrirtækjahópnum eða fyrirtækinu.

11. gr.

Skipan sérstaks samningaráðs.

Að uppfylltum ákvæðum 10. gr. skal aðalstjórn hafa frumkvæði að skipan sérstaks samningaráðs sem hafi það að markmiði að vinna að stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

Í samningaráði skulu eiga sæta a.m.k. þrír en mest átján menn. Fulltrúar starfsmanna kjósa fulltrúa í ráðið úr sínum hópi. Ef því verður ekki við komið skulu allir starfsmennirnir kjósa um þá.

Fulltrúar í samningaráðið, sem kosnir eru á Íslandi, skulu kosnir úr hópi starfsmanna af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis. Séu ekki trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt á kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Starfsmenn sem stöðu sinnar vegna eiga ekki trúnaðarmann eiga rétt á að velja sér fulltrúa sem skal taka þátt í kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Samningaráðið skal þannig skipað:

1. Einn fulltrúi starfsmanna frá hverju ríki þar sem fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn rekur eitt eða fleiri fyrirtæki eða starfsstöðvar, sbr. þó 2. og 3. tölul.
2. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn hefur færri en 2.000 starfsmenn og á fyrirtæki eða starfsstöðvar í aðeins tveimur ríkjum skal auk þess tilnefndur einn fulltrúi starfsmanna í því ríki þar sem starfsmenn eru flestir.
3. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn hefur 2.000 eða fleiri starfsmenn skulu enn fremur tilnefndir:
   a. einn fulltrúi starfsmanna í ríkjum þar sem a.m.k. 25% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa og
   b. tveir fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 50% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa eða
   c. þrír fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 75% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa.

Séu fulltrúar, sem kosnir hafa verið skv. 1.–3. tölul. 5. mgr., fleiri en átján skal þeim fulltrúum fækkað sem kosnir hafa verið skv. 3. tölul. 5. mgr. Skal þá fyrst fækkað fulltrúum skv. a-lið, síðan skv. b-lið og að síðustu skv. c-lið.

Þegar samningaráðið hefur verið skipað skal aðalstjórn og staðbundnum stjórnum tilkynnt um skipan þess.

12. gr.

Verkefni og kostnaður sérstaka samningaráðsins.

Samningaráði og aðalstjórn ber í anda samvinnu að vinna að gerð skriflegs samnings um stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

Samningaráðið getur kvatt sér til aðstoðar sérfræðinga að eigin vali meðan á samningaviðræðum stendur. Kostnaður aðalstjórnar takmarkast við störf eins sérfræðings.

Aðalstjórn skal bera þann kostnað sem hlýst af samningaviðræðum þannig að samningaráðinu sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti, þar með talinn útlagðan ferða- og gistikostnað. Þá skal aðalstjórn útvega samningaráðinu húsnæði auk túlka og ritara ef þörf krefur.

13. gr.

Boðun fundar.

Þegar samningaráðið hefur verið skipað, sbr. 11. gr., skal aðalstjórn boða það til fundar í því skyni að hefja viðræður um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. Stjórnum annarra fyrirtækja skal tilkynnt um fundarboðið.

14. gr.

Inntak samnings um samstarfsráð.

Í samningi um stofnun samstarfsráðs, sbr. 1. mgr. 12. gr., skulu vera ákvæði a.m.k. um eftirfarandi atriði:

1. Nöfn fyrirtækja og/eða starfsstöðva, sbr. 3. og 4. gr., sem falla undir samninginn.
2. Samsetningu ráðsins, fjölda fulltrúa í ráðinu, úthlutun sæta og skipunartíma þess.
3. Hlutverk ráðsins og upplýsingamiðlun og samráð á þess vegum.
4. Hvar ráðið skal hittast, hversu oft og hve lengi.
5. Hvert fjármagn og aðbúnaður samstarfsráðsins skal vera.
6. Gildistíma samningsins og tilhögun við endurnýjun hans.

15. gr.

Inntak samnings um upplýsingamiðlun og samráð.

Ef aðalstjórn og samningaráð ákveða að gera samning er hefur að geyma reglur um upplýsingamiðlun og samráð, sbr. 1. mgr. 12. gr., skal samningurinn einkum hafa að geyma ákvæði um málefni sem varða fleiri en eitt EES-ríki og hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Samningur aðila skal geyma ákvæði a.m.k. um eftirfarandi atriði:

1. Nöfn fyrirtækja og/eða starfsstöðva, sbr. 3. og 4. gr., sem falla undir samninginn.
2. Fyrirkomulag á miðlun upplýsinga og samráði við starfsmenn eða fulltrúa þeirra.
3. Rétt starfsmanna eða fulltrúa þeirra til að koma saman til fundar í því skyni að skiptast á skoðunum um upplýsingar sem þeim eru veittar skv. 1. mgr.

16. gr.

Slit viðræðna.

Samningaráðið getur ákveðið með a.m.k. tveimur þriðju hlutum atkvæða að hefja ekki viðræður um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. eða slíta viðræðum sem þegar eru hafnar.

Hafi samningaráðið ályktað skv. 1. mgr. skal viðræðum um samningsgerð slitið. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði IV. kafla ekki.

Kalla má samningaráðið saman að nýju í fyrsta lagi tveimur árum eftir að ofangreind ákvörðun er tekin nema aðilar mæli fyrir um skemmri tíma.

17. gr.

Atkvæðagreiðsla.

Atkvæði meiri hluta fulltrúa í samningaráðinu ráða úrslitum í atkvæðagreiðslum, sbr. þó 16. gr. Ef atkvæði falla jöfn hafa fulltrúar frá því ríki þar sem starfsmenn eru flestir eitt viðbótaratkvæði.

18. gr.

Tilkynning til ráðherra.

Aðalstjórn skal tilkynna ráðherra um samninga sem gerðir hafa verið skv. 14. eða 15. gr. laga þessara. Afrit slíkra samninga eða reglna skal fylgja tilkynningu aðalstjórnar. Frá þessu má víkja um stundarsakir ef í gögnum þessum eru atriði er varða sérstaka viðskiptahagsmuni fyrirtækis og afhending þeirra getur skaðað það.

IV. KAFLI
Ákvæði til vara.

19. gr.

Skylda til stofnunar evrópsks samstarfsráðs.

Samstarfsráð skal stofnað samkvæmt ákvæðum þessa kafla:

1. ef aðalstjórn og samningaráðið ákveða það,
2. ef aðalstjórn hefur ekki hafið samningaumleitanir innan sex mánaða eftir að beiðni frá starfsmönnum hefur borist um það skv. 10. gr.,
3. ef aðilar hafa ekki komið sér saman um samning þann sem tilgreindur er í 14. eða 15. gr. innan þriggja ára frá þeim tíma þegar beiðni um það barst upphaflega, sbr. 10. gr., og samningaráðið hefur ekki áður tekið ákvörðun skv. 16. gr.

20. gr.

Valdsvið.

Valdsvið samstarfsráðs takmarkast við upplýsingamiðlun og samráð um málefni sem varða:

1. fyrirtæki, sbr. 3. gr., sem eina heild,
2. fyrirtækjahóp, sbr. 4. gr., sem eina heild eða
3. a.m.k. tvær starfsstöðvar fyrirtækis eða fyrirtækjahóps í a.m.k. tveimur EES-ríkjum.

Þegar um er að ræða fyrirtæki eða fyrirtækjahópa sem falla undir 3. mgr. 7. gr. takmarkast valdsvið samstarfsráðs við málefni sem varða allar starfsstöðvar þess eða fyrirtæki í EES-ríkjum eða a.m.k. tvær starfsstöðvar þess eða fyrirtæki sem eru í mismunandi EES-ríkjum.

21. gr.

Val fulltrúa í samstarfsráð.

Í samstarfsráði skulu sitja minnst þrír en mest þrjátíu fulltrúar. Fulltrúar starfsmanna kjósa fulltrúa í ráðið úr sínum hópi. Ef því verður ekki við komið skulu allir starfsmennirnir kjósa um þá.

Fulltrúar í samstarfsráðið, sem kosnir eru á Íslandi, skulu kosnir úr hópi starfsmanna af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis. Séu ekki trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt á kjöri fulltrúa í samstarfsráðið.

Starfsmenn sem stöðu sinnar vegna eiga ekki trúnaðarmann eiga rétt á að velja sér fulltrúa sem skal taka þátt í kjöri fulltrúa í samstarfsráðið.

Samstarfsráðið skal þannig skipað:

1. Einn fulltrúi starfsmanna frá hverju ríki þar sem fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn rekur eitt eða fleiri fyrirtæki eða starfsstöðvar, sbr. þó 2. og 3. tölul.
2. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn hefur færri en 2.000 starfsmenn og á fyrirtæki eða starfsstöðvar í aðeins tveimur ríkjum skal auk þess tilnefndur einn fulltrúi starfsmanna í því ríki þar sem starfsmenn eru flestir.
3. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn hefur 2.000 eða fleiri starfsmenn skulu enn fremur tilnefndir:
   a. einn fulltrúi starfsmanna í ríkjum þar sem a.m.k. 25% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa og
   b. tveir fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 50% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa eða
   c. þrír fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 75% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa.

Séu fulltrúar, sem kosnir hafa verið skv. 1.–3. tölul. 4. mgr., fleiri en átján skal þeim fulltrúum fækkað sem kosnir hafa verið skv. 3. tölul. 4. mgr. Skal þá fyrst fækkað fulltrúum skv. a-lið, síðan skv. b-lið og að síðustu skv. c-lið.

Aðalstjórn eða einhverju öðru hlutaðeigandi stjórnunarstigi innan fyrirtækis eða fyrirtækjahóps skal tilkynnt um hverjir skipa samstarfsráðið.

Ef samstarfsráðið er skipað fleiri en tíu fulltrúum, eða ef samkomulag er um það við aðalstjórn, kýs samstarfsráðið úr sínum hópi framkvæmdanefnd sem skal skipuð mest þremur fulltrúum. Framkvæmdanefndin setur sér starfsreglur.

22. gr.

Endurskoðun.

Annað hvert ár eftir stofnun samstarfsráðs skal aðalstjórn reikna út fjölda fulltrúa fyrir hvert ríki og gefa ráðinu upplýsingar um niðurstöðu sína. Ef niðurstaðan kallar á breytingu á fjölda fulltrúa sem skipaðir hafa verið skv. 4. og 5. mgr. 21. gr. skal fulltrúum í ráðinu fækkað eða fjölgað eftir því sem við á.

Fjórum árum eftir að samstarfsráð hefur verið stofnað samkvæmt ákvæðum í þessum kafla ber ráðinu að ræða hver þörfin er fyrir að hefja viðræður í því skyni að gera samning skv. 14. eða 15. gr. eða hvort halda beri áfram starfi samstarfsráðsins á sama grundvelli og áður.

Ef aðilar ákveða að gera samning skv. 14. og 15. gr. skal samstarfsráðið gegna því hlutverki sem samningaráði væri að öðrum kosti falið.

23. gr.

Reglulegir fundir.

Samstarfsráð hefur rétt til þess að eiga fund með aðalstjórn einu sinni á ári til upplýsingar og samráðs. Fyrir fundinn skal aðalstjórn útbúa skýrslu um rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækisins sem lögð skal til grundvallar fundinum.

Á fundi skv. 1. mgr. skal einkum fjallað um uppbyggingu fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, efnahags- og fjárhagslega stöðu, líklega þróun hvað varðar rekstur, framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar á skipulagi fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, tilkomu nýrra starfsaðferða eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna fyrirtækja, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

24. gr.

Aukafundir.

Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum vegna flutnings, lokunar starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagna, á samstarfsráðið, eða framkvæmdanefndin hafi hún verið stofnuð, rétt á að fá upplýsingar um þessar sérstöku aðstæður.

Samstarfsráðið, eða framkvæmdanefndin, hefur eftir að hafa sent frá sér beiðni þess efnis rétt til að sitja fund með aðalstjórn fyrirtækis eða einhverju öðru hlutaðeigandi stjórnunarstigi í fyrirtækinu eða fyrirtækjahópnum, í því skyni að fá upplýsingar og hafa samráð um mikilvægar ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Fulltrúar í samstarfsráðinu, sem kosnir hafa verið í fyrirtækjum eða starfsstöðvum sem viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á, sbr. 1. mgr., eiga rétt á að sitja fund sem ráðgerður er skv. 2. mgr.

Fundur skv. 2. mgr. skal haldinn svo skjótt sem við verður komið á grundvelli skýrslu aðalstjórnar eða annars hlutaðeigandi stjórnunarstigs. Framkvæmdanefndinni eða samstarfsráðinu er heimilt að leggja fram álit á skýrslunni í fundarlok eða innan hæfilegs frests.

Ef skammt er til árlegs fundar skv. 23. gr. er heimilt að fresta umræðum um málefni sem annars yrði fjallað um á aukafundi ef ljóst þykir að frestur af þeim sökum hafi ekki áhrif á samráðsferlið.

25. gr.

Undirbúningsfundur.

Áður en fundur er haldinn með aðalstjórn er samstarfsráðinu eða framkvæmdanefndinni, með þeirri víðtækari skipan sem heimiluð er skv. 3. mgr. 24. gr., heimilt að halda fund án nærveru stjórnarinnar.

26. gr.

Upplýsingagjöf.

Fulltrúar í samstarfsráði skulu greina fulltrúum starfsmanna fyrirtækisins eða, ef slíkir fulltrúar eru ekki fyrir hendi, öllum starfsmönnum fyrirtækisins frá efni upplýsinga og samráði sem farið hefur fram í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. þó 29. gr.

27. gr.

Sérfræðingar.

Samstarfsráðið eða framkvæmdanefndin getur kallað til sérfræðinga að eigin vali ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna starfsemi ráðsins. Kostnaður aðalstjórnar, sbr. 28. gr., takmarkast þó við störf eins sérfræðings.

28. gr.

Kostnaður.

Aðalstjórn greiðir kostnað samstarfsráðsins.

Aðalstjórn ber að tryggja fulltrúum í samstarfsráðinu það fjármagn og þá aðstöðu sem þeim er nauðsynleg til að sinna skyldum sínum. Aðalstjórn ber að tryggja að fulltrúar í samstarfsráðinu verði ekki fyrir launamissi vegna þátttöku sinnar í starfi ráðsins.

Einkum skal aðalstjórn greiða kostnað af skipulagi funda og aðstöðu vegna túlkunar og gisti- og ferðakostnað fulltrúa samstarfsráðsins og framkvæmdanefndar hennar, nema um annað sé samið.

V. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

29. gr.

Þagnarskylda.

Aðalstjórn er heimilt að leggja þagnarskyldu á fulltrúa í samningaráðinu, samstarfsráðinu og framkvæmdanefndinni, fulltrúa starfsmanna skv. 15. gr. og þá sérfræðinga sem til eru kvaddir þeim til aðstoðar. Aðalstjórn skal tiltaka sérstaklega þær upplýsingar sem þagnarskylda lýtur að.

Þagnarskyldan helst þótt umboð þeirra sem heyra undir 1. mgr. falli niður.

30. gr.

Undanþága frá upplýsingaskyldu.

Aðalstjórn er heimilt að láta hjá líða að veita fulltrúum í samningaráðinu, samstarfsráðinu og framkvæmdanefndinni eða fulltrúum starfsmanna skv. 15. gr. upplýsingar ef þær eru samkvæmt hlutlægu mati þess eðlis að þær geti haft skaðleg áhrif á starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja eða verið þeim skaðlegar.

31. gr.

Réttarstaða.

Fulltrúar í samningaráðinu, samstarfsráðinu eða fulltrúar starfsmanna skv. 15. gr. skulu hvorki sæta uppsögn né skerðingu á kjörum sínum vegna starfa sinna. Skulu fulltrúar starfsmanna njóta sams konar réttarverndar og trúnaðarmenn samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938.

Fulltrúum starfsmanna skal tryggður réttur með samningi við vinnuveitanda til að taka sér frí frá störfum svo að þeir geti á eðlilegan hátt sinnt skyldum sínum við gerð og framkvæmd samninga samkvæmt lögum þessum.

32. gr.

Ágreiningur.

Ágreiningur, sem kann að rísa um gerð eða framkvæmd samnings sem gerður á grundvelli laga þessara, verður borinn undir almenna dómstóla.

33. gr.

Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um kosningu íslenskra fulltrúa í samningaráðið og samstarfsráðið.

VI. KAFLI
Viðurlög.

34. gr.

Upplýsingar til þriðja aðila.

Þeir sem þrátt fyrir þagnarskyldu skv. 29. gr. láta þriðja aðila í té upplýsingar sem þeim hafa verið veittar skulu dæmdir til fésekta, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

35. gr.

Viðurlög.

Brot á 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 11. gr., 19. gr., 23. gr. og 1.–2. mgr. 24. gr. varða fésektum.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.

13. gr. samningar.

Lög þessi taka ekki til fyrirtækja og fyrirtækjahópa sem eiga aðild að samkomulagi um upplýsingagjöf og samráð á grundvelli 13. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Skilyrði er að samkomulag aðila hafi öðlast gildi í síðasta lagi 21. september 1996 og að það nái til allra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps og snerti upplýsingagjöf og samráð um málefni fyrirtækja í tveimur eða fleiri ríkjum.

Ef samkomulag, sbr. 1. mgr., fellur úr gildi er aðilum heimilt að framlengja það. Að öðrum kosti fer um samskipti aðila samkvæmt lögum þessum.

37. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.
Inngangur.

1.

Fumvarp þetta er lagt fram með vísan til tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/45/EB frá 22. september 1994, um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrir-

tækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn. Tilskipun þessi var samþykkt með stoð í 2. mgr. 2. gr. samnings um félagsmálastefnu aðildarríkja Evrópusambandsins sem undirritaður var í Maastricht í Hollandi 7. febrúar 1992 og tók gildi 1. nóvember 1993. Í tilskipuninni er kveðið á um að aðildarríki Evrópusambandsins skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 22. september 1996. Þar sem Bretland var ekki aðili að samningi um félagsmálastefnu Evrópusambandsins hafði samþykkt tilskipunarinnar ekki gildi þar í landi. Á grundvelli Amsterdamsamkomulagsins í júní 1997 var framangreindur samningur felldur inn í Rómarsáttmálann sem 117.–120. gr. Á þessum grundvelli samþykkti ráðherraráð Evrópusambandsins 15. desember 1997 tilskipun um rýmkun á gildissviði framangreindrar tilskipunar í því skyni að hún tæki einnig til Bretlands. Samkvæmt þessari nýju tilskipun eru aðildarríki Evrópusambandsins skuldbundin til að taka ákvæði hennar upp í landsrétt í síðasta lagi 15. desember 1999.

2.

Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/95, 22. júní 1995, var gerð breyting á XVIII. viðauka EES-samningsins og tilskipun nr. 94/45/EB felld inn í samninginn. Telst hún því hluti af íslenskum rétti, sbr. 7. gr. EES-samningsins.

Í stað þess að velja frumvarpinu heiti í samræmi við aðalheiti tilskipunarinnar (e. European Works Council) er farin sú leið að gefa frumvarpinu nafn sem er meira í samræmi við efni þess og inntak. Íslensk þýðing þessa heitis „evrópskt samstarfsráð“ er hins vegar notað í frumvarpinu um þann vettvang þar sem upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn fer fram. Í sumum greinum frumvarpsins er þó talað um samstarfsráð til styttingar.

II.

Tilskipun nr. 94/45/EB.

Í formálsorðum tilskipunar nr. 94/45/EB er m.a. vikið að því að starfsemi innri markaðarins feli í sér samfylkingu fyrirtækja, samruna sem nái yfir landamæri, yfirtöku, sameiginleg verkefni og þar af leiðandi fyrirtæki og fyrirtækjahópa sem starfi í fleiri aðildarríkjum. Eigi greinar efnahagslífsins að þróast á samræmdan hátt verði fyrirtæki og fyrirtækjahópar sem starfa í tveimur aðildarríkjum eða fleiri að upplýsa og hafa samráð við fulltrúa þeirra starfsmanna sem ákvarðanir þeirra hafa áhrif á. Reglur um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn taki eins og þær birtast í löggjöf aðildarríkjanna eða venjum ekki alltaf mið af því að starfsemi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps nái til fleiri landa og að þar séu teknar ákvarðanir sem hafa áhrif á þessa starfsmenn. Þetta geti leitt til þess að starfsmönnum, sem ákvarðanir eins og sama fyrirtækis eða fyrirtækjahóps varða, sé mismunað.

Til að tryggja að starfsmenn fyrirtækja eða fyrirtækjahópa sem starfi í tveimur aðildarríkjum eða fleiri fái fullnægjandi upplýsingar og að haft sé samráð við þá sé nauðsynlegt að stofna evrópsk samstarfsráð eða samþykkja aðrar viðeigandi leiðir til að miðla upplýsingum og efna til samráðs við starfsmenn fleiri landa. Þá segir í formálsorðum að veita verði upplýsingar og hafa sem fyrst samráð við tilnefnda fulltrúa starfsmanna um tilteknar ákvarðanir er hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Í formálsorðum er einnig vísað til þess að eitt af markmiðum bandalagsins og aðildarríkjanna skv. 1. gr. samningsins um félagsmálastefnu sé að stuðla að skoðanaskiptum milli vinnuveitenda og launþega.

Þá er í formálsorðum einnig vitnað í 17. lið stofnskrár Evrópubandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega. Þar er meðal annars kveðið á um að miðlun upplýsinga til,

samráð við og þátttöku launþega skuli þróa með viðeigandi hætti þar sem tekið sé mið af ríkjandi venju í hverju aðildarríki um sig. Í sáttmálanum segir: „þetta skal einkum gilda um fyrirtæki eða fyrirtækjahópa sem hafa starfsstöðvar eða fyrirtæki í tveimur aðildarríkjum eða fleiri“.

III.
Um efni frumvarpsins.

1.

Samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa er markmið þess að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum sem hafa a.m.k. 1.000 starfsmenn í sinni þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu og þar af a.m.k. 150 starfsmenn í tveimur fyrirtækjum í a.m.k. tveimur EES-ríkum. Starfsmönnum fyrirtækja sem falla undir þessi stærðarmörk er þannig gefinn kostur á að hafa aðgang að sömu upplýsingum og að eiga jafna möguleika og starfsbræður þeirra innan fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins í öðrum ríkjum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við aðalstjórn fyrirtækisins. Samkvæmt efni frumvarpsins takmarkast þó réttur starfsmanna við upplýsingar sem varða fyrirtækið eða fyrirtækjahópinn sem heild á Evrópska efnahagssvæðinu nema aðilar komi sér saman um annað.

Líta má á stofnun samstarfsráðs sem tilboð til starfsmanna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum sem falla undir framangreind stærðarmörk. Þetta skýrist af því að starfsmenn eða fulltrúar verða sjálfir að gera þá kröfu til aðalstjórnar að stofnað sé til samráðs og miðlunar upplýsinga samkvæmt frumvarpinu. Nánar tiltekið verða ákvæði frumvarpsins ekki virk nema fram komi skrifleg beiðni frá a.m.k. 100 starfsmönnum í a.m.k. tveimur fyrirtækjum í a.m.k. tveimur ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Komi slík beiðni fram ber aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps að hafa frumkvæði að því að skipað sé svokallað samningaráð sem skal annast gerð samnings um samstarfsráð eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð, sbr. III. kafla frumvarpsins. Í samningaráði skulu sitja a.m.k. þrír en mest átján fulltrúar starfsmanna. Fjöldi fulltrúa miðast við að a.m.k. einn fulltrúi sé frá hverju EES-ríki þar sem fyrirtæki eða einstök fyrirtæki innan fyrirtækjahóps er með starfssemi. Aðalstjórn ber að hefja samningaumleitanir við samningaráðið innan sex mánaða frá því að beiðni um stofnun ráðsins kom fram. Samningaráðið getur þó með a.m.k. tveimur þriðju hluta atkvæða ákveðið að hefja ekki viðræður eða slíta þeim.

2.

Taki samningaráðið ekki slíka ákvörðun skal samningaviðræðum við aðalstjórn ljúka með samningi annaðhvort um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð. Samkvæmt ákvæðum III. kafla frumvarpsins er aðilum frjálst að semja um hvort stofnað skuli samstarfsráð eða að komið verði á fót öðrum reglum um upplýsingamiðlun og samráð. Þá er aðilum frjálst að ákveða hverjir skuli sitja í samstarfsráðinu, hvaða umboð ráðið skuli hafa, hvernig starfi þess skuli hagað og hvaða fjárhagslegir kostir því skulu boðnir.

Nái aðilar hins vegar ekki samkomulagi um gerð samnings á grundvelli III. kafla frumvarpsins koma ákvæði IV. kafla frumvarpsins til framkvæmda. Þetta á við ef samningaráðið og stjórnin ákveða það eða ef aðalstjórn hefur ekki hafið samningaviðræður í síðasta lagi sex mánuðum frá því að tilmæli starfsmanna þess efnis voru lögð fram. Sama gildir ef aðilar hafa ekki náð samkomulagi innan þriggja ára eftir að beiðni starfsmanna var lögð fram að því tilskildu að aðalstjórn hafi af sinni hálfu hafið samningaumleitan á þessum tíma. Í IV.

kafla frumvarpsins er að finna ítarlegar reglur um stofnun samstarfsráðs og hefta þær að mörgu leyti það samningsfrelsi sem aðilar hafa á grundvelli III. kafla frumvarpsins.

Ef samstarfsráð er stofnað samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur það rétt til þess að eiga fund með aðalstjórn einu sinni á ári til upplýsingar og samráðs. Fyrir fundinn skal aðalstjórn útbúa skýrslu um rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækisins sem lögð skal til grundvallar fundinum. Þá er kveðið á um hvert umfjöllunarefni aðila skuli vera. Segir í frumvarpinu að á þessum fundi skuli einkum fjallað um uppbyggingu fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, efnahags- og fjárhagslega stöðu, líklega þróun hvað varðar rekstur, framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar á skipulagi fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, tilkomu nýrra starfsaðferða eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna fyrirtækja, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

3.

Með hliðsjón af 13. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB er í frumvarpinu einnig tekið tillit til samninga um upplýsingagjöf og viðræður við starfsmenn sem gerðir hafa verið fyrir 22. september 1996, svo fremi slíkir samningar nái til allra starfsmanna og snerti upplýsingagjöf og viðræður við starfsmenn um málefni sem varða fyrirtæki í tveimur eða fleiri aðildarríkjum. Hafa slíkir samningar verið kallaðir 13. gr. samningar. Samkvæmt ákvæði frumvarpsins er aðilum heimilt að endurnýja slíka samninga án tillits til frumvarps þessa. Aðilar geta hins vegar ákveðið að endurnýjun slíks samnings skuli gerð á grundvelli frumvarps þessa. Þá er þeim einnig heimilt að fella niður samninga sem gerðir hafa verið á grundvelli 13. gr. tilskipunarinnar og gera nýjan samning samkvæmt frumvarpi þessu.

IV.
Tengsl tilskipunarinnar við landsrétt.

1.

Í 12. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB er tekið fram að hún gildi með fyrirvara um ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt tilskipun ráðsins nr. 75/129/EBE frá 17. febrúar 1975, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir, og tilskipun ráðsins nr. 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar.

Þá er kveðið á um að tilskipun nr. 94/45/EB skuli vera með fyrirvara um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs samkvæmt landslögum.

2.

Lög um hópuppsagnir, nr. 95/1992, eiga við um uppsagnir atvinnurekanda á fastráðnum starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra þegar fjöldi starfsmanna, sem sagt er upp á 30 daga tímabili, er:

a. að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu,
b. að minnsta kosti 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn, en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
c. að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

Í 2. gr. laga nr. 95/1992, sbr. 2. gr. laga nr. 135/1994, er kveðið á um að áformi atvinnurekandi uppsagnir samkvæmt lögunum skuli hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa sem þeir hafa til þess valið svo fljótt sem auðið er með það fyrir augum að ná samkomulagi. Með samráðinu skal að minnsta kosti leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða og draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda tilfærslur í starfi eða endurhæfingu starfsmanna sem sagt hefur verið upp. Þá er kveðið á um að trúnaðarmenn eða aðrir fulltrúar starfsmanna skuli eiga rétt á að fá frá atvinnurekanda allar upplýsingar, sem máli skipta, um fyrirhugaðar uppsagnir. Tilgreina skal skriflega ástæður uppsagna, fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp, hve margir eru að jafnaði í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að koma til framkvæmda. Atvinnurekandi skal veita skriflega upplýsingar um viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp og aðferðir við útreikninga á greiðslum vegna uppsagna.

3.

Lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, taka til aðilaskipta eða samruna fyrirtækja, atvinnurekstrar eða hluta atvinnurekstrar á Evrópska efnahagssvæðinu að svo miklu leyti sem atvinnureksturinn heyrir undir íslenska lögsögu. Í 3. gr. laga nr. 77/1993 er kveðið á um að aðilaskipti geta ein sér ekki verið ástæða fyrir uppsögn starfsmanna af hálfu atvinnurekanda, hvorki fyrir né eftir aðilaskipti. Ákvæði þetta kemur þó ekki í veg fyrir uppsagnir starfsmanna af efnahagslegum, tæknilegum eða skipulagslegum ástæðum sem hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi. Í 5. gr. þessara laga segir að tilkynna beri trúnaðarmanni starfsmanna eða starfsmönnum sjálfum um aðilaskipti með góðum fyrirvara og áður en aðilaskipti koma til framkvæmda. Jafnframt skal upplýsa hlutaðeigandi um ástæður aðilaskipta, um lagalegar, efnahagslegar og félagslegar afleiðingar þeirra fyrir starfsmenn og um fyrirhugaðar ráðstafanir vegna starfsmanna. Þá er í 6. gr. þessara laga kveðið á um að hafi atvinnurekandi í huga að gera ráðstafanir vegna starfsmanna vegna aðilaskipta skuli hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna í því skyni að ná samkomulagi um þær. Samráð skal hafa með góðum fyrirvara og áður en fyrirhugaðar ráðstafanir koma til framkvæmda.

V.

Áhrif lögfestingar tilskipunar nr. 94/45/EB á Íslandi.

Vegna smæðar íslensks efnahagslífs miðað við önnur Evrópuríki og þau stærðarmörk sem tilskipunin setur munu ákvæði frumvarpsins ekki koma til framkvæmda hér á landi í miklum mæli. Þetta kann vissulega að breytast þegar fram líða stundir en fyrst um sinn munu ákvæði frumvarpsins fyrst og fremst eiga við um starfsmenn dótturfyrirtækja erlendra fyrirtækja og fyrirtækjahópa hér á landi.

Kunnugt er um tvo samninga sem gerðir hafa verið með vísan til tilskipunar nr. 94/45/EB sem hafa áhrif á réttindi starfsmanna hér á landi. Hér er annars vegar um að ræða samning sem Alusuisse Lonza Europe BV, með heimilisfesti í Hollandi, gerði við starfsmenn Íslenska álfélagsins hf., sem og önnur fyrirtæki er tilheyra fyrirtækinu í Evrópu, 18. september 1996. Samningur þessi var gerður á grundvelli 13. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB og fellur því óbeint undir ákvæði frumvarps þessa.

Þá var í júní 1997 undirritaður samningur milli breska fyrirtækisins Glaxo Wellcome Research and Development Limited og starfsmanna þess um stofnun samstarfsráðs. Starfsmönnum Glaxo Wellcome ehf. var boðin þátttaka og var einn starfsmaður þess valinn fulltrúi í samstarfsráðið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um markmið og gildissvið frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að bæta rétt starfsmanna fyrirtækja sem starfa í tveimur eða fleiri ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu til að fá upplýsingar um málefni sem varða fyrirtækið eða fyrirtækjahópinn í heild sinni. Samkvæmt frumvarpinu eiga starfsmenn rétt á að stofnað sé samstarfsráð eða settar séu reglur um miðlun upplýsinga og samráð með það í huga að aðalstjórn fyrirtækis veiti starfsmönnum upplýsingar og hafi við þá samráð um mál sem varða hagsmuni þeirra. Taki starfsmenn ákvörðun um að nýta rétt sinn samkvæmt frumvarpi þessu ber aðalstjórn fyrirtækis ekki aðeins að veita fulltrúum þeirra upplýsingar heldur ber henni einnig að skiptast á skoðunum við fulltrúa starfsmanna um þýðingu þessara upplýsinga fyrir hagsmuni starfsmanna.

Samkvæmt frumvarpi þessu er ekki lögð skylda á að samstarfsráð sé stofnað eða að settar verði reglur um upplýsingamiðlun og samráð. Slíku fyrirkomulagi verður aðeins komið á fyrir frumkvæði aðalstjórnar fyrirtækis eða vegna skriflegrar beiðni tilskilins fjölda starfsmanna, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið gildir um allar tegundir atvinnurekstrar, nema annað sé sérstaklega tekið fram, þar með talin opinber fyrirtæki, hvort sem fyrirtæki er rekið sem hlutafélag, einkahlutafélag, samvinnufélag eða hvort um sjóð, samtök, sjálfseignarstofnun eða þess háttar félagsform er að ræða.

Í frumvarpinu er jöfnun höndum talað um ríki og EES-ríki og er ávallt átt við ríki á Evrópska efnahagssvæðinu nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er kveðið á um gildissvið frumvarpsins. Ákvæði tilskipunar nr. 94/45/EB tekur til fyrirtækja og fyrirtækjahópa sem eru með starfsemi í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Frumvarpið tekur til fyrirtækja, sbr. 3. gr., sem eru með heimilisfesti hér landi og fyrirtækjahópa, sbr. 4. gr. Ákvæði frumvarpsins sem kveða á um að aðalstjórn fyrirtækis beri ábyrgð eða tilteknar skyldur verður því beitt gagnvart aðalstjórn fyrirtækis hér á landi. Ákvæði frumvarpsins gilda einnig um framkvæmd á kosningu starfsmanna í samningaráð og samstarfsráð þó að aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps, sbr. 7. gr., sé í öðru EES-ríki.

Þá tekur frumvarpið, sbr. 2. mgr., einnig til erlendra dótturfyrirtækja og starfsstöðva ef aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps er á Íslandi, að undanskildum ákvæðum þess um útreikning á meðalfjölda starfsmanna í öðrum ríkjum, val á fulltrúum starfsmanna í því ríki þar sem fyrirtækið hefur aðsetur og vernd fulltrúa í samningaráðinu og samstarfsráðinu. Löggjöf viðkomandi ríkis á þessu sviði tekur til þessara atriða.

Þegar um er að ræða íslensk dótturfyrirtæki eða starfsstöðvar, sem lúta stjórn móðurfyrirtækis í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, er almenna reglan sú að lög um evrópsk samstarfsráð í því ríki þar sem móðurfyrirtækið hefur aðsetur gilda um samskipti aðalstjórnar og starfsmanna. Þannig verða starfsmenn eða fulltrúar þeirra að beina kröfum sínum og málatilbúnaði að aðalstjórn í því EES-ríki þar sem hún hefur aðsetur. Í þessu sambandi skal þó bent á að hafi aðalstjórn fyrirtækis ákveðið að leggja þagnarskyldu á fulltrúa í samstarfsráði með hliðstæðum hætti og kveðið er á um 29. gr. frumvarpsins getur sú ákvörðun haft ólíka þýðingu annars vegar eftir því hvernig bregðast skuli við meintu broti á þagnarskyldu og hins vegar eftir því undir dómstól hvaða ríkis lögmæti ákvörðunar aðalstjórnar um þagnarskyldu verði borin. Hvað varðar fyrra atriðið er í 34. gr. frumvarpsins kveðið á um viðurlög við brotum á þagnarskyldu. Þar er vísað til 29. gr. frumvarpsins sem fellur undir sameiginleg ákvæði frumvarpsins. Verður ákvæði því túlkað á þann hátt að það taki almennt til þeirra aðila sem nefndir eru í ákvæðinu án tillits til þess hvort aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps er hér á landi. Að gættum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1944, um refsilögsögu getur aðalstjórn því beint kæru vegna meints brots íslensks aðila á þagnarskyldu til lögreglu hér á landi.

Að því er síðari atriðið varðar verða fulltrúar starfsmanna að beina málssókn sinni gegn aðalstjórn í því EES-ríki þar sem hún hefur aðsetur nema aðalstjórn sé skylt samkvæmt öðrum lögum að taka til varna á öðru varnarþingi eða hún fallist á það af öðrum ástæðum.

Um II. kafla.

Í II. kafla er að finna skilgreiningar á hugtökunum fyrirtæki, fyrirtækjahópur, móðurfyrirtæki, aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps og reglur um útreikning á fjölda starfsmanna.

Um 3. gr.

Skilgreining hugtaksins fyrirtæki er í samræmi við a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Fyrirtæki merkir nánar tiltekið fyrirtæki sem rekur útibú eða annars konar starfsstöð í tveimur eða fleiri ríkjum á Evrópska efnahagsvæðinu. Þetta þýðir að að uppfylltum öðrum skilyrðum frumvarpsins mundi íslenskt hlutafélag sem rekur útibú í öðru ríki falla undir gildissvið þess. Meginatriðið er að hjá fyrirtækinu starfi a.m.k. 1.000 starfsmenn og a.m.k. 150 starfsmenn í hvoru EES-ríkinu um sig. Hugtakið starfsstöð er ekki skilgreint nánar í frumvarpinu en með því er almennt átt við útibú eða sambærilegt form á rekstri.

Hugtakið „starfsmaður“ er ekki skilgreint í tilskipun nr. 94/45/EB og er það ekki heldur gert í frumvarpi þessu. Hugtakið „starfsmaður“ í skilningi frumvarpsins verður því skilgreint eins og tíðkast í íslenskum vinnurétti. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í þessari grein er sett fram skilgreining á hugtakinu fyrirtækjahópur. Skilgreiningin er sams konar og í c-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Eins og í 3. gr. frumvarpsins er meginatriðið að a.m.k. 1.000 starfsmenn starfi í fyrirtækjum innan fyrirtækjahópsins. Þá er skilyrði að fyrirtækjahópurinn samanstandi af minnst tveimur fyrirtækjum í mismunandi EES-ríkjum og að hjá þeim starfi a.m.k. 150 starfsmenn í hvoru fyrirtækinu um sig.

Þá leiðir það af 5. gr. frumvarpsins hvort einstök fyrirtæki hafa þau innbyrðis tengsl að um sé að ræða fyrirtækjahóp í skilningi frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í þessari grein er hugtakið móðurfyrirtæki skilgreint. Skilgreiningin er í samræmi við 2. og 3. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Hugtakið fyrirtækjahópur ræður úrslitum um það hvort hópur fyrirtækja hefur þau innbyrðis tengsl að þeim sé skylt að verða við beiðni starfsmanna um að stofna samstarfsráð. Hugtakið ræður einnig úrslitum um hvaða fyrirtæki í hópnum er skylt að takast á hendur skyldur aðalstjórnar.

Viðmiðunarreglur 2. mgr. 5. gr. fela í sér að því fyrirtæki, sem hefur tengsl við annað fyrirtæki eins og vikið er að í 1.–3. tölul. 2. mgr., ber að færa sönnur á að það sé ekki í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru fyrirtæki ef það óskar ekki eftir að takast á hendur þær skyldur sem frumvarpið kveður á um. Ef tvö eða fleiri fyrirtæki innan fyrirtækjahóps greinir á um hvaða fyrirtæki skuli fara með þær skyldur sem frumvarpið kveður á um skal það fyrirtæki sem fullnægir einu af skilyrðunum í 2. mgr. fara með ábyrgðina.

Ef tvö eða fleiri fyrirtæki fullnægja einu eða fleiri skilyrðum í 2. mgr. fer það eftir ákvæði 3. mgr. 5. gr. hvernig með skuli fara. Þessu má lýsa með eftirfarandi dæmi: Ef tveimur eða fleiri fyrirtækjum er öllum kleift að hafa áhrif á sama dótturfyrirtækið, t.d. vegna þess að fyrirtæki A fer með meiri hluta atkvæða á aðalfundi fyrirtækisins og annað fyrirtæki, B, á meira en helming hlutafjárins skal úr því skorið hvoru fyrirtækinu sé skylt, komi fram beiðni um það frá starfsmönnum, að gera ráðstafanir til að stofna samstarfsráð eða setja reglur um upplýsingamiðlun og samráð. Í þessu dæmi telst fyrirtæki A móðurfyrirtækið, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, nema unnt sé að færa sönnur á að fyrirtæki B hafi í raun ráðandi áhrif á viðkomandi fyrirtæki af öðrum ástæðum.

Hvað varðar túlkun á hugtakinu móðurfyrirtæki má bera ákvæði frumvarpsins saman við ákvæði íslensks félagaréttar.

Í 1. mgr. 2. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, segir að ef hlutafélag á svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi að það fer með meiri hluta atkvæða í félaginu teljist fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að ef dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum eða fleiri en eitt dótturfélag eiga í sameiningu svo mikið hlutafé í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi sem um ræðir í 1. mgr. teljist síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins. Þá segir í 3. mgr. að ef hlutafélag hefur annars, vegna hlutafjáreignar eða samninga, yfirráð í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag.

Athygli er vakin á því að samkvæmt lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, þarf sá sem á meiri hluta hlutafjár í félagi ekki endilega að hafa ráðandi áhrif á stjórnun þess. Þetta skýrist af því að heimilt er samkvæmt lögunum að gefa út hluti án atkvæðisréttar. Nánar segir um þetta í 20. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, að allir hlutir skuli hafa jafnan rétt í félagi. Í samþykktum félags má þó ákveða að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka, m.a. flokk án atkvæðisréttar. Fyrirtæki, sem á meiri hluta hlutafjár en fer aðeins með lítinn atkvæðisrétt á aðalfundi annars fyrirtækis, telst því ekki móðurfyrirtæki nema það hafi afgerandi áhrif af öðrum sökum.

Samkvæmt 5. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga, nr. 144/1994, telst fyrirtæki móðurfélag sem á beinan eða óbeinan hátt á svo mikinn hluta eigin fjár í öðru félagi að það fer með meiri hluta atkvæða í því eða það hefur vegna samninga yfirráð í öðru félagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess.

Samkvæmt 5. mgr. greinarinnar telst atkvæðisréttur sem dótturfyrirtæki hefur í öðru fyrirtæki með atkvæðisrétti móðurfyrirtækisins þegar ákvarða skal hvort ráðandi aðstaða sé fyrir hendi.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um undantekningar frá 1.–3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Ef ekki væri kveðið á um þessar undantekningar væru þau fyrirtæki sem greinin tekur til talin ráðandi í skilningi 5. gr. frumvarpsins þó að afskipti af rekstri viðkomandi fyrirtækja væru fyrst og fremst til bráðabirgða og í afmörkuðum tilgangi.

Greinin er byggð á 4. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB, en samkvæmt því ákvæði telst fyrirtæki ekki vera í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru þegar um fyrirtæki er að ræða sem fjallað er um í a- eða c-lið 5. mgr. 3. gr. í reglugerð Evrópusambandsins nr. 4064/89 frá 21. desember 1989, um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

Í a-lið 5. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar er kveðið á um að samfylking fyrirtækja teljist ekki hafa átt sér stað þegar lánastofnanir, aðrar fjármálastofnanir eða tryggingafyrirtæki, þar sem verðbréfaviðskipti, kaup og sala fyrir eigin hönd eða annarra falla undir eðlilega starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis, halda til bráðabirgða hlutabréfum í fyrirtæki sem þau hyggjast selja aftur, að því tilskildu að þau notfæri sér ekki atkvæðisrétt sem þessum hlutabréfum fylgir með það fyrir augum að ákvarða samkeppnisaðgerðir þess sama fyrirtækis, eða að því tilskyldu að þau notfæri sér þennan atkvæðisrétt einungis með það fyrir augum að undirbúa sölu hlutaðeigandi fyrirtækis í heild eða að hluta, eigna þess eða hlutabréfa og að af sölunni verði innan árs frá því að bréfanna var aflað.

Fyrirtæki sem falla undir þetta viðmið verða þannig ekki talin í ráðandi aðstöðu í skilningi 5. gr. frumvarpsins.

Þá er í c-lið 5. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 4064/89 kveðið á um að með sama hætti skuli litið á ráðstafanir þær sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr. reglugerðarinnar sem eru gerðar af eignarhaldsfélögum sem um getur í 3. mgr. 5. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins nr. 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, eins og henni var síðast breytt með tilskipun nr. 84/569/EBE, að því tilskildu þó að atkvæðisréttur sem umræddur eignarhlutur veitir sé nýttur, einkum er varðar skipun í framkvæmdastjórn og yfirstjórnir fyrirtækja þeirra sem þau eiga hlut í, einungis til að viðhalda fullu verðgildi þessara fjárfestinga og ekki til að ákvarða beint eða óbeint samkeppnisaðgerðir fyrirtækja þessara.

Í 1. tölul. 3. mgr. 5. gr. framangreindrar tilskipunar eru eignarhaldsfélög skilgreind sem fyrirtæki sem hafa þann tilgang einan að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum og að ávaxta og nýta slíka hagsmuni án þess að blanda sér beint eða óbeint í stjórn slíkra fyrirtækja.

Með sama hætti og að framan greinir falla þessi fyrirtæki ekki undir skilgreiningu frumvarpsins um ráðandi fyrirtæki.

Af ákvæði 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins leiðir að ráðandi aðstaða er ekki til staðar þegar skiptastjóri þrotabús samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti beitir valdi sínu í tengslum við gjaldþrotameðferð, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða þess konar ráðstafanir.

Um 7. gr.

Í þessari grein er hugtakið aðalstjórn skilgreint. Hafi stjórn fyrirtækis stöðu aðalstjórnar í skilningi frumvarpsins er henni skylt, komi fram beiðni um það frá tilskildum fjölda starfsmanna, að gera ráðstafanir til að stofna samstarfsráð eða setja reglur um upplýsingamiðlun og samráð.

Ef tiltekið móðurfyrirtæki er sjálft dótturfyrirtæki annars fyrirtækis, og er þannig hluti af stærri fyrirtækjahópi, leiðir það af 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins að stjórn þessa móðurfyrirtækis er ekki skylt að gera slíkar ráðstafanir. Skyldan hvílir þá á stjórn þess fyrirtækis sem telst aðalstjórn fyrirtækjahópsins samkvæmt þeim reglum sem nánar er kveðið á um í 5. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er fjallað um það þegar aðalstjórn fyrirtækis er ekki í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Í því tilviki telst aðalstjórn fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins vera sá fulltrúi í einhverju EES-ríki sem aðalstjórn tilnefnir. Ef slíkur fulltrúi hefur ekki verið tilnefndur telst aðalstjórn vera stjórn þess fyrirtækis eða starfsstöðvar sem hefur flesta starfsmenn í EES-ríki.

Um 8. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB skal fjöldi starfsmanna fyrirtækis eða fyrirtækjahóps reiknaður út frá meðalfjölda starfsmanna fyrirtækisins, að meðtöldum starfsmönnum í hlutastörfum sem hafa starfað hjá því síðustu tvö árin. Í þessu sambandi er miðað við síðustu tvö árin frá því að beiðni starfsmanna er lögð fram um stofnun samningaráðs skv. 10. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að aðalstjórn beri skylda til að upplýsa fulltrúa starfsmanna um heildarfjölda starfsmanna í fyrirtækjum og starfsstöðvum í þeim tilgangi að þeir geti metið hvort skilyrði frumvarpsins að þessu leyti séu uppfyllt.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um ábyrgð á stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð. Þá er kveðið á um kjör fulltrúa í sérstakt samningaráð en hlutverk þess er að gera samning við aðalstjórn fyrirtækis. Einnig er í kaflanum að finna ákvæði um lágmarksinntak samnings um stofnun samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

Samstarfsráð tekur til allra fyrirtækja og starfsstöðva og fyrirtækja sem tilheyra fyrirtækjahópi sem starfa á Evrópska efnahagssvæðinu. Því er óheimilt að undanskilja einstök fyrirtæki eða starfsstöðvar þegar samningur um stofnun samstarfsráðs er gerður á grundvelli frumvarps þessa. Sama gildir um samninga sem gerðir eru skv. 15. gr. frumvarpsins. Er þetta í samræmi við 2. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB.

Um 9. gr.

Greinin er að efni til sams konar og ákvæði 1. mgr. 4. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Samkvæmt henni ber aðalstjórn að skapa þannig skilyrði að samningaráðið geti sinnt skyldum sínum á eðlilegan hátt. Ber að skoða þessa grein með hliðsjón af 12. gr. frumvarpsins sem m.a. kveður á um ábyrgð aðalstjórnar á kostnaði er hlýst af störfum samningaráðsins.

Um 10. gr.

Viðræður um stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð geta hafist með tvennum hætti, annaðhvort fyrir frumkvæði aðalstjórnar eða á grundvelli skriflegrar beiðni a.m.k. 100 starfsmanna fyrirtækisins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að starfsmenn geti beint beiðni sinni til stjórnar þess fyrirtækis sem þeir starfa hjá í stað þess að beina henni til aðalstjórnar fyrirtækisins eða fyrirtækja-

hópsins. Ef þessi háttur er hafður á ber stjórn viðkomandi fyrirtækis að framsenda beiðnina án tafar til aðalstjórnar.

Tekið er fram að þeir frestir sem tilgreindir eru í 19. gr. frumvarpsins miðast við þann dag þegar beiðni starfsmanna er afhent stjórn fyrirtækis eða fyrirtækis innan fyrirtækjahóps.

Um 11. gr.

Að uppfylltum ákvæðum 10. gr. frumvarpsins ber aðalstjórn að hafa frumkvæði að stofnun samningaráðs.

Í 2. mgr. er kveðið á um lágmarks- og hámarksfjölda fulltrúa í samningaráðinu.

Samkvæmt d-lið 1. tölul. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB skal við ákvörðun þess hverjir teljast fulltrúar starfsmanna byggja á landslögum og/eða venju í því landi þar sem tilskipunin er lögfest. Sambærilegt orðalag er notað í b-lið 1. tölul. 1. gr. tilskipunar nr. 75/129/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir sem lögtekin var hér á landi með lögum um hópuppsagnir, nr. 95/1992. Sama máli gegnir um c-lið 2. gr. tilskipunar nr. 77/187/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar, sem lögfest var með lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993. Í báðum þessum lögum gegna trúnaðarmenn starfsmanna því hlutverki sem „fulltrúum starfsmanna“ er ætlað samkvæmt tilskipunum þessum. Ekki er ástæða til þess að túlka d-lið 1. tölul. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB með öðrum hætti en hér hefur verið gert og verður þannig haldið samræmi í þýðingu og notkun hugtaka við lögfestingu tilskipana Evrópusambandsins á sviði vinnuréttar hér á landi. Í 3. mgr. er því kveðið á um að fulltrúar í samningaráðið, sem kosnir eru á Íslandi, skulu kosnir úr hópi starfsmanna af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis. Séu trúnaðarmenn af einhverjum ástæðum ekki í fyrirtækinu eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt á kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Þá er kveðið á um að starfsmenn sem stöðu sinnar vegna eigi ekki trúnaðarmann eigi rétt á því að velja sér fulltrúa sem skal taka þátt í kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Í c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB er kveðið á um að við kosningu í samningaráðið skuli tryggja í fyrsta lagi að einn fulltrúi sé fyrir hvert aðildarríki þar sem fyrirtæki á bandalagsvísu starfar með eina eða fleiri starfsstöðvar eða þar sem fyrirtækjahópur sem starfar á bandalagsvísu hefur ráðandi fyrirtæki eða eitt eða fleiri undirfyrirtæki. Í öðru lagi að viðbótarfulltrúar séu í réttu hlutfalli við fjölda starfsmanna í starfsstöðvum, ráðandi fyrirtæki eða undirfyrirtækjum eins og mælt er fyrir um í löggjöf aðildarríkisins þar sem aðalstjórnin hefur aðsetur.

Er framangreindum viðmiðunum fylgt í 5. mgr. greinarinnar, en þar er kveðið á um reglur sem beita skal við útreikning á fjölda fulltrúa í samningaráðið frá hverju ríki.

Hafi fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn færri en 2.000 starfsmenn, og hafi aðeins starfsstöðvar eða fyrirtæki í tveimur ríkjum, er skilyrðum 1. og 2. tölul. 5. mgr. fylgt. Hafi fyrirtækið fleiri starfsmenn er skilyrðum a–c-liðar 3. tölul. fullnægt hverju af öðru, en tillit tekið til þess að hámarksfjöldi fulltrúa skal vera átján.

Það er hlutverk aðalstjórnar að reikna út hve margir fulltrúar skuli sitja í samningaráðinu og ber henni síðan að tilkynna fyrirtækjum eða starfsstöðvum þess hve marga fulltrúa skuli kjósa í hverju ríki um sig. Aðalstjórn ræður hins vegar ekki hvernig sjálft val fulltrúanna fer fram í hverju einstöku ríki. Skal valið fara fram eftir þeim reglum og/eða venjum sem gilda í því ríki eða ríkjum þar sem fulltrúarnir eru valdir. Framangreindar reglur gilda því um fjölda fulltrúa sem kosnir eru hér landi.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar samsvarar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 14. og 15. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. eru engin takmörk sett fyrir því hve marga sérfræðinga samningaráðinu er heimilt að kalla sér til liðsinnis. Kostnaður aðalstjórnar miðast þó aðeins við störf eins sérfræðings.

Í greininni er ekki sett fram skilgreining á hugtakinu „sérfræðingur“ eða hvort hann skuli vera einn af starfsmönnum fyrirtækis eða einhver utan þess. Með sérfræðingi er almennt átt við mann sem hefur mikla reynslu í samningagerð eða er sérfróður um efnahagsmál. Hér getur verið um að ræða aðila frá stéttarfélagi, frá landssamtökum launamanna eða sameiginlegum samtökum launamanna á Evrópska efnahagssvæðinu, lögmann eða endurskoðanda. Sérfræðingur er ekki fulltrúi í samningaráðinu en hefur stöðu sinnar vegna heimild til að sitja á fundum ráðsins til að veita faglega ráðgjöf.

Samkvæmt 3. mgr. skal aðalstjórn bera kostnað í tengslum við samningaviðræður. Útgjöld í sambandi við samningaviðræður eru m.a. ferða-, matar- og gistikostnaður, túlkunarkostnaður, kostnaður við þýðingar skjala og hugsanlega vegna leigu á húsnæði. Ábyrgð aðalstjórnar á kostnaði miðast við að samningaráðið geti sinnt störfum sínum með eðlilegum hætti.

Um 13. gr.

Þegar samningaráðið hefur verið skipað ber aðalstjórn að boða ráðið til fundar og skal stjórnum fyrirtækja á hverjum stað tilkynnt um fundarboðið.

Um 14. gr.

Í greininni eru talin upp þau meginatriði sem kveðið skal á um í samningi um samstarfsráð. Að öðru leyti hafa aðilar frelsi til að ákveða nánar innihald samningsins. Að uppfylltum ákvæðum þessarar greinar þurfa aðilar ekki að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til samstarfsráðs sem stofnað er skv. IV. kafla frumvarpsins. Þannig er aðilum t.d. ekki skylt að semja um árlegan fund eða fara fram á gerð sérstakrar skýrslu af hálfu stjórnar, sbr. 23. gr. o.s.frv. Ef aðilar óska eftir að halda fundi á öðrum tímum eða leggja eitthvað annað til grundvallar á fundum en skýrslu aðalstjórnar eins og gert er ráð fyrir skv. IV. kafla frumvarpsins er þeim frjálst að semja um það.

Um 15. gr.

Í stað þess að gera með sér samning um stofnun samstarfsráðs, sbr. 14. gr., er aðalstjórn og samningaráði heimilt að gera með sér samning um setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð. Slíkt fyrirkomulag kann að vera ákjósanlegra en samstarfsráð þegar fyrir hendi eru innan fyrirtækisins eða fyrirtækjahóps upplýsinga- og samskiptaleiðir sem auðvelt er að byggja á. Komi aðilar sér saman um að hafa þennan háttinn á í stað þess að stofna samstarfsráð verður að gera skriflegan samning er greini frá því hver tilgangurinn með reglunum skal vera, um hvaða málefni upplýsingamiðlun og samráð samkvæmt slíkum reglum skuli snúast, hvernig slíkt skuli fjármagnað og um gildistíma.

Um 16. gr.

Í ljós kann að koma að hið sérstaka samningaráð taki ekki undir beiðni, sbr. 10. gr., um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. frumvarpsins. Hefur samningaráðið heimild samkvæmt

þessari grein til að hefja ekki viðræður við aðalstjórn um gerð samnings. Þá getur samningaráðið slitið viðræðum sem þegar eru hafnar. Skilyrði er að tillaga um slíkt sé samþykkt með minnst tveimur þriðju hlutum atkvæða fulltrúa í samningaráðinu. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði við slíka atkvæðagreiðslu.

Hafi samningaráðið ályktað skv. 1. mgr. er ekki hægt að kalla það saman fyrr en eftir tvö ár. Skiptir þá ekki máli þó að ný beiðni komi fram frá a.m.k. 100 starfsmönnum um að stofnað verði samstarfsráð. Aðilum er þó heimilt að víkja frá þessu ef samningaráðið og aðalstjórn eru sammála um það.

Um 17. gr.

Þessi grein er í samræmi við 5. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Þó er kveðið á um í 2. málsl. greinarinnar að þegar atkvæði falla jöfn skuli fulltrúar frá ríki þar sem starfsmenn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps eru flestir hafa eitt viðbótaratkvæði.

Um 18. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps skuli tilkynna ráðherra, þ.e. félagsmálaráðherra, um þá samninga sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir því að aðalstjórn beri að afhenda afrit af samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt frumvarpi þessu. Aðalstjórn getur þó látið nægja að upplýsa einungis um að samningur hafi verið gerður. Þetta á við ef í samningi eru atriði sem varða sérstaka viðskiptahagsmuni fyrirtækis og afhending samnings getur skaðað það. Þessi undantekning getur þó aðeins átt við um stundarsakir sem þýðir að þegar þær kringumstæður eru ekki lengur fyrir hendi sem gera efni samningsins að viðskiptaleyndarmáli ber aðalstjórn að afhenda ráðherra afrit af honum.

Með ákvæði þessu er hvorki gert ráð fyrir að ráðherra hafi eftirlit með því að löglega sé staðið að gerð samninga né að hann hafi vald til að skipta sér af framkvæmd þeirra. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að samningum sem gerðir eru á grundvelli frumvarpsins sé safnað saman á einn stað þannig að upplýsingar liggi fyrir um fjölda þeirra hér á landi. Er bent á almennt gildi slíkrar samantektar í þágu rannsókna á íslenskum vinnumarkaði.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru víkjandi fyrir ákvæðum III. kafla frumvarpsins og ber að beita þeim ef aðilar koma sér ekki saman um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr., innan þriggja ára frá þeim tíma þegar beiðni barst skv. 10. gr. frumvarpsins, ef aðalstjórn hefur sýnt af sér tómlæti við að hefja gerð samnings eða aðilar hafa ákveðið sjálfir að þeir vilji beita ákvæðum þessa kafla. Hér er gerð krafa um að samstarfsráð sé stofnað samkvæmt ákveðinni forskrift, gagnstætt ákvæðum í III. kafla þar sem fjallað er um möguleika aðila til að gera sína eigin samninga innan þeirra marka sem kveðið er á um í 14. og 15. gr.

Í ákvæðum þessa kafla er lýst hverjir skuli sitja í samstarfsráði, svo og hvaða skyldur og réttindi aðalstjórn og samstarfsráðið hefur.

Eru ákvæði kaflans í samræmi við 7. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB, sbr. og ákvæði í viðauka hennar.

Um 19. gr.

Í ákvæði þessu er talin upp þau atvik sem leitt geta til þess að samstarfsráð sé stofnað á grundvelli IV. kafla frumvarpsins. Ákvæði 1.–3. tölul. fela í sér að láti aðalstjórn hjá líða að hefja samningaviðræður eða ef aðilar eru ekki sammála um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. ber þeim skylda til að stofna samstarfsráð á grundvelli IV. kafla frumvarpsins. Skv. 13. gr. frumvarpsins teljast samningaviðræður hafnar þegar boðaður hefur verið fundur og hann er haldinn innan eðlilegs tíma eftir að fundarboðið var sent út.

Aðilar eru þannig beittir ákveðnum þrýstingi til að koma sér saman um samning skv. 14. eða 15. gr., en kunna ella að þurfa að gera samning sín á milli á grundvelli ákvæða þessa kafla.

Um 20. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að valdsvið samstarfsráðs takmarkist við málefni fyrirtækis sem hafa þýðingu yfir landamæri einstakra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingar og viðræður aðila verða því að lúta að málum sem snerta allt fyrirtækið eða allan fyrirtækjahópinn eða hluta hans, svo fremi fyrirtækin séu í mismunandi ríkjum. Ef um er að ræða fyrirtæki eða fyrirtækjahópa og aðalstjórn er ekki á Evrópska efnahagsvæðinu takmarkast valdsvið samstarfsráðsins við upplýsingar og viðræður um mál sem snerta fyrirtæki og starfsstöðvar í EES-ríkjum.

Um 21. gr.

Í þessari grein er kveðið á um lágmarks- og hámarksfjölda fulltrúa í samstarfsráðinu og hvernig þeir eru kosnir.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. skulu fulltrúar í samstarfsráðið kosnir með sama hætti og þegar íslenskir fulltrúar eru kosnir í samningaráðið. Er vísað til athugasemda við 11. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er kveðið á um eftir hvaða reglum fulltrúar í samstarfsráðið skulu valdir. Er hér um svipaðar reglur að ræða og þegar reikna þarf fjölda fulltrúa í samningaráðið, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Hafi fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn færri en 2.000 starfsmenn skulu fulltrúar valdir á grundvelli 1.–2. tölul. 4. mgr. Hafi fyrirtækið fleiri starfsmenn skal fullnægja skilyrðunum í a–c-liðum 3. tölul., hverju á fætur öðru, og tekið tillit til þess að hámarksfjöldi fulltrúa skal vera 30. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 11. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 7. mgr. er heimilt að stofna framkvæmdanefnd þegar samstarfsráðið er skipað fleiri en tíu fulltrúum. Þegar þannig háttar til koma fulltrúarnir frá fleiri en tíu ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Í slíkum tilvikum kann að vera erfitt að kalla saman samstarfsráðið með litlum fyrirvara. Þá kann slík framkvæmdanefnd að vera betur í stakk búin til að gæta hagsmuna starfsmanna ef um er að ræða upplýsingar og viðræður um ákvarðanir sem mikið liggur á að séu teknar.

Um 22. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal aðalstjórn annað hvert ár eftir stofnun samstarfsráðs reikna út fjölda fulltrúa fyrir hvert EES-ríki og upplýsa ráðið um niðurstöðu sína. Ef niðurstaðan kallar á breytingu á fjölda fulltrúa sem skipaðir hafa verið skv. 4. og 5. mgr. 21. gr. skal fulltrúum í ráðinu fækkað eða fjölgað eftir því sem við á.

Þá er kveðið á um í 2. mgr. að þegar samstarfsráð hefur starfað í fjögur ár beri því að kanna hvort það eigi að halda áfram að starfa samkvæmt gildandi samningi eða hvort grund-

völlur sé fyrir því að gera samning um samstarfsráð eða setja reglur um upplýsingamiðlun og samráð samkvæmt ákvæðum III. kafla frumvarpsins.

Ef starfandi samstarfsráð ákveður að óska eftir viðræðum um gerð samnings um stofnun samstarfsráðs eða gerð samkomulags um upplýsingamiðlun og samráð samkvæmt ákvæðum III. kafla frumvarpsins og aðalstjórn felst á þá málaleitan þarf ekki kalla til samningaráð í þessu skyni, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Starfandi samstarfsráð semur við aðalstjórn um gerð samnings.

Um 23. gr.

Samkvæmt þessari grein skal aðalstjórn halda a.m.k. einn fund á ári með samstarfsráðinu. Upplýsingar og viðræður á fundinum skulu snerta þróun og starfsemi fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins.

Fyrir fundinn ber aðalstjórn að útbúa skýrslu sem senda skal fulltrúum í ráðinu. Skýrslan skal liggja til grundvallar fundinum og er því mikilvægt að fulltrúum gefist tækifæri til að búa sig undir hann. Forsenda þessa er að aðalstjórn sjái um að skýrslan sé send út í tæka tíð fyrir fundinn og að hún liggi fyrir á tungumálum þeirra EES-ríkja sem eiga fulltrúa í ráðinu.

Á fundi þessum skal einkum fjallað um uppbyggingu fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, efnahags- og fjárhagslega stöðu, líklega þróun hvað varðar rekstur, framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar á skipulagi fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, tilkomu nýrra starfsaðferða eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna fyrirtækja, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

Um 24. gr.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir því að ef sérstakar aðstæður koma upp sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna beri aðalstjórn að tilkynna framkvæmdanefndinni eða samstarfsráðinu um það. Á grundvelli þessara upplýsinga metur framkvæmdanefndin eða samstarfsráðið hvort nauðsynlegt sé að kalla saman sérstakan aukafund. Aðalstjórn ber því aðeins að boða til fundar að þær aðstæður séu fyrir hendi og framkvæmdanefndin eða samstarfsnefndin óski eftir því.

Einstök atvik í rekstri fyrirtækis eða viðskiptaumhverfi þess sem hafa áhrif á hagsmuni starfsmanna, en telja má eðlileg og lið í starfsemi og rekstri hlutaðeigandi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps, er ekki unnt að telja óvenjulega viðburði í skilningi frumvarpsins sem geti verið forsenda slíkra sérstakra upplýsinga frá aðalstjórn.

Fundur samkvæmt þessari grein skal ekki haldinn með aðalstjórn ef önnur stjórn þekkir betur forsendur hinna sérstöku aðstæðna og ber auk þess fjárhagslega ábyrgð á þeirri ákvörðun sem tekin verður.

Ef því verður við komið skal halda fundinn áður en þeir viðburðir sem um er að ræða gefa tilefni til ákvarðana, gagnstætt almennum fundum sem fremur einkennast af því að snúast um árlegt uppgjör fyrirtækjahópsins.

Um 25. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu hefur samstarfsráðið eða framkvæmdanefndin, í tengslum við fundinn með aðalstjórn, rétt til að halda undirbúningsfund sem aðalstjórn tekur ekki þátt í. Þetta ákvæði er mikilvægt til að tryggja að samstarfsráð geti starfað með eðlilegum hætti.

Fulltrúar í ráðinu koma frá ýmsum löndum og úr ýmsum fyrirtækjum innan fyrirtækjahópsins og hafa endranær ekki mikla möguleika á að ræða þau mál sem koma fram í fyrirliggjandi skýrslu, sbr. 23. gr., áður en ráðið situr fund með aðalstjórn.

Um 26. gr.

Ákvæðið fjallar um upplýsingaskyldu fulltrúa samstarfsráðsins gagnvart þeim starfsmönnum sem þeir eru fulltrúar fyrir. Fulltrúum í samstarfsráðinu ber að skýra fulltrúum starfsmanna frá efni og niðurstöðu fundarins með aðalstjórn, sbr. 23. og 24. gr. Þær upplýsingar sem sendar eru út samkvæmt þessu ákvæði skal ekki bera undir aðalstjórn, svo fremi þær falli ekki undir ákvæði 29. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu. Yfirleitt skal gefa skriflegar upplýsingar en aðstæður kunna að vera með þeim hætti að starfsmenn skuli hafa möguleika á að fá munnlegar upplýsingar.

Um 27. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu hefur samstarfsráðið eða framkvæmdanefndin möguleika á að njóta aðstoðar sérfræðinga ef nauðsyn krefur.

Um 28. gr.

Aðalstjórn greiðir kostnað af rekstri samstarfsráðsins en ákvæðið útilokar ekki að skipta megi ábyrgð vegna útgjalda, þannig að t.d. einstök fyrirtæki eða starfsstöðvar greiði kostnað í tengslum við þátttöku einstakra fulltrúa. Samkvæmt frumvarpinu ber aðalstjórn þó endanlega ábyrgð. Í rekstrarkostnaði eru m.a. fólgin útgjöld vegna prentunar skýrslu, þýðingar, póstkostnaður, kostnaður við fundarhaldið sjálft, þ.e. túlkun, húsaleigu o.s.frv. Auk þess greiðir aðalstjórn kostnað fulltrúanna sem ekki verður hjá komist svo að þeir geti leyst skyldustörf sín af hendi, svo sem ferða-, matar- og gistikostnað og túlkun. Enn fremur ber aðalstjórn að sjá um að fulltrúarnir haldi fullum launum.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um þagnarskyldu sem aðalstjórn er heimilt að leggja á fulltrúa starfsmanna í samstarfsráði ef hagsmunir fyrirtækis eru í húfi, um undanþágu frá upplýsingaskyldu aðalstjórnar í einstökum tilvikum og um réttarstöðu þeirra starfsmanna sem taka að sér að vera fulltrúar starfsmanna samkvæmt frumvarpi þessu. Þá er kveðið á um heimild aðila til að bera ágreining undir héraðsdóm og um heimild ráðherra til setja í reglugerð nánari fyrirmæli um kosningu íslenskra fulltrúa í samningaráðið eða samstarfsráðið.

Eins og heiti kaflans ber með sér er ákvæðum þessum ætlað að taka til samskipta aðila án tillits til þess hvort þau fara fram á grundvelli III. eða IV. kafla frumvarpsins.

Um 29. gr.

Í störfum sínum sem fulltrúar í samstarfsráðinu og samningaráðinu kunna starfsmenn að verða einhvers áskynja um atriði sem hafa mikla þýðingu fyrir hagsmuni fyrirtækisins. Er ráð fyrir því gert í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB að aðildarríkjum sé heimilt að kveða á um þagnarskyldu fulltrúa og að hve miklu leyti stjórnin geti haldið tilteknum upplýsingum leyndum.

Er í grein þessari kveðið á um rétt aðalstjórnar til að leggja þagnarskyldu á fulltrúa í samningaráðinu og samstarfsráðinu. Stjórn fyrirtækisins metur hvort upplýsingar séu þess

eðlis að fulltrúum í samningaráðinu og samstarfsráðinu sé ekki heimilt að ljóstra þeim upp. Lagt er til að þagnarskyldan gildi áfram þótt umboð hlutaðeigandi fulltrúa sé útrunnið og er það í samræmi við 1. mgr. 8. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB.

Ákvörðun stjórnar má skjóta til almennra dómstóla, sbr. 32. gr.

Ákvæðið hefur ekki að geyma nánari reglur um hvaða upplýsingar kunni að vera þess eðlis að aðalstjórn sé heimilt að leggja þagnarskyldu á af þeim sökum. Hér mun þó einkum vera um að ræða upplýsingar um viðskipta- og rekstrarleyndarmál, en aðrar tegundir upplýsinga kunna einnig að vera þess eðlis að nauðsynlegt sé að halda þeim leyndum með tilliti til hagsmuna fyrirtækisins.

Þagnarskylda verður aðeins ákveðin í einstökum tilvikum. Þessi grein frumvarpsins heimilar því ekki að fulltrúar í samstarfsráðinu og samningaráðinu undirgangist almenna þagnarskyldu er varðar þær upplýsingar sem þeir fá í störfum sínum.

Um 30. gr.

Hér er fjallað um heimild aðalstjórnar til að veita samningaráðinu, samstarfsráðinu og framkvæmdanefndinni ekki upplýsingar. Skilyrði er að viðkomandi upplýsingar mundu samkvæmt hlutlægu mati hafa skaðleg áhrif á starfsemi viðkomandi fyrirtækja eða vera þeim skaðlegar. Bera má lögmæti slíkrar neitunar undir dómstóla, sbr. 32. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um réttarstöðu þeirra starfsmanna sem bjóða sig fram til starfa sem fulltrúar starfsmanna gagnvart aðalstjórn. Er lagt til að fulltrúar starfsmanna skuli hvorki sæta skerðingu á kjörum sínum né uppsögn vegna starfa sinna. Til frekari áréttingar á réttarstöðu fulltrúa starfsmanna er vísað til ákvæða um trúnaðarmenn í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum.

Í 11. gr. þeirra laga er kveðið á um að atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra sé óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Þá segir í ákvæði þessu að þurfi atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum skuli trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

Þá er kveðið á um að fulltrúum starfsmanna skuli með samningi við vinnuveitanda tryggður réttur til að taka sér frí frá störfum til að gegna þeim skyldum sem gerð og framkvæmd samninga samkvæmt frumvarpi þessu fela í sér. Sá mælikvarði er settur á þennan rétt að viðkomandi starfsmaður geti með eðlilegum hætti sinnt skyldum sínum. Þetta ákvæði verður einnig að skoða í ljósi 9. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB, en þar segir að aðalstjórn og samstarfsráð skuli starfa í anda samvinnu með tilhlýðilegu tilliti til gagnkvæmra réttinda og skuldbindinga.

Um 32. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að komi til ágreinings um gerð eða framkvæmd samnings samkvæmt frumvarpi þessu hafi aðilar heimild til að fá úr honum skorið fyrir héraðsdómi.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um viðurlög við brotum aðila á einstökum greinum frumvarpsins.

Um 34. gr.

Lagt er til að fulltrúar í samningaráðinu, samstarfsráðinu, framkvæmdanefndinni og sérfræðingar, sem eru þeim til fulltingis, verði látnir sæta sektum fyrir að ljóstra upp, þrátt fyrir þagnarskyldu skv. 29. gr., upplýsingum sem þeim hafa verið veittar.

Lagt er til að ákvæðið gildi ekki ef þyngri refsing liggur við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

Um 35. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu liggja fésektir við brotum á þeim ákvæðum sem tilgreind eru í greininni.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um gildistöku frumvarpsins og um þýðingu samninga sem gerðir voru milli fyrirtækja og starfsmanna um miðlun upplýsinga áður en tilskipun nr. 94/45/EB tók gildi 22. september 1996.

Um 36. gr.

Samkvæmt þessari grein er tekið tillit til samninga um upplýsingagjöf og viðræður sem gerðir hafa verið á grundvelli 13. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB.

Sú krafa er gerð til slíks samnings að hann nái til allra starfsmanna fyrirtækis eða fyrirtækjahóps og enn fremur skal hann hafa verið gerður og hafa öðlast gildi eigi síðar en 22. september 1996, sbr. 14. gr. tilskipunarinnar. Loks skal samningurinn fjalla um upplýsingar og viðræður um mál sem hafa þýðingu fyrir fyrirtækið eða fyrirtækjahópinn án tillits til landamæra, þ.e. málið skal snerta eina eða fleiri starfsstöðvar í tveimur eða fleiri ríkjum en innan sama fyrirtækis eða fyrirtækjahóps.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn í fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frumvarpið er lagt fram með vísan til tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum sem starfa innan EES, um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn.

Skuldbindingar frumvarpsins eiga fyrst og fremst við fyrirtæki og fyrirtækjahópa sem hafa a.m.k. 1.000 starfsmenn í þjónustu sinni á Evrópska efnahagssvæðinu og þar af a.m.k. 150 starfsmenn í minnst tveimur aðildarríkjum, hvoru fyrir sig. Markmið frumvarpsins er m.a. að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs þegar ákvarðanir sem hafa áhrif á þá eru teknar í öðru ríki en starfsríkinu.

Vegna smæðar fyrirtækja í íslensku efnahagslífi munu ákvæði frumvarpsins ekki koma til framkvæmda hér á landi nema að mjög takmörkuðu leyti. Ekki verður séð að frumvarpið, verði það að lögum, muni leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

201. Frumvarp til laga [185. mál]

um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Í stað orðanna „15 ára“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: 17 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. janúar 1998 tóku gildi ný lögræðislög, nr. 71/1997, þar sem sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Í framhaldi af samþykkt þeirra laga skipaði dómsmálaráðherra nefnd 20. júní 1997 til þess að kanna og gera tillögur um hvaða lögum þyrfti að breyta vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Síðar rýmkaði ráðherra umboð nefndarinnar þannig að hún skyldi skila skýrslu með ábendingum um hvaða lögum talið væri æskilegt að yrði breytt fyrir gildistöku nýju lögræðislaganna. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar sex ráðuneyta. Nefndina skipuðu Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, formaður, Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri á Hagstofu Íslands, Snorri Olsen, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, Sólveig Guðmundsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, og Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti. Nefndin skilaði skýrslu sinni og tillögum til dómsmálaráðherra í nóvember 1997.

Fyrrgreind breyting á sjálfræðisaldri kallar á þær breytingar á ákvæðum gildandi laga um lögheimili sem frumvarpið hefur að geyma.

Í lögheimilislögum er byggt á inntaki forsjár eins og hún er skilgreind í barnalögum. Samkvæmt lögheimilislögum á barn 15 ára og yngra að jafnaði sama lögheimili og foreldrar þess, búi það hjá þeim. Búi barnið hjá öðrum verður það ekki skráð með fasta búsetu þar nema með samþykki foreldra eða samkvæmt lögmæltri skipan. Með nýjum lögræðislögum hækkaði forsjáraldur barnalaga í 18 ár. Ef lögheimilislögunum verður ekki breytt vegna þessa verður það í fyrsta skipti sem ósamræmi er þar á milli.

Frá stofnun Þjóðskrár hafa börn, 15 ára eða yngri, verið tengd foreldrum, eða öðrum sjálfráða einstaklingi 16 ára eða eldri, með svokölluðu fjölskyldunúmeri. Þessi fjölskyldugerð Þjóðskrár hefur áratugum saman verið lögð til grundvallar í löggjöf hér á landi. Þannig eru margs konar réttindi og bætur barna í skatta- og almannatryggingalöggjöfinni ætluð þeim sem börnin eru skráð hjá og tengd til 16 ára aldurs. Verði lögheimilislögunum breytt eins og frumvarpið gerir ráð fyrir getur það haft áhrif á önnur lög sem byggjast á lögheimilisskráningu barna. Í barnalögum er m.a. kveðið á um að forsjá barns feli í sér rétt og skyldu þess sem með forsjána fer til að ráða persónulegum högum þess.

Frá 1. janúar 1998 hefur aldursmarkið varðandi forsjá verið 18 ár. Telja verður að búseta barns falli undir persónulega hagi þess. Í því sambandi má benda á ákvæði barnalaga um þá skyldu foreldra, sem semja um sameiginlega forsjá, að greina í samningi hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu. Í athugasemdum með frumvarpi til lögræðislaga sem samþykkt var sem lög frá Alþingi vorið 1997 og kváðu m.a. á um hækkun sjálfræðisaldurs var sérstaklega um það fjallað að gera þyrfti barnaverndarnefndum kleift að hafa afskipti af málefnum unglinga án þeirra samþykkis til 18 ára aldurs. Þetta gæti reynst erfitt í framkvæmd ef lögheimilislögum verður ekki breytt eins og lagt er til í þessu frumvarpi, því barn gæti þá hvenær sem er eftir 16 ára aldur skráð sig úr umdæmi viðkomandi barnaverndarnefndar án samþykkis foreldra eða forsjáraðila.

Að óbreyttum lögheimilislögum gæti margt orðið erfitt í framkvæmd fyrir þá sem nota Þjóðskrá þar sem um tveggja ára skeið væri ekki ljóst hvernig ætti að greina á milli lögráða og ólögráða einstaklinga á aldrinum 16 og 17 ára. Þetta kemur til af því að í ákvæði til bráðabirgða í nýju lögræðislögunum er sú lagaskilaregla að þeir sem öðlast sjálfræði fyrir 1. janúar 1998 halda því. Þessir einstaklingar voru aðskildir í Þjóðskrá frá foreldrum sínum 1. janúar 1998 eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Þar sem lögheimilislögum hefur ekki verið breytt hefur hið sama gerst hjá þeim sem orðið hafa 16 ára eftir þann tíma. Í Þjóðskrá eru því nú tveir hópar á svipuðum aldri með ólík réttindi. Þessir unglingar hafa allir sjálfstætt fjölskyldunúmer og því er erfitt fyrir notendur skrárinnar að átta sig á fjölskyldugerðinni og ákvarða hugsanleg réttindi foreldra þess hóps sem ekki er lögráða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.

Í lögheimilislögum er byggt á inntaki forsjár og samkvæmt þeim á barn 15 ára eða yngra sama lögheimili og foreldrar þess, búi það hjá þeim. Með lögræðislögum, nr. 71/1997, var sjálfræðisaldur hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Foreldrar og forsjármenn barna og ungmenna hafa því forsjá með þeim að 18 ára aldri. Samkvæmt núgildandi lögum um lögheimili getur ósjálfráða einstaklingur, 16 ára eða eldri, skráð sig á annað lögheimili en lögheimili foreldra eða forsjármanna og úr umdæmi viðkomandi barnaverndarnefndar ef til hennar afskipta hefur komið. Með hækkun aldursmarka er frumvarpinu ætlað að koma í veg fyrir að ósjálfráða börn geti án samþykkis foreldra eða forsjármanna skráð sig á annað lögheimili. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tilkynningu að-

setursskipta, nr. 73/1952. Börn 15 ára og yngri hafa verið tengd foreldrum eða forsjármönnum með svokölluðu fjölskyldunúmeri í Þjóðskránni og þeim fengin margs konar réttindi og bætur í skatta- og almannatryggingalöggjöfinni. Verði frumvörpin að lögum þarf Þjóðskrá Hagstofu Íslands að breyta skilgreiningu fjölskyldunúmers við vinnslu gagna úr skránni og kostnaður við breytingu forrita í tölvukerfum og prentun nýrra eyðublaða yrði um 0,5 m.kr. Auk Þjóðskrár þurfa ýmsar stofnanir að breyta forritum í tölvukerfum sínum.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi að öðru leyti kostnað í för með sér verði það óbreytt að lögum.

202. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingu á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. janúar 1998 tóku gildi ný lögræðislög, nr. 71/1997, þar sem sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Í framhaldi af samþykkt þeirra laga skipaði dómsmálaráðherra nefnd 20. júní 1997 til þess að kanna og gera tillögur um hvaða lögum þyrfti að breyta vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Síðar rýmkaði ráðherra umboð nefndarinnar þannig að hún skyldi skila skýrslu með ábendingum um hvaða lögum talið væri æskilegt að yrði breytt fyrir gildistöku nýju lögræðislaganna. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar sex ráðuneyta. Nefndina skipuðu Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, formaður, Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri á Hagstofu Íslands, Snorri Olsen, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, Sólveig Guðmundsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, og Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti. Nefndin skilaði skýrslu sinni og tillögum til dómsmálaráðherra í nóvember 1997.

Fyrrgreind breyting á sjálfræðisaldri kallar á þær breytingar á ákvæðum gildandi laga um tilkynningar aðsetursskipta sem frumvarpið hefur að geyma.

Í 10. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, segir að ákvæði laga um tilkynningar aðsetursskipta skuli gilda um breytingu á lögheimili eftir því sem við á.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili þar sem gert er ráð fyrir að barn sé skráð hjá þeim sem með forsjá þess fer til 18 ára aldurs í stað 16 ára aldurs eins og núgildandi lögheimilislög kveða á um. Um rökstuðning fyrir breytingu þeirri sem fram kemur í þessu frumvarpi vísast til fyrrgreinds frumvarps til laga um breytingu á lögum um lögheimili.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að forráðamenn fullnægi tilkynningarskyldu aðsetursskipta fyrir skjólstæðinga sína innan 18 ára aldurs í stað 16 ára. Samhliða er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, en þar er gert ráð fyrir að börn 17 ára og yngri eigi sama lögheimili og foreldrar eða forsjármaður. Verði frumvarpið að lögum þarf Þjóðskrá Hagstofu Íslands að breyta forritum í tölvukerfum og prenta og dreifa nýjum eyðublöðum. Kostnaður Hagstofu Íslands vegna þessara tveggja frumvarpa verður ekki aðskilinn og er áætlaður samtals um 0,5 m.kr.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi að öðru leyti kostnað í för með sér verði það óbreytt að lögum.

203. Fyrirspurn [187. mál]

til félagsmálaráðherra um niðurstöður nefndar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hverjar voru helstu niðurstöður nefndar sem skipuð var í október 1996 og tók saman upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum? Hyggst ráðherra gera niðurstöður hennar opinberar og ef svo er, hvenær? Kalla niðurstöður nefndarinnar á aðgerðir af hálfu yfirvalda?

204. Fyrirspurn [188. mál]

til félagsmálaráðherra um skýrslu starfshóps um nýtt greiðslumat.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hefur verið unnið að gerð „neysluviðmiðunar“ um framfærslukostnað heimilanna sem verði grundvöllur í húsnæðiskerfinu fyrir greiðslumat og fjárhagsráðgjöf fyrir heimilin eins og starfshópur um nýtt greiðslumat lagði til í febrúar sl. og hefur þar verið tekið mið af neysluviðmiðun Ráðgjafarstofu heimilanna?
2. Ef ekki verður stuðst við neysluviðmiðun, hvaða forsendur og mat verður lagt til grundvallar við að meta greiðslugetu íbúðakaupenda hjá nýja Íbúðalánasjóðnum?

205. Fyrirspurn [189. mál]

til viðskiptaráðherra um samkeppnishindranir.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða mál er varða samkeppnishindranir hafa verið til umfjöllunar og meðferðar hjá Samkeppnisstofnun, sbr. skýrslu viðskiptaráðherra til Alþingis samkvæmt beiðni um viðskipta- og samkeppnishætti í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum frá 20. desember 1997?
2. Hversu umfangsmikil eru þessi mál og á hvaða mörkuðum eru þau?
3. Liggja fyrir niðurstöður í einhverjum eða öllum áðurgreindum málum og þá hverjum?
4. Mun ráðherra í ljósi niðurstöðu þessara mála hjá Samkeppnisstofnun gefa Alþingi fyllri svör en fram komu í skýrslu hans á 122. löggjafarþingi, en þar kom fram að sumum spurningum skýrslubeiðenda yrði svarað þegar niðurstaða samkeppnisyfirvalda lægi fyrir, sem átti að vera á þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

206. Fyrirspurn [190. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur til starfsmanna í B-hluta stofnunum ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er skýring þess að yfir 80% þóknana og greiðslna fyrir nefndarstörf til starfsmanna í B-hluta stofnunum ríkisins komu í hlut karla, en innan við 20% í hlut kvenna, á árunum 1995 og 1996?
2. Hver er skýring þess að 89% akstursgreiðslna í sömu stofnunum, m.a. vegna lokaðra aksturssamninga, komu í hlut karla en 11% í hlut kvenna á árunum 1995 og 1996 ?
3. Telur ráðherra framangreind greiðsluhlutföll eðlileg og mun hann beita sér fyrir að jöfnuður verði í þessum greiðslum milli kynja?

207. Fyrirspurn [191. mál]

til fjármálaráðherra um SR-mjöl.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver voru bein fjárframlög ríkisins til SR-mjöls á hverju ári fyrir sig síðustu tíu ár á föstu verðlagi ársins 1998?

2. Voru þessi fjárframlög endurgreidd og ef svo er, hvernig?
3. Hvert var söluverð hlutabréfa þegar ríkið seldi fyrirtækið?
4. Hvert er núvirði hlutabréfa SR-mjöls hf.?
5. Greiddu kaupendur bréfanna skatt af mismun kaupverðs og söluverðs bréfanna?

Skriflegt svar óskast.

208. Fyrirspurn [192. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að húsaleigubætur námsmanna verði ekki reiknaðar með í tekjustofni til skerðingar í útreikningi námslána þannig að jafnræði ríki milli námsmanna sem búa í eigin húsnæði og þeirra sem eru á leigumarkaði?

209. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um reglur um jafnræði milli kynja við fjárveitingar til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfs.

Flm.: Bryndís Guðmundsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að setja reglur er kveði á um að við veitingu fjármuna opinberra aðila til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfs skuli gætt jafnræðis milli kynja.

Greinargerð.

Fyrirspurn um fjárframlög til íþróttastarfs var lögð fram á 122. löggjafarþingi Íslendinga. Var þar meðal annars spurt hvort sett hafi verið skilyrði af hálfu ríkisins um jafnræði milli kynja við nýtingu fjárframlaga til íþróttamála. Í svari ráðherra kom fram að á fjárlögum hefðu ekki verið sundurgreind framlög til karla annars vegar og kvenna hins vegar og segir það sína sögu. Einnig kom fram að menntamálaráðuneytið hefði skipað nefnd til að fjalla um stefnumótun um íþróttir stúlkna og kvenna í samræmi við ályktun sem samþykkt var á Alþingi í júní 1996. Nefndin skilaði álitsgerð til menntamálaráðuneytis í október 1997 og er þar að finna margar góðar tillögur sem vænlegar eru til að rétta hlut kvenna á þessu sviði.

Helstu tillögur nefndarinnar voru eftirfarandi:

„a. Allur stuðningur, fjármagn og aðstaða, sem ríki og sveitarfélög veita til íþrótta, skiptist hlutfallslega jafnt á milli karla og kvenna.

b. Þeir sem fá slíkan stuðning, fjármagn og aðstöðu sýni fram á að skiptingin sé sem jöfnust.
c. Eftirlit verði með skiptingu fjármagnsins, t.d. mætti festa ákvæði þess efnis í íþróttalögum eða í lögum ÍSÍ."

Því miður varð þessi tillaga útundan við endurskoðun íþróttalaga á síðasta þingi.

Margt bendir til verulegrar mismununar milli kynja í tómstunda- og íþróttastarfsemi hér á landi og þarf ekki annað en að líta til umfjöllunar fjölmiðla í þeim efnum. Sú skýring er oftast nefnd að karlar séu virkari en konur og áhugi almennings sé meiri á íþróttum karla en kvenna. Slík skýring tekur engan veginn til róta vandans sem margir telja að mótist af gamalgrónum viðhorfum. Þau viðhorf koma fram í mun minni hvatningu og stuðningi við kvenkyns iðkendur íþrótta. Hér er þörf á skilningi á aðstæðum og vilja til breytinga í átt til jafnræðis.

Víða erlendis hefur verið unnið markvisst að breyttri stefnu með auknum stuðningi við konur í íþróttum. Það hefur tvímælalaust skilað miklum árangri, svo sem meðal annars kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögu um eflingu íþróttaiðkunar kvenna á 115. löggjafarþingi. Þar er vitnað til Norðmanna sem gerðu átak í kvennaíþróttum á árunum 1984–86 og vörðu jafnmiklum fjármunum til uppbyggingar landsliða karla og kvenna í handknattleik sem skilaði sér meðal annars í stórbættum árangri kvennalandsliðsins á alþjóðlegum mótum næstu ár á eftir.

Konur á Alþingi hafa margsinnis sýnt vilja sinn til að stuðla að breytingum í þessum efnum, m.a. með flutningi þingsályktunartillagna, auk fjölda fyrirspurna. Á 115. löggjafarþingi flutti Kristín Einarsdóttir, ásamt öllum konum sem þá áttu sæti á Alþingi, tillögu til þingsályktunar um eflingu íþróttaiðkunar kvenna. Einnig flutti Bryndís Hlöðversdóttir, ásamt fimm öðrum þingkonum, tillögu á 120. löggjafarþingi um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna.

Á liðnu sumri urðu töluverðar umræður um aðstöðumun kynja til þátttöku í knattspyrnu og öðrum íþróttagreinum. Landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu tjáði sig skýrt og greinilega um þessi mál í fjölmiðlum og lagði áherslu á að minni fjármunum væri varið til íþrótta kvenna en karla. Til þess mætti meðal annars rekja minni þátttöku kvenna í íþróttum og lakari árangur. Nú nýlega varð uppi fótur og fit þegar það fréttist að Skáksamband Íslands hefði ákveðið að greiða fyrir þátttöku drengja í skákmóti erlendis en ekki fyrir þátttöku stúlkna í sama móti. Sú umræða leiðir hugann að því hvort ekki sé nauðsynlegt að setja í lög eða reglur ákvæði þess efnis að fjárframlögum opinberra aðila til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttamála skuli skipt þannig að fyllsta jafnræðis sé gætt milli kynja.

Með tilliti til umræðunnar í samfélaginu mætti ætla að fyrir hendi væri skilningur og vilji til jafnræðis en staðreyndir tala sínu máli. Konur í íþróttum eiga á brattann að sækja í flestu tilliti. Þeirra ástundun nýtur ekki sömu virðingar og strákanna. Fjölmiðlar sýna afrekum þeirra lítinn áhuga, jafnvel þótt þau séu meiri og eftirtektarverðari. Þeim gengur erfiðlega að fá styrktaraðila á meðan karlarnir njóta stuðnings fjársterkra aðila. Þær njóta engan veginn sambærilegs skilnings, stuðnings eða hvatningar. Rannsóknir hafa staðfest jákvæð áhrif íþróttaiðkunar og æskulýðsstarfs á andlegan, líkamlegan og félagslegan þroska einstaklingsins. Sjálfsmyndin eflist og félagsþroskinn eykst, auk þess sem heilbrigð íþrótta- og tómstundaiðkun reynist hafa ótvírætt forvarnagildi. Kynbundið misrétti á hvergi rétt á sér og stríðir gegn tilgangi og markmiðum jafnréttislaga. Því er þessi tillaga flutt.

210. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um aukna landkynningu og eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Árnason,
Magnús Stefánsson, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á möguleikum til að efla ferðaþjónustu í dreifbýli með aukinni kynningu á landinu og íslenskri menningu. Í framhaldi af þeirri úttekt verði gerð framkvæmdaáætlun um eflingu atvinnugreinarinnar á þeim grunni.

Greinargerð.

Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem talin er í örustum vexti í heiminum og er spáð 3–7% aukningu á ári nokkuð fram yfir næstu aldamót. Á Íslandi hefur vöxtur ferðaþjónustu jafnvel verið enn meiri, sum árin um 10% og að meðaltali 7% á ári síðasta áratug. Í „Stefnumótun í ferðaþjónustu“ sem samgönguráðuneytið lét vinna og birt var árið 1996 er þó ekki reiknað með nema 6% árlegri meðalfjölgun erlendra ferðamanna sem koma til Íslands tímabilið 1996–2005. Ljóst er að framhaldið ræðst af því hvernig að málum verður staðið, hve mikið og með hvaða móti landið verður kynnt, og þó enn frekar af því hvað erlendum gestum verður boðið upp á og hvernig að þeim verður búið. Lagt er til að gerð verði ítarleg könnun á þessum málum og á grundvelli hennar gerð áætlun um megináherslur í landkynningu.

Það sem einkum vekur áhuga fólks á að ferðast til annars lands er að kynnast landinu annars vegar og fólkinu og menningu þess hins vegar. Sú hugmynd sem hér er sett fram byggist á þessu tvennu.

Landið vekur áhuga fólks sakir óvenjulegs landslags og náttúrufars, náttúrufegurðar og forvitnilegrar jarðfræði, gróðurs og jafnvel gróðurleysis, svo og dýralífs á láði og legi. Allt vekur þetta forvitni ferðalanga og þá einkum ef löndin geta státað af hreinum, óspilltum og upprunalegum víðernum þannig að fólkið komist í snertingu við náttúruna og komist út úr manngerðu umhverfi. Óspillt náttúra þykir eftirsóknarverð. Af öllu þessu getur Ísland státað; það er ólíkt flestum öðrum löndum í þessum heimshluta.

Ferðamenn sem koma til ókunnra landa vilja einnig kynnast íbúunum þar við eðlilegar aðstæður, kynnast menningu þeirra. Í beinum tengslum við þetta er áhugi á sögu og menningararfi; íslenskur bókmenntaarfur er ekki síður einstæður, jafnvel svo að vart finnast viðlíka bókmenntir sem segja frá lífi og lifnaðarháttum fólks fyrr á öldum.

Norðurlöndin eru þekkt fyrir menningu sína að fornu og nýju. Víkingaöldin sveipar þau sérstökum ljóma að mati fjölda fólks. Nýleg reynsla af „víkingahátíð“ sem hér var haldin sýnir að víða um lönd er lifandi áhugi og þekking á víkingatímanum. Enn hefur of lítið verið gert að því að kynna íslenskar bókmenntir, fornar og nýjar, skipulega með það fyrir augum að vekja athygli á landinu og áhuga fólks á því að sækja það heim.

Þó að ýmislegt hafi verið vel gert við kynningu á landinu virðist ástæða til að marka stefnu í landkynningarmálum betur og skýrar en hingað til. Hvaða ímynd vilja menn skapa landi og þjóð? Hér er lagt til að kannað verði rækilega hvort ekki sé vænlegt til árangurs að draga sögu og menningu og ekki síst fornbókmenntirnar meira inn í þá mynd sem dregin verður af landinu. Gera þarf söguna sýnilega þeim sem ferðast um landið. Merkja þarf sögu-

staðina á kort fyrir ferðafólk og á landinu sjálfu og nota sögurnar í leiðarlýsingum og bæklingum. Þarna mætti virkja ferðamálasamtök héraða og landshluta og vekja metnað þeirra með hvatningu og stuðningi yfirvalda í ferðamálum, en þau yrðu að gegna forustuhlutverki og hafa frumkvæði. Benda má á merkilegt framtak í Rangárvallasýslu á sögusetrinu á Hvolsvelli þar sem Njálssaga er kynnt og sögustaðir í héraðinu hafa verið merktir.

Ljóst er að grundvöllur ferðaþjónustunnar er í byggðum landsins. Þar liggur aðdráttaraflið fyrst og fremst þó að höfuðborgin og annað þéttbýli gegni vissulega mjög miklu hlutverki, m.a. í því að vera merkisberi í listum og menningarmálum og í stórráðstefnuhaldi sem ekki eru tök á að sinna annars staðar. Ferðaþjónusta er að mestum hluta dæmigerður atvinnuvegur smárra og meðalstórra fyrirtækja. Almennt er viðurkennt, þar sem menn láta sig atvinnu- og byggðaþróun skipta, að smá og meðalstór fyrirtæki eru farsælust í atvinnuþróun og líklegust til að treysta dreifðar byggðir. Þá er nauðsynleg fjölbreytni í tilboðum til ferðamanna fyrst og fremst í dreifbýlinu því mikilvægt er að gefa ferðafólki kost á áhugaverðum viðfangsefnum, svo sem að taka þátt í lífi og starfi íbúanna, njóta landsins og ævintýra. Ferðaþjónusta á Íslandi hefur einmitt þróast á þessu sviði á undanförnum árum og mætti nefna um það fjölmörg ánægjuleg og árangursrík dæmi, svo sem hestaferðir, jöklaferðir, þátttöku í göngum og réttum, hvalaskoðun og margt fleira. Ferðaþjónusta bænda hefur þar komið mörgu til leiðar.

Mikilvægt er að forustuöfl ferðamála á Íslandi hugi betur að hvaða auðlindum ferðaþjónustan byggist á, þ.e. fyrst og fremst landinu, fólkinu og menningu þess. Því er rétt að horfa á þróun ferðamála út frá eiginlegum áfangastað fólksins sem kemur til að skoða landið og njóta þess og kynnast þjóðinni.

211. Svar [125. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur rekstur spilavíta og eftirlit með þeim.

1. *Hefur lögregla þurft að hafa afskipti af rekstri ólöglegra spilavíta á undanförnum tíu árum? Ef svo er, um hve mörg tilvik er að ræða og hvar voru þau spilavíti eða spilasalir?*

Lögregla hefur þrisvar sinnum þurft að hafa afskipti af rekstri ólöglegra spilavíta á umræddu tímabili. Tvö þeirra voru í Reykjavík og eitt í Keflavík. Ekki tókst að upplýsa síðastgreinda málið en hin tvö gengu til Hæstaréttar.

2. *Hvaða refsiákvæði gilda um slíkan rekstur og í hve mörgum tilvikum hefur þeim verið beitt?*

Refsiákvæði um rekstur spilavíta er að finna í 183. og 184. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Á undanförnum tíu árum hefur ríkissaksóknari tvívegis höfðað opinbert mál vegna brota á þeim ákvæðum, í bæði skiptin á árinu 1993, og gengu málin til Hæstaréttar. Sakfellt var í báðum dómum fyrir brot gegn ákvæðunum.

3. *Hefur lögregla þurft að hafa afskipti af ólöglegri notkun ungmenna undir lögaldri á happdrættisvélum eða söfnunarkössum? Ef svo er, um hve mörg tilvik er að ræða og hvaða refsingum er beitt við því?*

Lögregla hefur nokkrum sinnum þurft að hafa afskipti af ólöglegri notkun ungmenna á happdrættisvélum og söfnunarkössum, oftar af notkun kassanna. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjórum er hér aðeins um nokkra tugi tilvika að ræða. Í þeim tilvikum hafa viðkomandi unglingar verið látnir hætta spilamennsku í kössunum og brýnt hefur verið fyrir verslunareigendum og afgreiðslufólki að virða ákvæði um aldur þeirra sem nota mega kassana. Ekki hafa orðið tilefni til sérstakra viðurlaga og sjaldan hafa verið gerðar lögregluskýrslur um málin.

4. *Hefur lögregla reglubundið eftirlit með rekstri spilasala? Ef svo er, hvernig er staðið að því?*

Eftirlit lögreglu fellur að almennu eftirliti hennar í viðkomandi lögsagnarumdæmi. Auk reglubundins eftirlits hefur lögregla í flestum tilvikum sérstakt eftirlit með þeim stöðum þar sem spilasalir eru.

212. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um eflingu internetsamvinnu skóla á Vestur-Norðurlöndum.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Svavar Gestsson, Árni Johnsen, Ólafur G. Einarsson, Guðný Guðbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra Íslands, í samvinnu við menntamálaráðherra Færeyja og Grænlands, að hvetja til og beita sér fyrir aukinni samvinnu skóla í löndunum þremur varðandi samskipti og samvinnu á internetinu.

Greinargerð.

Miklar vegalengdir hafa hingað til sett samvinnu Vestur-Norðurlandanna þröngar skorður. Samgöngur á milli Íslands, Færeyja og Grænlands hafa bæði verið stopular og kostnaðarsamar, sem háð hefur efnahagslegu og menningarlegu samstarfi þjóðanna. Þetta kann að vera að breytast. Samskiptatækni hefur beinlínis fleygt fram síðustu ár og gert að engu vegalengdir á láði og legi sem áður torvelduðu samskipti. Þetta gildir sérstaklega um Vestur-Norðurlönd, sem hafa í miklum mæli tileinkað sér þessa nýju tækni. Ný samskiptatækni felur því í sér möguleika á að styrkja samstarf landanna og vestnorræna vitund, m.a. með því að efla samstarf skóla á Vestur-Norðurlöndum.

Ljóst er að internetið er samskipta- og fjölmiðill sem mun hafa varanleg áhrif á komandi árum og ber vestnorræni samvinnu að færa sér það í nyt. Rökin fyrir því að efla internetsamvinnu skóla á Vestur-Norðurlöndum eru fjölmörg. Með því að vinna sjálfstætt á internetinu læra nememdur að umgangast þessa nýju tækni og beita henni í leik og starfi. Á þann hátt vinnur skólinn gegn tölvufælni nemenda og ótta við tækninýjungar, og eykur færni þeirra í framtíðinni. Internetið býður enn fremur upp á nýja möguleika og aðferðir í kennslustarfi,

sem auka fjölbreytni náms, bæði fyrir nemendur og kennara. Þá felast í internetinu tækifæri fyrir skólana til að komast í samband við aðra skóla í veröldinni og koma á fjölbreytilegu samstarfi.

Hér er lagt til að vestnorræn skólasamvinna sé efld þannig að komið verði á sambandi þeirra skóla í löndunum sem óska eftir því að standa að samvinnuverkefni á internetinu um efni að eigin vali. Þannig mundi verkefnið geta aukið skilning og þekkingu nemenda á lífi og viðhorfum hvers annars, stuðlað að betri þekkingu á norrænum tungumálum og síðast en ekki síst leitt til þess að ungt fólk í löndunum hefði tækifæri til þess að kynnast og efla samskipti og vináttu sín á milli.

Því er lagt til að menntamálaráðherrar Íslands, Færeyja og Grænlands hvetji til og beiti sér fyrir aukinni internetsamvinnu skóla í löndunum þremur.

213. Tillaga til þingsályktunar [196. mál]

um eflingu íþróttasamstarfs milli Vestur-Norðurlanda.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Svavar Gestsson, Árni Johnsen, Ólafur G. Einarsson, Guðný Guðbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra Íslands að setja, í samvinnu við menntamálaráðherra Færeyja og Grænlands, á fót vinnuhóp til þess að móta tillögur til eflingar samstarfi landanna þriggja í íþróttamálum.

Greinargerð.

Stór hluti íbúa á Vestur-Norðurlöndum tekur þátt í íþróttastarfi. Skráðir félagsmenn í íþróttafélögum eru rúmlega 100 þúsund talsins, eða um þriðjungur íbúa í löndunum þremur. Íþróttafélögin vinna gott starf, ekki síst gott æskulýðsstarf, en kannanir hafa sýnt að börn og unglingar sem stunda íþróttir eru líklegri til að ná árangri í skóla og atvinnulífi síðar á lífsleiðinni, og síður líkleg til að lenda í félagslegum erfiðleikum.

Íslensk íþróttafélög hafa lengi átt ýmiss konar samstarf við íþróttafélög á Norðurlöndunum, með góðum árangri. Hins vegar hefur samstarf við okkar helstu grannþjóðir, Færeyinga en þó einkum Grænlendinga, ekki verið öflugt að sama skapi og ber að bæta úr því. Ljóst má vera að aukið samstarf íþróttasambanda og ungmennafélaga á Vestur-Norðurlöndum sem standa fyrir íþróttum mun styrkja verulega stöðu þeirra og efla alla starfsemi. Aðalmarkmið íþróttasamstarfs Vestur-Norðurlandanna er þó að efla vestnorræna vitund og samkennd, með því að íþróttamenn heimsæki hverjir aðra. Þannig komast þjóðir landanna þriggja í betra samband hver við aðra, sem eflir samhug þeirra og samstarf. Slíkt samstarf mun einnig hafa jákvæð efnahagsleg áhrif í löndunum, m.a. með tilliti til ferðaþjónustu. Þá mun aukið íþróttasamstarf Vestur-Norðurlanda efla menningarleg tengsl þjóðanna, sem er í fullu samræmi við yfirlýsta stefnu ríkis- og landstjórna landanna.

Tillögunni er beint til menntamálaráðherra, sem æðstu yfirmanna íþróttasambanda landanna, og eru þeir hvattir til að setja á fót vinnuhóp til að móta og leggja fram tillögur um hvernig efla má íþróttasamstarf landanna.

214. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um að setja á stofn vestnorrænan menningarsjóð.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Svavar Gestsson, Árni Johnsen, Ólafur G. Einarsson, Guðný Guðbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, á stofn vestnorrænan menningarsjóð í því skyni að efla samstarf landanna þriggja í menningarmálum.

Greinargerð.

Vestur-Norðurlöndin, Ísland, Færeyjar og Grænland, eiga afar margt sameiginlegt. Saga og menning þessara landa er að mörgu leyti samofin og á þeim grunni byggist vestnorræn samvinna. Löndin þrjú hafa í tímans rás átt margvíslega menningarlega samvinnu, sem hefur oft leitt til þess að þjóðirnar hafa nálgast hver aðra á öðrum sviðum og af því vaxið blómlegt samstarf í ólíkum geirum. Enn fremur hefur þessi sameiginlegi menningararfur aukið samkennd á milli landanna þriggja, sem er grunnurinn að samstarfi þjóðanna.

Alþjóðavæðing og samruni þjóðríkja hefur aukið þörfina á fjölbreytilegu samstarfi í menningarmálum Vestur-Norðurlanda. Smærri menningarheimar eiga undir högg að sækja í hnattvæðingu stjórnmála-, efnahags- og menningarlífs. Ein forsenda þess að sameiginleg menning Vestur-Norðurlanda nái að styrkja stöðu sína og eflast í framtíðinni er að sköpuð verði betri skilyrði fyrir menningarlega samvinnu.

Vestnorræna ráðið samþykkti á ársfundi sínum í júní sl. að stofnsetning sérstaks vestnorræns menningarsjóðs sé leið að því marki sem muni vafalítið efla og þróa menningarsamstarf landanna. Tekjur sjóðsins skulu vera árgjöld aðildarlandanna, og skulu þau ákveðin í fjárlögum í löndunum þremur. Einnig skal kannað hvort fyrirtæki á Vestur-Norðurlöndum séu reiðubúin að leggja sjóðnum til fé.

Úthlutunarreglur sjóðsins skulu ákvarðaðar af menntamálaráðherrum landanna þriggja, í samráði við Vestnorræna ráðið. Sjóðurinn skal styrkja verkefni m.a. á sviði menntamála, rannsókna og skóla- og íþróttasamvinnu. Stjórn sjóðsins skulu skipa fulltrúar frá Vestnorræna ráðinu, landstjórn Færeyja, landstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands.

215. Lög [42. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

(Afgreidd frá Alþingi 3. nóv.)

Samhljóða þskj. 42.

216. Beiðni um skýrslu [198. mál]

frá forsætisráðherra um stöðu, aðbúnað og kjör öryrkja.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Bryndísi Guðmundsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Jörundi Guðmundssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ragnari Arnalds, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Svavari Gestssyni, Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu, aðbúnað og kjör öryrkja.

Í skýrslunni er óskað eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

1. Hver hefur hækkun örorkulífeyris og tekjutryggingar verið í samanburði við þróun lágmarkslauna sl. fimm ár, frá og með 1993 til og með 1998, að teknu tilliti til eingreiðslna og tekjutryggingarauka?
2. Hvernig hefur fjöldi þeirra öryrkja sem njóta fullrar tekjutryggingar þróast frá því að tekjutrygging var tekin upp? Hvernig er þetta hlutfall nú samanborið við fjölda þeirra öryrkja sem njóta óskertra almannatryggingabóta annars staðar á Norðurlöndum?
3. Hve margir öryrkjar eru á vinnumarkaði í hlutastarfi annars vegar og fullu starfi hins vegar og hve margir öryrkjar hafa árlega verið á atvinnuleysisskrá sl. fimm ár, skipt eftir aldri og kyni?
4. Hverjar voru meðalmánaðargreiðslur ríkisins til öryrkja á sl. ári?
5. Hvað eru örorkulífeyrisgreiðslur ríkisins (örorkulífeyrir og tekjutrygging) hátt hlutfall af vergri landsframleiðslu annars vegar og hver eru útgjöld á íbúa hins vegar samanborið við önnur Norðurlönd?
6. Hver er mánaðarlegur framfærslukostnaður örorkulífeyrisþega og tekjur hér á landi samanborið við örorkulífeyrisþega annars staðar á Norðurlöndum sem
   a. búa einir,
   b. eru hjón eða sambýlisfólk,
   c. eru hjón eða sambýlisfólk með eitt barn?
7. Hve stór hluti öryrkja á einungis rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun eða sambærilegum opinberum aðilum og hve stór hluti fær innan við
   a. 30 þús. kr.,
   b. 20 þús. kr.,
   c. 10 þús. kr.

   á mánuði í greiðslur frá lífeyrissjóðum, skipt eftir aldri, kyni og hjúskaparstöðu?
8. Hver er skattbyrði örorkulífeyrisþega á mann og hver hefur þróunin verið síðustu tíu árin?
9. Hversu stór þáttur eru greiðslur úr lífeyrissjóðakerfi eða öðrum sparnaðarformum til öryrkja í samanburði við greiðslur úr almannatryggingakerfi?

10. Hvernig er félagslegri aðstoð við öryrkja háttað, hversu miklu er varið til hennar á ári, annars vegar frá ríki og hins vegar frá sveitarfélögum, og hversu hátt hlutfall er það af landsframleiðslu árlega sl. fimm ár samanborið við önnur Norðurlönd:
    a. til 65% öryrkja,
    b. til 75% öryrkja?
11. Hvernig er tekju- og eignadreifingu öryrkja háttað í samanburði við aðra þjóðfélagshópa?
12. Hve margir öryrkjar hafa þurft að leita til hjálparstofnana utan opinbera kerfisins sl. tíu ár til að eiga fyrir nauðþurftum? Hve hátt er hlutfall öryrkja í hópi skjólstæðinga þessara stofnana?
13. Hve mikil hefur árleg raunaukning verið á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og til reksturs stofnana og þjónustu við fatlaða á vegum félagsmálaráðuneytisins sl. tíu ár og hve mikil aukning hefur orðið árlega á búsetuúrræðum fyrir fatlaða á sama tímabili?
14. Hve margir örorkulífeyrisþegar eru á leigumarkaði og hve margir í eignarhúsnæði?
15. Hve margir öryrkjar, skipt eftir aldri og kyni, hafa orðið fyrir skerðingu eða sviptingu tekjutryggingar vegna tekna maka, þ.m.t. þeir sem hafa sjálfir aflað tekna en orðið fyrir viðbótarskerðingu vegna tekna maka? Hve margir öryrkjar hafa orðið fyrir þessu árlega sl. fimm ár? Hver hefur annars vegar verið meðalskerðing hjá þessum hópi og hins vegar heildarskerðing?
16. Hverjar eru hámarkslífeyrisgreiðslur úr almannatryggingakerfinu hér á landi samanborið við önnur Norðurlönd?
17. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um að treysta hag og aðbúnað öryrkja?
18. Telur ráðherra rétt að skattleggja greiðslur öryrkja og aldraðra úr lífeyrissjóðum eins og fjármagnstekjur?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi þegar henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa komið fram á opinberum vettvangi upplýsingar um mjög slæman aðbúnað og kjör öryrkja. Er þess skemmst að minnast að við setningu Alþingis vöktu öryrkjar á eftirminnilegan hátt athygli á slæmum kjörum sínum. Einnig hafa komið fram mismunandi upplýsingar um stöðu og hag öryrkja.

Nauðsynlegt er að leiða hið rétta í ljós í þessu máli til að stjórnvöld og Alþingi hafi heildaryfirsýn yfir kjör og aðbúnað öryrkja.

Skýrsla sú sem hér er beðið um ætti að leiða hið rétta í ljós og auðvelda ákvörðunartöku sem stuðlað getur að bættum kjörum öryrkja í landinu.

217. Frumvarp til laga [199. mál]

um eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Lög þessi ná til reglna um sérstakt eftirlit á vegum hins opinbera með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja, þar með taldra reglna sem er ætlað að stuðla að öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, neytendavernd, samkeppni, eðlilegum viðskiptaháttum og getu fyrirtækja og fjármálastofnana til að standa við skuldbindingar sínar.

Lögin ná ekki til stjórnsýslueftirlits og innra eftirlits hins opinbera, þar með talins fjárhagslegs eftirlits, löggæslu, tollgæslu og eftirlits í tengslum við skatta og gjöld, sifjamál, vernd barna og ungmenna, reynslulausn og ákærufrestun.

2. gr.

Markmið laga þessara er að opinber eftirlitsstarfsemi stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytendavernd. Í því skyni skal hið opinbera því aðeins standa fyrir eftirlitsstarfsemi að kostnaður sé eins takmarkaður og unnt er, að ávinningur þjóðfélagsins sé meiri en kostnaðurinn, að sama árangri verði ekki náð með öðrum aðferðum og að eftirlitsstarfsemi leiði ekki til mismununar og takmarki ekki athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist.

3. gr.

Þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til eftirlits skal viðkomandi ráðuneyti meta þörf fyrir eftirlitsstarfsemi og hvort gildi hennar sé meira en kostnaður þjóðfélagsins. Slíkt mat getur m.a. falist í áhættumati, mati á erlendum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits.

Þegar stjórnarfrumvarp, sem felur í sér ákvæði um eftirlit, er lagt fyrir ríkisstjórn skal leggja fram greinargerð um mat skv. 1. mgr.

Forsætisráðherra skal setja nánari reglur um mat á eftirlitsreglum og þær aðferðir við eftirlit sem leitast skal við að fylgja við undirbúning að setningu laga og reglna. Reglurnar geta m.a. tekið til ákvæða um æskilegt umfang opinberra afskipta sem ákveðin eru í eftirlitsreglum, stjórnsýslu eftirlitsstarfsemi, hæfni og hlutleysi eftirlitsaðila, fjármögnun eftirlitsstarfsemi, samráð milli ráðuneyta og stofnana og samráð við hagsmunaaðila.

4. gr.

Eftirlitsreglur skulu hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði. Hámarksgildistími eftirlitsreglna eða hámarkstímabil endurskoðunarákvæða þeirra skal vera fimm ár. Við samningu eftirlitsreglna, framlengingu þeirra og endurskoðun skal fylgja ákvæðum 1. og 3. mgr. 3. gr.

Stjórnvald skal halda tæmandi skrá yfir þær eftirlitsreglur sem það setur. Skráin og tilkynningar um breytingar á henni skulu sendar forsætisráðuneyti. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd laga þessara heyrir undir forsætisráðuneyti. Forsætisráðuneyti skal:

1. hafa yfirsýn yfir eftirlitsreglur og annast heildarmat á áhrifum þeirra og eftirlits á vegum hins opinbera,
2. leitast við að tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni í eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera,
3. móta aðferðir við mat á eftirlitsstarfsemi.

6. gr.

Forsætisráðherra skipar nefnd til ráðgjafar um eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera og framkvæmd laga þessara. Nefndin skal skipuð fimm mönnum og skulu þeir hafa þekkingu á eftirlitsstarfsemi eða viðfangsefnum hennar. Meiri hluti nefndarmanna skal ekki vinna við eða bera ábyrgð á framkvæmd opinberra eftirlitsreglna. Skipunartími nefndarinnar skal vera takmarkaður við embættistíma þess forsætisráðherra sem skipar hana.

Þeir aðilar sem eftirlit beinist að og aðrir þeir sem hagsmuni hafa af eftirlitsstarfsemi geta óskað eftir athugun nefndarinnar á tilteknum þáttum eftirlitsstarfsemi. Ráðherrar geta sent til umsagnar nefndarinnar mál er varða eftirlitsstarfsemi.

Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um skipan og starf nefndarinnar.

7. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Forsætisráðherra skal að jafnaði á þriggja ára fresti gefa Alþingi skýrslu um áhrif laga þessara, störf ráðgjafarnefndarinnar og önnur tengd atriði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðuneyti skulu á næstu þremur árum eftir gildistöku laga þessara endurskoða gildandi lagaákvæði og reglur um eftirlitsstarfsemi. Við endurskoðunina skal fara fram mat á reglunum í samræmi við ákvæði 3. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undanfarin ár hefur komið í ljós að ofvöxtur er víða hlaupinn í reglugerðir og eftirlitsumfang opinberra aðila í iðnvæddum ríkjum. Regluverk eru sums staðar orðin svo flókin og viðamikil að fyrirtæki og einstaklingar eiga erfitt með að fylgjast með réttarstöðu sinni. Jafnframt hafa strangar hömlur af ýmsu tagi leitt til hægari nýsköpunar og atvinnustarfsemi og þannig haft neikvæð áhrif á hagvöxt og lífskjör. Þótt ekki hafi farið fram á því ítarleg greining má ætla að vandamál af þessum toga séu enn sem komið er heldur minni hérlendis

en sums staðar í Evrópu og Bandaríkjunum. Hins vegar er þróun reglustýringar hér á landi sú sama og ytra þótt hún sé skemur á veg komin. Hinu opinbera ber því skylda til að endurskoða eigin reglusetningu og eftirlitsmál og tryggja að nýjar kröfur á hendur fyrirtækjum og einstaklingum séu aðeins gerðar ef nauðsyn ber til.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að finna stefnumál sem tengjast opinberri eftirlitsstarfsemi og reglusetningu. Þar segir meðal annars: „Dregið verði úr skrifræði í samskiptum borgaranna við stjórnvöld og óþarfa laga- og reglugerðarákvæði verða afnumin.“ Enn fremur segir: „Tryggt verður að eftirlitsaðilar íþyngi fyrirtækjum ekki um of með starfsemi sinni.“ Gjaldtaka hins opinbera af fyrirtækjum vegna eftirlits ætti til að mynda ekki að vera meiri en sem nemur raunverulegum kostnaði vegna eftirlitsins. Eins ber að athuga hvar ekki er þörf á að hið opinbera sinni sjálft eftirlitinu og nýta kosti samkeppni þar sem við á svo að halda megi kostnaði atvinnulífsins af opinberum eftirlitskröfum svo lágum sem framast er unnt.

Ákvæði frumvarpsins hér að framan vísa ekki síst til umræðu í þjóðfélaginu um eftirlitsstarfsemi hins opinbera og nauðsyn þess að gæta hófs í setningu og framkvæmd hvers kyns eftirlitsreglna og annarra reglugerða sem takmarka möguleika einstaklinga og fyrirtækja til athafna. Jafnframt hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að fylgja eftir tilmælum OECD um umbætur í reglusetningu og reglustýringu frá og með 1998.

Í ljósi þessa hefur ríkisstjórnin látið fara fram athugun á því hvernig vinna beri að umræddum markmiðum. Niðurstaða þeirrar skoðunar er m.a. sú að rétt sé að endurflytja nú þegar frumvarp um eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Frumvarpið var fyrst lagt fyrir Alþingi til kynningar á 117. löggjafarþingi og var endurflutt á síðasta þingi án efnislegra breytinga. Fjallað var um málið í efnahags- og viðskiptanefnd, er lagði fram nefndarálit og breytingartillögur frá meiri hluta hennar áður en þingfundum var frestað síðastliðið vor. Breytingartillögur meiri hlutans hafa nú verið felldar inn í frumvarpið og er það lagt fram svo breytt.

Frumvarpinu fylgja fimm fylgiskjöl:

1. Skýrsla og tilmæli OECD frá 1997 um umbætur í reglusetningu og reglustýringu.
2. Tilmæli OECD frá 1995 og gátlisti um reglusetningu og reglustýringu.
3. Greinargerð nefndar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera, sem samdi frumvarpið.
4. Heildarstefna um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.
5. Kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vandasamt er að skilgreina eftirlitsstarfsemi á fullnægjandi hátt. Hið opinbera hefur með höndum margs konar eftirlit sem ekki fellur undir eftirlitsstarfsemi í skilningi laganna. Lögin ná ekki til innra eftirlits hins opinbera, t.d. faglegs og fjárhagslegs eftirlits ráðuneytis með stofnun eða eftirlits ríkis með sveitarfélögum. Ekki er heldur ætlunin að lögin nái til skatteftirlits eða annars eftirlits varðandi skatta og gjöld, tollgæslu og löggæslu. Þá munu lögin ekki ná til eftirlits vegna laga sem tengjast persónulegri hegðun einstaklinga eins og sifjamála, vernd barna og ungmenna o.s.frv.

Lögunum er fyrst og fremst ætlað að taka til þeirra sérhæfðu eftirlitsreglna sem beinast að starfsemi einstaklinga og fyrirtækja. Hér eru um að ræða öryggiseftirlit af ýmsu tagi og eftirlit með viðskiptalífi og atvinnustarfsemi.

Um 2. gr.

Markmið laganna er í stuttu máli að eftirlitsstarfsemi nái yfirlýstum markmiðum og hafi ekki óæskileg áhrif á þjóðfélagið. Einungis verði gripið til eftirlits ef sýnt þykir að ávinningur þjóðfélagsins sé meiri en kostnaðurinn. Þá er lögunum ætlað að vinna gegn því að eftirlitsstarfsemi mismuni einstaklingum og fyrirtækjum og takmarki athafnafrelsi nema ríkir almannahagsmunir krefjist þess og ekki sé hægt að ná sama árangri með öðrum aðferðum.

Um 3. gr.

Ráðuneytum er falið að meta þörf fyrir eftirlitsstarfsemi og hvort gildi hennar er meira en kostnaður eftirlitsins. Með áhættumati er umfang vandans, sem eftirlitinu er ætlað að vinna gegn, metið og sá skaði sem skortur á reglum og eftirliti veldur. Greina þarf orsakir og afleiðingar vandans og beita nýjustu þekkingu á viðkomandi sviði. Mikilvægt er að meta erlendar skuldbindingar vegna eftirlits því að oft eru slíkar skuldbindingar orsök eftirlitsins. Á hinn bóginn getur þátttaka í alþjóðlegu samstarfi í ýmsum tilfellum dregið úr þörf fyrir eftirlit hér á landi, t.d. þegar erlendar vörur eru viðurkenndar á grundvelli eftirlits sem haft er með þeim í framleiðsluríkinu.

Nauðsynlegt er að reyna að meta allan kostnað við eftirlit, þ.e. kostnað hins opinbera, fyrirtækja og einstaklinga. Oft er erfitt að meta kostnaðinn og slíkt mat er ávallt bundið nokkurri óvissu. En jafnvel ónákvæmt mat getur gefið mikilvægar vísbendingar um raunverulegan kostnað. Mat á þjóðhagslegu gildi eftirlits krefst þess að bæði kostnaður og ávinningur sé metinn. Til eru formlegar aðferðir til að framkvæma slíkt mat (kostnaðar- og nytjagreining, e. cost-benefit analysis, og kostnaðar- og áhrifagreining, e. cost-effectiveness analysis) en einnig er hægt að nota óformlegri aðferðir til að gefa vísbendingar um þjóðhagslegt gildi.

Það er mjög mismunandi hversu umfangsmiklar einstakar eftirlitsreglur eru. Matið verður að endurspegla þetta og að sjálfsögðu verður umfang þess að vera í samræmi við umfang þeirrar eftirlitsstarfsemi sem meta á.

Um 4. gr.

Ástæða þess að rétt þykir að reglugerðir um eftirlitsstarfsemi séu með ákvæðum um gildistíma eða endurskoðun er sú staðreynd að þær eru yfirleitt tæknilegs eðlis og sniðnar að tiltekinni tækni og skipulagi. Þær úreldast því mjög fljótt. Allt of oft eru reglugerðir í gildi eftir að þær eru orðnar tæknilega úreltar eða hafa misst gildi sitt af öðrum ástæðum. Með gildistíma- og endurskoðunarákvæðum er verið að auka líkurnar á því að efni reglugerða sé endurskoðað þegar ástæða er til. Hámarksgildistími reglugerða og endurskoðunarákvæða er fimm ár. Sérstök ákvæði eru um að ekki megi framlengja reglugerð án þess að fram fari nýtt mat á áhrifum hennar.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd laganna verði sem mest í höndum einstakra ráðuneyta sem bera ábyrgð á eftirlitsstarfsemi. Þó er þörf á því að forsætisráðuneyti annist lágmarkssamhæfingu og sjái um sameiginleg verkefni. Ekki er gert ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi forsætisráðuneytisins í þessu sambandi. Mögulegt er að leitað verði til aðila innan og utan ríkiskerfisins til að vinna að tilteknum verkþáttum.

Um 6. gr.

Nefndinni er ætlað að vera óháður aðili sem standi fyrir sjálfstæðum athugunum á eftirlitsstarfsemi og veiti umsagnir um hana. Þeir sem eftirlit beinist að og aðrir hagsmunaaðilar eiga að geta leitað til nefndarinnar ef þeir telja að endurbóta sé þörf og fengið umsögn hennar um erindið. Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar. Gert er ráð fyrir að í nefndinni sitji einstaklingar sem hafa sérþekkingu á eftirlitsstarfsemi eða viðfangsefnum hennar og að hún verði að hluta til skipuð hagsmunaaðilum. Eðlilegt þykir að skipunartími nefndarinnar sé bundinn við starfstíma þess forsætisráðherra sem skipaði hana, enda er gert ráð fyrir að hún sé forsætisráðherra til ráðgjafar og að áherslur hennar mótist að hluta til af áherslum forsætisráðherra og ríkisstjórnar á hverjum tíma.

Um 7.–9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða verða gildandi eftirlitsreglur endurskoðaðar á næstu þremur árum. Í þessu felst að ráðuneyti fara á gagnrýninn hátt yfir lög og reglugerðir og gera formlegt mat á ákvæðum þeirra. Í ljósi þessa mats munu þau síðan ákveða hvort ástæða sé til breytinga. Ljóst er að í mörgum tilvikum verða ráðuneyti að hafa samstarf sín á milli, enda eru oft náin tengsl milli eftirlitsreglna tveggja eða fleiri ráðuneyta. Því er gert ráð fyrir að forsætisráðuneyti muni gegna samhæfingarhlutverki í þessari endurskoðun og fylgjast með framgangi hennar.

Fylgiskjal I.

Skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um umbætur í reglusetningu og reglustýringu.

SAMANTEKT
(Júní 1997.)

Með þessari skýrslu er brugðist við þeirri beiðni ráðherra OECD-mála frá 1995 að OECD taki til athugunar hvort brýnt sé að ráðast í umbætur á regluverki aðildarríkjanna, hvaða stefna skuli valin í þeim efnum og hvernig eigi að framfylgja henni. Niðurstöður og tilmæli um stefnumörkun, sem koma fram í skýrslunni, byggjast á þeirri reynslu og þeim viðfangsefnum sem stjórnir aðildarríkja hafa glímt við í umbótaviðleitni sinni. Undanfarin tvö ár hafa farið fram nákvæmar rannsóknir og greining á þessari reynslu hjá OECD.

Við teljum að það umfangsmikla starf sem unnið hefur verið hjá OECD, og dregið er saman í þessari skýrslu til ráðherra, ásamt yfirlitsskýrslunni sem henni fylgir og sérprentuðum köflum um einstakar atvinnugreinar og einstök málefni, sýni fyllilega fram á þann ávinning sem árangursríkar umbótaáætlanir geta leitt af sér. Umbætur í reglusetningu og

reglustýringu, sem stuðla að samkeppni og draga úr kostnaði vegna reglugerða, geta aukið hagkvæmni, lækkað verð, ýtt undir nýsköpun og átt þátt í að auka hæfni hagkerfa til að aðlagast breytingum og halda samkeppnishæfni sinni. Ef rétt er að umbótum af þessu tagi staðið geta þær sömuleiðis auðveldað stjórnvöldum að ná öðrum mikilvægum markmiðum, til að mynda í umhverfismálum, heilbrigðismálum og öryggismálum. Loks hefur reynsla einstakra ríkja kennt okkur að bregðast má við þeirri röskun sem ávallt fylgir umbótum með viðbótarstefnumörkun og aðgerðum.

Tilmæli þau sem fram koma í þessari skýrslu mynda grundvöll að aðgerðaáætlun. Í maí 1997 fögnuðu ráðherrarnir útkomu þessarar skýrslu og samþykktu að framfylgja tilmælum hennar hver í sínu landi. Ráðherrarnir fóru þess á leit við OECD að eftirlit yrði haft með umbótaviðleitni aðildarríkjanna frá og með árinu 1998, og skyldi það að nokkru leyti byggjast á sjálfsmati, og vísuðu til þess að unnið verður frekar bæði að málum einstakra atvinnugreina og að stefnumörkun.

Af starfi okkar má meðal annars draga þann lærdóm að ef umbætur í reglusetningu og reglustýringu eiga að heppnast varðar mestu að öflugur og samkvæmur stuðningur sé við þær á æðsta stjórnstigi. Ráðherrar hafa beinu hlutverki að gegna við að tryggja að öflug stjórnarstefna vinni bug á eiginhagsmunum tiltekinna hópa, jafnt í ríkisrekstri sem einkarekstri, sem hafa hag af óbreyttu ástandi og standa gegn breytingum til betri vegar.

Ráðherrar og kjörnir leiðtogar geta þó ekki komið nauðsynlegum breytingum fram einir. Opinskáar umræður og skoðanaskipti eru einnig ómissandi þáttur í þessu starfi. Slíkar umræður geta komið á framfæri sjónarmiðum þeirra sem styðja umbæturnar og hagnast á þeim. Meðal mikilvægra bandamanna í umbótastarfinu eru fyrirtæki, sem njóta munu góðs af lækkuðum útgjöldum, gæðavöru og bættum þjónustuaðföngum, neytendur svo og launþegar og fulltrúar þeirra á sviðum þar sem óþörf reglu- og eftirlitshöft standa í vegi fyrir fjölgun starfa og hækkun launa.

Ég vil gjarna þakka fjölmörgum dyggum starfsmönnum OECD-skrifstofunnar sem unnið hafa að því löngum stundum að taka saman það mikla efni sem þessi skýrsla byggist á, greina það og vinna úr því. Ég færi sömuleiðis þakkir fjölmörgum ráðgjöfum okkar utan stofnunarinnar og fulltrúum frá ríkisstjórnum aðildarlanda, einkum meðlimum ráðgjafarhóps um umbætur á reglusetningu og reglustýringu, og meðlimum ráðgjafarnefndar atvinnurekenda (BIAC) og ráðgjafarnefndar verkalýðshreyfingarinnar (TUAC) sem lögðu fram mikilvægar tillögur til úrbóta.

Joanna R. Shelton,
aðstoðarframkvæmdastjóri OECD.

Inngangur.

Eitt helsta hlutverk allra lýðræðislega kjörinna stjórnvalda er að stuðla að velferð þjóðarinnar jafnt á efnahagssviði sem í félagsmálum. Stjórnvöld leitast við að ná þessu markmiði á margvíslegan hátt, þar á meðal með stefnumótun sem hefur að markmiði stöðugleika hagkerfisins í heild, aukna atvinnu, bætta menntun og þjálfun, jafna aðstöðu, hvata til nýsköpunar og framtaks og háleit markmið í umhverfismálum, heilbrigðismálum og öryggismálum. Stjórnsýslufyrirmæli og eftirlit eru sömuleiðis mikilvæg verkfæri sem hefur gert stjórnvöldum kleift að ná mikilvægum áföngum í átt að þessu markmiði og öðrum á sviði opinberrar stefnumörkunar.

Á hinn bóginn er veruleg hætta á því að reglusetning og reglustýring af þessu tagi verði einmitt þrándur í götu þeirri velferð á efnahagssviði og í félagsmálum sem þeim er ætlað að þjóna, einkum þegar miklar og örar breytingar verða á efnahagslegum og félagslegum aðstæðum. Reglur sem hefta nýsköpun eða setja viðskiptum, fjárfestingu og skilvirku atvinnulífi óþarfar hindranir, tvíverknaður mismunandi stjórnsýsluyfirvalda og stjórnvaldsstiga og jafnvel stjórnvalda í ólíkum löndum, áhrif hagsmunahópa sem vilja fá vernd gegn samkeppni og reglur sem eru úreltar eða ekki nógu vel úr garði gerðar til að ná tilætluðum árangri eru allt þættir í þeim vanda sem við er að glíma.

Öll stjórnvöld axla þá ábyrgð að endurskoða stöðugt reglusetningu og reglustýringu sína, ásamt skipulagi og aðferðum við setningu þeirra og eftirliti með þeim, til þess að tryggja að þau stuðli að efnahagslegri og félagslegri velferð þjóðarinnar á hagkvæman og árangursríkan hátt. Á undanförnum árum hafa æ fleiri lönd, jafnt þau sem aðild eiga að OECD sem önnur, af miklum metnaði hafist handa um gerð áætlana sem ætlað er að draga úr reglubákninu og bæta það regluverk sem eftir stendur, ásamt því að draga úr útgjöldum sem af þeim hljótast. OECD-skýrslan um umbætur í reglusetningu og reglustýringu, sem OECD-ráðherrarnir óskuðu eftir árið 1995, á að auðvelda stjórnvöldum að leggja mat á stöðu reglukerfa sinna og bæta þau.

Hvað vinnst með umbótum í reglusetningu og reglustýringu?

Eitt af grundvallarmarkmiðum umbóta á sviði reglusetningar er að auka skilvirkni hagkerfisins í hverju landi og hæfni þess til aðlögunar og samkeppni. Umbætur, sem stuðla að samkeppni, eru fyrirtækjum öflugur hvati til aukinnar hagkvæmni, nýsköpunar og samkeppni. Slíkar úrbætur geta örvað framleiðni heilla atvinnugreina og leiða oft af sér mikla og hraða verðlækkun ásamt auknum gæðum og auknu úrvali vöru og þjónustu, neytendum og neysluiðnaði til hagsbóta. Ef umbætur létta byrðum af fyrirtækjum og auka gagnsæi reglukerfa glæðir það framtak, auðveldar markaðsaðgang og eykur hagvöxt, en það ætti aftur á móti að skila sér í betri störfum og hærri launum. Umbætur sem draga úr „skriffinnsku" og pappírsvafstri almennra borgara, einkum sem skattgreiðenda, færa þeim aukinn tíma og athafnafrelsi.

Annað markmið með umbótum er að gera stjórnvöldum betur kleift að ná mikilvægum opinberum markmiðum með því að notast við skilvirkari og ódýrari stjórnsýsluaðferðir eða önnur úrræði við stefnumörkun.

Störf ríkisstjórna eru í nánum tengslum við allt umhverfi þeirra. Athafnir þeirra og stefna verða í æ ríkara mæli að taka mið af því sem á sér stað í öðrum löndum og ekki síst af þeim áhrifum sem stefna þeirra og athafnir hafa á hæfni fyrirtækja og launþega í landinu til að bregðast við nýjum aðstæðum, stunda samkeppni og færa sér ný tækifæri í nyt. Jafnframt því sem tollar og önnur landamærahöft eru afnumin og þjónusta verður æ stærri hluti af seljanlegri vöru, verða reglugerðir og eftirlit í hverju landi um sig oft helsta hindrun í vegi fyrir opnu og samkeppnishæfu markaðshagkerfi. Umbætur í reglusetningu og reglustýringu örva óheft streymi vöru, þjónustu, fjárfestingar og tækni sem kemur neytendum til góða, gerir innlendum fyrirtækjum kleift að standa jafnfætis fyrirtækjum í öðrum löndum og stuðlar að skilvirkari ráðstöfun fjármagns auk þess að örva verga landsframleiðslu.

Ekki er hægt um vik að áætla nákvæmlega kostnaðinn af umbótum, en hann getur verið umtalsverður. Ef þeim er frestað eykst sá kostnaður í mörgum tilvikum. Við örar breytingar á tækni og fjölgun nýrra þátttakenda í milliríkjaviðskiptum og fjárfestingu eru umbætur á því sviði enn fremur ekki aðeins æskilegar heldur nauðsynlegar til þess að hagkerfi landanna

geti aðlagast þessum breytingum hraðar og flytja megi fjármuni úr greinum, sem standa höllum fæti, yfir á nýjar, vaxandi greinar. Þær geta einnig stuðlað að snurðulausum samskiptum ríkja með því að auka félagslegan og efnahagslegan samruna og gagnkvæmt trúnaðartraust milli landa.

TILMÆLI UM STEFNUMÖRKUN VEGNA UMBÓTA Í REGLUSETNINGU OG REGLUSTÝRINGU.

1. *Stjórnmálamenn geri víðtækar áætlanir um umbætur í reglusetningu og reglustýringu með skýrum markmiðum og framkvæmdaramma.*

Festar skulu í sessi meginreglur um „góða reglusetningu og reglustýringu“ til leiðbeiningar við umbætur og þá farið eftir tilmælum OECD frá 1995 um bættar stjórnsýsluaðferðir. Góð reglun skyldi: i) gerð þannig að hún þjóni skýrt skilgreindum stefnumiðum og stuðli að slíkum markmiðum með skilvirkum hætti; ii) hvíla á traustum lagagrunni; iii) leiða til ávinnings sem réttlætir útgjöldin, þegar litið er til þeirra áhrifa sem fyrirmælin hafa í þjóðfélaginu sem heild; iv) draga sem mest úr útgjöldum og markaðsröskun; v) stuðla að nýsköpun með markaðsívilnunum og aðgerðum sem beinast að ákveðnum markmiðum; vi) vera skýr, einföld og hagnýt; vii) ekki stangast á við önnur fyrirmæli og markmið og viii) samrýmast, eftir því sem kostur er, meginreglum um samkeppni, verslun og greiðari fjárfestingar, jafnt innanlands sem milli landa.

Stjórnvöld komi sér upp skilvirku og trúverðugu verklagi við stjórnun og samræmingu fyrirmæla og umbóta, svo komast megi hjá því að ábyrgð skarist eða tvíverknaðar gæti hjá þeim yfirvöldum og á þeim stjórnstigum þar sem fyrirmæli eru sett.

Hvetja skal til umbóta á öllum stjórnstigum og hjá einkareknum stofnunum á borð við þær sem setja staðla.

2. *Reglugerðir og önnur slík fyrirmæli séu endurskoðuð með kerfisbundnum hætti til að tryggja að þau nái alltaf settum markmiðum með skilvirkum og árangursríkum hætti.*

Fyrirmæli (um efnahagsmál, félagsmál og stjórnsýslumál) skulu endurskoðuð á grundvelli meginreglna um góða reglun og frá sjónarmiði notandans fremur en þess sem setur þau.

Endurskoðun á reglusetningu og reglustýringu ætti að beinast að þeim sviðum þar sem breytingar skila mestum og sýnilegustum ávinningi, og einkum að fyrirmælum sem hefta samkeppni og verslun og snúa að fyrirtækjum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Tillögur að nýjum fyrirmælum skulu endurskoðaðar jafnt og gildandi fyrirmæli.

Greining á áhrifum fyrirmæla ætti að vera óaðskiljanlegur hluti af undirbúningi þeirra og endurskoðun og umbótum á þeim.

Fyrirmæli skulu endurnýjuð með sjálfvirkum hætti, til að mynda með ákvæði um að þær falli úr gildi að tilteknum tíma liðnum.

3. *Stjórnvöld sjái til þess að reglugerðir og aðferðir við setningu þeirra séu gagnsæjar og lausar við mismunun og að beiting þeirra sé skilvirk.*

Stjórnvöld sjái til þess að umbótamarkmið og leiðir að þeim séu rækilega skýrð fyrir almenningi.

Stjórnvöld hafi samráð við þá sem málið varðar, jafnt innan lands sem utan, meðan fyrirmæli eru í vinnslu eða endurskoðun, og sjái til þess að samráðið sé gagnsætt.

Semja ber opinberar skrár yfir reglugerðir og formkröfur í viðskiptum og uppfæra þær reglulega, eða beita öðrum aðferðum til að tryggja að stjórnendur fyrirtækja, jafnt innan lands sem utan, geti auðveldlega áttað sig á öllum þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar.

Stjórnvöld sjái til þess að málsmeðferð við beitingu reglustýringar sé gagnsæ og laus við mismunun, kostur sé á áfrýjun og framkvæmdin valdi ekki óeðlilegum töfum á ákvörðunum í fyrirtækjum.

4. *Endurskoða ber og efla umfang, skilvirkni og framkvæmd samkeppnisstefnunnar þar sem þörf er á.*

Samkeppnislög ættu að ná til allra atvinnugreina, nema rök séu til þess að mikilvægum almannahagsmunum sé betur þjónað með öðrum hætti.

Samkeppnislögum sé framfylgt af krafti þegar ólögmætt samráð, misnotkun á yfirburðastöðu eða samruni sem beint er gegn samkeppni geta unnið gegn umbótum.

Samkeppnisyfirvöldum sé fengið vald til að hvetja til umbóta.

5. *Umbætur á reglustýringu í efnahagsmálum séu gerðar í öllum atvinnugreinum til að glæða samkeppni og reglustýringin afnumin nema augljós rök liggi til þess að þau séu besta leiðin til að þjóna viðtækum almannahagsmunum.*

Sérstaka áherslu skal leggja á endurskoðun á þeim þáttum reglugerða um efnahagsmál, sem leggja hömlur á markaðsaðgang og brotthvarf af markaði, verðlag, framleiðslu, eðlilega viðskiptahætti og skipulag fyrirtækja.

Stuðla ber að skilvirkni og árangursríkri samkeppni þar sem fyrirmæla um efnahagsmál er áfram þörf vegna hættunnar á misnotkun á markaðsaðstöðu. Einkum er rétt: i) að skilja á milli starfsemi, sem getur búið við samkeppni, og almenningsveitna sem sett eru fyrirmæli um, og vinna að endurskipulagi á annan hátt til að vinna gegn yfirburðastöðu þeirra sem fyrir eru á markaði; ii) að tryggja öllum þeim, sem hefja markaðssókn, aðgang að nauðsynlegum þjónustukerfum þannig að gætt sé gagnsæis og jafnræðis; iii) að notast við hámarksverð og aðra tilhögun sem hvetur til aukinnar skilvirkni, þegar þörf er á verðlagseftirliti meðan aðlögun að samkeppni stendur yfir.

6. *Óþarfar hömlur á viðskiptum og fjárfestingu séu afnumdar með því að bæta framkvæmd milliríkjasamninga og styrkja meginreglur sem gilda á alþjóðavettvangi.*

Til að auka frjálsræði í viðskiptum og fjárfestingu skal framfylgt alþjóðlegum reglum og meginreglum, eins og þær birtast í samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), tilmælum og leiðbeiningum um stefnumótun frá OECD og öðrum samningum og þær styrktar í samvinnu við önnur ríki (t.d. reglur um gagnsæi, um jafnræði, um að forðast óþarfar viðskiptahindranir og að huga að samkeppnisreglum).

Það skal vera forgangsverkefni að losa um þær stjórnsýsluhömlur í viðskiptum og fjárfestingu sem skapast af því að gerðar eru misvísandi kröfur og reglur skarast í löndunum.

Þegar kostur er skal styðjast við samhæfða alþjóðastaðla og nota þá sem grundvöll að innlendum fyrirmælum, og endurskoða og bæta staðlana í samstarfi við önnur lönd til að tryggja að með þeim sé unnt að ná tilætluðum markmiðum með skilvirkum og árangursríkum hætti.

Í auknum mæli ber að viðurkenna aðferðir annarra landa við samræmismat og niðurstöður úr slíku mati, m.a. með samningum um gagnkvæma viðurkenningu eða öðrum ráðum.

7. *Mikilvæg tengsl við önnur stefnumið séu leituð uppi og mótuð stefna til að ná slíkum markmiðum með þeim hætti að styrki umbætur.*

Varúðarmarkmið og önnur opinber stefnumið, til að mynda á sviði öryggismála, heilbrigðismála, neytendaverndar og orkuöryggis, skal laga að aðstæðum eftir því sem nauðsynlegt er til að þau haldi gildi sínu og séu eins skilvirk og kostur er á samkeppnismarkaði.

Endurskoða ber önnur úrræði en beitingu reglusetningar og reglustýringar, þar á meðal niðurgreiðslur, skatta, innkaupastefnu, viðskiptagerninga á borð við tolla, og önnur stoðúrræði, og gera umbætur þegar slík reglun raskar samkeppni að þarflausu.

Stjórnvöldum ber að sjá til þess að áætlanir, sem eiga að draga úr hugsanlegum útgjöldum vegna umbóta í reglusetningu og reglustýringu, séu markvissar og tímabundnar, og auðveldi umbætur fremur en að tefja þær.

Tilmælum úr rannsókn OECD á vinnumarkaðnum ber að framfylgja í heild til að örva getu launafólks og fyrirtækja til að aðlagast nýjum tækifærum til atvinnu og viðskipta og nýta sér þau.

Áhrif umbóta í reglusetningu og reglustýringu.

Umbætur í reglun og eftirliti, jafnt á sviði efnahagsmála sem félagsmála og stjórnsýslu, leiða oft til umfangsmikilla breytinga á viðhorfum og viðbrögðum fyrirtækja, launþega og almennra borgara. Þessi breyttu „menningarviðhorf" styrkja áhrif umbóta á regluverki með því að gera framtak og nýsköpun í hagkerfinu auðveldari.

Reynslan í OECD-löndum sýnir að vel unnar umbætur í reglusetningu og reglustýringu stuðla að bættum efnahag og bættri ríkisstjórn. Í 2. ramma eru sýnd dæmi um áhrif umbóta í ýmsum atvinnugreinum og á stefnumótun. Erfiðara er að áætla hver áhrifin eru á hagvöxt og framleiðslu í hagkerfinu í heild. Þetta á einkum við um eflingaráhrif umbóta, t.d. umbætur í fjarskiptamálum eða orkumálum sem leiða af sér nýsköpun og atvinnusköpun í öðrum atvinnugreinum. Engu að síður bendir sýnilíkan, sem unnið hefur verið hjá OECD, til þess að ávinningur geti verið verulegur þegar tímar líða. Athuganir sem gerðar hafa verið í löndum þar sem umbætur hafa átt sér stað renna stoðum undir þessar áætlanir.

Í þeim löndum sem búa við umfangsmikið reglu- og eftirlitskerfi má búast við að verg landsframleiðsla aukist um 3 til 6 af hundraði þegar umbótum hefur verið hrint í framkvæmd af metnaði, samkvæmt líkönum frá OECD. Lönd, sem komin eru langt á braut umbóta í þessum efnum, hafa þegar uppskorið hluta af slíkum ávinningi og hafa minni hag af frekari umbótum.

Ástralar telja ávinning sinn af umbótum um það bil 5,5 af hundraði landsframleiðslu. Vegna evrópska innra markaðarins er talið að tekjur hafi aukist um 1,5 af hundraði í Evrópusambandinu frá 1987 til 1993, og framkvæmdastjórnin býst við enn frekari ávinningi. Í Japan er talið að unnt sé að auka verga landsframleiðslu um nokkra hundraðshluta með því að minnka mun á verðlagi og framleiðni milli Japans og Bandaríkjanna, einkum með umbótum í reglusetningu og reglustýringu.

Umbætur skipta einkum máli fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, en í þeim starfa milli 40 og 80 af hundraði mannaflans í OECD-hagkerfum (eftir löndum); þau eiga stóran hlut í atvinnusköpun og upptökin að miklum hluta tæknibreytinga og nýsköpunar. Þótt sumar reglugerðir kunni að miðast að því sérstaklega að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum góð kjör, er það yfirleitt svo að samanlögð áhrif laga og reglugerða bitna einkum á slíkum fyrirtækjum. Þau eiga erfiðara um vik en stærri fyrirtæki að rata um flókna stigu reglugerða

og skrifræðis, og hlutfallslegur kostnaður af því að fullnægja kröfunum er meiri en hjá stærri fyrirtækjum.

Umbætur geta skapað sóknarfæri í viðskiptum og fjárfestingu. Þær fækka margvíslegum óþörfum eftirlitskröfum og draga úr málsmeðferð sem er mismunandi milli landa og stangast þá á eða veldur tvíverknaði, og auka þannig stærðarhagkvæmni og auðvelda nýsköpun með tæknisamvinnu. Slíkur ávinningur af milliríkjasamstarfi hefur orðið meira áberandi á evrópska innra markaðnum og stuðlað að farsælli gerð nýlegs samnings um undirstöðufjarskipti á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Sérstaklega ber að hafa í huga áhrif umbótanna í atvinnumálum, en þau fara að miklu leyti eftir því umhverfi sem umbæturnar eru gerðar í og þeim tímamörkum sem þeim eru sett. Öflugri hagkerfi með meiri nýsköpun leiða að öðru jöfnu til fleiri og betur launaðri starfa. Umbætur, sem fela í sér afnám aðgangshafta, stuðla að lægra verðlagi, draga úr byrðum sem hvíla á fyrirtækjum vegna fyrirmæla og stjórnsýslugerða, fjölga viðskiptafærum og stuðla að nýsköpun, geta skapað fyrirtækjum ný tækifæri og aukið atvinnu. Einkum er mikilvægt að draga úr þeim hömlum sem litlum og meðalstórum fyrirtækjum eru settar. Í Evrópu hefur nær öll fjölgun starfa átt sér stað í litlum og meðalstórum fyrirtækjum undanfarin ár. Á tíu ára tímabili fram til 1994–95 fjölgaði störfum í Ástralíu um 1,2 milljónir og varð fjölgunin nær öll í litlum fyrirtækjum, þótt ekki sé fullan helming allra starfa að finna þar.

Störfum getur fækkað í atvinnugreinum þar sem fyrirtæki þurfa að segja upp starfsfólki til að mæta aukinni samkeppni. Í sumum greinum fækkar störfum í heild þegar til langs tíma er litið, en annars staðar hafa ný fyrirtæki boðið störf og bætt þannig upp fækkun starfa í upphafi.

Fjarskipti: Í Japan og Finnlandi hafa umbætur leitt til heildarfjölgunar starfa í þessari atvinnugrein vegna mikillar framleiðsluaukningar. Í Bandaríkjunum eru nú jafnmörg störf í hefðbundnum fjarskiptagreinum og fyrir umbætur, en störfum í skyldum greinum á sviði upplýsingatækni og höfundarréttar fjölgaði úr 3 milljónum 1977 í 5,9 milljónir 1994 og þessar atvinnugreinar eru meðal þeirra sem flest störf skapa. Með því að fjarlægja aðrar hömlur á sviði fjarskipta er ætlað að skapa megi 3,6 milljónir nýrra starfa á tíu árum. Samhæfing farsímastaðla í Evrópu átti þátt í sköpun 80.000 nýrra starfa á árunum 1990 til 1995 eftir því sem framleiðsla jókst.

Flutningar með flugi: Umbætur í flugrekstrarmálum í Bandaríkjunum leiddu fyrst til fækkunar starfa, en 1996 var svo komið að heildaratvinna hafði aukist um nærri 80 af hundraði frá upphaflegum tölum með aukinni framleiðni. Í Bretlandi minnkaði atvinna í þessari grein í upphafi en er nú nærri því komin í fyrra horf.

Virkir vinnumarkaðir og stöðugt heildarhagkerfi, sem er skipulagt til að viðhalda hagvexti, stuðla að því að ný atvinnutækifæri leiði til aukinnar heildaratvinnu og minna atvinnuleysis. Aldrei hefur verið brýnna að stuðla að virkri vinnumálastefnu, þar á meðal á sviði menntunar og þjálfunar. Í vinnumarkaðsathugun OECD frá 1994 var sett fram víðtæk aðgerðaáætlun sem miðar að því að auka aðlögunarhæfni vinnumarkaðarins og getu hagkerfisins til þekkingarsköpunar og nýsköpunar. Framhaldsathuganir benda til þess að í þeim löndum sem best hafa náð að hrinda tilmælum vinnumarkaðsathugunarinnar í framkvæmd hafi tekist að auka sveigjanleika vinnumarkaðarins og þjálfa launþega svo þeir eigi hægara um vik að taka að sér ný störf.

Stuðningur við opinber stefnumið.

Í heimi stöðugra breytinga er nauðsynlegt að stjórnvöld hlutist til um að verja og styrkja mikilvæg félagsleg markmið á borð við öryggi, heilbrigði, almannaþjónustu, umhverfisvernd, orkudreifingaröryggi og ýmislegt fleira. Raunar aukast væntingar almennings í þessum efnum yfirleitt eftir því sem hagkerfið tekur framförum. Reynslan sýnir að umbætur í reglusetningu og reglustýringu ættu ekki að vinna gegn slíkum markmiðum og geta oft stuðlað að þeim. Skilvirkari og öflugri hagkerfi gera stjórnvöldum sömuleiðis hægara um vik að þjóna almannahagsmunum af þessu tagi, en þau verða að fylgjast vandlega með þeim áhrifum sem aukin markaðssamkeppni hefur á slík markmið og geta þurft að grípa til viðbótarráðstafana til að verja þau. Þegar neytendum er boðið meira úrval geta þeir til dæmis þurft á meiri upplýsingum að halda og ráðstöfunum sem auka traust í viðskiptum. Þeir sem setja reglugerðir geta líka þurft að grípa skjótt inn í með réttum hætti til að bregðast við hraðri markaðsþróun, svo að verja megi öryggi og heilsu almennings og önnur gildi.

Áhrif eftirlitsumbóta á umhverfisvernd fara eftir því hversu vel stjórnvöldum tekst að sjá fyrir slík áhrif og bregðast við þeim. Sum reglukerfi auka bæði samkeppnishömlur og umhverfisspjöll; umbætur á slíkum sviðum ættu að hafa forgang. Nýjar aðferðir við setningu fyrirmæla og stjórnun án fyrirmæla, til að mynda verkstaðlar, sem byggjast á ákveðnum markmiðum, og fjárhagslegar ívilnanir, geta leitt til hreinna umhverfis með lægri tilkostnaði.

Fjárhagsleg og félagsleg markmið ættu að hafa stuðning hvort af öðru. Samkeppnishömlur, til að mynda takmarkanir á innflutningi, verði, framleiðslu eða framleiðsluháttum, eru afar dýrkeypt leið til að verja hagsmuni almennings, hafa oft borið lítinn árangur og er því rétt að forðast. Til kunna að vera ódýrari aðferðir, sem duga betur á samkeppnismörkuðum, til að mynda markaðsívilnanir, eða reglugerðir sem ekki hafa áhrif á samkeppni. Sú leið sem farin er skyldi ávallt metin með tilliti til ávinnings. Í góðum reglugerðum skiptir öllu máli að notast sé við sanngjarna staðla, sem allir framleiðendur eiga að fara eftir og byggjast á greiningu á ávinningi og útgjöldum, vísindalegri viðmiðun og aðferðum við áhættumat, og styrktir eru með árangursríkri framkvæmd.

Áætlanir til árangursríkra umbóta.

Forusta stjórnmálamanna og samræmi í framkvæmd eru nauðsynlegar forsendur árangurs. Sama er að segja um skilvirk samskipti.

Almenningur þarfnast upplýsinga um það hvers vegna umbætur eru taldar svo nauðsynlegar velferð hans og komandi kynslóða.

Þörf er á opnum umræðum þar sem allar upplýsingar koma fram og allir helstu hagsmunaaðilar eru þátttakendur, til að útskýra megi ávinning af umbótum og vinna gegn áróðri áhrifaríkra hagsmunahópa sem leitast við að viðhalda óbreyttu ástandi.

Heildstæðar umbótaaðgerðir eru áhrifaríkari en stakar breytingar. Umbótaskrefin má taka eitt í einu með hæfilegu millibili, en dagsetning hverrar breytingar skyldi vera ljós og ákveðin frá upphafi.

Allar ríkisstjórnir hafa verulega hagsmuni af umbótum í reglusetningu og reglustýringu og þeim ávinningi sem þær geta leitt af sér, þar á meðal aukinni verslun og fjárfestingu. Alþjóðlegar reglur og verklagsreglur, sem beinast að því að bæta reglugerðir og stjórnsýsluaðferðir, stuðla að umbótum í hverju landi fyrir sig. Milliríkjasamstarf, skuldbindingar, sem samþykktar eru í samræmi við leiðbeiningar og tilmæli um stefnumörkun frá OECD og samninga á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, og aðrar aðferðir á alþjóðavettvangi,

þar á meðal tvíhliða samningar um gagnkvæma viðurkenningu, eru vottur um umbætur í hverju landi en hvetja líka til þeirra.

Framhaldsstarf á vegum OECD.

Enda þótt starf að umbótum í reglusetningu og reglustýringu hafi aukist verulega undanfarin ár er hraði umbótanna og umfang afar mismunandi eftir aðildarríkjum. OECD getur aðstoðað aðildarríkisstjórnir á þessu sviði með þverfaglegri greiningu og reynslusamanburði ásamt jafningjaúttekt, sem náð getur athygli háttsettra stjórnmálamanna í hverju landi, aukið gagnsæi umbótaferilsins, og veitt stjórnvöldum, sem leitast við að koma fram umbótum, þær upplýsingar sem þau þurfa á að halda til að útskýra jafnt mikilvægi sem afleiðingar skipulegra umbóta.

Ráðherrar OECD-landanna fögnuðu þessari skýrslu um umbætur í reglusetningu og reglustýringu á fundi sínum í maí 1997 og lýstu stuðningi við meginreglurnar sem þar eru settar fram. Þeir samþykktu að starfa að framgangi tilmælanna í henni, en þau beinast fyrst og fremst að því hvernig stjórnvöld geta bætt reglugerðir sínar og stjórnsýsluaðferðir. Þeir vísuðu til þeirrar áætlunar OECD að takast á hendur frekara starf á sviði atvinnugreina og opinberrar stefnumótunar og fóru þess á leit við stofnunina að frá og með 1998 stæði hún fyrir úttekt á umbótum í reglusetningu og reglustýringu í aðildarríkjunum, sem byggðist að hluta á sjálfsmati, með það að markmiði að stuðla að stöðugt batnandi stjórnsýsluaðferðum í aðildarlöndunum. Þeir óskuðu eftir skýrslu um framvindu mála á næsta fundi sínum 1998.

Tilmæli um stefnumörkun.

Tilmælin um umbætur í reglusetningu og reglustýringu byggjast á þeirri reynslu sem fengist hefur í OECD-löndum, eins og unnið er úr henni í undirbúningsskýrslum um atvinnugreinar og einstök efni, sem voru grundvöllur þessarar skýrslu. Tilmælin ber að skoða sem eina heild og þau eiga við um flestar atvinnugreinar og stefnumörkunarsvið. Framkvæmd þeirra verður mismunandi eftir löndum vegna ólíkrar stefnu hins opinbera, málamiðlana um stefnu, forgangsraðar og þarfa á sviði umbóta, og þeirrar skipunar sem er á lagakerfum og stofnunum. Þessi tilmæli geta gert stjórnvöldum auðveldara að gera reglugerðir og formkröfur, sem hafa safnast saman með árunum, bæði nútímalegri og hentugri og koma af stað innan stjórnsýslunnar samfelldu starfi við fyrirmæli sem orðið getur til að verja á komandi árum það sem hefur áunnist við umbæturnar.

1. rammi: Hvað er reglun og hvað eru umbætur í reglusetningu og reglustýringu?

Í þessari skýrslu er með reglun átt við þá gerninga sem stjórnvöld beita til að gera kröfur til einstaklinga og fyrirtækja og stjórnvalda sjálfra, þar á meðal lög, reglugerðir og aðrar reglur sem settar eru á ýmsum stjórnsýslustigum og af hálfu stofnana sem til þess eru bærar.

Fyrirmæli um efnahagsmál hafa bein áhrif á ákvarðanir fyrirtækja og markaðs um verð, samkeppni, markaðsaðgang eða brotthvarf af markaði.

Fyrirmæli um félagsmál verja gildi á borð við heilbrigði, öryggi, umhverfi og félagslega samheldni.

Opinber fyrirmæli lúta að formsatriðum og pappírsvafstri á vegum stjórnvalda, „skriffinnsku“ svonefndri.

Umbætur í reglusetningu og reglustýringu miðast að því að bæta fyrirmæli, hvort sem það felst í því að endurskoða ein fyrirmæli, endurskoða skipulag þeirra stofnana sem setja fyrirmæli, eða að bæta aðferðir við setningu fyrirmæla og stjórn umbótastarfs.

Afnám hafta er undirflokkur umbóta í reglusetningu og reglustýringu og felur í sér niðurfellingu fyrirmæla í tiltekinni atvinnugrein að öllu leyti eða að hluta.

2. rammi: Nokkur dæmi um áhrif umbóta í reglusetningu og reglustýringu.

Lög og reglur eru aðeins einn margra þátta sem skipta máli í efnahagslífinu, og erfitt getur reynst að skilja áhrif umbóta frá áhrifum tækninýjunga, svo dæmi sé tekið. Reynslan sýnir þó að ef umbætur ýta undir samkeppni og opna markaði, stuðla þær að aukinni framleiðni, lækka verð, leiða til nýrri og betri vöru og þjónustu og auka afköst.

Heildarávinningur neytenda: Í Japan hefur aukin skilvirkni af völdum umbóta orðið til þess að tekjur neytenda vaxa um þessar mundir um hér um bil 0,3 af hundraði á ári, eða um 36 milljarða bandaríkjadala. Í Bandaríkjunum er talið að umbætur í ýmsum atvinnugreinum færi neytendum og framleiðendum árlegan ávinning sem nemur 42 til 43 milljörðum bandaríkjadala.

Iðnaðarframleiðsla: Framleiðni verkafólks í Evrópu jókst helmingi hraðar í þeim greinum iðnaðar sem helst hafa notið góðs af samkeppnishvetjandi umbótum á innri markaði Evrópu en í öðrum atvinnugreinum.

Fjarskipti: Samkeppni auðveldaði neytendum að njóta góðs af nýsköpun í þessari hraðvaxandi atvinnugrein. Afnám einkaréttar átti þátt í að ýta undir nýja tækni og fjölga farsímanotendum í OECD-löndum úr 700.000 árið 1985 í 71 milljón árið 1995. Eftir umbæturnar lækkaði meðalverð á símaþjónustu um 63 af hundraði á Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi og 41 af hundraði í Japan; verð á langlínusímtölum lækkaði um 66 af hundraði í Finnlandi.

Flutningar í lofti: Eftir afnám hafta árið 1993 í samræmi við innri markaðinn í Evrópu voru 800 ný flugrekstrarleyfi gefin út í Evrópu og fleira fólk notfærir sér ódýr almenn fargjöld. Í Bandaríkjunum lækkuðu raunfargjöld um þriðjung frá 1976 til 1993; talið er að rúman helming þessarar lækkunar megi rekja til niðurfellingar reglustýringar.

Í atvinnugreinum, sem njóta mikillar verndar, er hugsanlegt að gera þurfi djúptækar og torsóttar skipulagsbreytingar.

Landbúnaður: Um miðjan níunda áratuginn var nær allur stuðningur við landbúnað afnuminn á Nýja-Sjálandi til að auka nýsköpun og skilvirkni. Meðan atvinnugreinin aðlagaðist þessu minnkaði hagnaður í búrekstri, sum fyrirtæki lögðu upp laupana og starfsmönnum fækkaði um 10 af hundraði. Nú er atvinnugreinin samkeppnisfær á alþjóðavettvangi og flytur meira út og á fleiri markaði, hlutur hennar í vergri landsframleiðslu er stærri en nokkru sinni fyrr og gæði og fjölbreytni framleiðslunnar hafa aukist.

Beiting markaðsívilnana og árangursríkari, skilvirkari fyrirmæla, þar á meðal fyrirmæla sem beinast að ákveðnum markmiðum, hefur stuðlað að verndun almannahagsmuna.

Umhverfisvernd: Skattur á brennistein í brennsluolíu í Svíþjóð lækkaði hlutfallstölu brennisteins í olíunni um nærri 40 af hundraði umfram reglugerðarkröfur. Í Danmörku dró skattur á hættulaus úrgangsefni úr förgun úrgangs um helming og jók endurvinnslu að sama skapi.

Öryggi og hollusta: Þegar ströng „skipanafyrirmæli“ voru látin víkja fyrir sveigjanlegum staðli um öryggi í verksmiðjum í Ástralíu var talið að það hefði fækkað dauðsföllum og meiðslum í slíkum verksmiðjum um fjórðung. Í Bandaríkjunum er talið, að umbætur í reglusetningu og reglustýringu, sem veita fyrirtækjum aukið svigrúm til að tryggja að sjávarfang sé hættulaust, muni koma í veg fyrir 20.000 til 60.000 matareitrunartilvik árlega.

Ávinningur af umbótum getur minnkað eða snúist í andhverfu sína ef stjórnvöld taka ekki upp stefnu sem tryggir hæfilegan stöðugleika og varúð, eða grípa til annars konar uppbótarstefnu til að verja almannahagsmuni á samkeppnismörkuðum.

Fjármálasvið: Umbætur hafa stuðlað að því að fram komi öflug og alþjóðleg fjármálaþjónusta hagkerfinu til gríðarlegs ávinnings. En í sumum löndum olli það dýrkeyptri kreppu í lána- og bankamálum eftir afnám hafta, að látið var hjá líða að bjóða réttar ívilnanir og fylgjast af aðgát með fjármálamörkuðum.

Altæk þjónusta: Þar sem samkeppnismarkaðir tryggja almenningi ekki í nægilega ríkum mæli aðgang að nauðsynlegri þjónustu beita sum ríki samkeppnishlutlausum aðgerðum til að vernda hópa sem eiga undir högg að sækja. Í Frakklandi eru flugfélög og fjarskiptaþjónusta skattlögð og gagnsæir sjóðir stofnaðir til þess að fullnægja skyldum um þjónustu fyrir almenning.

Leigubílar: Í Svíþjóð jók afnám hafta framboð á leigubílaþjónustu og stytti biðtíma notenda. Með aukinni samkeppni á markaðnum þurfti þó að grípa til frekari ráðstafana til að bæta neytendavernd og draga úr skattsvikum.

Fylgiskjal II.

Tilmæli OECD varðandi reglusetningu og reglustýringu.[1]

Eftirlitsstarfsemi hins opinbera hefur einnig verið til umræðu innan OECD, sem samþykkti hinn 9. mars 1995 tilmæli til aðildarríkja sinna um að taka eftirlitsstarfsemi, reglusetningu og reglustýringu til markvissrar skoðunar. Í samþykkt sinni minnti OECD á að reglusetning og reglustýring væru meðal mikilvægustu verkfæra stjórnvalda í OECD-ríkjum og vandaðar reglur væru því grundvöllur árangursríkrar stjórnsýslu. Einnig minnti OECD á að umhverfi það sem einkafyrirtæki búa við er fyrst og fremst ákvarðað af ákvæðum um ábyrgð og hömlur í opinberum reglum og að vönduð reglusetning og reglustýring stuðlar að hagvexti og betri nýtingu auðlindanna. Að lokum minnti OECD á að vandaðar og gagnsæjar reglur væru stöðugt mikilvægari í síminnkandi heimi þar sem áhrif reglusetninga ná út fyrir landamæri ríkja og samvinna um reglusetningu og reglustýringu er nauðsynleg til að takast á við brýn viðfangsefni svo sem umhverfismál, glæpi, fólksflutninga, neytendavernd, fjárfestingar og viðskipti.

Í þessu ljósi beindi OECD því til aðildarríkja sinna að þau gripu til ráðstafana til að tryggja gæði og gagnsæi þeirra reglna sem settar væru, til dæmis með því að:

1. Kanna gæði og notagildi þeirra stjórnsýsluaðferða og pólitísku starfshátta sem tíðkast við smíði, framkvæmd, mat og endurskoðun reglna og noti því til stuðnings markmiðin sem sett eru fram í eftirfarandi viðmiðunargátlista um reglusetningu og reglustýringu.

---

[1] Reglusetning og reglustýring vísa til hugtaksins „reglulation“ sem notað er í texta OECD. Ástæða þess að hugtakið er þýtt með tveimur orðum er sú að merking þess er ólík eftir því í hvaða samhengi það er notað. Með nokkurri einföldun má segja að „regulation“ merki reglusetning þegar unnið er að undirbúningi og setningu reglna en reglustýring þegar reglurnar eru komnar til framkvæmdar. Einnig getur hugtakið vísað beint til einstakra reglna. Stundum getur jafnvel verið rétt að þýða hugtakið sem eftirlit eða eftirlitsstarfsemi.

2. Koma á (að svo miklu leyti sem skynsamlegt þykir og í samræmi við lög og almenna stjórnsýsluhætti) stjórnsýslu- og stjórnunarkerfum sem tryggi að markmiðin um ábyrga ákvarðananartöku, eins og þau eru sett fram í gátlistanum, komi fram við reglusetningu.
3. Gera markmiðin um skilvirka, sveigjanlega og gagnsæja ákvarðanatöku að opinberri stefnu á öllum sviðum stjórnsýslu.
4. Huga sérstaklega að gæðum og gagnsæi við reglusetningu sem áhrif hefur í öðrum löndum eða tengist alþjóðlegum viðskiptum, fjárfestingum eða öðrum þáttum alþjóðlegra samskipta.

Til þess að auðvelda vinnu við endurskoðun og mat á reglusetningu, reglustýringu og eftirlitsstarfsemi hefur OECD gefið út eftirfarandi gátlista sem nota má á öllum stigum stefnumótunar og ákvarðanatöku.

Viðmiðunargátlisti OECD um reglusetningu og reglustýringu.

Sífellt eru gerðar auknar kröfur til árangurs stjórnvalda. Stjórnkerfin aðlagast víðtækum breytingum á alþjóðavettvangi, sem felast í auknu samstarfi milli ríkja, harðari samkeppni og nýrri tækni. Ná þarf stjórn á fjárlagahalla og tökum á efnahagslegum vandamálum, samtímis því sem borgararnir gera auknar kröfur um aðgerðir vegna aðkallandi félagslegra málefna og málena er varða umhverfið. Stjórnsýslunefnd OECD hefur bent á að við slíkar aðstæður verði hið opinbera að skila bættum árangri án aukinna fjármuna og leita nýrra og betri leiða í starfsemi sinni. Stjórnvöld verða að þróa skilvirkar aðferðir til að unnt sé að sveigja stefnu og ákvarðanir að breytilegum aðstæðum og beita réttum aðferðum og hvötum til að tryggja árangursríka framkvæmd stefnumála.

Viðmiðunargátlisti OECD um reglusetningu og reglustýringu er svar við þeirri þörf sem er á að þróa og bæta reglusetningu og reglustýringu. Listinn felur í sér tíu spurningar um reglusetningu og reglustýringu sem hægt er að beita á öllum stigum stefnumótunar og ákvarðanatöku. Spurningarnar endurspegla meginreglur vandaðrar ákvarðanatöku, sem notaðar eru í OECD-ríkjum til að auka virkni og hagkvæmni opinberrar reglusetningar og reglustýringar með því að tryggja laga- og þekkingargrunn reglusetningar, skýra valkosti, stuðla að vandaðri ákvörðunum embættismanna, innleiða skipulegra og skýrara ákvörðunarferli, benda á úreltar og ónauðsynlegar reglur og gera athafnir stjórnvalda gagnsærri. Gátlistanum er ætlað að vera eitt af mörgum úrræðum sem notuð eru við stjórnun reglusetningar og reglustýringar. Einnig þarf að styðjast á skipulegan hátt við aðferðir eins og söfnun og greiningu upplýsinga, samráð við hagsmunaaðila og kerfisbundið mat á gildandi reglum.

***Spurning nr. 1:* Er vandinn rétt skilgreindur?**

Gera þarf nákvæma grein fyrir þeim vanda sem ætlunin er að takast á við, leggja fram greinargóð gögn um eðli hans og umfang og útskýra ástæður hans (með vísan til þess hvaða þættir hafa áhrif á ákvarðanir þeirra sem tengjast vandanum).

***Spurning nr. 2:* Eru opinber afskipti réttlætanleg?**

Færa þarf skýr rök fyrir því að opinber afskipti séu réttlætanleg, í ljósi eðlis vandans, líklegs ávinnings og kostnaðar við opinber afskipti (byggt á raunsæju mati á mögulegum árangri stjórnvalda) og annarra leiða sem kunna að vera fyrir hendi til að takast á við vandann.

Spurning nr. 3: **Er hefðbundin reglusetning hentugasta form opinberra afskipta?**

Þeir sem undirbúa og setja reglur skulu gera vandaðan samanburð á kostum og göllum þeirra ólíku leiða sem stjórnvöld geta valið til afskipta, hvort sem þær byggja á hefðbundinni reglusetningu eða öðrum aðferðum. Þegar á undirbúningsstiginu ætti að meta áhrif hinna ýmsu valkosta við hefðbundna reglusetningu á þætti eins og kostnað, ávinning, áhrif á aðstæður ólíkra þjóðfélagshópa og á umfang og eðli stjórnsýslu hins opinbera.

Spurning nr. 4: **Er lagagrunnur fyrir reglusetningu?**

Skipa þarf reglusetningu og reglustýringu þannig, að lögmæti allra ákvarðana sé tryggt, að ljós sé ábyrgð á því að reglusetning og reglustýring byggi á heimildum í lögum, sé í samræmi við samningsskuldbindingar og í samræmi við meginreglur stjórnarfars s.s. um réttaröryggi, meðalhóf og vandaða málsmeðferð.

Spurning nr. 5: **Hvaða stjórnsýslustig hentar best?**

Þeim sem undirbúa og setja reglur ber að velja framkvæmd reglnanna það stjórnsýslustig sem best hentar hverju sinni. Ef reglustýring er framkvæmd af fleiri en einu stjórnvaldi er nauðsynlegt að tryggja samræmi í framkvæmd þeirra.

Spurning nr. 6: **Réttlætir ávinningur kostnaðinn af reglusetningu?**

Þeir sem undirbúa og setja reglur eiga að meta væntanlegan heildarkostnað og ávinning af hverri nýrri tillögu um reglusetningu og einnig af hugsanlegum valkostum við hefðbundna reglusetningu. Matið ætti að gera aðgengilegt þeim sem taka ákvarðanir. Ekki ætti að grípa til opinberra afskipta nema að ljóst sé að ávinningurinn réttlæti kostnaðinn.

Spurning nr. 7: **Eru áhrif á hina ýmsu hópa þjóðfélagsins ljós?**

Þeir sem undirbúa og setja reglur ættu að gera ljós áhrif reglusetningar og reglustýringar, kostnaðar jafnt sem ávinnings, á ólíka þjóðfélagshópa, tekjudreifingu í þjóðfélaginu og meginreglna um jafnræði borgaranna.

Spurning nr. 8: **Eru reglurnar skýrar, skiljanlegar og aðgengilegar þeim sem þær beinast að?**

Þeir sem undirbúa og setja reglur ættu að meta hvort þær séu skiljanlegar þeim sem þær beinast að og grípa til sérstakra ráðstafana til að tryggja að málfar og uppbygging reglnanna séu eins skýr og unnt er.

Spurning nr. 9: **Hafa hagsmunaaðilar átt þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri?**

Vinna ætti að reglusetningu með opnum hætti og tryggja með skilvirkum hætti möguleika hagsmunaðila svo sem atvinnurekenda, launþega, annarra hagsmunahópa og annarra stjórnsýslustiga, til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í tíma og leggja þannig sitt af mörkum við reglusetningu.

Spurning nr. 10: **Hvernig er tryggt að farið verði að settum reglum?**

Þeir sem undirbúa og setja reglur ættu að meta þá hvata og þær stofnanir sem hafa áhrif á framgang og virkni reglustýringar og nota viðeigandi hvata og stofnanir til að auka líkur á því að farið verði að settum reglum.

Fylgiskjal III.

Greinargerð nefndar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Inngangur.

Frumvarpið er samið á vegum nefndar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem skipuð var af forsætisráðherra 9. september 1993. Nefndinni var ætlað að móta samræmda heildarstefnu á sviði skoðunar, prófunar og eftirlits á vegum hins opinbera. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra þeirra ráðuneyta sem annast framkvæmd eftirlitsreglna af einu eða öðru tagi, auk fulltrúa forsætisráðuneytisins sem var formaður nefndarinnar. Það er lýsandi fyrir umfang opinberrar eftirlitsstarfsemi að í nefndinni voru fulltrúar allra ráðuneyta nema utanríkisráðuneytis og Hagstofu Íslands. Í nefndina voru skipaðir:

Eyjólfur Sveinsson, forsætisráðuneyti, formaður,
Ari Edwald, dóms- og kirkjumálaráðuneyti,
Brynjólfur Sandholt, landbúnaðarráðuneyti,
Dögg Pálsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,
Halldór Árnason, sjávarútvegsráðuneyti,
Halldór Árnason, fjármálaráðuneyti,
Ragnhildur Hjaltadóttir, samgönguráðuneyti,
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneyti,
Stefán Baldursson, menntamálaráðuneyti,
Sturlaugur Tómasson, félagsmálaráðuneyti,
Sveinn Þorgrímsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með nefndinni störfuðu Haukur Ingibergsson og Sigurður Helgason frá Hagsýslu ríkisins.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar voru meginverkefni hennar:

- að gera úttekt á umfangi og eðli opinberrar eftirlits- og öryggisstarfsemi í landinu,
- að meta á hvern hátt samræmingu og samþáttun verkefna hjá ólíkum eftirlits-, skoðunar- og prófunaraðilum verður við komið,
- að láta gera hagkvæmnismat með samanburði núverandi fyrirkomulags við líklega valkosti,
- að láta endurskoða gildandi reglugerðir,
- að gera tillögur um framtíðarskipan.

Við gerð tillögu að framtíðarskipan átti nefndin að taka mið af eftirtöldum markmiðum:

- að heildarkostnaður við opinbert eftirlit lækki,
- að þjónusta á sviði prófunar, skoðunar og eftirlits batni,
- að hagrætt verði í eftirlitsstarfi hins opinbera með samræmingu aðgerða skyldra aðila og samþættingu verkefna,

- að beinn kostnaður hins opinbera lækki með flutningi þjónustu frá ríki og sveitarfélögum út á frjálsan markað,
- að beina gjaldtöku til þeirra aðila sem þjónustunnar njóta.

Ástæður þess að nefndin var sett á stofn eru margvíslegar. Um nokkurt skeið hafa hagsmunaaðilar látið í ljósi áhyggjur vegna umfangs eftirlitsstarfsemi. Þær raddir heyrast að eftirlitsstarfsemi sé orðin of umfangsmikil og kosti fyrirtækin of mikið. Einnig er kvartað yfir því að eftirlit hinna ýmsu stjórnvalda sé ómarkvisst og samhæfingu skorti. Þannig sé mögulegt að gerðar séu andstæðar kröfur til fyrirtækja og að ólíkir eftirlitsaðilar hafi eftirlit með sömu þáttum.

Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði var gengist undir þær skyldur að setja í íslenska löggjöf mikinn fjölda af reglum Evrópusambandsins. Stór hluti þessara reglna gerir kröfur um eftirlit að einhverju tagi. Það er ljóst að það er mikið átak fyrir lítið stjórnkerfi eins og hið íslenska að setja og framkvæma þessar reglur. Það er einnig ljóst að það getur verið erfitt að tryggja hagkvæma framkvæmd reglnanna, enda eru þær í mörgum tilfellum sniðnar að öðrum þörfum en ríkja hér á landi. Á hinn bóginn eru reglurnar oft sveigjanlegar, þannig að það á að vera unnt að framkvæma þær með hagkvæmum hætti. Það er því mikilvægt að sérstaklega sé hugað að því að eftirlitsreglur vegna EES-samningsins séu settar með samræmdum hætti og að framkvæmd þeirra sé eins hagkvæm og kostur er á.

Endurskoðun á eftirlitsstarfseminni er einnig þáttur í þeirri almennu viðleitni stjórnvalda að hagræða í ríkisrekstri og endurmeta hvaða verkefni er eðlilegt að ríkið annist. Það er ástæðulaust að ríkið sé að hafa eftirlit þegar innra eftirlit og gæðastjórnun fyrirtækjanna getur skilað sama árangri. Á síðari árum hafa verið að þróast aðferðir til að fela sjálfstæðum aðilum eftirlitsþætti, t.d. skoðanir og prófanir. Þetta hefur margvíslega kosti sem nánar verður vikið að síðar.

Nefndin vann að ýmsum verkefnum í tengslum við eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Í upphafi var lögð áhersla á að greina helstu þætti í eftirlitsstarfseminni. Unnar voru greinargerðir um eftirlitsstarfsemi á vegum einstakra ráðuneyta. Eftirlitsstarfsemin er mjög fjölþætt og eftirlitsstarf fer fram á vegum nær allra ráðuneyta. Samhæfing hinna ýmsu eftirlitskerfa er takmörkuð og brýn þörf virðist vera fyrir samhæfingu og sameiginlega stefnu.

Þróunin í eftirlitsmálum erlendis var könnuð. Í flestum OECD-ríkjum hefur eftirlitsstarfsemi verið endurskoðuð vegna aukins umfangs og kostnaðar, ónógra gæða og skorts á lögmæti. Það virðist vera víðtæk samstaða um að nauðsynlegt sé að endurskoða eftirlitsstarfsemi og stjórna heildarumfangi eftirlits.

Unnin var tillaga að heildarstefnu um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem ríkisstjórnin samþykkti. Stefnan tekur til helstu þátta á sviði eftirlitsmála en er jafnframt ætlað að vera gátlisti um þá þætti og valkosti sem nauðsynlegt er að meta og taka afstöðu til þegar nýjar reglur um eftirlit eru settar eða eldri reglur endurskoðaðar. Markmið stefnunnar er að lækka heildarkostnað, einfalda og bæta þjónustu, færa verkefni út til sjálfstæðra aðila og beina gjaldtöku til þeirra sem þjónustunnar njóta.

Nefndin samdi frumvarp þetta um eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Einnig hefur nefndin skoðað nokkur svið sérstaklega og unnið að tillögum að breytingum. Þær miða að því að einfalda og samþætta eftirlit með hverju viðfangsefni. Þau svið sem nefndin hefur skoðað eru:

- eftirlit með skipum,
- eftirlit með matvælum,
- markaðseftirlit.

Umfang opinberrar eftirlitsstarfsemi.

Fjölmargir aðilar annast þá eftirlitsstarfsemi sem stjórnvöld gera kröfu um. Hér er um að ræða sérhæfðar eftirlitsstofnanir og aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög og einkaaðila. Sérhæfðar eftirlitsstofnanir ríkisins sinna flestar eftirliti sem tengjast öryggi og vernd heilsu og umhverfis. Dæmi um slíkar stofnanir eru:

Brunamálastofnun ríkisins
Fjarskiptaeftirlit ríkisins[1]
Geislavarnir ríkisins
Hollustuvernd ríkisins
Kvikmyndaskoðun
Lyfjaeftirlit ríkisins
Löggildingarstofan
Rafmagnseftirlit ríkisins[2]
Siglingamálastofnun ríkisins[3]
Vinnueftirlit ríkisins

Aðrar sérhæfðar eftirlitsstofnanir annast eftirlit með viðskiptalífi og viðskiptaháttum. Þessar stofnanir eru:

Bankaeftirlit
Samkeppnisstofnun
Tryggingaeftirlitið[4]

Ýmsar stofnanir sinna eftirliti ásamt öðrum verkefnum eða tengjast opinberri eftirlits- og öryggisstarfsemi á einn eða annan hátt. Dæmi um slíkar stofnanir eru:

Ferðamálaráð
Fiskistofa
Flugmálastjórn
Iðntæknistofnun
Landlæknir
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
Sýslumenn
Umferðarráð
Veiðistjóri
Yfirdýralæknir

---

[1] Nú Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. lög nr. 147/1996.
[2] Sameinað Löggildingarstofu, sbr. lög nr. 155/1996.
[3] Nú Siglingastofnun Íslands, sbr. lög nr. 6/1996
[4] Nú Vátryggingaeftirlitið, sbr. lög nr. 60/1994.

Á vegum sveitarfélaga fer einnig fram eftirlit. Sem dæmi um slíkt eftirlit má nefna:

Byggingaeftirlit
Eldvarnaeftirlit
Heilbrigðiseftirlit

Einkaaðilar annast eftirlit að fyrirlagi stjórnvalda. Sem dæmi um slík aðila má nefna:

Skoðunarstofur bifreiða
Skoðunarstofur í fiskiðnaði

Auk alls þessa annast ráðuneyti framkvæmd ýmissa sérhæfðra eftirlitsverkefna.

Ljóst er að eftirlitsreglur eru mjög umfangsmiklar, jafnt í lögum, reglugerðum og öðrum reglum (auglýsingum, orðsendingum, verklagsreglum, gjaldskrám o.fl.). Ekki er unnt að leggja heildarmat á umfang reglnanna, t.d. fjölda reglna eða fjölda blaðsíðna. Þó er ljóst að magn eftirlitsreglna eykst mjög um þessar mundir vegna gildistöku ýmiss konar eftirlitsreglna í tengslum við EES-samninginn. Mikilvægt er að geta haldið utan um þessa þætti þar sem breytingar á fjölda og umfangi eftirlitsreglna er mikilvægur mælikvarði á þróun eftirlitsstarfsemi.

Mjög erfitt er að meta kostnaðinn við opinbera eftirlitsstarfsemi. Lauslegt mat bendir til þess að kostnaður ríkisins vegna eftirlits geti verið 1,5–2 milljarðar króna. Til viðbótar þessum beina eftirlitskostnaði kemur kostnaður vegna eftirlits sveitarfélaga og eftirlits einkaaðila samkvæmt reglum sem ríkið setur. Stór hluti kostnaðar vegna eftirlits er greiddur með gjöldum sem ýmist eru innheimt beint frá þeim sem eftirlitið beinist að eða sem almenn gjöld með svipuðum hætti og skattar og vörugjald. Ekki er óalgengt að kostnaður einstakra fyrirtækja vegna beinna eftirlitsgjalda nemi nokkrum milljónum króna. Við þetta bætast síðan gjöld sem innheimt eru með tryggingagjaldi sem hluti af rafmagnsverði, brunatryggingu o.fl.

Þótt erfitt sé að meta beinan kostnað vegna eftirlits er enn erfiðara að meta óbeinan kostnað. Óbeinn kostnaður verður til með ýmsum hætti. Þannig getur það eitt að afla þekkingar um ákvæði eftirlitsreglna haft kostnað í för með sér. Kröfur stjórnvalda geta kallað á ýmiss konar fjárfestingar hjá fyrirtækjum og kostnað vegna sérstakra vinnubragða, skráningar o.s.frv. Þá getur fórnarkostnaður orðið verulegur, t.d. ef eftirlit kemur í veg fyrir nýja og hagkvæmari skipulagningu framleiðslu, vöruþróun o.s.frv. Að sjálfsögðu eru það oftast neytendur sem bera þennan kostnað að lokum í hærra vöruverði en ella.

Erlendis er reynslan sú að óbeinn kostnaður fyrirtækja vegna eftirlits er mun hærri en kostnaður opinberra aðila. T.d. er áætlað að í Bandaríkjunum sé kostnaður fyrirtækja 55 sinnum hærri en kostnaður opinberra aðila. Þó að menn gefi sér að kostnaður fyrirtækja hér á landi sé ekki nema 10 sinnum hærri en kostnaður opinberra aðila getur heildarkostnaður vegna eftirlitsstarfsemi samt sem áður verið um 20 milljarðar króna. Hér er að sjálfsögðu um hreina ágiskun að ræða en hún sýnir engu að síður að heildarkostnaður vegna eftirlits getur verið umtalsverður. Þar sem stór hluti almenns neysluvarnings er innfluttur er líklegt að verulegur hluti raunverulegs eftirlitskostnaðar verði til í framleiðsluríkjunum en hafi áhrif hér á landi í formi hærra vöruverðs. Rétt er að árétta að hár kostnaður er ekki vandamál í sjálfu sér ef ábati þjóðfélagsins er meiri en kostnaðurinn. Hins vegar er líklegt að þegar kostnaðurinn er að miklu leyti falinn, eins og í þessu tilfelli, geti verið tilhneiging til að vanmeta hann og ofmeta raunverulegan ábata þjóðfélagsins af eftirlitsstarfsemi.

Helstu einkenni og nýskipan eftirlitsstarfsemi.

Í nútímaþjóðfélögum með markaðshagkerfi er þörf fyrir margháttuð og flókin afskipti hins opinbera ef þjóna á gildum þjóðfélagsins og hagsmunum almennings með fullnægjandi hætti. Á undanförnum áratugum hefur eftirlitsstarfsemi orðið mikilvæg aðferð til að hafa áhrif á efnahagsstarfsemi og félagslega þætti. Árangur stjórnkerfisins er að verulegu leyti háður árangri eftirlitsstarfseminnar.

Ríkið hefur nokkur tæki til að ná markmiðum sínum. Þau mikilvægustu eru fjármagn, vinnuafl og reglur. Þær reglur, sem ríkið setur, eru af ýmsu tagi, m.a. reglur um stjórnskipan og skipulag hins opinbera, reglur sem veita borgurunum tiltekin réttindi, þjónustu og fjármagn og reglur sem takmarka frelsi borgaranna. Eftirlitsstarfsemi hefur verið skilgreind sem aðferð sem hefur áhrif á athafnir einstaklinga og fyrirtækja með því að:

- gera tilteknar kröfur í lögum og reglugerðum,
- hafa eftirlit með því að við kröfunum sé orðið,
- þvinga fram breytingar ef ekki er orðið við kröfunum, m.a. með hótun um viðurlög.

Þetta þýðir að í eftirliti felst ávallt takmörkun á möguleikum einstaklinga og fyrirtækja til athafna. Slíkar reglur eru því aðeins settar til að reyna að tryggja mikilvæga þjóðfélagslega hagsmuni. Þeir hagsmunir, sem eftirlitsstarfsemi leitast við að tryggja, eru einkum tvenns konar:

- Félagslegir hagsmunir svo sem öryggi einstaklinga og eigna, heilbrigði, vernd umhverfis og vernd neytenda.
- Efnahagslegir og viðskiptalegir hagsmunir svo sem eðlilegar leikreglur og stöðugleiki í viðskiptum og efnahagslífi, samkeppni og sanngjarnir viðskiptahættir.

Með eftirlitsstarfsemi er verið að reyna að tryggja mikilvæga þjóðfélagslega hagsmuni með því að hafa áhrif á og takmarka athafnir einstaklinga og fyrirtækja. Eftirlitsstarfsemi hlýtur oft að vera umdeild því að þar togast á þeir hagsmunir sem henni er ætlað að þjóna og sú meginregla lýðræðisþjóðfélaga að takmarkanir á athöfnum skuli vera eins litlar og unnt er. Nýskipan eftirlitsstarfsemi beinist ekki síst að því að reyna að draga úr takmörkunum á athöfnum án þess að fórna upphaflegum markmiðum.

Þrátt fyrir að allir geti verið sammála um að mikilvægt sé að vernda þá hagsmuni sem eftirlitsstarfsemi beinist að, er það ekki gefið að raunverulegur árangur sé í samræmi við þann kostnað sem eftirlitsstarfsemin hefur í för með sér.

Eftirlitsstarfsemi hefur aukist mikið á undanförnum áratugum og virðist vinda upp á sig eftir að henni er komið á fót. Ástæðurnar fyrir þessu eru nokkrar. Opinberar stofnanir hafa tilhneigingu til að auka umsvif sín og þetta virðist sérstaklega eiga við um eftirlitsstofnanir. Hagsmunahópar knýja á um eftirlit á tilteknum sviðum. Þá er athyglisvert að aðhald í ríkisfjármálum hefur valdið því að eftirlit er oft notað fremur en þær aðferðir sem hækka ríkisútgjöld. Nýjar kröfur og þarfir, t.d. um aukið öryggi og vernd umhverfis, hafa kallað á aukið eftirlit.

Eftirlit hefur ekki aukist á öllum sviðum. Á sviði efnahagslífsins hefur mjög verið dregið úr eftirlitsstarfsemi og settar almennar leikreglur í stað umfangsmikilla afskipta. Þannig hefur verið dregið úr afskiptum af verðlagi, gjaldeyrismálum, vaxtamálum og viðskiptum og efnahagsstarfsemi almennt. Í staðinn hefur eftirlit, sem ætlað er að þjóna félagslegum markmiðum um öryggi, heilsuvernd, neytendavernd og umhverfisvernd aukist.

Fjölgun eftirlitsreglna getur verið vandamál í sjálfu sér. Það eru takmörk fyrir því hvað einstaklingar og fyrirtæki geta haft þekkingu á mörgum reglum. Eftir því sem reglunum fjölgar, því minni líkur eru á að farið sé eftir þeim. Verði eftirlitsreglur of margar fer fjöldinn að vinna gegn upphaflegum markmiðum þeirra. Þetta getur jafnvel gerst þó að hver einstök regla sé í sjálfu sér skynsamleg.

Sífellt hefur komið betur í ljós að eftirlitsreglur hafa ekki aðeins áhrif einar og sér, heldur mynda þær með öðrum eftirlitsreglum flókið eftirlitskerfi. Áhrif þessa kerfis geta verið allt önnur en ætluð áhrif einstakra reglna. Því er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir heildaráhrif eftirlitsreglna og reyna að hafa áhrif á eftirlitskerfið í heild sinni.

Heildarkostnaður eftirlitsstarfsemi getur verið mjög mikill en mjög erfitt er að meta hann. Heildarkostnaðurinn hefur verið metinn í Bandaríkjunum og er áætlað að hann sé 4–10% af vergri landsframleiðslu eða 15–25% af upphæð fjárlaga. Inni í þessu mati er ekki óbeinn kostnaður vegna eftirlitsstarfsemi eins og minni nýsköpun í atvinnulífi og áhrif á samkeppnisstöðu Bandaríkjanna. Mjög lítill hluti af þessum kostnaði er beinn kostnaður ríkisins. Áætlað er að kostnaður einkaaðila vegna eftirlits sé 55 sinnum hærri en kostnaður opinberra aðila.

Ýmis ríki telja að reyna verði að hafa áhrif á þennan kostnað og stjórna honum. Einn þáttur í því hefur verið að reyna að setja upp svonefnd eftirlitsfjárlög, þ.e. skilgreina með formlegum hætti hversu mikið eftirlitið má kosta þjóðfélagið. Hver eftirlitsstofnun fær síðan eftirlitsfjárveitingu og má heildarkostnaður þjóðfélagsins vegna starfsemi hennar ekki fara umfram fjárveitinguna.

Kostnaður er að sjálfsögðu aðeins annar af tveimur þáttum sem meta þarf til að komast að gildi eftirlitsstarfsemi. Hinn þátturinn er sá árangur eða þær tekjur sem eftirlitsstarfsemin skilar. Lítið eru um að stjórnvöld reyni að meta raunverulegan árangur eftirlitsstarfsemi og oftast eru eftirlitsreglur settar án þess að reynt sé að áætla kostnað og árangur. Ýmsar athuganir benda til að eftirlitsstarfsemi kosti oft meira og skili minni árangri en reiknað var með og trufli að auki starfsemi markaðarins.

Oft er það óskýrt hvaða árangri á að ná með eftirlitsstarfsemi. Vissulega beinist eftirlitið að tilteknum vandamálum en oft skortir raunverulegar rannsóknir á orsökum og afleiðingum þeirra. Möguleikarnir á því að koma í veg fyrir tjón með opinberu eftirliti eru oft ofmetnir. Sem dæmi um þetta má nefna eftirlitsstarfsemi sem miðar að því að draga úr hættu á slysum og heilbrigðisvandamálum en hún hefur vaxið mjög á undanförnum áratugum. Oft er erfitt að meta hver áhættan er í hverju tilfelli fyrir sig og hversu mikið er unnt að minnka hana með eftirlitsstarfsemi. Mikilvægt er að bera saman lækkun áhættu við kostnaðinn við að lækka hana. Oft eykst jaðarkostnaður mjög hratt. Þótt það geti t.d. verið tiltölulega ódýrt að lækka áhættu um 25% getur verið 10 sinnum dýrara að lækka hana um 50% og 100 sinnum dýrara að lækka hana um 75%.

Það er mjög erfitt að meta hversu miklum fjármunum á að verja til eftirlitsstarfsemi. Of mikill kostnaður vegna eftirlits getur dregið úr samkeppnishæfni. Á hinn bóginn getur skortur á eftirliti dregið úr trausti neytenda á gæðum og öryggi vöru og valdið beinu tjóni. Aðalatriðið er að reynt sé að meta bæði kostnað og árangur og móta umfang eftirlits eftir því mati.

Það er ekki aðeins kostnaðurinn við eftirlitsstarfsemi og skortur á árangri sem getur verið vandamál. Eftirlitsstarfsemi er þess eðlis að hún getur unnið gegn grundvallarsjónarmiðum um þingræði og lýðræði. Eftirlitsstarfsemi nýtur oft takmarkaðs þingræðislegs og lýðræðislegs aðhalds. Ástæður þessa eru margvíslegar:

- Hefðbundin eftirlitstæki ríkiskerfisins ná að litlu leyti til eftirlitsstarfsemi. Fjárlög ná þannig aðeins til beins rekstrarkostnaðar eftirlitsstofnana en meginhluti kostnaðar vegna eftirlits fellur á aðila utan ríkiskerfisins. Ekkert beint aðhald er að þessum kostnaði.
- Eftirlitsstarfsemi er það flókin og tæknilega sérhæfð að ákvarðanir eru látnar í hendur sérfræðingum sem oftast starfa hjá viðkomandi eftirlitsstofnunum. Erfitt getur verið að draga mörkin milli tæknilegra ákvarðana og pólitískrar stefnumótunar. Ákvarðanir, sem hafa víðtæk efnahagsleg og þjóðfélagsleg áhrif, á að taka á pólitískum forsendum en þar sem slíkar ákvarðanir virðast oft tæknilegar eru þær í raun teknar af sérfræðingum. Möguleikar ráðuneyta og stjórnmálamanna til að hafa áhrif á eftirlitsstarfsemina eru því oft takmarkaðir. Almenningur á erfitt með að hafa áhrif af sömu ástæðum.
- Erfitt er að fylgjast með framkvæmd eftirlits. Mjög algengt er að í lögum sé mikið vald framselt í hendur framkvæmdaraðila og oft eru það eftirlitsstofnanir sem skrifa reglugerðir án þess að embættismenn ráðuneyta og ráðherrar hafi raunverulega yfirsýn yfir efni og afleiðingar þeirra.
- Eftirlitsreglur hafa langtímaáhrif þó að þær aðstæður sem þær miðuðust við og þau gildi, sem þeim var ætlað að þjóna, hafi breyst. Erfitt er að meta raunveruleg áhrif þeirra og því er þeim ekki breytt þótt ástæður séu til þess.

Á undanförnum árum hefur athygli stjórnvalda í OECD-ríkjunum í auknum mæli beinst að eftirliti. Þau hafa vaxandi áhyggjur af eftirlitsstarfseminni og óttast neikvæð áhrif hennar á atvinnulíf og þjóðfélag. Því hafa flest ríkin sett af stað áætlanir um nýskipan eftirlitsstarfsemi. Nýskipan og umbótum er ætlað að bæta notkun eftirlits til að þjóna markmiðum um lýðræði, ábyrgð, þátttöku og gegnsæi og auka árangur eftirlitsstarfsemi og þjóðhagslegt gildi hennar. Nýskipan þjónar því bæði efnahagslegum og lýðræðislegum markmiðum. Nýskipan eftirlitsstarfsemi hefur yfirleitt falist í eftirtöldum þáttum:

- Yfirsýn yfir umfang eftirlitsstarfsemi og mat á heildaráhrifum hennar. Einn mikilvægasti þátturinn í nýskipan eftirlitsstarfsemi hefur verið að skapa yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemina til að meta umfang, einkenni og afleiðingar hennar og skapa þannig grunn að heildstæðum umbótum. Til að mæta þessu hafa stjórnvöld í mörgum OECD-ríkjum sett upp kerfi til að fylgjast með eftirlitsstarfsemi, m.a. umfangi eftirlits, og hafa áreiðanlegar upplýsingar um magn eftirlitsreglna. Mikilvægur þáttur í að tryggja lýðræðislegt aðhald með eftirlitsstarfsemi er að löggjafinn fái aðgengilegar upplýsingar um eftirlit, kostnað og árangur þess.
- Mat á kostnaði og árangri eftirlitsstarfsemi. Eins og fram hefur komið er kostnaðar- og árangursmat lykilþáttur í mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits. Markmiðið er að dregið sé úr eftirliti sem ekki skilar þjóðfélagslegum ábata og auka þannig velferð og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja.
- Umbætur á reglum og skipulagi og aðferðir til að tryggja að farið sé að settum reglum. Mögulegt er að bæta árangur eftirlitsstarfsemi með því að vanda undirbúning og beina starfseminni eins markvisst og unnt er að skilgreindum markmiðum.
- Þróun nýrra valkosta við hefðbundið eftirlit. Hið opinbera ræður yfir mörgum öðrum aðferðum en eftirliti til að hafa áhrif á athafnir. Oft getur verið hagkvæmt að nota aðrar aðferðir en beint eftirlit opinberra aðila, svo sem fjárhagslegar aðferðir, markaðsaðferðir, upplýsingar og fræðslu, reglur og eftirlit að frumkvæði hagsmunaaðila.

- Setning meginreglna um eftirlitsstarfsemi. Árangursríkt getur verið að stjórnkerfið fylgi samræmdum leiðbeiningum um eftirlitsstarfsemi. Því hafa mörg ríki mótað stefnu um eftirlitsmál í formi gátlista sem stjórnvöldum er gert að fara eftir við samningu eftirlitsreglna og framkvæmd eftirlits.

Mikið veltur á því að vel sé staðið að undirbúningi og framkvæmd umbóta og þær heyri undir áhrifaaðila í stjórnkerfinu og gangi þvert á stjórnkerfið. Meginvandamál eftirlitsstarfsemi er að hún er skipulögð eftir þröngum fagsviðum og ýmsum mikilvægum þáttum er annaðhvort sinnt á ósamhæfðan hátt eða alls ekki sinnt. Aðilar, sem annast framkvæmd umbóta, eru jafnframt samhæfingaraðilar í eftirlitsstarfsemi.

Nýskipan eftirlitsstarfsemi hér á landi.

Þegar rætt er um eftirlitsstarfsemi og þau vandamál sem hún getur haft í för með sér má ekki gleyma að á undanförnum árum hafa orðið mikilvægar breytingar á eftirlitsstarfsemi hér á landi. Segja má að grunnurinn að nýskipan eftirlitsstarfsemi hafi að hluta til verið lagður.

Mjög hefur verið dregið úr eftirliti ríkisins með viðskiptalífi og efnahagsstarfseminni almennt. Í stað nákvæms eftirlits eru kraftar markaðarins nýttir til að skapa hagkvæmni og stöðugleika. Frelsi í viðskiptum, bæði innflutningi og útflutningi, hefur aukist, og sama gildir um fjármagnsmarkaðinn, t.d. með auknu frjálsræði í gjaldeyris- og vaxtamálum og aukinni samkeppni. Mikilvægasta breytingin á þessu sviði felst þó e.t.v. í nýjum samkeppnislögum þar sem samkeppni og markaðsbúskapur eru endanlega fest í sessi sem meginregla í viðskiptum og horfið er frá verðlagseftirliti til samkeppniseftirlits.

Mikið af því eftirliti, sem nú hefur verið afnumið, átti rætur að rekja til kreppu- og eftirstríðsáranna. Í þessu sambandi er athyglisvert að þetta eftirlit hefur oft verið kennt við höft eða haftabúskap. Hvað sem um upphaflegt gildi eftirlitsreglna má segja er ljóst að jafnvel hinar gagnlegustu eftirlitsreglur geta verið fljótar að breytast í höft þegar aðstæður breytast.

Starfsumhverfi eftirlitsstarfsemi tekur miklum breytingum um þessar mundir. Með nýjum stjórnsýslulögum eru starfshættir eftirlitsstofnana felldir í fastara form. Lögfesting þátta eins og leiðbeiningarskyldu, rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, meðalhófsreglu, andmælaréttar, upplýsingaréttar, rökstuðnings úrskurða, kæruheimildar o.fl. getur í mörgum tilfellum haft veruleg áhrif á framkvæmd eftirlits.

Með aukinni alþjóðlegri samvinnu og samruna heimamarkaða í stærri markaðssvæði verður mikil breyting á eftirlitsstarfsemi. Eftirlitsaðilar í einstökum ríkjum eru ekki lengur að hafa eftirlit með afmörkuðum heimamarkaði, heldur eru þeir orðnir þátttakendur í eftirlitsneti fjölmargra eftirlitsaðila. Ákvæði um að eftirlitsaðilar starfi eftir samræmdum reglum og geri samræmdar kröfur er að finna í fjölmörgum alþjóðasamningum og er EES-samningurinn mikilvægastur þeirra.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að þróun ýmissa grunnþátta í tæknilegu eftirliti. Staðlaráð hefur verið eflt og aukin áhersla er lögð á þátttöku í staðlastarfi, bæði hér á landi og í alþjóðlegum staðlastofnunum. Unnið er að uppbyggingu mælifræði sem er grunnur að öryggi í viðskiptum, prófunum eftirlitsaðila, ýmiss konar rannsóknar- og þróunarstarfi og iðnframleiðslu. Faggildingaraðili hefur tekið til starfa, en með faggildingu er hægt að staðfesta hæfni eftirlitsaðila (prófunar-, vottunar-, og skoðunarstofa). Vottunarstarf er að hefjast hér á landi, sérstaklega vottun gæðakerfa.

Allir þessir þættir skapa mikilvægar forsendur fyrir nýskipan eftirlitsstarfsemi. Þannig gefur stöðlun færi á að stjórnvöld dragi úr setningu nákvæmra reglna um ýmis atriði en feli

þess í stað hagsmunaaðilum að móta þær með sammæli. Faggilding gefur möguleika á að eftirlitsþættir, sem hingað til hafa verið í höndum opinberra eftirlitsstofnana, séu færðir til sjálfstæðra fyrirtækja.

Jafnframt hafa nýjar aðferðir verið reyndar í stað hefðbundins eftirlits. Með gæðastjórnun og innra eftirliti má draga úr opinberu eftirliti. Með því að leggja á gjöld og skatta og beita öðrum fjárhagslegum aðferðum má oft ná meiri árangri en með eftirliti. Sama gildir um fræðslu, hún skilar oft meiri árangri en eftirlit. Allar þessar aðferðir hafa verið reyndar hér á landi og mikilvægt er að halda þróun þeirra áfram.

Auk almennra breytinga á tæknilegu eftirliti hefur átt sér stað mikilvæg nýskipan á ýmsum sviðum. Verulega hefur verið dregið úr opinberu eftirliti með fiskiðnaði og eftirlitið að miklu leyti fært til fyrirtækjanna og til sjálfstæðra skoðunarstofa. Unnið er að nýskipan rafmagnsöryggismála sem gerir ráð fyrir aukinni áherslu á innra eftirlit og að skoðanir verði í höndum sjálfstæðra skoðunarstofa. Í tengslum við nýskipan rafmagnsöryggismála hefur verið unnið að þróun markaðseftirlits sem er framkvæmt af sjálfstæðri skoðunarstofu. Með stofnun Bifreiðaskoðunar Íslands var tæknileg og fagleg geta til skoðunar ökutækja byggð upp og nú geta allar faggiltar skoðunarstofur tekið að sér skoðun ökutækja. Með skilagjaldi á einnota umbúðir drykkjarvara var gjaldtöku beitt til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og tryggja endurvinnslu.

Stefna um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Þrátt fyrir að ýmislegt hafi áunnist við að tryggja aukna hagkvæmni og sveigjanleika í eftirlitsstarfsemi hins opinbera er ljóst að þörf er á sífelldri endurskoðun og hagræðingu eftirlitsstarfsemi. Eftirlit er í eðli sínu starfsemi sem tekur sífelldum breytingum og stöðugt eru að bætast við nýjar eftirlitsreglur og eftirlitssvið. Stjórnvöld á hverjum tíma verða að hafa vakandi auga með umfangi eftirlitsstarfseminnar og reyna að móta samræmda stefnu um helstu þætti. Í ljósi þessa gerði nefndin tillögur að heildarstefnu um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem samþykkt var á fundi ríkisstjórnarinnar.

Tilgangur stefnunnar er að:

- einfalda kröfur til fyrirtækja um eftirlit og gera þeim auðveldara að uppfylla þær,
- auka þjóðhagslegt gildi eftirlits,
- draga úr heildarkostnaði við eftirlit,
- samþætta eftirlit,
- færa verkefni til sjálfstæðra aðila,
- beina gjaldtöku til þeirra sem þjónustunnar njóta.

Settar eru fram kröfur um hvaða aðferðir á að viðhafa við undirbúning og setningu eftirlitsreglna. Einungis þær eftirlitsreglur, sem uppfylla tiltekin skilyrði, komast til framkvæmda.

Aðferðirnar felast m.a. í formlegu áhættumati, mati á kostnaði og þjóðhagslegu gildi. Það ber að kanna ólíka valkosti og meta með formlegum hætti hvaða eftirlitsaðferð á best við hverju sinni. Einnig er gert ráð fyrir því að haft sé samráð, bæði innan og utan stjórnkerfisins. Tilgangur þess er ekki síst sá að þeir sem málið varðar komi að ákvörðunartöku og veiti stjórnvöldum aðhald við setningu eftirlitsreglna.

Settar eru fram nokkrar meginreglur um skipan eftirlits og um val á eftirlitsaðferð. Meðal annars eru settar fram reglur um að afskipti hins opinbera skuli vera eins takmörkuð og unnt

er, að eftirlit skuli vera sveigjanlegt, að þeir sem eftirlit beinist að skuli geta valið milli ólíkra aðferða og aðila og að þeir geti notað heildstæðar aðferðir við að uppfylla ákvæði ýmissa reglna. Einnig eru settar meginreglur sem eiga að tryggja markvissa stjórnsýslu, svo sem um samþættingu verkefna, aðskilnað framkvæmdar frá stjórnsýslu, skýra ábyrgð og gegnsæi. Reglur eiga að vera einfaldar og veita fullnægjandi upplýsingar um eftirlit.

Stefnan um eftirlitsstarfsemi hins opinbera er birt sem fylgiskjal IV með frumvarpi þessu.

Helstu ákvæði frumvarpsins.

Megintilgangur frumvarps þessa er að skapa fastan grundvöll fyrir samhæfingu opinberrar eftirlitsstarfsemi og tryggja vönduð vinnubrögð við undirbúning og setningu eftirlitsreglna sem og við endurskoðun þeirra. Forsætisráðuneyti er falið að gegna þessu samhæfingarhlutverki og fylgjast með því að farið sé að ákvæðum laganna. Það skal hafa yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemi og annast heildarmat á áhrifum hennar, tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni og móta aðferðir við mat á eftirlitsstarfsemi.

Lögin hafa að geyma ákvæði um að þörf fyrir eftirlitsstarfsemi, áhrif hennar og þjóðfélagslegt gildi skuli metin með formlegum hætti. Gert er ráð fyrir að þau ráðuneyti, sem standa að undirbúningi og gerð eftirlitsreglna (lagafrumvarpa og reglugerða), framkvæmi matið. Forsætisráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um mat á reglugerðum og þær aðferðir við eftirlit sem leitast skal við að fylgja í lögum og reglugerðum. Þannig er forsætisráðherra falið ákveðið stefnumarkandi hlutverk um þróun eftirlitsstarfsemi.

Gerð er krafa um að stjórnvöld haldi skrá yfir eftirlitsreglur sem sé aðgengileg almenningi. Skrár frá öllum stjórnvöldum og breytingar á þeim skulu sendar forsætisráðuneyti sem þannig fær yfirsýn yfir allar gildandi eftirlitsreglur. Reglugerðir skulu hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði. Við samningu, endurskoðun og framlengingu reglugerða fer fram mat á áhrifum þeirra.

Gert er ráð fyrir að skipuð verði sérstök nefnd til ráðgjafar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera og framkvæmd laganna.

Fylgiskjal IV.

Heildarstefna um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

1. Mat á æskilegu umfangi eftirlits.

Þegar ráðgert er að stofna til eftirlits sem ætlað er að leysa tiltekinn vanda eða þegar greina þarf þörf fyrir eftirlit skulu viðkomandi stjórnvöld láta gera úttekt á eftirgreindum þáttum áður en tillögur eru gerðar um eftirlit og fyrirkomulag þess.

1.1. Greining á þörf fyrir eftirlit.

1.1.1. Skilgreina nákvæmlega þann vanda sem er ætlað að vinna gegn og greina orsakir hans, helstu einkenni og afleiðingar.

1.1.2. Meta þá áhættu sem fólgin er í því að grípa ekki inn í athafnir einstaklinga og fyrirtækja með formlegu áhættumati og m.a. meta það fjárhagslega tjón sem þjóðfélagið verður fyrir. Áhætta skal metin á grundvelli viðurkenndra vísindalegra aðferða og nýjustu þekkingar á hverju sviði fyrir sig.

1.1.3. Kanna hvort til sé skýr lagalegur grunnur til að byggja eftirlit á.
1.1.4. Kanna hvort fyrir hendi séu alþjóðlegar skuldbindingar um eftirlit.
1.1.5. Meta að hve miklu leyti alþjóðlegt eftirlit dregur úr þörf fyrir sérstakt eftirlit hér á landi.

1.2. Mat á kostnaði við eftirlit.

1.2.1. Meta kostnað sem eftirlitsstarfsemi hefur í för með sér. Með kostnaði er átt við beinan kostnað opinberra aðila og kostnað atvinnulífs og einstaklinga.
1.2.2. Meta óbeinan kostnað samfélagsins. Slíkur kostnaður getur m.a. orðið til ef eftirlitsstarfsemi dregur úr samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja, nýsköpun o.s.frv.
1.2.3. Til að koma í veg fyrir mismunun og ójafna samkeppnisstöðu verði fjárhagsleg áhrif á einstök svið þjóðfélagsins og atvinnugreinar metin.

1.3. Mat á gildi og árangri eftirlits.


1.3.1. Meta þjóðhagslegt gildi eftirlits. Við slíkt mat skal bæði metið beint gildi eftirlits og einnig jákvæð áhrif þess á aðra þætti en þá sem meginmarkmið þess snýr að.
1.3.2. Leitast skal við að leggja fjárhagslegt mat á þjóðhagslegt gildi eftirlits.
1.3.3. Nota skal viðurkenndar aðferðir til að bera saman kostnað og áætlaðan árangur. Ef heildarumfang eftirlits er mikið skal beita viðameiri greiningaraðferðum svo sem kostnaðar- og nytjagreiningu (e. cost-benefit analysis) eða kostnaðar- og áhrifagreiningu (e. cost-effectiveness analysis).
1.3.4. Þróa skal aðferðir til að meta hvort árangur eftirlits sé sá sem í upphafi var reiknað með.

2. Skipulag eftirlits.

Ef niðurstaða ofangreinds mats er sú að eftirlit geti leyst tiltekinn vanda og að ávinningur þess sé meiri en kostnaður skal meta hvaða eftirlitsaðferð hentar best. Við mat á því er byggt á nokkrum meginatriðum.

2.1. Eftirlitsaðferðir.

Meta verður hvaða eftirlitsaðferð hentar best í hverju tilfelli fyrir sig. Þær eftirlitsaðferðir, sem koma til greina, eru sýndar í sérstökum „eftirlitspíramída“:



2.2. Meginatriði við val á eftirlitsaðferð.

2.2.1. Við val á eftirlitsaðferð sé metið hversu mikil hætta er á óæskilegum frávikum og hversu auðvelt er að setja skilgreindar reglur um framkvæmd eftirlits.

2.2.2 Að valin sé sú eftirlitsaðferð sem hefur mestan ávinning í för með sér að teknu tilliti til heildarkostnaðar.

2.2.3. Að opinber afskipti séu eins takmörkuð og unnt er og dregið verði úr beinni ábyrgð hins opinbera á eftirliti en þess í stað lögð áhersla á ábyrgð einstaklinga og fyrirtækja. Að ekki séu settar sértækar kröfur í lögum og reglugerðum nema slíkt sé nauðsynlegt og fremur sé beitt almennum reglum þegar slíkt er unnt.

2.2.4. Að þeir sem eftirlit beinist að geti valið milli mismunandi aðferða við að uppfylla settar reglur og milli hæfra eftirlitsaðila.

2.2.5. Að sveigjanleiki eftirlitskerfisins verði sem mestur, að leitast sé við að samþætta eftirlitsþætti og að þeir sem eftirlit beinist að geti notað heildstæðar aðferðir við að uppfylla ólík ákvæði um eftirlit.

2.2.6. Þau meginatriði sem að ofan eru nefnd verða best tryggð ef valin er eftirlitsaðferð eins neðarlega í eftirlitspíramídanum og unnt er. Mjög ríkir hagsmunir verða að vera til þess að réttlætanlegt sé að færa eftirlitsstarfsemi frá neðri þrepum píramídans til hinna efri.

3. Stjórnsýsla og reglur.

Við mat á skipan stjórnsýslueftirlits skal byggt á tilteknum meginsjónarmiðum. Þær reglur (lög, reglugerðir, verklagsreglur) sem settar eru skulu einnig uppfylla tiltekin skilyrði.

3.1. Skipan stjórnsýslu.

3.1.1. Samþætta skal stjórnsýslu eftirlitsmála eftir því sem unnt er með það að markmiði að auka hagkvæmni og einfalda samskipti einstaklinga og fyrirtækja við stjórnvöld.

3.1.2. Gæta skal að því að ekki séu árekstrar milli þeirra hlutverka sem einstökum stjórnvöldum eru falin. Með þessu er átt við að það séu ekki sömu aðilar sem setji reglur, annist framkvæmd eftirlits, meti niðurstöður, felli úrskurði og ákvarði viðurlög. Sérstaklega er mikilvægt að skilið sé á milli framkvæmdar eftirlits og annarra þátta. Einnig er mikilvægt að til séu skilgreindar áfrýjunarleiðir innan stjórnsýslunnar.

3.1.3. Leita skal hagkvæmra leiða til að fjármagna eftirlitsstarfsemi. Æskilegt er að kostnaðurinn komi sem mest inn í verð þeirrar vöru og starfsemi sem er þess eðlis að þörf er talin á eftirliti. Einnig er æskilegt að kostnaðurinn lendi í ríkara mæli á þeim sem brjóta settar reglur en þeim sem virða þær.

3.1.4. Skipulag eftirlits skal vera með þeim hætti að ljóst sé hvaða aðilar bera ábyrgð á hverjum þætti þess. Eftirlitið skal vera gegnsætt, þannig að það sé ljóst í hverju það felst og hvort því sé sinnt með þeim hætti sem reglur segja til um.

3.2. Reglur.

3.2.1. Þær reglur og kröfur, sem settar eru, skulu vera eins einfaldar og unnt er og á eins skýru og auðskiljanlegu máli og unnt er. Stjórnvöld skulu veita fullnægjandi upplýsingar um eftirlitsstarfsemi.

3.2.2. Áður en nýjar reglur eru settar eða reglum breytt skal hafa samráð við önnur ráðuneyti og stofnanir sem málið varðar eða halda uppi eftirlitsstarfsemi sem beinist að einhverju leyti að sömu viðfangsefnum.

3.2.3. Áður en nýjar reglur eru settar eða reglum breytt skal hafa samráð við þá sem eftirlit beinist að. Þeim skal gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri og gera tillögur um fyrirkomulag eftirlits.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera.

Megintilgangur með frumvarpinu er að skapa fastan grundvöll fyrir samhæfingu opinberrar eftirlitsstarfsemi og tryggja vönduð vinnubrögð við undirbúning, setningu og endurskoðun eftirlitsreglna. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var gengist undir þá skyldu að setja í íslenska löggjöf mikinn fjölda af reglum Evrópusambandsins. Stór hluti þessara reglna gerir kröfur um eftirlit af einhverju tagi.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að endurskoðun á eftirlitsstarfsemi sé þáttur í þeirri almennu viðleitni stjórnvalda að hagræða í ríkisrekstri og endurmeta hvaða verkefni er eðlilegt að ríkið annist. Ýmis ákvæði eru í frumvarpinu sem ætla má að geti leitt til lægri kostnaðar við eftirlitsstarfsemi en ella yrði. Það er þó verulega háð því að kostnaður við eftirlitið sé að stærstum hluta borinn af þeim sem eftirlitið beinist að og því er ætlað að vernda, þ.e. framleiðendum og neytendum. Má þar í fyrsta lagi nefna ákvæði í 3. gr. sem kveður á um að þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til eftirlits skuli viðkomandi ráðuneyti meta þörf fyrir eftirlitsstarfsemi og hvort gildi hennar sé meira en kostnaður þjóðfélagsins. Í öðru lagi geta þeir aðilar sem eftirlit beinist að og aðrir þeir sem hagsmuni hafa af eftirlitsstarfsemi óskað eftir athugun sérstakrar ráðgjafarnefndar á tilteknum þáttum eftirlitsstarfseminnar. Loks er í 4. gr. kveðið á um að reglugerðir um eftirlitsstarfsemi skuli hafa takmarkaðan gildistíma, að hámarki fimm ár. Þetta ákvæði ætti að gefa tilefni til að fella úr gildi eftirlitsreglur sem hafa lítið vægi.

Forsætisráðuneyti er ætlað að annast framkvæmd laganna. Gera má ráð fyrir að árlegur kostnaður ráðuneytisins af þessu verði 5–6 m.kr. Er þá gert ráð fyrir launum eins starfsmanns og rekstrarkostnaði honum tengdum, þóknun til eftirlitsnefndar og einhverjum kaupum á sérfræðiþjónustu.

218. Fyrirspurn [200. mál]

til iðnaðarráðherra um áætlanir í raforkumálum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða svæði landsins eru enn án þriggja fasa rafmagns? Hver er staðan hjá Rafmagnsveitum ríkisins í hverju umdæmi fyrir sig?
2. Hve miklu fé hefur verið veitt til þessa verkefnis síðustu fimm ár og hve stórum áfanga hafa þær fjárveitingar skilað, sundurliðað eftir árum?
3. Hver er áætluð heildarfjárþörf til þess að ljúka verkefninu?
4. Hefur iðnaðarráðuneytið mótað stefnu í þessum málum og sett ákveðin tímamörk? Ef svo er, hver er stefnan og hvenær er áætlað að verkinu ljúki? Hverjar eru áætlaðar árlegar fjárveitingar til þess?

219. Fyrirspurn [201. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um farþjónustu sérfræðilækna.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvenær verður farþjónusta sérfræðilækna komin til framkvæmda með skipulögðum hætti á landsbyggðinni, eins og gert er ráð fyrir í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, og íslenskri heilbrigðisáætlun?
2. Hafa verið mótaðar reglur um framkvæmd farþjónustunnar og ef svo er, hvernig á að starfrækja hana?
3. Hvers konar læknisþjónustu er fyrirhugað að veita með farþjónustu sérfræðilækna?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Nú fara nær eingöngu augnlæknar í lækningaferðir samkvæmt lögum nr. 21/1955. Ferðir annarra sérfræðinga eru óreglulegar og án heildarskipulagningar. Þjónustan skilar því ekki sama árangri og ef um hana giltu skýrar reglur. Þá fækkaði ferðum sjúklinga af landsbyggðinni sem gæti sparað þeim og fjölskyldum þeirra fjármuni og oft erfiðleika á löngum ferðum. Góð heilbrigðisþjónusta er einn margra þátta sem styrkja búsetu í dreifðum byggðum.

220. Fyrirspurn [202. mál]

til samgönguráðherra um verðmun á leigulínum um ljósleiðara.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Eru aðgerðir á döfinni til þess að jafna verðmun á milli landshluta á leigulínum Landssíma Íslands hf. um ljósleiðara?

221. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um stofnun þjóðbúningaráðs.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Sturla Böðvarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að koma á fót þjóðbúningaráði til að varðveita þekkingu á íslenskum búningum og gerð íslenskra búninga. Ráðinu verði falið að koma á fót leiðbeiningaþjónustu.

Greinargerð.

Samstarfsnefnd um íslenska þjóðbúninga hefur starfað um árabil að varðveislu og miðlun upplýsinga um íslenska þjóðbúninga. Hún hefur verið skipuð fulltrúum frá Kvenfélagasambandi Íslands, Þjóðdansafélagi Reykjavíkur, Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, Þjóðminjasafni Íslands og Árbæjarsafni. Nauðsynlegt er að efla störf nefndarinnar og festa hana í sessi og koma á leiðbeiningaþjónustu þar sem almenningur, opinberir aðilar og félagasamtök geta fengið upplýsingar um hvaðeina sem varðar íslenska búninga. Kvenfélagasamband Íslands hefur samþykkt að hýsa ráðgjafa.

Verkefni þjóðbúningaráðs skal vera:

a. að varðveita þekkingu á íslenskum búningum og gerð íslenskra búninga,
b. að koma upp og halda skrá yfir íslenska búninga í söfnum innan lands og utan,
c. að safna sýnishornum af búningasniðum og halda til haga eldri sniðum,
d. að safna sýnishornum af efnum, garni og leggingum,
e. að halda til haga eldri sýnishornum af efnum, garni og leggingum,
f. að skrá heimildir um íslenska búninga,
g. að safna skyggnum, ljósmyndum o.fl.,
h. að koma skrám og sýnishornum í vörslu Þjóðminjasafns Íslands.

Ráðinu verði einnig falið að koma upp leiðbeiningaþjónustu um íslenska búninga sem veitir upplýsingar um heimildir um íslenska búninga, búningagerð, efni og búningasnið, þá aðila sem sérhæfa sig í saumaskap á íslenska búningnum, svo og upplýsingar um hvar nálgast má efni og snið sem hæfa í íslenska búninga.

222. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um þriggja fasa rafmagn.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Jónsson,
Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á því hve mikið vanti á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu. Nefndinni verði falið að meta þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og jafnframt að leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur búsetuþróun á Íslandi leitt til umtalsverðrar fólksfækkunar á sumum landssvæðum. Áframhaldandi fólksfækkun á landsbyggðinni er þjóðhagslega óhagkvæm og nauðsynlegt er að stjórnvöld grípi til aðgerða til þess að sporna við henni.

Um 13% þjóðarinnar búa í sveitarfélögum sem sýna hættumerki í búsetuþróun. Þar eru ráðandi atvinnuvegir annaðhvort landbúnaður eða fiskveiðar og fiskvinnsla.

Búum með framleiðslurétt hefur fækkað en jafnframt hafa þau stækkað. Sífellt eru gerðar meiri kröfur um hagræðingu og arðsemi. Raforkukostnaður í landbúnaði hækkar með öflugri vélum og aukinni tækni. Með þriggja fasa rafmagni mun raforkukostnaður minnka og um leið skapast betri skilyrði fyrir þá sem stunda landbúnað og iðnað.

223. Frumvarp til laga [205. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Í stað orðsins „stjórnar“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: forstjóra.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri ræður forstöðumenn setra og aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Forstjóri samþykkir fjárhagsáætlanir setra og fylgist með fjárreiðum þeirra og ráðstöfun fjár. Fjármál einstakra setra eru að öðru leyti á ábyrgð forstöðumanna þeirra.

Forstjóri boðar árlega til fundar með starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar og forstöðumönnum náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra og forstöðumanna, svo og um aðsetur forstjóra á hverjum tíma.

3. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr stafliður sem orðast svo: að skrá berg- og jarðgrunna landsins með kerfisbundnum hætti og vinna að flokkun námasvæða eftir efni, magni, aðgengi, gæðum og verndargildi.

4. gr.

Í stað orðsins „stjórnar“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: forstjóra.

5. gr.

4. málsl. 7. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

4. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Náttúrugripi, þar með taldar örverur sem uppruna sinn eiga á jarðhitasvæðum og erfðaefni þeirra, má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, ásamt síðari breytingum. Megintilgangur með frumvarpinu er að gera breytingar á stjórnarfyrirkomulagi Náttúrufræðistofnunar Íslands þannig að forstjóri stofnunarinnar fari með stjórn hennar og beri þær skyldur sem stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur haft og að hann ráði jafnframt alla starfsmenn stofnunarinnar.

Samkvæmt gildandi lögum hefur stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands á hendi yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórnin hefur m.a. haft það hlutverk að fjalla um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og fara yfir fjárhagsáætlanir setra og fylgjast með fjárhag þeirra og ráðstöfun fjár. Þær breytingar sem hér eru lagðar til á stjórn stofnunarinnar eru í samræmi við breytta stefnu í rekstrarmálum ríkisstofnana og mótaða stefnu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands komi í stað stjórnar stofnunarinnar. Varðandi rök fyrir þessari breytingu er vísað til athugasemda um 2. gr.

Um 2. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands verði lögð niður og að forstjóri stofnunarinnar beri þær skyldur sem stjórnin hefur haft. Þetta er í samræmi við breytta stefnu í rekstrarmálum ríkisstofnana, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Sem dæmi um þessa breyttu stefnu má nefna að með lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, kom forstjóri í stað stjórnar sem var yfir Hollustuvernd ríkisins.

Lagt er til að forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands beri alla ábyrgð á fjárreiðum hennar og rekstri í samræmi við fyrrgreind lög nr. 70/1996.

Einnig er lögð til sú breyting á 3. gr. laganna að nú skipi forstjóri forstöðumenn setra stofnunarinnar í stað ráðherra og er þessi breyting í samræmi við lög nr. 70/1996. Samkvæmt 6. mgr. 3. gr. gildandi laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur skipar umhverfisráðherra forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands og forstöðumenn setra hennar til fimm ára í senn. Með nýjum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sem öðluðust gildi 1. júlí 1996, er gerður greinarmunur á starfsmönnum eftir því hvort þeir gegna „störfum" sem lögin ná til eða „embættum", en í síðara tilvikinu er einungis átt við starf sem maður er skipaður til að gegna, sbr. 22. gr. laganna. Í þeirri grein eru taldir upp þeir starfsmenn ríkisins sem teljast embættismenn, en þar kemur fram að í þeim hópi eru forstöðumenn ríkisstofnana, sbr. 13. tölul. greinarinnar.

Þar sem forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands er eini embættismaður stofnunarinnar í skilningi áðurnefndra laga er lagt til að forstjóri verði einn skipaður af ráðherra en forstöðumenn setra og aðrir starfsmenn stofnunarinnar verði ráðnir af forstjóra.

Um 3. gr.

Í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, sem samþykkt var af ríkisstjórn Íslands í febrúar 1997, hefur umhverfisráðherra ákveðið að Náttúrfræðistofnun Íslands beri m.a. að skrá jarðefni, flokka námasvæði eftir efni, magni, aðgengi, gæðum efnis og verndargildi og skapa þannig grunn fyrir áætlun til langs tíma um nýtingu og vernd jarðefna á einstökum landsvæðum. Talið hefur verið á grundvelli 4. gr. gildandi laga að stofnunin eigi ekki aðeins að annast rannsóknir á berggrunni landsins heldur einnig rannsóknir á jarðgrunni sem sýni laus jarðlög og þar með mögulegar námur. Gerð er sú tillaga að þessi breyting verði gerð á greininni til að taka allan vafa um fyrrgreint hlutverk stofnunarinnar og jafnframt að eyða óvissu sem upp gæti komið um gerð jarðgrunnskorta og rannsóknir á lausum jarðefnum með tilkomu laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lagt er til að 4. málsl. 7. gr. falli brott þar sem gert er ráð fyrir að almenn heimild forstjóra til að ráða starfsmenn stofnunarinnar verði að finna í 1. mgr. 3. gr. laganna. Að öðru leyti er vísað til athugasemda um 2. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í samningnum um líffræðilega fjölbreytni, sem Ísland fullgilti 4. nóvember 1994 og sem tók gildi 11. desember 1994 er viðurkennt að þau verðmæti sem finna megi í lífríki einstakra landa tilheyri upprunalandinu og utanaðkomandi aðilum sé óheimilt að hagnýta sér slík verðmæti án samþykkis og eftirlits viðkomandi lands. Með þessu ákvæði er verið að tryggja markmið samningsins að þessu leyti, en ekki hafa enn verið sett lög á Íslandi sem hafa þann tilgang.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, ásamt síðari breytingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands verði lögð niður og að forstjóri verði að fullu ábyrgur fyrir stjórn og fjárreiðum stofnunarinnar. Á síðasta ári nam kostnaður vegna stjórnarinnar um 0,5 m.kr. og lækkar kostnaður sem því nemur. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfesta verði það hlutverk stofnunarinnar að skrá berg- og jarðgrunna landsins o.fl. Þegar er áætlað fyrir útgjöldum vegna þeirra starfa í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999 og hefur þetta ákvæði því ekki í för með sér kostnaðarauka á næsta ári. Endanlegt umfang verkefnisins er ekki ljóst né kostnaðarþátttaka annarra, svo sem sveitarfélaga.

Í heild er því ætlað að frumvarpið hafi í för með sér lítils háttar sparnað verði það óbreytt að lögum.

224. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu.

Flm.: Þuríður Backman, Steingrímur J. Sigfússon,
Kristín Ástgeirsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar sem gera smásölu á tóbaki háða leyfisveitingu.

Greinargerð.

Margar kannanir sýna að reykingar eru að aukast hjá börnum og unglingum. Reykingar hafa einnig færst neðar í aldurshópana, sérstaklega hjá ungum stúlkum.

Samkvæmt könnunum á reykingavenjum ungs fólks undir 16 ára aldri má áætla að íslenskir grunnskólanemendur hafi varið tæpum 100 millj. kr. í tóbak árið 1997. Þar er um ólöglega sölu að ræða, því að bannað er að selja fólki undir 18 ára aldri tóbak. Þar af eyddu 8. bekkingar (13 ára) rúmlega 11 millj. kr. í sígarettur. Því yngri sem unglingar byrja að reykja, þeim mun háðari verða þeir tóbakinu og líklegri til að reykja sem fullorðnir. Því yngri sem einstaklingurinn er við upphaf reykinga þeim mun líklegra er að hann hljóti af alvarlegan heilsufarslegan skaða. Kannanir sýna að reykingar eru yfirleitt upphafið að neyslu á sterkari fíkniefnum. Því er nánast ógjörningur að taka á vímuefnavandanum nema draga jafnframt úr tóbaksneyslu barna og unglinga.

Það er alfarið undir smásöluhafa tóbaks komið hvort hann hefur skilning á og fer eftir ákvæði 8. gr. tóbaksvarnalaga um bann á sölu og afhendingu tóbaks til yngri en 18 ára.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, eiga að hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að ákvæði II. kafla laganna um sölu og auglýsingar séu virt. Þrátt fyrir að sala á tóbaki til unglinga undir 18 ára aldri hafi verið kærð hefur aldrei komið til að beitt hafi verið viðurlögum eða refsiákvæðum laganna. Sérstakt leyfi til sölu á tóbaki mundi gera allt eftirlit með framkvæmd laganna einfaldara og markvissara. Til þess þarf skýra heimild í lögum.

225. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um tóbaksverð og vísitölu.

Flm.: Þuríður Backman, Sigríður Jóhannesdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga sem miði að því að slitin verði tengsl tóbaksverðs og vísitölu sem notuð er um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Stefnt skal að því að leggja slíkt frumvarp fram hið allra fyrsta og verði gildistaka miðuð við 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Tillagan hefur tvívegis áður verið flutt en ekki orðið útrædd. Hún er því endurflutt með óbreyttri greinargerð.

Í lok síðasta þings voru samþykktar allveigamiklar breytingar á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, ekki síst í því skyni að hamla gegn tóbaksneyslu barna og unglinga. Breytingar þessar voru vissulega til bóta og eru líklegar til nokkurs árangurs. Þar er þó ekki gripið til þess úrræðis sem telja má hvað áhrifaríkast til þess að minnka tóbaksneyslu ungmenna, þ.e. raunhækkunar á tóbaksverði.

Almennt er viðurkennt — og styðst við fjölda athugana — að sterk tengsl séu milli tóbaksverðs og tóbaksneyslu. Sé tóbaksverð hækkað er reglan sú að það leiðir til minni tó-

baksneyslu. Svonefnd verðteygni, þ.e. þau áhrif sem ætla má að hækkun umfram almennar verðbreytingar hafi á neyslu, virðist hvað tóbak snertir vera á bilinu -0,3 til -0,6, en það merkir að hækki tóbaksverð um 10% verður neyslan frá 3% og allt að 6% minni en ella hefði orðið.

Ítarleg bresk rannsókn sýndi að tóbaksverð hafði áhrif á tóbaksneyslu í öllum tekjuhópum þjóðfélagsins en hlutfallslega því meiri sem tekjurnar voru lægri. Einnig hefur verið sýnt fram á að eftirspurn eftir tóbaki er í öllum aldursflokkum háð tóbaksverði. Mest eru áhrifin á tóbakskaup unglinga og ungs fólks, svo sem fram hefur komið í rannsóknum í Bandaríkjunum og Kanada. Athyglisvert er að verðið hefur ekki síður áhrif á það hve *margir* reykja en hitt hve *mikið* er reykt.

Ljóst er því að veruleg hækkun tóbaksverðs umfram almennar verðhækkanir getur verið áhrifamikið tæki til að draga úr tóbaksneyslu almennt og ekki síst til að koma í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja.

Á þessu er byggt í íslenskri heilbrigðisáætlun frá 1991 þar sem mælt er með slíkum hækkunum tóbaks og áfengis í því skyni að draga úr neyslunni. Þar sem heildarneysla minnkar hlutfallslega minna en verð hækkar mundi verðhækkun auk þess ekki leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð heldur tekjuaukningar.

Í nefndaráliti heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis um frumvarp til áðurnefndra breytinga á lögum um tóbaksvarnir segir að rætt hafi verið um það í nefndinni „hvort æskilegt væri að hækka verð á tóbaki í forvarnaskyni“ en það sé „tæknilega erfitt vegna tengsla tóbaks við vísitölu neysluverðs,“ og sé engin tillaga flutt af nefndinni um það.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að rjúfa slík tengsl með því að jafnhliða útreikningi hefðbundinnar vísitölu neysluverðs verði reiknuð sérstök vísitala án tóbaks til að nota við ákvarðanir um lánskjör. Þess má geta að þrjú Evrópulönd, Belgía, Frakkland og Lúxemborg, hafa þegar farið þessa leið, í samræmi við tilmæli frá Evrópusambandinu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Getið skal að lokum könnunar sem Hagvangur gerði fyrir tóbaksvarnanefnd árið 1991. Meiri hluti þeirra sem afstöðu tóku lýsti sig fylgjandi því að tóbaksverð hefði ekki áhrif á framfærsluvísitölu. Jafnvel í hópi þeirra sem reyktu var meiri hlutinn þessu fylgjandi.

226. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verðmiðlunargjald sem lagt er á kindakjöt verði lækkað. Þá er lagt til að verðskerðingargjöld sem lögð eru á kindakjöt og tekin hafa verið af verði til bænda og af sláturleyfishöfum verði afnumin. Loks er lagt til að verðskerðingargjald af nautgripakjöti í UN og K gæðaflokkum verði lækkað, sem og gjald sem lagt er á hvern sláturgrip í sömu flokkum frá 1. september til 31. desember ár hvert.

Verðskerðingargjald er ætlað til markaðsaðgerða og til að leiðrétta birgðastöðu kjöts, en verðmiðlunargjald á kindakjöt er hins vegar m.a. ætlað til verðmiðlunar á milli afurðastöðva. Eru umræddar breytingar lagðar til að beiðni Bændasamtaka Íslands, Landssamtaka sauðfjárbænda og Landssambands kúabænda og með hliðsjón af núverandi birgðastöðu kinda- og nautgripakjöts.

Nefndin telur að hér sé um eðlilegar breytingar að ræða og mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Árni M. Mathiesen, Sigríður Jóhannesdóttir, Hjálmar Jónsson og Jörundur Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. nóv. 1998.

Guðni Ágústsson, form., frsm. | Egill Jónsson. | Lúðvík Bergvinsson.

Magnús Stefánsson. | Guðjón Guðmundsson.

227. Svar [156. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ísólfs Gylfa Pálmasonar um landbrot á Suðurlandi.

Landbúnaðarráðuneytið leitaði til Landgræðslu ríkisins um svör við fyrirspurninni en stofnunin annast þennan málaflokk í umboði ráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

1. *Er til heildarúttekt á landbroti af eftirtöldum ám á Suðurlandi:*
   Skaftá í Skaftárhreppi,
   Klifanda og Hafursá í Mýrdalshreppi,
   Svaðbæslis- og Kaldaklofsá í Rangárvallasýslu,
   Markarfljóti í Rangárvallasýslu,
   Þjórsá í Árnessýslu,
   Stóru-Laxá og Hvítá í Árnessýslu?

Til eru margar áætlanir og úttektir fyrir hluta vatnsfalla en engin heildaráætlun fyrir vatnsföll frá upptökum til ósa.

Samkvæmt lögum um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, nr. 43/1975, með áorðnum breytingum, starfar matsnefnd fyrirhleðslna í öllum sýslum landsins. Matsnefndirnar fara nokkuð reglulega, og eftir því sem tilefni gefst til, í skoðunarferðir með hlutaðeigandi heimamönnum og landeigendum og taka út brýnustu verkefnin. Um Rangárvallasýslu var síðast farið 5. október sl. Mikið gagnasafn er til um umræddar ár, sérstaklega þá hluta Markarfljóts og Þjórsár sem renna um byggð. Úttekt á landbroti af völdum fallvatna um allt land yrði kostnaðarsamt, þó svo einungis yrðu metnar þær ár þar sem um umtalsvert landbrot er að ræða. Heildarúttekt sem stæði undir nafni mundi kosta 30–40 millj. kr. Áætlanir yrði síðan að endurskoða áður en hafist er handa hverju sinni þar sem verkefnið getur tekið miklum breytingum.

2. *Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar á næstu árum til að stemma stigu við frekari landeyðingu og í sumum tilfellum því að vegamannvirki skemmist?*

Á Suðurlandi bíða mörg afar brýn verkefni úrlausnar, sérstaklega í kjölfar mikilla flóða um mánaðamótin ágúst/september sl. Fyrirhleðsluverkefni í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu eru hins vegar í verulegri skuld við önnur verkefni á landinu. Til er nokkurt fé til minni háttar framkvæmda í Árnessýslu, væntanlega við Stóru-Laxá.

Miðað við sömu fjárveitingu og verið hefur og að ekki verði nein flóð og skemmdir á varnargörðum verður unnt að takast á við landbrot í Vestur-Skaftafellssýslu, t.d. við Klifanda, árið 2013, en í Rangárvallasýslu ætti að vera unnt að hefja vinnu árið 2003, miðað við sömu forsendur. Við Markarfljót bíða eins og víða annars staðar nokkur aðkallandi verkefni. Fjárveitingar sem eru eyrnamerktar því hafa á síðustu árum farið til viðhalds mannvirkja og minni háttar aðgerða. Áríðandi er á að hraða framkvæmdum við Markarfljót.

Gott samstarf er á milli Vegagerðarinnar og Landgræðslu ríkisins sem fer með þennan málaflokk fyrir hönd ráðherra. Vegagerðin ver árlega miklu fé til að tryggja að ár renni undir brýr og skaði ekki vegamannvirki.

3. *Hvað er áformað að verja miklu fjármagni í fyrirhleðslur á næstu árum?*

Á fjárlögum ríkisins er árlega varið tæpum 20 millj. kr. til fyrirhleðslna á öllu landinu. Árlega eru framkvæmdir á 35–40 stöðum, en við stærri vatnsföll þarf víða að hlaða garða sem hver um sig kostar mun meira en fjárveiting heils árs fyrir allt landið.

Það er mat Landgræðslunnar að til að vinna allra brýnustu varnaraðgerðir þurfi árlega að veita a.m.k. 50 millj. kr. til viðhalds eldri mannvirkja og til að verjast allra hraðvirkasta landbrotinu. Á síðustu árum hefur meginähersla verið lögð á að halda við og bjarga eldri varnargörðum. Nýbyggingar varnargarða eru fáar. Þá er fremur reynt að verja bakka þar sem rof á sér stað en veita ekki ám úr farvegum. Einnig er lögð áhersla á að framkvæma ekki umfram fjárveitingar á fjárlagalið fyrirhleðslna, þ.e. landgræðslufé er ekki notað til fyrirhleðslna.

Í kjölfar fyrirhleðslna fyrr á árum hafa þúsundir hektara af jökuláraurum gróið upp, en hins vegar eyðast árlega gróin lönd, tún og engi þar sem ekki er hægt að koma nægum vörnum við sakir of lítilla fjárveitinga.

228. Svar [89. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um samræmda skráningu og endurskoðun á biðlistum.

1. *Hvernig er skráningum á biðlistum eftir aðgerðum háttað á einstökum deildum á sjúkrastofnunum landsins?*

Landlæknisembættið hefur frá árinu 1986 byggt upp skrá um biðlista á sjúkrahúsum landsins. Yfirlit landlæknis er tekið saman þrisvar á ári og sýnir fjölda sjúklinga á biðlistum einstakra sjúkrastofnana og deilda. Skráning á biðlistana hefur þó verið með ýmsu móti á sjúkrastofnunum, svo sem á biðlista einstakra lækna og deilda eða eftir ákveðnum aðgerðum. Það var ekki fyrr en á þessu ári sem samræmdar reglur um lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á sjúkrastofnunum lágu fyrir. Sjá nánar rit Landlæknisembættis *Lágmarks-*

skráning vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum (rit nr. 1/1998), sem gefið var út fyrr á þessu ári. Formlega taka þessar reglur gildi 1. janúar 1999.

2. *Er samræmi í skráningum?*

Fram til þessa hefur nokkuð skort á samræmi í skráningu á biðlista hvort sem um hefur verið að ræða einstakar sjúkrastofnanir eða sérgreinar. Skráningin hefur þó tekið miklum framförum á undanförnum árum og á sumum sviðum, t.d. öldrunarþjónustu, er gott samræmi. Með tilkomu samræmdra leiðbeininga um skráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum standa vonir til að fljótlega verði skráning á lista komin í betra lag á sjúkrastofnunum landsins.

3. *Hefur heilbrigðisráðuneytið haft frumkvæði að samræmdri skráningu?*

Heilbrigðisráðuneytið hefur bæði skipað nefndir og fengið starfsmönnum sínum það verkefni að gera úttekt á biðlistum og koma með tillögur til úrbóta í biðlistamálum. Fyrir tveimur árum vann nefnd fagfólks að tillögum um aðgerðir og tekin var saman umfangsmikil skýrsla um áhrif langrar biðar eftir læknisaðgerðum. Sömuleiðis skilaði forgangsröðunarnefnd, sem starfaði á vegum ráðuneytisins, á þessu ári ítarlegum tillögum um reglur varðandi flokkun biðlista, biðtíma og tilfærslu sjúklinga innan heilbrigðiskerfisins. Ráðherra hefur samþykkt þessar tillögur og falið starfsmönnum ráðuneytisins að sjá til þess að þeim verði hrint í framkvæmd.

4. *Hvernig eru biðlistar á sjúkrahúsum landsins endurskoðaðir?*

Biðlistar á sjúkrahúsum og sjúkradeildum eru yfirfarnir reglulega. Þó er mjög mismunandi eftir tegundum þeirra hvernig staðið er að endurskoðuninni. Dæmi eru um að sjúklingar á biðlistum séu flokkaðir í þrennt: með þörf, með brýna þörf og með mjög brýna þörf. Þeir sjúklingar sem hafa mesta þörf fyrir heilbrigðisþjónustu ganga því eðlilega fyrir.

5. *Hversu oft er það gert?*

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér er mjög mismunandi eftir sérgreinum hversu oft biðlistar eru yfirfarnir eða endurskoðaðir. Dæmi eru um að það sé gert á þriggja mánaða fresti, einu sinni í mánuði, tvisvar í mánuði eða jafnvel oftar.

6. *Hefur ráðherra sent sjúkrahúsum tilmæli um hversu oft og með hvaða hætti endurskoðun á biðlistum skuli fara fram?*

Heilbrigðisráðherra hefur með samþykkt tillagna forgangsröðunarnefndar í biðlistamálum gefið sjúkrastofnunum landsins fyrirmæli um að endurskoða biðlista sína reglulega. Jafnframt hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að fara þess á leit við faghópinn sem starfaði að biðlistamálum fyrir tveimur árum að halda áfram störfum og koma með tillögur um hvernig unnt sé að standa betur að skipulegri endurskoðun biðlistanna. Ljóst er að til þess að ná markmiðum heilbrigðisþjónustunnar og svo að hægt sé að fylgjast betur með starfsemi sjúkrahúsanna þarf ráðuneytið ætíð að hafa nýjar upplýsingar um biðlista. Þess vegna er í undirbúningi reglugerð um hverjir fari á biðlista, flokkun listanna, upplýsingaskyldu sjúkrastofnana, skil á biðlistum, þjónustumarkmið stofnana, lengd biðtíma, skipulagningu innlagna, hámarksbið o.s.frv. Stefnt er að því að reglugerðin taki gildi um næstu áramót eða á sama tíma og nýjar reglur um skráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum.

229. Fyrirspurn [208. mál]

til utanríkisráðherra um vöxt fiskstofna og stjórnkerfi fiskveiða.

Frá Ólafi Hannibalssyni.

1. Verður vöxtur og viðgangur einstakra tegunda innan fiskveiðilögsögunnar rakinn til þeirrar breytingar að kerfi aðskilinna, framseljanlegra aflaheimilda var tekið upp, sbr. orð ráðherra í ræðu hans á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nýlega?
2. Hver hefur vöxtur og viðgangur eftirfarandi tegunda verið síðan kerfi framseljanlegra aflaheimilda var tekið upp: Þorskur, ýsa, gullkarfi, djúpkarfi, úthafskarfi, ufsi, steinbítur, grálúða, skarkoli, sandkoli, langlúra, skrápflúra, innfjarðarrækja, hafrækja, humar, hörpudiskur, loðna, sumargotssíld, norsk-íslensk síld?
3. Geta íslenskir vísindamenn á þessu sviði staðfest áðurgreind ummæli ráðherra? Ef ekki, finnst ráðherra þá ástæða til að senda allsherjarþinginu frekari skýringu á ummælunum?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Orð utanríkisráðherra á allsherjarþinginu voru svohljóðandi:

„The fishing stocks in the Exclusive Economic Zone around Iceland have been steadily growing since the implementation of a system of individual transferable fishing quotas.“ (Fiskstofnarnir í efnahagslögsögu Íslands hafa verið í stöðugum vexti síðan tekið var upp kerfi aðgreindra, framseljanlegra aflaheimilda.)

230. Fyrirspurn [209. mál]

til samgönguráðherra um lögskráningu sjómanna á bátum undir 12 brúttórúmlestum.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til þess að sjómenn á bátum undir 12 brúttórúmlestum verði lögskráðir og þar með slysa- og líftryggðir?
2. Telur ráðherra aðrar leiðir en lögskráningu mögulegar til að tryggja öllum sjómönnum sambærilega réttarstöðu og tryggingar?
3. Hefur ráðuneytið upplýsingar um fjölda starfandi sjómanna sem ekki eru lögskráðir?
4. Njóta sjómenn á smábátum undir 12 brúttórúmlestum, sem ekki eru lögskráðir og kjarasamningar ná ekki til, réttinda samkvæmt sjómannalögum?

231. Fyrirspurn [210. mál]

til samgönguráðherra um samgöngur á Vestfjörðum.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Verða jarðgöng undir Hrafnseyrarheiði til tengingar norður- og suðurhluta Vestfjarða í endurskoðaðri vegáætlun?
2. Hvaða úrræði sér ráðherra til að bæta samgöngur í heild á Vestfjörðum?

232. Svar [31. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um ráðningar í stöður heilsugæslulækna.

1. *Hvað er óráðið í margar stöður heilsugæslulækna og hvaða umdæmi er þar um að ræða?*

Reykjavík. Ráðið er í allar stöður heilsugæslulækna og hvergi skammtímaráðningar nema í afleysingastöðum.

Reykjanes. Óráðið er í eina stöðu í Keflavík en umsókn um hana liggur fyrir stöðunefnd. Ráðið er í allar aðrar stöður í Reykjaneshéraði og skammtímaráðningar einungis vegna afleysinga.

Vesturland. Óráðið er í tvær stöður í Ólafsvík og eina stöðu í Stykkishólmi. Engar skammtímaráðningar eru í héraðinu.

Vestfirðir. Óráðið er í eina stöðu (af tveimur) á Patreksfirði en hún er mönnuð af læknanemum. Á Ísafirði er ráðið í allar stöður en lækni vantar til afleysinga í barnsburðarleyfi.

Norðurland vestra. Óráðið er í eina stöðu á Siglufirði. Engar skammtímaráðningar eru í héraðinu.

Norðurland eystra. Óráðið er í eina stöðu á Raufarhöfn. Læknir er í veikindaleyfi á Þórshöfn og á meðan eru skammtímaafleysingar. Á Ólafsfirði er læknanemi í skammtímaráðningu fram í miðjan desember, von er á fastráðnum lækni sumarið1999.

Austurland. Á Vopnafjörð vantar einn lækni (af tveimur). Á Seyðisfjörð vantar einn lækni (af tveimur). Á Eskifirði vantar einn lækni (af tveimur). Á Djúpavogi eru læknar ráðnir til næstkomandi áramóta. Á Höfn vantar tvo lækna (af þremur).

Suðurland. Á Selfossi er óráðið í 0,7 stöðugildi en nýr læknir er væntanlegur um næstu áramót. Ein læknisstaða er mönnuð afleysingalækni með skammtímaráðningu. Á Selfossi er því setið í 4,1 stöðu af 4,8. Ráðið er í aðrar stöður á Suðurlandi.

Alls er því óráðið í 13,7 stöður heilsugæslulækna en læknar eru væntanlegir í a.m.k. þrjú stöðugildi, þ.e. í Keflavík, Ólafsfirði og á Selfossi.

2. *Í hvaða heilsugæsluumdæmum eru læknar ráðnir til skamms tíma, þ.e. skemur en til eins árs?*

Eins og greinir í 1. lið eru skammtímaráðnir læknar á nokkrum stöðum vegna afleysinga en að auki eru skammtímaráðnir læknar og læknanemar á Patreksfirði, Ólafsfirði, Djúpavogi og Selfossi.

3. *Hvaða ástæður helstar eru fyrir því að erfitt hefur reynst að fá lækna til starfa á heilsugæslustöðvum utan Reykjavíkur?*

Telja verður að margar ástæður séu fyrir erfiðleikum við að manna læknastöður utan Reykjavíkur.

Unglæknar kynnast störfum utan sjúkrahúsa mjög takmarkað, öll vinnuskylda á kandídatsári er innan sjúkrahúsa. Vinna í dreifbýli verður því framandi og á vissan hátt ógnandi. Einnig er mikil vaktabyrði og einangrun nefnd sem fráhrindandi þáttur í starfi heilsugæslulækna.

Undanfarin ár hefur verið mikil samkeppni um unga lækna, bæði innan lands og utan. Stóru sjúkrahúsin á Íslandi þurfa sífellt á stórum hópi ungra lækna að halda og keppa m.a. við heilsugæslustöðvar um takamarkaðan mannafla. Löng hefð er fyrir því að íslenskir læknar sæki sér framhaldsmenntun til nágrannalandanna að fengnu lækningaleyfi, bæði austan hafs og vestan. Vaxandi læknaskortur er annars staðar á Norðurlöndum og markvisst hefur verið reynt að bjóða læknum þar góð kjör, einkum í Noregi. Á tveimur árum hefur íslenskum læknum til dæmis fjölgað úr 60 í 98 þar í landi. Hins vegar hafa nýlegar kjarabætur til heilsugæslulækna eftir úrskurð kjaranefndar jafnað stöðu þeirra á Íslandi gagnvart grannlöndunum.

4. *Til hvaða aðgerða hyggjast ráðuneytið og landlæknisembættið grípa til að ráða bót á þeim læknaskorti sem víða blasir við?*

Ráðuneytið hefur þegar gripið til ýmissa aðgerða til að ráða bót á þessum vanda, auk þess sem kjaranefnd hefur unnið að því að bæta kjör læknanna. Ráðuneytið gaf út stefnumörkun í málum heilsugæslunnar um mitt ár 1996 og hefur fjölda þátta í þeirri stefnumörkun þegar verið komið í framkvæmd, stöðum fjölgað og aðstaða verið bætt. Til dæmis fengu heilsugæslustöðvar nýlega bifreiðar til umráða sem bætti mjög aðstöðu til þjónustu í héruðum. Samningur hefur verið gerður við Læknavaktina í Reykjavík um að annast símaþjónustu fyrir einmenningshéruð á nóttum, en truflun á næturs vefni er mjög íþyngjandi fyrir lækna í dreifbýli, sem verða að ganga til vinnu að morgni.

Ráðuneytið hefur að undanförnu beitt sér fyrir stækkun heilsugæsluumdæma og telur að slíkt auðveldi mönnun starfið, m.a. þar sem vaktir verða léttari, afleysingar auðveldari og starfsumhverfi líklegra til að laða til sín unga lækna, sem óttast einangrun og þungar vaktir. Verður áfram unnið að slíkum breytingum.

Ráðuneytið hefur nýlega auglýst þrjár nýjar námsstöður í heimilislækningum og telur að mikilvægt sé að færa sérnám í auknum mæli inn í landið. Stöður þessar gefa ungum læknum möguleika á að ráða sig í skipulagt þriggja ára nám hér á landi. Dvöl á heilugæslustöðvum undir handleiðslu reyndari lækna er stór hluti þessa náms sem skipulagt er í samráði við læknadeild Háskóla Íslands. Einnig telur ráðuneytið nauðsynlegt að hyggja að svipuðu námi á kandídatsári. Ísland sker sig úr með að hafa heilsugæslu ekki sem hluta þeirrar skyldu-þjálfunar. Ætlun ráðuneytisins er að beita sér fyrir endurskoðun þessa ákvæðis, þannig að verðandi læknar kynnist starfi í heilsugæslu í námi og starfsþjálfun.

Ráðuneytið hefur í samvinnu við landlæknisembættið skipulagt kynningu á heilsugæslunni fyrir lækna sem lokið hafa námi í nágrannalöndunum. Landlæknir hefur þegar heimsótt tvær borgir á Norðurlöndum og skrifstofustjóri í ráðuneytinu mun fljótlega heimsækja þar þrjá staði og kynna íslenskum læknum breyttar og bættar starfsaðstæður á Íslandi.

233. Frumvarp til laga [211. mál]

um breyting á lögum nr. 82/1989, um málefni aldraðra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson, Bryndís Guðmundsdóttir.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Samráð skal haft við heildarsamtök aldraðra og aðildarfélög þeirra um opinbera stefnumörkun og ákvarðanir er varða hag og kjör aldraðra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heilbrigðisráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála og skal ráðuneyti hans m.a. hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra og annast áætlanagerð um málefni þeirra fyrir landið í heild. Er kveðið á um þetta í lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, og þar eru jafnframt ákvæði um störf samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn tilnefndur af Öldrunarráði Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Verkefni samstarfsnefndarinnar eru að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra, að vera heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra, að stjórna Framkvæmdasjóði aldraðra og gera tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr sjóðnum og að skera úr um ágreiningsmál sem upp kunna að koma um málefni aldraðra samkvæmt lögunum, enda beri mál ekki að réttu undir dómstóla.

Í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, eru ákvæði svipaðs efnis og í lögum um málefni aldraðra, enda var á 105. löggjafarþingi í fyrsta sinn sett heildstæð löggjöf bæði um málefni fatlaðra og aldraðra og því eðlilegt að svipuð sjónarmið væru lögð til grundvallar. Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðra en sérstök nefnd, stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, er félagsmálaráðuneytinu til ráðgjafar. Í lögum um málefni fatlaðra er kveðið á um önnur verkefni nefndarinnar, m.a. fer hún með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Í 2. mgr. 1. gr. laganna er kveðið á um að við framkvæmd á markmiðum laganna skuli tryggja heildarsamtökum fatlaðra og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra. Í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 59/1992 segir að greinin feli ekki í sér efnislegar breytingar frá 1. gr. þágildandi laga heldur einungis einstaka orðalagsbreytingar. Þetta ákvæði kom í stað ákvæðis í 1. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, en samkvæmt henni var markmið laganna að tryggja heildar-

samtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvarðanatöku um málefni sín, svo sem með því að leita umsagnar heildarsamtaka fatlaðra eða sérstakra félaga þeirra eða styrktarfélaga fatlaðra sem hlut ættu að máli hverju sinni við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þau vörðuðu. Í athugasemdum við 1. gr. þess frumvarps sem varð að lögum nr. 41/1983 segir að lagt sé til að þau lýðræðislegu vinnubrögð verði höfð við framkvæmd laganna og þeirra reglugerða, sem settar verði í samræmi við þau, að samtök fatlaðra fái umsagnarrétt við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þá varða. Segir að markmið greinarinnar sé þannig að tryggja áhrif heildarsamtaka fatlaðra á ákvörðunartöku um málefni sín.

Að mati flutningsmanna þessa frumvarps þarf að tryggja betur lýðræðislegan rétt aldraðra til þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku um málefni sín en gert er með ákvæðum um samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Á hann að vera sambærilegur við rétt fatlaðra að þessu leyti. Hér er því lagt til að heildarsamtökum aldraðra og aðildarfélögum þeirra verði tryggð áhrif á opinbera stefnu og ákvarðanir er varða hag þeirra og kjör. Til þess að svo megi verða er sú skylda lögð á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að það hafi samráð við samtök aldraðra eða hlutaðeigandi félag þeirra um vinnu að stefnumótun um málefni aldraðra, undirbúning frumvarpa til laga eða setningu reglugerða sem snerta hag og kjör aldraðra og hlutist til um að önnur ráðuneyti geri hið sama. Mikilvægt er að samtök aldraðra geti á undirbúningsstigi komið sjónarmiðum sínum að og því eðlilegt að tryggð sé aðild þeirra að nefndarstarfi á vegum ráðuneyta þar sem fjallað er um málefni þeirra, ekki síst þau sem bein áhrif hafa á afkomu og aðbúnað aldraðra. Það er einnig gagnlegt fyrir stjórnvöld að hafa samráð við samtök aldraðra eins og hér er lagt til og nýta sér þá miklu þekkingu og reynslu sem þar er að finna. Hérlendis eru um 27 þúsund manns 67 ára og eldri. Talið er að nær helmingur þeirra taki virkan þátt í skipulögðu starfi félaga aldraðra vítt og breitt um landið. Þessi félög láta sig ekki eingöngu varða tómstundastarf aldraðra, heldur hafa þau á undanförnum missirum og árum í æ meira mæli látið til sín taka málefni er varða afkomu og aðbúnað aldraðra og beitt sér gagnvart stjórnvöldum til að tryggja betur hag þeirra. Það er því ákaflega mikilvægt og til þess fallið að stuðla að lýðræðislegum ákvörðunum að lögbinda slíkt samráð og samvinnu við samtök aldraðra eins og hér er lagt til, enda hafa aldraðir engan samningsrétt um kjör sín og afkomu.

Þetta fyrirkomulag er þekkt víða erlendis og má nefna Noreg í því sambandi. Þar hafa verið settar reglur varðandi samningaviðræður milli ríkisstjórnar og samtaka eftirlaunafólks og komið hefur verið á fót viðræðunefnd með aðild samtaka eftirlaunafólks og stjórnvalda. Verkefni hennar er að ræða mál varðandi tryggingafyrirkomulag og aðrar stuðningsaðgerðir o.fl. sem skiptir máli fyrir aldraða. Samvinnunefndin fer árlega yfir frumvarp til fjárlaga og tryggingaþætti þess sem snerta hag og kjör aldraðra áður en málið er lagt fyrir Stórþingið. Samstarfsnefndin getur einnig að eigin frumkvæði eða vegna óska samtaka aldraðra tekið fyrir mál er snerta samskipti ríkis, almannatrygginga og aldraðra. Í sveitarfélögum og fylkjum í Noregi hefur með lögum frá 1992 einnig verið sett á fót öldrunarráð sem er ráðgefandi aðili fyrir sveitarfélögin um málefni aldraðra, en skylt er að leggja fyrir ráðið mál sem snerta hag og kjör aldraðra áður en sveitastjórnir fjalla um þau. Öldrunarráðið getur líka sjálft haft frumkvæði að því að taka upp mál sem snerta aldraða í sveitarfélaginu. Á vegum stjórnvalda í Noregi hefur frá 1970 verið starfandi öldrunarráð ríkisins sem er ráðgefandi aðili fyrir ríkisstjórnina og opinberar stofnanir og samræmir sjónarmið ríkisvaldsins og hagsmunasamtaka aldraðra í málefnum sem þá varða.

234. Frumvarp til laga [212. mál]

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Einar K. Guðfinnsson, Svavar Gestsson, Össur Skarphéðinsson, Guðný Guðbjörnsdóttir.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði ættleiðingarlaga um að veita megi öðru hjóna með samþykki hins leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn gilda um einstaklinga í staðfestri samvist.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Önnur ákvæði ættleiðingarlaga um hjón en getur í 2. mgr. 5. gr. og ákvæði laga um tæknifrjóvgun gilda ekki um staðfesta samvist.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 121. og 122. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Þá fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Hinn 27. júní 1996 gengu í gildi lög um staðfesta samvist, nr. 87/1996. Með lögunum var börnum samkynhneigðra tryggður réttur til að njóta forsjár beggja aðila í staðfestri samvist. Rökin voru þau að við þessar kringumstæður, þ.e. í sameiginlegu heimilishaldi einstaklinga í staðfestri samvist og barns annars þeirra, væri eðlilegt og í samræmi við hagsmuni barnsins að regla 3. mgr. 30. gr. barnalaga um lögbundna forsjá stjúpforeldris gilti á sama hátt og um hjúskap væri að ræða.

Börn samkynhneigðra í staðfestri samvist njóta þó enn ekki fulls jafnræðis við börn gagnkynhneigðra í sömu stöðu og er frumvarpi þessu ætlað að tryggja öllum börnum sömu stöðu.

Frumvarpið fjallar um rétt til ættleiðingar stjúpbarna, eða það að stjúpforeldri í staðfestri samvist fái sama rétt til að ættleiða barn maka síns og stjúpforeldri í hjónabandi hefur skv. 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Stjúpættleiðing þjónar öðru fremur því markmiði að skapa ákveðna festu um fjölskylduböndin, stuðla að samheldni og tryggja rétt barna til að njóta alls þess sem ættleiðingartengsl bjóða upp á frá báðum þeim aðilum sem gegna hlutverki foreldris. Stjúpættleiðing er að sumu leyti mikilvægari en sameiginleg forsjá því að ættleiðing af þessu tagi kemur kannski helst til álita þegar lítil tengsl eru milli barnsins og hins forsjárlausa kynforeldris og markmiðið verður að tryggja því sem best raunverulegan stuðning tveggja í stað eins í foreldrahlutverkinu. Þá er stjúpættleiðing um margt ólík svokallaðri frumættleiðingu sem stofnar til algerlega nýrra fjölskyldusambanda þar sem hér er um það að ræða að hlúa betur að barni sem oftast hefur búið á sama heimili og stjúpforeldri um nokkurt skeið og þegar myndað tengsl við viðkomandi. Eins og ætíð við ráðstafanir sem varða börn er litið til þess hvað barni er fyrir bestu við mat á umsókn stjúpforeldris um

leyfi til ættleiðingar stjúpbarns og í lagaframkvæmd hafa mótast reglur um meðferð slíkra umsókna. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að sömu sjónarmið gildi um umsóknir stjúpforeldra í staðfestri samvist og endranær, eða að hægt sé að tryggja þennan rétt barna þegar það þykir henta best hag og þörfum þeirra, enda miðast frumvarpið við að tryggja jafnan rétt allra barna sem búa við sömu aðstæður.

Krafan um að tryggja jafnan rétt allra barna byggist á ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, þar sem segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til stöðu sinnar. Að mismuna börnum að þessu leyti þykir einnig brjóta í bága við ákvæði 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi á Íslandi samkvæmt lögum nr. 62/1994. Síðast en ekki síst eru skýr ákvæði í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 sem fullgiltur var af hálfu Íslands árið 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1992, um bann við því að mismuna börnum. Í inngangi þess samnings er yfirlýsing um að tryggja beri fjölskyldu, sem grundvallareiningu samfélagsins og hinu eðlilega umhverfi til vaxtar og velferðar barna, nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna til hlítar þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu. Skv. 2. mgr. 3. gr. samningsins skuldbinda aðildarríki sig til þess að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og að gera í því skyni allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Ákvæði 2. gr. samningsins fjallar um skyldu aðildarríkis til að tryggja hverju barni öll þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum án mismununar af nokkru tagi, t.d. án tillits til félagslegrar stöðu og annarra aðstæðna barnsins, foreldris þess eða lögráðamanns. Í 2. mgr. 2. gr. segir orðrétt: „Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra."

Frumvarp þetta felur því í sér afnám misréttis sem er fyrir hendi samkvæmt núgildandi lögum gagnvart tilteknum hópi barna.

Í 1. gr. frumvarpsins er orðuð reglan um að ákvæði ættleiðingarlaga um rétt stjúpforeldris til að ættleiða stjúpbarn gildi um einstaklinga í staðfestri samvist. Með þessu er átt við að öll þau ákvæði ættleiðingarlaga sem fjalla um framkvæmd slíkrar ættleiðingar gildi um umsókn stjúpforeldris í staðfestri samvist. Ákvæði þetta þykir eiga heima sem viðbót við 5. gr. laganna sem fjallar sérstaklega um réttaráhrif staðfestrar samvistar.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 6. gr. laganna sem fjallar um undantekningar frá meginreglunni um réttaráhrif staðfestrar samvistar. Verði framangreind breyting gerð á 5. gr. laganna þarf að þrengja 1. mgr. 6. gr. til samræmis. Þetta þýðir að ákvæði ættleiðingarlaga um svokallaða frumættleiðingu gilda ekki um staðfesta samvist.

235. Tillaga til þingsályktunar [213. mál]

um stuðning við konur í Bosníu.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Drífa Hjartardóttir.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að beina hluta þeirrar fjárhagsaðstoðar sem ætluð er til uppbyggingar í Bosníu á komandi árum til kvenna þar í landi í samvinnu við kvennasamtök. Verði aðstoðin notuð til að styrkja uppbyggingu kvennahúss í Sarajevó og til annarra brýnna verkefna sem konur í Bosníu fást við.

Greinargerð.

Eftir að stríðsaðilar í Bosníu féllust á friðarskilmála samkvæmt svokölluðu Dayton-samkomulagi árið 1995 hefur verið unnið að uppbyggingu í landinu. Þótt styrjöldin ylli gífurlegri eyðileggingu á mannvirkjum og atvinnutækjum er það tjón sem mannfólkið varð fyrir enn verra. Líf týndust, líkömum var misþyrmt og sálir urðu fyrir sárum sem seint munu gróa. Tvennt einkenndi stríðið umfram annað, annars vegar ofsóknir og tilraun til útrýmingar á þjóðarbrotum, hins vegar skipulagðar hópnauðganir á konum sem ekki er vitað til að hafi áður verið beitt í jafnríkum mæli í styrjöldum. Karlar voru myrtir, en eftir sitja konurnar í sárum með börnin sín sem sum hver fæddust eftir endurteknar nauðganir.

Konur eru nú 68% íbúa í Bosníu, en þær koma afar lítið nálægt stjórn landsins, einkum í múslimska hlutanum. Samkvæmt frásögnum kvenna sem hafa unnið að málefnum Bosníukvenna er lítill skilningur meðal ráðamanna á því að taka þurfi sérstaklega á vandamálum þeirra. Meðal annars neitaði einn af borgarstjórum Sarajevó BISER-kvennasamtökunum um húsnæði fyrir kvennahús með þeim rökum að hann vildi ekki sjá nein kvennahús í sínum borgarhluta. Samt sem áður tókst að festa kaup á húsi sem er verið að taka í notkun og stækka með aðstoð ýmissa ríkja og kvennasamtaka í Evrópu.

Fátækt er mikil meðal kvenna og fjölmargar þeirra sitja einar uppi með börn sín án þess að vita hvað orðið hefur um heimilisföðurinn. Hundraða þúsunda Bosníumanna er saknað eftir styrjaldarátökin, en eins og fram hefur komið í fréttum eru sífellt að finnast fleiri fjöldagrafir. Í Evrópuríkinu Bosníu er ólæsi mikið meðal kvenna og þær skortir sárlega menntun og þar með möguleika til að sjá sér og sínum farborða. Gamlar hefðir og hugmyndir múslima um konur eru þrándur í götu og þurfa konurnar mikla aðstoð til að brjótast úr þeim viðjum sem samfélagið setur þeim og til að ná sér eftir öll þau áföll sem þær hafa orðið fyrir. Meðal annars má nefna að nokkrar flóttakonur í Þýskalandi (múslimar) fengu þá hugmynd að stofna kaffihús þegar þær sneru heim, en komust að þeirri niðurstöðu að það væri ekki hægt þar sem þær yrðu álitnar lauslætisdrósir. Engin heiðvirð múslimakona getur unnið á kaffihúsi að þeirra sögn! Þá veigra konurnar sér við að leita aðstoðar sérfræðinga því þær vilja ekki bera á torg að þær hafi orðið fyrir nauðgun. Í kvennahúsi þar sem þær sækja námskeið er auðveldara að dylja að þær séu um leið að leita sér áfallahjálpar.

Svo sem áður segir er þegar búið að kaupa hús undir starf í þágu kvenna í Sarajevó. Þar er verið að skipuleggja námskeið í saumaskap, lestri og öðru sem að gagni má koma, auk þess að bjóða upp á viðtöl við sálfræðinga og lækna. Íslensk kona, dr. Vilborg Auður Ísleifsdóttir sagnfræðingur, sem búsett er í Þýskalandi, hefur unnið ötullega að aðstoð við konur í Bosníu, einkum í samvinnu við konur í Þýskalandi, en þar í landi eru enn tugþúsundir flóttamanna frá Bosníu. Samkvæmt frásögn Vilborgar, sem er gjaldkeri Þýskalandsdeildar

BISER, stuðningssamtakanna við Bosníukonur, vantar sárlega meira fé til að ljúka megi viðgerðum á húsinu. Meðan á stríðinu stóð var öllu steini léttara stolið úr því, m.a. voru rafleiðslur dregnar út, væntanlega til að selja á svartamarkaðnum í Sarajevó.

Íslensk kvennasamötk ætla að styðja konur í Bosníu með margvíslegum hætti, m.a. með því að safna fé og kaupa saumavélar, en meira þarf til. Þessi þingsályktunartillaga er flutt til þess að vekja athygli íslenskra stjórnvalda á því hve brýnt er að styðja konur í Bosníu og til að hvetja stjórnvöld og aðra til að leggja sitt af mörkum til stuðnings þolendum hörmulegra stríðsátaka og voðaverka sem vonandi munu aldrei sjást aftur, hvorki á evrópskri grund né annars staðar.

236. Svar [36. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um framkvæmd fjármagnstekjuskatts.

1. *Hve miklar voru heildartekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti við álagningu skatta árið 1998 (tekjuárið 1997) og hvernig skiptist hann milli bankainnstæðna, verðbréfa, arðs, útistandandi skulda og annarra vaxtatekna?*

Við álagningu skatta á einstaklinga árið 1998 vegna tekna á árinu 1997 var álagður fjármagnstekjuskattur 1.401 m.kr. Persónuafsláttur, sem nýttist á móti fjármagnstekjuskatti, var 85 m.kr. þannig að tekjur ríkissjóðs af skattinum voru 1.315 m.kr.

Fjármagnstekjuskattur er lagður í einu lagi á allar skattskyldar tekjur og er álagningin því ekki sundurliðuð eftir tekjutegundum. Með hliðsjón af fjárhæð þeirra tekna sem fjármagnstekjuskattur er lagður á, og með því að gera ráð fyrir sömu nýtingu persónuafsláttar gagnvart öllum tekjutegundum, má áætla að skattur af einstökum tegundum fjármagnstekna hafi verið þessi, í m.kr.:

Arður og vextir af stofnsjóðsinneign	397
Söluhagnaður af hlutabréfum	318
Annar söluhagnaður	40
Vextir af bankainnstæðum	286
Vextir af eignarskattsfrjálsum verðbréfum	42
Vextir af öðrum verðbréfum og útistandandi skuldum	101
Leigutekjur	14
Samtals	1.315

2. *Hve miklar vaxtatekjur voru taldar fram á skattframtölum við álagningu skatta sundurliðað eftir árunum 1996, 1997 og 1998 (tekjuárin 1995, 1996 og 1997) og hvernig skiptust þær eftir verðbréfum og inneignum hjá innlánsstofnunum?*

Á framtölum árin 1996, 1997 og 1998 voru framtaldar vaxtatekjur sem hér segir (m.kr.):

Tekjuár:	1995	1996	1997
Vextir af bankainnstæðum	1.680	2.146	3.037
Vextir af eignarskattsfrjálsum verðbréfum	642	1.070	424
Vextir af öðrum verðbréfum og útistandandi skuldum	1.145	1.243	1.010
Samtals	3.467	4.459	4.471

3. *Hve mikill var hagnaður af sölu hlutabréfa samkvæmt álagningu skatta árin 1996, 1997 og 1998 (tekjuárin 1995, 1996 og 1997)?*
4. *Hve mikið af söluhagnaði hlutabréfa var skattlagt á sama hátt og aðrar tekjur, þ.e. um 40% skatthlutfall, og hve mikið með 10% fjármagnstekjuskatti?*

Hagnaður einstaklinga af sölu hlutabréfa á árunum 1996 og 1997 samkvæmt framtölum og skipting hans eftir skattskyldu var sem hér segir (m.kr.):

Tekjuár:	1996	1997
Skattskyldur sem fjármagnstekjur	962	3.383
Skattskyldur sem aðrar tekjur	31	259
Samtals	993	3.642

Í upplýsingum úr framtölum fyrir árið 1995 var ekki greint á milli söluhagnaðar af hlutabréfum og annars söluhagnaðar. Framtalinn söluhagnaður það ár var alls 493 m.kr.

5. *Hve hár var arður af hlutabréfum og skattlagning hans við álagningu skatta árið 1997 annars vegar og árið 1998 hins vegar (tekjuárin 1996 og 1997)?*
6. *Hverjar hefðu skatttekjur ríkissjóðs orðið af arði af hlutabréfum við álagningu skatta fyrir árið 1998 (tekjuárið 1997) ef skatthlutfallið hefði verið það sama og fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts?*

Arður einstaklinga af hlutabréfum og stofnsjóðsinneign árið 1996 var 1.399 m.kr. og 4.224 m.kr. árið 1997 samkvæmt framtölum fyrir þau ár. Þar sem skattur er ekki lagður á einstakar tekjutegundir verður að áætla skatt af þeim. Í eftirfarandi töflu er lagt mat á hver skattur af arði var við álagningu á árunum 1997 og 1998 og hver hann hefði orðið á síðara árinu að óbreyttum skattlagningarreglum.

Tekjuár:	1995	1996	1997, áætlað samkvæmt eldri reglum
Arður samkvæmt framtölum	1.399 m.kr.	4.224 m.kr.	4.224 m.kr.
— frádráttarbær arður	657 m.kr.	–	1.689 m.kr.
Skattstofn	715 m.kr.	3.964 m.kr.	2.436 m.kr.
Skatthlutfall	40 %	10 %	40 %
Skattur	286 m.kr.	396 m.kr.	974 m.kr.

Frádráttarbær arður er takmarkaður við 10% af nafnverði og tiltekna fjárhæð og lækkar því sem hlutfall af arðgreiðslum þegar þær hækka. Frádráttarbær arður var 53% af greiddum arði 1995 og 47% árið 1996 og er hér gert ráð fyrir að hann hefði að óbreyttum reglum orðið 40% á árinu 1998. Enn fremur er gert ráð fyrir að hluti af greiddum arði sé hjá þeim sem eru neðan skattleysismarka. Er í því efni miðað við upplýsingar úr framtölum 1995 um dreifingu á arði með hliðsjón af heildartekjum og nýtingu á persónuafslætti á móti fjármagnstekjum við álagningu 1998.

237. Fyrirspurn [214. mál]

til forsætisráðherra um ný störf á vinnumarkaði.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

Hversu mörg ný störf (raunaukning) hafa orðið til á vinnumarkaðinum hérlendis á kjörtímabilinu, sundurliðað eftir kjördæmum og atvinnugreinum (opinber störf, framleiðslustörf, þjónusta o.s.frv.)?

Hver hefur orðið heildartilfærsla vinnuafls eftir kjördæmum og atvinnugreinum á sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

238. Fyrirspurn [215. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað af breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

Hver hefur heildarkostnaður verið af breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög og sölu á hlutafé í eigu ríkisins á yfirstandandi kjörtímabili? — Óskað er sundurliðunar eftir verkefnum og einnig hverjir hafa þegið greiðslur hverju sinni fyrir þessi verkefni, þar á meðal söluþóknun verðbréfafyrirtækja sem annast hafa sölu bréfanna.

Skriflegt svar óskast.

239. Fyrirspurn [216. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kjör ellilífeyrisþega.

Frá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur.

1. Hyggst ráðherra gera sömu breytingu á tekjutengingu maka ellilífeyrisþega og fyrirhugað er varðandi maka öryrkja?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að ellilífeyrir frá Tryggingastofnun verið sá sami hjá hjónum og hjá einstaklingum?

240. Fyrirspurn [217. mál]

til heilbrigðisráðherra um skort á starfsfólki í heilbrigðiskerfinu.

Frá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur.

1. Hve mikill skortur hefur verið á starfsfólki á sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum á höfuðborgarsvæðinu:
   a. hjúkrunarfræðingum,
   b. sjúkraliðum,
   c. sóknarstarfsmönnum,
   á þessu ári miðað við fullmannaðar stöður og eðlilega þjónustu?
2. Hvernig eiga viðkomandi deildir að bregðast við ef meira en helming starfsmanna vantar? Er til neyðaráætlun?
3. Hafa borist formlegar kvartanir frá heilbrigðisstofnunum vegna skorts á starfsmönnum? Ef svo er, frá hvaða stofnunum og hver hefur skorturinn verið?

4. Hafa heilbrigðisstofnanir á höfuðborgarsvæðinu leitað eftir starfsfólki til vinnumiðlunar Reykjavíkur á þessu ári? Ef svo er, hver hefur árangurinn verið?
5. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa vegna alvarlegs skorts á starfsfólki í heilbrigðisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu í mjög mörgum starfsgreinum?

Skriflegt svar óskast.

241. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um aðskilnað rannsóknastofnana, hagsmunasamtaka og ríkisvalds.

Flm.: Ólafur Hannibalsson, Pétur H. Blöndal, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að gera tillögur um nýja skipan stjórna allra rannsókna- og vísindastofnana á vegum hins opinbera með það fyrir augum að efla sjálfstæði þeirra til hvers konar rannsókna og vísindaiðkana.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur stórvirki verið unnið með því að kveða í kútinn aldagamla hefð í íslensku réttarfari, þar sem sama aðila var falið að annast rannsókn máls, fara með ákæruvald og kveða upp dóma og jafnvel að sjá um fullnustu refsingar. Þessir þættir hafa nú verið aðskildir, svo sem öllum mun nú þykja eðlilegt. Einnig hafa verið settar skýrari reglur í stjórnsýslunni um hæfi manna til að sinna afgreiðslu mála sem komið hafa til þeirra kasta á fyrri stigum.

Á sama hátt er orðið fyllilega tímabært að huga að því að aðskilja á öðrum sviðum ýmis hlutverk sem hingað til hefur þótt eðlilegt að færu saman. Í þessari tillögu er fjallað um aukið sjálfstæði vísindamanna og rannsóknastofnana með það fyrir augum að gera þá óháðari öflugum hagsmunasamtökum samfélagsins, ríkisvaldi og tilfallandi valdhöfum á hverjum tíma.

Lengi hefur tíðkast að skipa stjórnarmenn rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna úr röðum þeirra hagsmunasamtaka sem nærri standa þeim rannsóknum sem viðkomandi stofnun annast. Þetta var ekki alls kostar óeðlilegt meðan meginverksvið þessara stofnana var að auka og efla framleiðslu í þessum greinum, næstum án tillits til annarra mikilvægra þátta. Nú eru uppi aðrar aðstæður og markmið stofnananna beinist ekki síst að því að halda aftur af fullri nýtingu framleiðsluafla í þessum greinum að teknu tilliti til umhverfisáhrifa, mati á arðsemisþáttum og sjálfbærrar nýtingar. Til dæmis má taka Hafrannsóknastofnunina sem fram til 1983 sinnti því sem meginverkefni að auka afla úr öllum tegundum við Ísland en hefur síðan þurft að beina kröftum sínum fyrst og fremst að því að benda á mörk afrakstursgetu einstakra fiskstofna og leggja hömlur á veiðigetu flotans. Sama á ekki síður við um margar aðrar hliðstæðar vísindastofnanir.

Það er eðli sannra vísinda að rannsóknir leiði til niðurstöðu sem er og á að vera óháð hagsmunum eða vilja vísindamannsins eða annarra aðila. Því er brýnna en nokkru sinni fyrr

að rannsóknastofnanir séu óháðar í vísindastarfsemi sinni, bæði stofnunum ríkisvaldsins og hvers konar hagsmunasamtökum á þeim sviðum sem þær rannsaka. Fátt er og betur til þess fallið að efla trúverðugleika þeirra og tiltrú þjóðarinnar.

Mikil og vaxandi umræða hefur verið um þetta efni innan vísindasamfélagsins síðustu ár. Til marks um það er grein Magnúsar Jónssonar veðurstofustjóra, sem birtist í Morgunblaðinu nýlega og birt er sem fylgiskjal með tillögunni, enda skarplegur rökstuðningur fyrir efni hennar og þörf hugvekja, þótt flutningsmenn séu ekki endilega sammála greinarhöfundi í öllum atriðum.

Með tillögunni var fylgiskjal: Rannsóknir í herkví hagsmuna? Magnús Jónsson veðurstofustjóri (Mbl. 31. október 1998).

242. Svar [159. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um áhrif af afnámi línutvöföldunar.

1. *Hefur heildarframboð af línuþorski til landvinnslu á tímabilinu nóvember til febrúar breyst síðan línutvöföldun var afnumin með lögum nr. 105/1996 ef miðað er við þrjú síðustu fiskveiðiár þar á undan?*

Í töflu 1 koma fram upplýsingar um þorskafla veiddan á línu af aflamarksbátum á tímabilinu nóvember til febrúar fimm síðustu fiskveiðiár, ásamt heildarþorskafla á línu sömu fiskveiðiár.

Tafla 1. Þorskafli aflamarksbáta veiddur á línu.

Fiskveiðiár	Afli á tímabilinu nóvember–febrúar	Heildarafli allt fiskveiðiárið	Hlutfall línuafla nóvember–febrúar af heildarafla, %
1993/1994	22.835	31.144	73
1994/1995	20.460	27.823	74
1995/1996	30.534	37.539	81
1996/1997	12.001	20.220	59
1997/1998	9.065	18.294	50

Heimild: Fiskistofa.

2. *Stunda þeir bátar sem mestum línuafla skiluðu fyrir afnám línutvöföldunar (t.d. þeir 30 bátar sem mesta úthlutun fengu vegna aflareynslu á línu við afnám tvöföldunar) enn línuveiðar yfir vetrarmánuði?*

Í töflu 2 er listi yfir þau 30 skip sem fengu mestu úthlutað af þorskaflahlutdeild í samræmi við aflareynslu þeirra á viðmiðunartímanum, sem var fiskveiðiárin 1993/1994 til 1995/1996. Af þessum 30 bátum stunduðu 15 línuveiðar á tímabilinu nóvember 1997 til febrúar 1998, en þrjú skip eru ekki lengur í rekstri og ellefu skip eru ekki lengur í eigu þeirra útgerða sem áttu þau árið 1996. Þá kemur einnig fram að þau skip sem stunduðu línuveiðar

síðasta vetur veiddu rúmum 1.800 lestum meira en sem nemur samanlagðri viðbótarhlutdeild allra skipanna 30 við skiptingu línuveiðiheimildanna.

Tafla 2. Skip sem fengu mestar viðbótaraflaheimildir við afnám línutvöföldunar og línuafli þeirra á tímabilinu 1. nóvember 1997 til 28. febrúar 1998.

		Viðbótarafla-hlutdeild við afnám línutvöföldunar		Aflamark, miðað við 1997/98, við afnám línutvöföldunar		Línuafli frá nóvember 1997 til febrúar 1998	
Skr.nr. Heiti	Heimahöfn	Þorskur	Ýsa	Þorskur	Ýsa	Þorskur	Ýsa
2158 Tjaldur SH 270	Rif	0,1910	0,0538	349.503	23.018	366.785	130.653
1591 Núpur BA 69	Patreksfjörður	0,1403	0,0525	256.839	22.467	661.612	176.924
975 Sighvatur GK 57	Grindavík	0,1293	0,0907	236.707	38.830	637.879	197.862
2159 Tjaldur II SH 370	Rif	0,1346	0,0537	246.298	22.986	0	0
1023 Skarfur GK 666	Grindavík	0,1205	0,0721	220.626	30.865	546.769	137.615
1063 Kópur GK 175	Grindavík	0,1146	0,0592	209.678	25.337	534.281	131.395
237 Hrungnir GK 50	Grindavík	0,1174	0,0390	214.896	16.693	448.940	145.858
1640 Gyllir ÍS 261	Flateyri	0,1102	0,0432	201.638	18.484	0	0
72 Guðrún Hlín BA 122	Patreksfjörður	0,1106	0,0246	202.372	10.515	381.519	65.832
76 Særún GK 120	Njarðvík	0,0957	0,0422	175.126	18.070	0	0
972 Garðey SF 22	Hornafjörður	0,0953	0,0405	174.471	17.313	238.831	102.641
1135 Kristbjörg VE 70	Vestmannaeyjar	0,0992	0,0252	181.495	10.795	479.039	164.013
256 Kristrún RE 177	Reykjavík	0,0872	0,0652	159.660	27.893	675.855	100.268
2140 Eldborg RE 22	Reykjavík	0,0940	0,0392	172.028	16.785	0	0
1125 Melavík SF 34	Hornafjörður	0,0914	0,0444	167.256	19.005	0	0
1052 Vinur ÍS 8	Bolungarvík	0,0984	0,0136	180.160	5.805	434.217	125.266
11 Freyr GK 157	Grindavík	0,0886	0,0375	162.229	16.055	521.552	181.382
1359 Sólborg RE 270	Reykjavík	0,0854	0,0284	156.376	12.176	0	0
1136 Rifsnes SH 44	Rif	0,0859	0,0180	157.247	7.712	486.169	28.465
1964 Fanney SH 24	Grundarfjörður	0,0786	0,0224	143.792	9.582	0	0
257 Sigurvon Ýr BA 257	Tálknafjörður	0,0777	0,0226	142.294	9.658	290.570	96.564
1258 Byr VE 373	Vestmannaeyjar	0,0707	0,0250	129.326	10.704	0	0
2142 Jónína ÍS 930	Flateyri	0,0699	0,0277	127.847	11.876	0	0
239 Örvar SH 777	Hellissandur	0,0669	0,0220	122.479	9.428	0	0
971 Aðalvík KE 95	Keflavík	0,0634	0,0335	116.023	14.331	0	0
1014 Auðunn ÍS 110	Ísafjörður	0,0637	0,0254	116.555	10.879	0	0
2242 Orri ÍS 20	Ísafjörður	0,0556	0,0293	101.766	12.555	0	0
1074 Saxhamar SH 50	Rif	0,0563	0,0198	102.980	8.483	0	0
253 Hamar SH 224	Rif	0,0564	0,0188	103.261	8.045	0	0
483 Guðný ÍS 266	Bolungarvík	0,0501	0,0369	91.678	15.797	269.173	137.624
		2,7990	1,1265	5.122.605	482.138	6.973.191	1.922.362

Nafn skipa og heimahöfn á við þann tíma þegar viðbótaraflahlutdeild var úthlutað. Aflamark og afli miðast við kg af óslægðum fiski. Heimild: Fiskistofa.

243. Svar [166. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um smábátaútgerð.

Í fyrirspurninni er miðað við 15 smálesta báta og minni. Undanfarið hafa átt sér stað nokkrar breytingar á mælikvörðum sem notaðir eru til að mæla skip og báta. Undanfarin ár hefur aðallega verið miðað við hugtakið brúttórúmlestir, en síðustu missirin hefur einingin brúttótonn verið tekin upp í samræmi við alþjóðlegar samþykktir. Hugtakið smálest hefur verið notað um sömu einingu og brúttórúmlest og er því miðað við 15 brúttórúmlestir (brl.) í svarinu.

Fiskifélag Íslands hefur unnið flest þau gögn sem safnað var til að svara fyrirspurninni, en einnig var leitað til Fiskistofu og Þjóðhagsstofnunar.

1. *Hve margir einstaklingar byggja afkomu sína á rekstri smábátaútgerðar á Íslandi miðað við 15 smálesta báta og minni?*

Erfitt er að gera grein fyrir hvenær aðili byggir afkomu sína á rekstri smábátaútgerðar nema með aðgangi að skattskýrslum sem sjávarútvegsráðuneytið hefur ekki. Auk þess er fyrirsjáanlegt að þrátt fyrir slíkan aðgang yrði erfitt að skilgreina hvenær aðilar byggja afkomu sína á starfseminni þar sem einn aðili getur haft miklar tekjur af rekstrinum, en þær verið minni hluti heildartekna hans. Enn fremur getur aðili haft litlar tekjur af rekstrinum, en þær verið einu tekjur hans.

Leitað var til Þjóðhagsstofnunar um svör við þessum lið en ekki reyndist unnt að gefa ákveðið svar við honum. Út frá tölum um skiptingu báta eftir aflamagni og aflaverðmæti þeirra (sjá töflu 1) má gera sér nokkra grein fyrir því hve þýðingarmikil útgerð þessara báta er fyrir þá sem hana stunda. Þess ber að geta að flestir þessara báta eru krókabátar minni en 6 brl. Fiskveiðiárið 1995/1996 voru bátar með krókaleyfi 1.082, 1996/1997 voru þeir 1.009 og 1997/1998 852. Á krókabátum eru yfirleitt einn til tveir menn, en tveir til þrír á stærri bátum.

Tafla 1. Bátar 15 brl. og minni, sem lönduðu afla, flokkaðir eftir heildarafla og aflaverðmæti.

	1995/1996	**1996/1997**	**1997/1998**
Skipting eftir aflamagni	Fjöldi báta	Fjöldi báta	Fjöldi báta
0–10 tonn	322	344	231
10–50 tonn	617	544	438
50–100 tonn	308	316	303
yfir 100 tonn	155	185	200
Samtals	**1.402**	**1.389**	**1.172**

Skipting eftir aflaverðmæti	1995/1996 Fjöldi báta	1996/1997 Fjöldi báta	1997/1998 Fjöldi báta
0–1 millj. kr.	454	437	301
1–3 millj. kr.	458	395	309
3–7 millj. kr.	330	370	344
yfir 7 millj. kr.	160	187	218
Samtals	**1.402**	**1.389**	**1.172**

Heimild: Fiskifélag Íslands.

2. *Hver var afli báta minni en 15 smálestir sl. þrjú fiskveiðiár?*
3. *Hvert var verðmæti þessa afla sl. þrjú fiskveiðiár?*
4. *Hvert var útflutningsverðmæti þessa afla sl. þrjú fiskveiðiár?*

Svör við þessum liðum er að finna í töflu 2. Varðandi 4. lið verður að taka fram að þar sem ekki er unnt að finna útflutningsverðmæti þess afla sem umræddir bátar báru að landi varð að notast við aðra aðferð til að meta það. Í þessu tilviki var fundið hvert útflutningsverðmæti hvers kílós af þorski úr sjó var að meðaltali viðkomandi fiskveiðiár. Tilsvarandi útreikningum var beitt á annan botnfisk og annan afla þessara báta. Margfeldi þessara meðaltalna og afla þeirra báta sem um var spurt er notað sem mat á hugsanlegu útflutningsverðmæti aflans í töflunni.

Tafla 2. Heildarverðmæti, aflaverðmæti og áætlað útflutningsverðmæti afla báta minni en 15 brl.

Fiskveiðiár	Heildarafli, tonn	Aflaverðmæti, þús. kr.	Áætlað útflutningsverðmæti, milljarðar kr.
1995/1996	65.441	4.489.939	7,2
1996/1997	69.745	4.828.576	7,7
1997/1998	70.278	4.954.634	7,9

Heimild: Fiskifélag Íslands.

5. *Hversu hátt hlutfall af aflaverðmæti þessara báta fer í kostnað?*

Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um kostnaðarhlutfall báta minni en 15 brt. Hins vegar hefur Þjóðhagsstofnun upplýsingar um báta minni en 20 brt. frá árinu 1996. Samkvæmt þeim nam kostnaður, annar en vextir og afskriftir, um 78% af aflaverðmæti dekkaðra báta í umræddum stærðarflokki og 82% af aflaverðmæti opinna báta.

6. *Hversu mikil olíunotkun er áætluð við veiðar á hverju tonni hjá þessum bátum?*

Fiskifélag Íslands er að vinna að verkefni fyrir sjávarútvegsráðuneytið í sambandi við orkunotkun fiskiskipaflotans og útblástur gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt því er áætluð olíunotkun báta sem eru 0–10 brl. er 0,15 lítrar á hvert kg afla og 0,16 lítrar á hvert kg afla hjá 10–15 brl. bátum.

7. *Hversu hátt hlutfall afla báta undir 15 smálestum er tekið á kyrrstæð veiðarfæri?*

Svar við þessum lið er í töflu 3.

Tafla 3. Hlutfallsleg skipting heildarafla báta minni en 15 brl. eftir stærðarflokkum, sem veiddur var í kyrrstæð veiðarfæri (línu, handfæri, net og beitukóngsgildru) og önnur veiðarfæri.

Fiskveiðiárið 1995/1996										
	Bátar 0–4 brl.		Bátar 4–6 brl.		Bátar 6–10 brl.		Bátar 10-15 brl.		Bátar 15 brl. og minni, samtals	
	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %
Kyrrstæð veiðarfæri	99,8	99,9	99,5	99,7	85,7	87,0	63,8	60,3	91,0	89,9
Önnur veiðarfæri	0,2	0,1	0,5	0,3	14,3	13,0	36,2	39,7	9,0	10,1

Fiskveiðiárið 1996/1997										
	Bátar 0–4 brl.		Bátar 4–6 brl.		Bátar 6–10 brl.		Bátar 10-15 brl.		Bátar 15 brl. og minni, samtals	
	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %
Kyrrstæð veiðarfæri	99,9	100,0	99,7	99,8	89,4	89,7	58,9	54,7	91,2	90,1
Önnur veiðarfæri	0,1	0,0	0,3	0,2	10,6	10,3	41,1	45,3	8,8	9,9

Fiskveiðiárið 1997/1998										
	Bátar 0–4 brl.		Bátar 4–6 brl.		Bátar 6–10 brl.		Bátar 10-15 brl.		Bátar 15 brl. og minni, samtals	
	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %	Magn, %	Verðmæti, %
Kyrrstæð veiðarfæri	100,0	100,0	99,6	99,7	87,3	89,3	52,5	51,8	90,1	90,3
Önnur veiðarfæri	0,0	0,0	0,4	0,3	12,7	10,7	47,5	48,2	9,9	9,7

Magn er reiknað í kílóum og verðmæti í krónum. Heimild: Fiskifélag Íslands.

244. Frumvarp til laga [219. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú heldur maður heimili með og framfærir barn sitt á aldrinum 16–19 ára, að báðum árum meðtöldum, og á ekki rétt á millifæranlegum persónuafslætti skv. 2. mgr., og skal honum þá heimil nýting 80% óráðstafaðs persónuafsláttar barnsins og skulu ákvæði 2. mgr. gilda um ráðstöfun persónuafsláttarins hjá framfæranda. Sækja ber um slíka meðferð til ríkisskattstjóra.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um meðferð og millifærslu á persónuafslætti barna á aldrinum 16–19 ára, að báðum árum meðtöldum, sem eru á framfæri foreldra sinna.

b. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Skattkort maka og barna.*

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 118. löggjafarþingi og aftur á 121. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Með því er lögð til breyting á reglum skattalaga um persónuafslátt. Lagt er til að einstæðum foreldrum sem hafa á framfæri sínu barn á aldrinum 16–19 ára sé heimilt að nýta 80% óráðstafaðs persónuafsláttar barnsins.

Í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði sem heimila hjónum eða sambýlisfólki að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti þess sem lægri tekjur hefur. Engar slíkar heimildir eru fyrir hendi um nýtingu óráðstafaðs persónuafsláttar barna. Verður að telja að í því felist mikið óréttlæti þegar í hlut eiga einstæðir foreldrar.

Breyttar þjóðfélagsaðstæður, sem felast m.a. í auknum menntunarkröfum, leiða til þess að börn dveljast lengur í foreldrahúsum en áður og þurfa lengur á framfærslu foreldra sinna

að halda. Reyndar er það svo að framfærsla foreldranna er oftast forsenda þess að ungmennið fái tækifæri til að mennta sig. Núna búa 80–90% ungmenna á aldrinum 16–18 ára í foreldrahúsum. Aukið atvinnuleysi hin síðari ár hefur og haft áhrif á möguleika ungmenna til að létta framfærslubyrðina og hefur fjöldi þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá á aldrinum 15–19 ára rúmlega tífaldast á árunum 1987–94.

Framfærslukostnaður vegna barna 16 ára og eldri er mjög mikill. Samkvæmt könnun sem Félag einstæðra foreldra gerði árið 1991 á framfærslukostnaði barna á aldrinum 13–15 ára var hann áætlaður um 500 þús. kr. árlega. Hér er um mjög mikil útgjöld að ræða, ekki síst í ljósi þess að ætla má að mikill hluti einstæðra foreldra þurfi að framfleyta sér á lágmarkslaunum og þeir þurfi að verulegu leyti einnig að sjá um kostnað af menntun og uppeldi barna. Búast má við að hjá mörgum foreldrum sé framfærslukostnaður barna á aldrinum 16–19 ára jafnvel meiri en þetta.

Í skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá 1995, um rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi, kemur fram að konur fara með forsjá barna sinna í yfir 90% skilnaðartilvika og eru einar um umönnun og framfærslu þeirra. Fastar meðlagsgreiðslur miðast við leikskólakostnað og vega því lágt í heildarframfærslunni. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að börn einstæðra foreldra standi félagslega og efnalega verr að vígi en börn í fjölskyldum þar sem báðir foreldrar sjá um framfærsluna. Konurnar vinni mikið eftir skilnað, bæði heima og heiman, og veik fjárhagsstaða kvenna bitni á lífsskilyrðum barnanna.

Lök fjárhagsstaða einstæðra foreldra kemur fram í lágum ráðstöfunartekjum. Samkvæmt niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar eru meðaltekjur einstæðra foreldra aðeins þriðjungur meðaltekna hjóna. Samanlagðar meðaltekjur hjóna fyrir árin 1994 og 1995 voru 2.899 þús. kr. en meðaltekjur einstæðra foreldra voru á sama tímabili 999 þús. kr. Í sömu niðurstöðu kom fram að breyting tekna milli áranna voru 6,2% hækkun tekna hjónafólks en 3,3% hækkun tekna einstæðra foreldra.

Í úttekt Félagsvísindastofnunar, sem gerð var í mars 1995 undir heitinu „Skuldastaða heimilanna“, kemur fram að einstæðir foreldrar skulda einna mest allra eða um 4,5 millj. kr. og þeir greiða einna mest í afborganir, eða um 35% tekna. Hjón með tvö eða fleiri börn koma næst á eftir einstæðum foreldrum, skulda um 3,8 millj. kr. og greiða 18–24% af tekjum sínum í afborganir vegna húsnæðisskulda. Þar kemur einnig fram að einstæðir foreldrar og fólk með heimilistekjur undir 70 þús. kr. á mánuði greiða hlutfallslega hæstu mánaðargreiðslur vegna húnæðiskaupa. Einstæðir foreldrar greiða liðlega 31% af heimilistekjum sínum, hjón eða sambúðarfólk með tekjur undir 70 þús. kr. á mánuði greiða tæp 22%. Á sama tíma nema hámarksvaxtabætur til hjóna og sambúðarfólks 233 þús. kr. en 181 þús. kr. til einstæðra foreldra.

Húsnæðisstaða einstæðra foreldra er mun bágbornari en hjóna eða sambúðarfólks. Möguleikar einstæðra foreldra til að eignast eigið húsnæði eru minni en þeirra sem sjá tveir um framfærsluna. Um 84% Íslendinga á aldrinum 25–75 ára búa í eigin húsnæði en um 60% einstæðra foreldra og samkvæmt upplýsingum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur eru einstæðir foreldrar stærsti hluti þeirra húsaleigubótaþega sem eiga börn undir 18 ára aldri, eða 58%.

Með lögum nr. 117/1993 voru mæðralaun felld niður. Fyrirheit um hækkun barnabóta gekk ekki eftir og hækkun barnabótaauka nam ekki mæðralaunum með einu barni hjá þeim lægstlaunuðu. Barnabætur og barnabótaauki greiðast aðeins með börnum til 16 ára aldurs þannig að endurdreifing gegnum skatt- og bótakerfið til jöfnunar lífskjara hefur minnkað og hættir alveg við 16 ára aldur.

Öll sanngirni mælir með því að einstæðum foreldrum sé heimilt að nýta ónýttan persónuafslátt barna með sama hætti og nú er mögulegt milli hjóna og sambýlisfólks.

Samkvæmt upplýsingum úr álagningargögnum fyrir árið 1996 vegna tekna á árinu 1995 er ónýttur skattafsláttur þeirra sem eru fæddir á árunum 1976–79, að báðum árum meðtöldum, um 2,3 milljarðar kr. og þeir eru 13.994 talsins. Aðeins um 30% barna 16–19 ára hafa verið á vinnumarkaði undanfarin ár. Mikill meiri hluti barna á þessum aldri, eða um 70%, hefur hins vegar farið í framhaldsskóla. Ljóst er að þau börn sem eru í skóla afla sér svo lítilla tekna að skattafslátturinn er langt frá því að nýtast að fullu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að einstæðir foreldrar, sem ekki eiga rétt á millifæranlegum persónuafslætti skv. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, geti sótt um að fá að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti barna sinna á aldrinum 16–19 ára. Það er þó skilyrði að barnið búi á heimili foreldris og sé á framfæri þess.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt er að laga ákvæði staðgreiðslulaganna um skattkort til samræmis við I. kafla frumvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

245. Svar [133. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um framlög til Æskulýðssambands Íslands.

1. Hver eru framlög íslenska ríkisins til Æskulýðssambands Íslands í ár?

Framlög menntamálaráðuneytisins til Æskulýðssambands Íslands það sem af er þessu ári eru 250 þús. kr.

2. Hvernig hafa framlögin þróast árin 1990–98 á föstu verðlagi miðað við núvirði?

Framlög á fjárlögum og af safnliðum menntamálaráðuneytisins til Æskulýðssambands Íslands á tímabilinu 1990–98 og framreiknuð til núvirðis eru sem hér segir:

Ár	Kr.	Verðlag 1998 Kr.
1990	836.000	1.052.415
1991	1.200.000	1.414.953
1992	1.200.000	1.363.964
1993	800.000	873.462

1994	500.000	537.897
1995	1.100.000	1.163.531
1996	50.000	51.708
1997	105.000	106.644
1998 (20. okt.)	250.000	250.000
Samtals	**6.041.000**	**6.814.572**

246. Svar [90. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um breyttar reglur um örorkumat.

1. *Hvað er hæft í fréttum um að yfir standi á vegum ráðuneytis og/eða Tryggingastofnunar endurskoðun á lagaákvæðum um örorkumat?*
   Það er rétt.

2. *Er tilgangur þeirrar vinnu að skilgreina „félagslega örorku“ sem nýtt hugtak og aðgreina hana frá annarri örorku, sbr. 12. gr. laga um almannatryggingar?*
   Nei, hugtakið „félagsleg örorka“ er ekki til. Hinn „félagslegi“ þáttur gamla örorkuhugtaksins hefur falist í því að áskilja að læknisfræðilega metinn öryrki geti ekki aflað sér tekna á grundvelli hömlunar sinnar umfram ákveðin skilgreind mörk. Fari tekjur yfir þau þykir ljóst að hömlunin er ekki lengur til staðar, matið fellur úr 75% í 65%, ásamt ýmsum réttindum, t.d. lægri lyfjakostnaði, lægri þjálfunarkostnaði o.s.frv., og hefur kostað talsverða fyrirhöfn að fá matið hækkað á nýjan leik þegar þróttur til tekjuöflunar dvínar. Tilgangur endurskoðunarinnar er að skilgreina nýtt örorkuhugtak sem byggist fyrst og fremst á læknisfræðilegu mati, sem breytist ekki þótt til komi tímabundar tekjur öryrkjans. Það mat getur einungis breyst samkvæmt læknisfræðilegu endurmati, þar sem tekjuhæfi skiptir ekki máli.

3. *Er það skoðun ráðherra að umtalsverður fjöldi einstaklinga sé nú metinn öryrkjar og þiggi bætur sem ekki uppfylla ákvæði 12. gr. almannatryggingalaga og ætti að flokkast sem „félagslegir öryrkjar“?*
   Nei. Eftirfarandi er skipting öryrkja eftir örorkuástæðu og kyni árið 1996.

Sjúkdómaflokkur	**Konur**	**Karlar**	**Hlutfallsleg skipting, %**	
			Konur	*Karlar*
Tauga- og geðsjúkdómar	1.553	1.154	36,2	38,1
Sjúkdómar í stoðkerfi	1.004	596	23,4	19,7
Hjarta- og æðasjúkdómar	412	293	9,6	9,7
Slys og eitranir	212	131	4,9	4,3
Sjúkdómar í öndunarfærum	187	167	4,4	5,5
Meðfæddar veilur	183	147	4,3	4,9
Krabbamein	165	126	3,8	4,2

Innkirtla- og efnaskiptasjúkdómar	137	105	3,2	3,5
Húðsjúkdómar	108	96	2,5	3,2
Sjúkdómar í augum eða eyrum	103	89	2,4	2,9
Sjúkdómar í meltingarfærum	48	32	1,1	1,1
Aðrar sjúkdómsgreiningar	174	93	4,1	3,1
Samtals	**4.286**	**3.029**	**100,0**	**100,0**

4. *Hver ber ábyrgð á því ef stórfelld mistök hafa orðið við örorkumat á undangengnum árum og mikill fjöldi einstaklinga þiggur örorkubætur frá almannatryggingum sem ekki ætti að fá þær?*

Ekkert bendir til þess að stórfelld mistök hafi átt sér stað við örorkumat á undanförnum árum. Örorkuhugtakið hefur falið í sér, eins og áður sagði, skert aflahæfi á grundvelli andlegrar eða líkamlegrar fötlunar. Aðvitað er mögulegt að í einhverjum tilfellum hafi skert aflahæfi vegið þyngra en þáttur fötlunarinnar og hugtakinu „mat“ fylgir jafnvel hætta á mannlegum mistökum þegar margir óræðir þættir liggja fyrir til álitsgerðar. Breytt örorkuhugtak breytir þessu hins vegar ekki og fullkomnun verður vart náð.

5. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að fram fari opinber rannsókn á mistökum í örorkumati ef það er skoðun hans að slík mistök hafi verið gerð?*

Nei, ekkert bendir til þess að slíkt sé nauðsynlegt. Tilgangur endurskoðunarinnar er sá að losna við að ákveðin tekjufjárhæð geti verið mælikvarði á örorku. Öryrkjabandalag Íslands hefur ítrekað sýnt áhuga á að þetta sjónarmið nái fram og frumvarp þess efnis fáist samþykkt.

6. *Hyggst ráðuneytið hafa samráð við sveitarfélög ef líkleg niðurstaða af breyttum reglum um örorkumat er að útgjöld flytjist frá almannatryggingum yfir á sveitarfélög?*

Samkvæmt kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að einhver kostnaðarauki komi til vegna breytinganna. Útgjöld sjúkratrygginga við lyfja- og lækniskostnað og sjúkraþjálfun aukast en vægi fjárhagslegra aðstæðna minnkar við mat á örorku. Hins vegar ekki líklegt að sveitarfélög eða atvinnuleysistryggingar verði teljanlega vör við aukna ásókn af þessum sökum.

247. Fyrirspurn [220. mál]

til dómsmálaráðherra um sektaraðgerðir við vegaeftirlit.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu oft hefur sektaraðgerðum verið beitt við vegaeftirlit sl. þrjú ár? Hver er sektarfjárhæðin alls, sundurgreint eftir árum? Svar óskast sundurliðað eftir bifreiðaflokkum og notkunarsviði.

2. Hve oft hefur sektarákvæðum verið beitt vegna of langs viðverutíma ökumanna við akstur sl. þrjú ár? Hve há er sektarfjárhæðin samtals? Á hvaða landssvæðum hefur sektaraðgerðum verið beitt? (Fjöldi tilvika sundurliðaður eftir umdæmum.)

Skriflegt svar óskast.

248. Fyrirspurn [221. mál]

til menntamálaráðherra um fjarnám.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hvaða skólar á framhalds- og háskólastigi bjóða fjarnám?
2. Hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem hyggjast stunda fjarnám á Íslandi?
3. Hvaða námsstigi er hægt að ljúka með fjarnámi á Íslandi og hvaða prófgráður veitir það?
4. Hverjir sækjast helst eftir fjarnámi og hvernig er skipting nemenda eftir aldri, kyni og búsetu?

249. Fyrirspurn [222. mál]

til fjármálaráðherra um greiðendur fjármagnstekjuskatts og söluhagnað af hlutabréfum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptast fjármagnstekjur, sem sæta sérstakri 10% skattlagningu, og skattur á þær fyrir árið 1997 eftir:
   a. eignum,
   b. heildartekjum og
   c. fjármagnstekjum framteljenda (einstaklinga) og
   d. fjölda, kyni og aldri greiðenda?

   Óskað er eftir að í svari sé miðað við fimm til tíu tekju- og eignabil (a–c-liðir) og jafnmarga hópa skv. d-lið þannig að skiptingin gefi góða mynd af dreifingu greiðenda og tekjum og eignum.
2. Hve stór hluti af framtöldum söluhagnaði er af sölu á hlutabréfum í fyrirtækjum í:
   a. verslun og þjónustu,
   b. iðnaði,
   c. sjávarútvegi?

Skriflegt svar óskast.

250. Frumvarp til laga [223. mál]

um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs skal varðveitt í sérstakri deild sem haldið skal aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins. Deildin skal veita framlög til þróunar- og markaðsverkefna samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur og staðfestar eru af ráðherra. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 9. gr. er árlega heimilt að verja hluta höfuðstólsins til sömu verkefna.

2. gr.

5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með lögunum fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Markmiðið með sérstakri varðveislu vöruþróunar- og markaðsdeildar hjá Nýsköpunarsjóði var að koma til móts við sjónarmið iðnaðarins um eignarhald á því fé sem innheimt hafði verið með iðnlánasjóðsgjaldi um margra ára skeið og varðveitt var í vöruþróunar- og markaðsdeild Iðnlánasjóðs. Gert var ráð fyrir að á fyrstu þremur starfsárum Nýsköpunarsjóðs yrði þessum eignum deildarinnar ráðstafað í sérstök framlög til vöruþróunar- og markaðsaðgerða samkvæmt ákveðnum reglum. Að þeim tíma liðnum yrði deildin lögð niður og óráðstafaðar eignir lagðar til almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðsins.

Sú reynsla sem fengin er af starfsemi Nýsköpunarsjóðs og vöruþróunar- og markaðsdeildar hans sérstaklega hefur sýnt að veruleg ástæða er til að efla þann hluta starfseminnar sem lýtur að stuðningi við hagnýtar rannsóknir, frumstig vöruþróunar og forkönnun markaðssetningar. Slíkar stuðningsaðgerðir hafa einkum reynst vel þegar um þær hefur verið búið í sérhæfðum verkefnum sem hafa skýr markmið og verklagsreglur. Verkefni af þessu tagi eru þess eðlis að ekki er að vænta af þeim beins arðs eða endurgreiðslu fjárframlaga, enda þótt ætla megi að þau leiði til arðsamra fjárfestinga eða framleiðslu síðar meir.

Vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs hefur stutt samstarfsverkefni á vegum opinberra aðila og annarra sem markvisst vinna að framgangi nýsköpunar í atvinnulífinu. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á því og áfram verði ráðstöfun framlaga sjóðsins til verkefna af þessu tagi fyrst og fremst í höndum annarra aðila eða í samvinnu við þá.

Reynslan af rekstri sérsniðinna stuðningsverkefna fyrir atvinnulífið er mjög góð, einkum þegar saman fer fagleg leiðsögn, þekkingarmiðlun og stuðningsfé. Skiptir þá beinn fjárstuðningur, við fyrirtæki eða einstaklinga, oft ekki meginmáli en er engu síður mjög mikilvægur þáttur í því að tryggja farsæla niðurstöðu stuðningsaðgerðanna.

Í ljósi þessa er talið mikilvægt að áfram verði unnt að reka sérhæfðar stuðningsaðgerðir fyrir atvinnulífið með því fé sem verið hefur til ráðstöfunar til þessa málaflokks í sjóðum atvinnuveganna á síðastliðnum árum. Þrátt fyrir sérstaka forsögu vöruþróunar- og markaðs-

deildar er ekki gert ráð fyrir að ráðstöfun fjár úr deildinni einskorðist við verkefni sem tengjast iðnaði. Meginákersla verði lögð á frjó verkefni er leitt geti til raunverulegrar nýsköpunar í atvinnulífinu og bætt stöðu þess í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að horfið verði frá fyrri áformum um að ráðstafa eigin fé deildarinnar á þremur árum, en í stað þess við það miðað að um óákveðinn tíma verði höfuðstóll deildarinnar ávaxtaður með hámarksávöxtun. Árlegt ráðstöfunarfé deildarinnar verði fyrst og fremst arður af höfuðstól hennar, en auk þess hluti höfuðstólsins sem stjórn ákveður á hverjum tíma að verja til sérstakra stuðningsaðgerða fyrir atvinnulífið.

Þrátt fyrir þessa breytingu á vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs er ekki gert ráð fyrir að breytingar verði á þeirri starfsemi stofnsjóðs Nýsköpunarsjóðs að veita sérstaka styrki til forathugana, þróunarverkefna og kynningarverkefna. Frekar er um það að ræða að treysta í sessi það samstarf sem verið hefur á milli stofnsjóðsins og vöruþróunar- og markaðsdeildarinnnar.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um ótímabundið hlutverk deildarinnar. Veitt er heimild til að víkja frá almennum ákvæðum um varðveislu fjár Nýsköpunarsjóðs, en í 2. mgr. 9. gr. laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er tekið fram að sjóðnum sé óheimilt að ganga á stofnfé sitt. Verkefnisstjórn vöruþróunar- og markaðsdeildarinnar og stjórn Nýsköpunarsjóðs geta sameiginlega ákveðið að árlegt ráðstöfunarfé deildarinnar sé ekki bundið við ávöxtun höfuðstólsins heldur hvort og hversu hratt verði gengið á þann höfuðstól. Ástæðan fyrir þessu er einkum sú að þörfin fyrir stuðning deildarinnar getur verið breytileg frá ári til árs. Það getur m.a. verið háð því hversu frjótt nýsköpunarstarfið er í þjóðfélaginu á hverjum tíma og einnig öðrum þeim stuðningi sem fyrirtækjum og einstaklingum stendur til boða.

Í 2. gr. frumvarpsins er 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða felld brott en ákvæðið stendur að öðru leyti óbreytt. Í þessu felst að horfið er frá því að stjórn vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs ráðstafi eignum deildarinnar í þrjú ár og deildin lögð niður að þeim tíma liðnum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er tímabundið ákvæði um vöruþróunar- og markaðsdeild gert varanlegt. Í stað þess að óráðstafaðar eignir deildarinnar verði lagðar til almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðs er ráðgert að höfuðstóll deildarinnar verði ávaxtaður og arðinum, auk hluta af höfuðstól, verði ráðstafað til stuðningsaðgerða fyrir atvinnulífið. Frumvarpið mun ekki hafa bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs, en eigið fé Nýsköpunarsjóðs mun verða minna en nemur ráðstöfun á höfuðstól deildarinnar.

251. Frumvarp til laga [224. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. tölul. 1. gr. laganna hljóðar svo: að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum skv. 27. gr. á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu og.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í starfsleyfi skal koma fram hvort verðbréfasjóður hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar hér á landi skv. 27. gr. Verðbréfasjóðir, sem eingöngu er heimilt að markaðssetja hér á landi skv. 27. gr., skulu sækja um nýtt starfsleyfi breyti þeir samþykktum og hyggist markaðssetja sig innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sama gildir um sjóði sem heimild hafa til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu en breyta samþykktum sínum til að nýta sér heimildir 27. gr.

3. gr.

3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna hljóðar svo: Jafnframt skulu koma fram helstu upplýsingar um rekstrarfélag og vörslufyrirtæki verðbréfasjóðsins og hvort sjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar hér á landi skv. 27. gr.

4. gr.

Á eftir 26. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist röð annarra greina samkvæmt því:

Heimilt er að stofna verðbréfasjóð sem eingöngu verði markaðssettur hér á landi.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, enda kveði fjárfestingarstefna sjóðsins eða viðkomandi deildar hans á um að eignasamsetning hans skuli endurspegla ákveðna verðbréfavísitölu samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að ávaxta allar eignir sínar í verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara, þó ekki nema 35% í einstökum verðbréfasjóðum. Sé þessi heimild nýtt skulu a.m.k. 90% af eignum sjóðsins ávöxtuð í verðbréfasjóðum og dreifast á a.m.k. fimm verðbréfasjóði. Verðbréfasjóður getur þó ekki fjárfest í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að ávaxta allar eignir sínar í innlánum innlánsstofnana, þó ekki nema 35% í innlánum einstakra innlánsstofnana. Sé þessi heimild nýtt skulu a.m.k. 90% af eignum sjóðsins ávöxtuð í innlánum og dreifast á a.m.k. fimm innlánsstofnanir. Innlánsstofnanir innan sömu samstæðu teljast ein innlánsstofnun í þessu tilliti. Óheimilt er verðbréfasjóði að fjárfesta í innlánum innlánsstofnunar sem er vörslufyrirtæki sjóðsins, sbr. 2. mgr. 14. gr.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að gera staðlaða fjármálalega framvirka samninga og valréttarsamninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sé markaðurinn staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins skal hann vera viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Verðbréfasjóði er aðeins heimilt að skuldbinda sig með slíkum samningum til að afhenda verðbréf og gjaldmiðla sem eru í eigu sjóðsins allan samningstímann.

Ákvæði laga þessara eiga að öðru leyti við um verðbréfasjóði samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Á eftir 38. gr. kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist röð annarra greina samkvæmt því:

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi verðbréfasjóðsins. Þess skal gætt að skýrt komi fram hvort sjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar skv. 27. gr.

Fjárfesti verðbréfasjóður í framvirkum samningum og valréttarsamningum skv. 27. gr. skal getið um það sérstaklega í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi. Jafnframt skal koma fram viðvörun til fjárfesta um að fjárfesting í slíkum sjóði sé áhættusöm.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Löggjöf um verðbréfasjóði er tiltölulega ný af nálinni hér á landi. Fyrstu lögin tóku gildi í júní 1986, en þá voru samþykkt lög um verðbréfamiðlun, nr. 27/1986. Aðeins lítillega er vikið að verðbréfasjóðum í þessum lögum en þó er hugtakið verðbréfasjóður skilgreint þar og gert er ráð fyrir að rekstur verðbréfasjóðs lúti stjórn manns sem hefur leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar. Í lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem felldu úr gildi lögin frá 1986, eru mun ítarlegri ákvæði um verðbréfasjóði. Þar er m.a. vikið að aðildarhæfi verðbréfasjóðs og rekstrarsamningi sjóðsins við verðbréfafyrirtæki. Þá eru í lögunum settar ákveðnar skorður við fjárfestingum verðbréfasjóða og viðskiptum verðbréfasjóðs við starfsmenn og eigendur sjóðsins o.fl.

Núgildandi lög um verðbréfasjóði, nr. 10/1993, byggjast að nokkru leyti á lögunum frá 1989, en jafnframt er lögunum breytt til samræmingar íslenskrar löggjafar við tilskipun Evrópusambandsins um verðbréfasjóði (svokölluð UCITS-tilskipun — Undertakings for Collective Investment for Transferable Securities — nr. 85/611/EBE). Lögunum var breytt lítillega með lögum nr. 21/1996, en þær breytingar miðuðu einkum að því að laga íslenskan rétt betur að tilskipun Evrópusambandins um verðbréfasjóði.

Verðbréfasjóðum hefur vaxið fiskur um hrygg hér á landi á undanförum árum. Nú eru starfandi átta verðbréfasjóðir í 34 deildum. Eignir þeirra voru um 50 milljarðar kr. um mitt ár 1998 og höfðu vaxið um 40 milljarða kr. á fimm árum. Verðbréfasjóðir eru orðnir mjög mikilvægt form fyrir sparnað heimila eins og víðast hvar í vestrænum ríkjum. Reynsla erlendis frá bendir til að mikilvægi verðbréfasjóða muni enn aukast í framtíðinni.

Íslenskir verðbréfasjóðir uppfylla allir skilyrði til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu, enda er ekki gert ráð fyrir í lögum um verðbréfasjóði að unnt sé að stofna aðra verðbréfasjóði en þá sem uppfylla ákvæði verðbréfasjóðatilskipunar ESB. Íslenskir verðbréfasjóðir hafa hins vegar fyrst og fremst markaðssett sjóðina hér á landi og því ekki nýtt

sér heimild til að markaðssetja þá innan EES. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa þó að undanförnu verið að hasla sér völl erlendis með stofnun fyrirtækja sem bjóða m.a. upp á verðbréfasjóði.

Í flestum ríkjum EES er í löggjöf kveðið á um að heimilt sé að stofna annars konar verðbréfasjóði en sjóði sem uppfylla ákvæði verðbréfasjóðatilskipunar ESB (svonefndir Non-UCITS-sjóðir). Slíka sjóði, sem yfirleitt hafa meira svigrúm til fjárfestinga en felast í hinum ströngu ákvæðum verðbréfasjóðatilskipunarinnar, er aðeins hægt að markaðssetja innan heimalandsins. Fyrir skemmstu voru samþykkt ný lög í Danmörku þar sem veitt er leyfi fyrir slíka sjóði til að starfa í Danmörku.

Evrópusambandið hefur um nokkurra ára skeið reynt að ná samstöðu meðal aðildarríkja um útvíkkun verðbréfasjóðatilskipunarinnar til að endurspegla betur þá miklu þróun sem átt hefur sér stað á verðbréfasjóðum í aðildarlöndum frá samþykkt hennar árið 1985 og koma á skilvirkari innri markaði fyrir verðbréfasjóði. Í júlí síðastliðnum lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að tilskipun (Proposal for a European Parliament and Council Directive amending directive 85/611/EEC on UCITS) og er hún nú til meðferðar í Evrópuþinginu og Evrópuráðinu. Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að fleiri tegundir verðbréfasjóða falli undir verðbréfasjóðatilskipunina.

Í gildandi lögum um verðbréfasjóði er íslenskum verðbréfasjóðum að þessu leyti sniðinn þrengri stakkur en víðast hvar gildir. Frumvarpinu er ætlað að taka á þessu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að stofna annars konar verðbréfasjóði en þá sem heimild hafa til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu. Breytingarnar lúta aðeins að fjárfestingarstefnu sjóðanna. Ekki er talin ástæða til að gera minni kröfur til verðbréfasjóða sem eingöngu er heimilt að markaðssetja hér á landi hvað varðar stjórn, skipulag, eftirlit og aðgreiningu reksturs og vörslu. Við samningu frumvarpsins var m.a. tekið mið af áðurnefndum tillögum framkvæmdastjórnar ESB. Þeir sjóðir sem stofnaðir verða hér á landi á grundvelli frumvarpsins munu því falla undir verðbréfasjóðatilskipun ESB ef þær tillögur sem þar eru til meðferðar ná fram að ganga.

Þessi nýskipan sem hér er lögð til hefur í för með sér breytta notkun hugtaka samkvæmt íslenskum rétti. Í lögum nr. 10/1993 hefur hingað til verið litið svo á að verðbréfasjóður sé sá einn sem uppfyllir skilyrði verðbréfasjóðatilskipunar ESB. Hér er lagt til að skilgreining á hugtakinu verðbréfasjóði verði víðari og taki einnig til annarra sjóða sem uppfylla ákvæði laganna. Þetta er í samræmi við þá almennu málvenju að verðbréfasjóður sé sjóður um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, algjörlega án tillits til þess hvort sjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpinu er lögð til sú grundvallarbreyting að hægt er að stofna sjóð sem fjárfestir í öðrum eignum en verðbréfum. Slíkur sjóður mun hins vegar eingöngu hafa heimild til markaðssetningar hér á landi. Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram hvaða fjárfestingarkostir standa slíkum sjóði til boða til viðbótar við þá kosti sem standa verðbréfasjóðum til boða samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, er verðbréf skilgreint sem:

a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru leyti en fasteign eða einstökum lausafjármunum.

b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins verður verðbréfasjóðum, sem eingöngu er heimilt að markaðssetja sig hér á landi, heimilt að ávaxta fé sitt í innlánum. Innlán falla hins vegar ekki undir skilgreiningu um verðbréf. Því er lagt til að bætt verði við skilgreiningu á verðbréfasjóðum að þeir fjárfesti í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum samkvæmt nýrri 27. gr.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að í starfsleyfi komi fram hvort verðbréfasjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar skv. 27. gr. Hyggist aðilar nýta sér þær nýju heimildir sem kveðið er á um í þessu frumvarpi þarf að sækja um starfsleyfi fyrir nýjan verðbréfasjóð. Í starfsleyfi þess sjóðs þarf að koma fram að sjóðurinn hafi eingöngu heimild til markaðssetningar hér á landi. Í 2. málsl. þessarar greinar kemur fram að verðbréfasjóður sem eingöngu hefur heimild til markaðssetningar hér á landi þarf að sækja um nýtt starfsleyfi breyti hann samþykktum og hyggist markaðssetja sig innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sama gildir um sjóði sem heimild hafa til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu en breyta samþykktum sínum til að nýta sér heimildir 27. gr., sbr. 3. málsl.

Um 3. gr.

Í 7. gr. gildandi laga kemur fram að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) skuli halda sérstaka skrá yfir verðbréfasjóði sem hlotið hafa starfsleyfi. Hér er lagt til að til viðbótar þeim upplýsingum sem fram koma í 7. gr. laganna skuli bankaeftirlitið halda saman upplýsingum um hvort verðbréfasjóðir hafi heimild til markaðsskráningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar skv. 27. gr.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er heimild til að stofna verðbréfasjóð sem eingöngu verði markaðssettur hér á landi. Heimildir slíkra sjóða til fjárfestinga eru rýmri en þeirra sjóða sem hafa heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er m.a. stuðst við framkomnar tillögur framkvæmdastjórnar ESB um breytingar á verðbréfasjóðatilskipun sambandsins.

Í 2. mgr. kemur fram heimild fyrir verðbréfasjóð skv. 1. mgr. til að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefenda við tilteknar aðstæður. Skv. 21. gr. laganna er meginreglan sú að verðbréfasjóður hefur ekki heimild til að fjárfesta meira en 10% af eign sinni í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Ástæðan fyrir þessari rýmkun er sú að það er mjög algengt erlendis að fjárfestingarstefna verðbréfasjóða miðist alfarið við það að endurspegla ákveðnar verðbréfavísitölur, sérstaklega hlutabréfavísitölur (index-tracker funds). Þá er fjárfest í hlutabréfum þeirra fyrirtækja sem þykja gefa sem réttasta mynd af markaðnum í heild. Reglur verðbréfasjóðatilskipunar ESB, og þar af leiðandi ákvæði í íslenskri löggjöf, gera það í mörgum tilfellum erfitt að endurspegla ákveðnar hlutabréfavísitölur, vegna þess að óheimilt er að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Ástæðan er sú að oft er stærsta fyrirtækið á hlutabréfamarkaði þjóða, eða í tiltekinni atvinnugrein, stærra en sem nemur tíunda hluta markaðarins. Því er í þessari grein lagt til að verðbréfasjóður sem eingöngu er heimilt að markaðssetja hér á landi hafi meira svigrúm til fjárfestinga í bréfum einstakra útgefenda, enda sé það markmið

sjóðsins að endurspegla ákveðna vísitölu. Fjármálaeftirlitið skal setja reglur um það hvaða skilyrði verðbréfavísitalan þarf að uppfylla.

Í 3. mgr. er rýmkun á heimild til fjárfestingar í öðrum verðbréfasjóðum frá þeirri heimild sem verðbréfasjóður hefur skv. 23. gr. laganna. Í 23. gr. er kveðið á um að fjárfesting í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða megi ekki fara yfir 5% af eignum hans. Sjóðir sem fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða njóta mikilla vinsælda erlendis og nefnast *funds-of-funds*, eða sjóðasjóðir. Þar eð þeir fjárfesta í öðrum sjóðum er áhættudreifing þeirra mjög mikil. Hins vegar er talið óeðlilegt að slík heimild sé án takmarkana. Ekki er eðlilegt að verðbréfasjóður geti fjárfest alfarið í hlutdeildarskírteinum eins verðbréfasjóðs. Hér er lagt til að þessir sjóðir verði að fjárfesta í a.m.k. fimm verðbréfasjóðum og geti ekki fjárfest í neinum þeirra fyrir meira en allt að 35% af eignum sínum. Jafnframt er lagt til að sé heimild þessi nýtt skulu a.m.k. 90% af eignum sjóðsins ávaxtaðar í verðbréfasjóðum. Ekki verður því unnt að stofna blandaðan sjóð þar sem hluti eigna er ávaxtaður í verðbréfasjóðum en hluti í öðrum eignum. Auk þess getur verðbréfasjóður ekki fjárfest í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða.

Í 4. mgr. er veitt heimild fyrir verðbréfasjóð skv. 1. mgr. til að ávaxta eigur sínar í innlánum. Innlánasjóðir, eða *cash-funds*, eru nokkuð algengir erlendis, en ekki hefur verið hægt að bjóða upp á hérlendis. Hér er lagt til að verðbréfasjóður geti ávaxtað allar eigur sínar í innlánum, en þó ekki nema 35% af eignum sínum í innlánum einstakra innlánsstofnana og skal slíkur sjóður ávaxta fé sitt í innlánum a.m.k. fimm innlánsstofnana. Jafnframt er lagt til, eins og í 3. mgr. um fjárfestingar í verðbréfasjóðum, að ekki sé unnt að stofna blandaðan sjóð innlána og annarra eigna.

5. mgr. heimilar verðbréfasjóðum að gera svonefnda afleiðusamninga á skipulögðum verðbréfamörkuðum. Afleiður eru samningar þar sem verðmæti samningsins er leitt af verðbreytingum einhvers annars þáttar eða eignar. Algengustu afleiðusamningar eru framvirkir samningar (*forward/futures contracts*) og valréttarsamningar (*options*). Munurinn á framvirkum samningum og valréttarsamningum er í grófum dráttum munurinn á skyldu og rétti. Framvirkur samningur er óafturkræfur samningur á milli tveggja aðila um kaup eða sölu á tiltekinni eign á tilteknu verði á tilteknum tíma í framtíðinni. Valréttarsamningur veitir hins vegar kaupanda sínum rétt, ekki skyldu, til að kaupa eða selja eign á ákveðnu verði á ákveðnum tíma eða tímabili.

Afleiðusamningar hafa verið mikið í sviðsljósinu á alþjóðafjármagnsmarkaði vegna mikillar áhættu sem sjóðstjórar og spákaupmenn hafa tekið með slíkum samningum. Afleiðusamningar eru þó mikið notaðir til að tryggja sig gegn áhættu, t.d. til að tryggja sér ákveðið verð í viðskiptum að ákveðnum tíma liðnum. Upphaf framvirkra samninga má þannig rekja til slíkrar áhættufælni. Bændur gerðu þá framvirka samninga um kornverð við kaupendur til að draga úr áhættu vegna breytinga á kornverði.

Ekki er hafin verslun á skipulögðum verðbréfamarkaði með slíka samninga um verðbréf gefin út af íslenskum aðilum né heldur um íslensku krónuna. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að íslenskir verðbréfasjóðir kaupi slíka samninga á skipulegum verðbréfamörkuðum erlendis. Reynslan sýnir hins vegar að mikil áhætta getur verið fólgin í slíkum samningum og er því gert ráð fyrir því í 5. gr. frumvarpsins að fjárfestar séu sérstaklega varaðir við að fjárfesting í slíkum sjóði geti verið áhættusöm.

Áhættan sem verðbréfabréfasjóðir taka með afleiðusamningum er hins vegar takmörkuð með því að heimila verðbréfasjóði einungis að skuldbinda sig með afleiðusamningum til að afhenda verðbréf og gjaldmiðla sem eru í eigu sjóðsins allan samningstímann. Af þessu, og

því að verðbréfasjóðum er skv. 27. gr. laganna óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina, leiðir að samanlögð skuldbinding vegna afleiðusamnninga getur ekki orðið meiri en eignir sjóðsins. Ákvæði þessu er ætlað að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðir taki á sig opnar skuldbindingar sem geta fræðilega leitt til óendanlega mikils taps ef verðþróun verður óhagstæð. Það hindrar sjóðina þó ekki í að nýta sér hagræði það sem í afleiðum felst. Það er t.d. fólgið í lægri viðskiptakostnaði og gefur færi á skjótari viðbrögðum en ef höndlað er með undirliggjandi eignir. Jafnframt er sú leið opin fyrir sjóði, sem hafa mjög ákveðna skoðun á verðþróun í framtíðinni, að auka hagnaðarmöguleika sína með kaupum á valréttarsamningum. Þeir hætta þá ekki meira en upphaflegu fjárhæðinni sem þeir leggja út í byrjun. Afleiðurnar geta líka verið hentugar verðbréfasjóðum sem hafa mikla trú á framtíð ákveðins fyrirtækis en vilja ekki taka markaðsáhættu.

Í 6. mgr. kemur fram að ákvæði laga þessara eigi að öðru leyti við um verðbréfasjóði samkvæmt þessari grein. Verðbréfasjóður sem eingöngu er markaðssettur hér á landi þarf því til að mynda að fá starfsleyfi, starfa sem hlutafélag, fela sérstöku rekstrarfélagi reksturinn og vörslufyrirtæki umsjá og varðveislu verðbréfa og lúta eftirliti fjármálaeftirlits. Munurinn er hins vegar sá að verðbréfasjóður sem eingöngu er markaðssettur hér á landi hefur rýmri heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóður sem heimild hefur til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um að verðbréfasjóður gæti þess að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi sína í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi. Ákvæðið er tekið upp úr 2. mgr. 15. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996. Þar sem fjárfestingarstefna verðbréfasjóða sem eingöngu hafa heimild til markaðssetningar hér á landi er rýmri en þeirra sem hafa starfsleyfi samkvæmt gildandi lögum er nauðsynlegt fyrir fjárfesta að skýrt sé kveðið á um í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi hvort sjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta er gert í því skyni að fjárfestar eigi auðveldara með að aðgreina þá sjóði sem eingöngu hafa heimild til markaðssetningar hér á landi og hinna sem hafa heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu þeirra sjóða sem nýta sér heimild til að fjárfesta í framvirkum samningum og valréttarsamningum til að greina frá slíkum fjárfestingum í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi. Auk þess skal koma fram viðvörun til fjárfesta um að fjárfesting í slíkum sjóði sé áhættusöm. Reynslan sýnir að fjárfesting í slíkum samningum er áhættusöm og því þörf á að draga athygli fjárfesta sérstaklega að þeim fjárfestingum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila stofnun verðbréfasjóða sem einungis er heimilt að markaðssetja hér á landi en ekki á Evrópska efnahagssvæðinu. Breytingarnar lúta aðeins að fjárfestingarstefnu sjóðanna og að því er séð verður hefur samþykkt frumvarpsins ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

252. Frumvarp til laga [225. mál]

um Orkusjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda Íslands með fjármögnun grunnrannsókna á sviði orkumála annars vegar og fjárhagslegum stuðningi við ýmsar framkvæmdir og verkefni hins vegar.

Úr Orkusjóði er heimilt:

1. að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins samkvæmt áætlun sem sjóðurinn gerir til fimm ára á grunni rannsóknaáætlana Orkustofnunar; áætlunina skal endurskoða árlega og skal hún hljóta samþykki ráðherra,
2. að styrkja gerð yfirlitsathugana á möguleikum til að auka hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar,
3. að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana,
4. að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talda fræðslu- og upplýsingastarfsemi,
5. að veita fyrirtækjum eða einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar sem ætla má að leiði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

3. gr.

Stjórn Orkusjóðs er í höndum orkuráðs undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Orkuráð skal skipað fimm mönnum. Alþingi kýs þrjá stjórnarmenn, sem skulu kosnir hlutfallskosningu eft-

ir hverjar alþingiskosningar, en ráðherra skipar tvo menn. Ráðherra skipar jafnframt formann.

Orkuráð semur árlega fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð, m.a. á grundvelli áætlunar skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr., og sendir ráðherra svo snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis.

Orkumálastjóri skal veita orkuráði ráðgjöf eftir því sem um verður beðið.

4. gr.

Orkusjóður skal vera í vörslu Seðlabanka Íslands sem hefur á hendi daglegan rekstur hans, bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð.

Seðlabankinn skal hafa lokið gerð reikninga Orkusjóðs fyrir 1. mars ár hvert og hafa afhent þá orkuráði til samþykktar.

Heimilt er orkuráði að semja við aðra aðila en Seðlabankann um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

5. gr.

Tekjur Orkusjóðs eru:

1. vextir af fé sjóðsins,
2. fé það sem veitt er í fjárlögum hverju sinni,
3. endurgreiddur kostnaður af rannsóknum og áætlanagerð, jarðhitaleit og jarðborunum skv. 6. gr.

6. gr.

Ef ráðist er í orkuframkvæmdir sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerð sem kostaðar hafa verið með fé ríkisins, þar með töldu fé Orkusjóðs, skal framkvæmdaraðili endurgreiða Orkusjóði þennan kostnað við veitingu virkjunar- eða nýtingarleyfa.

Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út. Endurgreiddu fé skal varið skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. laga þessara.

7. gr.

Orkuráð gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins.

Áður en tillaga er gerð um lánveitingu úr Orkusjóði skal orkuráð leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma.

8. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum orkuráðs, vexti og önnur útlánakjör Orkusjóðs. Lán sem veitt eru skv. 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. skulu verðtryggð og til hæfilega langs tíma. Lánstími skal þó ekki vera lengri en tíu ár.

Ef tiltekin borun, sem lánað hefur verið til skv. 3. tölul. 2. mgr. 2. gr., reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en gert var ráð fyrir samkvæmt áætlunum sérfræðinga eða kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir og fjárhagslegri afkomu lántaka stefnt í hættu af þessum sökum er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu orkuráðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka, skv. 3. tölul. 2. gr.

9. gr.

Orkuráð getur haft eftirlit með þeim framkvæmdum sem Orkusjóður veitir fé til. Er skylt að láta fyrir fram í té fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugað verk og gefa ráðinu kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkuráð getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins sem það telur þörf á til að stuðla að sem bestum árangri. Ber að hlýða fyrirmælum þess í þeim efnum. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins ef út af er brugðið og orkuráð óskar þess.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði X. kafla orkulaga, nr. 58/1967, um Orkusjóð. Þá fellur brott 2. mgr. 66. gr. þeirra laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með orkulögum, nr. 58/1967, voru raforkusjóður og jarðhitasjóður sameinaðir í Orkusjóð. Með þessari ráðstöfun var ætlunin að koma á fót öflugri og sveigjanlegri sjóði.

Frumvarpið byggist að stóru leyti á ákvæðum núgildandi orkulaga en hefur að geyma nokkur nýmæli. Í fyrsta lagi gert ráð fyrir að Orkusjóður fjármagni yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ráðherra skipi tvo ráðsmenn en Alþingi kjósi þrjá ráðsmenn hlutfallskosningu eftir hverjar alþingiskosningar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að orkumálastjóri gegni ekki stöðu framkvæmdastjóra Orkusjóðs en veiti orkuráði ráðgjöf eftir því sem um er beðið. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir heimild orkuráðs til að semja við aðra aðila en Seðlabankann um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að tekjuafgangur af rekstri Rafmagnsveitna ríkisins renni ekki til sjóðsins. Í sjötta lagi er lagt til að ef ráðist er í orkuframkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerð sem kostaðar hafa verið með fé ríkisins, þar með töldu fé Orkusjóðs, skuli framkvæmdaraðili endurgreiða Orkusjóði þann kostnað við veitingu virkjunareða nýtingarleyfa. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslu verði að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út. Lagt er til að fé vegna slíkra endurgreiðslna skuli varið skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um stöðu Orkusjóðs innan ríkisins. Skýrt er kveðið á um að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Þá er kveðið á um að yfirumsjón með sjóðnum sé í höndum iðnaðarráðherra. Sjóðurinn er ekki lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um hlutverk Orkusjóðs. Almennt hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda Íslands. Þessu hlutverki er sjóðnum ætlað að mæta með fjármögnun grunnrannsókna á sviði orkumála annars vegar og fjárhagslegum stuðningi við ýmsar framkvæmdir og verkefni hins vegar.

Í 1. tölul. 2. mgr. er nýmæli. Þar er kveðið á um fjármögnun yfirlits- og undirbúningsrannsókna á orkulindum landsins samkvæmt áætlun sem sjóðurinn gerir til fimm ára á grunni rannsóknaáætlana Orkustofnunar. Samkvæmt núgildandi skipulagi Orkustofnunar er það hlutverk orkumálasviðs stofnunarinnar að gera slíka áætlun. Gert er ráð fyrir að áætlun Orkusjóðs skuli endurskoða árlega og að hún skuli hljóta samþykki ráðherra. Í 6. gr. frum-

varpsins er kveðið á um endurgreiðslu kostnaðar samkvæmt þessum lið og ráðstöfun endurgreiðslna.

Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða 2. mgr. 74. gr. núgildandi orkulaga.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á skipan orkuráðs. Fram til þessa hefur orkuráð verið þingkjörið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Alþingi kjósi þrjá ráðsmenn hlutfallskosningu eftir hverjar alþingiskosningar en ráðherra skipi tvo ráðsmenn. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

Efnislega er 2. mgr. greinarinnar samhljóða 2. mgr. 72. gr. núgildandi orkulaga nr. 58/1967.

Í 3. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir því nýmæli að orkumálasjóri skuli veita Orkuráði ráðgjöf eftir því sem um verður beðið. Samkvæmt núgildandi orkulögum er orkumálastjóri framkvæmdastjóri Orkusjóðs. Þar sem Orkustofnun kemur til með að þiggja fjárveitingar úr sjóðnum bæði vegna grunnrannsókna samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. og getur einnig sótt um styrki og lán samkvæmt 2.–4. tölul. 2. mgr. 2. gr. er eðlilegast að orkumálastjóri gegni ekki jafnframt hlutverki framkvæmdastjóra sjóðsins. Orkuráð getur hins vegar kallað eftir ráðgjöf orkumálastjóra þegar um umsóknir annarra aðila en Orkustofnun er að ræða.

Um 4. gr.

Efnislega eru 1., 2. og 4. mgr. greinarinnar samhljóða 1., 2. og 3. mgr. 73. gr. núgildandi orkulaga.

Í 3. mgr. laganna er gert ráð fyrir því nýmæli að Orkuráði sé heimilt að semja við aðra aðila en Seðlabankann um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að fellt verði niður ákvæði um að rekstrarhagnaður af Rafmagnsveitum ríkisins renni til Orkusjóðs. Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða núgildandi orkulögum, með áorðnum breytingum, og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ef ráðist er í orkuframkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerð sem kostaðar hafa verið með fé ríkisins, þar með töldu fé Orkusjóðs, skuli framkvæmdaaðili endurgreiða sjóðnum þennan kostnað við veitingu virkjunar- eða nýtingarleyfa. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslu sé að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að fé vegna slíkra endurgreiðslna skuli varið skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins, sem kveður á um heimild Orkusjóðs til að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins. Með þessu er komið á tengingu á flæði fjármagns frá framkvæmdum til rannsókna þannig að virkjanamöguleikar sem leyfi er veitt fyrir og þegar hafa verið rannsakaðir greiði kostnað við rannsóknir á framtíðarvirkjanamöguleikum. Þannig er stefnt að því að þessi liður í starfi sjóðsins verði sjálfbær. Í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir framangreindum breytingum á lögum um Orkusjóð og er endurgreiddur kostnaður til sjóðsins vegna virkjanarannsókna áætlaður 50 millj. kr.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 72. gr. og 2. mgr. 75. gr. núgildandi orkulaga.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. og 3. mgr. 75. gr. núgildandi orkulaga.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 77. gr. núgildandi orkulaga.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Orkusjóð.

Með frumvarpinu eru hlutverk og tekjur Orkusjóðs skilgreind. Þau atriði sem hafa áhrif á gjöld ríkissjóðs og breytast frá núgildandi lögum um Orkustofnun eru ákvæði 5. og 6. gr. frumvarpsins. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að við leyfisveitingu endurgreiði framkvæmdaaðili Orkusjóði útlagðan kostnað við virkjunarrannsóknir og skal greiðslu að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út. Með þessu er stefnt að því að virkjunar- og notkunarleyfi greiði kostnað við frekari könnun virkjanamöguleika. Í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir framangreindum breytingum á lögum um Orkusjóð og af innheimtum ríkistekjum er endurgreiddur kostnaður vegna virkjanarannsókna áætlaður 50 m.kr. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs.

253. Frumvarp til laga [226. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Í stað 1. mgr. 1. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Lög þessi gilda um starfsemi einstaklinga og lögaðila sem heimild hafa til að veita almenningi þjónustu hér á landi eða erlendis samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og fellur undir einn eða fleiri eftirtalinna liða:

1. Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
   a. neytendalán,
   b. veðlán,
   c. kröfukaup og kaup skuldaskjala og
   d. viðskiptalán.

3. Eignarleigu.
4. Greiðslumiðlun.
5. Útgáfu og umsýslu greiðslukorta, svo og annarra greiðslumiðla.
6. Að veita ábyrgðir eða veðtryggingar vegna lántöku.
7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,
   c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
   d. gengisbundin bréf og vaxtabéf og
   e. verðbréf.
8. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti tengd slíkum útboðum.
9. Móttöku fjármuna í tengslum við uppbyggingu höfuðstóls í fyrirtækjum eða í tengslum við kaup, yfirtöku eða samruna atvinnufyrirtækja.
10. Peningamiðlun, þar með taldar skiptistöðvar (bureaux de change).
11. Geymslu, umsjón og ávöxtun verðbréfa, þar með talinna rafbréfa.
12. Leigu á geymsluhólfum.
13. Verðbréfaviðskipti samkvæmt lögum nr. 113/1996.
14. Líftryggingarstarfsemi, svo og starfsemi lífeyrissjóða.

Ákvæði laganna taka einnig til þeirra sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga nr. 6/1926, um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga þegar greiddir eru út vinningar.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Með peningaþvætti er í lögum þessum átt við þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum, svo sem auðgunarbroti eða stórfelldu skatta- eða fíkniefnabroti, tollalögum, lögum um ávana- og fíkninefni, áfengislögum og lyfjalögum. Einnig er átt við þegar einstaklingur eða lögaðili tekur að sér að geyma eða flytja slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilega hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Skylt er þeim sem falla undir ákvæði þessara laga að veita alla nauðsynlega aðstoð til að ákvæðum laganna verði framfylgt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Við upphaf viðskipta, einkum við opnun reiknings og eignavörslu, skal einstaklingur eða lögaðili sem nefndur er í 1. gr. krefjast þess af viðskiptamanni að hann sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja um nafn, lögheimili og kennitölu samkvæmt vottorði útgefnu af Hagstofu Íslands. Sama gildir um prókúruhafa eftir því sem við getur átt.

b. Í stað orðanna „föstu viðskiptasambandi“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: föstum viðskiptum.

c. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni“ í 3. mgr. kemur: sem lýst er í 2. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fjármálastofnun sem starfar innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í fyrri málslið kemur: lána- eða fjármálastofnun sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu til að veita þjónustu, sbr. 1.–12. og 14. tölul. 1. mgr. 1. gr.
b. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni“ í síðari málslið kemur: sem lýst er í 2. gr.

5. gr.

Í stað orðanna „starfsmaður fjármálastofnunar“ í 5. gr. laganna kemur: einstaklingur eða starfsmaður lögaðila sem nefndur er í 1. gr.

6. gr.

Í stað orðanna „Fjármálastofnun skal“ í 6. gr. laganna kemur: Einstaklingur og lögaðilar, sem nefndir eru í 1. gr., skulu.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Fjármálastofnun skal“ í fyrri málslið 1. mgr. kemur: Einstaklingum og lögaðilum sem nefndir eru í 1. gr. ber skylda til þess að.
b. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni“ í fyrri málslið kemur: sem lýst er í 2. gr.
c. Í stað orðsins „ríkissaksóknara“ í fyrri málslið 1. mgr. kemur: ríkislögreglustjóra.
d. Orðin „ríkissaksóknara eða“ í síðari málslið 1. mgr. falla brott.
e. Í stað orðsins „rannsóknarinnar“ í síðari málslið 1. mgr. kemur: tilkynningarinnar.
f. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni þar til ríkissaksóknara hefur verið tilkynnt um viðskiptin“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: sem lýst er í 2. gr. og tilkynna um það til ríkislögreglustjóra, sbr. 8. gr. Í tilkynningu skal taka fram innan hvaða frests einstaklingum og lögaðilum sem nefndir eru í 1. gr. er skylt að framkvæma viðskiptin.
g. Í stað orðsins „ríkissaksóknara“ í síðari málslið 2. mgr. kemur: ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Við lögin bætist ný grein, 8. gr., sem orðast svo, og breytast greinatölur samkvæmt því:

Ríkislögreglustjóra ber að staðfesta skriflega móttöku tilkynningar skv. 7. gr. Ríkislögreglustjóra er heimilt ef brýn nauðsyn krefur að óska eftir því að viðskipti sem tilkynnt hefur verið um skv. 7. gr. verði ekki framkvæmd fyrr en að loknum þeim fresti sem tilgreindur er í tilkynningunni. Ríkislögreglustjóri skal tafarlaust gera viðvart sé ekki talin þörf á hindrun viðskipta.

Einstaklingar og lögaðilar sem nefndir eru í 1. gr., svo og starfsmenn þeirra, bera ábyrgð á því að ákvæðum laga þessara og reglugerðar, og reglum settum samkvæmt þeim, sé framfylgt. Þeim er skylt að tilnefna einstakling sem sérstakan ábyrgðarmann sem að jafnaði annast tilkynningar í samræmi við ákvæði 7. gr. og sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að framkvæmd laganna. Ríkislögreglustjóra skal tilkynnt um tilnefningu ábyrgðarmanns.

9. gr.

8. gr. laganna, er verður 9. gr., orðast svo:

Einstaklingar, stjórnendur, starfsmenn og aðrir, sem vinna í þágu lögaðila sem lög þessi taka til, eru skyldir til að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að ríkislögreglustjóra hafi verið sendar upplýsingar skv. 7. gr. eða að rannsókn sé hafin vegna gruns um brot sem lýst er í 2. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna er verður 10. gr.:

a. Í stað orðanna „Fjármálastofnun skal“ í fyrri málslið kemur: Einstaklingum og lögaðilum, sem nefndir eru í 1. gr., ber skylda til þess að.
b. Í stað orðsins „stofnunin“ í fyrri málslið kemur: starfsemi þeirra.
c. Í stað orðanna „skal stofnunin“ í síðari málslið kemur: skulu þeir.

11. gr.

Fyrirsögn II. kafla verður: **Hlutverk einstaklinga og lögaðila.**

12. gr.

10. gr. laganna, er verður 11. gr., orðast svo:

Fái Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld sem hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem talin er upp í 1. gr. í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast broti sem lýst er í 2. gr. eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist broti sem lýst er í 2. gr. skal það tilkynnt til ríkislögreglustjóra.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna er verður 12. gr.:

a. Í stað orðanna „Þegar stjórnandi eða starfsmaður fjármálastofnunar veitir ríkissaksóknara eða lögreglu“ í fyrri málslið kemur: Þegar einstaklingur eða lögaðili sem lög þessi taka til, sbr. 1. gr., veitir lögreglu.
b. Í stað orðanna „stofnunum, stjórnendum þeirra eða starfsmönnum“ í síðari málslið kemur: einstaklingum, lögaðilum eða starfsmönnum.

14. gr.

Orðin „ríkissaksóknara eða“ í síðari málslið 1. mgr. 14. gr. laganna, er verður 15. gr., falla brott.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Tryggingaeftirlit annast eftirlit, sbr. 11. gr., fram til 31. desember 1998, sbr. lög um Fjármálaeftirlit, nr. 87/1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1993 voru í fyrsta sinn sett lög hér á landi um aðgerðir gegn peningaþvætti og var það gert m.a. í kjölfar ýmissa aðgerða á alþjóðavettvangi sem beinst hafa að því efla baráttu gegn peningaþvætti. Eins og kemur fram í athugasemdum með því frumvarpi sem síðar varð

að lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, eru lögin sett með hliðsjón af þeim 40 tilmælum sem FATF-ríkjahópurinn (Financial Action Task Force on Money Laundering) hefur samþykkt. Í FATF-ríkjahópnum eru 26 aðildarríki OECD sem hafa tekið að sér að hafa forgöngu í aðgerðum til þess að hindra eða sporna gegn því að fjármálastofnanir eða aðrir aðilar sem starfa innan lögsögu þessara ríkja verði notaðar til peningaþvættis.

Á undanförnum árum hefur á vegum FATF-ríkjahópsins verið unnið að endurskoðun upphaflegu tilmælanna og hafa verið samþykktar ýmsar breytingar á þeim. Hópurinn hefur til að mynda samþykkt að beina því til aðildarríkja að þau tryggi að gildissvið laga um peningaþvætti nái til allra fyrirtækja, þar með talinna einstaklinga, sem í atvinnu sinni veita þjónustu sem er hætt er við að notuð verði til peningaþvættis.

Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði tillit til þessarar tillögu og er lagt til að gildissvið laganna verð rýmkað nokkuð frá því sem nú gildir, sbr. 1. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein. Í júní 1998 komu fulltrúar FATF til Íslands í þeim tilgangi að gera úttekt á lögum, reglum og starfsaðferðum sem notaðar eru á Íslandi í því skyni að sporna gegn því að fjármálakerfi landsins sé notað til peningaþvættis. Ráðuneytið hefur af þessu tilefni unnið sérstaklega að því að yfirfara starfshætti og gildandi reglur sem ætlað er að veita viðnám gegn því að hér á landi megi þvætta fjármuni sem eru ávinningur af refsiverðum brotum. Þau refsilagabrot sem hér koma til skoðunar eru brot á almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum, tollalögum og lyfjalögum, sbr. nánari greinargerð um peningaþvættisbrot í athugasemd við 2. gr. frumvarpsins. Við þá endurskoðun og samningu þessa frumvarps hefur verið haft samráð við dómsmálaráðuneytið, embætti ríkislögreglustjóra og bankaeftirlitið, en auk fulltrúa viðskiptaráðuneytisins eiga fulltrúar fyrrgreindra aðila aðild að því samstarfi sem fram fer á vegum FATF-ríkjahópsins.

Loks má geta þess að öll fjármálakerfi er unnt að misnota og þvætta fjármuni og er því hér um alþjóðlegt vandamál að ræða sem öll ríki verða að vinna gegn með sameiginlegu átaki eins og FATF-ríkjahópurinn hefur haft forgöngu um. Ísland getur ekki vikist undan þeirri sameiginlegu ábyrgð og er ekki undanskilið frekar en önnur ríki í þessum efnum. Reyndar hefur einn angi á stærra máli teygt sig til Íslands, sbr. svonefnt Grimaldi-Hoffman-mál sem enn er til rannsóknar hjá lögregluyfirvöldum í Evrópu. Slík dæmi sanna að full ástæða er til þess að hér á landi séu í gildi lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og jafnframt að þeir sem stunda starfsemi á sviðum þar sem hætta kann að vera á því að peningaþvætti sé stundað sýni fulla árvekni og veiti þannig liðveislu sína í alþjóðlegri baráttu gegn þeim aðilum sem hagnast af refsiverðri brotastarfsemi. Það stuðlar einnig að heilbrigði fjármálakerfisins á Íslandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í almennum athugasemdum hér að framan kemur fram að á vegum FATF-ríkjahópsins hafa tilmælin 40 verið endurskoðuð frá því að þau voru fyrst samþykkt árið 1990. Árið 1996 voru samþykkt ný og endurskoðuð tilmæli. Í þeim er m.a. lögð til breyting á 9. tillögu tilmælanna. Með þeirri breytingu eru FATF-ríkin hvött til þess að lögskylda einnig aðra aðila en svonefndar fjármálastofnanir til þess að krefjast upplýsinga við upphaf viðskiptasambands, svo og tilkynna til lögreglu ef um er að ræða viðskipti sem grunur leikur á að kunni að vera liður í peningaþvætti, þ.e. að geyma eða koma í veg fyrir að unnt verði að rekja ólöglegan uppruna þeirra fjármuna sem eru andlag hins meinta peningaþvættis.

Í gildandi lögum um peningaþvætti var farin sú leið að telja upp þá aðila sem lögunum er beinlínis ætlað að taka til. Ráðherra er einnig veitt heimild til að ákveða að aðrir aðilar skuli

að hluta til falla undir ákvæði laganna ef um er að ræða starfsemi sem líklegt er að notuð verði til þess að þvætta peninga en á grundvelli þeirrar heimildar hefur verið sett reglugerð, nr. 695/1994, um hlutverk nokkurra starfsstétta og lögaðila við aðgerðir gegn peningaþvætti.

Við samningu þessa frumvarps kom til álita að telja upp þá aðila sem beinlínis falla undir ákvæði gildandi laga og bæta við þá upptalningu þeim aðilum sem telja má að eðlilegt sé að lög um peningaþvætti taki einnig til samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Þeirri aðferð fylgja þó vissir ókostir, t.d. að það kann að virka neikvætt fyrir þá sem sérstaklega eru taldir upp. Jafnframt kann að vera að innan slíkra starfsstétta séu aðilar sem aldrei veita nokkra þá þjónustu þar sem aukinnar aðgætni er þörf með tilliti til brota á lögum um peningaþvætti. Sú aðferð kann einnig að draga athygli frá því að unnt er að nota ýmsar starfsstéttir til peningaþvættis ef um er að ræða þjónustu sem samkvæmt eðli sínu og að fenginni reynslu annarra þjóða felur í sér meiri hættu á misnotkun og peningaþvætti en almennt kann að vera álitið.

Í þessari grein er því lagt til að ekki verði taldar upp þær fjármálastofnanir sem ákvæðum laganna er ætlað að taka til heldur er þar lýst þeirri starfsemi einstaklinga og lögaðila sem falla eiga undir ákvæði laganna. Með því móti er lögð ríkari áhersla en gert er samkvæmt gildandi lögum á þær leiðir sem helst eru notaðar og telur ráðuneytið það einnig gefa betri vísbendingu um undir hvaða kringumstæðum sérstakrar aðgæslu er þörf með tilliti til peningaþvættis. Fyrirmynd að þessari aðferð er einnig að finna í dönskum lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Rétt er þá að gera nánari grein fyrir einstökum töluliðum þessarar greinar.

Í 1.–14. tölul. er að finna sundurliðun á þeim tegundum fjármálaþjónustu sem ákvæðum þessara laga um peningaþvætti er ætlað að taka til. Upptalningin er nánast samhljóða upptalningu sem er að finna í 44. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og er sú grein byggð á þeim lista sem fylgir í viðauka við tilskipun 89/646/EBE, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun 77/780/EBE. Skv. 44. gr. laga nr. 113/1996 er starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfaviðskiptum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti. Þrátt fyrir að alls séu 14 töluliðir í þessari grein frumvarpsins eins og í 44. gr. laga nr. 113/1996 skal tekið fram að í þessu frumvarpi hefur verið sleppt 11. og 13. tölul. 44. gr. laga nr. 113/1996. Ástæða þess er að ákvæði 13. tölul. þessarar greinar tekur yfir samsvarandi starfsemi og 11. tölul. 44. gr. laga nr. 113/1996 er ætlað að taka til. Varðandi það ákvæði sem svarar til 13. tölul. í áðurnefndri 44. gr. telur ráðuneytið að það eigi ekki við í lögum um peningaþvætti og því óþarft í þessari upptalningu. Loks skal geta þess að í 14. tölul. er ákvæði um líftryggingastarfsemi og starfsemi lífeyrissjóða. Gildandi lög um peningaþvætti hafa tekið til líftryggingafélaga og séreignalífeyrissjóða. Með hliðsjón af nýjum lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, svo og að líftryggingastarfsemi og starfsemi lífeyrissjóða hefur fallið undir ákvæði laga um peningaþvætti, þykir rétt að gera þá breytingu sem lögð er til í 14. tölul.

Að meginstefnu til er ekki um neina efnisbreytingu að ræða varðandi hvaða aðilar skuli í starfsemi sinni fara eftir ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti. Til glöggvunar má nefna að þau helstu fyrirtæki og stofnanir sem falla undir lögin, viðskiptabankar, sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir, verðbréfasjóðir, lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, greiðslukortafyrirtæki, póstgíróstofan, líftryggingafélög, lífeyrissjóðir og skiptistöðvar (bureaux de change) sem fengið hafa leyfi samkvæmt lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, eru allt dæmigerð fyrirtæki sem stunda fjármálaþjónustu af því

tagi sem talin er upp í 1. gr. Ekki skiptir máli hvort sérstakt starfsleyfi þarf til þess að stunda þá fjármálaþjónustu sem um ræðir eða hvort telja verður að hún sé eðlilegur hluti af þeirri þjónustu sem aðili kann að veita á grundvelli almennra starfsréttinda sinna eða ákvæða í sérlögum. Til dæmis verður að líta svo á að í þjónustu lögmanna felist einnig réttur til þess að taka við fjármunum og eiga viðskipti fyrir viðskiptavini með fjármuni sem þeir fela honum eða lögmaðurinn hefur tekið við fyrir hönd umbjóðanda síns, svo sem vegna búskipta, greiðslu skaðabóta eða annarra venjulegra atvika sem eru liður í þjónustu lögmanna. Einnig kann að vera að aðili stundi starfsemi á grundvelli sérlaga, sbr. t.d. starfsemi Íbúðalánasjóðs við veitingu veðlána samkvæmt lögum nr. 44/1998, sbr. lög nr. 97/1993, sbr. ákvæði í 6. tölul. Ýmsar aðrar sérfræðistéttir en lögmenn kunna að falla undir ákvæði laganna, t.d. endurskoðendur og viðskiptafræðingar, en liður í þeirra starfsemi er einnig að hafa ýmiss konar milligöngu við kaup, yfirtöku og samruna fyrirtækja. Mikilvægt er að utan við ramma almennra laga um aðgerðir gegn peningaþvætti falli ekki aðilar sem sýnt þykir að sé unnt að misnota í þágu peningaþvættis, en það kann að eiga við ýmsa aðila sem stunda einhverja þá starfsemi af því tagi sem nefnd er í 1.–14. tölul. þessarar greinar, enda er nægilegt að starfsemi falli undir einn þessara liða til þess að skylt sé að fara eftir ákvæðum laganna.

Rétt er að gera stuttlega grein fyrir nokkrum orðalagsmun sem er að finna í ýmsum töluliðum þessarar greinar og samsvarandi liðum í 44. gr. laga nr. 113/1996. Í b-lið 2. tölul. er hér ekki notað orðið langtímaveðlán heldur aðeins veðlán. Í viðauka við tilskipun 89/646/EBE er ekki nefnt að veðlán skuli vera til lengri tíma og þykir ekki rétt að afmarka það þannig. Í 3. tölul. er tekið fram að hafi aðili með höndum starfsemi sem telst til eignarleigu falli hún undir ákvæði laganna. Eignarleiga er heildarhugtak, svo sem kunnugt er, sbr. lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, en þau voru felld úr gildi með lögum nr. 123/1993, án þess að í nýju lögin væru settar framangreindar skilgreiningar. Miða verður þó við að þær skilgreiningar sem lagðar voru til grundvallar í lögum nr. 19/1989 séu í fullu gildi og samkvæmt því falla undir hugtakið eignarleigu sérstakar tegundir eignarleigusamninga, svo sem kaupleiga, fjármögnunarleiga og rekstrarleiga. Hér þykir því rétt að nota heildarhugtakið fremur en fjármögnunarleigu, sem er aðeins ein tegund eignarleigusamninga. Í 5. tölul. þykir rétt að skýrt komi fram að hafi aðili með höndum starfsemi sem felst einungis í útgáfu greiðslukorta (t.d. hleðslukorta) fellur sú starfsemi undir lögin, og skiptir ekki máli hvort slíkri útgáfu fylgir nokkur umsýsla eða ekki.

Í 7. tölul. er þess getið að feli starfsemi í sér að viðskipti fari fram fyrir eigin reikning eða reikning viðskiptamanns beri slíkum aðilum að fara eftir ákvæðum frumvarpsins. Þessi liður er sambærilegur við 7. tölul. 44. gr. laga nr. 113/1996. Rétt er þó að taka fram að dæmi um viðskipti sem fallið geta undir þennan lið eru viðskipti lögmanns fyrir hönd umbjóðanda síns en samkvæmt nýrri reglugerð dómsmálaráðuneytisins ber slíkum aðilum nú að hafa sérstakan viðskiptareikning í bókhaldi sínu ef honum hefur verið falið að varðveita fé umbjóðanda síns, sbr. reglur nr. 626/1995. Auk þess skal lögmaður færa sérstakan sameiginlegan viðskiptareikning, svonefndan fjárvörslureikning, sem sýni á hverjum tíma samanlagðar innstæður allra umbjóðenda hans. Slíka reikninga er einungis unnt að stofna í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Reglum þessum var ætlað að koma að öllu leyti til framkvæmdar 1. júlí 1997, en um nánari lýsingu á efni þeirra vísast í reglurnar sjálfar. Rétt þykir að nefna til frekari skýringar þau verðmæti sem gætu komið til álita í þessu sambandi, en það eru verðbréf á peningamarkaði (svo sem tékkar og víxlar), sbr. a-lið, og gjaldeyrir, sbr. b-lið. Einnig getur verið um að ræða viðskipti með framvirka samninga og svonefndan skiptirétt (options) eða kröfuréttindi og önnur gjaldeyris- eða vaxtatengd réttindi, sbr. c- og d-lið. Loks getur verið um það að ræða að viðkomandi aðili hafi heimild til eða það felist í þeirri þjónustu sem

hann veitir að stunda viðskipti með önnur almenn verðbréf (t.d. hlutabréf, rafbréf o.fl.) en nefnd hafa verið hér á undan og þykir því rétt að nefna það sérstaklega í e-lið.

Í 8. tölul. kemur fram að aðstoði aðili viðskiptamann við almennt útboð verðbréfa og veiti þjónustu í því sambandi ber honum að fara eftir ákvæðum þessara laga, en hér um að ræða þjónustu sem yfirleitt er innan verksviðs þeirra fyrirtækja sem stunda verðbréfaviðskipti.

Í 9. tölul. er fjallað um móttöku fjármuna í tengslum við uppbyggingu höfuðstóls í fyrirtækjum o.fl. Í 9. tölul. 44. gr. laga nr. 113/1996 er rætt um ráðgjöf sem veitt er í slíkum tilgangi. Telja verður að ef aðeins er veitt ráðgjöf í þessu sambandi án þess að nokkur milliganga eigi sér stað um móttöku fjármuna, svo sem söluandvirði á fyrirtæki o.s.frv., sé varla hætta á að um peningaþvætti geti orðið að ræða. Hins vegar ef auk ráðgjafar er einnig veitt móttaka á fjármunum um stundarsakir til þess að ljúka slíkum viðskiptum getur verið hætta á því að slík starfsemi yrði misnotuð og fjármunir þvættir með þeim hætti. Loks má geta þess að nauðsynlegt er að orða þennan lið á þennan hátt til þess að hann taki ótvírætt til starfsemi lögmanna, endurskoðenda og annarra sérfræðinga sem einkum veita þá þjónustu sem hér er vikið að. Ljóst er að þróun í þjónustuviðskiptum er ör og sífellt koma fleiri aðilar að málum sem hér eru nefnd en auk lögmanna má t.d. nefna endurskoðendur og ýmsa ráðgjafa aðra sem fengnir eru til sérfræðiráðgjafar. Í slíkum tilvikum kann að vera fullkomlega eðlilegt að sérfræðingi sé treyst fyrir fjármunum og falin umsjón þeirra um tiltekinn tíma vegna samninga um yfirtöku félags eða annarra sambærilegra aðgerða. Það er því á allan hátt eðlilegt að gera þá kröfu til slíkra aðila að þeir afli viðhlítandi upplýsinga um viðskiptamenn sína og varðveiti þær í samræmi við ákvæði laga um peningaþvætti. Jafnframt er þessi tilhögun í samræmi við tilmæli nr. 9 sem FAFT-ríkjahópurinn hefur samþykkt og áður hefur verið vikið að í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Í 10. tölul. þykir rétt að tekið sé sérstaklega fram að undir þennan lið falla skiptistöðvar (bureaux de change) en í 44. gr. laga nr. 113/1996 er einungis nefnt hugtakið peningamiðlun. Mikilvægt er að ákvæðið sé alveg skýrt að þessu leyti. Í 11. tölul. er sambærilegt ákvæði og er í 12. tölul. 44. gr. laga nr. 113/1996, en auk þess er til öryggis tekið fram að undir þennan lið falli einnig varsla rafbréfa (sbr. einnig athugasemdir hér að framan um e-lið 7. tölul.).

Af framangreindum athugasemdum er ljóst að 1.–12. tölul. 1. gr. eru að mestu leyti samhljóða sambærilegum ákvæðum í lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Í 12. og 13. tölul. er tekið fram að verðbréfaviðskipti, svo og líftryggingarstarfsemi vátryggingafélaga og starfsemi lífeyrissjóða, falli undir gildissvið þessara laga.

Með hugtakinu verðbréfaviðskipti er átt við þá starfsemi sem skilgreind er í 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, sbr. 8. og 9. gr. þeirra laga.

Í 2. mgr. er tekið fram að ákvæði laganna taki einnig til þeirra sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga nr. 6/1926, um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur). Sama á við hafi einstaklingur eða lögaðili heimild til slíkrar starfsemi á grundvelli sérlaga sem gilda um fjársafnanir og happdrætti en ýmis dæmi eru til þess, sbr. t.d. lög nr. 13/1973, um Happdrætti Háskóla Íslands, lög nr. 73/1994, um söfnunarkassa, o.s.frv. Gildandi lög um peningaþvætti taka ekki til slíkra aðila og er því framangreint ákvæði nýmæli sem jafnframt er í samræmi við tillögur FATF-ríkjahópsins frá árinu 1996 um að undir lög um aðgerðir gegn peningaþvætti falli allir þeir aðilar sem hætt er við að kunni að vera misnotaðir til þess að þvætta fjármuni (sbr. 9. gr. tilmælanna).

Um 2. gr.

Almennum hegningarlögum var breytt með frumvarpi sem lagt var fyrir á 121. löggjafarþingi, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (vegna samnings Samein-

uðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum), sbr. nú lög nr. 10/1997. Með framangreindum breytingum á almennum hegningarlögum og fleiri lögum hefur verið afmarkað í íslenskum rétti hvaða brot falla undir skilgreiningu framangreindra alþjóðasamninga á þvættisbrotum.

Með lögum nr. 10/1997 var þvættisbrot þannig gert að sjálfstæðu refsiverðu broti, sbr. 264. gr., án tillits til þess um hvers konar brot á lögunum er að ræða. Skv. 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga er nú unnt að refsa fyrir viðtöku og öflun ávinnings af afbroti og aðstoð við að umbreyta ávinningi í því skyni að fela ólöglegan uppruna hans. Ákvæðið gerir þannig ekki aðeins refsiverða þá háttsemi að njóta ávinnings af broti sem annar hefur framið, heldur einnig þá háttsemi að aðstoða mann við að koma undan ávinningi, án tillits til þess hvort maður nýtur sjálfur hagnaðar af slíkri aðstoð. 264. gr. er takmörkuð við þá aðstöðu að um ræði ávinning af broti á almennum hegningarlögum. Sérreglur gilda síðan um aðstoð við að koma undan ávinningi af auðgunarbrotum, sbr. refsiákvæði um hylmingu í 254. og 263. gr. laganna.

Til þess að unnt verði að refsa fyrir þvætti ávinnings af brotum á sérrefsilögum þarf sérstök heimild þess efnis að vera í viðkomandi lögum. Með lögum nr. 10/1997 var slíkri heimild bætt í helstu sérrefsilög þar sem hætta er talin á að reynt verði að koma undan ávinningi af brotum, þ.e. í áfengislög, nr. 82/1969, tollalög, nr. 55/1987, og lyfjalög, nr. 93/1994. Refsiheimild fyrir þvættisbrot vegna ávinnings af broti á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, var breytt lítillega til samræmis við þær refsiheimildir sem bættust í framangreind sérrefsilög.

Nauðsynlegt er að skýra betur en gert er í gildandi lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti hvað felist í hugtakinu peningaþvætti og jafnframt að samræma efnisinntak þessa ákvæðis við áðurnefnda breytingu á almennum hegningarlögum. Loks má geta þess að framangreindar refsiheimildir ná ekki að öllu leyti til þvættisbrota lögaðila en refsiábyrgð lögaðila fyrir brot á tilkynningarskyldu fer eftir 15. gr. þessara laga.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í 1. gr. er gerð tillaga um að kveða á um þá starfsemi sem framvegis skal taka tillit til löggjafar um aðgerðir gegn peningaþvætti og telja ekki framar upp sérstaklega þær fjármálastofnanir sem fylgja skulu lögunum. Í samræmi við þessa breyttu aðferð í framsetningu laganna er nauðsynlegt að aðlaga og samræma orðalag ýmissa greina þeirra að þessu leyti. Þess vegna er hér lagt til að í lögunum verði vísað til einstaklinga og lögaðila sem nefndir eru í 1. gr. og hafa með höndum starfsemi sem fellur undir einn eða fleiri þeirra liða sem taldir eru upp í 1. gr. Auk breytingarinnar sem lögð er til í a-lið og á rót að rekja til þessarar breyttu aðferðar er að finna sams konar breytingar í öðrum greinum frumvarpsins.

Í gildandi lögum um peningaþvætti er þess krafist að við upphaf viðskiptasambands skuli einstaklingur eða lögaðili sanna á sér deili með framvísun persónuskilríkja. Ráðuneytið hefur aflað upplýsinga um framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. hjá starfandi viðskiptabönkum og sparisjóðum. Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið verður ekki stofnað til nýrra viðskipta hjá slíkum aðilum nema viðkomandi einstaklingur (eða lögaðili) hafi fengið íslenska kennitölu sem útgefin er af Hagstofu Íslands. Sama gildir að verulegu leyti í öllum öðrum viðskiptum, enda meginreglan sú í öllu viðskiptalífinu að nota kennitölu sem útgefin er af Hagstofu Íslands til þess að auðkenna viðskiptamenn fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Ráðuneytið telur eðlilegt við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu að texti laganna endurspegli framangreinda meginreglu um notkun kennitölu hér á landi. Hafa verður

einnig í huga að hafi Hagstofa Íslands gefið út kennitölu fyrir einstakling eða lögaðila þá hefur hún fengið fullgild skilríki sem sanna tilvist viðkomandi aðila, t.d. fæðingarvottorð einstaklings eða skráningarvottorð lögaðila (hlutafélags, einkahlutafélags, sameignarfélags og annarra aðila sem heimilt er að skrá með sjálfstæða kennitölu samkvæmt íslenskum lögum).

Í gildandi lögum er kveðið svo á að viðskiptamaður skuli sanna á sér deili með framvísun persónuskilríkja. Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá fjármálastofnunum er ekki einhlítt hvað þeir aðilar telja vera fullgild persónuskilríki. Rétt þykir því að það verði tekið sérstaklega fram að viðskiptamanni beri að sanna á sér deili með framvísun persónuskilríkja og vottorði Hagstofu Íslands um nafn, lögheimili og kennitölu. Eingöngu þau skilríki sem telja má að feli í sér slíkt vottorð Hagstofu Íslands er unnt að taka sem fullgild persónuskilríki. Í framkvæmd eru þau skilríki sem fullnægja þessari kröfu aðeins nafnskírteini, vegabréf og ökuskírteini. Öll framangreind skilríki byggjast á skráningu samkvæmt þjóðskrá Hagstofu Íslands, sbr. 19. gr laga nr. 45/1996, um mannanöfn. Ekki er útilokað að síðar geti þróast í samvinnu stjórnvalda og þeirra sem gefa út auðkennisskírteini, önnur skírteini (skilríki) sem teljast veita fullnægjandi vottorð samkvæmt þessari grein.

Ef viðskiptamaður er lögaðili, t.d. hlutafélag eða einkahlutafélag, ber prókúruhafa að leggja fram sömu upplýsingar (persónuskilríki) og krafist er þegar stofnað er til viðskiptasambands við einstaklinga.

Í þeirri tillögu sem gerð er í a-lið þessarar greinar felst einnig að gerð er skýrari sú krafa að framvísa eigi persónuskilríkjum við upphaf viðskipta, einkum við opnun reiknings eða eignavörslu, og er það jafnframt í betra samræmi við ákvæði í tilskipun 91/308/EBE, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis. Þetta á einnig við um tillöguna sem er að finna í b-lið þessarar greinar.

Í c-lið er að finna breytingu sem leiðir af þeirri breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins.

Loks má nefna að stefnt er að því að gera ýmsar upplýsingar og skrár hjá Hagstofu Íslands aðgengilegar á alnetinu, t.d. upplýsingar úr hlutafélagaskrá, o.fl. Í starfsreglum þeirra sem fara eiga eftir ákvæðum þessara laga yrði gert ráð fyrir að athugað verði hvort samræmi sé í upplýsingum sem viðskiptamaður veitir og skráðar eru hjá Hagstofu Íslands, t.d. hvort viðskiptamaður er í reynd skráður prókúruhafi lögaðila o.s.frv.

Um 4.–6. gr.

Um 4. gr. a.

Gildandi lög um peningaþvætti eru auk hinna 40 tilmæla FATF-ríkjahópsins byggð á ákvæðum tilskipunar EB nr. 91/308/EBE. Í 7. tölul. 3. gr. hennar er ákvæði þess efnis að ef um er að ræða lána- og fjármálastofnun sem tilskipunin gildir um þurfi ekki að krefjast skilríkja eins og kveðið er á um að öðru leyti í þeirri grein tilskipunarinnar. Í 1. gr. tilskipunarinnar eru skilgreindar þær lána- og fjármálastofnanir sem hún tekur til. Lánastofnun skilgreind með vísan til tilskipunar 77/780/EBE, sbr. breytingu á henni í tilskipun 89/646/EBE. Jafnframt er lánastofnun skilgreind sem fyrirtæki sem annast einkum eða einhverja þá starfsemi sem talin er upp í 2.–12. og 14. lið í viðauka við tilskipun 89/646/EBE, eða vátryggingafélag með gilt leyfi skv. 79/267/EBE, sbr. breytingu við þá tilskipun í tilskipun 90/619/EBE. Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um til hvaða stofnana þessari undanþágu er ætlað að ná en það eru samkvæmt framansögðu einungis þær stofnanir sem stofnsettar eru og starfa á grundvelli leyfis sem veitt er í samræmi við framangreindar tilskipanir EB. Ef um er að ræða einstakling eða stofnun sem ekki starfar á grundvelli slíks leyfis á undanþágan ekki við og ber þá að krefja viðskiptaaðila persónuskilríkja eins og mælt er fyrir um í 3. gr.

Um 4. gr. b–6. gr.

Í þessum greinum er orðalag greinanna lagað að því að skv. 1. gr. eru ekki lengur taldar upp þær fjármálastofnanir sem er skylt að fara eftir ákvæðum laganna heldur eru vísað til þess að einstaklingum og lögaðilum sem hafa með höndum starfsemi sem upp er talin í 1. gr. ber að fara eftir ákvæðum þessara laga. Breytingin er því fyrst og fremst lagatæknilegs eðlis, sbr. einnig athugsemdir um 3. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru lagðar til sams konar lagatæknilegar breytingar og í ýmsum öðrum greinum frumvarpsins. Auk þess er hér gerð sú tillaga að tilkynningar skuli ekki framar sendar til ríkissaksóknara heldur skuli þær sendar til ríkislögreglustjóra. Brýn nauðsyn er til þess að ákvæði þessara laga séu löguð að þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tilhögun við rannsókn afbrota, sbr. lögreglulög, nr. 90/1996. Með þessari breytingu er jafnframt stefnt að því að sérþekking og yfirsýn sé tryggð við rannsókn þeirra tilkynninga sem í þessum lögum er kveðið á um. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að mikilvægt er að einni deild lögreglunnar (eða réttarvörslukerfisins) sé falin umsjón með málum sem kunna að koma upp í tengslum við meint peningaþvættisbrot. Eðlilegt er með hliðsjón af lögreglulögum að hlutverk þetta sé falið efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra en um verkaskiptingu fer nánar eftir ákvæðum reglugerðar sem dómsmálaráðuneytið setur. Einnig er það í samræmi við þá framkvæmd sem komist hefur á frá gildistöku laga nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, að fela lögreglu rannsókn þessara mála, sbr. að þrátt fyrir að í þeim lögum hafi verið kveðið svo á að tilkynningar samkvæmt lögunum skyldu sendar til ríkissaksóknara hefur það embætti sent allar slíkar tilkynningar rakleitt til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hér er því aðeins staðfest í texta laganna sú framkvæmd sem verið hefur við lýði allt frá því að lögin tóku gildi. Loks er í greininni breyting sem tengist 8. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er skýrar en gert er samkvæmt gildandi lögum á um hvernig tilkynning um grunsamleg viðskipti verður til þess að viðskipti séu tafin. Hér er lagt til að þegar tilkynning er send um viðskipti sem ekki er nauðsynlegt að framkvæma þegar í stað skuli taka fram innan hvaða frests verði að framkvæma viðskiptin. Til dæmis má nefna að varðandi gjaldeyrisyfirfærslur milli landa áskilja viðskiptabankar og sparisjóðir tiltekinn frest til þess að koma fjármunum inn á reikning viðtakanda. Tilkynni slík stofnun um grunsamleg viðskipti samkvæmt þessari grein getur hún í tilkynningu tekið fram innan hvaða frests henni ber að framkvæma viðskiptin. Samkvæmt ákvæðum 8. gr. er gert ráð fyrir því að ríkislögreglustjóri geri tafarlaust viðvart komist hann að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á því að viðskipti verði tafin þó svo að frestur samkvæmt tilkynningu sé ekki liðinn, sbr. nánar um það í athugasemdum við 8. gr.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að bætt verði nýrri grein við lögin sem kveði nánar en nú er gert á um þær tilkynningar sem aðilum ber að gera ef grunur eða vitneskja liggur fyrir um að uppruna eignar megi rekja til refsiverðs afbrots, sbr. 2. gr. laganna. Jafnframt er tekið fram að ríkislögreglustjóra beri að staðfesta skriflega móttöku tilkynningar. Staðfestingu á móttöku tilkynningar er einnig unnt að senda á rafrænan hátt. Hins vegar eru ekki gerðar sérstakar kröfur um form þeirra tilkynninga sem sendar eru til lögreglunnar og geta þær því verið munnlegar, t.d. í síma, skriflegar eða sendar með rafrænum hætti, allt eftir því sem þykir henta hverju sinni.

Í greininni er einnig að finna heimild til ríkislögreglustjóra til að mæla svo fyrir að hindra skuli viðskipti telji hann brýna ástæðu til þess þar til að frestur er liðinn sem tiltekinn er í

tilkynningu skv. 7. gr. Nauðsynlegt er að kveða skýrar en gert er í gildandi lögum á um rétt og skyldu hlutaðeigandi aðila til þess að tefja að viðskipti sem tilkynnt hafa verið verði að fullu framkvæmd. Það fer eftir aðstæðum og eðli þeirra viðskipta hversu langan frest er unnt að veita í tilkynningu skv. 7. gr. Til dæmis má ætla að ekki eigi sama við um gjaldeyrisyfirfærslur milli landa eða kaup á verðbréfum. Þetta munu einstaklingar og lögaðilar sem nefndir eru í 1. gr. meta með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Í gildandi lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti er hins vegar kveðið svo á að ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskipti sem teljast vera grunsamleg skal tilkynnt um leið og þau hafa farið fram, sbr. nánar um það í 7. gr. laganna. Engin breyting er lögð til varðandi þær tilkynningar. Loks má nefna að telji ríkislögreglustjóri að nauðsynlegt og heimilt sé að beita öðrum úrræðum sem heimiluð eru í lögum um meðferð opinberra mála breyta ákvæði þessa frumvarps, svo og gildandi laga um peningaþvætti, á engan hátt möguleikum lögreglu til þess að grípa til hverra þeirra úrræða sem hún telur þörf á í þágu rannsóknar einstaks máls og í samræmi við það sakarefni sem til skoðunar er hverju sinni.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að tilnefndir verði ábyrgðarmenn sem hafi umsjón með þeim tilkynningum sem fjallað er um í lögunum og frumvarpi þessu. Sú tilhögun var tekin upp þegar sett var reglugerð nr. 272/1994, um hlutverk fjármálastofnana við aðgerðir gegn peningaþvætti, og hefur hún reynst vel fyrir þá aðila sem hingað til hefur verið skylt að fara eftir lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti. Allir þeir einstaklingar og lögaðilar sem nefndir eru í 1. gr. bera ábyrgð á því að lögum og reglum settum samkvæmt þeim sé framfylgt og leysir tilnefning ábyrgðarmanns því á engan hátt aðra undan ábyrgð samkvæmt lögunum. Enn fremur ber að tryggja að allir starfsmenn fái fullnægjandi þjálfun, sbr. ákvæði 9. gr. í gildandi lögum, nr. 80/1993, en engin breyting er lögð til í frumvarpinu á því atriði.

Um 9. og 10. gr.

Í þessum greinum er einungis gerðar tillögur um orðalagsbreytingar sem nauðsynlegar eru af lagatæknilegum ástæðum, sbr. athugasemdir í 3. gr., svo og breytingar sem fela í sér að framvegis skuli tilkynningar sendar til ríkislögreglustjóra í stað ríkissaksóknara.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að auk þess að vísað sé til Fjármálaráðuneytisins verði jafnframt vísað almennt til annarra eftirlitsstjórnvalda sem kunna að hafa eftirlit með starfsemi einstaklinga og lögaðila sem munu í starfsemi sinni þurfa að fara eftir lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Eðlilegt er þegar lögin eru orðin meira almenns eðlis, eins og gerð er tillaga um í frumvarpinu, að orðalag greinarinnar taki mið af því. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um 13. og 14. gr.

Í þessum ákvæðum er að finna lagatæknilegar breytingar, sbr. athugasemdir um 3. gr., og breytingar sem leiðir af því að framvegis er lagt til að ríkislögreglustjóri taki við tilkynningum samkvæmt ákvæðum laganna.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Á Alþingi hafa verið samþykkt lög um Fjármálaeftirlit, nr. 87/1998. Verði frumvarp þetta samþykkt á haustþingi 1998 er nauðsynlegt að kveða á um að eftirlit sé í höndum starfandi eftirlitsaðila þar til hin nýja stofnun hefur starfsemi sína.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði minni háttar lagatæknilegar breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Kostnaður ríkissjóðs af samþykkt frumvarps þessa verður enginn.

254. Frumvarp til laga [227. mál]

um lausafjárkaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI.
Gildissvið.

1. gr.
Almennt gildissvið laganna.

1. Lög þessi gilda um kaup að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir í lögum. Lögin gilda ekki um fasteignakaup.

2. Lög þessi gilda einnig um skipti eftir því sem við getur átt.

2. gr.
Pöntunarkaup. Þjónustusamningar.

1. Lög þessi gilda um pöntun hlutar sem búa skal til þegar sá sem pantar lætur ekki í té verulegan hluta efnis til framleiðslunnar. Lögin gilda hvorki um samninga um að reisa byggingar né önnur mannvirki á fasteign.

2. Lögin gilda ekki um samninga þegar sá sem afhendir hlut skal jafnframt láta í té vinnu eða aðra þjónustu og þar er um að ræða mestan hluta af skyldum hans.

3. gr.
Samningar og viðskiptavenjur.

Ákvæði laga þessara eiga ekki við þegar annað leiðir af samningi, fastri venju milli aðila, viðskiptavenju eða annarri venju sem telja verður bindandi í millum aðila.

4. gr.
Neytendakaup.

1. Í neytendakaupum er ekki unnt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru kaupanda óhagstæðari en leiða mundi af lögum þessum.

2. Með neytendakaupum er átt við kaup þar sem seljandinn hefur atvinnu sína af sölu og söluhlutur er aðallega ætlaður til persónulegra nota fyrir kaupandann, fjölskyldu hans, heimilisfólk eða þá sem hann umgengst, nema seljandinn hafi við samningsgerð hvorki vitað né mátt vita að hluturinn var keyptur í því skyni. Kaup á kröfum og réttindum teljast ekki til neytendakaupa.

3. Um sölu í atvinnustarfsemi er að ræða þegar seljandinn eða umboðsmaður hans koma fram sem atvinnumenn í viðkomandi starfsemi.

5. gr.
Alþjóðleg kaup.

1. Lög þessi gilda um alþjóðleg kaup með þeim sérreglum sem í lögunum felast, sbr. einkum ákvæði XV. kafla.

2. Sérreglur um alþjóðleg kaup gilda ekki í kaupum þegar seljandinn hefur atvinnustöð sína í Danmörku, Finnlandi, á Íslandi, í Noregi eða Svíþjóð og kaupandinn hefur atvinnustöð sína í einhverju þessara landa (norræn kaup).

3. Sérreglurnar eiga ekki heldur við um:

a. neytendakaup og sambærileg kaup milli neytenda,
b. kaup á uppboði,
c. sölu í framhaldi af fullnustugerð eða samkvæmt lagaboði,
d. kaup á verðbréfum, peningum, kröfum eða réttindum,
e. kaup á farartækjum, loftförum eða loftpúðaskipum.

II. KAFLI
Afhendingin.

6. gr.
Reiðukaup.

1. Söluhlut skal hafa til reiðu til viðtöku á þeim stað þar sem seljandi hafði atvinnustöð sína (eða heimili, sbr. 83. gr.) þegar kaup voru gerð. Ef aðilar vissu þá að söluhlutur eða sá vörulager eða framleiðslustaður sem hlut átti að taka frá var á öðrum stað skal hafa hlutinn til reiðu þar.

2. Söluhlutur telst afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku.

7. gr.
Staðarkaup og sendingarkaup.

1. Ef söluhlut skal færa kaupanda á sama stað eða innan þess svæðis þar sem seljandi er vanur að sjá um að flytja slíka hluti (staðarkaup) telst hlutur afhentur þegar honum er veitt viðtaka þar.

2. Ef senda skal söluhlut til kaupanda í öðrum tilvikum (sendingarkaup) og annað leiðir ekki af flutningsskilmálum eða öðrum samningi telst hlutur afhentur þegar hann hefur verið fenginn þeim flytjanda í hendur sem tekið hefur að sér flutning frá sendingarstað. Ef seljandinn sér sjálfur um flutninginn telst afhending þá fyrst hafa átt sér stað þegar kaupandi hefur veitt hlutnum viðtöku.

3. Ef hlutur er seldur „frítt“, „afhentur“ eða „afhentur frítt“ og gefinn er til kynna ákveðinn staður telst hluturinn ekki afhentur fyrr en hann er kominn þangað.

4. Í neytendakaupum telst hlutur afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku. Eigi kaupandi að sækja hlut á ákvörðunarstað telst afhending einnig hafa farið fram þegar sá tími er kominn að kaupanda var skylt að sækja hlutinn þangað.

8. gr.

Viðbótarskyldur við sendingarkaup.

1. Ef seljandi á að sjá um að senda hlut er honum skylt að gera þá samninga sem nauðsynlegir eru til þess að hann verði fluttur á ákvörðunarstað með viðeigandi hætti og samkvæmt venjulegum skilmálum um slíka flutninga.

2. Ef seljandi á ekki að kaupa tryggingar vegna flutnings hlutarins verður hann, ef kaupandinn æskir þess, að gefa þær upplýsingar sem kaupandanum eru nauðsynlegar til þess að hann geti keypt sér slíka tryggingu.

3. Ef seljandi afhendir flutningsmanni hlut án þess að greinilega komi fram með auðkenningu, í flutningsskjali eða á annan skýran hátt, að hluturinn eigi að fara til kaupanda verður seljandi að tilkynna kaupanda greinilega hvar hann eigi að veita hlutnum viðtöku.

9. gr.

Afhendingartími.

1. Ef hlut á ekki að afhenda samkvæmt kröfu eða án tafar og afhendingartímann leiðir ekki heldur með öðrum hætti af samningi skal afhenda hlutinn innan sanngjarns tíma frá því að kaup voru gerð.

2. Ef samið hefur verið um svigrúm varðandi afhendingartíma á seljandinn rétt á að velja hann, nema atvik sýni að kaupandi eigi að velja hann.

3. Ef seljanda í reiðukaupum er rétt að velja afhendingartíma skal hann tilkynna kaupanda með nægum fyrirvara hvenær sækja megi hlutinn.

10. gr.

Heimild seljanda til að halda eigin greiðslu.

1. Ef seljandi hefur ekki veitt lán eða greiðslufrest er hann ekki skyldur til að afhenda hlutinn, framselja skjöl eða á annan hátt að yfirfæra ráðstöfunarrétt yfir hlutnum, nema því aðeins að kaupverðið sé samtímis greitt.

2. Ef seljandi á að senda hlut til annars staðar getur hann ekki látið það hjá líða, en hann getur komið í veg fyrir að kaupandinn fái umráðin þar til kaupverðið er greitt.

11. gr.

Útgjöld.

1. Seljandi greiðir útgjöld vegna söluhlutar þar til hann hefur verið afhentur. Ákvæði þetta gildir ekki um útgjöld sem stafa af því að afhendingu seinkar vegna atvika sem varða kaupanda.

2. Þegar um neytendakaup er að ræða og söluhlut skal senda til kaupanda má, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., semja um það að kaupandi greiði til viðbótar kaupverðinu útgjöld vegna sendingarinnar.

III. KAFLI
Áhættan af söluhlut.

12. gr.
Um það hvað í áhættu felst.

Þegar áhættan af söluhlut hefur flust yfir til kaupanda fellur skylda hans til þess að greiða kaupverðið ekki niður þótt hluturinn eftir það farist, skemmist eða rýrni ef um er að ræða atvik sem ekki verða rakin til seljanda.

13. gr.
Áhættuflutningur.

1. Áhættan flyst yfir til kaupanda þegar söluhlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði samnings eða í samræmi við ákvæði 6. eða 7. gr.

2. Ef hlutar er ekki vitjað eða honum veitt viðtaka á réttum tíma og það má rekja til kaupanda eða atvika sem hann varða flyst áhættan yfir á kaupandann þegar hlutur er honum til ráðstöfunar og vanefnd verður af hans hálfu við það að veita hlutnum ekki viðtöku. Í neytendakaupum ber kaupandi þó ekki áhættuna af tilviljunarkenndum atburði sem verður meðan hluturinn er hjá seljanda, enda sé ekki unnt að rekja atburðinn til eiginleika hlutarins sjálfs.

3. Ef kaupandi á að vitja söluhlutar annars staðar en hjá seljanda flyst áhættan yfir til kaupanda þegar afhendingartíminn er kominn og kaupanda er kunnugt um að hluturinn er honum heimill til ráðstöfunar á afhendingarstaðnum.

14. gr.
Auðkenning söluhlutar.

Áhættan flyst ekki yfir til kaupanda fyrr en söluhlutur hefur verið auðkenndur honum með merkingu á flutningsskjölum eða það hefur á annan hátt verið gert ljóst að hlutur er ætlaður honum.

15. gr.
Söluhlutur í flutningi.

1. Ef kaup eru gerð um söluhlut sem er í flutningi flyst áhættan yfir til kaupanda við lok samningsgerðar, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi tekið á sig áhættuna þegar frá þeirri stundu er hlutur var afhentur flutningsmanni þeim sem gaf út flutningsskjalið. Seljandi ber þó ávallt áhættuna af tjóni sem hann vissi eða mátti vita um við kaupin en upplýsti kaupanda ekki um.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki í neytendakaupum.

16. gr.
Skil hlutar sem keyptur er með skilarétti.

Ef söluhlutur hefur verið keyptur eða afhentur til reynslu eða á annan hátt með rétti til að skila honum aftur ber kaupandi áhættuna samkvæmt ákvæðum þessa kafla þar til seljandinn hefur aftur veitt hlutnum viðtöku. Þetta gildir þó ekki þegar kaupandinn hefur rétt til að skila söluhlut samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu.

IV. KAFLI
Eiginleikar söluhlutar, gallar o.fl.

17. gr.
Eiginleikar söluhlutar.

1. Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

2. Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.

3. Í neytendakaupum skal söluhlutur einnig vera í samræmi við þær kröfur opinbers réttar sem gerðar eru í lögum eða opinberum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga á þeim tíma sem kaup eru gerð. Þetta gildir þó ekki ef aðstæður sýna að kaupandi byggði ekki á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafði ekki sanngjarna ástæðu til þess.

4. Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1.–3. mgr.

18. gr.
Upplýsingar um eiginleika eða notkun.

1. Reglurnar um galla gilda einnig þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin.

2. Regla 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila. Í öðrum kaupum en neytendakaupum gildir þetta þó ekki ef seljandi hvorki vissi né mátti vita að upplýsingarnar voru gefnar.

3. Reglur 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar upplýsingarnar eru leiðréttar á skýran og skilmerkilegan hátt og með nægum fyrirvara.

19. gr.
Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

1. Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkum almennum fyrirvara er um galla að ræða þegar:

a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

2. Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

20. gr.

Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.

1. Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

2. Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

3. Reglur 2. mgr. gilda einnig hafi kaupandi fyrir kaup rannsakað sýnishorn af hlutnum eða látið það hjá líða án gildrar ástæðu og gallinn varðar eiginleika sem sjá mátti á sýnishorninu.

21. gr.

Tímamark galla.

1. Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til kaupanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar.

2. Seljandi ber einnig ábyrgð á galla sem kemur fram síðar ef ástæðu gallans má rekja til vanefnda af hans hálfu. Sama á við þegar seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti ábyrgst að hluturinn hefði tiltekna eiginleika eða að hlut mætti nota með venjulegum eða sérstökum hætti tiltekinn tíma eftir afhendingu.

V. KAFLI
Úrræði kaupanda vegna vanefnda seljanda. Greiðsludráttur.

22. gr.

Almenn ákvæði.

1. Ef hlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint og ekki er kaupanda um að kenna eða atvikum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 23.–29. gr. krafist efnda, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir kaupverðinu skv. 42. gr. Réttur kaupanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann setji fram aðrar kröfur eða ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

2. Ef seljandi fullnægir að öðru leyti ekki nógu snemma skyldum sínum samkvæmt samningnum gilda ákvæðin um greiðsludrátt, eftir því sem við getur átt, þó ekki ákvæði 2. og 3. mgr. 25. gr. Um annað má semja, einnig í neytendakaupum.

23. gr.

Réttur til efnda.

1. Kaupandi getur haldið fast við kaup og krafist efnda. Þetta gildir ekki ef um er að ræða hindrun sem seljandi ræður ekki við og heldur ekki ef efndir hefðu í för með sér slíkt óhagræði eða kostnað fyrir seljanda að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda af efndum.

2. Ef úr vandkvæðum greiðist innan hæfilegs tíma getur kaupandi krafist efnda. Það er þó skilyrði að efndir verði ekki, miðað við þann tíma sem liðinn er, mun örðugri eða leiði til annars eðlis en þess sem seljandi gat vænst eða að öðru leyti sé ósanngjarnt að krefjst efnda.

3. Kaupandi glatar rétti sínum til efnda ef hann dregur óhæfilega lengi að krefjast þeirra.

24. gr.

Fyrirspurnir.

Nú beinir seljandi fyrirspurn til kaupanda um það hvort hann vilji veita hlut viðtöku þrátt fyrir seinkun eða hann tilkynnir kaupanda að hann muni afhenda hið selda innan tiltekins tíma, en kaupandi svarar ekki innan hæfilegs tíma frá því að hann fékk tilkynninguna. Getur kaupandi þá ekki rift kaupunum ef efndir verða innan þess tíma sem nefndur var.

25. gr.

Riftun.

1. Kaupandi getur rift kaupum þegar greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir.

2. Einnig er unnt að rifta kaupum ef seljandi afhendir ekki söluhlut og efndir dragast fram yfir sanngjarnan viðbótarfrest sem kaupandi hefur sett.

3. Meðan viðbótarfrestur er að líða getur kaupandi ekki rift kaupum, nema því aðeins að seljandinn hafi lýst því yfir að ekki verði af efndum á þeim tíma.

26. gr.

Riftun pöntunarkaupa.

Ef kaup varða hlut sem er útbúinn sérstaklega fyrir kaupanda samkvæmt fyrirmælum hans eða óskum, og geti seljandi af þeim sökum ekki ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns, getur kaupandi því aðeins rift kaupunum að greiðsludráttur leiði til þess að tilgangur hans með kaupunum raskist verulega. Ákvæði þetta gildir ekki um alþjóðleg kaup.

27. gr.

Skaðabætur.

1. Kaupandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda. Þetta gildir þó ekki ef seljandi sýnir fram á að greiðsludráttur hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við eða ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði haft hindrunina í huga við samningsgerð eða getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar.

2. Ef greiðsludrátt má rekja til þriðja manns sem seljandi hefur falið að efna kaupin að nokkru leyti eða öllu er seljandi því aðeins laus undan ábyrgð að þriðji maður væri það einnig samkvæmt reglu 1. mgr. Sama gildir ef greiðsludrátt má rekja til afhendingaraðila sem seljandi hefur notað eða til einhvers annars á fyrra sölustigi.

3. Lausn undan ábyrgð er til staðar meðan hindrun er fyrir hendi. Falli hún brott er unnt að koma fram ábyrgð, enda sé seljanda þá skylt að efna kaupin, en hann láti það hjá líða.

4. Reglur í 1.–3. mgr. eiga ekki við um sams konar óbeint tjón og nefnt er í 2. mgr. 67. gr. Í alþjóðlegum kaupum ná reglurnar þó einnig til óbeins tjóns, nema annað leiði af 3. mgr. 70. gr.

5. Kaupandi getur ávallt krafist skaðabóta ef greiðsludrátt eða tjón má rekja til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda.

28. gr.

Upplýsingaskylda um hindrun.

Ef hindrun kemur í veg fyrir að seljandi geti efnt kaupin á réttum tíma skal hann tilkynna kaupanda um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til að efna kaupin. Fái kaupandi ekki slíka tilkynningu innan hæfilegs tíma frá því að seljandi fékk eða gat fengið vitneskju

um hindrunina getur kaupandi krafist þess að það tjón sé bætt sem unnt hefði verið að komast hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna með nægum fyrirvara.

29. gr.

Riftunarfrestur.

Ef hlutur er afhentur of seint getur kaupandi ekki rift kaupum, nema hann tilkynni það seljanda innan sanngjarns tíma frá því að hann fékk vitneskju um afhendinguna.

Gallar.

30. gr.

Almenn ákvæði.

1. Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.–40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr. Réttur kaupanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

2. Reglurnar um galla gilda einnig um aðra ágalla á efndum seljanda, eftir því sem við á. Unnt er að semja um annað, og gildir það einnig í neytendakaupum.

31. gr.

Rannsókn kaupanda eftir afhendingu.

1. Eftir afhendingu skal kaupandi, jafnskjótt og sanngjarnt tækifæri gefst, rannsaka söluhlut á þann hátt sem góð venja stendur til.

2. Ef flytja á hlut frá afhendingarstað getur kaupandi beðið með rannsókn þar til hluturinn er kominn á ákvörðunarstað.

3. Breyti kaupandi ákvörðunarstað meðan hlutur er í flutningi eða sendi hlut áfram án þess að hafa haft sanngjarnt tækifæri til að rannsaka hann, og hafi seljandi við kaupin vitað eða mátt vita um möguleikann á slíkri breytingu eða framsendingu, má láta rannsókn bíða þar til hluturinn er kominn á hinn nýja ákvörðunarstað.

4. Grein þessi gildir ekki í neytendakaupum.

32. gr.

Tilkynning.

1. Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda innan hæfilegs tíma frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fólginn.

2. Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

3. Í neytendakaupum gildir frestsregla 2. mgr. með sama hætti. Ef söluhlut eða einstökum hlutum hans er við vanalega notkun ætlað að endast mun lengur er tilkynningarfrestur fimm ár. Í neytendakaupum er heimilt að tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

33. gr.

Undantekningar frá reglum um tilkynningar.

Þrátt fyrir ákvæði 31. og 32. gr. getur kaupandi borið fyrir sig galla ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

34. gr.

Krafa um úrbætur og nýja afhendingu.

1. Kaupandi getur krafist þess að seljandi bæti úr galla á eigin reikning ef það verður gert án þess að valda seljanda ósanngjörnum kostnaði eða óhagræði. Seljandi getur þess í stað afhent nýja greiðslu í samræmi við ákvæði 36. gr.

2. Kaupandi getur krafist nýrrar afhendingar ef galli er verulegur. Þetta á ekki við ef fyrir hendi er hindrun eða sams konar ósamræmi og um ræðir í 23. gr. Þá er ekki heldur unnt að krefjast nýrrar afhendingar þegar um er að ræða hlut sem var til staðar við kaup og er þannig miðað við væntingar aðila að ekki er unnt að krefjast þess með sanngirni að hann verði bættur með öðrum hlut.

3. Ef seljandi fullnægir ekki þeirri skyldu sinni að bæta úr galla eða afhenda nýjan hlut getur kaupandi krafist skaðabóta fyrir eðlileg útgjöld við að fá bætt úr galla.

35. gr.

Tilkynning um kröfu um úrbætur og nýja afhendingu.

1. Kaupandi glatar rétti sínum til þess að krefjast úrbóta eða nýrrar afhendingar ef hann tilkynnir ekki seljanda um þá kröfu sína samtímis tilkynningu skv. 32. gr. eða innan sanngjarns frests frá þeim tíma. Kaupandi heldur þó rétti sínum ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans stríðir á annan hátt gegn heiðarleika og góðri trú.

2. Í neytendakaupum má tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

36. gr.

Réttur seljanda til úrbóta og nýrrar afhendingar.

1. Þótt kaupandi krefjist þess ekki er seljanda heimilt að bæta á eigin kostnað úr galla eða afhenda annan hlut ef það er unnt án verulegs óhagræðis fyrir kaupanda og án þeirrar áhættu að kaupandi fái ekki bætt útgjöld sín hjá seljanda.

2. Nú spyr seljandi kaupanda hvort hann samþykki úrbætur eða nýja afhendingu eða seljandi skýrir kaupanda frá því að hann vilji bæta úr eða afhenda annan hlut innan tiltekins tíma. Ef kaupandi svarar ekki áður en hæfilegur tími er liðinn frá því að hann fékk slíka vitneskju getur seljandi gert nauðsynlegar ráðstafanir innan þess tíma sem nefndur var.

3. Seljandi getur ekki borið fyrir sig að hann hafi ekki fengið tækifæri til úrbóta eða nýrrar afhendingar þegar kaupandinn hefur séð um að bæta úr gallanum og það yrði talið ósanngjarnt, miðað við aðstæður, að krefjast þess af kaupanda að hann biði eftir úrbótum seljanda eða nýrri afhendingu.

37. gr.

Afsláttur eða riftun þegar ekki verður af úrbótum eða nýrri afhendingu.

1. Ef úrbætur eða ný afhending koma ekki til álita eða ekki verður af þeim innan hæfilegs tíma frá því að kaupandi kvartaði yfir galla getur hann krafist afsláttar af kaupverði eða rift

kaupunum samkvæmt ákvæðum 38. eða 39. gr. Þetta gildir ekki ef kaupandi hafnar úrbótum sem hann er skyldur til að þiggja.

2. Kaupandi getur ekki krafist afsláttar þegar um er að ræða kaup á notuðum hlutum á uppboði.

38. gr.

Afsláttur af kaupverði.

Ef hlutur er gallaður getur kaupandi krafist afsláttar af kaupverði. Skal afslátturinn reiknaður þannig að hlutfallið milli hins lækkaða verðs og samningsverðsins svari til hlutfallsins milli verðgildis hlutarins í gölluðu og umsömdu ástandi á afhendingartíma.

39. gr.

Riftun.

1. Kaupandi getur rift kaupum ef meta má galla til verulegra vanefnda.

2. Kaupandi getur ekki rift kaupum, nema hann tilkynni seljanda um riftun innan hæfilegs tíma frá því að hann fékk eða hefði átt að fá vitneskju um gallann eða eftir að frestur sá er útrunninn sem leitt getur af kröfu eða tilkynningu samkvæmt ákvæðum 34. eða 36. gr. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans stríðir að öðru leyti gegn heiðarleika og góðri trú.

40. gr.

Skaðabætur.

1. Kaupandi getur krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut, nema seljandinn sanni að þá megi rekja til hindrana þeirra sem nefndar eru í 27. gr. Reglur 27. og 28. gr. eiga hér við.

2. Reglur 1. mgr. eiga ekki við um sams konar óbeint tjón og nefnt er í 2. mgr. 67. gr. Í alþjóðlegum kaupum eiga reglurnar þó einnig við um óbeint tjón, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr. 70. gr.

3. Kaupandi getur ávallt krafist skaðabóta ef

a. gallann eða tjónið má rekja til mistaka eða vanrækslu seljanda eða
b. hlutur var ekki þegar við samningsgerð í samræmi við það sem heitið var af seljanda.

Vanheimild o.fl.

41. gr.

Vanheimild. Aðrar kröfur þriðja manns.

1. Ef þriðji maður á eignarrétt, veðrétt eða annan rétt yfir söluhlut (vanheimild) gilda reglurnar um galla eftir því sem við á, nema leiða megi af samningi að kaupandi hafi átt að taka við hlutnum með þeim takmörkunum sem leiðir af rétti þriðja manns. Reglan um tveggja ára tilkynningarfrest skv. 2. mgr. 32. gr. gildir þó ekki.

2. Kaupandi getur í öllum tilvikum krafist skaðabóta fyrir tjón af völdum vanheimildar sem var til staðar við kaupin, enda hafi hann hvorki vitað né mátt vita um vanheimildina.

3. Ef þriðji maður gerir tilkall til réttar yfir söluhlut og kröfu hans er andmælt gilda ákvæði 1. og 2. mgr. eftir því sem við á, nema augljóst sé að krafa þriðja manns eigi ekki við nein rök að styðjast.

4. Reglur 1. mgr. gilda eftir því sem við á þegar krafa þriðja manns byggist á hugverka- eða auðkennarétti hans, sbr. ákvæði 96. gr. Um annað má semja, einnig í neytendakaupum.

Önnur ákvæði.

42. gr.

Réttur kaupanda til að halda kaupverði.

Ef kaupandi á kröfu á hendur seljanda vegna vanefnda hins síðarnefnda getur kaupandinn haldið eftir þeim hluta kaupverðsins sem nægir til þess að tryggja kröfu hans.

43. gr.

Vanefndir að því er varðar hluta hins selda.

1. Ef vanefndir seljanda varða einvörðungu hluta hins selda eiga reglur þessa kafla við að því er þann hluta varðar. Kaupandi getur rift kaupunum með öllu ef vanefndir eru verulegar á samningnum í heild sinni.

2. Ef ráða má af atvikum að seljandi hafi lokið afhendingu af sinni hálfu, þótt umsamið magn hafi ekki allt verið afhent, eiga reglurnar um galla við.

44. gr.

Afhending í áföngum.

1. Ef seljandi á að afhenda hið selda í áföngum og vanefndir verða á tiltekinni afhendingu getur kaupandi rift kaupum að því er hana varðar samkvæmt reglunum um riftun.

2. Ef vanefndir veita kaupanda réttmæta ástæðu til að ætla að vanefndir verði á afhendingum síðar þannig að riftunarréttur skapist getur kaupandi á þeim grundvelli einnig rift að því er síðari afhendingar varðar ef það gerist áður en sanngjarn frestur er liðinn.

3. Ef kaupandi riftir kaupum að því er eina afhendingu varðar getur hann samtímis rift kaupunum varðandi fyrri eða síðari afhendingar ef slíkt samhengi er milli þeirra að þær nýtist ekki í þeim tilgangi sem gert var ráð fyrir við samningsgerðina.

VI. KAFLI.

Skyldur kaupanda.

Fjárhæð kaupverðs.

45. gr.

1. Ef kaup eru gerð án þess að kaupverðið leiði af samningi skal kaupandi greiða fyrir söluhlut það gangverð sem er á sams konar hlutum, seldum við svipaðar aðstæður, við samningsgerðina, enda sé verðið ekki ósanngjarnt. Ef ekki er um neitt slíkt gangverð að ræða skal kaupandi greiða það verð sem sanngjarnt er miðað við eðli hlutar, gæði hans og atvik að öðru leyti.

2. Í neytendakaupum getur seljandi ekki til viðbótar kaupverðinu krafist þóknunar fyrir að gefa út og senda reikning. Þetta gildir ekki þegar augljóst er að kaupverðið er staðgreiðsluverð en seljandi hefur eigi að síður veitt greiðslufrest.

46. gr.

1. Ef kaupverðið á að ráðast af fjölda, máli eða þyngd skal við þetta miðað á þeim tíma þegar áhættan af söluhlutnum flyst frá seljanda til kaupanda.

2. Þegar kaupverðið er ákveðið eftir þyngd skal fyrst draga frá þyngd umbúða.

47. gr.

Ef kaupandi hefur fengið reikning eða orðsendingu er hann bundinn við það verð sem þar kemur fram ef hann segir ekki til um það innan sanngjarns tíma að hann samþykki verðið ekki. Þetta á ekki við þegar lægra verð leiðir af samningi eða uppsett verð er ósanngjarnt.

Greiðsla kaupverðsins.

48. gr.

1. Kaupverðið skal greiða á atvinnustöð seljanda. Ef greiðsla á að fara fram gegn afhendingu söluhlutar eða skjals skal greiðslan innt af hendi á afhendingarstaðnum.

2. Í skyldu til þess að greiða kaupverðið felst einnig skylda til þess, í samræmi við ákvæði samningsins, að samþykkja víxil, leggja fram bankatryggingu, bankaábyrgð eða aðra tryggingu og gera aðrar þær ráðstafanir sem greiðsla kaupverðsins er komin undir.

3. Seljandinn ber ábyrgð á auknum kostnaði við greiðslu sem stafar af því að hann hefur flutt atvinnustöð sína eftir að kaupin voru gerð.

49. gr.

1. Leiði greiðslutíma ekki af kaupsamningnum skal kaupandinn greiða kaupverðið þegar seljandinn krefst þess, en þó ekki fyrr en hluturinn er afhentur kaupanda eða stendur honum til ráðstöfunar í samræmi við samninginn og lög þessi.

2. Áður en kaupandinn greiðir kaupverðið á hann þó rétt á að rannsaka hlutinn á venjulegan hátt ef það er ekki ósamrýmanlegt umsaminni aðferð við afhendingu og greiðslu kaupverðsins.

3. Nú er farmbréf notað við flutning söluhlutar til ákvörðunarstaðarins eða flutningurinn fer að öðru leyti fram með þeim skilmálum að seljandinn getur ekki ekki ráðið yfir hlutnum eftir greiðslu. Má þá krefjast greiðslu gegn afhendingu flutningsskjals, farmbréfs eða annarrar sönnunar fyrir því að hluturinn verði fluttur með slíkum skilmálum. Þetta gildir þótt hluturinn sé ekki kominn fram eða kaupandinn hafi ekki haft tækifæri til að rannsaka hann.

Atbeini kaupanda að efndum kaupa.

50. gr.

Kaupanda er skylt

a. að stuðla fyrir sitt leyti að því, eftir því sem sanngjarnt er að ætlast til af honum, að seljandi geti efnt skyldur sínar og
b. taka við hlutnum með því að sækja hann eða veita honum viðtöku.

VII. KAFLI

Úrræði seljanda vegna vanefnda af hálfu kaupanda.

51. gr.

Almenn ákvæði.

1. Ef kaupandi greiðir ekki kaupverðið eða fullnægir ekki öðrum skyldum sínum samkvæmt samningnum eða lögum þessum, og það verður hvorki rakið til seljanda né atvika sem hann varða, getur seljandinn krafist efnda, riftunar og skaðabóta í samræmi við ákvæði þessa kafla. Hann getur einnig haldið eftir greiðslum skv. 10. gr. og krafist vaxta skv. 71. gr.

2. Sinni kaupandi ekki þeirri skyldu sinni að veita söluhlut viðtöku, og það verður hvorki rakið til seljanda né atvika sem hann varða, gilda ákvæði 55. gr., 2. mgr. 57. gr. og 58. gr.

3. Réttur seljanda til skaðabóta og vaxta fellur ekki brott þótt hann neyti annarra úrræða eða við það að slík úrræði verði ekki höfð uppi.

52. gr.

Réttur til efnda með því að krefjast greiðslu.
Afpöntun.

1. Seljandi getur haldið fast við kaupin og krafið kaupanda um greiðslu kaupverðsins. Þetta gildir þó ekki á meðan ekki er unnt að greiða vegna stöðvunar samgangna eða greiðslumiðlunar eða vegna annarra atvika sem kaupandi getur hvorki stjórnað né yfirunnið.

2. Nú afpantar kaupandi hlut sem skal sérstaklega útbúinn fyrir hann. Getur seljandi þá ekki haldið fast við kaupin með því að halda gerð hlutarins áfram eða gert aðrar ráðstafanir til afhendingar ásamt því að krefjast greiðslu, nema því aðeins að stöðvun hafi í för með sér verulegt óhagræði fyrir hann eða hættu á því að hann fái ekki bætt það tjón sem afpöntun hefur í för með sér. Ef seljandi getur ekki haldið fast við kaupin skal ákveða skaðabætur fyrir það tjón, sem afpöntunin veldur, samkvæmt reglum X. kafla.

3. Ef hlutur hefur ekki verið afhentur glatar seljandi rétti sínum til þess að krefjast efnda ef hann bíður óhæfilega lengi með að setja slíka kröfu fram.

53. gr.

Krafa um að kaupandi stuðli að efndum.

Um rétt seljanda til að krefjast efnda á þeirri skyldu kaupanda að hann stuðli að efndum gilda ákvæði 23. gr. eftir því sem við á.

54. gr.

Riftun þegar kaupandi greiðir ekki.

1. Seljandi getur rift kaupum vegna dráttar á greiðslu kaupverðsins þegar um verulegar vanefndir af hálfu kaupanda er að ræða.

2. Einnig er unnt að rifta kaupum þegar kaupandi greiðir ekki kaupverðið innan sanngjarns viðbótarfrests sem seljandi hefur sett til efndanna.

3. Seljandi getur ekki rift kaupum meðan viðbótarfrestur er að líða, nema því aðeins að kaupandi hafi lýst því yfir að hann muni ekki efna kaupin á þeim tíma.

4. Ef kaupandi hefur þegar veitt söluhlut viðtöku getur seljandi því aðeins rift kaupunum að hann hafi gert um það fyrirvara eða kaupandi hafnar hlutnum. Í alþjóðlegum kaupum er þó unnt að rifta kaupum án slíks fyrirvara ef riftun hefur ekki áhrif á þann rétt sem þriðji maður, þ.m.t. bú kaupanda, hefur yfir hlutnum.

55. gr.

Riftun þegar kaupandi stuðlar ekki að kaupum.

1. Seljandi getur rift kaupum ef kaupandi stuðlar ekki að þeim og vanefndir hans eru verulegar. Seljandi getur með sömu skilyrðum rift kaupunum þegar kaupandi veitir hlut ekki viðtöku skv. b-lið 50. gr. og seljandi hefur sérstaka hagsmuni af því að losna við hlutinn.

2. Einnig er unnt að rifta kaupunum þegar kaupandinn innan sanngjarns viðbótarfrests, sem seljandinn hefur sett honum til efnda,

a. stuðlar ekki að kaupum eða
b. veitir ekki söluhlut viðtöku þegar seljandi hefur sérstaka hagsmuni af því að losna við hlutinn.

3. Meðan viðbótarfrestur er að líða getur seljandi ekki rift kaupum, nema því aðeins að kaupandi hafi lýst því yfir að hann muni ekki efna kaupin á þeim tíma.

56. gr.

Afhending í áföngum.

1. Ef seljandi á að afhenda í áföngum og kaupandi að greiða eða stuðla að efndum varðandi hverja afhendingu og vanefndir verða af kaupanda hálfu á tiltekinni afhendingu getur seljandi rift að því er hana varðar samkvæmt reglum 54. og 55. gr.

2. Ef vanefndir veita seljanda réttmæta ástæðu til að ætla að slíkar vanefndir verði á síðari afhendingum að riftunarréttur skapist getur seljandi á þeim grundvelli einnig rift kaupum að því er þær afhendingar varðar ef það gerist áður en sanngjarn frestur er liðinn.

57. gr.

Skaðabætur.

1. Seljandi getur krafist skaðabóta fyrir tjón af völdum greiðsludráttar kaupanda. Þetta á þó ekki við meðan kaupandi sýnir fram á að greiðsludráttur stafi af stöðvun almennra samgangna eða greiðslumiðlunar eða annarri hindrun sem kaupandi hefur ekki stjórn á og ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að hann hafi getað haft í huga við samningsgerðina, komist hjá afleiðingunum af eða yfirunnið. Reglur 2. og 3. mgr. 27. gr. gilda eftir því sem við á.

2. Seljandi getur krafist skaðabóta samkvæmt reglum 27. gr. fyrir það tjón sem hann bíður og stafar af því

a. að kaupandi stuðlar ekki að efndum á kaupunum eða
b. kaupandi veitir hlut ekki nógu snemma viðtöku skv. b-lið 50. gr. og seljandi hefur af því sérstaka hagsmuni að losna við hlutinn.

58. gr.

Upplýsingaskylda um hindrun.

Ef hindrun tálmar því að kaupandi geti efnt kaupin á réttum tíma skal hann tilkynna seljanda um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til efnda. Fái seljandi ekki slíka tilkynningu innan sanngjarns tíma frá því að kaupandinn vissi eða mátti vita um hindrunina getur seljandi krafist bóta fyrir það tjón sem hann hefði getað komist hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna í tíma.

59. gr.

Riftunarfrestur seljanda.

Ef kaupverðið hefur verið greitt getur seljandi ekki rift kaupunum, nema hann hafi tilkynnt kaupanda um það

a. þegar um drátt á efndum af hálfu kaupanda er að ræða áður en seljandi fékk að vita um efndir kaupanda eða
b. þegar um aðrar vanefndir er að ræða innan hæfilegs tíma frá því að hann vissi eða mátti vita um vanefndir eða eftir að hæfilegur viðbótarfrestur skv. 2. mgr. 55. gr. er liðinn.

60. gr.

Ákvörðun um einkenni hlutar.

1. Nú á kaupandi að ákveða lögun hlutar, mál eða aðra eiginleika hans og gerir það ekki á umsömdum tíma eða innan hæfilegs tíma frá því að hann fékk um það hvatningu frá seljanda. Getur seljandi þá sjálfur ákveðið þessi einkenni í samræmi við það sem hann má ætla að séu hagsmunir kaupanda. Þetta kemur ekki í veg fyrir að seljandi geti haldið fram öðrum kröfum sem hann á.

2. Seljandi skal upplýsa kaupanda um þau einkenni sem hann ákveður skv. 1. mgr. og veita kaupanda hæfilegan frest til að gera á þeim breytingar. Geri kaupandi það ekki innan hæfilegs tíma, eftir að hafa fengið tilkynningu frá seljanda, verður ákvörðun seljanda um einkennin bindandi.

VIII. KAFLI
Sameiginlegar reglur um fyrirsjáanlegar vanefndir, greiðsluþrot o.fl.

61. gr.
Stöðvun greiðslu vegna fyrirsjáanlegra vanefnda o.fl.

1. Ef í ljós kemur eftir kaup vegna framferðis samningsaðila eða vegna alvarlegs brests á greiðslugetu hans eða möguleikum til efnda að hann muni ekki efna verulegan hluta af skyldum sínum getur gagnaðili stöðvað efndir af sinni hálfu og haldið eftir sinni greiðslu.

2. Ef seljandi hefur þegar sent hlutinn og í ljós koma þau atriði varðandi kaupanda sem um getur í 1. mgr. getur seljandi varnað því að söluhlutur verði afhentur kaupanda eða búi hans. Þetta á við þótt kaupandi eða bú hans hafi veitt flutningsskjölum viðtöku.

3. Sá aðili, sem stöðvar efndir eða varnar því að hlutur sé afhentur, skal strax tilkynna gagnaðila sínum það. Farist það fyrir getur gagnaðili krafist skaðabóta fyrir það tjón sem unnt hefði verið að komast hjá ef tilkynning hefði verið send.

4. Samningsaðili, sem hefur stöðvað efndir eða varnað því að hlutur yrði afhentur, verður að halda efndum áfram ef gagnaðili setur fullnægjandi tryggingar fyrir efndum af sinni hálfu.

62. gr.
Riftun vegna fyrirsjáanlegra vanefnda.

1. Ef ljóst er fyrir efndatíma að koma muni til vanefnda sem veita aðila rétt til riftunar getur hann rift kaupunum áður en efndatíminn er kominn. Varna má riftun ef gagnaðili setur strax fullnægjandi tryggingar af sinni hálfu fyrir því að staðið muni verða við kaupin.

2. Ef tími vinnst til skal sá aðili, sem rifta vill kaupum, vara gagnaðila sinn við þannig að honum gefist færi á að verða sér úti um tryggingar til að varna riftuninni.

63. gr.
Gjaldþrot.

Um rétt til að ganga inn í kaup, halda eftir greiðslu eða rifta kaupum vegna gjaldþrots samningsaðila fer eftir lögum um gjaldþrotaskipti.

IX. KAFLI
Sameiginlegar reglur um riftun eða nýja afhendingu.

64. gr.
Réttaráhrif.

1. Þegar kaupum er rift falla skyldur aðila til að efna þau niður.

2. Hafi kaup verið efnd að fullu eða að hluta af hálfu samningsaðila má krefjast skila á því sem móttekið hefur verið. Aðili getur þó haldið því sem hann hefur móttekið þar til gagnaðili skilar því sem hann hefur tekið við. Sama á við þegar aðili á rétt til skaðabóta eða vaxta og fullnægjandi trygging er ekki sett.

3. Ef seljandinn á að afhenda á ný getur kaupandi haldið hjá sér því sem hann hefur móttekið þar til afhending hefur átt sér stað að nýju.

4. Riftun hefur engin áhrif á samningsákvæði um atvinnuleyndarmál, um lausn ágreiningsefna eða um réttindi og skyldur aðila sem leiðir af riftuninni.

65. gr.
Afrakstur og vextir þegar greiðslum er skilað.

1. Þegar kaupum er rift skal kaupandi færa seljanda þann afrakstur til tekna sem hann hefur haft af hlutnum og greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af honum.

2. Ef seljandi á að endurgreiða kaupverðið ber honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði 71. gr. frá þeim degi er hann tók við greiðslunni.

66. gr.
Missir réttar til riftunar og afhendingar á ný.

1. Kaupanda er því aðeins heimilt að rifta kaupum eða krefjast afhendingar á ný að hann geti skilað hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hluturinn var í þegar kaupandi veitti honum viðtöku. Kaupandi glatar þó ekki rétti sínum til þess að krefjast riftunar eða nýrrar afhendingar þegar

a. ástæður þess að ekki er unnt að skila hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni má rekja til eiginleika hans eða annarra aðstæðna sem ekki varða kaupandann;
b. hluturinn hefur í heild eða að hluta eyðilagst eða rýrnað og það má rekja til verknaðar sem gera varð til að ganga úr skugga um hvort hann væri gallaður; eða
c. hluturinn hefur verið seldur í heild eða að hluta í venjulegum viðskiptum eða hann hefur verið notaður eða honum breytt af kaupanda við fyrirhuguð not áður en kaupanda varð ljós eða mátti verða ljós galli sá sem leiðir til riftunar eða kröfu um afhendingu á ný.

2. Kaupandi glatar ekki heldur réttinum til riftunar eða nýrrar afhendingar ef hann við skilin bætir þá verðmætisrýrnun sem orðin er á hlutnum. Ákvæði þetta gildir ekki í alþjóðlegum kaupum.

X. KAFLI
Umfang skaðabóta. Vextir.
Umfang skaðabóta.

67. gr.
Almennar reglur.

1. Skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars samningsaðila skulu svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Þetta gildir þó einungis um það tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar.

2. Með óbeinu tjóni er átt við:

a. tjón sem rekja má til samdráttar eða stöðvunar í framleiðslu eða viðskiptum (rekstrarstöðvun);
b. tjón sem rekja má til þess að hlutur kemur ekki að þeim notum sem að var stefnt;
c. tjón sem rekja má til tapaðs hagnaðar, þegar samningur við þriðja mann fellur brott eða verður ekki réttilega efndur, en aðeins að því marki sem kaupandi lætur án sanngjarnrar ástæðu hjá líða að gera samning við annan aðila eða gera aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni sínu;

d. tjón sem rekja má til skemmda á öðru en söluhlutnum sjálfum, svo og hlutum sem hann er notaður til framleiðslu á eða standa í nánu og beinu sambandi við fyrirhuguð not hans.

3. Reglur 2. mgr. eiga ekki við um kostnað vegna:

a. venjulegra ráðstafana sem bæta eiga úr þegar söluhlut seinkar eða hann er gallaður eða
b. ráðstafana sem takmarka annað tjón en það sem 2. mgr. nær til.

4. Í neytendakaupum má um það semja að ekki skuli greiða skaðabætur fyrir óbeint tjón sem fellur undir 2. mgr.

68. gr.

Verðmunur við staðgönguráðstafanir.

Ef kaupum er rift og kaupandi kaupir af öðrum (staðgöngukaup) eða seljandi selur öðrum (staðgöngusala) með forsvaranlegum hætti og innan sanngjarns tíma frá riftun skal, þegar verðmunur er reiknaður út, leggja til grundvallar kaupverðið og verðið við staðgönguráðstöfunina.

69. gr.

Verðmunur þegar ekki er um staðgönguráðstafanir að ræða.

1. Ef kaupum er rift án þess að gerðar séu staðgönguráðstafanir þær sem um ræðir í 68. gr. og unnt er að staðreyna gangverð söluhlutar skal, þegar verðmunur er reiknaður út, leggja til grundvallar kaupverðið og gangverðið á riftunartímanum. Ef kaupum er rift eftir að söluhlut hefur verið veitt viðtaka skal í þess stað miða við gangverðið þegar afhendingin átti sér stað.

2. Gangverð er það verð sem er á sambærilegum hlutum á afhendingarstað. Þegar ekki er um gangverð að ræða á afhendingarstað skal miða við verðið á öðrum stað sem með sanngirni má jafna til afhendingarstaðarins, þó þannig að taka skal tillit til munar á flutningskostnaði.

70. gr.

Skylda til að takmarka tjón. Mildun ábyrgðar. Alþjóðleg kaup.

1. Samningsaðila, sem ber fyrir sig vanefndir af hálfu gagnaðila, er með sanngjörnum ráðstöfunum skylt að takmarka tjón sitt. Vanræki hann það ber hann sjálfur þann hluta tjónsins sem af því leiðir.

2. Skaðabætur má lækka ef þær teljast ósanngjarnar fyrir hinn bótaskylda þegar litið er til fjárhæðar tjónsins í samanburði við það fjártjón sem venjulega verður í sambærilegum tilvikum og atvika að öðru leyti.

3. Í alþjóðlegum kaupum ná skaðabætur eingöngu til þess tjóns sem samningsaðili gat með sanngirni búist við að leiða mundi af vanefndum hans í ljósi þeirra atvika sem hann þekkti eða mátti þekkja þegar samningur var gerður. Skaðabætur í slíkum kaupum verða ekki lækkaðar samkvæmt ákvæðum 2. mgr.

71. gr.

Vextir.

Ef kaupverðið eða önnur vangoldin fjárhæð er ekki greidd á réttum tíma ber skuldara að greiða vexti af fjárhæðinni í samræmi við ákvæði vaxtalaga.

XI. KAFLI
Umönnun söluhlutar.

72. gr.
Skylda seljanda til umönnunar.

Nú sækir kaupandi ekki söluhlut eða veitir honum ekki viðtöku á réttum tíma eða önnur atvik, sem kaupanda varða, leiða til þess að hann fær hlutinn ekki afhentan. Skal seljandi þá á kostnað kaupanda annast um hlutinn með þeim hætti sem sanngjarnt er miðað við aðstæður, enda hafi hann hlutinn í vörslum sínum eða geti með öðrum hætti annast hann.

73. gr.
Skylda kaupanda til umönnunar.

1. Hafni kaupandi söluhlut sem hann hefur veitt viðtöku skal hann á kostnað seljanda annast um hlutinn á þann hátt sem sanngjarn er miðað við aðstæður.

2. Hafni kaupandi söluhlut sem hefur verið sendur til hans honum til ráðstöfunar á ákvörðunarstað skal hann annast um hlutinn á kostnað seljanda, enda sé honum það kleift án þess að greiða kaupverðið eða baka sér með því ósanngjörn útgjöld eða óhagræði. Þetta á þó ekki við ef seljandi sjálfur eða einhver á hans vegum getur annast hlutinn á ákvörðunarstað.

74. gr.
Umönnun af hálfu þriðja manns.

Samningsaðili, sem annast skal um söluhlut, getur falið það þriðja manni á kostnað gagnaðila, enda sé ekki óhæfilegur kostnaður því samfara. Samningsaðili er laus undan ábyrgð sinni hafi vörslumaður verið valinn með forsvaranlegum hætti og veitt hlutnum viðtöku.

75. gr.
Skaðabætur og trygging fyrir kostnaði.

Samningsaðili, sem annast um söluhlut á kostnað gagnaðila, á rétt til endurgreiðslu hæfilegs kostnaðar sem af því hlýst. Hann getur haldið hlutnum hjá sér þar til kostnaðurinn hefur verið greiddur eða nægileg trygging sett.

76. gr.
Sala.

1. Samningsaðila, sem skylt er að annast um söluhlut, er heimilt að selja hlutinn ef hann getur ekki annast um hann án þess að baka sér verulegan kostnað. Sama gildir ef gagnaðili dregur óhæfilega lengi að taka við hlutnum eða greiða kaupverðið og geymslukostnað.

2. Ef hætt er við að hlutur rýrni fljótt eða eyðileggist eða kostnaður við geymslu hans verði óhæfilega mikill ber að selja hlutinn ef þess er nokkur kostur.

3. Standa skal að sölu með forsvaranlegum hætti. Ef kostur er skal gera gagnaðila viðvart um það með hæfilegum fyrirvara að hluturinn muni verða seldur.

77. gr.
Önnur ráðstöfun en sala.

Ef aðili hefur heimild til sölu samkvæmt ákvæðum 76. gr., en hluturinn selst ekki eða ljóst er að söluandvirðið nægir ekki fyrir sölukostnaði, er aðila heimilt að ráðstafa hlutnum með öðrum forsvaranlegum hætti. Vara skal gagnaðila við sé þess kostur.

78. gr.

Reikningsgerð og reikningsfærsla.

Samningsaðili, sem annast hefur um söluhlut, skal reikningsfæra gagnaðila fyrir því sem fékkst fyrir hlutinn við sölu eða með öðrum hætti og gera honum reikning fyrir kostnaði sínum. Það sem umfram er fellur til gagnaðila.

XII. KAFLI
Arður og annar afrakstur.

79. gr.

Afrakstur af söluhlut.

Afrakstur af söluhlut, sem verður til fyrir umsaminn afhendingartíma, fellur til seljanda, enda hafi ekki verið ástæða til að ætla að afraksturinn félli til síðar. Afrakstur, sem síðar verður til, fellur til kaupanda, enda hafi ekki verið ástæða til að ætla að hann félli til fyrr. Heimilt er að semja á annan veg, einnig í neytendakaupum.

80. gr.

Hlutir.

Kaup á hlutum ná til þess arðs sem ekki var gjaldfallinn fyrir kaupin. Sama gildir um réttinn til áskriftar að nýjum hlutum, enda hafi ekki verið unnt að nýta réttinn fyrir kaupin.

81. gr.

Krafa sem ber vexti.

Kaup á kröfu sem ber vexti ná til áfallinna vaxta sem ekki eru gjaldfallnir á umsömdum afhendingartíma. Greiða skal jafnvirði vaxtanna sem viðbót við kaupverðið, enda hafi krafan ekki verið seld sem óvís krafa.

XIII. KAFLI
Nokkur almenn ákvæði.

82. gr.

Áhættan af sendingu tilkynninga.

Nú sendir samningsaðili tilkynningu í samræmi við ákvæði laga þessara og á þann hátt sem forsvaranlegt er miðað við aðstæður. Komi annað ekki fram getur sendandinn byggt á því að tilkynningin hafi verið send nógu snemma þótt henni seinki, mistök verði við sendinguna eða hún nái ekki til gagnaðila.

83. gr.

Atvinnustöð.

1. Ef samningsaðili hefur fleiri en eina atvinnustöð og atvinnustöð hans skiptir máli skal miðað við þá atvinnustöð sem kaupunum er tengdust þegar litið er til þeirra atvika sem aðilar miðuðu við þegar kaup voru gerð.

2. Ef samningsaðili hefur ekki atvinnustöð sem tengist kaupunum skal miða við heimili hans.

XIV. KAFLI.

Krafa á hendur fyrri söluaðila.

84. gr.

Skilyrði kröfu á hendur fyrri söluaðila.

1. Í öðrum kaupum en neytendakaupum getur kaupandi, ef annað leiðir ekki af samningi, gert kröfu vegna galla á söluhlut á hendur fyrri söluaðila ef seljandi getur gert sams konar kröfu vegna gallans.

2. Í neytendakaupum getur kaupandi í öllum tilvikum borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila, sem hefur atvinnu sína af sölunni, ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur hlutinn frá fyrri söluaðila. Sama regla gildir í kaupum milli neytenda.

3. Samningi við fyrri sölu, sem takmarkar rétt seljanda eða annars framsalshafa, verður ekki beitt gegn kröfu kaupanda í neytendakaupum skv. 2. mgr. í víðtækara mæli en unnt hefði verið að semja um í skiptum neytandans og seljandans.

85. gr.

Tilkynning.

1. Kaupandi skal setja kröfu sína á hendur fyrri söluaðila fram innan hæfilegs tíma frá því að honum varð kunnugt um eða mátti vera kunnugt um gallann. Í síðasta lagi skal hann setja kröfu sína fram áður en liðnir eru þeir tilkynningarfrestir sem gilda í samskiptum seljanda og fyrri söluaðila.

2. Um kröfu á hendur fyrri söluaðila skv. 2. mgr. 84. gr. gilda reglur 32. gr. um tilkynningar. Ef notaður hlutur hefur einnig áður verið seldur neytanda reiknast frestur skv. 2. mgr. 32. gr. gagnvart sérhverjum söluaðila frá þeim degi er næsti neytandi á undan veitti hlutnum viðtöku.

3. Kaupandi skal svo fljótt sem tilefni gefst tilkynna fyrri söluaðila hvers hann krefst.

86. gr.

Ábyrgð á upplýsingum skv. 18. gr.

Þegar sá er hlut hefur búið til eða annar fyrri söluaðili hefur gefið upplýsingar þær sem nefndar eru í 2. mgr. 18. gr. ber hann ábyrgð á því tjóni sem kaupandinn verður fyrir vegna upplýsinganna, eftir atvikum óskipt með seljanda. Reglur 40. gr. eiga við með sama hætti.

XV. KAFLI

Sérreglur um alþjóðleg kaup.

87. gr.

Alþjóðleg kaup.

Með alþjóðlegum kaupum er í lögum þessum átt við kaup milli aðila sem hafa atvinnustöð sína í mismunandi ríkjum, enda komi þetta fram í samningi, leiði af fyrri viðskiptum aðila eða megi ráða af upplýsingum sem þeir hafa veitt áður eða á þeim tíma er kaup voru gerð.

88. gr.

Túlkun laganna. Óleyst álitaefni. Beinar efndir.

1. Í alþjóðlegum kaupum skal við túlkun á ákvæðum laganna taka tillit til þess að nauðsynlegt er að samræma beitingu þeirra reglna sem byggðar eru á samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1980 um alþjóðleg lausafjárkaup, svo og alþjóðlegs eðlis þeirra. Einnig skal taka tillit til nauðsynjar á heiðarleika og góðrar trúar í alþjóðlegum viðskiptum.

2. Úr álitaefnum vegna atvika, sem samningur Sameinuðu þjóðanna fjallar um en hann leysir ekki úr með afgerandi hætti, skal leysa í samræmi við meginreglur samningsins og að öðru leyti í samræmi við þau landslög sem beita ber samkvæmt reglum alþjóðlegs einkamálaréttar.

3. Um kröfu um beinar efndir, sem ákvarða skal hér á landi eða á grundvelli íslenskra réttarreglna, gilda ávallt ákvæði laga þessara, sbr. 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna.

89. gr.

Túlkun á yfirlýsingum aðila.

1. Yfirlýsingu aðila og aðrar athafnir skal túlka í samræmi við vilja hans þegar gagnaðili vissi eða mátti vita hver ætlunin var. Ella ber að leggja þann skilning til grundvallar sem skynsamur maður í sömu aðstöðu mátti með sanngirni hafa við sambærilegar aðstæður.

2. Þegar ákveða skal ætlun eða skilning skv. 1. mgr. skal taka tillit til allra atvika málsins sem þýðingu hafa, svo sem viðræðna, fyrri framkvæmdar milli aðila, verslunarvenju og síðari athafna aðila.

90. gr.

Verslunarvenja.

Ef annað leiðir ekki af samningi eru aðilar bundnir af verslunarvenjum sem þeir þekktu eða máttu þekkja og eru vel þekktar í alþjóðlegum viðskiptum og er yfirleitt fylgt af aðilum í sambærilegum viðskiptasamböndum. Telst verslunarvenjan þá hluti af samningi aðila.

91. gr.

Munnlegur eða skriflegur samningur.

1. Kaup þarf hvorki að gera né staðfesta skriflega, og um þau gilda engar aðrar formkröfur. Sönnur má leiða að kaupum með sérhverju tiltæku sönnunargagni, þ.m.t. vitnum.

2. Samningi má breyta eða ljúka ef aðilar eru um það sammála sín í milli.

3. Skriflegum samningi, sem ákveður að breytingu eða lok samnings skuli gera skriflega, verður ekki breytt eða honum lokið með öðrum hætti. Aðili getur þó með athöfnum sínum fyrirgert rétti sínum til að byggja á slíkum ákvæðum ef gagnaðili hefur gert ráðstafanir í trausti þeirra athafna.

92. gr.

Erlend löggjöf sem krefst skriflegs samnings.

Ákvæði 91. gr. eiga ekki við í alþjóðlegum kaupum ef annar samningsaðilinn hefur atvinnustöð sína í samningsríki þar sem ekki eru í löggjöf viðurkenndir aðrir samningar en þeir sem eru gerðir skriflega, enda hafi ríkið gefið yfirlýsingu í samræmi við 96. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg lausafjárkaup frá 1980.

93. gr.

Símskeyti og telexskeyti.

Ákvæði 91. og 92. gr. laga þessara standa því ekki í vegi að nota megi símskeyti og telexskeyti.

94. gr.

Verulegar vanefndir.

Vanefndir samningsaðila teljast verulegar ef þær leiða til slíks tjóns fyrir gagnaðila að hann telst af þeirra völdum mun verr settur en hann mátti með réttu vænta samkvæmt samn-

ingnum, nema því aðeins að sá aðili, sem vanefnir, hafi ekki getað séð það fyrir og ekki heldur skynsamur maður í sömu stöðu og við sömu aðstæður gat með sanngirni séð fyrir.

95. gr.

Afhending og leiðrétting skjala.

Ef seljanda er skylt að afhenda skjal er varðar hlutinn skal hann afhenda það á þeim tíma og stað og í því ástandi sem um var samið. Hafi seljandi afhent skjalið fyrir umsaminn tíma getur hann, áður en afhendingartími er kominn, leiðrétt galla á skjalinu ef það veldur gagnaðila ekki óréttmætu óhagræði eða kostnaði. Kaupandi glatar þrátt fyrir það ekki rétti sínum til skaðabóta.

96. gr.

Höfundarréttur þriðja manns, iðnaðarréttindi o.fl.

1. Seljandi skal afhenda söluhlut án takmarkana sem rekja má til höfundarréttar þriðja manns, réttinda þriðja manns á sviði iðnaðar eða annarra hugverkaréttinda sem seljandinn vissi eða mátti vita um á samningstímanum ef réttinn eða kröfuna má rekja:

a. til laga í því ríki þar sem hlutinn skal endurselja eða nota ef það var skilningur aðila við samningsgerðina að hlutinn skyldi selja eða nota í því ríki eða
b. í öðrum tilvikum til laga í því ríki þar sem kaupandi hefur atvinnustöð sína við samningsgerðina.

2. Skyldur seljanda skv. 1. mgr. eiga ekki við þegar:

a. kaupandi vissi eða mátti vita við samningsgerðina um réttinn eða kröfuna eða
b. rétturinn eða krafan er afleiðing þess að seljandinn hefur fylgt tæknilegum teikningum, lýsingum, fyrirsögnum, hönnun eða öðrum leiðbeiningum sem kaupandi hefur lagt til.

97. gr.

Undantekningar frá reglum um tilkynningar.

1. Seljandi getur ekki borið fyrir sig að kaupandi hafi vanrækt rannsókn skv. 31. gr. eða vanrækt að senda tilkynningar skv. 32. gr. ef seljandi vissi eða mátti vita um þau atvik er varða gallann án þess að upplýsa kaupandann um þau.

2. Þegar um vanheimild eða aðra kröfu þriðja manns skv. 41. eða 96. gr. er að ræða getur seljandi ekki borið fyrir sig að kaupandi hafi sýnt slíka vanrækslu sem um ræðir í 1. mgr. ef seljandi vissi um réttinn eða kröfuna og inntak þeirra. Regla 2. mgr. 32. gr. um tveggja ára tilkynningarfrest gildir ekki um slíkar kröfur.

3. Þótt kaupandi hafi ekki sent tilkynningar þær sem um ræðir í 1. mgr. 32. gr. getur hann krafist afsláttar eða skaðabóta fyrir annað tjón en missi hagnaðar hafi hann haft sanngjarna ástæðu til að láta hjá líða að senda slíkar tilkynningar.

98. gr.

Afhending of snemma eða í of miklu magni.

1. Ef söluhlutur er afhentur of snemma getur kaupandi samþykkt afhendinguna eða hafnað henni, enda gæti hann umönnunarskyldu sinnar.

2. Ef afhent er meira magn en um var samið getur kaupandi samþykkt afhendinguna eða hafnað því sem umfram er. Samþykki kaupandi það magn sem umfram hefur verið afhent, í heild eða að hluta, skal kaupverðið fyrir umframmagnið reiknast hlutfallslega á grundvelli þess verðs sem leiðir af samningnum.

XVI. KAFLI
Gildistaka, brottfall eldri laga o.fl.

99. gr.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.
2. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup.
3. Lög þessi gilda einvörðungu um þá samninga sem gerðir verða eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandinn að samningu frumvarps til nýrra laga um lausafjárkaup og meginefni þess.

Á árinu 1992 fól viðskiptaráðherra Magnúsi Þ. Torfasyni, fyrrverandi hæstaréttardómara, að endurskoða lög nr. 39 frá 19. júní 1922, um lausafjárkaup. Skyldi endurskoðun laganna hafa það að markmiði að færa ákvæði þeirra til samnorræns horfs, en Íslendingar tóku um skeið, eins og síðar verður nánar rakið, þátt í störfum norræns vinnuhóps sem fékk það verkefni að endurskoða norrænu kaupalögin frá fyrri hluta þessarar aldar, og skilaði vinnuhópurinn áliti sínu á árinu 1984. Einnig skyldi Magnús kanna hvort og þá hvernig lögfestar yrðu hér á landi alþjóðlegar reglur um lausafjárkaup sem samdar voru að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna árið 1980. Magnús Þ. Torfason lést á árinu 1993, og var endurskoðun hans á lögum nr. 39/1922 þá skammt á veg komin.

Þá fól iðnaðar- og viðskiptaráðherra þeim Stefáni Má Stefánssyni og Þorgeiri Örlygssyni, prófessorum við lagadeild Háskóla Íslands, að vinna að endurskoðun laga nr. 39/1922 í þeim anda sem að framan var lýst. Nánar segir í erindisbréfi þeirra að þeir skuli semja fyrir ráðuneytið „frumvarp til laga um lausafjárkaup, sem leysi af hólmi gildandi lög um það efni nr. 39/1922. Skal frumvarpið hafa að fyrirmynd samnorrænt nefndarálit um sama efni frá árinu 1984." Þá kemur fram í erindisbréfinu að í þeim tilvikum þar sem nýleg löggjöf í Skandinavíu um lausafjárkaup sé ólík um einstök efnisatriði skuli frumvarpshöfundar meta, í samráði við ráðuneytið, hvaða leið sé heppilegast að fara í lagasetningu hér á landi. Einnig segir í erindisbréfinu, að samhliða samningu frumvarps til nýrra kaupalaga skuli höfundar gera athugun á því hvort æskilegt sé að Ísland gerist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um lausafjárkaup frá 1980 með tilliti til fullgildingar samningsins og lögleiðingar hans og hver áhrif EES-samningurinn komi til með að hafa á þá endurskoðun.

Drög að frumvarpi þessu voru með bréfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 16. september 1997, send til umsagnar 26 aðila, þ.e. Bandalags háskólamanna, Félags íslenskra stórkaupmanna, Kaupmannasamtakanna, Bílgreinasambandsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Útflutningsráðs, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Lögmannafélags Íslands, Neytendasamtakanna, Samkeppnisstofnunar, Íslenskrar verslunar, Verslunarráðs, Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar, Ríkiskaupa, Vinnumálasambands samvinnufélaga, utanríkisráðuneytis, ríkistollstjóra, forsætisráðuneytis, Samtaka samvinnuverslana og Félags löggiltra endurskoðenda. Var umsagnaraðilum veittur frestur til 31. október 1997 að koma á framfæri athugasemdum sínum. Fyrir það tímamark skiluðu átta aðilar umsögnum, þ.e. Samtök verslunarinnar, Seðlabanki Íslands, Kaupmannasamtök Íslands, dóms- og kirkjumálaráðuneytið, ríkistollstjóraembættið, Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, Félag löggiltra endurskoðenda og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í framhaldi af því að umsagnir framangreindra aðila bárust iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu efndi ráðuneytið til fundar 5. nóvember 1997 þar sem umsagnaraðilum gafst færi á að óska skýringa og koma á framfæri frekari athugasemdum við frumvarpsdrög-

in. Höfðu frumvarpshöfundar framsögu á fundinum þar sem þeir gerðu grein fyrir meginefni frumvarpsdraganna og svöruðu fyrirspurnum frá fundarmönnum. Síðar barst umsögn frá Neytendasamtökunum.

Frumvarp það til laga um lausafjárkaup, sem hér liggur fyrir, byggist í meginatriðum á þeim tillögum til nýrra norrænna kaupalaga sem norræni vinnuhópurinn kom fram með á árinu 1984. Tillögur vinnuhópsins voru birtar í samnorrænu nefndaráliti, NU 1984: 5 NORDISKA KÖPLAGAR, Förslag av den nordiska arbetsgruppen för köplagstiftning. Þó er rétt að hafa í huga að í ýmsum greinum er reynt að taka tillit til séríslenskra aðstæðna. Þá leiðir það af ákvæðum frumvarpsins, svo sem síðar verður rakið, að lagt er til að ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um sölu á vöru milli ríkja frá 1980, *The 1980 United Nations Convention for the International Sale of Goods* (CISG), verði leidd í lög hér á landi með svokallaðri aðlögun (transformation). Í því felst að einstakar efnisreglur frumvarpsins, sem eins og fyrr segir byggjast að meginstefnu til á norræna nefndarálitinu frá 1984, hafa verið aðlagaðar CISG-samningnum sem í athugasemdum þessum verður eftirleiðis nefndur SÞ-samningurinn. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda SÞ-samninginn.

2. Þróun íslensks kauparéttar — stutt yfirlit.

Í Grágás, hinum fornu lögum íslenska þjóðveldisins, var nokkur ákvæði að finna um kaupgerninga. Ítarlegri ákvæði um slíka gerninga voru hins vegar í lögbókunum Járnsíðu og Jónsbók frá síðari hluta 13. aldar, en þau ákvæði voru að mestu sniðin að norskri fyrirmynd. Ákvæði Jónsbókar um kaup og skipti voru síðan gildandi réttur í þeim efnum hér á landi um aldir þótt sum þeirra yrðu reyndar úrelt eftir því sem tímar liðu fram vegna breyttra viðskiptahátta og þjóðlífsbreytinga að öðru leyti.

Hinn 11. júlí 1911 öðluðust gildi hér á landi almenn viðskiptalög, nr. 31/1911, en þau lög höfðu það að markmiði að færa íslenskan kauparétt til samræmis við þá endurskoðun norrænna kaupalaga sem hófst við upphaf aldarinnar og síðar verður nánar fjallað um. Voru dönsku kaupalögin frá 1906 höfð sem fyrirmynd í þeim efnum. Frumvarp til laganna var fyrst lagt fram á Alþingi árið 1909 en varð ekki útrætt þá *(Alþt. 1909, A, bls. 481 o.áfr.)*. Frumvarpi þessu fylgdu nánast engar athugasemdir, og var það síðan endurflutt lítið breytt tveimur árum síðar, þ.e. árið 1911, og samþykkt sem lög nr. 31/1911. Í athugasemdum með því frumvarpi kom fram að það væri nákvæm þýðing dönsku laganna *(Alþt. 1911, A, bls. 83–84)*.

Fljótlega eftir setningu viðskiptalaganna árið 1911 komu fram efasemdir um það hversu vel hefði tekist til við samningu þeirra, m.a. vegna þess hve þýðing dönsku kaupalaganna væri ónákvæm. Þótti nokkur efnismunur vera á dönsku og íslensku lögunum, auk þess sem ekki hefði verið nægilegt tillit tekið til íslenskra aðstæðna. Því varð úr að á Alþingi árið 1922 lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til laga um viðeigandi breytingar og leiðréttingar á viðskiptalögunum frá 1911, en það frumvarp ásamt greinargerð var samið af Ólafi Lárussyni prófessor *(Alþt. 1922, A, bls. 137)*. Gerði frumvarpið ráð fyrir að texti hinna nýju laga yrði felldur inn í texta laga nr. 31/1911, og voru lögin þannig breytt gefin út sem lög um lausafjárkaup, nr. 39 frá 19. júní 1922. Frumvarpi því, sem Ólafur Lárusson samdi, fylgdu, auk örstuttra almennra athugasemda, aðeins athugasemdir við þær greinar laga nr. 31/1911 sem lagt var til að breytt yrði. Þetta hafði hins vegar þær afleiðingar að heildargreinargerð með íslensku kaupalögunum var aldrei samin. Með gildistöku laga nr. 39/1922 má segja að komist hafi á réttareining milli Íslands og annarra þjóða á Norðurlöndum á sviði kauparéttar. Hélst svo allt þar til gerðar voru breytingar á kaupalögum Dana, Svía og Norðmanna á árun-

um 1973–1979 í átt til aukinnar neytendaverndar og í kjölfar þess setning nýrra kaupalaga í Finnlandi (1987), Noregi (1988) og Svíþjóð (1989) svo sem nánar verður rakið síðar.

3. Almennt um þörfina fyrir endurskoðun laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup.

Óhætt er að segja að þjóðfélagsaðstæður hér á landi hafa breyst mjög mikið á þeim tæpu 80 árum sem liðin eru frá því að gildandi lög um lausafjárkaup voru lögfest. Auk þess sem þjóðfélagsumgjörðin hefur öll breyst hafa hinar miklu framfarir í tæknisviði einnig haft umtalsverð áhrif á verslun og viðskipti manna í milli. Í upphafi aldarinnar voru það einkum landbúnaðarafurðir, hráefni og aðrar undirstöðuvörur sem gengu kaupum og sölum manna í milli, en í dag eru það fyrst og fremst fjöldaframleiddar og sérhannaðar iðnaðarvörur sem eru ráðandi á markaðnum. Enn fremur hafa átt sér stað miklar breytingar við markaðssetningu á vörum. Dreifingarnetið er t.d. orðið flóknara, og þar koma oft margir aðilar við sögu sem semja sín á milli um einkarétt á dreifingu. Þetta getur í vissum tilvikum takmarkað mjög möguleika kaupandans á því að velja sjálfur við hvern hann verslar, og slíkt getur einnig takmarkað mjög möguleika hans á því að rekja vanefndir í kaupum til þess aðila sem upphaflega bar ábyrgð á henni. Þá er og til þess að líta að bættir samskiptamöguleikar hafa aukið möguleikana á verslun milli aðila sem búsettir eru á mismunandi stöðum, og enn fremur hafa bættar samgöngur aukið stórlega möguleikana til alþjóðlegra viðskipta. Loks hafa greiðari samskiptaleiðir einnig haft mikil áhrif á þær aðferðir sem menn beita við gerð samninga.

Segja má að gildandi kaupalög hafi að ákveðnu marki lagað sig að þeirri samfélagsþróun sem hér var lýst, m.a. vegna þess hve lögin eru sveigjanleg í uppbyggingu sinni. Þá eru lögin frávíkjanleg, en það hefur aftur leitt til þess að venjur hafa myndast á ákveðnum sviðum viðskipta, og hefur þannig verið vikið frá ýmsum ákvæðum laganna í framkvæmd þeirra. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft að tilvist SÞ-samningsins hefur tvímælalaust aukið þörfina fyrir endurskoðun laganna, og áhrif í sömu átt hefur EES-samningurinn haft og reyndar einnig samningarnir um ESB. Þá verður einnig að telja að ný samnorræn kaupalög einfaldi mjög verslunarviðskipti milli ríkja á Norðurlöndum og að þau séu jafnframt til þess fallin að stuðla að því að gera Norðurlöndin að einsleitu markaðssvæði innan Evrópubandalagsins og hins Evrópska efnahagssvæðis.

Mikilvægur þáttur í endurskoðun íslenskra kaupalaga hlýtur jafnan að vera að varðveita norræna réttareiningu á þessu mikilvæga sviði réttarins, en fyrir slíkri réttareiningu er löng hefð. Eins og síðar verður rakið hefur lengi verið samstarf með Norðurlandaþjóðunum um lagasetningu á sviði fjármunaréttar og þá ekki hvað síst á sviði samninga- og kauparéttarins. Markmiðið með því að hafa einsleitar reglur á Norðurlöndum er fyrst og fremst það að skapa einsleitan markað á þessu svæði, auðvelda samningagerð og skapa viðskiptaaðilum réttaröryggi við kaup, þannig að þeir geti jafnan vitað hvaða lög koma til með að gilda í lögskiptum þeirra. Ekki er nægjanlegt að líta til norrænnar réttareiningar einvörðungu, heldur verður einnig að líta til hins Evrópska efnahagssvæðis. Ísland og Noregur eru aðilar að EES-samningnum, en önnur ríki á Norðurlöndum eru aftur á móti aðilar að ESB. Þetta breytir þó ekki því að ætla verður að sömu eða svipaðar reglur komi í framtíðinni til með að gilda á EES- og ESB-svæðunum að því marki sem tilskipanir eða aðrar gerðir koma til með að verða settar þar um einstök atriði varðandi lausafjárkaup. Slíkar reglur hafa enn sem komið er ekki verið settar svo nokkru nemi, en búast má við breytingu í þeim efnum í framtíðinni. Loks ber þess að geta að öll aðildarríki ESB og EES eru aðilar að SÞ-samningnum, og eykur það enn á þörf Íslendinga til að fullgilda samninginn og leiða hann í lög. Um lýsingu á efni sáttmálans að öðru leyti vísast til þess sem síðar segir í athugasemdum þessum.

4. Alþjóðlegt samstarf á sviði kauparéttar.

4.1. Haag-samningarnir.

Lengi vel var það skoðun manna á Norðurlöndum að reglur norrænu kaupalaganna frá upphafi aldarinnar væru í góðu samræmi við þær reglur sem almennt giltu í alþjóðlegum kaupum þótt frá því væru undantekningar að því er varðaði þau lönd sem byggja á engilsaxneskum lagahefðum. Eigi að síður fylgdust norrænu ríkin vel með því alþjóðlega samstarfi sem hófst um miðbik þessarar aldar og miðað hefur að því að koma á réttareiningu á sviði kauparéttarins í alþjóðlegum samskiptum, ýmist með samræmdum lagaskilareglum á þessu réttarsviði eða samræmdum efnisreglum.

Árið 1955 var gerður alþjóðlegur samningur sem kenndur er við Haag í Hollandi og ber hann heitið *Convention on the Law Applicable to International Sales of Goods*. Meginregla samnings þessa er sú að aðilar kaupsamnings geta samið um það lögum hvaða lands beita skuli um kaup þeirra. Ef slíku samningsákvæði er ekki til að dreifa skal samkvæmt samningi þessum leggja til grundvallar lög í því ríki þar sem seljandinn hafði aðsetur þegar hann tók við pöntun varðandi kaupin. Ef útibú frá aðalstöðvum seljanda tók við pöntun skal miða við lög í því ríki þar sem útibúið er. Þá er einnig í samningnum að finna ákvæði um það lög hvaða lands skuli gilda varðandi skoðun á söluhlut og mörg fleiri atriði sem ekki er ástæða til að rekja frekar hér.

Árið 1964 voru gerðir tveir alþjóðlegir samningar sem einnig eru kenndir við Haag. Annar þeirra ber heitið *Convention Relating to a Uniform Law on the Formation of Contracts for the International Sale of Goods* (skammstafað ULFIS), og hinn nefnist *Convention Relating to a Uniform Law on the International Sale of Goods* (skammstafað ULIS). Samningar þessi voru gerðir að frumkvæði stofnunar þeirrar í Róm sem starfar að samræmingu reglna á sviði einkaréttarins, The International Institute for Unification of Private Law (skammstafað UNIDROIT).

Ísland hefur ekki gerst aðili að framangreindum samningum frá 1955 og 1964, og löggjöf hér á landi hefur ekki verið færð til samræmis við efni þeirra. Danir, Svíar, Finnar og Norðmenn hafa hins vegar gerst aðilar að samningnum frá 1955 og sett samhljóða lög um efni hans. Af öðrum Evrópuþjóðum, sem fullgilt hafa samning þennan, má nefna Ítali, Frakka, Svisslendinga og Belga. Á ráðstefnu sendierindreka, sem haldin var í Haag í Hollandi, var 30. október 1985 gengið frá nýjum samningi um sama efni og Haag-samningurinn frá 1955, en með breyttu efni. Óvíst er hins vegar hverja þýðingu sá samningur kemur til með að hafa í framtíðinni, m.a. vegna tilkomu SÞ-samningsins frá 1980. Samningarnir frá 1964 öðluðust formlega gildi árið 1972, en fá ríki hafa enn sem komið er fullgilt þá. Þau eru Belgía, Þýskaland, Stóra-Bretland, Gambía, Ísrael, Ítalía, Holland og San Marínó sem öll fullgiltu ULIS-samninginn, og flest þeirra hafa einnig fullgilt ULFIS-samninginn. Aðild fimm ríkja var skilyrði fyrir gildistöku samninga þessara og þær þjóðir, sem fullgilt hafa samningana, hafa einnig lögfest efnisreglur þeirra.

4.2. SÞ-samningurinn.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í desember 1966 ályktun þess efnis að sett skyldi á laggirnar sérstök nefnd á vegum samtakanna sem hafa skyldi það hlutverk að efla og styrkja samræmingu alþjóðlegrar viðskiptalöggjafar. Nefndin, sem tók til starfa skömmu síðar, var kölluð *The United Nations Commission on International Trade* (UNCITRAL) og hefur hún aðsetur í Vínarborg í Austurríki. Hún fékk það verkefni að undirbúa gerð áðurnefnds alþjóðasamnings um kaup, þ.e. SÞ-samninginn frá árinu 1980. Gerð þess samnings

tók tæpa tvo áratugi, og hafði sú vinna það m.a. að markmiði að koma fram með nýjan samning á þessu réttarsviði sem leyst gæti af hólmi Haag samningana frá 1964.

Fyrstu drög hins nýja samnings voru kynnt árið 1974 og endurskoðaðar gerðir voru kynntar árin 1975, 1976, 1977 og 1978. Að gerð þessara samningsdraga vann starfshópur skipaður fulltrúum 14 ríkja sem tilheyrðu mismunandi réttarkerfum. Drögin voru rædd á þingum UNCITRAL og voru þau samþykkt á þingi stofnunarinnar árið 1978. Eftir það boðaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var vorið 1980 í Vínarborg í Austurríki þar sem saman komu fulltrúar 62 ríkja og átta alþjóðastofnana. Á ráðstefnunni var gengið frá nýjum samningi um alþjóðleg lausafjárkaup, þ.e. CISG. Ráðstefnan hófst 10. mars 1980 og lauk henni 11. apríl sama ár. Undirbúningsvinna ráðstefnunnar fór að mestu fram í tveimur starfsnefndum. Hafði önnur það hlutverk að semja drög að efnisreglum, en hin samdi drög að lokaákvæðum samningsins. Við lok ráðstefnunnar voru drögin sameinuð og fram fór atkvæðagreiðsla um hverja einstaka grein og að því loknu atkvæðagreiðsla um samninginn í heild sinni. Var hann samþykktur á ráðstefnunni án verulegra athugasemda eða efnisbreytinga.

Í 99. gr. SÞ-samningsins eru ákvæði um gildistöku hans. Þar kemur fram að hann öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar þegar liðnir eru tólf mánuðir frá því að 10 ríki hafa afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skjöl um fullgildingu eða samþykki hans. Þessu marki var náð 1. janúar 1988, en þá höfðu m.a. Bandaríkin, Argentína, Egyptaland, Frakkland, Ítalía, Júgóslavía, Kína, Lesótó, Sýrland, Ungverjaland og Zambía fullgilt samninginn. Finnland og Svíþjóð gerðust aðilar að samningnum 15. desember 1987, Noregur 20. júlí 1988 og Danmörk 14. febrúar 1989. Hinn 30. september 1998 voru aðildarríkin 53. Þótt SÞ-samningurinn hafi formlega séð ekki verið endurskoðun á Haag samningunum frá 1964 er honum eigi að síður í framtíðinni ætlað það hlutverk að vera eina réttarheimildin við úrlausn ágreiningsefna á sviði alþjóðlegra kaupa. Sést þetta m.a. á því að í 99. gr. samningsins er gert ráð fyrir að þær þjóðir, sem gerst hafa aðilar að samningnum og eru jafnframt aðilar að Haag-samningunum, skuli segja upp síðarnefnda samningnum. Einnig kemur þetta fram í því að í SÞ-samningnum er að finna efnisreglur sem ætlað er að leysa af hólmi efnisákvæði beggja Haag-samninganna frá 1964, þ.e. bæði ULFIS og ULIS. Í heild má því segja að reglur SÞ-samningsins séu bæði skýrari og afmarkaðri en reglur Haag-samninganna frá 1964 þótt á þeim hafi vissulega verið byggt í mörgum atriðum.

4.3. Nánar um SÞ-samninginn.

SÞ-samningurinn gildir um alþjóðleg lausafjárkaup, þ.e. kaup á lausafjármunum þar sem aðilar hafa atvinnustöð sína í mismunandi ríkjum og bæði ríkin eru aðilar að samningnum, eða þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að beita ber kauparéttarreglum eins samningsríkjanna. Neytendakaup og ákveðnar aðrar tegundir kaupa, t.d. kaup á skipum og loftförum, falla utan gildissviðs samningsins. Utan gildissviðs hans falla einnig álitaefni er varða gildi kaupsamnings og afstöðuna gagnvart þriðja manni, t.d. afstöðuna gagnvart fyrri söluaðila og gagnvart þrotabúi aðila. Ákvæði samningsins eru þar að auki frávíkjanleg, þ.e. aðilar geta samið um aðrar reglur en þær sem leiðir af samningnum.

SÞ-samningurinn er í fjórum hlutum. Í *I. hluta* eru reglur um gildissvið hans og almenn ákvæði. Þar eru reglur um túlkun samningsins, yfirlýsingar aðila og athafnir þeirra. Einnig er þar fjallað um þýðingu verslunarvenju og við hverja af fleiri atvinnustöðvum skuli miða við beitingu samningsins. Meginregla SÞ-samningsins er sú að kaupsamningar eru óformbundnir, en um það má gera fyrirvara. Í *II. hluta* eru nánari reglur um samningsgerðina, m.a. um gerð og afturköllun tilboðs og samþykkis.

Efnisreglur um kaup er að finna í *III. hluta* SÞ-samningsins, en hann skiptist í fimm kafla sem hér verður gerð nánari grein fyrir. Í 1. kafla í III. hluta eru almennar reglur um kaup. Þar er m.a. að finna almenna skilgreiningu á því hvað telja beri verulega vanefnd og einnig eru þar reglur um hver skuli bera áhættuna af sendingu tilkynninga til gagnaðila. Í 2. kafla eru reglur um skyldur seljanda, bæði að því er varðar afhendingu á réttum tíma og um galla, og skiptist kafli þessi upp í þrjá undirkafla. Í undirkafla 1 eru reglur um afhendingu söluhlutar og afhendingu skjala. Í undirkafla tvö eru nánari reglur um ástand söluhlutar og um rannsóknar- og tilkynningarskyldu kaupanda, auk reglna um hvað teljast skuli réttarágallar. Í undirkafla 3 eru ákvæði um úrræði vegna vanefnda seljanda, m.a. sameiginleg ákvæði um bæði greiðsludrátt og galla, og reglur um heimild kaupanda til að krefjast úrbóta og um heimildir hans til að setja viðbótarfrest. Einnig eru þar reglur um riftun og afslátt af kaupverði. Ákvæðin í 3. kafla í III. hluta fjalla um skyldur kaupanda. Þar eru ákvæði um greiðslu kaupverðs, undirkafli 1, og um skyldu kaupanda til að veita hlut viðtöku, undirkafli 2. Í skyldu kaupanda til þess að veita hlut viðtöku felst bæði að taka á móti hlut og gera allar þær ráðstafanir sem með sanngirni má krefjast af honum til að gera seljanda kleift að afhenda. Í undirkafla 3 eru reglur um úrræði seljanda í tilefni vanefnda af hálfu kaupanda. Þeim úrræðum má beita þegar kaupandi hvorki greiðir kaupverð né veitir söluhlut viðtöku og þegar hann vanefnir aðrar skyldur sínar (aukaskyldur). Ákvæðin veita seljanda rétt til að þess að krefjast efnda, riftunar og skaðabóta. Einnig eru reglur um heimild seljanda til að setja kaupanda viðbótarfrest til að efna skyldur sínar. Í 4. kafla í III. hluta eru reglur um áhættuskipti, og í 5. kafla eru sameiginleg ákvæði um skyldur seljanda og kaupanda. Í undirkafla 1 í 5. kafla eru ákvæði um fyrirsjáanlega vanefnd og samninga þar sem afhenda á hið selda smátt og smátt. Í undirkafla 2 eru reglur um útreikning skaðabóta, í undirkafla 3 eru reglur um vexti og í undirkafla 4 eru reglur um ástæður sem leysa undan skaðabótaábyrgð og um umönnun söluhlutar. Aðalreglan um skaðabótaábyrgð er sú að aðili ber ekki ábyrgð á vanefndum á skyldum sínum ef hann sannar að þær má rekja til hindrunar sem hann réði ekki við. Í undirkafla 5 eru reglur um áhrif riftunar.

Í *IV. hluta* SÞ-samningsins eru lokaákvæði hans. Þar eru m.a. reglur um heimildir til að gera fyrirvara varðandi tiltekin ákvæði samningsins. Þannig getur ríki t.d. skv. 92. gr. gert fyrirvara varðandi II. hluta samningsins um samningsgerð eða varðandi III. hluta um kaup. Sérstaka þýðingu fyrir norrænu löndin hefur sá kostur að gera fyrirvara samkvæmt ákvæðum 94. gr. (nágrannalandaákvæðið). Samkvæmt þessu ákvæði geta eitt eða fleiri ríki, sem hafa sömu eða svipaðar réttarreglur á því sviði sem samningurinn tekur til samþykkt að samningurinn skuli ekki gilda milli aðila sem hafa atvinnustöð sína í þessum löndum. Enn fremur getur ríki samkvæmt ákvæðum 95. gr. samningsins gert fyrirvara um það að samningurinn skuli aðeins gilda milli aðila sem hafa atvinnustöð í ríkjum sem eru aðilar að samningnum. Ef ekki er gerður slíkur fyrirvari gildir samningurinn, jafnvel þótt aðeins annað ríkjanna hafi gerst aðili að honum, þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að leggja ber lög þess ríkis til grundvallar.

Á þessu löggjafarþingi verður lögð fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um staðfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um sölu á vöru milli ríkja. Samningurinn mun fylgja þingsályktunartillögunni.

5. Norrænt löggjafarsamstarf á sviði kauparéttar.

5.1. Skipun norrænnar sérfræðinganefndar árið 1901.

Fyrir gildistöku norrænu kaupalaganna á fyrri hluta þessarar aldar voru réttarreglur Norðurlandaþjóðanna um lausafjárkaup að mörgu leyti ófullkomnar og ósamstæðar. Lög þau

um lausafjárkaup, sem Svíar, Norðmenn og Danir settu sér á fyrstu árum þessarar aldar, urðu til í samvinnu sérfræðinganefnda sem settar voru á laggirnar að frumkvæði stjórnvalda í löndum þessum árið 1901, en í nefndunum áttu sæti bæði lögfræðingar og fulltrúar viðskiptalífsins. Á þessum tíma var mikil samvinna meðal Norðurlandaþjóðanna um setningu samræmdrar löggjafar á ýmsum sviðum sem síðar leiddi til þess að lögfestir voru í löndum þessum lagabálkar á mörgum þýðingarmiklum sviðum réttarins. Það voru í reynd sænsk stjórnvöld sem áttu frumkvæði að samvinnu norrænu þjóðanna um samningu kaupalaga í upphafi aldarinnar, en þegar árið 1894 hafði sænsk nefnd, sem stjórnvöld þar í landi skipuðu, samið frumvarp til laga um kaup og skipti, en það frumvarp varð reyndar ekki að lögum.

Við undirbúning að setningu norrænna laga um lausafjárkaup í upphafi aldarinnar leituðust norrænu samstarfsnefndirnar m.a. við að hafa ákvæði frumvarpanna með þeim hætti að þau væru í sem bestu samræmi við viðskiptahætti í löndum þessum. Þá var og við lagasmíðina reynt að taka mið af ýmsum eldri kauparéttarákvæðum í norrænni löggjöf, auk þess sem litið var til nýlegra ákvæða í kauparéttarlöggjöf ýmissa Evrópuríkja, t.d Þjóðverja. Var eftir fremsta megni leitast við að semja heildarstæðar reglur um helstu efnisatriði á sviði kauparéttarins þótt reglunum væri engan veginn ætlað að vera tæmandi. Fyrst og fremst var það markmiðið að samræma rétt norrænu þjóðanna á þessu sviði, þannig að kaupalög þeirra gætu orðið sem næst samhljóða. Í upphafi mun ætlunin hafa verið að hafa ákvæði um gerð kaupsamninga í kaupalagafrumvörpunum, en frá því var horfið, og voru síðar settir sérstakir lagabálkar um það efni, þ.e. samnorrænu samningalögin, sbr. hér á landi lög nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Kaupalaganefndirnar, sem skipaðar voru í Danmörku, Noregi og Svíþjóð í upphafi aldarinnar, luku að mestu störfum árið 1903, og voru frumvörp þeirra kynnt skömmu síðar. Var frumvörpunum yfirleitt ágætlega tekið, bæði meðal hagsmunaaðila og á þjóðþingum landanna. Í Svíþjóð voru kaupalög, sem byggðu á þessum samnorræna grunni, lögfest árið 1905, í Danmörku árið 1906, í Noregi árið 1907 og á Íslandi árið 1922. Á þessum tíma var stjórnskipuleg staða Finnlands hins vegar slík að Finnar gátu ekki tekið þátt í lagasamstarfi þessu, og voru kaupalög ekki lögfest í Finnlandi fyrr en árið 1987 og þá í kjölfar samnorræns endurskoðunarstarfs.

Eins og nánar verður rakið síðar stóðu norrænu kaupalögin frá fyrsta áratug þessarar aldar óbreytt í áratugi. Í Svíþjóð voru árið 1973 sett lög um neytendakaup, en ákvæði þeirra laga þrengdu efni margra ákvæða í almennu kaupalögunum. Í Noregi var árið 1974 gerð breyting á norsku kaupalögunum sem aðallega fólst í því að ýmis ákvæði laganna voru gerð ófrávíkjanleg í neytendakaupum, nema þar sem undanþágan var neytandanum til hagsbóta. Svipuð lagabreyting var gerð í Danmörku árið 1979, en þá var nýjum kafla um neytendakaup bætt við lögin, þ.e. 72.–86. gr. Í Finnlandi voru árið 1978 sett sérstök lög um neytendavernd, en í 5. kafla þeirra laga er m.a. að finna ákvæði um neyendakaup.

5.2. Skipun sérfræðinganefndar árið 1962.

Á 22. norræna lögfræðingamótinu, sem haldið var í Reykjavík árið 1960, voru að frumkvæði Finna ræddar hugmyndir um endurskoðun norrænu kaupalaganna frá upphafi aldarinnar. Skömmu áður (1957) hafði Knut Rodhe birt hugleiðingar um það efni í tímariti finnskra lögfræðinga. Fljótlega eftir lögfræðingamótið í Reykjavík komst fyrir alvöru hreyfing á mál þetta því árið 1961 var í Finnlandi skipuð nefnd til að semja frumvarp til kaupalaga, en af ástæðum þeim, sem áður er frá greint, tóku Finnar ekki þátt í samstarfi norrænu ríkjanna við upphaf aldarinnar um setningu samnorrænna kaupalaga.

Árið 1962 skipuðu dómsmálaráðherrar Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs nefnd sem vinna skyldi ásamt fulltrúum frá finnska dómsmálaráðuneytinu að athugun á því hvort tímabært væri að endurskoða norrænu kaupalögin og eftir atvikum koma fram með nýtt frumvarp í þeim efnum. Nefndarstarfi þessu seinkaði af ýmsum ástæðum, m.a. vegna tilkomu Haagsamninganna frá 1964 og umræðu sem hófst um líkt leyti um þörfina fyrir lögfestingu sérstakra ófrávíkjanlegra reglna um neytendakaup. Á sameiginlegum fundi norrænu kaupalaganefndanna í Stokkhólmi árið 1965 lagði finnska kaupalaganefndin fram drög að frumvarpi til kaupalaga, sem samstaða náðist í sjálfu sér um, en endurskoðunarstarfinu var þó haldið áfram.

Árið 1967 var skipulagi og starfsemi norsku, sænsku og dönsku kaupalaganefndanna komið í fastara form. Það ár var í Noregi skipuð ný nefnd sérfræðinga til að endurskoða norsku kaupalögin, og hið sama var einnig gert í Danmörku og Svíþjóð árið 1967. Tæpum tíu árum síðar eða á árinu 1976 sendu norsku og sænsku nefndirnar hvor um sig frá sér tillögur sínar, sbr. norska álitið NOU 1976:34 og sænska álitið SOU 1976:66. Á árinu 1973 kynnti finnska kaupalaganefndin drög að frumvarpi til kaupalaga ásamt greinargerð sem að meginstefnu til byggðist á efni og efnisskipan norrænu kaupalaganna frá upphafi aldarinnar þótt nokkur nýmæli væri þar einnig að finna. Árið 1975 skipaði finnska dómsmálaráðuneytið enn á ný nefnd sem endurskoða skyldi frumvarpsdrögin frá 1973, og lagði hún til árið 1977 að frumvarpsdrögunum yrði breytt í ýmsum atriðum þótt ekki væri þar gert ráð fyrir neinum grundvallarbreytingum. Má segja að finnska frumvarpið hafi í öllum aðalatriðum haft að geyma sömu efnisreglur og voru í sænsku, dönsku og norsku tillögunum þótt framsetning væri með nokkuð öðrum hætti.

Tillögur norrænu nefndanna á þessum tíma byggðu í aðalatriðum á efni norrænu kaupalaganna frá upphafi aldarinnar þótt ákveðnar breytingar væru lagðar til. Nefndarálitin voru send til umfjöllunar og umsagnar hjá ýmsum hagsmunaðilum, en ekki kom til lagabreytinga í kjölfar þeirra þar sem ákveðið var að bíða eftir niðurstöðum þeirrar vinnu sem þá var hafin á vegum Sameinuðu þjóðanna um gerð alþjóðlegs samnings um lausafjárkaup. Þó voru í hinum einstöku löndum kynntar tillögur að ófrávíkjanlegum reglum um neytendakaup og neytendavernd eins og áður hefur verið drepið á. Má að því er Danmörk varðar vísa til Betænkning om forbrugerköb nr. 845/1978 og hvað Svíþjóð viðvíkur til greinargerðar í SOU 1976: 66. Í Svíþjóð voru árið 1973 sett lög um neytendakaup. Í Noregi var árið 1974 gerð breyting á norsku kaupalögunum sem aðallega fólst í því að ýmis ákvæði laganna voru gerð ófrávíkjanleg í neytendakaupum, nema þar sem undanþágan var neytandanum til hagsbóta. Í Finnlandi voru sett sérstök lög um neytendavernd árið 1978, og dönsku tillögurnar um nýjar reglur í neytendakaupum voru eins og fyrr segir lögfestar árið 1979 með þeim hætti að bætt var nýjum kafla um neytendakaup við kaupalögin frá 1906.

5.3. Skipun sérfræðinganefndar árið 1980.

Eftir samþykkt SÞ-samningsins um alþjóðleg lausafjárkaup 11. apríl 1980 varð um það sammæli meðal norrænna ríkja að hefja skyldi á nýjan leik endurskoðun norrænu kaupalaganna. Á fundi norrænna dómsmálaráðherra sem haldinn var í Helsinki 10. júní 1980, var komið á laggirnar samnorrænum vinnuhópi sem fékk það verkefni að kanna möguleika þess að setja samræmd kaupalög fyrir Danmörku, Noreg, Svíþjóð og Finnland. Vinnuhópurinn fékk einnig það verkefni að kanna afstöðu norrænu landanna til SÞ-samningsins. Í vinnuhópnum áttu sæti þrír fulltrúar frá Danmörku, þrír frá Finnlandi, þrír frá Svíþjóð, en fjórir fulltrúar frá Noregi, auk áheyrnarfulltrúa frá Íslandi, sem tóku þátt í starfi vinnuhópsins um nokkurt skeið frá árinu 1982, en þó ekki samfellt. Í tengslum við starf norræna vinnuhópsins

voru settir upp vinnuhópar í hinum einstöku löndum, þ.e. í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Á fundi vinnuhópsins í Helsinki, sem haldinn var 12.–13. nóvember 1980, var gengið frá skýrslu til dómsmálaráðherra landanna þar sem ákveðið var að mæla með því að norrænu löndin gerðust aðilar að SÞ-samningnum. Jafnframt var mælt með því að gerður yrði fyrirvari varðandi II. hluta samningsins um samningsgerðina, og var SÞ-samningurinn með þessum fyrirvörum undirritaður af Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð 26. maí 1981. Í skýrslu vinnuhópsins kom einnig fram að æskilegt væri að setja samnorræn kaupalög sem yrðu í samræmi við SÞ-samninginn, en til þess þyrfti lengri tíma. Skýrsla vinnuhópsins var til umfjöllunar á fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda sem haldinn var í Ósló 25. nóvember 1980. Þar var samþykkt að vinnuhópurinn skyldi halda áfram starfi sínu og semja frumvarp til nýrra samnorrænna kaupalaga. Vinnuhópurinn hélt í framhaldi af þessu allmarga fundi, og kom það í hlut Finnlands að halda utan um vinnuna, þ.m.t. að sjá um samningu greinargerðar með frumvarpinu, en í þeim efnum var haft náið samband við fulltrúa annarra ríkja í vinnuhópnum. Vinnuhópurinn hélt síðasta fund sinn í Helsinki 29.–30. október 1984, og voru tillögur að nýjum kaupalögum eins og áður segir lagðar fram og kynntar í samnorrænu nefndaráliti, NU 1984:5.

Norræni vinnuhópurinn athugaði það gaumgæfilega hvaða áhrif reglur SÞ-samningsins frá 1980 ættu að hafa á efni nýrra norrænna kaupalaga. M.a. var um það rætt hvort ekki væri hægt að hafa norrænu kaupalögin svo samhljóða að ónauðsynlegt væri að lögtaka SÞ-samninginn sérstaklega. Nýjum norrænum kaupalögum var samkvæmt þessu sjónarmiði ætlað að vera allt í senn þjóðleg, samnorræn og alþjóðleg. Það reyndist hins vegar ekki létt að hrinda hugmyndum um margþætt eðli norrænna kaupalaga í framkvæmd, enda hefur SÞ-samningurinn að geyma ýmis ákvæði sem ekki falla að norrænum viðhorfum á sviði kauparéttar. Staðan var í reynd sú, ef lögtaka átti norræn kaupalög sem einnig skyldu gilda um alþjóðleg kaup, að í slíkum lögum hefði þurft að gera margvíslegar undantekningar sem giltu aðeins í alþjóðlegum kaupum, en þær undantekningar hefðu að mati margra gert lögin óþarflega flókin í allri framsetningu. Við þetta bættist að fram kom ósk frá samtökum norrænna atvinnurekenda þess efnis að samningurinn yrði staðfestur í heild sinni, en til grundvallar þeirri afstöðu lá það sjónarmið að mun auðveldara væri fyrir viðskiptaaðila að átta sig á ákvæðum samningsins ef samningurinn væri lögtekinn á þann hátt, auk þess sem slík aðferð væri hagkvæmari með tilliti til alþjóðlegra viðskipta.

5.4. Árangurinn af starfi norræna sérfræðingahópsins sem skipaður var árið 1980.

Í Finnlandi og Svíþjóð varð niðurstaðan sú að sett voru sérstök lög sem gilda þegar um alþjóðleg kaup er að ræða og byggjast þau á SÞ-samningnum. Samhliða voru sett í þessum löndum önnur sjálfstæð lög sem gilda þegar um kaup innlendra aðila er að ræða. Finnsku kaupalögin eru nr. 355 frá 27. mars 1987, og sænsku lögin voru samþykkt 30. maí 1990, birt 6. september 1990 og öðluðust gildi 1. janúar 1991. Í Danmörku voru einnig sett sérstök lög sem gilda þegar um alþjóðleg kaup er að ræða, þ.e. International köbelov, 1988-12-07-L. 733. Í Danmörku hefur hins vegar verið frestað gildistöku almennra (þjóðlegra) kaupalaga, og búa Danir því enn við kaupalögin frá 1906 þegar um kaup innlendra aðila er að ræða. Í Noregi voru hins vegar lögtekin kaupalög sem eru í senn bæði þjóðleg og alþjóðleg, þ.e. Lov om kjöp av 13. mai 1988 nr. 27. En með þeim frávikum, sem hér voru nefnd, leitaðist norræni vinnuhópurinn við, að svo miklu leyti sem unnt var, að samræma norræn kaupalög SÞ-samningnum. Í Danmörku var enn fremur skoðað í þessu sambandi hvort sérreglur um neytendakaup ætti að fella inn í ný samnorræn kaupalög eða hvort setja ætti um þau sjálfstæð

neytendakaupalög. Kosturinn við sjálfstæð lög þótti sá að auðveldara væri fyrir neytendur og aðra að fá yfirlit yfir reglurnar með þeim hætti. Ókosturinn væri hins vegar sá að sérstök neytendakaupalög hefðu óhjákvæmilega að geyma margar endurtekningar á ákvæðum almennra kaupalaga. Niðurstaðan varð sú að frestað var gildistöku nýrra kaupalaga en bætt inn í gildandi lög ákvæðum um neytendakaup. Noregur valdi á hinn bóginn þá leið að fella reglurnar um neytendakaup í almennu kaupalögin, en Finnland og Svíþjóð halda þessu tvennu aðskildu eins og áður er fram komið í athugasemdum þessum.

Frumvarp til nýrra norrænna kaupalaga ásamt greinargerð var birt í samnorrænni greinargerð, þ.e. NORDISKA KÖPLAGAR, NU 1984:5. Eftir útgáfu nefndarálitsins var það til umfjöllunar hjá mörgum stofnunum og hagsmunaaðilum í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Á grundvelli athugasemda sem bárust gerði norræni vinnuhópurinn ýmsar breytingar á upphaflegum tillögum sínum. Árangurinn varð síðan sá, eins og áður segir, að í Finnlandi voru almenn kaupalög lögtekin á þessum grundvelli árið 1987, í Noregi árið 1988 og í Svíþjóð árið 1990, en Danmörk og Ísland hafa enn ekki gert breytingar á sínum kaupalögum. Eftir að samningu norræna nefndarálitsins lauk ráðgerðu Danir að setja ný kaupalög í anda hins norræna samstarfs ekki seinna en á þinginu 1992–93, en af því varð ekki. Ástæður þess dráttar, sem varð í Danmörku, er fyrst og fremst að rekja til þess að um það leyti sem vinnu við samnorræna nefndarálitið lauk ákvað framkvæmdastjórn ESB að leggja fram tillögu að tilskipun sem varðar neytendakaup, þ.e. „Directive of the European Parliament and of the Council on the sale of consumer goods and associated guarantees". Danmörk var á þessum tíma eina ríkið á Norðurlöndum sem átti aðild að ESB, og var því þar í landi ákveðið að doka við með setningu nýrra kaupalaga og bíða eftir nýrri tilskipun um þetta efni sem enn hefur ekki verið sett.

6. Meginatriði í áliti samnorræna vinnuhópsins, sbr. NU 1984:5.

6.1. Almennt um norræna nefndarálitið.

Í tillögum sínum byggði norræni vinnuhópurinn, sem skipaður var árið 1980, að hluta til á SÞ-samningnum og þeim tillögum til nýrra norrænna kaupalaga sem settar höfðu verið fram á árinu 1976. Eftir fremsta megni var reynt að ná samræmi í löggjöf þeirra ríkja sem aðild áttu að vinnuhópnum, og varð samkomulag um öll helstu efnisatriði nýrra kaupalaga þótt ekki næðist það markmið að koma fram með tillögur um lagafrumvörp sem væru í öllu tilliti efnislega samræmd. Vinnuhópurinn lagði einnig mikla áherslu á samræmi í framsetningu efnisákvæðanna, þ.e. að um sama álitaefnið væri fjallað í sömu greinum frumvarpanna, þ.e. að þau væru „parallell", og tókst það að mestu. Þó eru nokkur frávik frá þessu í danska frumvarpstextanum, en hvað norska textann varðar eru einungis frávik hvað varðar reglur 56. og 57. gr., þ.e. varðandi afhendingu í áföngum og um skaðabætur.

Tillögur vinnuhópsins til samnorrænna kaupalaga, sbr. NU 1984:5, fólu í sér nokkur frávik frá þágildandi reglum norræns kauparéttar, bæði hvað varðar form og efni. Þar var m.a. gert ráð fyrir því að afnuminn yrði munurinn á tegundarkaupum og einstaklega ákveðnum kaupum. Í finnsku, norsku og sænsku frumvarpstextunum voru að auki sérstakar reglur fyrir hvert land varðandi skaðabótaábyrgð seljanda, um rétt kaupanda til riftunar og um rétt hans til að krefjast nýrrar afhendingar í pöntunarkaupum. Í frumvarpi vinnuhópsins var einnig lagt til að afnuminn yrði munurinn á almennum kaupum og verslunarkaupum þótt við túlkun ýmissa reglna frumvarpsdraganna skyldi eigi að síður heimilt að taka tillit til þess hvort aðilar samnings störfuðu að viðskiptum eður ei. Í samanburði við þágildandi rétt var það nýmæli í norska frumvarpstextanum að settar voru sérstakar reglur um vanefndir aukaskyldna af hálfu seljanda og kaupanda. Einnig var þar gert ráð fyrir ýmsum nýjum reglum, m.a. um við-

bótarfresti og réttarágalla, og almennri reglu um mildun ábyrgðar og um kröfur á hendur fyrri söluaðila. Skaðabótareglum var auk þess breytt með hliðsjón af fyrirmynd úr fyrrgreindum SÞ-samningi.

Þótt efnisreglurnar væru í aðalatriðum þær sömu í norrænu frumvarpstextunum hafði norska frumvarpið eigi að síður að geyma sérlausnir um ýmis atriði sem ekki var að finna í frumvarpstextum hinna landanna. Þetta byggðist m.a. á því að norska frumvarpinu var ætlað gilda í alþjóðlegum kaupum, og er þeirri stefnu einnig fylgt í frumvarpi því sem hér liggur fyrir. Í norska frumvarpinu var því meiri þörf á fyllri samræmingu við ákvæði SÞ-samningsins en í frumvörpum hinna landanna. Í norska frumvarpinu var farin sú leið að leggja til reglur á einstökum sviðum sem voru ítarlegri og fyllri en í hinum frumvörpunum. Í þessu fólst þó ekki að frumvörpin væru í raun ólík, heldur var fyrst og fremst um það að ræða að settar voru fram reglur um ýmis atriði sem ella hefði þurft að komast að niðurstöðu um með túlkun, en hin frumvörpin létu ósagt um. Dæmi þessa má í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir og fylgir hinni norsku fyrirmyndi, m.a. sjá í 2. mgr. 12., 17., 2. mgr. 22., 3. mgr. 22., 2. mgr. 25., 3. mgr. 29., 3. mgr. 36., 2. mgr. 38., 2. mgr. 44., 3. mgr. 54., 3. mgr. 58., 2. mgr. 66., 2. mgr. 71., 2. mgr. 72. og 87. gr., og vísast til nánari skýringa um þessi atriði í athugasemdum við hinar tilvitnuðu greinar.

6.2. Nánar um norrænu tillögurnar.

Í I. kafla norska frumvarpstextans eru ákvæði um gildissvið nýrra kaupalaga, og þar kemur fram að lögin skuli gilda um kaup og skipti. Þar er einnig á því byggt að til viðbótar því að gilda um kaup á almennu lausafé skuli lögin enn fremur gilda um kaup á kröfum og öðrum réttindum, en fasteignakaupum er haldið utan við umfjöllunina. Dönsku og norsku frumvörpin ná og til neytendakaupa. Í Svíþjóð eru hins vegar í gildi sérstök lög sem gilda um það efni, og í Finnlandi eru í gildi sérstök lög um neytendavernd sem gilda í neytendakaupum, og hefur áður verið gerð grein fyrir þessum atriðum. Í norska frumvarpinu var, eins og áður hefur verið rakið, einnig á því byggt að lögin gildi í alþjóðlegum kaupum sem SÞ-samningurinn nær til, en slík ákvæði var hins vegar ekki að finna í frumvarpstextum Dana, Svía og Finna. Í tillögum vinnuhópsins var gert ráð fyrir að kaupalögin skyldu vera frávíkjanleg. Í dönsku og norsku frumvarpstextunum var hins vegar á því byggt að flest ákvæðin væru ófrávíkjanleg í neytendakaupum.

Í II. kafla norska frumvarpsins voru reglur um afhendingu söluhlutar, og voru þau ákvæði í öllum aðalatriðum í samræmi við þágildandi norrænan rétt. Þó var gert ráð fyrir breytingu á þeim reglum þágildandi réttar, að reglunum um staðarkaup skyldi einnig beita, þótt hlutur væri afhentur utan staðarins, ef afhendingin átti sér stað innan þess svæðis, þar sem seljandi venjulega afhendir slíkan hlut. Að auki voru sérreglur um neytendakaup, sbr. 4. mgr. 7. gr. Um áhættuskipti var fjallað í III. kafla frumvarpstextanna, og voru þeir kaflar í aðalatriðum í samræmi við ákvæði þágildandi réttar. Jafnframt var gert ráð fyrir sérreglu um áhættuskipti í neytendakaupum þegar söluhlutur ferst af tilviljun, sbr. 2. mgr. 13. gr. Í IV. kafla voru reglur um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Meginreglan var sú að söluhlutur skyldi hafa þá eiginleika til að bera sem samningurinn gerði ráð fyrir. Að auki voru reglur um það hvað teldist galli þegar gefnar eru misvísandi upplýsingar eða þegar seljandi vanrækir upplýsingaskyldu sína. Þá voru reglur um það hvað teldist vera réttarlegur ágalli.

Reglur um heimildir kaupanda í tilefni vanefnda af hálfu seljanda voru í V. kafla. Fyrstar komu reglur um afleiðingar greiðsludráttar af hálfu seljanda. Kaupandi skyldi þá geta valið milli þess annars vegar að krefjast efnda og þess hins vegar að rifta kaupum. Að auki skyldi kaupandi geta krafist skaðabóta. Kaupandi skyldi einnig geta beitt þessum úrræðum, eftir

því sem við gæti átt, varðandi vanefndir seljanda á aukaskyldum, t.d. vegna vanefnda seljanda á því að setja hlut upp eða vátryggja hann. Rétturinn til þess að krefjst efnda gilti ekki ef um var að ræða hindrun sem seljandi gat ekki yfirunnið. Sama skyldi einnig gilda ef um væri að ræða tilvik þar sem efndir hefðu í för með sér mikið óhagræði eða ótilhlýðilegan kostnað í samanburði við efndahagsmuni kaupanda. Þótt ekki væri fullnægt skilyrðum kaupanda til þess að krefjast efnda gat hann krafist skaðabóta.

Það skyldi vera meginregla að kaupandi gæti því aðeins rift að greiðsludráttur hefði í för með sér verulega vanefnd á samningsskyldunum. Því til viðbótar mætti krefjast riftunar ef efndir hefðu ekki farið fram innan hæfilegs tíma frá ákveðnum viðbótarfresti sem kaupandi hefði sett. Að auki skyldu gilda sérreglur um riftun í pöntunarkaupum. Seljandi skyldi vera bótaskyldur ef hann sannaði ekki að um væri að ræða greiðsludrátt sem rekja mætti til hindrunar sem hann gat ekki yfirunnið og atvik væru með þeim hætti að ekki væri með sanngirni hægt að ætlast til að hann hefði haft þau í huga við samningsgerð eða gæti losnað undan eða yfirunnið afleiðingarnar af. Ákvæðið átti sér fyrirmynd í 79. gr. SÞ-samningsins um undanþágu ábyrgðar. Ef greiðsludrátt var að rekja til þriðja manns, sem seljandi hefði í heild eða að hluta falið að efna samninginn, var seljandinn laus úr ábyrgð ef greiðsludrátturinn var utan þess sem seljandinn og þriðji maður gátu ráðið við. Samkvæmt norska frumvarpstextanum átti þetta þó ekki við um ábyrgð seljanda á almennum undirafhendingaraðila (*underleverandör*). Ábyrgð seljanda í slíkum tilvikum skyldi fara eftir hinni almennu stjórnunarreglu (*kontrollansvarsregel*). Lagt var til að stjórnunarreglan væri sveigjanleg, og við beitingu hennar skyldi heimilt að taka tillit til mismunandi eðlis kaupsamninga. Gert var ráð fyrir að slík stjórnunarábyrgð seljanda væri strangari eftir því sem tegundareinkenni skyldunnar yrðu meiri. Í þessum kafla voru að auki reglur um galla, þ.m.t. skyldu kaupanda til þess að rannsaka söluhlut, og um tilkynningar. Tilkynningu skyldi senda innan hæfilegs tíma og í síðasta lagi tveimur árum eftir að kaupandi móttók söluhlut. Ef um galla var að ræða gat kaupandi krafist úrbóta, þ.e. viðgerðar og nýrrar afhendingar, afsláttar og riftunar. Bóta fyrir annað tjón varð einnig krafist.

Í samanburði við þágildandi rétt fólu tillögurnar að því er varðar rétt til úrbóta í sér rýmkun að því leyti til að þær skyldu einnig gilda utan neytendakaupa. Því var slegið föstu að seljandinn skyldi bera kostnaðinn af slíkum úrbótum, en seljandi skyldi þó eiga val um það hvort hann vildi frekar bæta úr með nýrri afhendingu. Um kaupanda gilti það að hann gat því aðeins krafist nýrrar afhendingar að gallinn væri verulegur. Nýrrar afhendingar varð heldur ekki krafist ef um var að ræða hindrun sem leysti seljanda undan efndum eða um var að ræða hluti sem voru sérsniðnir fyrir kaupanda eða aðra einstaklega ákveðna hluti. Kaupandi skyldi að auki geta krafist afsláttar og riftunar. Riftunar yrði þó aðeins krafist að galli hefði í för með sér verulega vanefnd. Um kröfur til skaðabóta skyldi sú meginregla gilda að seljandi væri bótaskyldur ef hann sannaði ekki að ástæður galla væri að rekja til atvika sem hann gat ekki ráðið við. Um pöntunarkaup og aðra álíka einstaklega ákveðna hluti skyldi hins vegar ekki gilda eins ströng regla. Í slíkum tilvikum væri seljandi ekki ábyrgur ef hann sannaði að galla væri ekki að rekja til mistaka eða vanrækslu af hans hálfu. Að auki voru reglur um það að þrátt fyrir eiginleika söluhlutar væri hægt að krefjast skaðabóta ef söluhlutur var ekki í samræmi við það sem ætla mátti að heitið hefði verið og einnig þegar upplýsingaskylda hafði verið vanrækt. Einnig voru reglur um skaðabótaábyrgð seljanda vegna mistaka eða vanrækslu við úrbætur.

Sérstakar reglur voru í tillögunum um heimildir kaupanda þegar um var að ræða réttarágalla, réttindi þriðja manns og aðra þess háttar ágalla á efndum af hálfu seljanda. Reglurnar um réttarágalla voru víðtækari en reglur þágildandi réttar sem einvörðungu fjölluðu um

skaðabótaábyrgð vegna upprunalegrar og algjörrar vanheimildar. Ef um réttarágalla var að ræða skyldi kaupandi í öllum aðalatriðum geta gert sömu kröfur og þegar um galla var að ræða. Í slíku tilviki gilti hin fortakslausa tveggja ára regla þó ekki. Ef galli var til staðar þegar við samningsgerð gat grandlaus kaupandi að auki krafist skaðabóta án tillits til þess hverjar ástæður voru fyrir gallanum. Þegar um annars konar réttindi þriðja manns var að ræða, t.d. höfundarrétt og önnur hugverkaréttindi, giltu sömu reglur og um réttarágalla ef frá eru taldar reglurnar um hina ströngu bótaábyrgð. Bóta yrði hér krafist samkvæmt almennum reglum um ábyrgð á göllum. Um aðra ágalla á efndum seljanda, þ.e. brot á nokkrum aukaskyldum, gilti sú regla að reglurnar um galla skyldu gilda, svo langt sem þær næðu. Að lokum voru í þessum kafla tillagnanna ákvæði um heimild kaupanda til þess að halda eigin greiðslu í tilefni af vanefndum seljanda, og reglur um vanefndir sem snerta hluta greiðslu og það tilvik þegar afhent er smátt og smátt.

Í VI. kafla voru ákvæði um skyldur kaupanda. Í upphafi var að finna ákvæði um fjárhæð kaupverðs. Þar var meginviðmiðunin sú að kaupandi skyldi greiða gangverð hlutarins ef ekki hafði verið samið um annað. Ef ekki væri um gangverð að ræða skyldi kaupandi greiða það verð sem sanngjarnt teldist með tilliti til tegundar hlutar og gæða, verðlista seljanda og atvika að öðru leyti. Að auki voru reglur um greiðslu kaupverðsins og skyldu kaupanda til að veita söluhlut viðtöku. Í VII. kafla voru reglur um heimildir seljanda í tilefni vanefnda af hálfu kaupanda. Samkvæmt þeim reglum gat kaupandi valið milli þess annars vegar að krefjast efnda og hins vegar þess að rifta kaupunum. Að auki skyldi seljandi geta krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann hefði orðið fyrir. Þessar reglur voru sameiginlegar fyrir þau tilvik þegar kaupandi vanefndi greiðsluskyldu sína og aðrar skyldur, t.d. þá skyldu að veita hlut viðtöku. Heimild seljanda til þess að krefjast beinna efnda átti þó einungis við um skyldu kaupanda til greiðslu kaupverðs. Rétturinn til þess að krefjast enda féll þó brott þegar um var að ræða truflanir í samgöngum og greiðsluaðferðum eða aðrar truflanir sem kaupandi fékk ekki ráðið við. Réttur seljanda til að rifta var háður því skilyrði að vanefnd væri veruleg. Riftunarúrræðinu skyldi að auki hægt að beita þegar kaupverðið var ekki greitt eða hlut var ekki veitt viðtaka innan hæfilegs viðbótarfrests. Rétt eins og samkvæmt þágildandi rétti skyldi riftun að meginstefnu til ekki beitt þegar kaupandi hefði þegar veitt hlut viðtöku. Í VII. kafla voru einnig ákvæði um afpöntun hlutar sem búa skyldi til fyrir seljanda eða honum útvegaður. Afpöntun gat leitt til þess að seljanda bæri að hætta vinnu sinni að gerð hlutar. Hann gat á hinn bóginn krafist skaðabóta fyrir tjón sitt samkvæmt almennum reglum. Sem dæmi um tilvik utan þess sem seljandi fengi ráðið við var það nefnt þegar samgöngur teppast eða stöðvun verður í greiðslumiðlun. Að lokum voru í þessum kafla ákvæði sem voru ný í samanburði við þágildandi rétt. Það voru ákvæði um skyldu seljanda til þess að sérgreina hluti (spesifikation) ef kaupandi lét slíkt hjá líða.

Í VIII. kafla tillagnanna voru sameiginlegar reglur um fyrirsjáanlegar vanefndir, greiðsluþrot o.fl. Þar var mælt fyrir um heimildir samningsaðila til þess að halda eigin greiðslu ef ætla mátti að gagnaðili mundi ekki efna verulegan hluta af sínum skyldum, t.d. vegna þverrandi greiðslugetu. Samningsaðili skyldi einnig geta rift kaupum í tilefni fyrirsjáanlegra vanefnda. Í norska frumvarpstextanum voru að auki ítarleg ákvæði um það að hvaða marki þrotabú gjaldþrota samningsaðila hefði rétt til að ganga inn í kaupsamninginn. Reglur um framkvæmd og réttaráhrif riftunar voru í IX. kafla frumvarpstextanna. Meginsjónarmiðið var það að rétturinn til riftunar og nýrrar afhendingar glataðist ef kaupandi gæti ekki skilað hlut í sama ástandi og magni. Þar var hins vegar lögð til sú nýja regla miðað við þágildandi rétt að kaupandinn glataði þrátt fyrir þetta ekki framangreindum rétti sínum ef hann bætti seljanda þá verðmætisrýrnun sem orðið hafði á hlut. Í X. kafla voru ákvæði um fjárhæð skaða-

bóta og vexti. Reglurnar um fjárhæð skaðabóta og útreikning þeirra voru nákvæmari en reglur þágildandi réttar. Í norska frumvarpstextanum var að auki löglíkindaregla um það hvað telja bæri óbeint tjón ef fyrirvari hafði verið gerður um slíkt tjón. Lagt var til að lögfestar yrðu reglur um skyldu samningsaðila til þess að draga úr tjóni sínu þegar hann sæi fyrir vanefnd af hálfu gagnaðila. Að auki voru reglur um takmörkun bótaábyrgðar þegar skaðabætur hefðu við mat á aðstæðum sérstaklega íþyngjandi áhrif á hagsmuni aðila. Vexti skyldi greiða í samræmi við almennar reglur vaxtalaga.

Í XI. kafla voru ákvæði um skyldu til umönnunar. Þar var m.a. kveðið á um rétt umönnunaraðila til skaðabóta vegna útgjalda sinna, og skyldi í þeim efnum gilda ströng hlutlæg bótaregla. Til tryggingar skaðabótum var mælt fyrir um haldsrétt aðila í söluhlut. Að auki voru reglur um heimildir umönnunaraðila til þess að selja hlut og framkvæma aðrar ráðstafanir varðandi hlutinn. Tillögurnar voru í öllum aðalatriðum í samræmi við ákvæði þágildandi réttar.

Í XII. kafla voru reglur um arð og annan afrakstur af söluhlut. Voru reglurnar í öllum aðalatriðum í samræmi við ákvæði þágildandi réttar. Í XIII. kafla voru tiltekin almenn ákvæði um það hvor samningsaðila skyldi bera áhættuna af sendingu tilkynninga. Jafnframt voru ákvæði um það, hvað skyldi telja atvinnustöð aðila þegar það skipti máli samkvæmt reglum frumvarpstextanna.

Í XIV. kafla norska frumvarpstextans voru ákvæði um kröfur á hendur fyrri sölulið, sbr. ákvæði 84.–86. gr. Slíka reglur var ekki að finna frumvarpstextum hinna landanna. Hin almenna regla byggðist á því að kaupandi gæti gert kröfu á hendur fyrri söluaðila að því tilskildu að seljandi gæti gert slíka kröfu gildandi. Kröfuna varð að setja fram innan hæfilegs tíma frá því að uppvíst varð um gallann og í síðasta lagi innan þeirra tilkynningarfresta sem giltu í skiptum framseljanda og fyrri sölulíðar. Í neytendakaupum skyldi kaupandi að auki geta borið fram kröfu á hendur fyrri viðskiptasöluaðila í nokkuð rýmra mæli en almennt gilti. Þeim rétti yrði seljandi ekki sviptur með ákvæðum í samningi. Í viðskiptum milli neytenda skyldi kaupandi hafa samsvarandi rétt og neytendakaupandi hefði gagnvart fyrri söluaðila til að gera kröfu gildandi gagnvart fyrri söluaðila.

Í XV. kafla í norska frumvarpsins voru sem fyrr segir ákveðnar sérreglur um alþjóðleg kaup sem áttu sér fyrirmynd í SÞ-samningnum og voru nauðsynleg svo að lögunum yrði einnig beitt í alþjóðlegum kaupum. Þau ákvæði skyldu hins vegar ekki gilda í þjóðlegum kaupum og heldur ekki í norrænum kaupum.

7. Nánar um efni frumvarps til nýrra íslenskra kaupalaga.

7.1. Almenn atriði.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, byggist í meginatriðum á þeim tillögum til nýrra norrænna kaupalaga sem birtar voru í hinu samnorræna nefndaráliti, NU 1984:5, og gerð er grein fyrir í 6. kafla hér að framan. Þar sem leiðir skildi í hinum norrænu tillögum með einstökum ríkjum hefur að meginstefnu til verið fylgt þeirri leið sem Norðmenn völdu. Það felur í aðalatriðum í sér tvennt: Í fyrsta lagi eru ákvæði um neytendavernd í kaupalögunum sjálfum, en ekki í sjálfstæðum lögum um það efni. Í öðru lagi felst í þessu að almennar kauparéttarreglur, byggðar á hinum samnorræna grundvelli, hafa verið aðlagaðar ákvæðum SÞ-samningsins eftir því sem kostur er þótt einnig sé að finna í frumvarpinu sérákvæði sem eingöngu eiga að gilda í alþjóðlegum kaupum.

Norrænu ríkin byggja á tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar. Í því felst að reglur þjóðaréttarins verða ekki sjálfkrafa landslög í hefðbundnum skilningi, heldur þarf að lögfesta reglurnar samkvæmt reglum stjórnskipunarréttarins. Lögleiðing þjóðréttarreglna í landsrétt getur aðal-

lega gerst með tvennu móti. Annars vegar með svonefndri aðlögun (transformation) sem felst í því að þjóðréttarreglan er umskrifuð í þau lög sem samþykkt eru hverju sinni. Hins vegar getur þetta gerst með beinni lögleiðingu (inkorporation), en í því felst að sett eru stutt lög sem hafa nánast þann eina tilgang að vísa í viðkomandi þjóðréttarsamning, en hann hefur aftur að geyma efnisreglur þær sem lögfesta skal. SÞ-samningurinn gerir engar kröfur um það til aðildarríkja sinna hvernig hann skuli gerður að lögum landsins.

Í norræna vinnuhópnum voru eins og áður segir skiptar skoðanir um það á sínum tíma hvernig SÞ-samningurinn skyldi leiddur í landslög. Norðmenn héldu því fram að það skyldi gert með aðlögun, enda er fyrir því rík hefði í Noregi, en hin norrænu ríkin töldu réttara að gera það með beinni lögleiðingu. Hér á Íslandi er eins og í Noregi rík hefð fyrir því að aðlaga þjóðréttarsamninga íslensku lögum þegar þeir eru á annað borð lögteknir þótt frá því séu að vísu þó nokkrar undantekningar, og nægir í þeim efnum að vitna til 7. gr. meginmáls EES-samningsins. Með þetta í huga og þá staðreynd að hinn almenni borgari á almennt mun auðveldara með að tileinka sér alþjóðlegar reglur, ef þær eru aðlagaðar innlendum lögum, er í frumvarpi þessu á því byggt að efnisákvæði SÞ-samningsins verði aðlöguð almennum kaupalögum. Verður að telja þá aðferð að öllu leyti einfaldari til yfirlits og í framkvæmd. Þá ber og að hafa í huga í þessu sambandi að æskilegt er að sem mest samræmi sé á milli þjóðlegra og alþjóðlegra reglna á sviði lausafjárkaupa. Ástæðan er m.a. sú að þeir sem viðskipti stunda geta þá fremur reitt sig á að sömu eða svipaðar reglur gildi að meginstefnu til um sömu réttaratriðin hvort sem þau gerast á innlendum eða erlendum vettvangi. Þá skal og bent á að SÞ-samningurinn felur í sér ákveðna málamiðlun milli ólíkra viðhorfa þeirra ríkja sem að honum standa, og verður því að telja að aðlögun sé betur til þess fallin að tryggja nauðsynlegt samræmi í þessum efnum.

Lög um lausafjárkaup nr. 39/1922 gilda hvorki um fasteignakaup né um húsagerð og önnur mannvirki á fasteign, og breytir frumvarp þetta því ekki, sbr. 1. og 2. gr. þess. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir því að kaupalögum verði beitt um skaðsemisábyrgð, þ.e. skaðabótaábyrgð framleiðanda og dreifingaraðila á tjóni sem hlýst af ágalla á vöru sem þeir hafa framleitt eða dreift. Í þeim efnum gilda lög nr. 25/1991, en vissulega geta ávallt komið upp tilvik þar sem áhorfsmál er hvort beitt skuli ákvæðum þeirra laga eða almennra kaupalaga, og er það hlutverk dómstóla að draga nánari markalínur í þeim efnum.

Lög nr. 39/1922 eru frávíkjanleg, og verður það einnig meginregla nýrra kaupalaga ef frumvarp þetta verður að lögum. Frá því er þó undantekning að því er neytendakaup varðar, en þar er heimildin til að víkja frá ákvæðum laganna mjög takmörkuð. Í gildandi lögum er ekki að finna sérstök ákvæði um neytendakaup, en í frumvarpi þessu er á því byggt að lögin gildi um neytendakaup með þeim frávikum, sem þar koma fram. Er nánari grein gerð fyrir þeim frávikum í skýringum við einstakar greinar.

Í gildandi lögum um lausafjárkaup er víða gerður greinarmunur á einstaklega ákveðnum kaupum og tegundarkaupum, m.a. að því er skaðabætur varðar. Telja verður að þau rök, sem á sínum tíma lágu til grundvallar þessari aðgreiningu, eigi ekki lengur við, og því er í frumvarpi þessu frá því horfið að gera þennan mun í lögum. Aðgreiningin getur þó haft þýðingu í einstökum tilvikum, eins og nánar verður vikið að í skýringum við einstakar greinar. Í gildandi lögum er einnig greint á milli verslunarkaupa og almennra kaupa. Þau kaup eru verslunarkaup sem gerast milli kaupmanna í verslunarrekstri þeirra eða í þágu hans. Sérreglur um verslunarkaup fela í sér strangara mat á ýmsum sviðum, m.a. að því er varðar tilkynningar og rannsókn söluhlutar. Telja verður að þessi aðgreining gildandi laga hafi ekki lengur við rök að styðjast, og er því ekki á henni byggt í frumvarpinu. Hins vegar er ástæða til að greina á milli neytendakaupa og annarra kaupa, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Það getur samt sem áður

haft þýðingu í einstökum samböndum hvort um viðskipti milli manna í verslunarrekstri er að ræða, t.d. að því er varðar tilkynningar, og verður nánar vikið að þessu í skýringum við einstakar greinar.

Hvorki er í gildandi lögum né öðrum lögum að finna sérstök ákvæði sem gilda þegar um alþjóðleg kaup er að ræða. Úr því er bætt með ákvæði 5. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að ný kaupalög munu gilda um alþjóðleg kaup með þeim sérreglum sem í lögunum felast, sbr. einkum ákvæði XV. kafla.

Lengst af höfðu kaupalög á Norðurlöndum engin ákvæði að geyma um neytendakaup eða neytendavernd. Samnorræn vinnuhópurinn, sem samdi NU 1984:5, hafði ekki umboð til að fjalla sérstaklega um neytendakaup í tillögum sínum. Því var einstökum löndum heimilt að fara sínar eigin leiðir í þeim efnum og ákveða hvar reglum um neytendakaup skyldi skipað í lög og hvert skyldi vera nánara efni þeirra. Af því leiddi að í hinu samnorræna nefndaráliti fylgdi hvert land sinni stefnu í þessum efnum.

Öll ríki á Norðurlöndum að Íslandi frátöldu tóku á áttunda áratugnum upp í löggjöf sína viss ófrávíkjanleg ákvæði þegar í hlut áttu neytendur og kaupmenn. Í Danmörku og Noregi var sérstökum ákvæðum um þetta efni bætt í kaupalögin. Í Svíþjóð voru sett sérstök neytendakaupalög, og í Finnlandi voru settar reglur um neytendavernd í almennum lögum um það efni. Sú sérstaða, sem reglur um neytendakaup fengu með þessum hætti, byggðist ekki á efni reglnanna, heldur lýsti hún sér fyrst og fremst í því að óheimilt var að víkja frá vissum reglum laganna neytendum til tjóns.

Danir og Norðmenn fóru þá leið að láta kaupalagafrumvörp sín gilda um neytendakaup, og hafa þau að geyma nokkrar sérreglur um það efni. Þar að auki er stór hluti ákvæðanna ófrávíkjanlegur að því leyti sem frávik eru neytendum til tjóns. Í finnska frumvarpinu er gert ráð fyrir að það gildi í neytendakaupum að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum í almennum lögum um neytendavernd. Í sænska frumvarpinu er við það miðað að um neytendakaup séu sett sérstök lög þar sem við túlkun og fyllingu sé litið til almennra kaupalaga.

Eins og áður er komið fram hefur sú stefna verið mótuð í frumvarpi þessu að láta það einnig ná til neytendakaupa. Öðru fremur réði þeirri niðurstöðu það sjónarmið að heppilegra sé til yfirlits og glöggvunar fyrir hinn almenna borgara að hafa lagareglur um almenn kaup og neytendakaup í einum lagabálki. Yfirsýnin geti á hinn bóginn glatast ef lagareglunum yrði skipað í mismunandi bálka. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort það sé ekki heppilegt langtímamarkmið að setja sérstök neytendakaupalög ef þróun á sviði Evrópuréttar stefnir í þá átt. Ekki þykir hins vegar rétt að láta endurskoðun almennra kaupalaga bíða niðurstöðu varðandi þá þróun.

7.2. Yfirlit um efni einstakra kafla frumvarpsins.

Í I. kafla frumvarpsins (1.–5. gr.) er fjallað um gildissvið nýrra kaupalaga. Þar kemur fram að lögin gilda almennt um kaup lausafjár, þ.m.t. í neytendakaupum. Þau gilda hins vegar ekki fremur en gildandi lög um fasteignakaup, enda verður það að teljast viðfangsefni sérstakrar lagasetningar svo sem þróunin hefur orðið með öðrum þjóðum á Norðurlöndum. Kaflinn hefur einnig að geyma reglur um svið laganna gagnvart samningum um vinnu og aðra þjónustu, en ráðgert er af hálfu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins að leggja fram samhliða frumvarpi þessu sérstakt lagafrumvarp um þjónustukaup. Í frumvarpi þessu er lagt til að lögin verði frávíkjanleg, þ.e. annað samið eða annað leiðir af verslunarvenju eða annarri venju. Í frumarpinu er þó gengið út frá því að í neytendakaupum verði ekki hægt að víkja frá ákvæðum laganna neytendum til tjóns. Þá er einnig lagt til að kaupalögin gildi í alþjóðlegum kaupum. Í því felst, ef frumvarp þetta verður að lögum, að ákvæði SÞ-samningsins verða

leidd í íslenskan rétt með aðlögun. Af þessari ástæðu er í XV. kafla frumvarpsins að finna ákveðnar sérreglur um alþjóðleg kaup, auk þess sem á öðrum stöðum í frumvarpinu er að finna sérreglur sem eingöngu gilda í alþjóðlegum kaupum. Sérreglurnar um alþjóðleg kaup gilda ekki um kaup milli aðila í mismunandi ríkjum á Norðurlöndum.

Í II. kafla frumvarpsins (6.–11. gr.) eru reglur um afhendingu söluhlutar sem í aðalatriðum eru í samræmi við gildandi rétt. Reglurnar eru hins vegar nokkuð fyllri en í gildandi lögum, og er nánari grein gerð fyrir því í athugasemdum við einstakar greinar.

Reglur III. kafla frumvarpsins (12.–16. gr.) fjalla um áhættuna af söluhlut. Eins og í gildandi rétti er það aðalreglan samkvæmt frumvarpinu að áhættan af því að söluhlutur ferst, skemmist eða rýrnar af tilviljun flyst frá seljanda til kaupanda við afhendinguna. Eigi að síður eru í kaflanum sérreglur um ákveðin tilvik, auk þess sem kaflinn hefur að geyma nokkuð af nýjum og fyllri reglum, og er nánar að því vikið í athugasemdum við einstakar greinar.

Í IV. kafla frumvarpsins (17.–21. gr.) eru reglur um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Þar kemur fram hvaða eiginleika söluhlutur skal hafa til að bera og hvenær galli telst vera til staðar. Sérstakar reglur eru um ábyrgð seljanda á þeim upplýsingum sem hann gefur um hlutinn, um eiginleika hans og notkun. Auk þess hefur gaflinn að geyma ákvæði um þýðingu þess þegar hlutur er seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum álíka fyrirvara af hálfu seljanda. Enn fremur eru ákvæði um skyldur kaupanda til að rannsaka söluhlut og um það tímamark sem þýðingu hefur þegar það er metið hvort galli er til staðar eða ekki. Í aðalatriðum eru reglur kaflans svipaðar reglum gildandi réttar um sama efni, en í athugasemdum við einstakar greinar eru nýmæli skýrð.

Í V. kafla frumvarpsins (22.–44. gr.) eru ákvæði um úrræði kaupanda vegna vanefnda seljanda. Aðalreglan er sú að kaupandinn hefur öll sömu vanefndaúrræði og nú gilda samkvæmt lögum nr. 39/1922. Þar er þó það mikilvæga nýmæli að finna að kaupandinn hefur ótvíræðan rétt til þess að krefjast úrbóta af hálfu seljanda í tilefni galla, og réttur seljanda til að bæta úr göllum er rýmkaður. Að öðru leyti eru skilyrði vanefndaúrræða í stórum dráttum þau sömu og í gildandi rétti. Ekki er í lögunum gerður neinn eðlismunur á almennum kaupum og verslunarkaupum varðandi skilyrðin til þess að beita vanefndaúrræðum. Að því er varðar skaðabætur vegna vanefnda á samningi eru lagðar til nýjar reglur, bæði hvað varðar greiðsludrátt og galla. Munurinn á milli tegundarkaupa og einstaklega ákveðinna kaupa er felldur brott. Meginviðmiðunin samkvæmt frumvarpinu er sú að seljandinn er skaðabótaskyldur gagnvart kaupanda vegna vanefnda af sinni hálfu. Þetta gildir þó ekki ef vanefndina má rekja til hindrunar sem seljandinn gat ekki haft áhrif á og ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að seljandinn hafi haft hindrunina í huga við samningsgerðina, hann getað komist hjá hindruninni eða yfirunnið afleiðingar hennar. Hvað afleitt tjón varðar (óbeint tjón) ber seljandi samkvæmt frumvarpinu einungis ábyrgð gagnvart kaupanda að því tilskildu að um sé að kenna mistökum hans eða vanrækslu. Að öðru leyti er í kaflanum að finna almenn ákvæði um ábyrgð vegna réttarágalla og annarra krafna þriðja manns. Er hér um að ræða verulega rýmkun reglnanna miðað við gildandi rétt, og er ábyrgð vegna réttarágalla í aðalatriðum sú sama og vegna raunverulegra galla.

Í VI. kafla frumvarpsins (45.–50. gr.) eru ákvæði um skyldur kaupanda. Þar eru sérstök ákvæði um skyldur kaupanda til að ljá atbeina sinn að réttum efndum og um skyldu hans til að veita söluhlut viðtöku. Ákvæði þessi ber m.a. að skoða í því ljósi að frumvarpið hefur þann tilgang að hafa tæmandi ákvæði um skyldur aðila í réttarsambandi kaupanda og seljanda.

Í VII. kafla frumvarpsins (51.–60. gr.) eru reglur um kröfur seljanda vegna vanefnda af hálfu kaupanda. Ákvæði kaflans veita seljanda í aðalatriðum allar sömu heimildir og þær sem kaupandinn hefur samkvæmt frumvarpinu í tilefni vanefnda af hálfu seljanda

Í VIII. kafla frumvarpsins (61.–63. gr.) eru sameiginlegar reglur um fyrirsjáanlegar vanefndir, greiðsluþrot o.fl. sem í aðalatriðum eru þær sömu og að gildandi rétti.

Í IX. kafla frumvarpsins (64.–66. gr.) eru sameiginlegar reglur um riftun og skil á greiðslum sem í öllum aðalatriðum eru sambærilegar reglum gildandi réttar.

Í X. kafla frumvarpsins (67.–71. gr.) eru ítarlegar reglur um umfang skaðabóta og um kröfur til vaxta. Aðalreglan er sú að skaðabætur skulu bæta það tjón sem aðili hefur orðið fyrir, þar á meðal vegna útgjalda, verðmismunar og tapaðs hagnaðar sem aðili hefur beðið vegna vanefndarinnar. Kaflinn hefur og að geyma sérstaka skilgreiningu á því hvað sé óbeint tjón, en það hefur bæði þýðingu varðandi ákvörðun bótagrundvallar og við túlkun ábyrgðarleysisákvæða.

Í XI. kafla frumvarpsins (72.–78. gr.) eru ákvæði um umönnunarskyldur aðila. Reglur kaflans eru fyllri en ákvæði gildandi laga um sama efni og orðaðar með öðrum hætti, en þær eru þó ekki verulega frábrugðnar þeim efnislega. Í XII. kafla frumvarpsins (79.–81. gr.) er fjallað um skiptingu arðs og hagnaðar af söluhlut, og í XIII. kafla (82.–83. gr.) eru nokkur almenn ákvæði. Ákvæði XIV. kafla (84.–86. gr.) hafa að geyma nýjar reglur sem veita kaupanda rétt til þess að beina kröfum sínum að fyrri söluaðila með tilteknum skilyrðum. Í XV. kafla (87.–98. gr.) eru ákvæði um alþjóðleg kaup, og í XVI. kafla (99. gr.) eru ákvæði um gildistöku o.fl.

7.3. Ýmis nýmæli.

7.3.1. Ábyrgð vegna aukaskyldna.

Gildandi lög um lausafjárkaup hafa einvörðungu að geyma reglur um aðalskyldur aðila kaupsamnings og um afleiðingar vanefnda á slíkum skyldum. Aðalskylda seljanda samkvæmt lögunum felst í því að afhenda söluhlut í samningsbundnu ástandi á réttum stað og réttum tíma, en mikilvægasta skylda kaupanda felst í því að greiða umsamið kaupverð á réttum tíma. Gildandi kaupalög fjalla að vissu marki einnig um aðrar skyldur samningsaðila, t.d. þá skyldu kaupanda að veita söluhlut viðtöku og um ábyrgð seljanda vegna vanheimildar.

Í SÞ-samningnum er að finna reglur um ýmsar aðrar skyldur aðila en þær sem leiðir beint af samningi þeirra, t.d. skylduna til að framselja skjöl og senda söluhlut, og vanefndareglur SÞ-samningsins hafa einnig í huga brot á slíkum skyldum. Við samningu samnorræna nefndarálitsins skildi leiðir með Norðmönnum annars vegar og Dönum, Finnum og Svíum hins vegar hvað þetta atriði varðar. Afstaða Norðmanna var sú að kaupalög skyldu hafa að geyma reglur um allar skyldur aðila sem leiða má af kaupunum. Reglurnar um greiðsludrátt seljanda skyldu samkvæmt því einnig ná til dráttar á því að efna aðrar skyldur en þá að afhenda hlutinn. Með sama hætti skyldu gallareglurnar einnig ná til annarra ágalla á efndum af hálfu seljanda en þess að afhenda hlutinn. Að því er kaupanda varðar skyldu reglurnar um vanefndir einnig ná til vanefnda á öðrum skyldum en þeim að greiða kaupverðið. Afstaða Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands, var hins vegar sú að reglurnar um vanefndir skyldu einvörðungu eiga við um brot samningsaðila á mikilvægustu skyldum sínum samkvæmt kaupsamningi, þ.e. vegna afhendingardráttar, galla á söluhlut, vanheimildar réttarágalla og dráttar á greiðslu kaupverðs. Til viðbótar skyldi seljanda játaður réttur til riftunar og skaðabóta í ákveðnum tilvikum þegar kaupandi veitir ekki söluhlut viðtöku á umsömdum tíma, en um aðrar skyldur er ekki bein ákvæði að finna í tillögum þessara ríkja.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er tekið mið af því að þróun í framleiðslu, verslun og viðskiptum hefur haft það í för með sér að ýmsar aukaskyldur gegna í vissum tilvikum sífellt þýðingarmeira hlutverki í samskiptum samningsaðila. Því þykir eðlilegt að ný kaupalög hafi að geyma ákvæði um brot á slíkum skyldum. Aukaskyldur geta að vísu verið af margvíslegum toga sem erfitt er að sjá fyrir í öllum tilvikum, en eigi að síður þykir rétt að taka afstöðu til þeirra í frumvarpinu, eftir því sem unnt er, fremur en að láta réttarframkvæmdinni það alfarið eftir að móta reglur um það efni. Því er svo við þetta að bæta að reglurnar um aukaskyldur víkja í engum verulegum atriðum frá meginreglunum um aðalskyldurnar, heldur er þar að mestu um sömu reglur að ræða. Með þessari aðferð eru einnig styrkt tengslin við SÞ-samninginn.

7.3.2. Viðbótarfrestir.

Norska kaupalaganefndin kom á sínum tíma fram með þá tillögu að kaupandi skyldi hafa rétt til að setja seljanda viðbótarfrest þegar svo stóð á að vara var ekki afhent á réttum tíma. Áhrif viðbótarfrestsins skyldu vera þau að kaupandi gæti rift ef seljandi efndi ekki fyrir lok sanngjarns viðbótarfrests. Með sama hætti skyldi seljandi eiga rétt á að setja kaupanda viðbótarfrest í tilefni dráttar á greiðslu kaupverðsins. Að auki var við það miðað að kaupandi gæti sett sambærilegan frest til úrbóta í tilefni galla. Í 47. og 63. gr. SÞ-samningsins eru ákvæði sem með sama hætti veita kaupanda og seljanda rétt til að setja sanngjarnan viðbótarfrest til efnda af hálfu gagnaðila. Meðan fresturinn er að líða getur sá aðili, sem frestinn setti, ekki gert kröfur í tilefni vanefnda en getur þess í stað rift kaupum ef þau eru ekki efnd áður en viðbótarfresturinn rennur út.

Í samnorræna nefndarálitinu eru reglur um viðbótarfresti í norska frumvarpinu, og eru þau í samræmi við ákvæði SÞ-samningsins. Danir, Finnar og Svíar töldu hins vegar ekki þörf á að setja sérstakar reglur um viðbótarfresti, en frumvarpstextar þessara landa hafa eigi að síður að geyma reglur um afleiðingar þess að slíkum frestum er ekki sinnt, sbr. 27. og 60. gr. í frumvörpum landa þessara. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru eins og í norska frumvarpinu sérstakar reglur um viðbótarfresti, og eiga þær sér fyrirmynd í SÞ-samningnum. Þannig kemur t.d. fram sú regla í 2. mgr. 25. gr. að kaupandi getur rift kaupunum ef seljandi afhendir ekki söluhlut innan sanngjarns viðbótarfrest fyrir efndum, sem kaupandi hefur sett. Með svipuðum hætti er í 2. mgr. 54. gr. sú regla, að hægt er að rifta kaup, þegar kaupandi greiðir ekki kaupverðið innan sanngjarns viðbótarfrests sem seljandi hefur sett til efnda, og skv. 3. mgr. sömu greinar getur seljandi ekki rift kaupum meðan viðbótarfrestur er að líða. Að baki reglum frumvarpsins um viðbótarfresti býr fyrst og fremst það sjónarmið að slíkar reglur séu hentugar til að skapa hreinni línur í skiptum samningsaðila og að þær séu til þess fallnar að auka líkurnar á því að réttar efndir fari fram þótt eitthvað hafi farið úrskeiðis, og hlýtur það að teljast eftirsóknarvert.

7.3.3. Úrbætur og ný afhending.

Norræni vinnuhópurinn lagði ekki til neinar verulegar breytingar á reglum þágildandi réttar um heimildir kaupanda í tilefni greiðsludráttar af hálfu seljanda. Þá var og út frá því gengið í áliti vinnuhópsins að kaupandi skyldi eiga rétt til afsláttar, riftunar eða nýrrar afhendingar og skaðabóta ef greiðslan væri haldin galla, auk þess sem lagt var til að reglan um rétt kaupanda til að halda eigin greiðslu yrði lögfest. Hins vegar þótti ástæða til að breyta reglum þágildandi réttar um skilyrðin fyrir beitingu þessara úrræða og framsetningu reglna um þau að öðru leyti.

Norræni vinnuhópurinn lagði til að seljandi skyldi eiga rétt á að bæta úr galla ef það gæti gerst án verulegs óhagræðis fyrir kaupanda og án þess að kaupandi væri settur í þá áhættu að fá ekki kostnað sinn greiddan hjá seljanda. Ef það gæti gerst án ósanngjarns kostnaðar eða óhagræðis fyrir seljanda var lagt til að seljandinn væri skyldur til að bæta úr göllunum. Úrbætur ættu í öllum tilvikum að fara fram á kostnað seljanda og innan hæfilegs tíma frá því að kaupandi kvartaði.

Að því er nýja afhendingu varðar lagði norræni vinnuhópurinn til, í samræmi við reglur þágildandi réttar á Norðurlöndum, að forsendan fyrir rétti kaupanda til að krefjast nýrrar afhendingar væri sú að gallinn væri verulegur. Samkvæmt þágildandi rétti gat kaupandi aðeins krafist nýrrar afhendingar í tegundarkaupum. Þótt horfið hafi verið frá aðgreiningunni milli tegundarkaupa og einstaklega ákveðinna kaupa gat krafan um nýja afhendingu ekki átt við um allar tegundir kaupa eðli málsins samkvæmt. Þannig yrði nýrrar afhendingar t.d. ekki krafist þegar um var að ræða hlut sem var sérstaklega tilsniðinn fyrir kaupanda samkvæmt ákvörðunum hans sjálfs eða þörfum eða þegar hlutur var þess eðlis að annar hlutur gat ekki komið í hans stað. Það skyldi sem endranær vera skilyrði að ekki væri til staðar hindrun sem leysti seljandann undan þeirri skyldu að efna *in natura*.

Á framangreindum sjónarmiðum er byggt í frumvarpi þessu. Að baki reglum frumvarpsins býr það sjónarmið að sanngjarnt sé að kaupandi geti krafist þess að seljandi bæti úr göllum. Í mörgum tilvikum eru úrbætur hagkvæm lausn fyrir báða aðila, og því er ekki sanngjarnt að mótþrói seljanda geti staðið því í vegi. Hins vegar er einnig sanngjarnt að krafa um úrbætur geti ekki náð fram að ganga þegar slíkt hefur í för með sér óhæfilegan kostnað eða óhagræði fyrir seljanda. Enn fremur býr það sjónarmið að baki reglum frumvarpsins að seljandinn eigi að njóta rýmri réttar en samkvæmt gildandi lögum til að bæta úr göllum eða til að afhenda nýja hluti, sbr. 49. gr. gildandi laga. Í frumvarpinu er litið svo á að reglurnar um úrbætur og afhendingu nýrra hluta auki almennt líkur á því að réttar efndir fari fram þótt eitthvað hafi farið úrskeiðis, og hlýtur það einnig að vera eftirsóknarvert.

7.3.4. Skaðabætur.

Í gildandi rétti er bótaábyrgð seljanda vegna afhendingardráttar og galla mismunandi eftir því hvort um er að ræða tegundarkaup eða einstaklega ákveðin kaup. Í tegundarkaupum er aðalreglan sú að seljandi ber hlutlæga ábyrgð, en frá því eru þó undantekningar ef afhendingardrátt eða galla má rekja til nánar tilgreindra hindrana sem standa efndum í vegi, sbr. 24. gr. og 3. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922. Hindrun verður að vera með þeim hætti að efndir séu útilokaðar, og hún verður að auki að vera almenn, en í því felst að hindrun, sem snertir einungis hagsmuni viðkomandi seljanda en ekki annarra, nægir ekki til að leysa undan ábyrgð. Loks verða aðstæður að vera með þeim hætti að seljandi hafi ekki haft ástæðu til að hafa hindrunina í huga þegar kaup voru gerð.

Í einstaklega ákveðnum kaupum ber seljandi samkvæmt gildandi rétti ábyrgð á afhendingardrætti nema því aðeins að „drátturinn var ekki honum að kenna“. Seljandinn ber með öðrum orðum sakarábyrgð með öfugri sönnunarbyrði. Í framkvæmd hefur seljandi einnig samkvæmt reglunni verið gerður ábyrgur vegna gáleysis starfsmanna sinna og annarra sem hann hefur falið að efna kaup fyrir sína hönd. Þá getur seljandi einnig orðið ábyrgur ef hann sýnir af sér gáleysi við samningsgerð. Loks er ábyrgð lögð á seljanda á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar, auk þess sem hann ber ábyrgð á því að fjárskortur hindri ekki efndir.

Þegar einstaklega ákveðinn hlutur er haldinn galla ber seljandi bótaábyrgð ef gallann er að rekja til vanrækslu eða svika af hans hálfu, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Þar að auki ber seljandi ábyrgð án sakar ef söluhlutur hefur ekki þá eiginleika til að bera sem selj-

andi hefur ábyrgst sérstaklega. Seljandi ber hér einnig ábyrgð á þeim mönnum sem hann hefur falið að annast samninga fyrir sína hönd. Samkvæmt 30. gr. gildandi laga ber kaupandi hlutlæga ábyrgð vegna dráttar á greiðslu kaupverðs, en sú ábyrgð takmarkast með þeim hætti sem greinir í 24. gr. laganna.

Norræni vinnuhópurinn var á sínum tíma þeirrar skoðunar að reglur gildandi laga á Norðurlöndum um bótaábyrgð seljanda í lausafjárkaupum vegna greiðsludráttar væru ófullnægjandi. Benti vinnuhópurinn á að almennt væri viðurkennt að sú regla að aðeins almennur ómöguleiki gæti leyst seljanda undan ábyrgð í tegundarkaupum væri allt of ströng. Þar við bættist að mismunandi bótaábyrgð, eftir því hvort um væri að ræða tegundarkaup eða einstaklega ákveðin kaup, væri of formföst og tæki lítið tillit til þeirra kaupa þar sem erfitt er að byggja á þessari aðgreiningu. Þá taldi hópurinn einnig æskilegt að færa reglurnar um ábyrgð vegna greiðsludráttar til samræmis við reglur SÞ-samningsins.

Reglur frumvarps þessa um bótaábyrgð seljanda vegna greiðsludráttar og galla fela í sér talsverða breytingu miðað við gildandi rétt. Með þeim er lagt til að meginreglan sé sú að seljandinn beri svokallaða stjórnunarábyrgð í báðum tilvikum, og er það í samræmi við reglur SÞ-samningsins. Ekki er þó eingöngu byggt á slíkri ábyrgð að því er galla varðar, sbr. 3. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Að því er varðar galla sérstaklega samkvæmt frumvarpinu gildir áfram sú regla gildandi réttar að kaupandi á ávallt rétt til skaðabóta ef hlutur var þegar við samningsgerð ekki í samræmi við það sem heitið var af seljanda. Þá er hann einnig ábyrgur ef hlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hlutinn, eiginleika hans og not. Þá ber seljandi einnig bótaábyrgð ef hann vanrækir að bæta úr göllum eða sýnir af sér saknæmt atferli við úrbæturnar.

Ekki var farin sú leið í frumvarpinu að byggja á mismunandi bótaábyrgð eftir því hvers eðlis tjónið er. Í því felst að stjórnunarábyrgðin gildir bæði fyrir seljanda og kaupanda og um allar tegundir vanefnda. Óbeint tjón bætist þó því aðeins að samningsvanefnd sé að rekja til mistaka eða vanrækslu. Þegar um galla er að ræða er áfram byggt á ábyrgð vegna þeirra eiginleika sem seljandi hefur heitið sérstaklega.

Í stjórnunarábyrgðinni felst að samningsaðili ber ábyrgð á efndum kaupsamningsins, nema því aðeins að einhver sú hindrun standi efndum í vegi sem hann getur ekki yfirunnið, og verður þessum hindrunum nánar lýst síðar. Ábyrgðarreglan hefur einkenni vísireglu, og geta áhrif hennar samkvæmt því verið mismunandi, allt eftir því í hvers konar samböndum henni er beitt, og þar hefur eðli kaupa ekki hvað síst þýðingu. Samkvæmt því má segja að ábyrgð seljanda sé strangari eftir því sem tegundareinkenni skyldunnar eru meiri og möguleikinn og þörfin á staðgönguráðstöfunum er meiri. Þetta þýðir að þegar um er að ræða vörur sem ákveðnar eru eftir tegund og þær eru almennt til á þeim markaði sem um ræðir er yfirleitt um bótaábyrgð seljanda að ræða. Þá er og ástæða til að undirstrika að sé hindrun fyrir hendi leysir hún ekki undan bótaábyrgð í lengri tíma en hún varir, sbr. 3. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Munurinn á reglum frumvarpsins og gildandi lögum er helstur sá að reglur frumvarpsins eru fyllri og ábyrðin er heldur mildari í samanburði við tegundarkaup samkvæmt gildandi lögum. Það birtist í því að ekki er þess fortakslaust krafist að ómöguleikinn sé algerlega hlutlægur, og þær tegundir hindrana, sem leyst geta undan ábyrgð, eru ekki takmarkaðar með sama hætti og í gildandi lögum. Í einstaklega ákveðnum kaupum leiðir stjórnunarábyrgðarreglan til heldur strangari ábyrgðar en samkvæmt gildandi rétti, m.a. vegna þess að ekki er krafist sakar hjá seljanda. En þar sem inntak stjórnunarábyrgðar er mismunandi eftir eðli

kaupa verður munurinn þó ekki ýkja mikill í dæmigerðum einstaklega ákveðnum kaupum. Stjórnunarábyrgðarreglan nær til allra þeirra tilvika sem nú falla undir 23. gr. gildandi laga.

Að því er samanburð við gildandi rétt varðar verður að auki að hafa í huga að samkvæmt frumvarpinu bætist óbeint tjón eingöngu ef um er að ræða sök. Það sem hér hefur verið sagt um ábyrgð seljanda gildir með sama hætti um ábyrgð kaupanda vegna greiðsludráttar og vanefnda á öðrum skyldum samkvæmt kaupsamningnum. Þegar um er að ræða greiðsludrátt af hálfu kaupanda er regla frumvarpsins um ábyrgð kaupanda í 57. gr. frumvarpsins þó orðuð með nokkuð öðrum hætti en í 27. gr. þess, og í því tilviki er engin sérregla um óbeint tjón.

Til þess að seljandinn losni undan skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum frumvarpsins þarf fjórum skilyrðum að vera fullnægt. Í fyrsta lagi þarf að vera fyrir hendi hindrun, sem veldur seinkun á afhendingu og stendur umsömdum efndum í vegi. Í öðru lagi þarf hindrunin að vera seljandanum ofviða. Í þriðja lagi þarf hindrunin að vera þess eðlis að ekki sé með sanngirni hægt að ætlast til þess að seljandinn hafi átt að hafa hana í huga við samningsgerðina. Í fjórða lagi er það skilyrði að ekki sé hægt að ætlast til þess að seljandinn geti komist hjá eða yfirunnið hindrunina. Það er ekki skilyrði að um sé að ræða hlutlægan ómöguleika í þeim skilningi að ómöguleikinn eigi við um hvaða seljanda sem er. Þótt orðalagið „hindrun“ geti bent til þess að það eigi í raun og veru að vera ómögulegt fyrir seljandann að efna samninginn er ekki að öllu leyti hægt að gera svo strangar kröfur. Því er það ekki skilyrði að um algjöran ómöguleika sé að ræða. Til staðar geta verið atvik sem gera efndir ekki algjörlega ómögulegar, en þessi atvik það eigi að síður svo sérstaklega erfitt að efna að atvikið á grundvelli hlutlægs mats leiðir af sér hindrun á efndum. Dæmi um atvik, sem geta leitt til efndahindrana, eru stríð, náttúruhamfarir eða alvarlegur bruni, verkföll eða útflutnings- og innflutningsbönn. Að öðru leyti má að mestu vísa til þess sem segir í athugasemdum við 27. gr. og 40. gr. frumvarpsins um bótaábyrgð þessa.

7.3.5. Óbeint tjón.

Um óbeint tjón er fjallað í 2. mgr. 67. gr. frumvarpsins, og þar er að finna skilgreiningu á því hugtaki. Ástæður þess að óbeint tjón er skilgreint eru tvær. Í fyrsta lagi leiðir það af skilgreiningunni að allt tjón annað en óbeint tjón fellur undir stjórnunarábyrgðarregluna. Í öðru lagi hefur skilgreiningin þýðingu sem leiðbeiningarregla við túlkun ábyrgðarleysisákvæða með tilliti til óbeins tjóns, sbr. t.d. 4. mgr. 27. gr. frumvarpsins.

Hugmyndin að baki ákvæðinu er að afmarka fjarlægar og lítt útreiknanlegar tjónsáhættur sem erfitt var að sjá fyrir þegar hið fjárhagslega tjón er metið. Hafa verður í huga að ekki er um óbein tjónn að ræða, nema aðili hafi með sanngirni séð það fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 67. gr. Krafa þessi um hugsanlega afleiðingu setur því í fyrsta lagi takmörk hvaða tjón skuli bætt sem beint tjón. Hún takmarkar í öðru lagi einnig ábyrgð bæði varðandi beint og óbeint tjón í alþjóðlegum kaupum, sbr. 3. mgr. 70. og 74. gr. SÞ-samningsins. Skilgreiningin á óbeinu tjóni á að meginstefnu til við hvort heldur sem um vanefnd af hálfu kaupanda eða seljanda er að ræða, en í framkvæmd reynir sjálfsagt fyrst og fremst á óbeint tjón þegar um vanefnd af hálfu seljanda er að ræða. Ekki kemur beinlínis fram í ákvæðinu hvað telst beint tjón, en þá ályktun má draga með gagnályktun frá ákvæðinu. Hefðbundið beint tjón er t.d. þeir kostnaðarliðir sem nefndir eru í 1. mgr., glataður ávinningur seljanda vegna riftunar og minnkað verðgildi gallaðs hlutar hjá kaupanda. Skilgreiningunni á óbeinu tjóni er skipt upp í fjórar ólíkar tegundir í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar, og vísast til þess sem þar segir.

7.3.6. Vanheimild og aðrar kröfur þriðja manns.

Í gildandi kaupalögum, nr. 39/1922, er engin almenn ákvæði að finna um vanheimild og önnur ósamrýmanleg réttindi þriðja manns, en í 59. gr. er mælt fyrir um skaðabótaskyldu þegar um ákveðna tegund vanheimildar er að ræða. Full þörf er á því að ný kaupalög hafi að geyma fyllri reglur um vanheimild og önnur ósamrýmanleg réttindi þriðja manns en er að finna í gildandi lögum, enda er það í samræmi við SÞ-samninginn. Nú er það mjög algengt að stofnað sé til takmarkaðra réttinda yfir lausafé, ekki síst þegar um er að ræða hluti af ákveðinni stærð og verðgildi. Þá má og búast við því að gildistaka nýrra laga um samningsveð hér á landi 1. janúar 1998 leiði til aukinna veðsetninga á lausafé, enda er meginmarkmið þeirra laga að auka heimildir til sjálfsvörsluveðsetninga í lausafé.

Takmörkuð réttindi yfir lausafé, sem kaupandi verður að virða, geta verið jafnbagaleg fyrir hann og raunverulegur galli á söluhlut. Það verður því að teljast mikill fengur að skýrum lagareglum um þessi tilvik, þar á meðal um það tilvik þegar þriðji maður heldur því fram að hann eigi réttindi yfir söluhlut, en það hefur ekki verið staðfest, sbr. 3. mgr. 41. gr. frumvarpsins. Réttindi þau, þar sem þriðji maður kann að eiga í hlut, geta verið margvísleg. Kröfur, sem byggjast á því að þriðji maður eigi hugverka- eða auðkennaréttindi yfir hlut, eru ekki eins algengar og venjulegar vanheimildarkröfur, en þær geta eiga að síður verið raunhæfar og valdið kaupanda vandkvæðum. Afstaða gildandi réttar til slíkra krafna er óljós, og er því fyllsta þörf á skýrum lagareglum einnig um það efni, svo sem ráðgert er í 4. mgr. 41. gr. frumvarpsins. Hins vegar þykir ekki ástæða til að hafa að öllu leyti eins strangar reglur um bótaábyrgð í þessum tilvikum og almennt gildir um vanheimild, sbr. 2. mgr. 41. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er ekki að finna almenna skilgreiningu á vanheimild svo sem var í tillögum norræna vinnuhópsins. Af ákvæðum 1. mgr. 42. gr. leiðir þó óbeint hvenær vanheimild telst vera til staðar. Ákvæðið nær bæði til þess tilviks þegar annar maður er eigandi hlutar (fullkomin vanheimild) og þess tilviks þegar þriðji maður á veðrétt eða annars konar takmörkuð réttindi yfir honum (vanheimild að hluta). Þegar um fullkomna vanheimild er að ræða er hugsanlegt að seljandinn eigi engan rétt yfir hlutnum, t.d. vegna þess að hlut hefur verið stolið. Einnig er hugsanlegt að seljandinn eigi aðeins óbein eignarréttindi yfir hlutnum.

7.3.7. Atbeini kaupanda að efndum.

Í frumvarpinu er að finna margvísleg ákvæði um skyldur kaupanda til að ljá atbeina sinn að efndum, sbr. ákvæði 50. gr., 2. mgr. 51. gr., 53. gr. og 60. gr. frumvarpsins. Ákvæði þessi, sem ekki er að finna í gildandi lögum, verður að skoða í því ljósi að frumvarpið hefur ekki einungis að geyma ákvæði um aðalskyldur aðila í samningssambandinu, heldur einnig um aukaskyldur þeirra, eins og áður er rakið í almennum athugasemdum hér að framan. Ákvæði af þessu tagi eiga sér fyrirmynd í SÞ-samningnum. Að öðru leyti verður að vísa til skýringa við framangreindar frumvarpsgreinar.

7.3.8. Krafa á hendur fyrri söluaðila.

Eins og fram kemur í skýringum við 84. gr. frumvarpsins hér á eftir er í gildandi lögum ekki að finna ákvæði um rétt kaupanda til þess að koma fram með kröfur á hendur fyrri söluaðila í tilefni galla. Í fræðikenningum og réttarframkvæmd hefur verið umdeilt að hve miklu leyti slíkur almennur réttur getur verið til staðar. Við endurskoðun norsku kaupalaganna 1974 var í 49. gr. a lögfest ákvæði sem veitti kaupanda í neytendakaupum heimild til að koma fram með kröfur á hendur fyrri söluaðila í tilefni galla. Rök reglunnar voru þau að sá

aðili, sem seljandi keypti af, ætti ekki að geta losnað undan galla sem rekja mátti til hans þótt kaupandinn gæti af einhverri ástæðu ekki komið fram kröfu sinni á hendur seljandanum.

Í norræna vinnuhópnum var ágreiningur um það hvort og að hvaða marki ný kaupalög ættu að hafa að geyma ákvæði um þetta efni. Af hálfu Dana, Svía og Finna var ekki talin ástæða til að lögfesta reglur um annað en réttarsamband seljanda og kaupanda. Því gera lög í þessum löndum ráð fyrir að kaupandi geti aðeins komið fram með kröfu á hendur þeim aðila sem hann er í beinu samningssambandi við. Af hálfu Norðmanna var hins vegar talin fyllsta ástæða til að hafa reglur um þetta efni í nýjum kaupalögum. Aðalrökin voru þau að galla í söluhlut væri oft að rekja til fyrri söluaðila, t.d. framleiðanda. Hagkvæmt gæti verið fyrir kaupanda að beina kröfum sínum beint að slíkum aðila í stað seljanda. Kaupandi gæti í það minnsta haft þörf fyrir slíka heimild þegar atvik væru með þeim hætti að erfitt væri að koma fram ábyrgð á hendur viðsemjanda sínum. Þörfin væri einkum til staðar þegar seljandi væri í greiðsluvandræðum.

Á framangreind rök Norðmanna má fallast, og er því í frumvarpinu að finna ákvæði sem veita kaupanda, að vissum skilyrðum fullnægðum, rétt til þess að beina kröfum sínum beint að fyrri sölulið. Er hér um ákveðna tegund af hinum svonefnda „springende regres" að ræða. Þá skal og vakin athygli á því að í frumvarpinu er að finna sérreglur um beitingu þessarar heimildar í neytendakaupum, sbr. nánar 2. mgr. 84. gr. Um skýringu þess ákvæðis vísast til þess sem fram kemur í athugasemdum við þá grein.

8. Lokaorð.

Neytendaréttur hefur verið í örri þróun á síðustu árum jafnt á Íslandi sem í öðrum ríkjum á Norðurlöndum. Eins og getið var um í 5. kafla hér að framan voru gerðar lagabreytingar í öðrum ríkjum á Norðurlöndum á áttunda áratugnum í þá átt að auka vernd neytenda, ýmist með setningu sérstakra laga um neytendakaup eða með því að gera ýmis ákvæði í kaupalögum þessara ríkja ófrávíkjanleg, ef um var að ræða neytendakaup. Á Íslandi varð niðurstaðan hins vegar sú að bíða átekta með lagasetningu á þessu réttarsviði, enda var þá þegar hafin umræða um nauðsyn þess að endurskoða gildandi lög um lausafjárkaup, m.a. með hliðsjón af réttarþróun á Norðurlöndum, svo og annars staðar.

Á undanförnum árum hefur mikil áhersla verið lögð á aukna vernd fyrir neytendur á öllum sviðum, og hefur umfang neytendaverndar vaxið ört hér á landi. Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var ákveðið að eitt svið samninganna skyldi vera um neytendavernd, og með aðild Íslands að EES skuldbundu stjórnvöld sig til þess að setja í innlendan rétt ýmsar tilskipanir EB, þar á meðal á þessu réttarsviði. Í viðauka XIX (neytendavernd) í EES-samningnum er að finna upptalningu þeirra EB-gerða sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn.

Ný lagafyrirmæli hafa verið sett til þess að fullnægja framangreindum samningsskyldum Íslands og/eða gerðar nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum til þess að innleiða ákvæði tilskipananna. Frá gildistöku samningsins hafa því verið sett lög um vernd neytenda gegn villandi auglýsingum, lög um húsgöngu- og fjarsölu og lög um neytendalán, reglur settar um verðmerkingar og ótvírætt einingaverð á vöru, lög um alferðir, lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis (time-share) svo dæmi séu nefnd af þessu réttarsviði. Auk þess hefur ákvæðum samningalaganna verið breytt í því skyni að styrkja réttarstöðu neytenda gagnvart óréttmætum samningsskilmálum í viðskiptum, en spor í þá átt hafði áður verið stigið með setningu laga nr. 11/1986.

Jafnframt því að efnisréttur hér á landi hefur þróast samkvæmt framansögðu að mestu leyti til samræmis við efnisrétt annarra ríkja á Norðurlöndum hefur einnig verið lögð áhersla

á annars konar samstarf um málefni neytenda, t.d. á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar, svo sem með þátttöku í ýmsum fastanefndum, sem fjalla um neytendamál o.fl., enda rík hefð fyrir náinni samvinnu milli norrænu landanna á sviði kaupa- og neytendaréttar. Ísland tekur einnig þátt í samvinnu aðildarríkja ESB á sviði neytendamála, en í bókun 31 við EES-samninginn er að finna ályktun ráðsins frá 13. júlí 1992 um mikilvægustu framtíðarverkefni við mótun stefnu um neytendavernd, sbr. 92/C 186/01.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er sem fyrr segir að finna margvísleg ákvæði um neytendakaup sem verða nýmæli í íslenskri löggjöf ef frumvarpið verður að lögum. Horfa ákvæði þessi öll tvímælalaust í þá átt að styrkja mjög og efla réttarstöðu neytenda. Lögfesting slíkra reglna mun því samkvæmt framansögðu fylla inn í þá eyðu sem myndast hefur hér á landi í annars heildstæðri löggjöf á sviði neytendaverndar. Vernd neytenda á Íslandi verður þá orðin sambærileg að lögum og tíðkast í nágrannaríkjum okkar. Framvegis mun því verða unnt að leggja áherslu á að innlend löggjöf fylgi réttarþróun í grannríkjum okkar og á fjölþjóðlegum vettvangi, auk þess sem áherslan mun í framtíðinni beinast að ýmsum atriðum sem varða framkvæmd neytendaverndar hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins eru ákvæði um gildissvið laganna. Þar kemur m.a. fram að þau gilda um kaup nema á annan veg sé mælt í lögum eða samningur eða viðskiptavenja leiði til annarrar niðurstöðu. Þó er sérstaklega tekið fram að lögin gilda ekki um fasteignakaup. Hins vegar gilda þau um skipti eftir því sem við á. Einnig er gert ráð fyrir því að lögin gildi um svonefnd pöntunarkaup, en þau gilda ekki um þjónustusamninga, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Lögin ná einnig til neytendakaupa, en þau eru skilgreind í 4. gr. frumvarpsins. Oft gilda þó sérreglur um neytendakaup, og er nánari grein gerð fyrir því í öðrum ákvæðum laganna. Loks gilda lögin um alþjóðleg kaup. Ákvæði um þau eru einkum í 5. gr. og XV. kafla. Nýmæli kaflans felast einkum í ákvæðunum um neytendakaup og alþjóðleg kaup.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta er orðað með nokkuð öðrum hætti en 1. gr. gildandi kaupalaga, en þó er ekki stefnt að efnisbreytingu. Greinin fjallar um gildissvið kaupalaganna. Í 1. gr. frumvarpsins er ekki fjallað um það að hve miklu leyti kaupalögin eru frávíkjanleg, en um það efni eru ákvæði í 3. og 4. gr., sbr. einnig ákvæði 2. og 5. gr. frumvarpsins.

Hugtakið kaup er ekki skilgreint í frumvarpinu. Ástæðan er sú að hugtakið kaup hefur til þessa haft tiltölulega skýra merkingu í daglegu máli og lagamáli. Með kaupum er venjulega átt við gagnkvæman samning þar sem annar aðili (seljandi) lætur af hendi eða lofar að láta af hendi einhverja eign til hins aðilans (kaupanda), en kaupandi greiðir eða lofar að greiða seljanda peninga sem endurgjald fyrir eignina. Gjafagerningar falla utan gildissviðs kaupalaganna. Samt sem áður er eðlilegt að nokkur ákvæði frumvarpsins taki einnig til gjafaloforða, einkum þegar um svonefnda gjafasölu er að ræða, þ.e. þegar segja má að eitthvert endurgjald komi á móti.

Samningar um leigu og önnur afnot hlutar falla ekki undir gildissvið kaupalaganna. Ef samið hefur verið um leigu eða kaupleigu með rétti til handa leigutaka eða kaupleigutaka til þess að kaupa hlutinn í lok leigutíma getur verið erfitt að greina á milli leigu og kaupa. Það leikur tæpast vafi á því að ákvæðum kaupalaganna verður beitt ef leigjandinn beitir rétti sínum til þess að kaupa. Engu að síður gilda ákvæði frumvarpsins ekki án fyrirvara um leigusambandið meðan rétturinn til kaupa hefur ekki verið notaður. Samningar um hugsanleg kaup

og samningar um forkaupsrétt teljast ekki til kaupa. Aftur á móti ná kaupalögin til skilyrtra kaupsamninga.

Af ákvæðum 1. mgr. leiðir þá meginreglu að kaupalögin gilda um allar tegundir kaupa. Þau gilda því í neytendakaupum, alþjóðlegum kaupum og kaupum með afborgunarskilmálum. Um neytendakaup verður nánar rætt í skýringum við 4. gr., og um alþjóðleg kaup verður nánar rætt í skýringum við 5. gr. og XV. kafla frumvarpsins.

Skírskotun 1. mgr. til þess að annað geti leitt af lögum snýr bæði að öðrum ákvæðum í kaupalögunum sjálfum og að ákvæðum í öðrum lögum. Í kaupalögunum koma slíkar takmarkanir á gildissviðinu t.d. fram í 2.–5. gr., 2. mgr. 15. gr. og lokamálslið 26. gr. frumvarpsins. Erfitt er að finna dæmi um önnur lög sem kveða svo á að kaupalögin skuli ekki gilda um tiltekin kaup. Aftur á móti getur frekar komið fyrir að önnur lagaákvæði komi þá í stað ákvæða kaupalaganna eða til viðbótar þeim. Dæmi um þetta er lög um húsgöngusölu.

Kaupalögin gilda ekki um fasteignakaup. Engu að síður má beita ýmsum ákvæðum þeirra við fasteignakaup með lögjöfnun. Á hinn bóginn eru fasteignakaup þess eðlis að mörg álitaefni verða aðeins leyst á grundvelli sérstaks eðlis þeirra. Enginn vafi leikur á að kaup á einstökum hlutum til húsbygginga teljast til kaupa samkvæmt frumvarpinu þótt ætlunin sé að fella þá saman í hús eða önnur mannvirki.

Allir lausafjármunir falla undir gildissvið laganna. Þau ná til áþreifanlegra hluta eins og húsgagna og verðbréfa og óáþreifanlegra hluta eins og munnlegra krafna og réttinda. Skiptir ekki máli í því sambandi þótt notuð séu hugtökin *söluhlutur* eða *hlutur*, sbr. t.d. 12. og 13. gr. Gildissvið kaupalaganna er því að þessu leyti rýmra en gildissvið 5. gr. SÞ-samningsins. Enn fremur ná lögin til kaupa á tölvuforritum. Slík forrit kunna að vera á disklingi, en þau geta einnig verið á hörðum diski sem fylgir við kaup á tölvuvélbúnaði. Í slíkum tilvikum liggur verðmætið í forritinu sjálfu og eiginleikum þess.

Sumir hlutir eru þess eðlis að þeir verða ekki framseldir, svonefndir „res extra commercium“. Ekki er eðlilegt að kaupalögin gildi um slíka hluti. Sem dæmi um þetta má nefna lifandi menn eða lík manna. Viðskipti með einstaka líkamshluta lifandi eða látinna manna geta þó verið raunhæf í tengslum við líffæraígræðslu og í öðrum svipuðum tilvikum. Einstök sérlagaákvæði setja þó slíkum viðskiptum ákveðin takmörk, m.a. vissar kröfur um samþykki, sbr. lög um brottnám líffæra og krufningar. Hlutur getur einnig verið óframseljanlegur vegna þess að litið er á hann sem helgan eða óskerðanlegan, t.d. ýmsir kirkjulegir munir. Framsalstakmarkanir kunna einnig að gilda samkvæmt sérstökum lögum, t.d. samkvæmt þjóðminjalögum.

Suma hluti má ekki selja vegna skaðlegra eiginleika þeirra eða annarra ástæðna, t.d. fíkniefni eða heimabruggað áfengi. Samningur um kaup eða sölu á heimabruggi getur ekki öðlast lögvernd fyrir íslenskum dómstólum. Af þeim sökum er heldur ekki eðlilegt að kaupalögin gildi um slík kaup. Aðstaðan er önnur ef unnt er að fá sérstakt leyfi til þess að selja viðkomandi vöru en það leyfi er ekki fyrir hendi þegar sala fer fram. Sem dæmi má nefna það tilvik þegar kaupmaður selur vindlinga sem hefur verið smyglað inn í landið. Kaupalögin gilda þá um slík viðskipti, en segja má að eins konar vanheimild yfir hlutnum sé til staðar.

Samningar um sölu á raforku teljast ekki til kaupa. Ástæðan er sú að rafmagn er að jafnaði afhent í órofinni starfsemi, og raforka verður ekki afmörkuð á sama hátt og aðrir hlutir. Svipuð sjónarmið eiga við um sjónvarpssendingar með leiðara. Hér má segja að afhendingin sé skyldari leigu þar sem hún er órofin. Kapalfyrirtækið er yfirleitt eingöngu miðlari merkja frá sjónvarpsfyrirtæki, og aðstaðan líkist því talsvert afhendingu á raforku. Miðlun upplýsinga með tölvutengingu er hins vegar skyldari kaupum, t.d. beinlínutenging við upplýsingabanka. Hér er um að ræða vissar upplýsingar, sem pantaðar eru fyrir fram, og greitt er fyrir

þær, eftir atvikum með áskrift. Þessi viðskipti hafa einkum sérstöðu varðandi afhendingu hins selda, en það þykir þó ekki geta valdið neinum úrslitum í þessu efni. Nefna má til samanburðar að afhending á gasi, olíu og vatni fer fram í gegnum leiðslur, en þar hefur þó verið talið að um kaup sé að ræða. Að því er heitt og kalt vatn varðar gilda um það sérstök lög og gjaldskrár. Sú afhending er því háð sérstökum lögum, en ekki er útilokað að einstakar reglur kaupalaganna geti átt við um hana ef eðlisrök leiða til slíkrar niðurstöðu.

Í 2. mgr. greinarinnar kemur fram að kaupalögin gilda einnig um skipti, eftir því sem við getur átt. Efnislega sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 2. gr. gildandi kaupalaga. Þegar um skipti er að ræða er oft eðlilegt að líta á hvorn aðila um sig sem seljanda að því er snertir það verðmæti sem hann hefur lofað að láta af hendi og jafnframt að telja hvorn um sig sem kaupanda að því er varðar það verðmæti sem hann hefur fengið loforð um að fá framselt. Því gilda t.d. samtímis reglurnar um forrannsókn og um skyldu til þess að veita hlutnum viðtöku af beggja hálfu. Hins vegar eiga ekki allar reglur kaupalaganna við um skipti. Það á t.d. við um ákvæði laganna um kaupverð og fleiri ákvæði.

Samningar, sem í daglegu tali eru venjulega kallaðir skipti, geta í raun verið tvenn sjálfstæð kaup samkvæmt kaupalögum. Þetta gildir t.d. þar sem maður hefur keypt nýjan bíl og seljandinn tekur gamla bílinn upp í sem hluta kaupverðs. Yfirleitt er ekki nauðsynlegt að gera mun á þessum tilvikum sérstaklega þar sem lögin gilda einnig um skipti. Svipuð sjónarmið virðast gilda þegar önnur greiðslan er viðskiptabréf. Þó skal tekið fram að erfitt getur verið að leysa úr því að hve miklu leyti ákvæði laganna eiga við um slíkar aðstæður.

Ákvæði 2. mgr. gilda einungis um skipti á hlutum. Ef hlutur er seldur gegn öðru gagngjaldi en peningum, t.d. fasteign eða vinnuframlagi, er vafasamt hvort kaupalögin eiga beint við. Ákvæði kaupalaganna um skyldur kaupanda eru sett með það í huga að endurgjaldið sé peningar. Þrátt fyrir þetta er þó einnig eðlilegt að beita hér kaupalögunum svo langt sem þau ná á samninga þar sem endurgjaldið er fólgið í öðru en peningum.

Um 2. gr.

Ákvæðið fjallar um pöntunarkaup og þjónustusamninga. Af ákvæðinu leiðir að pöntunarkaup falla undir gildissvið laganna, en þjónustusamningar utan þeirra. Í gildandi kaupalögum er fjallað um pöntunarkaup í 1. mgr. 2. gr., en ekki er þar að finna neina skilgreiningu gagnvart þjónustusamningum. Í heild er ekki stefnt að neinum meginbreytingum að því er gildandi rétt varðar.

Ákvæði 1 mgr. á við, þegar sá sem pantar hlut er búa skal til lætur ekki í té verulegan hluta efnis til framleiðslunnar. Sem dæmi má nefna það tilvik þegar maður pantar eldhúsinnréttingu. Ef smiðurinn leggur jafnframt til efnið í eldhúsinnréttinguna er um kaup að ræða. Ef sá sem pantar leggur jafnframt til efnið er hins vegar ekki um kaup að ræða, heldur verksamning. Í framkvæmd eiga pöntunarkaup helst við þegar um er að ræða einstaklingsbundna handverksframleiðslu eða verksmiðjuframleiðslu, t.d. samninga um smíði skipa, byggingu flotbryggja og kaup á sérhönnuðum vélum. Raðsmíðaðir hlutir geta einnig fallið hér undir. Pöntunarkaup geta einnig falist í efnasamruna og gróðurrækt. Sem dæmi má nefna þegar kaupandi pantar ákveðinn fjölda skrautblóma í garðyrkjustöð sem eiga að ná vissri stærð áður en þau eru afhent.

Í ákvæðinu kemur fram skilyrði um „verulegan hluta efnis“. Ef kaupandinn lætur í hlut allt efnið eða verulegan hluta þess eiga ákvæði kaupalaganna ekki við. Við skýringu hinna tilvitnuðu orða ber ekki aðeins að meta hina fjárhagslegu þýðingu viðkomandi hlutar, heldur einnig hina notkunarlegu þýðingu hans.

Í 2. málsl. er tekið fram að lögin gildi hvorki um samninga um að reisa byggingar né önnur mannvirki á fasteign. Þessi undantekning er ófrávíkjanleg, og hún gildir án tillits til þess hver lætur í té efnið. Reglan er í samræmi við gildandi rétt. Undantekningin gildir um allar gerðir bygginga eða annarra mannvirkja, svo og framkvæmdir við byggingar og mannvirki sem eru varanlega skeytt við fasteignir. Samningar um framkvæmdir við fasteignir, svo sem að leggja flísar á gólf eða annað gólfefni, falla því utan laganna. Önnur mannvirkjagerð getur t.d. verið smíði brúar eða varanlegra mannvirkja í sjó. Jafnvel þótt slík mannvirki séu oft smíðuð að verulegu leyti á landi og síðan dregin á haf út falla samningar um þau utan ramma laganna. Á hinn bóginn er ljóst að lögin taka til einstakra byggingarhluta sem skeyta á við mannvirkið, nema því aðeins að viðskeytingin teljist „verulegur hluti“ af samningsskyldunni.

Ákvæði 2. mgr. er skylt 1. mgr. greinarinnar að því leyti að 2. mgr. skilgreinir hvenær ekki er um pöntunarkaup er að ræða. Ef sá sem pantar hlut útvegar sjálfur efnið til hans verður sjálfur tilbúningur hlutarins aðalefnið í skyldu seljanda, og kaupalögin eiga þá ekki við. Ákvæði 2. mgr. hefur í sjálfu sér ekki mikla sjálfstæða þýðingu, heldur ber fremur að líta á það sem nánari útfærslu á 1. mgr. greinarinnar. Það getur þó haft sjálfstæða þýðingu, ef vinnu- eða þjónustuskyldur seljanda eru ekki tengdar gerð hlutarins sem slíks, t.d. ef um er að ræða skyldur í tengslum við afhendingu hlutar eða skyldur eftir afhendingu.

Um 3. gr.

Eins og áður er fram komið í almennum athugasemdum eru lög þessi frávíkjanleg eins og gildandi lög. Það gildir þó að meginstefnu til ekki um neytendakaup.

Ákvæði laganna víkja í fyrsta lagi fyrir því sem leiðir af samningi aðila. Lögin víkja ekki einungis fyrir því sem berum orðum er kveðið á um í samningi, heldur líka fyrir því sem eftir atvikum má ætla að hafi verið gengið út frá við samningsgerðina. Einnig er til í dæminu að aðilar komi sér saman um nýja skilmála eftir að til samnings hefur stofnast. Víkja þá ákvæði laganna einnig fyrir slíkum síðari samningsskilmálum og forsendum þeirra. Aðilar geta á hinn bóginn ekki samið um hvað sem er í skiptum sínum. Samningsfrelsi þeirra takmarkast af þeim ákvæðum laganna sem ófrávíkjanleg eru, sbr. t.d. 4. gr., og einnig setja ófrávíkjanlegar reglur í öðrum lögum samningsfrelsi aðila skorður. Sem dæmi slíkra lagareglna má t.d. nefna 36. gr. samningalaganna og 10. gr. samkeppnislaganna.

Auk samnings aðila getur föst venja í skiptum þeirra vikið til hliðar ákvæðum kaupalaganna, og er þetta í sjálfu sér ný regla í samanburði við gildandi lög. Þá leiðir það oft af forsendum aðila við samningsgerðina að þeir leggja til grundvallar lögskiptum sínum fyrri samskiptavenjur. Regla þessi um gildi fastrar venju er hliðstæð reglu 1. mgr. 9. gr. SÞ-samningsins.

Eins og í gildandi lögum víkja ákvæði frumvarpsins fyrir viðskiptavenju eða annarri venju. Það er að jafnaði skilyrði fyrir því að um viðskiptavenju geti verið að ræða að hún sé almennt viðurkennd og henni fylgt innan viðkomandi greinar. Stundum getur verið að ólíkar venjur hafi myndast á vissum stöðum eða mörkuðum. Meta verður hvert tilvik fyrir sig þegar ákveðið er hvaða venja skuli gilda í slíkum tilvikum.

Það er einnig nýmæli samkvæmt frumvarpinu í samanburði við gildandi lög að taka með venju „sem telja verður bindandi í millum aðila“. Það að seljandi hafi gert fyrirvara um ábyrgð sína varðandi tiltekna galla í eitt skipti veitir honum ekki skilyrðislaust sama rétt í næstu kaupum við sama aðila. Eðli venjunnar getur að vissu marki ráðið því hvort hún verður lögð til grundvallar. Venja, sem er augljóslega ósanngjörn, getur því ekki vikið ákvæðum laganna til hliðar, sbr. og 3. mgr. 36. gr. c samningalaganna. Í alþjóðlegum kaupum eru að

auki sett sérstök skilyrði fyrir því að viðskiptavenja verði lögð til grundvallar, sbr. 90. gr. frumvarpsins og skýringar við þá grein.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins setja því takmörk að hve miklu leyti venja verður lögð til grundvallar í neytendakaupum. Viðskiptavenja verður t.d. aldrei lögð til grundvallar í neytendakaupum þar sem kaupandinn er ekki viðskiptaaðili í þeirri merkingu sem hugtakið viðskiptavenja áskilur. Eigi að síður má hugsa sér að aðrar venjur geti gilt í slíkum kaupum.

Um 4. gr.

Tilgangurinn með sérreglum um neytendakaup er einkum sá að vernda kaupanda sem stendur höllum fæti í samningssambandinu. Í SÞ-samningnum er vikið að neytendakaupum í a-lið 2. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Það er meginregla samkvæmt frumvarpinu að ekki verður vikið frá ákvæðum laganna neytendum til tjóns. Sú regla kemur fram í 1. mgr. 4. gr. Hins vegar er gert ráð fyrir því í tilteknum ákvæðum frumvarpsins að ákvæðin um neytendakaup séu frávíkjanleg í ákveðnum tilvikum, sbr. 2. mgr. 11. gr.; 2. mgr. 22. gr.; 2. mgr. 30. gr.; 4. mgr. 41. gr.; 4. mgr. 67. gr. og 79. gr. Þar við bætist að stundum er ljóst af orðalagi að einstök ákvæði eru frávíkjanleg. Sem dæmi um þetta má nefna ákvæði 8. gr. um viðbótarskyldu við sendingarkaup, ákvæði 1. mgr. 45. gr. um fjárhæð kaupverðs og ákvæði 49. gr. um gjalddaga.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. leggur ekki einungis bann við samningsskilmálum sem eru neytendum óhagstæðir, heldur hindrar það einnig að seljandinn byggi t.d. á venju sem er kaupanda í neytendakaupum óhagstæðari en ákvæði frumvarpsins, sbr. athugasemdir við 3. gr. hér að framan. Af ákvæðum greinarinnar leiðir því að heimilt er að semja um kjör sem eru neytendum hagstæðari en vera mundi samkvæmt lögunum. Fyrir þau réttindi, sem kaupandi nýtur samkvæmt bindandi lagareglum, verður hann þó ekki látinn greiða sérstaklega. Hins vegar má gegn gjaldi falla frá löglegum fyrirvara, t.d. fyrirvara þess efnis að hlutur sé seldur „í því ástandi, sem hann er“.

Í 2. mgr. er skilgreint hvaða kaup teljast til neytendakaupa. Í skilgreiningunni kemur í fyrsta lagi fram að seljandinn þarf að hafa sölustarfsemi að atvinnu svo að um neytendakaup geti verið að ræða. Af því leiðir að innbyrðis sala milli neytenda telst ekki vera neytendakaup í skilningi laganna. Á hinn bóginn skiptir ekki máli hvort umsvif seljanda eru lítil eða mikil eða hver er tilgangur hans með sölustarfseminni. Af þeim sökum útilokar það ekki að um neytendakaup geti verið að ræða þótt arður af sölustarfsemi skuli renna til viðskiptamanna eða til einhvers góðgerðamálefnis. Í öðru lagi er áskilið að um „persónuleg not“ sé að ræða. Orðasambandið ber að túlka rúmum skilningi. Þannig mundu t.d. þar undir falla hlutir sem keyptir eru til tækifærisgjafa. Einnig hlutir sem t.d. nemendafélög, húsfélög og ýmis almenn félög kaupa til persónulegra nota fyrir félagsmenn sína. Sú staðreynd að fleiri en einn einstaklingur skipuleggja sameiginleg innkaup útilokar ekki að um neytendakaup sé að ræða ef tilgangur kaupanna er persónuleg not. Yfirleitt má þó segja að því stærri sem þau félagssamtök eru sem að innkaupum standa, þeim mun meiri líkur eru til þess að kaupin fái á sig blæ kaupa í atvinnustarfsemi. Vera má einnig að hlutur sé að nokkru leyti keyptur til persónulegra nota, en að öðru leyti til atvinnurekstrar. Dæmi um það er þegar keypt er bifreið sem kaupandi hyggst að sumu leyti nota persónulega en að öðru leyti við atvinnustarfsemi sína. Hér verður að leggja til grundvallar hver sé aðaltilgangur kaupanna. Ef hann er aðallega sá að kaupa bifreið til persónulegra nota verður að telja að um neytendakaup sé að ræða og öfugt. Akstur bifreiðar til og frá vinnu telst til persónulegra nota í þessu sambandi.

Fram kemur í 2. mgr. að jafnvel þótt kaup falli undir skilgreininguna á neytendakaupum er þó ekki unnt að líta á þau sem slík ef seljandi hvorki vissi né gat vitað að kaupin hefðu

slíkan tilgang þá er þau gerðust. Rétt er þó að leggja á það áherslu að ákvæðið felur ekki í sér reglu um sönnunarbyrði. Eigi að síður gefur orðalagið vísbendingu um að það er seljandinn sem ber sönnunarbyrðina þegar sú spurning vaknar hvort hann vissi ekki eða mátti ekki vita um tilgang kaupanda. Við mat á vitneskju seljanda hefur það þýðingu hvers konar hlut var um að ræða og hver kaupandinn var. Ef t.d. kaupmaður kaupir skrifstofuhúsgögn án þess að upplýsa að hann ætli að nota þau heima hjá sér til persónulegra nota mundu kaupin að öllu jöfnu falla utan neytendakaupa.

Í málsgreininni er tekið fram að kaup á kröfum og réttindum teljist ekki til neytendakaupa. Helgast það af því að slík kaup, t.d. kaup á hlutabréfum, eru alla jafna ekki til persónulegra nota í þeim skilningi sem hér um ræðir. Undantekningin gildir, jafnvel þótt unnt sé að sýna fram á í einstökum tilvikum að slíkar kröfur eða réttindi hafi verið keypt til persónulegra nota.

Þýðing 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar felst einkum í því að hún skilgreinir nánar hvað sé atvinnustarfsemi. Það ræður úrslitum með hvaða hætti seljandinn kemur fram, þ.e. hvort hann kemur fram sem atvinnumaður við kaupin eða ekki. Þetta felur í sér að sami maður getur ýmist komið fram vegna atvinnustarfsemi sinnar eða sem neytandi. Þegar það er metið hvort komið er fram í þágu atvinnustarfsemi verður að leggja heildarmat til grundvallar með hliðsjón af stöðu seljanda og starfsemi. Kjarninn í þessu mati er hvort seljandinn hefur sölustarfsemi eða svipaða starfsemi að atvinnu. Þegar um tilviljunarkennda sölu í fyrirtæki er að ræða verður að meta þetta atriði m.a. út frá því hvort sambærilegar sölur eigi sér a.m.k. stað öðru hverju í fyrirtækinu. Rétt er að taka af öll tvímæli um það að sala í atvinnustarfsemi ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fellur hér undir. Sama gildir um sölu í tengslum við starfsemi allra stærri félagasamtaka, jafnvel þótt þar sé um hugsjónastarfsemi að tefla, t.d. sölu á vegum skátahreyfingarinnar.

Verið getur að í fyrirtæki sé stundum tiltekin atvinnustarfsemi sem ekki verður felld undir sölustarfsemi, en samt sem áður við og við stundum sala sem kalla má hliðarstarfsemi. Dæmi um þetta er stórt fyrirtæki í þjónustustarfsemi sem vegna endurnýjunar selur öll skrifstofuhúsgögn sín. Í slíkum tilvikum er sanngjarnt að líta svo á að um atvinnustarfsemi séð að ræða, a.m.k. ef slík sala fer fram öðru hverju.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að ákvæði laganna gildi einnig í alþjóðlegum kaupum. Því til grundvallar liggur sú aðferð sem ákveðið hefur verið með þessu frumvarpi að beita við lögleiðingu SÞ-samningsins í íslenskan rétt, sbr. það sem áður segir um það efni í almennum athugasemdum hér að framan. Eigi að síður er óhjákvæmilegt að í lögunum séu sérákvæði sem einungis gilda í alþjóðlegum kaupum. Þær sérreglur eru í XV. kafla laganna og í einstökum ákvæðum annarra kafla eins og nánar er gerð grein fyrir í almennum athugasemdum. Skilgreiningin á því hvað séu alþjóðleg kaup er í 87. gr. frumvarpsins. Þegar svo hagar til að enginn samningsaðila hefur atvinnustöð á Íslandi er forsenda þess að íslenskum lögum verði beitt að slíkt leiði af samningi aðila eða reglum alþjóðlegs einkamálaréttar.

Í 2. mgr. er undantekning að því er varðar norræn kaup. Samkvæmt 94. gr. SÞ-samningsins er samningsríkjum, sem hafa svipaðar reglur í landsrétti sínum, heimilt að ákveða að SÞ-samningurinn skuli ekki gilda um kaup milli aðila í þeim ríkjum. Ákvæði frumvarps þessa eru svo lík ákvæðum í kaupalögum annarra norrænna ríkja að líta verður svo á að skilyrðum 94. gr. SÞ-samningsins sé fullnægt að þessu leyti. Afstaða Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar til þessa er hin sama. Þegar um norræn kaup er að ræða ber því eingöngu að beita kaupalögum þess norræna ríkis sem í hlut á.

Í 3. mgr. er ákvæði sem svarar til 2. gr. SÞ-samningsins og felur í sér að sérreglur laganna um alþjóðleg kaup gilda ekki um ákveðnar tegundir alþjóðlegra kaupa. Í þessu felst t.d., að þótt um neytendakaup milli aðila hverra í sínu landi sé að ræða eru það reglur íslensku laganna sem gilda ef þau eiga á annað borð við án tillits til þeirra sérákvæða sem m.a. leiðir af XV. kafla laganna.

Undantekningin í 2. gr. a í SÞ-samningnum nær einnig til sölu milli neytenda. Það er skýring þess að ákvæði a-liðar 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins nær einnig til sambærilegra kaupa „milli neytenda". Skilgreining neytendakaupa í 2. mgr. 4. gr. er þrengri að því leyti að hún nær aðeins til seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu. Ákvæði b-liðar á við um frjáls uppboð. Ástæðan fyrir undantekningunni er sú að seljandi getur ekki vitað hver er kaupandi fyrr en uppboði lýkur. Þetta mundi skapa of mikla óvissu um gildissvið SÞ-samningsins. Ákvæði c-liðar á við nauðungarsölu eða sölu samkvæmt sérstökum lagaákvæðum, sbr. t.d. lög um sölu á óskilamunum og fundnu fé. Ákvæði d-liðar gildir hvort sem litið verður á kröfu sem hlut eða ekki. Ástæðan er sú að margar reglur kaupalaganna falla illa að slíkum kaupum, t.d. reglurnar um galla á söluhlut. SÞ-samningurinn gerir sérstaka undantekningu að því er rafmagn varðar, sbr. f-lið 2. gr. Engu síður er þetta ekki tekið með í 5. gr., enda fellur sala á rafmagni utan gildissviðs kaupalaganna.

Þegar svo er tekið til orða í 2. og 3. mgr. að sérreglurnar um alþjóðleg kaup gildi ekki er í fyrsta lagi átt við það að þær sérstöku reglur, sem aðeins eiga við í alþjóðlegum kaupum, t.d. 87.–99. og 3. mgr. 70. gr., gilda ekki. Í öðru lagi felst í þessu að þær undantekningar, sem mælt er fyrir um í einstökum greinum og varða alþjóðleg kaup, gilda ekki heldur, t.d. 2. mgr. 66. gr. Í þeim tilvikum, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., gilda því fullum fetum sömu reglur og í þjóðlegum kaupum.

Um II. kafla.

Í kaflanum eru þau ákvæði laganna sem varða skyldur seljanda í tengslum við afhendinguna, en hún hefur grundvallarþýðingu að því er varðar ýmsar aðrar reglur laganna. Í fyrsta lagi er það afhendingin sem skiptir máli varðandi það hvenær áhættan af söluhlut flyst frá seljanda til kaupanda, sbr. ákvæði III. kafla. Í öðru lagi skiptir afhendingin máli varðandi skiptingu kostnaðar milli samningsaðila, sbr. 11. gr. Í þriðja og fjórða lagi skiptir afhendingin miklu máli varðandi mat á því hvort um galla eða greiðsludrátt er að ræða, sbr. 21. og 22. gr. Í öllum aðalatriðum eru ákvæði kaflans hliðstæð ákvæðum gildandi laga, sbr. ákvæði 9.–16. gr. gildandi laga. Þó eru þar á ferðinni nokkur nýmæli, auk þess sem reglur frumvarpsins eru að ýmsu leyti nákvæmari en reglur gildandi laga.

Um 6. gr.

Ákvæðið svarar til 9. gr. gildandi laga, og kemur þar fram meginreglan um það hver sé afhendingarstaður í lausafjárkaupum. Í fyrirsögn frumvarpsgreinarinnar eru þau kaup, sem hér um ræðir, nefnd reiðukaup, og er það hugtak í frumvarpinu notað í sömu merkingu og hugtakið „hentekjöp" í norsku lagamáli, „henteköb" í dönsku lagamáli og „hamtningsköp" í sænsku og finnsku lagamáli. Felst í þessari hugtaksnotkun umfram allt skírskotun til þess að seljandinn skuli hafa söluhlut til reiðu fyrir kaupanda á atvinnustöð sinni eða eftir atvikum heimili, þ.e. þangað skal kaupandinn sækja hlutinn.

Það er grundvallarregla samkvæmt greininni að hafi ekki um annað verið samið er seljandi ekki skyldugur til að senda hlut til kaupanda, en seljandi skal hafa hlut til reiðu fyrir kaupanda á atvinnustöð sinni eða heimili ef ekki er um atvinnustöð að ræða. Í þessu felst einnig að seljandi skal hafa pakkað hlut inn á viðeigndi máta, sbr. nánar ákvæði 17. gr.

Þess verður ekki krafist að seljandi hafi hlut til reiðu allan sólarhringinn þegar afhendingartími er kominn, heldur nægir að hlutur sé til reiðu á venjulegum afgreiðslutíma. Það er lágmarkskrafa að kaupandinn geti með sanngirni átt þess kost að ná í hlut. Heimili seljanda sem afhendingarstaður er aðeins nefnt með tilvísun til 83. gr. Á það reynir ef seljandinn hefur enga atvinnustöð sem tengist kaupunum. Það leiðir af orðalagi ákvæðisins um afhendingarstað að hann breytist ekki þótt seljandi flytji atvinnustöð sína (eða heimili) eftir að kaupin gerðust, sbr. orðalagið „þegar kaup voru gerð“.

Ef aðilar vissu við kaupin að hlutur var annars staðar en á atvinnustöð eða heimili seljanda skal hafa hlutinn til reiðu þar. Sem dæmi um þetta má nefna það tilvik þegar maður sem er búsettur á Akureyri, selur skútu sem aðilar vita að er í höfn í Reykjavík. Í ákvæðinu er við það miðað sem aðilar raunverulega vissu, en ekki það sem þeir máttu vita, enda mundi gagnstæð regla geta stefnt hagsmunum kaupanda um of í hættu. Vitneskja aðila verður ekki einungis að ná til þess að hlut sé annars staðar að finna, heldur einnig til þess hvar hann er. Sá áskilnaður að um raunverulega vitneskju sé að ræða er í samræmi við ákvæði SÞ-samningsins og ákvæði í kaupalögum annarra ríkja á Norðurlöndum.

Ákvæði greinarinnar eiga einnig við þegar söluhlutur eða sá vörulager eða framleiðslustaður, sem söluhlut átti að taka frá, var á öðrum stað en atvinnustöð seljanda og aðilar vita um það. Gengið er út frá að það leiði (beint eða óbeint) af samningi að hlut skuli sækja þangað. Í greininni er auk vörulagers vitnað til framleiðslustaðar. Í frumvarpsgrein þessari er átt við það tilvik þegar sá framleiðslustaður, sem hlut átti að taka frá, var á öðrum stað en atvinnustöðin. Samkvæmt því nægir ekki að aðilar viti við kaupin að hlutur er á framleiðslustað, heldur verður einnig að vera áskilið samkvæmt samningi að hlut eigi að taka þaðan. Reglan tekur umfram allt mið af pöntunarkaupum.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. telst hlutur afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku. Kaupandi telst hafa veitt hlut viðtöku þegar hann sjálfur eða annar fyrir hans hönd hefur tekið hlutinn í vörslur sínar. Í þessu felst einnig að hlutur telst ekki afhentur meðan seljandinn hefur hann í vörslum sínum. Hafi afhending ekki farið fram á réttum tíma af ástæðum sem rekja má til kaupanda hefur það þýðingu við skiptingu kostnaðar milli aðila skv. 11. gr. frumvarpsins. Hins vegar fellur á seljandann umönnunarskylda í samræmi við ákvæði XI. kafla frumvarpsins. Þar við bætist að áhættan af söluhlut flyst frá seljanda yfir til kaupanda skv. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni, sem í raun felur í sér undantekningu frá meginreglu 6. gr. frumvarpsins um afhendingarstað, eru sambærilegar reglur og þær sem fram koma í 10., 11. og 65. gr. gildandi laga. Ákvæði greinarinnar eiga ekki við nema það komi fram í samningi aðila eða leiði af öðrum atvikum að hlut skal senda til kaupanda, og á það bæði við um 1. og 2. mgr. Sé slíkur samningur ekki fyrir hendi gildir meginreglan í 6. gr. um afhendinguna. Í frumvarpsgreininni eru notuð hugtökin „staðarkaup“ og „sendingarkaup“. Um staðarkaup er fjallað í 1. mgr., og er hugtakið staðarkaup þýðing á norska lagahugtakinu „plasskjöp“ og danska hugtakinu „pladsköb“, en hugtakið sendingarkaup í 2. mgr. er þýðing á norska lagahugtakinu „sendekjöp“ og danska hugtakinu „forsendelsesköb“. Í finnsku og sænsku lagamáli er notað hugtakið „transportköp“ um þau tilvik, sem um er fjallað í 7. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, sem svarar til 11. gr. gildandi laga, kemur fram sú regla um staðarkaup að hlutur telst afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku, en áður var viðmiðunin sú að hlutur væri kominn í vörslur kaupanda. Í ákvæðinu er fólgin rýmkun gildissviðs staðarkaupa í samanburði við gildandi rétt þar sem reglan gildir einnig innan þess

svæðis þar sem seljandi er vanur að afhenda slíka hluti. Ekki er það skilyrði þess að ákvæði greinarinnar eigi við að það sé venja í viðkomandi viðskiptum að afhenda slíka hluti á svæðinu, heldur nægir að það sé sá seljandi sem hlut á að máli sem er vanur að gera slíkt. Ákvæðið á við þegar seljandinn notar starfsmann eða sjálfstæðan flutningsaðila til þess að koma hlut til skila, og það gildir einnig þegar hlutur er sendur með póstsendingum. Af þessu leiðir að þegar póstsendingarfyrirtæki afhendir hlut hefur afhending ekki farið fram fyrr en kaupandi veitir hlut viðtöku, jafnvel þótt hann sé sendur frá einum landshluta til annars. Það að hlutur telst þá fyrst afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku þýðir að seljandi ber ábyrgð á honum fram að þeim tíma, og hann ber einnig ábyrgð á göllum sem verða á hlut meðan á flutningi stendur. Það leiðir einnig af ákvæðum 11. gr. að seljandi ber kostnað af flutningi.

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. svarar til 10. gr. gildandi laga og hefur ekki í för með sér neina meginbreytingu þótt orðalag frumvarpsgreinarinnar sé nokkuð á annan veg en í gildandi lögum. Sérstök ákvæði um flutning með skipi eru felld niður. Á ákvæði 2. mgr. reynir þegar senda á hlut til kaupanda frá einum stað til annars og atvik eru þannig að ákvæði 1. mgr. eiga ekki við. Ekki skiptir máli hvers konar tæki er notað til flutningsins og ekki heldur hvort flutningi er skipt á milli margra sjálfstæðra flutningsaðila. Af orðalagi ákvæðisins leiðir að hlutur telst þá fyrst afhentur þegar hann hefur verið fenginn í hendur þeim flutningsaðila sem tekið hefur að sér flutning frá sendingarstað. Í 31. gr. a SÞ-samningsins er sambærileg viðmiðun orðuð með nokkuð öðrum hætti, þ.e. „in handing the goods over to the first carrier for transmission to the buyer," en merkingin er sú sama. Nægilegt er að hlutur sé afhentur flutningsaðila, t.d. á vörumóttökustöð, á flugvelli, hjá skipafélagi eða öðru flutningsfyrirtæki. Hugtakið „afhentur" getur verið nokkuð óljóst, einkum ef tjón verður á söluhlut í tengslum við fermingu eða affermingu, og verður það því nokkuð að fara eftir atvikum hverju sinni hver skuli bera áhættuna af tjóni í slíku tilviki.

Sérstakt álitaefni er þegar notaður er umboðsmaður sem tekur að sér flutning vörunnar fyrir reikning umbjóðanda síns, þ.e. notaður er svokallaður „speditor". Venjulega er litið svo á að afhending til slíks umboðsmanns geti ekki talist afhending hlutar í skilningi greinarinnar. Atvik geta þó leitt til þess að öðruvísi verði litið á, t.d. þegar slíkur umboðsmaður kynnir sig sem flutningsaðila eða hann tekur fast verð fyrir allan flutninginn.

Þótt seljandi fái einhvern til að sjá um flutning á sendingarsvæðinu felst ekki í því að hluturinn hafi þar með verið afhentur. Ef seljandi notar t.d. bifreið af sendibílastöð til að flytja vöru til hafnar á sendingarstað telst vara ekki afhent fyrr en hún hefur verið afhent skipafélaginu. En ef sá flytjandi, sem fenginn hefur verið til verksins, tekur bæði að sér flutninginn á staðnum og áfram til afhendingarstaðarins telst afhending hafa átt sér stað þegar flytjandi hefur tekið við hlutnum. Fyrri málslið 2. mgr. ber einnig að skýra þannig að hlutur teljist ekki afhentur ef það er seljandinn sjálfur sem sér um flutninginn á sendingarsvæðinu. Ef seljandinn sér um allan flutninginn telst hlutur ekki afhentur fyrr en kaupandi hefur veitt honum viðtöku, sbr. síðari málslið 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar.

Taki seljandi að sér hluta flutningsins hefur afhending ekki farið fram fyrr en seljandi afhendir hlutinn sjálfstæðum flytjanda. Ef seljandi annast allan flutninginn fer afhending fram þegar kaupandi hefur veitt hlutnum viðtöku. Sjái kaupandinn sjálfur um allan flutninginn er um reiðukaup að ræða skv. 6. gr. frumvarpsins. Eigi kaupandinn að sjá um hluta flutningsins er afhending háð því hvernig honum er háttað fyrsta hluta leiðarinnar. Sjái seljandi um flutninginn miðast afhendingin við viðtöku kaupanda. Hafi seljandinn notað sjálfstæðan flytjanda frá sendingarstað miðast afhending við það að hinn síðarnefndi hafi veitt vörunni viðtöku.

Í 3. mgr. er kveðið á um þýðingu ýmissa söluskilmála sem varða afhendingu. Ákvæðið svarar til 1. mgr. 65. gr. gildandi laga, en í því eru þó ekki fyrirmæli um kostnaðarskiptingu. Ákvæðið á því aðeins við að hlutur sé seldur „frítt", „afhentur" eða „frítt afhentur" og jafnframt sé gefinn til kynna ákveðinn staður. Ekki skiptir máli í þessu sambandi með hvaða hætti hluturinn hefur verið fluttur þangað. Ákvæðið afmarkar það í sjálfu sér ekki nákvæmlega hvenær afhending hefur átt sér stað, og er því svo hagað af ásettu ráði. Það verður að meta í hverju tilviki fyrir sig, m.a. með hliðsjón af samningum og atvikum að öðru leyti. Í mörgum tilvikum er eðlilegt að krefjast þess að hlutur sé aðgengilegur kaupanda á staðnum, t.d. á vöruflutningastöð eða í útibúi seljandans á staðnum. Um ábyrgð seljanda á kostnaði fer samkvæmt þessu eftir því sem segir í 11. gr. frumvarpsins. Í 62.–65. gr. gildandi laga eru ákvæði um þýðingu ýmissa söluskilyrða sem ekki eru í frumvarpi þessu umfram það sem segir í 3. mgr. 7. gr. Er í þessum efnum fylgt norrænni réttarþróun hvað þetta varðar, og einnig skal tekið fram að í SÞ-samningnum er ekki heldur að finna sérstök ákvæði um þýðingu ýmissa söluskilmála. Það leiðir þó af hinu frávíkjanlega eðli SÞ-samningsins að beita ber slíkum skilmálum ef um þá hefur verið samið.

Ákvæði 4. mgr., sem er nýmæli, felur í sér þá reglu að hlutur telst þá fyrst afhentur í neytendakaupum þegar kaupandinn hefur veitt honum viðtöku. Ef kaupandinn á að sækja hlutinn telst hann afhentur þegar sá tími er kominn að skylt var að sækja hann. Í ákvæðinu felst að sama regla gildir í staðarkaupum og sendingarkaupum. Það leiðir m.a. af 4. mgr. að í neytendakaupum er ekki heimilt að semja um að afhending skuli hafa átt sér stað þegar hlutur er afhentur flytjanda. Notkun ýmissa söluskilmála hefur heldur ekki þýðingu gagnvart seljanda umfram það sem lögin heimila.

Um 8. gr.

Ákvæði hliðstætt 8. gr. frumvarpsins er ekki í gildandi lögum, en það er í samræmi við 32. gr. SÞ-samningsins. Eigi að síður verður að telja að reglur þær, sem fram koma í 8. gr. frumvarpsins, séu í samræmi við það sem talið hefur verið ólögfestur gildandi réttur á þessu sviði. Í greininni er gert ráð fyrir að samið sé um það að seljandinn eigi að senda hlutinn. Slíkur samningur getur t.d. verið í samræmi við afhendingarskilmála (cif, cf) eða aðra ótvíræða samningsskilmála eða hann getur leitt af forsendum aðila eða fyrri venjum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. er í samræmi við 2. mgr. 32. gr. SÞ-samningsins og leggur seljandanum þá skyldu á herðar að gera þá samninga sem nauðsynlegir eru til þess að hlutur komist á ákvörðunarstað. Ef hlutinn þarf að senda með mismunandi flutningstækjum verður seljandinn samkvæmt því að gera samninga um alla flutningana. Það er skilyrði samkvæmt greininni að flutningssamningar séu gerðir á viðeigandi hátt og með vanalegum kjörum. Svar við því hvað telst viðeigandi og vanalegt fer eftir því um hvers konar kaup er að ræða. Þar skiptir m.a. máli tegund söluhlutar og tilgangur kaupa. Eigi t.d. að selja ferskar vörur verður seljandinn að útvega flutningstæki sem skilar vörunni hratt. Almennt verður að forðast ónauðsynlegar umhleðslur og flóknar flutningsleiðir, og sama gildir um óvanalega samningsskilmála.

Í 2. mgr. eru ákvæði sem eru í samræmi við 3. mgr. 32. gr. SÞ-samningsins. Hér er sú skylda lögð á herðar seljanda að veita kaupanda þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hann geti keypt vátryggingu. Er þá að sjálfsögðu forsenda að vátryggingarskyldan hvíli ekki á seljandanum. Vátryggingarskyldu seljanda getur t.d. leitt af cif-söluskilmála. Eigi seljandi ekki að tryggja vöruna hefur kaupandinn hagsmuni af því að tryggja hana sjálfur. Þetta gildir án tillits til þess hver ber ábyrgðina á því ef hluturinn ferst af tilviljun meðan á flutningi stendur. Í þessu tilviki getur kaupandinn hins vegar þurft á vissum upplýsingum að halda

um hlutinn og flutninginn, og það eru þessar upplýsingar sem seljanda ber að láta í té samkvæmt ákvæðinu.

Ákvæði 3. mgr. eru að öllu leyti í samræmi við 1. mgr. 32. gr. SÞ-samningsins. Af skyldu seljanda til að senda hlutinn leiðir að hann verður líka að sjá um nauðsynlegar merkingar og farmbréf þannig að hluturinn verði nægilega auðkenndur kaupanda. Þetta leiðir ekki af sjálfu sér þegar um sameiginlega heildarsendingu til margra viðtakenda er að ræða, og í því tilviki hefur greinin þýðingu. Ákvæðið segir hins vegar ekkert til um það hvenær seljandinn á að tilkynna um sendingu. Eðlilegt er að krefjast þess að það sé gert innan sanngjarns tíma frá afhendingu eða hleðslu á flutningstækið. Þegar um stuttar vegalengdir er að ræða verður þó að tilkynna um sendingu fyrr.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins eru ákvæði sem svara til 12. og 13. gr. gildandi laga. Í SÞ-samningnum er mælt fyrir um afhendingartímann í 33. gr. Afhendingartíma leiðir að jafnaði af samningi aðila með beinum eða óbeinum hætti, og á reglu 9. gr. reynir því aðeins að slíku samningsákvæði sé ekki til að dreifa. Í neytendakaupum er einnig fullt frelsi til þess að semja um afhendingartíma, en neytendur geta þó ekki afsalað sér rétti til tilkynningar þegar skilyrði 3. mgr. liggja fyrir.

Í 1. mgr. 9. gr. kemur fram sú meginregla að hlut skal afhenda innan sanngjarns tíma frá því að kaup voru gerð. Er hér um nýmæli að ræða í samanburði við gildandi rétt þar sem afhending skal, ef ekki hefur verið um annað samið, fara fram þegar þess er krafist, sbr. 12. gr. gildandi laga. Er í samræmi við réttarþróun á Norðurlöndum á því byggt að ástæðulaust sé að skylda kaupanda til að koma fram með kröfu um afhendingu ef slíkt á sér ekki stoð í samningnum. Hin nýja regla er einnig í góðu samræmi við ákvæði SÞ-samningsins. Það hvað telst sanngjarn tími verður að meta hverju sinni með hliðsjón af því hvers konar kaup er um að ræða og atvikum að öðru leyti. Upphaf frests miðast við samningsgerðina. Ef um pöntunarkaup er að ræða er sanngjarnt að seljandinn hafi lengri tíma til afhendingar en þegar vara er afhent beint af lager. Atvik geta eigi að síður verið ærið mismunandi í pöntunarkaupum. Einnig getur verið um að ræða marga hluti sem keyptir eru í einu lagi og seljandi verður að panta hjá mörgum birgjum. Einnig skiptir máli hvort um er að ræða kaup á innanlandsmarkaði eða erlendis frá. Ástæða er til að ætla að jafnan verði samið um afhendingartímann þegar um flókin og umfangsmikil kaup er að ræða. Í framkvæmd verður því „sanngjarn tími“ oft fremur stuttur.

Ákvæði 2. mgr. eiga við þegar samið hefur verið um svigrúm til afhendingar. Eins og í 13. gr. gildandi laga er það seljandinn sem hefur rétt til að velja tímamarkið nema leiða megi af atvikum að valið sé kaupandans. Seljandi getur t.d. verið háður uppskeru þegar um landbúnaðarvörur er að ræða eða verið háður afhendingartíma ef hann þarf að fá vörur frá öðrum aðila. Af samningi getur leitt að það sé kaupandans að velja tímamarkið. Það á t.d. við þegar kaupandi skal útvega tæki til flutnings vörunnar. Einnig getur verið að afhending eigi að vera í samræmi við þarfir kaupanda eða möguleika hans á að veita vörunni viðtöku. Sem dæmi um þetta má nefna að kaupandi getur þurft að tæma lager sinn áður en hann getur veitt vörunni viðtöku.

Sérreglan í 3. mgr., sem ekki á sér fyrirmynd í gildandi lögum, er takmörkuð við reiðukaup. Ef það er seljandinn sem í slíkum tilvikum skal velja afhendingartíma skal hann með nægum fyrirvara tilkynna kaupanda hvenær sækja má hlutinn. Sá áskilnaður, að tilkynna skuli um það með nægum fyrirvara, felur það í sér að kaupandinn fái sanngjarnan tíma til að ganga frá því sem nauðsynlegt er til undirbúnings flutningi. Ekki kemur fram í ákvæðinu

áskilnaður um sérstakt form tilkynningar. Hún getur því bæði verið munnleg og skrifleg. Enn fremur er einungis gerð krafa um það að tilkynning segi til um það hvenær sækja má hlut. Það leiðir hins vegar af samningi aðila eða ákvæðum 6. gr. hvar sækja á hlutinn. Áhættan af sendingu tilkynningar er hjá kaupandanum, sbr. 82. gr. Ef tilkynning hefur farist fyrir eða kemur of seint verður aðstæðum kaupanda ekki kennt um þá seinkun á afhendingu sem af því leiðir. Þetta getur haft þýðingu m.a. með hliðsjón af flutningi áhættu, sbr. 2. mgr. 13. gr., og varðandi það hvort seljandi geti gert kröfu vegna vanefnda.

Í ákvæðinu eru ekki fyrirmæli um skyldu kaupanda til að tilkynna seljanda þegar það er kaupandinn sem á að velja afhendingartíma. Sjálfsagt er að kaupandinn tilkynni um slíkt, og vanræki hann það glatar hann venjulega rétti til að bera fyrir sig seinkun sem af því leiðir.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins er sama meginreglan og byggt er á í 14., sbr. 15., 16. og 71. gr. gildandi kaupalaga., þ.e. að hönd selji hendi, en þó þannig að einungis er í ákvæðinu fjallað um heimildir seljanda að þessu leyti. Sambærilegt ákvæði er í 1. og 2. mgr. 58. gr. SÞ-samningsins. Ekkert er í sjálfu sér því til fyrirstöðu að fjalla um heimildir seljanda og kaupanda í einu lagi í sama ákvæðinu, en sú aðferð að greina í þessum efnum á milli heimilda seljanda og kaupanda á sér fyrirmynd í SÞ-samningnum. Meginreglan um að hönd selji hendi gildir þegar ekki er um annað samið. Þetta leiðir af ákvæði 3. gr. frumvarpsins. Í neytendakaupum, sbr. 4. gr., er einnig unnt að semja um greiðslufrest, enda er slíkt ekki andstætt hagsmunum neytandans. Það leiðir þó einnig beint af 10. gr. að veita má greiðslufrest.

Ákvæði 1. mgr. 10. gr. felur í sér reglu sem eins og áður segir samsvarar í aðalatriðum 14. gr. núgildandi laga, sbr. einnig 16. og 71. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. 10. gr. heimilar seljanda að láta hjá líða að færa ráðstöfunarréttinn yfir hlut til kaupanda, nema seljandi hafi samtímis fengið kaupverðið greitt. Yfirfærsla ráðstöfunarréttarins frá seljanda til kaupanda gerist venjulega með þeim hætti að kaupandinn fær hlutinn afhentan. Yfirfærslan getur líka tengst öðru, t.d. flutningsbréfi og farmskírteini, og þá er það afhending þessara skjala sem ræður yfirfærslu ráðstöfunarréttarins. Í sumum tilvikum getur réttarverndin gagnvart þriðja manni verið háð því að yfirfærslan sé skráð opinberri skráningu, t.d. í skipa- eða ökutækjaskrá. Í slíkum tilvikum getur seljandinn gert það að skilyrði fyrir skráningu heimildar að kaupverðið sé greitt sem í raun er það sama og að segja að seljandi geti neitað að afhenda heimildarskjalið nema kaupverðið sé greitt.

Regla 1. mgr. gildir ekki þegar í upphafi hefur verið samið um greiðslufrest eða seljandi hefur eftir samningsgerð veitt greiðslufrest í heild eða að hluta. En hafi greiðslufrestur verið veittur með því skilyrði að kaupandinn t.d. samþykki víxil eða setji tryggingu fyrir fjárhæðinni getur seljandinn gert það að skilyrði að kaupandinn samþykki víxilinn eða gangi frá tryggingunni áður en hann fær hlutinn afhentan.

Fræðilega má halda því fram að reglan um það að hönd selji hendi geti leitt til þess að báðir aðilar haldi að sér höndum um afhendingu og bíði þess að gagnaðili taki frumkvæði að efndum. Því er hins vegar til að svara að það leiðir óbeint af ýmsum öðrum reglum, sem afhendinguna varða, hvor aðila það er sem á að taka það frumkvæði.

Í 2. mgr. er að finna sérreglu um þau tilvik þegar seljandi á að senda hlut til annars staðar. Reglan á sér hliðstæðu í 15. gr. núgildandi laga. Í þessu tilviki hefði regla 1. mgr. ein sér leitt til þess að ekki væri unnt að hrinda kaupunum í framkvæmd. Skv. 2. mgr. getur seljandinn á hinn bóginn ekki látið hjá líða að senda hlutinn, en hann getur komið í veg fyrir að kaupandinn fái hann í hendur þar til kaupverðið hefur verið greitt. Sending í póstkröfu er dæmi um tilvik þar sem kaupandi getur því aðeins fengið vöru afhenta að hann greiði kaup-

verðið. Þegar vara er send með öðrum hætti er oft unnt að ganga þannig frá málum að kaupandi fái því aðeins afhenta vöru að hann greiði andvirði hennar.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er fjallað um ábyrgð aðila á kostnaði, en sambærilegt ákvæði er hvorki í gildandi lögum né í SÞ-samningnum. Hins vegar má fullyrða að regla 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins sé í samræmi við það sem talið hefur verið gildandi regla í íslenskum rétti samkvæmt ólögfestum reglum. Rétt er að leggja á það áherslu að í 11. gr. er einvörðungu um það fjallað hver beri á endanum ábyrgð á kostnaði. Samkvæmt því er ekki tekin afstaða til þess í ákvæðinu á hvorum aðilanna hvílir skylda til þess að leggja út fé í fyrstu.

Í 1. mgr. felst að seljandinn ber kostnaðinn af hlutnum þar til hann hefur verið afhentur. Regla 11. gr. á ekki einungis við um flutningskostnað, heldur líka annan kostnað eins og vegna geymslu, pökkunar, tryggingar og jafnvel útflutningsgjalda. Ekki eru ákvæði um það hver eigi að bera kostnaðinn eftir þann tíma, en venjulega er gert ráð fyrir því að kaupandinn geri það nema annað leiði beinlínis af samningi.

Ákvæðið á ekki við þegar seinkun hefur orðið af ástæðum sem rekja má til kaupandans, sbr. síðari málslið 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Er þá talið eðlilegt að kaupandinn beri ábyrgð á þeim kostnaði sem af því stafar. Þessi undanþága á aðeins við um þann aukakostnað sem seinkunin veldur beinlínis, t.d. aukaútgjöld vegna geymslu eða aukaútgjöld vegna þess að tryggja þarf hlutinn lengur en upphaflega var gert ráð fyrir. Í framkvæmd er í flestum tilvikum unnt að leysa þetta álitaefni út frá reglu 75. gr. um skaðabætur vegna umönnunarkostnaðar ásamt reglunni í 57. gr. um skaðabótaábyrgð kaupandans þegar hann ljær ekki atbeina sinn til efnda.

Í 2. mgr. er sérregla sem varðar neytendakaup, og er hún nýmæli. Þar kemur fram að þegar söluhlut í neytendakaupum skal senda til kaupanda er þrátt fyrir ákvæði 4. gr. heimilt að semja um það að kaupandinn greiði til viðbótar kaupverðinu útgjöld vegna sendingarinnar. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringar.

Um III. kafla.

Í III. kafla eru ákvæði um áhættuna af söluhlut. Í 12. gr. er kveðið á um, hver séu aðaláhrif þess að áhættan flyst yfir til kaupanda, en þau eru að greiðsluskylda hans stendur óhögguð hver sem verða örlög söluhlutar síðar, eftir að áhættan hefur flust yfir til hans. Það er hins vegar ekki skilgreint nánar hvað í áhættunni felist. Í 13. gr. er því lýst hvenær áhættan flyst yfir til kaupanda, og 14. gr. kveður á um sérreglur um auðkenningu söluhlutar í tengslum við áhættu. Í 15. gr. eru reglur um áhættuflutning þegar kaup eru gerð um söluhlut sem er í flutningi, og loks er í 16. gr. kveðið á um hvenær áhættuskiptin verða þegar keyptur er hlutur með skilarétti.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er ákvæði sem er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga, þó þannig að í 17. gr. er tekið mið af því að áhættan af því að söluhlutur farist sé hjá seljanda þar til hann hefur skilað hlut af sér eða afhent hann. Þá hafa orðin „farist af tilviljun“ einnig verið felld niður í frumvarpsgreininni þar sem þau þóttu að ýmsu leyti óljós. Í ákvæðinu er ekki nákvæmlega skilgreint hvað í áhættu felst, en þar kemur þó fram hver séu aðaláhrif þess að áhættan flyst yfir til kaupanda, þ.e. greiðsluskylda hans stendur óhögguð, hver svo sem síðari örlög söluhlutar verða. Það leiðir því af ákvæðinu að þegar kaupandinn ber áhættuna af söluhlut fellur

skylda hans til þess að greiða kaupverðið ekki brott þótt söluhlutur farist, skemmist eða rýrni. Er þá jafnan skilyrði að slíkt leiði af atvikum sem ekki verða rakin til seljanda.

Í framangreindri reglu felst í fyrsta lagi að kaupandinn verður að greiða kaupverðið ef hann sjálfur eða fólk á hans vegum ber ábyrgð á eða hefur valdið eyðileggingu söluhlutar. Í öðru lagi fellur greiðsluskyldan ekki niður þegar tilviljunarkenndur atburður veldur eyðileggingu, t.d. þegar hlutur brennur eða hann glatast í skipskaða. Sama gildir þegar ekki er hægt að staðreyna ástæðu þess að hlutur hefur farið forgörðum.

Ef atvik, sem valda því, að hlutur ferst, skemmist eða rýrnar, verða rakin til seljanda er um vanefndir af hans hálfu að ræða, enda hafi atvikið tengsl við kaupin eða efndir þeirra. Skylda kaupandans til þess að greiða kaupverðið ræðst þá af reglunni um afleiðingar greiðsludráttar, sbr. 49. gr. og 1. mgr. 64. gr., reglunum um gallaða afhendingu, sbr. 21., 22. og 42. gr., eða reglum 2. mgr. 21. gr. Með orðasambandinu „rakin til seljanda“ er átt við að atvik, sem seljandi ber ábyrgð á, hafi gerst í tengslum við kaupin. Hafi athöfn seljandans hins vegar engin tengsl við þau kaup sem fóru fram reynir á hinar almennu skaðabótareglur, t.d. ef seljandi eyðileggur söluhlut á heimili kaupanda í boði sem hann er staddur í.

Sérstök álitaefni koma upp þegar um er að ræða samverkandi áhrif mistaka og tilviljunarkenndra atvika, oft nefnt „casus mixtus“. Þau geta oft valdið miklum vafa, bæði varðandi reglur um áhættuskipti og skaðabótaábyrgð. Ekki er fyllilega ljóst samkvæmt gildandi rétti hversu langt ábyrgð og áhætta seljanda nær í þessum tilvikum. Lágmarksskilyrði hlýtur þó ætíð að vera að um orsakasamband sé að ræða á milli vanrækslu eða mistaka seljanda og þess tilviljunarkennda tjóns sem síðar verður. Í þessu felst að komast hefði mátt hjá tjóni eða skaða ef ekki hefði verið um vanrækslu af hálfu seljanda að ræða. Ekki er ástæða til að tíunda nákvæmlega í lagatexta öll þau tilvik sem fallið geta undir þetta ákvæði. Mestu máli skiptir hins vegar að orðalag þess veitir heimild til þess að losa kaupandann úr ábyrgð á grundvelli reglunnar um „casus mixtus“, en nánari útfærslu verður að fela réttarframkvæmdinni. Sem dæmi um tilvik af þessu tagi má nefna að hlutur farist af tilviljun í flutningi sem seljandi á að sjá um. Hlut á t.d. að flytja með skipi, en hleðslu skipsins er ábótavant, og á því ber seljandi ábyrgð. Af því leiðir að skipið þarf að leita hafnar á leiðinni svo að endurhleðsla geti farið fram. Eftir þetta lendir skipið í sjávarháska, sem það annars hefði komist hjá, og varan ferst. Hér liggur fyrir orsakasamband, en ekki er fullnægt skilyrðinu um sennilega afleiðingu. Í þessu tilviki virðist skilyrðinu um „casus mixtus“ vera fullnægt og seljandinn því að öllum líkindum ábyrgur.

Í ákvæðinu segir ekki beinlínis hvað í því felst að áhættan sé áfram hjá seljandanum ef undan er skilin reglan um greiðslu kaupverðsins. Niðurstaðan að öðru leyti ræðst af almennum reglum um ábyrgð á vanefndum samnings. Ef tilviljunarkenndur atburður veldur því t.d. að hlutur eyðileggst áður en áhættan hefur flust yfir getur það leitt til þess að greiðslu seinki og kaupandinn geti af þeirri ástæðu beitt ákvæðum 22.–29. gr. frumvarpsins. Ef seljanda tekst nógu snemma að útvega annan hlut í stað þess sem eyðilagðist verður hann ekki talinn ábyrgur fyrir vanefndaafleiðingum, en seljandinn getur ekki krafist greiðslu fyrir hlut þann sem eyðilagðist.

Reglurnar um áhættuskiptin ráða ekki úrslitum þegar leitað er svara við því hver beri ábyrgð á afhendingardrætti sem rekja má til útflutnings- eða innflutningsbanns eða annarra sambærilegra ákvarðana yfirvalda, sbr. skilgreininguna á greiðsludrætti í 22. gr. Svipuð sjónarmið geta átt við ef lagt er hald á söluhlut.

Áhættuskipti takmarka ekki rétt kaupanda til þess að rifta kaupum eða halda eigin greiðslu vegna vanefnda af hálfu seljanda sem til eru komnar eftir áhættuskiptin.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram meginreglan um það hvenær áhættan af söluhlut flyst frá seljanda yfir til kaupanda. Eins og í 1. mgr. 17. gr. gildandi laga er það meginregla samkvæmt frumvarpinu að áhættan flyst yfir við afhendinguna. Er hér höfð í huga hin raunverulega afhending, en ekki tíminn þegar afhending átti að eiga sér stað. Það hvenær afhending á að eiga sér stað getur komið fram í samningi, en að öðrum kosti gilda um það reglur 6. og 7. gr. frumvarpsins.

Í reiðukaupum, sbr. 6. gr., flyst áhættan yfir þegar kaupandinn eða einhver á hans vegum hefur tekið við hlutnum hjá seljandanum. Sé hlutur keyptur í búð flyst áhættan við það að hlutur er afhentur kaupanda yfir búðarborðið. Kaupandi verður því sjálfur að bera áhættuna ef hluturinn ferst þegar hann er á leið út úr versluninni. Í verslunum, þar sem er sjálfsafgreiðsla, t.d. áfengisverslun, ber að líta svo á að áhættan flytjist yfir á kaupanda þegar kaupandi hefur veitt hlutnum viðtöku, eftir atvikum innpökkuðum, og greitt hann, þ.e. eftir að kaupandinn hefur farið framhjá búðarkassa og innpökkunarstað. Ef hlut á að sækja annað en til seljanda gilda ákvæði 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins.

Í staðarkaupum, sbr. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, telst áhættan flytjast yfir til kaupanda þegar hann hefur veitt hlutnum viðtöku í samræmi við ákvæði greinarinnar. Sama gildir í neytendakaupum, jafnvel þótt hlut skuli senda á annan stað, sbr. 4. mgr. 7. gr. Í sendingarkaupum flyst áhættan í meginatriðum yfir til kaupanda þegar hlutur er afhentur þeim flytjanda sem tekið hefur að sér flutninginn frá sendingarstaðnum, sbr. 2. mgr. 7. gr. Annað getur þó leitt af samningsskilmálum, og í því tilviki verður áhættuflutningur þegar hlutur er afhentur í samræmi við það sem samið hefur verið um. Í stöðluðum afhendingarskilmálum er venjulega gert ráð fyrir því að afhendingarstaðurinn ráði úrslitum um áhættuflutninginn, sbr. 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 13. gr. er um það tilvik fjallað þegar afhending fer ekki fram eins og ráð var fyrir gert, og það má rekja til kaupandans eða atvika sem hann varða. Tímamarki áhættuskipta í þessum tilvikum er lýst á mismunandi hátt í nýju norrænu kaupalögunum. Í norsku lögunum er í meginatriðum miðað við það að hlutur sé kaupanda heimill til ráðstöfunar, og vanefndir af hans hálfu verða við það að hann veitir hlutnum ekki viðtöku. Viðmiðunarreglu norsku laganna verður að skoða í ljósi skyldu kaupanda til að veita hlut viðtöku, sbr. b-lið 50. gr., 51. gr. og b-lið 2. mgr. 57. gr. norsku laganna. Er farin sú leið í frumvarpi þessu. Samkvæmt þessu er það aðalsjónarmiðið að seljandinn ber áhættuna þar til hlutur hefur verið settur kaupanda til ráðstöfunar og að kaupandinn skuli bera áhættuna eftir þann tíma. Ástæðan er sú að sá sem hefur ráðstöfunarréttinn hefur jafnan bestu aðstöðuna til þess að varðveita hlutinn, þ.m.t. að tryggja hann. Þegar svo hagar til að hlut skal sækja til þriðja manns nægir að kaupanda sé kunnugt um að hlutur sé honum þar heimill til ráðstöfunar, sbr. 3. mgr. Þessi aðgreining er í bestu samræmi við 69. gr. SÞ-samningsins og endurspeglar eðlilega áhættuskiptingu milli seljanda og kaupanda.

Regla 2. mgr. felur það í sér að áhættan getur flust yfir til kaupanda áður en raunveruleg afhending hefur átt sér stað ef hlutur er kaupanda heimill til ráðstöfunar og afhendingartími er kominn.

Ákvæði 2. mgr. eiga ekki aðeins við í því tilviki þegar kaupandinn neitar að veita hlut viðtöku eða sækja hann, heldur líka þegar seljandinn heldur eigin greiðslu með heimild í 10. gr. frumvarpsins. Sama gildir þegar ástæðan er sú að kaupandinn hefur ekki léð annan atbeina sinn sem nauðsynlegur er til þess að afhending geti farið fram.

Ef kaupandi veitir ekki hlut viðtöku á réttum tíma flyst áhættan eins og nefnt hefur verið yfir til hans þegar hlutur er honum heimill til ráðstöfunar. Það viðbótarskilyrði kemur þó

fram í greininni að það að veita hlutnum ekki viðtöku feli í sér vanefnd af hálfu kaupanda. Hér er því miðað við að kaupandinn hafi vanefnt þá skyldu sína að veita hlut viðtöku. Því nægir ekki að kaupandinn megi sækja hlut eða veita hlut viðtöku, heldur verður að koma fram af samningi að það sé beinlínis skylda hans. Það getur t.d. komið fram í samningi að kaupandi skuli veita honum viðtöku í síðasta lagi á tilteknum degi eða í tilteknum mánuði. Í slíku tilviki verður áhættuflutningurinn þegar sá tími er útrunninn.

Í 2. málsl. 2. mgr. kemur fram sérregla sem gildir í neytendakaupum. Felst í þeirri reglu að kaupandinn ber ekki áhættuna af tilviljunarkenndum atburðum, sem verða meðan hlutur er hjá seljandanum, og atburðinn er ekki unnt að rekja til eiginleika hlutarins sjálfs. Rökin fyrir reglunni eru þau að seljandinn hefur meiri möguleika en kaupandinn til þess að fá slíkt tjón bætt, t.d. með vátryggingu eða á annan sambærilegan hátt. Þá má og segja að í neytendakaupum sé það að öllu jöfnu eðlilegast að leggja áhættuna af tilviljunarkenndum atburði á seljandann meðan hann hefur hlutinn undir höndum. Með hliðsjón af ákvæðum 72. gr. frumvarpsins er það og eðlilegast að seljandinn sjái um vátryggingu. Þetta er að vísu ekki það sem ræður áhættuskiptunum, en seljandinn er í flestum tilvikum sá sem á auðveldast með að komast hjá eða draga úr afleiðingum tilviljunarkenndra atvika.

Í 2. málsl. 2. mgr. eru nefnd þrjú skilyrði sem fullnægja þarf svo að ákvæði greinarinnar eigi við: Í fyrsta lagi verður atburðurinn að vera tilviljunarkenndur. Seljandi ber því áhættuna af tjóni sem verður t.d. vegna bruna hjá honum og enn fremur áhættuna af tjóni vegna verknaðar þriðja manns, t.d. þjófnaði, en ekki tjóni sem má rekja til kaupanda sjálfs eða manna á hans vegum. Í öðru lagi verður hlutur að vera hjá seljanda. Í þessu felst að hlutur sé á lager hans, verkstæði eða annarri atvinnustöð. Ef hlut skal sækja á annan stað gildir regla 3. mgr. 13. gr. Neytandinn ber þá áhættuna þegar afhendingartími kemur og hann veit að hluturinn er fullbúinn og honum til ráðstöfunar. Í þriðja lagi á greinin því aðeins við að tjón verði ekki rakið til eiginleika hlutarins sjálfs, t.d. ef matvörur skemmast.

Í 3. mgr. er sérregla sem fjallar um það tilvik þegar kaupandi á að sækja hlutinn á annan stað en til seljanda, þ.e. til þriðja manns, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. Áhættan flyst þá yfir til kaupanda þegar afhendingartími er kominn og kaupanda er kunnugt um að hlutur er honum heimill til ráðstöfunar á umsömdum afhendingarstað. Það er nóg að afhendingartími sé kominn skv. 3. mgr. 9. gr., þ.e. að hlut megi sækja samkvæmt samningnum. Það er ekki forsenda áhættuskipta að kaupandinn hafi haft hæfilega langan tíma til að sækja hlutinn, en kaupandinn þarf að hafa fengið raunverulega vitneskju um að hlutur sé honum til reiðu. Slíka vitneskju kann hann að hafa fengið frá seljanda, en það nægir að hann hafi fengið vitneskjuna með öðrum hætti, t.d. frá þeim sem annast um hlutinn fyrir seljandann. Ákvæðið svarar til 2. mgr. 69. gr. SÞ-samningsins.

Um 14. gr.

Í ákvæði þessu kemur fram viðbótarskilyrði fyrir flutningi áhættu frá seljanda til kaupanda þegar um tegundarákveðna hluti er að ræða. Ákvæðið á því ekki við þegar keyptir eru einstaklega ákveðnir hlutir eða þegar um pöntunarkaup er að ræða. Í slíkum tilvikum hefur sérgreining farið fram þegar við kaup. Nauðsynleg sérgreining getur farið fram með merkingu vörunnar eða auðkenningu geymslustaðar, með því að sérgreina hana í flutningsskjali eða með tilkynningu til kaupanda. Ef varan sjálf er ekki merkt verður að taka hana frá fyrir kaupanda eða sérgreina fyrir hann með öðrum hætti. Þegar sérgreining fer fram með tilkynningu verður hún að hafa verið send í samræmi við ákvæði 82. gr. Eins og áður greinir felur sérgreiningin í sér viðbótarskilyrði varðandi flutning áhættu skv. 13. gr.

Að því er varðar aðalregluna í 1. mgr. 13. gr., þ.e. að áhætta flytjist yfir við afhendingu, skal tekið fram að sé vara send án þess að hún sé sérgreind, t.d. afhent sem búlkaður farmur, getur áhættuflutningur fyrst orðið þegar búið er taka hið keypta frá fyrir kaupanda. Með vöruflutningum er oft verið að fullnægja mörgum pöntunum samtímis og stundum er flutt meira magn en pantað er. Tilgangurinn með sérgreiningarkröfunni er að hindra að menn geti skotið sér undan ábyrgð ef tjón verður á hluta farmsins meðan á flutningi stendur.

Um 15. gr.

Í frumvarpsgreininni felst nýmæli sem ekki á sér hliðstæðu í gildandi lögum. Regla, sem fram kemur í ákvæðinu, varðar það hvenær áhættuskipti verða þegar keyptur er hlutur sem aðilar vita að er í flutningi þegar samningur er gerður, t.d. olíufarmur í skipi eða annar fljótandi varningur. Er meginreglan þá sú að áhættuskipti verða þegar við kaupin. Sem dæmi um þetta má nefna að tjón verður t.d. vegna óveðurs, stríðs eða áreksturs.

Á það hefur verið bent að ákvæði þetta geti leitt til sönnunarvandkvæða því að oft er ómögulegt að staðreyna í hvaða ástandi hlutur var við samningsgerðina, t.d. þegar vatnsskaði verður, vörur rotna o.s.frv. Þetta á sérstaklega við þegar hlutir eru fluttir í gámi. Á það má í sjálfu sér fallast að sönnunarvandkvæði geti komið upp, en telja verður að þau séu ekki óyfirstíganleg. Þar við bætist að meginregluna verður að skoða í því ljósi að kaupandinn ber áhættuna frá fyrra tímamarki, ef það er ljóst samkvæmt atvikum að hann hefur tekið slíka áhættu á sig.

Sú undantekning að kaupandi beri áhættuna frá fyrra tímamarki getur því aðeins átt við að slíkt megi leiða af samningi aðila. Í því sambandi er nægilegt að hlutlæg túlkun á tilgangi samningsins fái samrýmst vilja aðilanna. Tiltekin ytri atvik geta legið fyrir sem létta sönnunina að þessu leyti. Sem dæmi um þetta má nefna flutningsskilríki eða vátryggingarskírteini, sem afhent eru kaupandanum, þótt í þeim séu ekki bein ákvæði um áhættuna. Svipað gildir þegar það er upplýst að seljandinn hefur tryggt eða á að tryggja vöruna. Má þá eftir atvikum telja líklegt að hann geri það vegna áhættu kaupanda og allt frá byrjun ferðarinnar.

Í síðari málslið 1. mgr. kemur fram að seljandi beri í öllum tilvikum áhættuna af því tjóni sem hann vissi eða mátti vita um við kaupin en upplýsti kaupanda ekki um. Álitamál er hvernig með á að fara ef hin vonda trú á einungis við um hluta af tjóninu. Sennilegt er að þá gildi sama regla, a.m.k. þegar það tjón, sem á eftir kemur, stendur í tilteknu samhengi við það tjón eða þá áhættu sem vonda trúin á við um. Þetta getur t.d. átt við um leka eða vatnsskaða sem síðan breiðist út eða endurtekur sig hvað eftir annað.

Samkvæmt 2. mgr. gildir regla 1. mgr. ekki í neytendakaupum.

Um 16. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt 2. mgr. 60. gr. gildandi laga og fjallar um áhættuskipti þegar hlutur er seldur til reynslu eða um annars konar skilarétt er að ræða, t.d. eftir skoðun. Kaup til reynslu eiga sér stað á grundvelli sérstaks samnings eða venju sem mælir fyrir um að kaupandinn þurfi ekki að standa við kaupin en hafi þess í stað rétt til þess að skila hlutnum innan tiltekins frests. Raunhæft dæmi um þetta er þegar kaupandinn fær bækur, föt, tæki o.fl. með rétti til að skila hlutunum eða skipta þeim. Algengt er að póstpantanir séu með skilarétti.

Áhættan flyst á venjubundinn hátt yfir til kaupanda við afhendinguna, sbr. ákvæði 13.–15. gr. Ef kaupandinn ákveður að skila hlutnum flyst áhættan aftur yfir til seljanda þegar hann hefur veitt hlutnum viðtöku. Seljandi telst hafa veitt hlut viðtöku þegar hann hefur sótt hlutinn eða tekið við honum, sbr. nánar b-lið 50. gr. Kaupandinn ber samkvæmt þessu áhættuna af tilviljunarkenndum atvikum sem verða á leið hlutarins til seljandans, jafnvel þótt hann sé

sendur í pósti eða með sjálfstæðum flytjanda, og er þetta í samræmi við ákvæði í kaupalögum annarra norrænna ríkja.

Ákvæði 16. gr. eiga ekki við þegar kaupandinn hefur rétt til að skila hlutnum í samræmi við ákvæði laga um húsgöngu- og fjarsölu, nr. 96/1992. Gilda þá ákvæði þeirra laga.

Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess að hvaða marki kaupandi hefur rétt til að taka hlutinn úr umbúðum og reyna hann. Heimildir í þeim efnum geta verið mismunandi frá einu sviði viðskipta til annars og eru auk þess háðar samningi eða forsendum hans og þá alveg sérstaklega tilganginum með reynslukaupunum. Þó má segja að það sé almenn regla að leyft sé að vara sé tekin upp með gát og hún reynd.

Það að kaupandi beri áhættuna felur í sér að hlutnum verður að skila án slits eða óhreinkunar, þ.e. í stuttu máli í óbreyttu ástandi og án þess að bera merki notkunar. Undantekningu frá þessu verður þó að gera þegar breyting eða rýrnun má rekja til aðstæðna sem varða seljanda. Þó verður kaupandi sennilega að bera áhættu af rýrnun sem rekja má til eiginleika söluhlutar.

Reglur 66. gr. um missi réttar til riftunar gilda ekki í þessu tilviki, enda eru þær reglur byggðar á því að á söluhlut sé verulegur galli sem seljandi beri ábyrgð á.

Það fer eftir samningi aðila hve reynslutími og frestur til að skila hlutnum er langur. Ef ekkert er um þetta samið verður um það að fara eftir því sem sanngjarnt má telja þegar litið er til tegundar hlutar, þarfa aðila og hugsanlegrar venju á því viðskiptasviði, sem um er að ræða, og loks með hliðsjón af fyrri venjum í viðskiptum milli aðilanna.

Um IV. kafla.

Í kafla þessum eru ákvæði um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Í 17. gr. eru grundvallarreglur um hvenær galli telst vera til staðar. Meginreglan er sú að hlutur skal vera í samræmi við það sem leiðir af samningi en einnig er þar skilgreint hvað skuli teljast gallar ef slíkt kemur ekki fram í samningnum. Í 18. gr. kemur fram að reglurnar um galla gilda einnig þegar hlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem um hann hafa verið gefnar. Í 19. gr. er fjallað um þýðingu þess þegar söluhlutur er seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkum almennum fyrirvara. Í 20. gr. er getið nokkurra skilyrða fyrir því að kaupandi geti komið fram með kröfur á hendur seljanda vegna galla á söluhlut. Meginreglan er sú að kaupandinn getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi um eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Sama gildir hafi kaupandi rannsakað söluhlut eða sýnishorn áður en kaup voru gerð eða látið slíka rannsókn undir höfuð leggjast án gildrar ástæðu. Í 21. gr. er fjallað um það tímamark sem miða skal við þegar metið er hvort söluhlutur sé gallaður. Meginreglan er sú að miðað skal við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst frá seljanda yfir til kaupanda. Frá þessu eru nokkrar undantekningar í 2. mgr. 21. gr.

Um 17. gr.

Í 17. gr. frumvarpsins eru grundvallarreglur þær sem varða eiginleika söluhlutar og þar með hvenær galli telst vera til staðar. Sambærileg ákvæði eru ekki í gildandi lögum, en hins vegar í 35. gr. SÞ-samningsins.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að söluhlutur skal vera í samræmi við það sem leiðir af samningi. Á það bæði við um tegund hlutar, magn, gæði og aðra eiginleika auk innpökkunar hlutarins. Tilvísun til magnsins verður að skoða með hliðsjón af ákvæði 2. mgr. 43. gr. frumvarpsins, sem felur það í sér að unnt er að beita reglunum um galla þegar afhendingu er áfátt hvað magn varðar. Með öðrum eiginleikum í ákvæðinu er t.d. átt við geymsluþol vöru.

Hvað innpökkun varðar er ljóst að tjón, sem verður á umbúðum, leiðir ekki sjálfkrafa til þess að kaupandi geti beitt gallaúrræðum ef söluhluturinn sjálfur hefur ekki orðið fyrir neinum skemmdum. Í því tilviki hefur innpökkunin einmitt náð tilgangi sínum, þ.e. að varna því að hluturinn verði fyrir tjóni. Þetta getur þó horft öðruvísi við þegar um hlut er að ræða sem ætlaður er til áframhaldandi flutnings í sömu umbúðunum. Innpökkun vöru getur einnig haft sjálfstæða þýðingu í öðrum samböndum. Ef það leiðir t.d. af samningi að hlut skal pakka inn fyrir flutning og það hefur ekki verið gert þegar kaupandi kemur til að sækja hann er um galla að ræða í skilningi 17. gr. Innpökkun hefur stundum sjálfstæða þýðingu fyrir kaupanda sem hyggst endurselja söluhlut. Þetta á við um gjafavörur, t.d. ýmiss konar skrautvörur, en einmitt þar hefur innpökkunin sjálf mikla þýðingu við markaðssetningu.

Ef hlutur hefur ekki til að bera þá eiginleika, sem leiða má af samningi, telst galli vera til staðar. Það getur t.d. verið að ekki sé fullnægt þeirri tæknilegu útfærslu sem samningur gerir ráð fyrir. Ef seljandi hefur ábyrgst eða heitið tilteknum eiginleikum varðandi hlutinn er um galla að ræða ef þessir eiginleikar eru ekki til staðar. Skiptir þá í sjálfu sér ekki máli hvort hlutur sá, sem afhentur var, hefur sama verðmæti og notagildi samkvæmt tilgangi sínum og hinn umsamdi hlutur. Hafi maður t.d. keypt rauða skyrtu en fær bláa afhenta er um galla að ræða. Eins má nefna það dæmi að jafnvel þótt hlutur sé í sjálfu sér í lagi og geti þjónað hlutverki sínu er samt sem áður um galla að ræða ef ekki er hægt að setja hann upp með þeim einfalda hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir. Þetta getur t.d. átt við um vél sem erfitt reynist að setja í skip eða bíl.

Í þeim áskilnaði að hlutur skuli vera í samræmi við það sem „leiðir af samningi“ felst ekki einungis tilvísun til texta samningsins heldur og forsendna aðila, auk þess sem önnur atvik í sambandi við kaupin geta haft þýðingu. Sem dæmi um þetta má nefna að kaupandi gengur út frá því að dráttarvél megi bæði nota til venjulegra landbúnaðarverka og malarnáms. Þýðing samnings og samningsforsendna kemur oft vel í ljós þegar tilgangurinn með samningnum er annar en vanalegt er. Ef samningurinn snýst t.d. um kaup á bílum til niðurrifs getur kaupandinn ekki borið það fyrir sig að ekki sé unnt að fá bílinn skráðan til aksturs. Í mörgum tilvikum er söluhlut ekki nákvæmlega lýst í samningi. Í slíkum tilvikum verður söluhlutur að hafa þá eiginleika sem slíkir hlutir hafa venjulega. Samningskjör veita oft vísbendingu um hvernig þessu er nánar varið, t.d. það verð sem hlutur er keyptur á.

Í 2. mgr. er fjallað um þær kröfur, sem gerðar eru til eiginleika söluhlutar, þótt ekki leiði þá af samningnum sjálfum eða forsendum hans eins og getið er um í 1. mgr. Skilyrði 2. mgr. hafa því sjálfstæða þýðingu gagnvart 1. mgr., en þó ber þess að geta að sömu skilyrði leiðir yfirleitt af samningi. Á hinn bóginn verður að hafa í huga að upptalning 2. mgr. er ekki tæmandi, heldur eru þar nefnd í dæmaskyni nokkur mikilvæg atriði sem þýðingu hafa við mat á eiginleikum söluhlutar. Venjulegur stóll verður t.d. að þola þyngd fullorðins manns, og nýr einkabíll verður að vera rykþéttur og hafa sömu lita- og lakkeiginleika og nýir bílar hafa yfirleitt. Það að hlutur hefur ekki venjulega endingu getur verið galli. Of stuttur endingartími getur t.d. stafað af því að ekki hefur verið komið í veg fyrir að bíll ryðgi óeðlilega. Takmarkað öryggi getur líka talist galli í þessum skilningi, t.d. ef hlutur hefur ekki þá öryggiseiginleika sem kaupandinn gat búist við samkvæmt markaðsauglýsingum. Ákvæði 2. mgr. víkja að sjálfsögðu ef annað leiðir af samningi, svo sem berum orðum er tekið fram í upphafsorðunum.

Í a-lið 2. mgr. er sá áskilnaður gerður að hlutur skuli henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Hlutur skal með öðrum orðum fullnægja ákveðnum almennum lágmarksskilyrðum hvað eiginleika varðar. Hins vegar er ljóst að ólíkir hlutir geta verið mismunandi að gæðum án þess þó að sá lakasti teljist gallaður. Við mat í þeim efnum

verður að taka sanngjarnt tillit til ýmissa atvika við kaupin, t.d. verðsins. Ákvæðið felur það að öðru leyti í sér að hafi hlutur ekki þá eiginleika til að bera sem sambærilegir hlutir venjulega hafa telst hann gallaður, jafnvel þótt hann megi nota í þeim tilgangi sem kaupandinn ætlaðist til. Sem dæmi má nefna kaup á bíl og í ljós kemur að hann eyðir óeðlilega miklu bensíni. Bensíneyðslan er í sjálfu sér ekki því til fyrirstöðu að nota megi bílinn, en ekki er úr vegi að telja bensíneyðsluna galla, ef annað leiðir ekki af samningi.

Í b-lið er ákvæði sem fjallar um það tilvik þegar kaup eru af kaupanda hálfu gerð í sérstökum tilgangi og ekki er venjulegt að nota hlutinn í samræmi við hann. Skv. b-lið á hluturinn einnig að henta í þessum tilgangi. Það er skilyrði þess að b-liður eigi við að seljandinn hafi við kaupin vitað eða mátt vita um tilgang kaupanda. Samkvæmt ákvæðinu er það vitneskja seljanda við kaupin sem máli skiptir. Ef seljandi veit eða má vita á grundvelli slíkrar vitneskju að söluhlutur hentar ekki í þessum sérstaka tilgangi verður seljandi að upplýsa kaupanda um það. Fái seljandi hins vegar ekki þessa vitneskju fyrr en eftir að kaup gerðust, en áður en afhendingin átti sér stað, getur kaupandinn ekki borið galla fyrir sig, jafnvel þótt hluturinn henti ekki í þeim tilgangi sem hann á að nota til. Í því orðalagi að seljandi „mátti vita“ um tilgang kaupanda felst að ekki má vera til staðar nein sanngjörn ástæða sem afsakar ókunnugleika seljanda um hinn sérstaka tilgang. Í b-lið 2. mgr. 35. gr. SÞ-samningsins er orðalag um þetta efni með nokkuð öðrum hætti, en þar er skírskotað til „particular purpose expressly or impliedly made known to the seller“. Telja verður að þetta orðalag leiði til sömu niðurstöðu og orðalag b-liðar.

Ákvæði b-liðar hefur sérstaka þýðingu þegar kaupandi getur ekki tilgreint nákvæmlega sérstaka eiginleika söluhlutar á annan veg en að lýsa tilgangi kaupanna. Seljandinn hefur oft þá sérkunnáttu sem nauðsynleg er til þess að velja þann hlut sem hentar í þeim tilgangi sem lýst var. Vöruúrval er nú á tímum oft svo fjölbreytt og ýmsar vörur miðaðar svo mjög við sérstakar notkunarþarfir einstaklinga að það er vandasamt fyrir óreyndan kaupanda að velja hið rétta. Jafnvel þótt nota mætti aðra hluti í staðinn getur verið að þeir séu óhentugri eða dýrari í rekstri en þeir sem henta best. Þegar svo stendur á ber seljandi ábyrgð á því að gefa kaupanda réttar upplýsingar um val hlutar. Þegar pantaðir eru varahlutir verða þeir auðvitað að hæfa aðalhlut, bæði með hliðsjón af því að fella þessa hluti saman og því hlutverki sem aðalhlut er ætlað að gegna. Þannig verða hjólbarðar t.d. að vera af réttri stærð fyrir felgurnar og fullnægja þeim öryggiskröfum sem gerðar eru til bifreiðarinnar.

Í sumum tilvikum hefur kaupandinn mesta sérþekkingu til að bera þegar metið er hvaða eiginleika söluhlutur skal hafa svo að tilgangi kaupanna verði náð. Birtist það þá gjarnan þannig gagnvart seljanda að kaupandinn treystir ekki á sérþekkingu hans. Í slíkum tilvikum er lítil sanngirni í því að seljandinn beri ábyrgð á því að ekki hefur náðst hinn sérstaki tilgangur með kaupunum þótt honum hafi mátt vera um það kunnugt. Því er gerð undantekning varðandi þau tilvik þar sem atvik bera það með sér að kaupandinn hefur ekki, hvað hinn sérstaka tilgang varðar, byggt á sérþekkingu seljanda eða mati hans eða hafði ekki sanngjarna ástæðu til þess. Undantekning þessi á t.d. við þegar kaupandi hefur lagt fram nákvæma tæknilega sundurliðun á eiginleikum hlutar. Ef hluturinn er gæddur þessum eiginleikum getur kaupandinn ekki borið það fyrir sig gagnvart seljanda að hann geti ekki notað hlutinn.

Í c-lið felst að hlutur verður að hafa sömu eiginleika og prufur og líkön. Einungis prufur og líkön, sem seljandinn hefur lagt fram, hafa þýðingu í þessu sambandi. Þá á áskilnaður greinarinnar einungis við um þá eiginleika sem seljandinn hefur vísað til með því að leggja fram prufur eða líkön. Ákvæðið fjallar ekki um þýðingu þess að kaupandi hefur lagt fram prufur eða líkön. Samningur getur eigi að síður borið það með sér að hlutur skuli vera í samræmi við þá eiginleika sem framlagðar prufur og líkön kaupanda hafa til að bera. Í fram-

kvæmd kemur stundum fyrir að eiginleikar vörunnar eiga að fullnægja mati sérfróðra eftirlitsmanna eða annarra slíkra. Þessi tilvik falla ekki beint undir ákvæði c-liðar, en geta eftir atvikum fallið undir 1. mgr.

Í d-lið eru ákvæði um innpökkun söluhlutar og tengjast þau tilgangi innpökkunar. Skylda seljanda nær því einungis svo langt sem nauðsynlegt er til þess að varðveita og vernda hlutinn. Ef hlut er pakkað inn á venjulegan hátt er það að öllu jöfnu nægilegt ef ekki má leiða af sérstökum atvikum að meira þurfi til þess að vernda hlutinn og varðveita. Ákvæðið felur ekki í sér að söluhlutur þurfi alltaf að vera pakkaður inn. Bílar og sandur eru söluhlutir sem að jafnaði þarf ekki að pakka inn. Að öðru leyti verður að skýra hugtakið umbúðir rúmri skýringu. Dýrum er t.d. venjulega ekki pakkað inn þótt þau séu send frá einum stað til annars, en þess í stað er sú krafa gerð að flutningur fari fram í forsvaranlegum búrum eða með áþekkum hætti.

Í 3. mgr. er skírskotað til þeirra eiginleika söluhlutar sem leiðir af lögum eða öðrum opinberum ákvörðunum á þeim tíma sem kaup áttu sér stað, og er gildissviðið takmarkað við neytendakaup. Ákvæðið hefur mesta þýðingu þegar um öryggisráðstafanir og ýmis stöðluð ákvæði í lögum og reglugerðum er að ræða. Þetta á einkum við um almennar reglur, t.d. um eiginleika rafmagnshluta. Ákvæðið á einnig við um einstakar ákvarðanir, t.d. samþykkt eða dóm sem bannar sölu tiltekinnar framleiðslu.

Ákvæði 3. mgr. fjallar einungis um eiginleika söluhlutar. Kröfur, sem varða þær upplýsingar sem veita skal um tiltekna framleiðslu, falla utan ákvæðisins. Sem dæmi um þetta má nefna ákvæði laga um skyldu til þess að auglýsa hættu á heilsutjóni við tóbaksreykingar. Eftir atvikum getur það verið galli skv. 18. gr. ef slíkar upplýsingar vantar. Opinberar reglur, sem kveða á um notkun hlutar í tilteknu skyni, falla einnig utan ákvæðisins því að beiting reglnanna hvílir á athöfnum kaupandans eftir að kaup áttu sér stað. Seljandi snjósleða ber því ekki ábyrgð á því að kaupandinn fái heimild til þess að aka snjósleðanum um eignarlönd annarra manna. Sama er um þann sem kaupir skotvopn. Hann getur ekki ætlast til þess að seljandinn beri ábyrgð á því hvort hann fær skotvopnaleyfi eða ekki.

Kröfur, sem verða til eftir að kaup eru gerð, falla utan ákvæðisins, en það getur hins vegar leitt af samningi að slíkar kröfur hafi þýðingu. Þar við bætist að atvik, sem verða til þess að notkun hlutarins er bönnuð, geta leitt til þess að ekki sé unnt að ná því markmiði sem að var stefnt með kaupunum.

Í 3. mgr. er gerð sú undantekning viðvíkjandi eiginleikum söluhlutar að aðstæður kunni að sýna að kaupandi byggi ekki á sérfræðiþekkingu og mati seljanda með tilliti til þeirra. Þetta getur t.d. átt við um sérfróðan neytanda sem kaupir bíl í óökuhæfu ástandi, hyggst nota sérþekkingu sína til að gera við hann og láta skrá hann á nýjan leik.

Ekki kemur fram í 3. mgr. neitt um það hvernig með skal fara þegar söluhlutur fullnægir ekki kröfum opinbers réttar, sem fram koma í lögum eða opinberum ákvörðunum, þegar ekki er um neytendakaup að ræða. Það útilokar samt sem áður ekki að unnt sé að beita gallareglunum varðandi slíka annmarka. Oftast verður að gera ráð fyrir að annmarkar af því tagi reiknist sem gallar ef önnur skilyrði 17. gr. eru fyrir hendi.

Í 4. mgr. segir að hlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1.–3. mgr., og þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Um 18. gr.

Regla 18. gr. er viðbót við 17. gr. að því leyti að í 18. gr. kemur fram að reglurnar um galla gilda einnig þegar hlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem um hann hafa verið gefnar. Í núgildandi löggjöf er ekki sambærilegt ákvæði við það sem hér er lagt til að lögtekið

verði. Ákvæðið ber að skoða með hliðsjón af 86. gr. frumvarpsins um ábyrgð á upplýsingum skv. 18. gr. Í SÞ-samningnum er ekki ákvæði sem er beinlínis sambærilegt 18. gr. frumvarpsins. Að vissu marki mundi hins vegar ábyrgð vegna upplýsinga leiða af ákvæðum 17. gr., sbr. 35. gr. SÞ-samningsins. Að því marki sem 18. gr. gengur lengra en 17. gr. verður að líta á 18. gr. sem nánari útfærslu 17. gr. um atriði sem ekkert er sagt um í SÞ-samningnum.

Í 1. mgr. er fjallað um þær upplýsingar sem gefnar eru að frumkvæði seljanda. Þær kunna að hafa komið fram við almenna markaðssetningu en einnig á anna hátt, t.d. beint gagnvart kaupanda. Ekki er það skilyrði samkvæmt ákvæðinu að upplýsingarnar hafi verið gefnar skriflega. Þær kunna t.d. að hafa komið fram gagnvart kaupanda í samningsskjali, í bréfaskiptum eða munnlega við samningsgerð. Markaðssetning getur t.d. gerst með auglýsingum, í kvikmyndum, á myndböndum o.s.frv.

Til þess að upplýsingar geti verið grundvöllur ábyrgðar verða þær að hafa verið afmarkaðar og að vissu marki sérgreindar. Oft eru upplýsingar, sem fram koma við markaðssetningu, svo almennar og óljósar að þær geta ekki orðið grundvöllur kröfugerðar á hendur seljanda vegna galla. Slíkar upplýsingar geta þó haft vissa þýðingu við mat á því hverra gæða varðandi hlutinn kaupandinn gat vænst.

Í ákvæðinu er ekki berum orðum getið um neina tímaviðmiðun varðandi upplýsingarnar. Þar sem það er skilyrði að um sé að ræða upplýsingar sem ætla má að áhrif hafi haft á kaupin segir það sig sjálft að ákvæðið tekur aðeins mið af þeim upplýsingum sem gefnar voru fyrir eða við kaupin.

Ekki er það skilyrði að seljandinn hafi sjálfur persónulega gefið upplýsingarnar, enda er það svo í mjög mörgum tilvikum að seljandinn er ekki einstaklingur, heldur félag eða fyrirtæki. Seljandinn ber ábyrgð á þeim upplýsingum, sem hann sjálfur, starfsmenn hans eða aðrir þeir, sem fram koma fyrir hans hönd, hafa gefið, enda hafi þeir haft umboð eða heimild til þess. Þetta getur t.d. átt við um starfsmenn í söludeildum eða stjórnarmenn sem gefa upplýsingar í tengslum við kaup. Það er ekki skilyrði að viðkomandi hafi umboð til þess að gera sjálfan kaupsamninginn, heldur nægir að hann haft umboð til þess að gefa upplýsingarnar sjálfar. Sem dæmi um þetta má nefna að mörg fyrirtæki hafa sérstakar markaðsdeildir sem eiga að annast markaðssetningu en hafa hins vegar enga heimild til þess að gera kaupsamninga.

Ákvæðið kveður aðeins á um það hvað teljist til galla, en segir ekkert um afleiðingar þess að galli er til staðar. Það er ekki skilyrði þess að ákvæðið eigi við að seljandinn hafi sýnt af sér gáleysi við upplýsingagjöf eða gefið upplýsingar gegn betri vitund. Þótt seljandanum hafi ekki verið ljóst að upplýsingar væru rangar, eða hann eftir atvikum hefur verið í góðri trú, getur eigi að síður verið unnt að líta svo á að söluhlutur sé gallaður ef hann er ekki í samræmi við upplýsingarnar. Þegar hins vegar kemur að afleiðingum gallans getur huglæg afstaða seljandans haft þýðingu eins og við galla annars.

Upplýsingar um hlutinn og notkun hans koma margar fram í leiðbeiningum sem fylgja honum við afhendinguna. Venjulega er það svo að hluti þessara upplýsinga hefur ekki komið fram í tengslum við kaupin. Upplýsingar í leiðbeiningunum falla því ekki beint undir orðalag ákvæðisins. Ef hlutur er í samræmi við samningsskilmála, eða öðrum skilyrðum 17. gr. er fullnægt, skiptir ekki máli hvort upplýsingar í leiðbeiningum eru réttar eða rangar. Hins vegar er hugsanlegt að upplýsingar þær, sem fram koma í slíkum leiðbeiningum, leiði til þess að hlutur verði notaður á rangan hátt og það leiði til tjóns á hlutnum. Sem dæmi um þetta má nefna það tilvik þegar rangar upplýsingar í leiðbeiningum um vinnslugetu heimilistækis leiða til þess að það er notað meira en það þolir.

Að söluhlutur svari ekki til þeirra upplýsinga, sem seljandinn hefur gefið, tekur í fyrsta lagi til allra upplýsinga sem eru rangar. Skiptir þá ekki máli hvort það er einungis tiltekinn hlutur sem ekki hefur þá eiginleika sem í upplýsingunum fólust eða hvort það er öll framleiðslan sem eiginleikana skortir. Til dæmis er hugsanlegt að öll framleiðslan sé seld undir heiti sem ekki svarar til innihalds hennar. Í öðru lagi tekur ákvæðið til upplýsinga sem eru í sjálfu sér réttar en eru settar fram villandi hátt. Reglur um upplýsingaskyldu seljanda verður að öðru leyti ávallt að skoða í ljósi reglna um rannsóknarskyldu kaupandans og öðru leyti vitneskju hans um hlutinn, sbr. 20. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er fjallað um þær upplýsingar sem annar en seljandinn hefur gefið á hans vegum eða gefnar hafa verið á fyrri sölustigum. Gildissviðið er takmarkað við þær upplýsingar sem veittar eru við markaðssetningu, en ekki skiptir máli hvernig hún hefur farið fram. Í 18. gr. eru umbúðir söluhlutar og auglýsingar nefndar sérstaklega, en það er einungis í dæmaskyni. Seljandinn ber samkvæmt ákvæðinu ekki ábyrgð á upplýsingum, sem veittar eru í öðru samhengi en við markaðssetningu. Þegar um markaðssetningu söluhlutar er að ræða ber seljandinn ekki einungis ábyrgð á fyrri söluaðilum, heldur einnig á öðrum sem sjá um markaðssetningu hlutarins, t.d. framleiðandanum eða innflytjanda, en orðalagið takmarkar þetta þó við þá sem annast markaðssetningu *á vegum* seljanda eða fyrri söluaðila. Af þessu leiðir að utan gildissviðs ákvæðisins falla upplýsingar sem samkeppnisaðilar hafa gefið um sambærilega hluti.

Til sanns vegar má færa að sú regla að seljandinn beri ábyrgð á upplýsingum sem gefnar hafa verið við markaðssetningu af hálfu fyrri söluaðila sé nokkuð ströng í garð seljandans. Á hinn bóginn er til þess að líta að það er ekki óeðlileg krafa til seljanda að við kaup af sinni hálfu kynni hann sér þær upplýsingar sem fyrri söluaðilar hafa gefið. Þá er heldur ekki ósanngjarnt að krefjast þess af honum að hann fylgist með nýjungum á sínu sviði, m.a. með eigin markaðssetningu í huga. Í öðrum kaupum en neytendakaupum er hins vegar ekki eðlilegt, að seljandinn beri ábyrgð á upplýsingum sem aðrir hafa gefið ef hann hvorki vissi né mátti vita að upplýsingarnar voru gefnar eins og í ákvæðinu segir. Í neytendakaupum er hins vegar þörf á strangari reglum.

Tilvísun 2. mgr. til 1. mgr. 18. gr. felur í sér að upplýsingar þær, sem nefndar eru í 2. mgr., þurfa að vera þess eðlis að ætla megi að þær hafi haft áhrif á kaupin.

Í 3. mgr. kemur fram sú undantekning að reglur 1. og 2. mgr. eiga ekki við þegar réttar upplýsingar koma fram á skýran og skilmerkilegan hátt og með nægum fyrirvara. Ákvörðun um það hvenær upplýsingar koma nógu skýrt fram veltur m.a. á efni þeirra, á hvern hátt þær voru gefnar, af hverjum og í hvaða tilgangi. Almennt verður að krefjast þess að leiðréttar upplýsingar séu veittar á álíka áhrifaríkan hátt og hinar upprunalegu upplýsingar voru veittar. Hafi upphaflegar upplýsingar verið veittar kaupandanum beint og milliliðalaust er því ekki nóg að leiðrétting komi fram í auglýsingu. Á hinn bóginn er einnig unnt að hugsa sér þau tilvik að ekki nægi að leiðrétta upplýsingar í auglýsingum þótt upphaflegu upplýsingarnar hafi verið gefnar með þeim hætti.

Til þess að unnt sé að halda því fram að leiðréttar upplýsingar hafi verið gefnar með nægum fyrirvara verða þær að hafa verið til staðar á réttan hátt áður en kaup voru gerð. Ekki er það skilyrði að leiðréttar upplýsingar séu komnar til vitundar kaupanda, heldur nægir að þær hafi verið gefnar í tíma með þeim hætti að slíkt sé almennt til þess fallið að geta leiðrétt rangan skilning kaupanda í sambærilegum tilvikum. Ef seljandanum er ljóst í sambandi við kaupin að kaupandinn hefur ekki skilið leiðréttinguna getur seljandinn ekki hagnýtt sér það.

Um 19. gr.

Sambærilegt ákvæði er hvorki í gildandi lögum né í SÞ-samningnum, en reglur 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar svara að nokkru til 48. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. 19. gr. er fjallað um þau tilvik þegar seljandinn hefur gert þann fyrirvara að hlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“, eða fram kemur annar álíka almennur fyrirvari af hans hálfu. Af orðalagi ákvæðisins leiðir að gera verður sérstakan fyrirvara um þetta efni og gildir það því yfirleitt ekki um sölu nýrra eða notaðra hluta án slíks fyrirvara. Það leiðir af ákvæðum 3. gr. frumvarpsins að seljandi getur almennt gert fyrirvara um ábyrgð sína vegna galla. Ákvæði þetta gerir einnig ráð fyrir því að fyrirvarar, jafnvel þótt þeir séu almennir, séu venjulega gildir. Það felst í ákvæðinu að almenna fyrirvara er ekki unnt að túlka bókstaflega því að seljandinn ber ávallt ábyrgð á ákveðnum göllum, þ.e. þeim göllum sem nefndir eru í a–c-liðum 1. mgr. Rétt er hins vegar að hafa í huga að ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg í öðrum kaupum en neytendakaupum ef að er staðið með sérgreindum hætti. Eftir atvikum er þó unnt að víkja slíkum ákvæðum til hliðar, m.a. með stoð í 36. gr. samningalaga. Í þessu felst m.a. að innan marka almennra gildisskilyrða er unnt að semja um sérstakan fyrirvara, sem einnig nær til þeirra galla sem um er fjallað í a–c-liðum 1. mgr. 19. gr. Ákvæði þetta ber ekki að skilja sem neins konar takmörkun á upplýsingaskyldu seljanda. Þá ber að hafa það í huga að ákvæðið afmarkar ekki umfang upplýsingaskyldunnar heldur umfang ákveðinna fyrirvara.

Í a-lið 1. mgr. er um það fjallað þegar hlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandinn hefur gefið. Ákvæðið er í flestu í samræmi við 1. mgr. 18. gr. og ætlað að hafa jafnvíðtækt umfang og það ákvæði.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. er um galla að ræða ef seljandinn hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi söluhlut eða notkun hans. Orðasambandið „sem verulegu máli skipta“ verður að meta með hliðsjón af því að hluturinn er keyptur „í því ástandi sem hann er“ eða með sambærilegum fyrirvara. Slíkt gefur talsvert svigrúm til að meta hvað teljist verulegt í þessu sambandi.

Í framkvæmd felst í þessari reglu skylda seljanda til að gefa upplýsingar um alla þá galla söluhlutar, sem máli skipta, eða óheppilega eiginleika hans. Ákvæðið verður að skoða sem lágmarksreglu, sem ekki er unnt að víkja til hliðar með almennri tilvísun eins og þeirri að hlutur sé „seldur í því ástandi sem hann er“.

Það er skilyrði skv. b-lið að ætla megi að vanræksla seljanda hafi haft áhrif á það að kaup voru gerð. Sá fyrirvari að hlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ getur aðeins að takmörkuðu leyti leyst seljandann undan því að gefa upplýsingar um atriði sem þýðingu hafa fyrir kaupandann. Upplýsingaskylda seljanda nær ekki aðeins til atvika sem hann þekkir heldur líka atvika sem hann má vita um, þ.e. atvika sem ekki er afsakanlegt að seljandinn viti ekki um. Láti seljandinn hjá líða að upplýsa um slík atvik eru afleiðingarnar eftir atvikum þær að söluhlutur telst gallaður.

Ákvæði þetta verður að skoða í samhengi við reglur 20. gr. um rannsóknarskyldu kaupanda. Yfirleitt er ekki um upplýsingaskyldu seljanda að ræða varðandi þau atriði sem kaupandinn hefði átt að sjá við venjulega skoðun á söluhlut. Ákvæðið hefur því helst þýðingu varðandi mikilvæga eiginleika söluhlutar sem ekki er hægt að sjá við venjulega skoðun eða þegar kaupandinn hefur ekki möguleika á að komast að upplýsingunum á annan hátt. Sem dæmi slíks má nefna upplýsingar um það að seldur bíll hafi lent í alvarlegum árekstri, en það sést ekki við venjulega skoðun.

Samkvæmt c-lið er seljandinn ávallt ábyrgur ef í ljós kemur að söluhlutur er að verulegu leyti í miklu verra ástandi en kaupandinn hafði ástæðu til að ætla. Við mat í þeim efnum

verður m.a. að styðjast við kaupverðið, en einnig atvik að öðru leyti. Ekki er það skilyrði þess að ákvæðið eigi við að um óheiðarleika af hálfu seljanda sé að ræða, en ósamræmið milli raunverulegs ástands söluhlutar og þess sem kaupandinn mátti ætla verður að vera ótvírætt. Segja má með öðrum orðum að seljandi geti ekki með því að gera almennan fyrirvara firrt sig ábyrgð þegar söluhlutur fullnægir ekki tilteknum lágmarksskilyrðum.

Ákvæði 1. mgr. er ekki takmarkað við neytendakaup heldur nær það til kaupa yfirleitt. Í framkvæmd mun ákvæðið þó án efa hafa mesta þýðingu í neytendakaupum.

Í 2. mgr. er fjallað um sölu notaðra hluta á uppboði og er ákvæðið svipaðs efnis og 48. gr. gildandi laga. Ákvæðið gengur þó lengra en gildandi réttur gerir þar sem því er slegið föstu að reglur 1. mgr. gildi á sama hátt við sölu á uppboði eftir því sem við getur átt. Ákvæðið á bæði við um sölu á frjálsu uppboði og nauðungarsölu, en þó ganga ákvæði laga um nauðungarsölu framar þar sem í millum skilur.

Rétt er að hafa það í huga að sala á uppboði lýtur að mörgu leyti öðrum lögmálum en önnur sala, enda er gert ráð fyrir því í ákvæðinu með orðunum „eftir því sem við getur átt“. Helst tíðkast að hlutur sé boðinn til sölu „eins og hann er“ og er bjóðendum ætlað að meta eiginleika hans og verðleggja hann í samræmi við það. Ekki er ástæða til að gera seljandann ábyrgan þótt hlutur henti ekki til þeirra nota sem slíkir hlutir eru venjulega notaðir til. Enn síður er ástæða til að leggja ábyrgð á seljandann af því tilefni að hlutur hentar ekki til þeirra sérstöku nota sem kaupandinn ætlaði að hafa af honum, enda er það ekki fyrr en við sölulok að seljandinn veit hver kaupandinn er.

Um 20. gr.

Í 20. gr. frumvarpsins er getið um nokkur skilyrði sem fullnægja þarf til að kaupandinn geti komið fram með kröfur á hendur seljanda vegna galla á söluhlut. Í 1. mgr. kemur fram meginreglan í þeim efnum, en ákvæði 2. og 3. mgr. fela í sér nánari útfærslu þeirrar meginreglu.

Ákvæði sambærilegt 1. mgr. 20. gr. er ekki í gildandi lögum, en hins vegar er slíkt ákvæði í 3. mgr. 35. gr. SÞ-samningsins. Ákvæði 2. og 3. mgr. svara efnislega til 2. og 3. mgr. 47. gr. gildandi kaupalaga.

Í ákvæði 1. mgr. felst að kaupandinn getur ekki komið fram með kröfu vegna galla ef um er að ræða atvik sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaup áttu sér stað. Ef kaupandi vitandi vits gerir samning þótt hann viti um tiltekinn eiginleika söluhlutarins getur hann ekki síðar borið það fyrir sig að þennan eiginleika beri að telja galla. Í ákvæðinu felst ekki aðeins að kaupandanum hafi verið kunnugt um viðkomandi atvik heldur líka að hann hafi áttað sig á þýðingu þess sem galla. Ef kaupandi naut ekki nauðsynlegrar sérfræðilegrar aðstoðar til að skilja þýðingu tiltekins eiginleika, sem seljandinn vakti athygli hans á, er eftir atvikum samt sem áður ekki útilokað að kaupandinn geti af því tilefni komið fram með kröfu á hendur seljanda vegna galla. Er þetta án efa oft reyndin í neytendakaupum.

Ákvæðið útilokar ekki kröfu af hálfu kaupanda vegna galla ef ráð var fyrir því gert að seljandinn bætti úr gallanum eftir að kaup gerðust.

Tímamarkið sem miðað er við í 1. mgr. 20. gr. er það þegar kaupin voru gerð. Ákvæðið á samkvæmt því ekki við þegar kaupandinn fékk vitneskju um atvik eftir kaup, en áður en afhending átti sér stað. Sem dæmi um þetta má nefna það tilvik að kaupandi bíls kemst að því eftir kaup, en áður en hann veitir bílnum viðtöku, að bíllinn hefur áður lent í tjóni. Getur kaupandi þá borið slíkt fyrir sig sem galla.

Ákvæði 1. mgr. fjallar ekki einungis um það sem kaupandinn vissi um heldur einnig það sem hann mátti vita um þegar kaup voru gerð. Tilvísun ákvæðisins til þess sem kaupandi

„mátti vita um“ svarar til þess sem kaupandi „could not have been unaware of“ í 3. mgr. 35. gr. SÞ-samningsins og ber að túlka á sama veg. Sjá að öðru leyti skýringar við b-lið 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

Ákvæði þetta gildir óháð því hvort kaupandinn hefur rannsakað söluhlut eða ekki og einnig óháð því hvernig kaupandinn hefur fengið vitneskju um eiginleika hlutarins. Hafi kaupandinn rannsakað hlutinn felur það oft í sér að hann hafi einnig mátt vita um tiltekna eiginleika.

Ákvæði 2. mgr. fjallar um afleiðingar þess að kaupandinn hefur rannsakað hlut eða látið slíkt hjá líða án gildrar ástæðu. Meginreglan er þá sú að hafi kaupandinn rannsakað söluhlut áður en kaup gerðust getur hann ekki borið fyrir sig neina þá galla sem hann hefði átt að veita athygli við slíka rannsókn. Sama gildir ef hann án gildrar ástæðu lætur hjá líða að sinna hvatningu seljanda um að rannsaka söluhlutinn. Kaupandinn getur haft gilda ástæðu til þess að rannsaka ekki söluhlut, t.d. þar sem hann má treysta sérþekkingu seljanda eða þar sem rannsókn yrði óhæfilega tímafrek eða óhæfilegur kostnaður henni samfara, t.d. vegna þess að hlut er að finna á öðrum stað. Hafi seljandinn heitið tilteknum eiginleikum hefur kaupandinn yfirleitt ekki ástæðu til þess að rannsaka frekar hvort þeir eru fyrir hendi. Einnig getur verið að kaupandinn rannsaki hlut, en atvik gefi honum gilda ástæðu til þess að takmarka rannsókn sína. Í slíkum tilvikum glatar kaupandinn ekki rétti til þess að koma fram með kröfur vegna galla sem hann hefði átt að komast að við nákvæmari rannsókn.

Í ákvæði 2. mgr. kemur ekki fram bein skylda kaupanda til þess að rannsaka söluhlut að eigin frumkvæði fyrir kaup. Þykir ekki ástæða til þess að lögleiða slíka reglu, enda mundi hún hafa litla raunhæfa þýðingu í mörgum tilvikum, t.d. þegar kaup eiga sér stað í venjulegri búðarverslun. Ef um neytendakaup er að ræða án þess að sérfræðileg þekking sé fyrir hendi er varla unnt að gera meiri kröfur en þær að kaupandinn athugi að umbúðir séu heilar. Hins vegar leiðir það af ákvæðum 31. gr. frumvarpsins að á kaupanda hvílir rannsóknarskylda eftir að hlutur hefur verið afhentur. Það getur á hinn bóginn leitt af samningi aðila eða venju að kaupandi eigi að rannsaka söluhlut fyrir kaup. Í pöntunarkaupum er eðli málsins samkvæmt ekki unnt að rannsaka söluhlut fyrir kaup, en í því tilviki ætti að vera unnt að skoða efni o.fl. í hlutnum.

Í 2. mgr. kemur fram fyrirvari sem við á þegar seljandinn hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti stríðir á móti heiðarleika og góðri trú. Í þessu felst að vöntun rannsóknar eða ófullnægjandi rannsókn af hálfu kaupanda kemur honum ekki í koll ef seljandinn hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti er andstætt heiðarleika og góðri trú.

Ekki er ástæða til þess að gera mjög strangar kröfur um aðgæslu af hálfu kaupanda í neytendakaupum þegar mat er lagt á rannsóknarskyldu hans. Orðalag 2. mgr. er með þeim hætti að það gefur tækifæri til mats í hverju einstöku tilviki. Á það bæði við um mat í þeim efnum hvort kaupandinn hafi haft gilda ástæðu til að láta hjá líða að rannsaka hlutinn og einnig mat á því hvað hann hefði átt að komast að raun um við rannsókn. Í báðum tilvikum skiptir máli tegund og eðli hlutar, venjur á viðkomandi sviði, staða aðilanna og sérþekking þeirra ásamt atvikum öllum við kaupin. Í venjulegum neytendakaupum þar sem keyptar eru nýjar framleiðsluvörur og við kaup yfir búðarborð hefur neytandinn yfirleitt ekki neinn raunhæfan möguleika eða sérþekkingu til að rannsaka nákvæmlega það sem hann kaupir.

Stundum eru atvik með þeim hætti að aðilar verða sammála um að láta óháðan þriðja mann rannsaka söluhlut, t.d. þegar verkstæði er látið athuga bíl sem selja á. Ef seljandinn leitar eftir slíkri rannsókn fellur tilvikið utan 2. mgr. 20. gr., en hins vegar kemur niðurstaða

rannsóknarinnar þá væntanlega í ljós við kaupin. Ef hins vegar kaupandinn leitar eftir slíkri rannsókn á ákvæðið ekki beint við samkvæmt orðanna hljóðan, en því má beita með lögjöfnun.

Ákvæði 3. mgr. 20. gr. gilda þegar kaupandinn hefur rannsakað sýnishorn af söluhlut eða fengið tækifæri til þess, en lætur það hjá líða án gildrar ástæðu. Getur kaupandi þá ekki borið fyrir sig neina þá galla sem hann sá eða hefði átt að sjá við slíka rannsókn á sýnishorninu. Hins vegar glatar kaupandinn ekki neinum rétti vegna galla sem ekki var unnt að komast að raun um við rannsókn á sýnishorninu.

Um 21. gr.

Ákvæði 21. gr. frumvarpsins er byggt á 36. gr. SÞ-samningsins og endurspeglar um margt þau sjónarmið sem fram koma í 44. gr. gildandi laga. Þar er þó hvergi vísað til yfirlýsingar seljanda um ábyrgð eða annað þess háttar. Það leiðir hins vegar af frávíkjanlegu eðli gildandi kaupalaga að seljandinn getur orðið ábyrgur á grundvelli yfirlýsingar um ábyrgð eða annarrar áþekkrar yfirlýsingar sem leiða má af samningnum. Samkvæmt þessu er í frumvarpsgreininni ekki um neina efnisbreytingu frá gildandi rétti að ræða.

Af 21. gr. leiðir að það hefur ekki þýðingu varðandi kaupin þótt hlutur sé gallaður samkvæmt ákvæðum 17.–20. gr. meðan áhættan af söluhlutnum hvílir á seljanda. Um það atriði hvenær áhættan af söluhlut flyst frá seljanda yfir til kaupanda vísast til athugasemda við 12.–16. gr. frumvarpsins. Í pöntunarkaupum er það venjulega svo að hluturinn er ekki í umsömdu ástandi fyrr en afhendingartími nálgast. En einnig að öðru leyti getur hlutur verið gallaður áður en að afhendingu kemur án þess að það feli í sér galla í tengslum við kaupin þar sem kaupandinn nær því að búa hlut í umsamið ástand fyrir afhendingu og getur kaupandi þá ekki komið fram með kröfur af því tilefni. Í sumum tilvikum getur hins vegar augljóslega verið um fyrirsjáanlegar vanefndir að ræða í skilningi 61.–62. gr. frumvarpsins og í þeim tilvikum getur kaupandinn gripið til vanefndaúrræða án þess að bíða þess að áhættan flytjist yfir til hans. Þetta getur t.d. átt við um einstaklega ákveðinn hlut sem verður fyrir tjóni þannig að ljóst sé að hann verði ekki afhentur í umsömdu ástandi.

Í 1. mgr. 21. gr. felst að ákvörðun um það hvort hlutur er gallaður eða ekki skal tekin með hliðsjón af ástandi hans á því tímamarki þegar áhættan af hlutnum fluttist yfir til kaupandans. Ekki skiptir máli hver er orsök gallans. Því á ákvæðið jafnt við hvort heldur sem gallann má rekja til tilviljunarkenndra atvika eða ástands hlutarins sjálfs. Af ákvæðum 1. mgr. leiðir að ekki skiptir máli hvort gallinn kemur fram seinna ef hann var til staðar á áhættuskiptatímanum sem yfirleitt miðast við afhendingu. Seljandinn ber með öðrum orðum einnig ábyrgð á hinum svokölluðu leyndu göllum og er þetta einnig í samræmi við gildandi rétt. Hönnunareða smíðagalli getur t.d. leitt til þess að söluhlutur eyðileggist eftir stutta notkun þótt ekki hafi verið unnt að staðreyna gallann við afhendinguna. Á þetta einnig við um skemmt fóður sem gefið er dýrum eftir afhendingu og þau veikjast síðan af og sama gildir um stiga sem á er leyndur galli og fellur saman um leið og farið er að nota hann.

Seljandinn getur einnig borið ábyrgð á göllum sem koma fram eftir flutning áhættu yfir til kaupanda. Er þar um tvö tilvik að ræða og er fjallað um þau í 2. mgr. Fyrra tilvikið er það að gallann megi rekja til vanefnda seljanda, t.d. vegna skyldna hans, sem samkvæmt samningnum ná til tímans eftir afhendingu, en seljandi vanrækir að sinna. Sem dæmi má nefna skyldu seljanda til þess að setja hlutinn upp, pakka honum inn eða sjá um flutning hans. Seljandinn getur einnig hafa tekið á sig þær skyldur að hafa ákveðið eftirlit með hlutnum og að halda honum við í ákveðinn tíma eftir afhendingu. Þetta ákvæði gengur lengra en gildandi lög því að samkvæmt þeim ber seljandi því aðeins ábyrgð á göllum, sem fram koma eftir af-

hendingu, að vanrækslu af hans hálfu sé um að kenna. Í frumvarpinu er því gengið heldur lengra í þessum efnum því að um vanefndir getur verið að ræða samkvæmt frumvarpsgreininni þótt seljanda sé ekki um að kenna. Á hinn bóginn felst það í orðalagi ákvæðisins að seljandinn verður ekki ábyrgur á grundvelli kaupalaga vegna tjóns sem hann veldur á hlutnum eftir að skyldum hans í tengslum við kaupin er lokið. Sem dæmi má nefna það tilvik þegar seljandi kemur í heimsókn til kaupanda og veldur tjóni á söluhlut eða hann ekur á bíl sem hann hefur selt og afhent kaupanda fyrir nokkrum dögum. Í slíkum tilvikum mundi ábyrgð seljanda ekki verða reist á reglum kaupalaganna heldur á almennum reglum um bótaábyrgð utan samninga.

Seinna tilvikið kemur fram í síðari málslið 2. mgr. 21. gr., en þar er gert ráð fyrir því að seljandi geti borið ábyrgð ef hann með yfirlýsingu eða á annan sambærilegan hátt hefur ábyrgst að hluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hann megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti. Algengt dæmi um ábyrgð af þessu tagi er yfirlýsing um ryðvörn og ábyrgð í því sambandi eða þegar ábyrgst er að skíði geti ekki brotnað. Yfirlýsingar um það að matvöru megi neyta fram til ákveðins dags felur líka í sér ábyrgð af þessu tagi.

Ætlast er til þess að hugtakið „tiltekið tímabil“ í ákvæðinu nái einnig til ábyrgðaryfirlýsinga sem eru takmarkaðar við tiltekna notkun. Hér má sem dæmi nefna það þegar ábyrgð á seldri bifreið er takmörkuð við fyrstu 50 þúsund kílómetrana sem bifreiðinni er ekið.

Um V. kafla.

Í kafla þessum er fjallað um úrræði kaupanda vegna vanefnda seljanda. Í 22. gr. er í upphafi almennt yfirlit um þau vanefndaúrræði sem standa kaupanda til boða þegar seljandi afhendir ekki söluhlut eða afhendir hann of seint. Í 23. gr. er rætt um þann rétt sem kaupandi á til efnda og skilyrði fyrir honum, og í 24. gr. er fjallað um hvernig með skuli fara þegar seljandi beinir fyrirspurn til kaupanda um það hvort hann vilji veita söluhlut viðtöku þrátt fyrir seinkun. Í 25. gr. er rætt um rétt kaupanda til riftunar þegar greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir, en í 26. gr. er fjallað um riftunarréttinn sérstaklega þegar um pöntunarkaup er að ræða. Í 27. gr. koma fram skilyrði fyrir skaðabótum vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda og í 28. gr. er m.a. mælt fyrir um skyldu seljanda til að skýra frá hindrun ef hún kemur í veg fyrir að seljandinn geti efnt kaupin á réttum tíma. Loks koma fram í 29. gr. reglur um riftunarfrest ef hlutur hefur verið afhentur of seint.

Í 30. gr. frumvarpsins er yfirlit um heimildir kaupanda vegna þess að söluhlutur er gallaður. Í 31. gr. koma fram reglur um rannsókn kaupanda á söluhlut eftir afhendingu. Aðalreglan er sú að kaupandi skal rannsaka hlutinn á þann hátt sem góð venja stendur til. Í 32. gr. er að finna reglur um tilkynningar. Þar kemur fram að kaupandi glati rétti sínum til að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda um gallann innan þeirra tímamarka sem þar koma fram. Í 33. gr. er ákvæði um undantekningar frá reglum um tilkynningar. Í 34. gr. er rætt um úrbætur og afhendingu að nýju. Samkvæmt ákvæðinu getur kaupandi krafist þess að seljandi bæti úr galla ef það verður gert án þess að valda seljanda ósanngjörnum kostnaði og óhagræði. Enn fremur getur kaupandi krafist nýrrar afhendingar ef galli er verulegur. Um nánari skilyrði fyrir hvoru úrræðinu fyrir sig vísast til greinarinnar. Í 35. gr. ræðir hins vegar um tilkynningu um kröfu um úrbætur og afhendingu að nýju. Samkvæmt ákvæðinu getur kaupandi glatað rétti sínum til að krefjast úrbóta eða nýrrar afhendingar ef hann tilkynnir ekki seljanda um þá kröfu sína samkvæmt fyrirmælum ákvæðisins.

Í 36. gr. er fjallað um rétt seljanda til úrbóta og nýrrar afhendingar. Aðalreglan er sú að seljanda er heimilt að bæta á eigin kostnað úr galla eða afhenda annan hlut ef það verður gert án verulegs óhagræðis fyrir kaupanda. Í 37. gr. er rætt um afslátt eða riftun þegar ekki verður

af úrbótum eða afhendingu að nýju. Í 38. gr. er rætt um skilyrði afsláttar af kaupverði ef hlutur reynist gallaður og í 39. gr. er rætt um rétt kaupanda til riftunar ef söluhlutur er verulega gallaður. Í 40. gr. er fjallað um rétt kaupanda til skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut.

Í 41. gr. er fjallað um rétt kaupanda vegna vanheimildar að því er söluhlut varðar. Í 42. gr. er fjallað um rétt kaupanda til að halda kaupverði vegna vanefnda seljanda. Í 43. gr. eru reglur um úrræði kaupanda ef vanefndir seljanda varða aðeins hluta hins selda. Loks er í 44. gr. að finna ákvæði um úrræði kaupanda þegar afhenda á hið selda í áföngum.

Um 22. gr.

Ákvæði 22. gr. frumvarpsins á sér ekki beina hliðstæðu í gildandi kaupalögum, en það svarar þó að nokkru til 21. gr. þeirra laga. Sambærilegt ákvæði er hins vegar í 45. gr. SÞ-samningsins.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er almennt yfirlit um þau úrræði sem standa kaupanda til boða þegar seljandinn afhendir ekki hlutinn eða afhendir hann of seint. Kaupandi getur þá krafist efnda, riftunar og skaðabóta með þeim skilyrðum sem fram koma í 23.–29. gr. Hann getur einnig skv. 42. gr. haldið eftir greiðslum kaupverðsins. Skilyrði er að kaupanda sé ekki um greiðsludrátt að kenna eða atvikum sem hann varða og ákvæðið á því einungis við um greiðsludrátt af hálfu seljanda. Sem dæmi um greiðsludrátt sem rekja má til kaupanda er það tilvik þegar kaupandinn lætur hjá líða að sækja hlutinn eins og um var um samið eða þegar kaupandinn gefur seljandanum ekki þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hluturinn verði sendur. Tilvísun ákvæðisins til atvika sem kaupandann varða tekur ekki eingöngu mið af atvikum þar sem greiðsludráttur er beinlínis afleiðing vanrækslu af hálfu kaupanda heldur er og miðað við atvik sem kaupandinn ber áhættuna af. Það getur t.d. verið að tilviljunarkenndur atburður valdi því að kaupandinn getur ekki sótt hlutinn. Annað dæmi er það þegar kaupandinn fær ekki nauðsynleg innflutningsleyfi.

Upptalning úrræðanna í 1. mgr. er í sjálfu sér ekki tæmandi. Til þess að fá heildarsýn yfir stöðu kaupanda verður að líta til þeirra skilyrða, sem gilda um beitingu einstakra úrræða, sbr. ákvæði 23., 24. og 28. gr. um efndir, ákvæði 25., 26. og 29. gr. um riftun, ákvæði 27. gr. um skaðabætur og ákvæði 42. gr. um rétt til að halda kaupverði. Einnig ber hér að líta til ákvæða 43. og 44. gr. um vanefndir varðandi hluta hins selda og um afhendingu í áföngum, sbr. og ákvæði 61.–63. gr. um fyrirsjáanlegar vanefndir. Kaupandinn hefur samkvæmt gildandi rétti allar sömu heimildir, en upptalningin hér og framsetning einstakra heimilda er víðtækari og nákvæmari.

Það segir sig sjálft að kaupandinn getur ekki samtímis rift kaupum og krafist efnda, en að öðru leyti útilokar einstök vanefndaheimild ekki beitingu annarrar heimildar án þess að annað og meira komi til. Um nánara samband hinna einstöku vanefndaheimilda fer eftir viðkomandi ákvæðum, þó þannig að í 2. málsl. frumvarpsgreinarinnar er sérstaklega tekið fram að rétturinn til þess að krefjast skaðabóta falli ekki niður þótt kaupandi setji fram aðrar kröfur eða ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

Venjulega er það ekki vandkvæðum bundið að skýra hvað felst í hugtakinu greiðsludráttur. Þó getur verið erfitt að fullyrða í sumum tilvikum hvenær greiðsludráttur hefur orðið þegar greiðslutími hefur ekki verið nákvæmlega tilgreindur í samningi. Sem dæmi um þetta má nefna að afhenda eigi vöru samkvæmt samningi „um páskana“. Ef alls ekki hefur verið samið um afhendingartímann gildir ákvæði 1. mgr. 9. gr. Álitamál getur verið hvort um greiðsludrátt eða galla er að ræða. Í ákvæðinu er tekið af skarið um þetta því að sé hlutur alls ekki afhentur er um greiðsludrátt að ræða. Stundum má vera að söluhlutur sé aðeins afhentur að

hluta. Í slíkum tilvikum verður að taka mið af því hvort ætla megi að seljandinn hafi lokið afhendingu sinni, sbr. 2. mgr. 43. gr.

Rétturinn til skaðabóta er sem áður sagði í öllum tilvikum óháður því hverjar aðrar kröfur eru gerðar eða unnt er að gera. Er þetta ótvírætt tekið fram í síðari málslið ákvæðisins, sbr. og 2. mgr. 45. gr. SÞ-samningsins. Ákvæðið segir í sjálfu sér ekki annað og meira en það sem leiða má af fyrri málsliðnum með túlkun, en hentugt þykir að taka þetta fram í upplýsingaskyni, m.a. að því er varðar tengslin við 24. gr.

Samkvæmt 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er unnt að beita ákvæðum um greiðsludrátt varðandi aðrar skyldur seljanda en þær sem gagngert varða afhendingu söluhlutar. Er ákvæðið nauðsynlegt vegna þeirrar stefnu að láta frumvarpið fela í sér ákvæði um allar skyldur aðila í kaupum. Getið er um slíkar aðrar skyldur seljanda í 2. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 51. gr. Aðalreglan skv. 2. mgr. er sú að reglunum um greiðsludrátt er einnig beitt varðandi aðrar skyldur en afhendingu sjálfs söluhlutarins. Slíkar skyldur geta t.d. verið tengdar flutningi hlutarins, uppsetningu hans eða leiðbeiningu varðandi notkun hans.

Ákvæði 2. mgr. felur í sér rýmkun á reglum gildandi laga, sem í raun fjalla aðeins um greiðsludrátt við afhendingu. Ákvæðið mun á hinn bóginn að fæstu leyti leiða til annarrar niðurstöðu en þeirrar sem leiðir af gildandi rétti. Í fyrsta lagi getur greiðsludráttur varðandi aukaskyldur oft leitt til þess að dráttur verður á afhendingu aðalgreiðslunnar. Þetta getur t.d. átt við þegar seljandinn sér ekki um nauðsynlegar merkingar á söluhlut í tengslum við sendingu hans. Í öðru lagi er ekki unnt að útiloka að seljandinn geti orðið ábyrgur vegna brota á aukaskyldum á grundvelli almennra reglna kröfuréttarins eða samkvæmt lögjöfnun frá ákvæðum kaupalaganna. Ef seljandinn á t.d. að setja hlutinn upp eftir afhendingu getur hann að öllum líkindum orðið ábyrgur vegna dráttar á uppsetningu án tillits til þess hvort afhending fór fram á réttum tíma eða ekki.

Í 2. mgr. kemur fram undantekning þess efnis að ákvæði 2. og 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins um riftun þegar settur hefur verið viðbótarfrestur skuli ekki gilda. Nauðsynlegt er að línur séu skýrar varðandi riftunarheimildina. Riftun er afdrifaríkt vanefndaúrræði og reglurnar um viðbótarfrestinn verður að skoða í samhengi við það skilyrði að riftunar verði aðeins krafist þegar vanefnd er veruleg. Í þessu sambandi skiptir bæði máli hversu lengi greiðsludráttur varir og hvers eðlis hann er. Það væri ekki sanngjarnt ef kaupandinn gæti jafnan rift í lok viðbótarfrestsins ef skylda sú sem greiðsludrátturinn nær til er óveruleg eða veigalítil. Því verður jafnan að skoða réttinn til riftunar vegna brota á aukaskyldum í tengslum við meginregluna í 1. mgr. 25. gr. þótt seljandinn hafi farið fram yfir viðbótarfrestinn. Er þetta í samræmi við reglu b-liðar 1. mgr. 49. gr. SÞ-samningsins.

Orð 2. mgr., „eftir því sem við getur átt“, gefa tilefni til mats í hverju einstöku tilviki. Er það notað til þess að leggja á það áherslu að við beitingu hinna einstöku heimilda verður að taka mið af því hvers konar skylda það er sem hefur verið vanefnd. Þetta hefur t.d. þýðingu skv. 1. mgr. 23. gr. þegar metinn er kostnaður seljanda og óhagræði í samanburði við hagsmuni kaupanda af efndum. Á sama hátt skiptir tegund skyldunnar máli við mat á því hvort um verulega vanefnd er að ræða í skilningi 25. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. kveður á um að ákvæðið sé frávíkjanlegt, einnig að því er neytendakaup varðar. Seljandi getur því samið sig frá ábyrgð vegna greiðsludráttar varðandi aukaskyldur umfram það sem annars leiðir af ákvæðum laganna.

Um 23. gr.

Í 23. gr. frumvarpsins er fjallað um rétt kaupanda til þess að krefjast efnda í samræmi við efni samnings (efndir *in natura*). Aðalatriðið í því efni er afhending söluhlutar, en ákvæðið

nær einnig til allra aukaskyldna seljanda samkvæmt samningnum, sbr. 2. mgr. 22. gr. Eðlilegt er að kaupandi eigi rétt til efnda þar sem tilgangur kaupanna er einmitt sá að seljandinn fullnægi skyldum sínum samkvæmt kaupsamningnum. Hlutverk ákvæðisins er samkvæmt því ekki umfram allt það að kveða á um rétt kaupandans heldur miklu fremur að mæla fyrir um við hvaða aðstæður seljandinn getur komist hjá því að fullnægja þessum skyldum sínum.

Um rétt kaupanda í þessum efnum er fjallað í 1. mgr. 46. gr. SÞ-samningsins. Um takmarkanir á rétti til þess að krefjast efnda *in natura* er ekki fjallað með tæmandi hætti í samningnum heldur ráðast þær takmarkanir af reglum landsréttar hvers samningsríkis, sbr. 28. gr. SÞ-samningsins. (Sjá til athugunar skýringar við 88. gr. frumvarpsins.)

Í fyrri málslið 1. mgr. 23. gr. kemur fram sú meginregla að kaupandi getur haldið fast við kaup og krafist afhendingar eða annarra efnda. Í 21. gr. gildandi kaupalaga er heimildinni til þess að heimta söluhlut stillt upp sem kosti við hlið þess úrræðis að rifta kaupum. Í gildandi kaupalögum eru þó ekki ótvíræð ákvæði um takmarkanir á rétti kaupanda til þess að krefjast efnda *in natura*. Á hinn bóginn felst það í bótareglum gildandi laga að seljandinn getur, að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, losnað undan bótaábyrgð þegar greiðsludráttur verður eða greiðsla er ekki afhent. Þegar svo hagar til er lagt til grundvallar samkvæmt gildandi rétti að seljandi verði ekki heldur dæmdur til efnda *in natura*. Frumvarpsgreinin felur í sér skýra og ótvíræða reglu um það hvenær seljandi er laus undan efndaskyldunni og er hún í 2. málsl. 1. mgr.

Ef kaupandinn á þess kost að útvega sér hlutinn annars staðar er sjálfsagt eðlilegast að hann rifti kaupum. Hins vegar getur líka verið að hann hafi gert kaup með góðum kjörum eða að seljandinn sé nánast í einokunarstöðu á markaðinum. Getur þá mun fremur reynt á efndir, og sama á við þegar um er að ræða sérstaklega mikilvæga og einstaklega ákveðna hluti.

Í 2. málsl. 1. mgr. er getið um undantekningu frá meginreglunni um rétt kaupanda til efnda *in natura*. Mikilvægt er að hafa í huga að það er aðeins sjálf skyldan til efnda sem seljandinn getur losnað undan, en hann losnar ekki undan öðrum skyldum samkvæmt samningnum nema því aðeins að slíkar skyldur séu beinlínis háðar aðalskyldunni, t.d. sú skylda að pakka vöru og merkja hana. Þar fyrir utan er litið á það sem vanefnd að láta hjá líða að fullnægja efndaskyldunni. Af því leiðir að kaupandi getur gripið til annarra vanefndaúrræða þegar skilyrðin eru til staðar.

Samkvæmt 2. málsl. frumvarpsgreinarinnar er seljandinn í fyrsta lagi laus undan efndaskyldunni ef um er að ræða efndahindrun sem hann ræður ekki við. Öll atvik, sem í raun hindra efndir, hafa þýðingu í þessu sambandi. Ástæða hindrunar ræður ekki úrslitum um skylduna til afhendingar, en hefur á hinn bóginn mikla þýðingu varðandi skaðabótaábyrgð. Því á ákvæðið jafnt við hvort sem hindrun er honum að kenna eða ekki. Sem dæmi um efndahindrun má nefna það tilvik þegar vörusending sú sem hlutur er í eyðileggst, t.d. þegar frosin matvörusending skemmist vegna bilunar í kælibúnaði seljanda.

Hindrun verður að vera með þeim hætti að seljandinn ráði ekki við hana. Í þessu felst á engan hátt krafa um algjöran ómöguleika. Atvik verða hins vegar að vera þannig að seljandinn fái ekki með skömmum fyrirvara ráðið við hindrunina án mjög sérstakra vandkvæða. Á hinn bóginn er til þess að líta að ekki geta öll vandkvæði eða aukakostnaður talist efndahindrun samkvæmt ákvæðinu. Það er grundvallarskylda sem leiðir af samningnum að seljandinn verður að ljá atbeina sinn til að sigrast megi á þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir efndum samningsins. Það getur t.d. gerst með því að gert er við hlut sem bilað hefur eða hann er bættur með öðrum hlut jafngóðum. Meðan unnt er að komast hjá erfiðleikum eða ráða má við þá með öðrum úrræðum er ekki hægt að líta svo á að um efndahindrun í skilningi ákvæðisins sé að ræða. Það skiptir með öðrum orðum máli hvers eðlis erfiðleikarnir eru. Fjárskort-

ur seljanda er undir öllum venjulegum kringumstæðum ekki efndahindrun í skilningi 23. gr. frumvarpsins, þ.e. seljandinn getur með öðrum orðum ekki losnað undan skyldum sínum samkvæmt samningi með því einu að vísa til þess að hann sé kominn í fjárhagsvandræði.

Það fer að mestu eftir skyldum seljanda samkvæmt samningnum hver tilvik geta fallið undir efndahindrun í skilningi ákvæðisins. Því afmarkaðri og sérgreindari sem skyldur seljanda eru þeim mun meiri eru líkurnar til þess að fram komi hindranir sem seljandinn ræður ekki við. Ef t.d. er um að ræða kaup á ákveðnum stóðhesti verða möguleikar seljanda til efnda að engu ef hesturinn deyr. Ef á hinn bóginn er um að ræða greiðslu sem að öllu leyti er ákveðin eftir tegundareinkennum, kaup eru t.d. gerð um 5 tonn af sandi, hefur seljandinn góða möguleika á því að geta efnt þótt ekki sé þess kostur að fá nákvæmlega þann sand sem seljandinn hafði í huga. Sama á við um valkvæðar greiðslur, en í því felst að meðan efndahindrun nær ekki til einnar greiðslunnar helst skylda seljanda til efnda að því er þá greiðslu varðar. Í því að seljandi sé skyldugur til þess að reyna að sigrast á efndahindrun felst á hinn bóginn ekki það að hann hafi rétt til þess að reiða fram sem greiðslu eitthvað annað en það sem leiðir af samningnum, nema því aðeins að um það hafi verið samið að greiðslu megi breyta.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. er seljandi í öðru lagi laus undan efndum ef þær hafa í för með sér slíkt óhagræði eða kostnað fyrir seljanda að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda að fá réttar efndir. Ef kostnaður eða óhagræði við efndir verður úr hófi fram má í sjálfu sér segja að fyrir hendi sé efndahindrun sem seljandinn ræður ekki við. En jafnvel þótt hindrun sé ekki þess eðlis getur seljandinn eigi að síður losnað undan skyldunni samkvæmt þeirri viðmiðun sem fram kemur í niðurlagi ákvæðisins. Ákvörðun í þeim efnum ræðst af mati á hagsmunum, þar sem annars vegar er litið til óhagræðis og kostnaðar seljanda og hins vegar hagsmuna kaupanda af því að seljandinn efni skyldur sínar.

Við hagsmunamat samkvæmt framansögðu skiptir í sjálfu sér ekki máli hver ástæða liggur til grundvallar efndahindrunum seljanda. Það sem úrslitum ræður er fyrst og fremst það hvort um verulegt misræmi er að ræða milli óhagræðis og kostnaðar seljanda annars vegar og hagsmuna kaupanda af efndum hins vegar. Matið ræðst af einstökum atvikum varðandi samninginn, m.a. því hvers eðlis kaupin eru og hver söluhluturinn er. Ef um er að ræða vöru sem er viðkvæm fyrir verðsveiflum verður að telja að það leiði af atvikum í tengslum við kaupin að seljandinn verði að sætta sig við verðhækkanir að ákveðnu marki, áður en unnt er að halda því fram að um efndahindrun í skilningi ákvæðisins sé að ræða. Sama gildir ef seljandinn hefur tekið að sér að mjög flóknar og kostnaðarsamar efndir. Þá getur hann ekki seinna borið það fyrir sig að hann sé laus undan afhendingu af þeirri ástæðu að það hafi verið mjög kostnaðarsamt að efna samninginn. Aðalreglan er sú að seljandi er aðeins laus undan efndum í mjög sérstökum undantekningartilvikum. Þess vegna er t.d. almenn hækkun verðlags ekki ástæða sem leyst getur seljanda undan efndum í þessum skilningi. Aftur á móti getur mjög óvenjuleg verðmyndun skapað verulegt misræmi milli hagsmuna aðilanna. Þetta gildir sér í lagi ef kaupandinn getur útvegað sér sambærilegan hlut frá öðrum aðilum sem ekki eru háðir umræddri verðlagsþróun.

Við mat á hagsmunum kaupanda af efndum verður m.a. að taka tillit til þess hverja möguleika hann hefur á að fá sama hlut annars staðar. Þetta leiðir í sjálfu sér af orðalaginu því að það sem úrslitum ræður er hagsmunir kaupanda af því að seljandinn efni það sem honum ber. Hagsmunamatið getur því að verulegu leyti ráðist af því hversu tegundarlega ákveðin greiðslan er.

Þótt seljandi sé laus undan efndum skv. 1. mgr. 23. gr. er í sjálfu sér um vanefndir að ræða í skilningi 22. gr. Afsökunarástæður 1. mgr. 23. gr. hafa með öðrum orðum aðeins þýðingu

varðandi skyldu seljanda til efnda og útiloka engan veginn að kaupandinn geti neytt annarra vanefndaúrræða. Þar sem skilyrði fyrir lausn undan skaðabótaskyldu skv. 27. gr. eru strangari en skilyrðin fyrir lausn undan efndaskyldunni getur kaupandinn í mörgum tilvikum krafist skaðabóta fyrir tjón sitt, þótt hann geti ekki krafist efnda samkvæmt aðalefni samningsins.

Við hagsmunamat samkvæmt niðurlagsákvæði 2. málsl. 1. mgr. er ljóst að heimilt er að líta til fleiri atriða en þeirra sem aðeins snerta fjárhag. Hvað seljanda varðar leiðir þetta beint af því að „óhagræði“ er sérstaklega nefnt, og þegar kemur að mati á hagsmunum kaupanda geta önnur atriði en fjárhagsleg atriði einnig skipt máli. Við kaup á einkabíl er t.d. í vissum tilvikum unnt að halda því fram að kaupandinn hafi ekki fjárhagslega hagsmuni af því að fá bílinn afhentan þar sem hagkvæmara sé fyrir hann að nýta sér almenningssamgöngur. Þetta eru þó í sjálfu sér engin rök fyrir því að seljandi geti á auðveldari hátt losnað undan afhendingarskyldunni við slíka sölu en kaupandi sem ætlar að nota bílinn vegna atvinnustarfsemi sinnar. Eiga þessi sjónarmið alveg sérstaklega við í neytendakaupum. Fjárhagslegir hagsmunir af efndum njóta í sjálfu sér engrar sérstöðu, en geta án efa í sumum tilvikum haft mikla þýðingu. Niðurstaðan ræðst af sameiginlegu mati á hinum ólíku hagsmunum.

Samkvæmt 2. mgr. getur lausn undan efndum aðeins átt við meðan afsökunarástæðan er fyrir hendi. Það er jafnframt skilyrði að hún falli brott innan hæfilegs tíma. Þegar langur tími er liðinn er lítil ástæða til þess að seljandinn sé áfram skyldur til efnda. Við mat á því hvað teljist hæfilegur tími skiptir bæði máli hvers eðlis greiðslan er og hagsmunir kaupanda af efndum seljanda. Upphaf frestsins hlýtur að miðast við umsaminn afhendingartíma. Það sem telst „hæfilegur tími“ í þessu samhengi getur bæði verið lengra og styttra en það sem leiðir af samsvarandi orðalagi í reglunum um tilkynningarskyldu, sbr. 1. mgr. 32. gr.

Samkvæmt 2. mgr. verður efnda heldur ekki krafist ef þær væru, með hliðsjón af þeim tíma sem liðinn er, til muna örðugri eða annars eðlis en seljandinn gat vænst. Sama gildir ef það væri að öðru leyti ósanngjarnt að krefjast efnda af hálfu seljanda. Meginmáli skiptir skv. 2. mgr. að þau atvik, sem leyst hafa undan efndaskyldu skv. 1. mgr., séu fallin brott. Seljandinn er þá skyldur til efnda nema óhæfilega langur tími hafi liðið. Við mat á því hvað sé hæfilegur tími í þessu sambandi verður eins og áður segir að líta til efnis samnings og hagsmuna kaupanda af efndum. Þótt tímalengdin sé innan þeirra marka, sem telja má hæfileg, geta eigi að síður hafa komið til ný atvik sem valda því að ósanngjarnt er að krefjast efnda af seljanda. Sem dæmi má nefna það tilvik þegar bruni veldur framleiðslustöðvun og þar með efndahindrun af hálfu seljanda. Seljandi hefur síðan aftur framleiðslu með nýjum vélum, en þær geta ekki tryggt að framleiðslan hafi þá eiginleika sem gert var ráð fyrir í samningi. Framleiðsla fyrir kaupandann getur af þessari ástæðu einungis farið fram með auknum mannafla og á sérstaklega kostnaðarsaman hátt að öðru leyti. Þótt skilyrðum skv. 1. mgr. sé í sjálfu sér ekki fullnægt getur í tilviki sem þessu verið ástæða til þess að leysa seljandann undan efndaskyldunni. Þetta kemur ekki í veg fyrir að kaupandinn geti neytt annarra úrræða sem til boða standa, t.d. þess úrræðis að halda eftir greiðslu kaupverðsins. Skaðabóta getur kaupandi á hinn bóginn ekki krafist ef hindrunin er þess eðlis sem um ræðir í 1. mgr. 27. gr.

Í 3. mgr. er að finna tómlætisreglu. Ef kaupandinn dregur óeðlilega lengi að setja fram kröfu um efndir glatar hann þeim rétti sínum. Það hve lengi kaupandi getur dregið að setja fram kröfu veltur á atvikum hverju sinni, t.d. eðli kaupa og framferði seljanda eftir að greiðsludráttur varð. Yfirleitt má þó segja að frestur til að krefjast efnda sé lengri en frestur til þess að rifta kaupum eða krefjast skaðabóta eftir afhendingu.

Um 24. gr.

Ákvæðið fjallar um fyrirspurnir og tilkynningar seljanda til kaupanda og svarar til 2. mgr. 48. gr. SÞ-samningsins.

Samkvæmt 26. gr. gildandi kaupalaga glatar kaupandinn réttinum til þess að halda fast við kaupin ef hann svarar ekki án ástæðulausrar tafar fyrirspurn um þetta efni frá seljanda. Í 24. gr. frumvarpsins er þessu snúið við. Í því felst að kaupandinn glatar réttinum til þess að rifta kaupum ef hann svarar ekki innan hæfilegs tíma fyrirspurn seljanda um það hvort kaupandinn muni veita hlut viðtöku. Sama gildir ef seljandi tilkynnir að hann vilji afhenda hið selda innan tiltekins tíma og kaupandi svarar ekki innan hæfilegs tíma.

Gerðar eru ákveðnar kröfur um skýrleika fyrirspurnar eða tilkynningar seljanda, því að skilyrði er að seljandinn hafi í báðum tilvikum tilgreint ákveðinn tíma til efnda. Þar að auki er það skilyrði að efndir hafi í raun orðið á þeim tíma sem nefndur var. Ef tilgreining seljanda á tíma er ónákvæm eiga við ákvæði 3. mgr. 23. gr. og 29. gr. Óljósar yfirlýsingar seljanda um erfiðleika við efndir fullnægja ekki skilyrðum greinarinnar og kalla því ekki á viðbrögð af hálfu kaupanda samkvæmt þessari grein.

Hvað telst „hæfilegur tími“ hjá kaupanda í þessum efnum ræðst af mati á atvikum og aðstæðum í hverju tilviki, en yfirleitt verður að krefjast skjótra viðbragða af hans hálfu. Gera má strangari kröfur til atvinnurekenda í þessu sambandi en gerðar eru til neytenda, en þegar kaupandinn hefur fengið slíka tilkynningu er ekki ástæða til þess að veita honum mjög langan umhugsunarfrest til þess að svara.

Réttur kaupanda til þess að krefjast riftunar fellur ekki alltaf niður þótt hann svari of seint. Hafi seljandinn t.d. tiltekið afhendingartíma er riftun samt sem áður hugsanleg ef afhending verður ekki á þeim nýja tíma sem seljandinn hefur tiltekið og sá dráttur er verulegur, sbr. 1. mgr. 25. gr. Einnig má vera að loks þegar seljandinn afhendir hlutinn komi í ljós að á honum sé verulegur galli sem réttlæti riftun.

Ef fyrirspurn seljanda fullnægir ekki kröfum 24. gr. eiga við eins og áður segir ákvæði 3. mgr. 23. og 29. gr. Kaupandinn heldur þá rétti sínum til þess að krefjast efnda *in natura* meðan frestur skv. 3. mgr. 23. gr. er ekki útrunninn og riftunarfresturinn skv. 29. gr. hefst ekki fyrr en hluturinn er afhentur. Af orðum 24. gr. leiðir að seljandi ber áhættuna af því að tilkynning samkvæmt greininni komist til kaupanda og af ákvæðum 82. gr. leiðir að seljandinn ber áhættuna af því að svar kaupanda komist til skila.

Því sjónarmiði hefur verið hreyft að regla 24. gr. frumvarpsins geti verið óþarflega ströng í garð kaupanda í neytendakaupum þar sem reglur af þessu tagi séu yfirleitt lítt þekktar og geti því hæglega leitt til réttindamissis fyrir kaupanda. Þetta má að einhverju leyti til sanns vegar færa en til hins er að líta að í 24. gr. er getið um svo sérstakt tilvik að ekki er ósanngjarnt að leggja svarsskyldu á kaupandann. Í því sambandi skiptir mestu máli að greiðsludráttur hefur orðið af hálfu seljanda. Kaupandinn hefur þegar svo hagar til yfirleitt mesta hagsmuni af því að fá söluhlut afhentan, en hann fær vegna fyrirspurnar eða tilkynningar seljanda tækifæri til þess að skýra frá því hvort hann óski einhvers annars. Þá er og vert að leggja á það áherslu sem áður segir að frestur kaupanda til að svara byrjar að líða þegar hann hefur fengið tilkynninguna, þ.e. áhættan af því að tilkynningin komist ekki til skila er hjá seljandanum, sbr. 82. gr. Með þessi sjónarmið í huga er ekki unnt að fallast á þau rök að hér sé um óþarflega stranga reglu að ræða.

Í 25. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir rétti til þess að setja viðbótarfrest og þar eru einnig tilgreind þau réttaráhrif sem slíkur frestur hefur. Reglunni í 24. gr. er einnig unnt að beita þegar kaupandinn hefur sett viðbótarfrest og seljandinn svarar því til að hann geti ekki afhent það sem um var samið fyrr en viðbótarfresturinn er liðinn. Er eðlilegt að líta svo á að

kaupandinn verði einnig að svara fyrirspurn seljanda undir slíkum kringumstæðum, t.d. með því að kaupandinn hald fast við upphaflegan viðbótarfrest.

Um 25. gr.

Í 25. gr. er mælt fyrir um rétt kaupanda til riftunar vegna greiðsludráttar seljanda og svarar ákvæðið til 1. mgr. 49. gr. SÞ-samningsins, sbr. og 47. gr. hans. Að því er aðrar riftunarreglur frumvarpsins varðar skal þess getið að í 26. gr. felst sérregla um riftun, sem varðar greiðsludrátt við pöntunarkaup, og í 29. gr. er fólgin regla um riftunarfrest. Ákvæði 39. gr. felur í sér reglu um rétt til riftunar vegna galla á söluhlut og í 54.–55. gr. felst regla um rétt seljanda til að riftunar. Loks eru í 44. gr. og 62. gr. ákvæði um rétt til að rifta kaupum við fyrirsjáanlegar vanefndir þegar afhenda á hið selda í áföngum. Um afleiðingar riftunar og missi riftunarréttar gilda 64.–66. gr. frumvarpsins.

Í gildandi kaupalögum er mælt fyrir um rétt kaupanda til riftunar vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda í 21. gr. laganna. Samkvæmt því ákvæði getur kaupandinn ekki rift kaupum ef drátturinn hefur haft lítil áhrif eða óveruleg á hagsmuni kaupanda eða seljandi hlaut að álíta að svo væri nema hann hafi áskilið að hluturinn yrði afhentur sér á nákvæmlega tilteknum tíma. Í verslunarkaupum er sérhver dráttur metinn verulegur nema það sé aðeins lítill hluti hins selda sem afhending hefur dregist á. Með ákvæðum 25. gr. frumvarps þessa er stefnt að einföldun framangreindra reglna gildandi réttar um skilyrði riftunar vegna greiðsludráttar, m.a. á þann hátt að ekki er mælt fyrir um neina sérreglu sem gilda skuli í þeim efnum í verslunarkaupum.

Þegar um er að ræða kaup þar sem krafist er afhendingar á nákvæmlega tilgreindum tíma stendur frumvarpsgreinin ekki í vegi fyrir því, þrátt fyrir orðalag um að unnt sé að rifta kaupum ef efndir fara ekki fram á þeim tíma. Hafi kaupandinn krafist afhendingar á nákvæmlega tilgreindum tíma og áskilið sér rétt til riftunar ef því skilyrði er ekki fullnægt hefur allur dráttur, sem ekki verður rakinn til kaupanda samkvæmt þessu, þau áhrif að kaupandi getur rift kaupum. Sama gildir þegar leiða má af samningi að sérhver dráttur geti haft veruleg áhrif á hagsmuni kaupandans þótt þetta sé ekki sérstaklega tekið fram. Hafi kaupandinn þannig áskilið að afhending skuli fara fram á nákvæmlega tilgreindum tíma, en án þess að gera fyrirvara um rétt til riftunar, leiðir það af skilyrðinu um verulegar vanefndir að kaupandinn getur rift kaupum, jafnvel þótt greiðsludrátturinn sé skammur ef skilyrðið hefur verið sett með hagsmuni og þarfir kaupandans í huga. Þetta getur t.d. átt við ef kaupandinn ætlar að nota söluhlut til efnda á samningi við áframhaldandi sölu og einnig í neytendakaupum þegar kaupandi ætlar að nota hlutinn til sérstakra þarfa sinna.

Riftun verður að fara fram með sérstakri yfirlýsingu til seljandans, sbr. einnig 26. gr. SÞ-samningsins. Fyrir fram yfirlýsing eða aðvörun nægir ekki í þessu sambandi og ekki heldur fyrirspurn sem er hlutlaus að þessu leyti. Yfirlýsing af þessu tagi er send á áhættu viðtakanda samkvæmt aðalreglunni í 82. gr. frumvarpsins. Hins vegar tekur hún ekki gildi gagnvart seljandanum fyrr en hún er komin til hans. Þetta þýðir að yfirlýsingin er ekki bindandi fyrir kaupandann fyrr en hún er komin til seljandans. Eftir það verður hún hins vegar ekki einhliða afturkölluð.

Meginregluna um riftunarrétt kaupanda er að finna í 1. mgr. 25. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram það skilyrði að greiðsludráttur hafi í för með sér verulegar vanefndir. Mat á því hvað séu verulegar vanefndir veltur í fyrsta lagi á samningi aðila og atvikum við kaup. Þýðing greiðsludráttar fyrir viðkomandi kaupanda er einnig mikilvægt atriði, sbr. og það sem áður segir þegar kaupandi áskilur sér efndir á nákvæmlega tilsettum tíma. Það er með öðrum orðum ekki huglæg afstaða kaupanda sem þýðingu hefur við matið heldur umfram allt það

atriði hvort greiðsludrátturinn hefur í raun og veru haft veruleg áhrif á hagsmuni kaupandans. Einnig skiptir máli hvort seljandinn sá eða mátti sjá að greiðsludráttur mundi hafa veruleg áhrif á hagsmuni kaupanda. Ef riftun kemur mjög illa við seljanda, t.d. vegna óvæntra verðsveiflna, getur verið ástæða til þess að herða á skilyrðinu um verulegar vanefndir. Á þetta sérstaklega við ef riftunarrétturinn veitir kaupandanum í raun færi á spákaupmennsku eða til þess að beita seljanda þvingunum. Þá getur það og skipt máli í þessu sambandi hvort hagsmunum kaupanda teldist nægilega borgið með greiðslu skaðabóta vegna greiðsludráttarins án þess að jafnframt sé um riftun að ræða.

Það er ekki skilyrði riftunar að um sök seljanda sé að ræða. Sök getur á hinn bóginn haft vissa þýðingu við mat á því hvort vanefndir teljist verulegar.

Í 94. gr. frumvarpsins er sérregla um hvað nánar felst í skilyrðinu um verulegar vanefndir í alþjóðlegum kaupum. Það ákvæði getur einnig skipt máli við túlkun á 1. mgr. 25. gr. og vísast því til skýringa á 94. gr.

Sérstök álitaefni koma upp þegar til viðbótar greiðsludrætti kemur í ljós að söluhlutur er gallaður. Er í slíku tilviki sanngjarnt við mat á skilyrðum fyrir riftun að líta til þeirra heildaráhrifa sem vanefndirnar hafa sameiginlega haft.

Ákvæði 2. mgr. 25. gr. veitir heimild til þess að rifta kaupum að liðnum sanngjörnum viðbótarfresti þegar svo stendur á að afhending hefur ekki farið fram í samræmi við efni samnings. Ákvæðið veitir heimild til riftunar þegar sanngjarn viðbótarfrestur er liðinn ef greiðsla fer ekki fram innan þess tíma. Þegar svo stendur á, þ.e. hlutur er ekki afhentur áður en viðbótarfrestur er liðinn, getur kaupandinn rift kaupum strax, jafnvel þótt ekki sé liðinn svo langur tími að vanefndin teldist ella veruleg. Að öðru leyti hefur ákvæðið um viðbótarfrestinn þann tilgang að leggja áherslu á hagsmuni kaupanda af skjótri afhendingu og að skilgreina tímamark riftunar.

Það er skilyrði riftunar hér að viðbótarfresturinn sé *sanngjarn*. Hvað telst sanngjarnt í þessum efnum verður eins og endranær að meta út frá aðstæðum hverju sinni, m.a. með hliðsjón af eðli hlutar, hvort um verslunarkaup eða almenn kaup er að ræða og með hliðsjón af hagsmunum kaupanda af því að fá hlutinn afhentan. Liggur áherslan á því hvað telja má viðunandi greiðsludrátt metið út frá hagsmunum kaupanda. Í ákvæðinu felst að það ræður ekki úrslitum hvort um verulegan greiðsludrátt er að ræða. Ákvæðið tekur mið af því að aðilar kaupsamnings sýni hvor öðrum sanngjarnt tillit. Því á ekki að vera unnt að misnota ákvæðið með því að áskilja sér riftunarrétt vegna óverulegrar seinkunar.

Þá kröfu verður að gera að viðbótarfrestur sé afmarkaður með tiltölulega skýrum og ótvíræðum hætti. Sveigjanleg tilgreining hans getur þó fullnægt skilyrðum ákvæðisins ef ljóst er að um tiltölulega stuttan og afmarkaðan tíma er að ræða. Þó væri hvatning til seljanda um að efna sinn hlut „fljótlega“ of óljós til þess að geta haft þýðingu í sambandi við riftunarrétt skv. 2. mgr.

Ætla má að höfð verði hliðsjón af afhendingartímanum þegar viðbótarfrestur er settur. Ef það er á hinn bóginn fyrir fram alveg ljóst að greiðsludráttur verði er í sjálfu sér ekkert í vegi fyrir því að kaupandinn geti þegar á því tímamarki sett frest skv. 2. mgr.

Í 3. mgr. kemur fram að kaupandinn getur ekki rift kaupum meðan viðbótarfresturinn er að líða. Ef kaupandinn hefur sett frest sem nær yfir lengri tíma en þann sem teljast mundi ástæða verulegrar vanefndar er hann að sjálfsögðu bundinn af því. En lýsi seljandinn því yfir að hann muni ekki efna sinn hlut áður en fresturinn er liðinn getur kaupandinn rift kaupunum. Ef seljandinn lýsir því yfir að hann muni ekki afhenda það sem honum ber áður en fresturinn er útrunninn geta ástæður þess verið þær að hann telji frestinn of skamman. Einnig er hugsanlegt að hann leggi til lengri frest. Í þeim tilvikum getur reynt á ákvæði 24. gr.

Regla 3. mgr. á einungis við um rétt til riftunar vegna greiðsludráttar. Ef kaupandinn hefur rétt til riftunar af öðrum ástæðum getur hann notað sér það, jafnvel þótt umræddur viðbótarfrestur sé ekki liðinn.

Um 26. gr.

Ákvæði þetta á sér hvorki hliðstæðu í gildandi kaupalögum né í SÞ-samningnum og gildir því ekki í alþjóðlegum kaupum eins og reyndar er sérstaklega tekið fram í niðurlagi þess. Í alþjóðlegum kaupum gilda hins vegar venjuleg riftunarskilyrði, sbr. 25. gr. frumvarpsins.

Reglur þær, sem fram koma í ákvæðinu, styðjast við þau rök að sérsjónarmiða hljóti ávallt að gæta eðli málsins samkvæmt varðandi heimild til riftunar í pöntunarkaupum, þannig að riftunarrétturinn verði þar þrengri en ella mundi vera samkvæmt almennum reglum. Augljóst er að riftun af hálfu kaupanda getur í pöntunarkaupum komið mjög illa við seljandann því að hann á það á hættu að sitja uppi með hlut sem enginn annar getur notað. Á hinn bóginn er ekki ástæða til þess að þrengja riftunarréttinn í slíkum kaupum umfram það sem leiðir af framangreindu sjónarmiði. Kemur því fram í ákvæðinu það viðbótarskilyrði að seljandinn geti ekki „af þeim sökum", þ.e. vegna þess að um pöntunarkaup er að ræða, ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns. Af orðalaginu leiðir að það er eðli pöntunarkaupanna sem veldur því að hlutnum verður ekki ráðstafað á annan hátt.

Ákvæðið á því aðeins við að kaup varði hlut sem er útbúinn sérstaklega fyrir kaupanda miðað við fyrirmæli hans eða óskir. Af þessu er ljóst að ákvæðið getur ekki átt við í öllum tilvikum sem teljast til pöntunarkaupa. Um pöntunarkaup er t.d. að ræða þegar kaupandi pantar nokkra stóla frá húsgagnaframleiðanda ef það er forsendan að verksmiðjan framleiði stólana eftir að kaup voru gerð. Ef um er að ræða stóla af tiltekinni gerð, sem verksmiðjan framleiðir einnig í öðrum tilvikum, er ekki unnt að beita 26. gr. án þess að fleira komi til. Ef þeir eru hins vegar sérstaklega framleiddir fyrir tiltekinn kaupanda miðað við fyrirmæli hans og óskir á greinin við.

Það getur einnig verið álitamál hvenær 26. gr. á við þegar kaupandinn getur valið á milli ýmissa staðalstærða eða gerða af hlutum. Dæmi um þetta er t.d. matarkaup á veitingahúsi þar sem kaupandinn getur valið af matseðli. Hér verður að meta það, m.a. með hliðsjón af valmöguleikum kaupandans, hvort ákvæði 26. gr. eigi við. En þar fyrir utan kemur síðara skilyrði 26. gr. einnig mjög til athugunar, þ.e. hvort seljandi geti ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns.

Ákvæðið gildir aðeins ef seljandi getur ekki ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns. Erfiðleika seljanda við að ráðstafa hlutnum ber því að meta með hliðsjón af því að hann var útbúinn fyrir kaupanda sérstaklega samkvæmt fyrirmælum hans og óskum. Möguleikar seljanda að ráðstafa hlutnum eru að mörgu leyti undir því komnir að hve miklu leyti hann er útbúinn sérstaklega fyrir kaupandann, svo sem áður sagði. Tegund hlutarins og umsvif viðskipta á markaðnum með slíka hluti skipta einnig máli. Sem dæmi um þetta má nefna að hafi gestur á veitingahúsi pantað nautasteik en vilji hana síðan ekki af því að það tekur of langan tíma að framreiða hana má vera að hægt sé að bjóða steikina einhverjum öðrum, en sá möguleiki er að sjálfsögðu að verulegu leyti háður því hversu margir aðrir gestir eru á staðnum sem ekki hafa fengið afgreiðslu. Einnig má nefna kaup á gleraugum. Lítill vandi er að setja annað gler í umgjörð en aftur á móti er glerið sjálft mjög oft sérstaklega hannað fyrir kaupandann. Af þeim sökum hefur seljandinn aðeins mjög takmarkaða möguleika á að ráðstafa því.

Annað sérstakt skilyrði riftunar af hálfu kaupanda í pöntunarkaupum er að tilgangur hans með kaupunum raskist verulega vegna greiðsludráttarins. Það nægir því ekki að greiðslu-

dráttur sé verulegur eða valdi kostnaði og óþægindum ef því skilyrði er engu síður ekki fullnægt að tilgangur kaupanna haldist að öðru leyti.

Ákvæði greinarinnar eiga þá fyrst við þegar gerð hlutar hefur hafist að marki eða seljandinn hefur gert svipaðar ráðstafanir til undirbúnings efndum. Ef seljandinn hefur á hinn bóginn hvorki lagt í umtalsverða vinnu né kostnað, sem ónýtist við riftun, er ekki ástæða til þess að takmarka riftunarrétt kaupanda. Þótt ekki leiði þetta beinlínis af orðalaginu er til þessara atriða að líta við beitingu ákvæðisins.

Um 27. gr.

Frumvarpsgreinin á sér fyrirmynd í 79. gr. SÞ-samningsins. Í henni er aðeins fjallað um skilyrði fyrir skaðabótum, en um ákvörðun bótafjárhæðar er fjallað í 67.–70. gr. frumvarpsins. Í gildandi lögum er fjallað um skaðabótaskyldu seljanda vegna greiðsludráttar í 23. og 24. gr.

Með greiðsludrætti í frumvarpinu er átt við það þegar söluhlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint, sbr. 22. gr. Ákvæði frumvarpsgreinarinnar gilda einnig þegar greiðsludráttur verður að hluta til, þ.e. þegar einungis hluti greiðslunnar er afhentur. Um ábyrgð seljanda á göllum er fjallað í 40. gr. og um ábyrgð á vanheimild í 41. gr. Um ábyrgð kaupanda vegna greiðsludráttar af hans hálfu er fjallað í 57. gr. frumvarpsins.

Í gildandi rétti er bótaábyrgð seljanda vegna afhendingardráttar og galla mismunandi eftir því hvort um er að ræða tegundarkaup eða einstaklega ákveðin kaup. Í tegundarkaupum er aðalreglan sú að seljandi ber hlutlæga ábyrgð, en frá því eru þó undantekningar ef afhendingardrátt eða galla má rekja til nánar tilgreindra hindrana, sem standa í vegi fyrir efndum, sbr. 24. gr. og 3. mgr. 43. gr. gildandi laga. Hindrun verður að vera með þeim hætti að efndir séu útilokaðar og hún verður að auki að vera almenn, en í því felst að hindrun, sem snertir einungis hagsmuni viðkomandi seljanda en ekki annarra, nægir ekki til að leysa undan ábyrgð. Loks verða aðstæður að vera þannig að seljandi hafi ekki haft ástæðu til að hafa hindrunina í huga þegar kaup voru gerð.

Í einstaklega ákveðnum kaupum ber seljandi samkvæmt gildandi rétti ábyrgð á afhendingardrætti nema því aðeins að „drátturinn var ekki honum að kenna“. Seljandinn ber með öðrum orðum sakarábyrgð með öfugri sönnunarbyrði og unnt er samkvæmt reglunni að gera hann ábyrgan vegna gáleysis starfsmanna sinna og annarra sem hann hefur falið að efna kaup fyrir sína hönd. Þá getur seljandi einnig orðið ábyrgur ef hann sýnir af sér gáleysi við samningsgerð. Loks er ábyrgð lögð á seljanda á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar, auk þess sem hann ber ábyrgð á því að fjárskortur hindri ekki efndir.

Þegar einstaklega ákveðinn hlutur er gallaður ber seljandi bótaábyrgð ef gallann má rekja til vanrækslu eða svika af hans hálfu, sbr. 2. mgr. 42. gr. gildandi laga. Þar að auki ber seljandi ábyrgð án sakar ef söluhlutur hefur ekki þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur ábyrgst sérstaklega. Seljandi ber hér einnig ábyrgð á þeim mönnum sem hann hefur falið að annast samninga fyrir sína hönd. Skv. 30. gr. gildandi laga ber kaupandi hlutlæga ábyrgð vegna dráttar á greiðslu kaupverðs, en sú ábyrgð takmarkast með þeim hætti sem greinir í 24. gr. laganna.

Reglur frumvarps þessa um bótaábyrgð seljanda vegna greiðsludráttar og galla fela í sér talsverða breytingu miðað við gildandi rétt. Samkvæmt þeim er meginreglan sú að seljandinn ber svokallaða stjórnunarábyrgð („kontrollansvar“ á Norðurlandamálum) í báðum tilvikum og er það í samræmi við reglur SÞ-samningsins. Ekki er þó eingöngu byggt á slíkri ábyrgð að því er galla varðar, sbr. 3. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Ekki er farin sú leið í frumvarpinu að byggja á mismunandi bótaábyrgð eftir því hvers eðlis tjónið er. Í því felst að stjórnunarábyrgðin gildir bæði fyrir seljanda og kaupanda og um allar tegundir vanefnda. Óbeint tjón bætist þó því aðeins að vanefndir sé að rekja til mistaka eða vanrækslu. Þegar um galla er að ræða er áfram byggt á ábyrgð vegna þeirra eiginleika hlutar sem seljandi hefur heitið sérstaklega.

Í stjórnunarábyrgðinni felst að samningsaðili ber ábyrgð á efndum kaupsamningsins nema því aðeins að einhver sú hindrun standi í vegi fyrir efndum, sem hann getur ekki sigrast á og verður þessum hindrunum nánar lýst síðar. Ábyrgðarreglan hefur einkenni vísireglu og geta áhrif hennar samkvæmt því verið mismunandi eftir því í hvers konar samböndum henni er beitt og þar hefur eðli kaupa ekki hvað síst þýðingu. Samkvæmt því má segja að ábyrgð seljanda sé strangari eftir því sem tegundareinkenni skyldunnar eru meiri og möguleikinn og þörfin á staðgönguráðstöfunum er meiri. Þetta þýðir að þegar um er að ræða vörur sem ákveðnar eru eftir tegund og þær eru almennt til á þeim markaði, sem um ræðir, er yfirleitt um bótaábyrgð seljanda að ræða. Þá er og ástæða til að benda skýrt á að sé hindrun fyrir hendi leysir hún ekki undan bótaábyrgð í lengri tíma en hún varir, sbr. 3. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Munurinn á reglum frumvarpsins og gildandi lögum er helstur sá að reglur þess eru fyllri og ábyrgðin er heldur mildari í samanburði við tegundarkaup samkvæmt gildandi lögum. Það birtist í því að þess er ekki fortakslaust krafist að ómöguleikinn sé algerlega hlutlægur og þær tegundir hindrana, sem leyst geta undan ábyrgð, eru ekki takmarkaðar á sama hátt og í gildandi lögum. Í einstaklega ákveðnum kaupum leiðir stjórnunarábyrgðarreglan til heldur strangari ábyrgðar en samkvæmt gildandi rétti, m.a. vegna þess að ekki er krafist sakar hjá seljanda. En þar sem inntak stjórnunarábyrgðar er mismunandi eftir eðli kaupa verður munurinn í framkvæmd þó ekki ýkja mikill í dæmigerðum einstaklega ákveðnum kaupum. Stjórnunarábyrgðarreglan nær til allra þeirra tilvika sem nú falla undir 23. gr. gildandi laga.

Í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur fram meginreglan um skaðabótaábyrgð seljanda gagnvart kaupanda vegna greiðsludráttar og er þar um hlutlæga reglu að ræða. Þar kemur fram að kaupandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsludráttar. Þetta gildir þó ekki skv. 2. málsl. ef seljandi sýnir fram á að greiðsludrátturinn hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við og ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði hindrunina í huga við samningsgerð, eða hefði getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar. Það er með öðrum orðum meginsjónarmiðið að kaupandinn eigi rétt til skaðabóta vegna þess tjóns, sem greiðsludráttur veldur honum, sbr. ákvæði 1. málsl. ákvæðisins, en hann getur á hinn bóginn losnað undan bótaskyldu á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í 2. málsl. 1. mgr.

Til þess að seljandinn losni undan skaðabótaábyrgð skv. 1. málsl. 1. mgr. þarf fjórum mismunandi skilyrðum, sem fram koma í 2. málsl. ákvæðisins, að vera fullnægt. Í *fyrsta lagi* þarf að vera fyrir hendi hindrun sem veldur afhendingardrætti og stendur í vegi fyrir umsömdum efndum. Í *öðru lagi* þarf hindrunin að vera þess eðlis að seljandinn fái ekki við hana ráðið, þ.e. hún sé honum ofviða. Í *þriðja lagi* þarf hindrunin að vera þess eðlis að ekki sé með sanngirni unnt að ætlast til þess að seljandinn hafi haft hana í huga við samningsgerðina. Í *fjórða lagi* er það skilyrði að ekki sé með sanngirni unnt að ætlast til þess að seljandinn geti komist hjá eða sigrast á afleiðingum hindrunarinnar. Verður nú gerð grein fyrir hinum einstöku skilyrðum.

Fyrsta skilyrði þess að um ábyrgðarleysi geti verið að ræða skv. 2. málsl. 1. mgr. er það að til staðar sé hindrun sem veldur afhendingardrætti og stendur í vegi fyrir efndum. Eins og áður er rakið er það ekki skilyrði að um sé að ræða hlutlægan ómöguleika í þeim skilningi

að afhending á réttum tíma sé útilokuð fyrir hvaða seljanda sem er. Þótt orðalagið „vegna hindrunar“ geti bent til þess að það eigi í raun og veru að vera ómögulegt fyrir seljandann að efna samninginn er ekki að öllu leyti unnt að gera svo strangar kröfur. Atvik geta verið til staðar sem ekki gera efndir algjörlega ómögulegar en gera þær eigi að síður svo einstaklega torveldar að atvikin á grundvelli hlutlægs mats koma í veg fyrir efndir.

Sem dæmi um atvik sem geta hindrað efndir má nefna stríð, náttúruhamfarir, alvarlegan bruna eða sprengingar, sem hafa áhrif á starfsemi seljandans, verkföll, útflutnings- og innflutningsbönn eða önnur stjórnvaldsboð. Atvik, sem eru einvörðungu fjárhagslegs eðlis, geta í sjálfu sér einnig hindrað efndir, t.d. óvenjulegar útgjaldahækkanir eða verðhækkanir. Hins vegar er það ekki nóg að samningurinn standist ekki samkvæmt þeim fjárhagsáætlunum, sem seljandi hefur gert, eða að það sé verulega miklu dýrara fyrir seljanda að efna samninginn en gera mátti ráð fyrir. Ef selt er á föstu verði verður seljandinn venjulega sjálfur að bera afleiðingarnar af óvæntri verð- eða útgjaldaþróun. Ef efndir hafa í för með sér óþægindi eða kostnað sem ekki er í sanngjörnu hlutfalli við hagsmuni kaupanda af efndum getur seljandinn eftir atvikum komist hjá afhendingarskyldu samkvæmt ákvæðum 23. gr. Hins vegar er ekki um að ræða hindrun í skilningi 27. gr. í því tilviki. Hún getur því aðeins átt við að kostnaðaraukinn sé slíkur að efndir samningsins valdi seljandanum byrði sem hlutlægt séð liggur utan við forsendur þess kaupsamnings sem um er að tefla. Ávallt er skilyrði að hindrun valdi því í raun og veru að seljandinn geti ekki efnt kaupin. Skilyrðið verður einnig að skoða í samhengi við þann áskilnað að ekki sé með sanngirni hægt að ætlast til þess að seljandinn geti komist hjá eða sigrast á afleiðingum hindrunarinnar.

Ákvæði 36. gr. samningalaganna veita heimild til þess víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta þegar ósanngjarnt er að bera hann fyrir sig. Heimilt er samkvæmt ákvæðinu að taka tillit til atvika sem urðu eftir samningsgerðina. Ákvæðið er til viðbótar reglum frumvarpsins um lausn undan skaðabótaskyldu.

Að hvaða marki unnt er að segja að atvik hindri efndir á réttum tíma mun í mörgum tilvikum fara eftir því hvenær atvikið ber að höndum. Þótt um sé að ræða gjaldgengan einstaklega ákveðinn hlut, sem auðveldlega verður bættur með öðrum, getur tilviljunarkennt tjón, sem verður í flutningi til afhendingarstaðar, gert það ókleift fyrir seljanda að afhenda hann á réttum tíma. Hafi tjón orðið meðan hlutur var enn á lager seljanda er á hinn bóginn ekki um neina hindrun að ræða ef seljandinn getur afhent annan hlut af sama lager.

Við mat á því hvað telst hindrun skiptir efni samningsins ekki síst máli og þá umfram allt eðli þeirrar greiðslu sem seljandinn á að láta í té samkvæmt samningnum. Að þessu verður nánar vikið síðar því að eðli kaupanna hefur einnig þýðingu varðandi skilyrði annarra ábyrgðarleysisástæðna.

Annað skilyrði þess að um ábyrgðarleysi skv. 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins geti verið að ræða snýst um það að hindrun sé þess eðlis að seljandinn fái ekki við hana ráðið, þ.e. hún sé honum ofviða. Seljandinn er ávallt ábyrgur vegna atvika og aðstæðna er falla innan þeirra marka sem hann fær ráðið við, og skiptir þá ekki máli hvort um sök er að ræða af hans hálfu eða ekki. Hér verður því ekki um neitt gáleysismat að ræða. Það nægir að vanefndir megi rekja til atvika sem rúmast innan þeirra marka sem seljandinn fær ráðið við.

Dæmigerð tilvik, sem það á við um, eru öll atvik sem rekja má til seljandans sjálfs, starfsmanna hans eða manna sem hann samkvæmt almennum reglum ber ábyrgð á. Er þá ekki átt við afhendingaraðila, sbr. um það efni ákvæði 2. mgr. 27. gr. Öll atvik, sem gerast í fyrirtæki seljanda, má því að jafnaði rekja til þess sem hann getur haft stjórn á samkvæmt framansögðu. Þó mundu verkföll til þess að knýja fram almennar launahækkanir í viðkomandi starfsgrein falla utan þess sem seljandinn fær ráðið við í skilningi ákvæðisins. Annað mundi

þó að öllum líkindum gilda um ólögmætt verkfall í fyrirtæki seljanda, en við það yrði seljandinn talinn fá ráðið í þessum skilningi.

Atvik, sem beint eða óbeint eru komin undir eigin aðgerðum eða ráðstöfunum seljanda, er hann einnig talinn fá ráðið við í þessu sambandi. Þetta á við um allt sem unnt er að hafa stjórn á eða hafa áhrif á með skipulagningu, stjórnun eða eftirliti í því fyrirtæki sem um er að tefla. Því verður seljandi alltaf ábyrgur ef ástæður atvikanna má rekja til þess hvernig fyrirtæki hans er stjórnað. Hér getur t.d. verið um að tefla ranga útreikninga á framleiðslugetu fyrirtækis eða tæknileg vandamál við framleiðsluvélar fyrirtækisins o.fl. Einnig mundu hér undir falla hrein óhappatilvik, t.d. þegar vélar gefa sig eða þegar bruni verður, nema unnt sé að segja að seljandinn hafi alls ekki getað haft stjórn á þessu. Ef bruna má rekja til skammhlaups í rafleiðslum er í eðli sínu um að ræða atvik sem seljandi gat haft stjórn á. Hins vegar er seljandi ekki talinn fá ráðið við atvik í skilningi ákvæðisins ef brennuvargur á leið um hverfi hans kveikir í fyrirtækinu.

Svipuð sjónarmið leiða til þess að seljandi ber ábyrgð á því hvernig hann útvegar hráefni og annað sem á þarf að halda til að efna kaupin. Bregðist samningur um kaup á hráefni ber seljandinn ábyrgð á því ef vanefndina má rekja til þess að hann var að öllu leyti háður einum tilteknum birgi um afhendinguna. Sama gildir þegar í ljós kemur að vörur sem seljandi hefur pantað frá fyrri söluaðila nægja ekki til þess að fullnægja afhendingarskyldu samkvæmt samningum sem seljandinn hefur gert. Seljandinn er venjulega ekki heldur laus úr ábyrgð þótt þeir sem hann notar til að sjá um þjónustu og viðgerðir í fyrirtæki hans bregðist honum og vanefnd gagnvart kaupanda má rekja til þess.

Fjárhagsstaða seljanda sjálfs er einnig meðal þess sem hann fær ráðið við í skilningi ákvæðsins. Greiðsluþrot eða annar brestur í greiðslugetu seljanda leysir hann ekki úr ábyrgð. Ef seljandi getur t.d. vegna bágs fjárhags ekki staðgreitt vörur og honum er neitað um lánafyrirgreiðslu hjá þeim sem hann kaupir af er hann ekki laus úr ábyrgð gagnvart viðsemjendum sínum af þeirri ástæðu. Annað mundi hins vegar gilda þegar greiðslumiðlun stöðvast, t.d. vegna verkfalls í banka.

Þriðja skilyrði þess að um ábyrgðarleysi geti verið að ræða byggist á því að hindrunin sé þess eðlis að ekki sé með sanngirni unnt að ætlast til þess að seljandinn hafi haft hana í huga á þeim tíma sem samningurinn var gerður. Af þessu leiðir að seljandi getur borið ábyrgð á greiðsludrætti, jafnvel þótt hindrun hafi verið honum ofviða ef hann mátti sjá hana fyrir á þeim tíma sem samningur var gerður. Vandinn er hins vegar að ákveða hvað seljandinn gat séð fyrir við samningsgerðina.

Niðurstaða um það hvað seljandinn hefði átt að hafa í huga við samningsgerðina byggist á mati á aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig. Dæmi um þetta er að hafi seljandi getað séð fyrir hugsanlegt verkfall sem kynni að seinka afhendingu og þar með getað tekið tillit til þess við samningsgerðina getur hann ekki borið slíka hindrun fyrir sig. Einnig má hugsa sér atvik sem oft verða í viðkomandi atvinnugrein og seljandinn á því að hafa í huga og gera ráð fyrir. Dæmigert tilvik af því tagi er kaup þar sem afhendingin er komin undir góðu veðri. Ef seljandinn hefur það ekki í huga og setur ekki fyrirvara að þessu leyti í samninginn getur hann ekki án þess að annað og meira komi til losnað undan ábyrgð. Sá sem ræktar og selur grænmeti getur ekki gert ráð fyrir góðri langtímaverðurspá á þeim tíma sem samningur um sölu grænmetis var gerður og þannig hliðrað sér hjá allri ábyrgð á afleiðingum þess að veðrið reyndist í raun ekki samkvæmt spám. Öðru máli kann hins vegar að gegna ef veður reynist mjög afbrigðilegt og mun óhagstæðra en mátti búast við, t.d. ef frosthörkur verða í júlí. Annað dæmi er möguleikinn á mikilli geislavirkni. Ef kjarnorkuslys verður í viðskiptalöndunum má á sama hátt búast við því að erfitt geti reynst að fá grænmeti og vissa matvöru frá

þeim svæðum þar sem geislavirkni gætir. Verður þá seljandi að hafa þetta í huga við samningsgerðina. En möguleikinn á geislavirkni er að öllu jöfnu svo lítill að ekki er ástæða til fyrir seljanda að hafa slíkt í huga nema atvik hafi orðið sem veiti vísbendingu um slíkt.

Yfirleitt verður þess ekki krafist að seljandi hafi annan sambærilegan hlut á lager með það í huga að hinn seldi hlutur kunni að skemmast fyrir afhendingu. Eftir atvikum er slíkt þó ekki óhugsandi.

Fjórða skilyrðið fyrir ábyrgðarleysi er að ekki sé unnt að ætlast til þess að seljandinn geti komist hjá eða sigrast á afleiðingum hindrunar. Þetta skilyrði er einnig háð því til hvers var unnt að ætlast af seljanda. Hér er um það að ræða hvað seljandi getur gert til að komast hjá eða sigrast á afleiðingum hindrunar. Af öðru skilyrðinu hér að framan leiðir hins vegar að hafi seljandi getað komist hjá eða yfirunnið sjálfa hindrunina er honum það skylt, enda er þá ekki um að ræða hindrun sem seljandi fær ekki ráðið við. Fjórða skilyrðið á m.a. við þegar svo stendur á að hindrun verður á tímabilinu frá því að kaup gerðust og fram að afhendingartíma. Seljanda er þá skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afstýra afleiðingum hindrunarinnar. Þetta getur t.d. þýtt að heildsali verði að velja annan framleiðanda en hann hafði ákveðið ef augljóst verður að sá framleiðandi muni ekki geta efnt skyldur sínar vegna verkfalla eða annarra slíkra hindrana. Eftir atvikum geta möguleikar og jafnframt skyldur seljanda legið í því að byggja upp nógu mikinn vörulager til þess að mæta hugsanlegum vandamálum af þessu tagi eða þá að leita til annarra birgja. Það nægir seljanda ekki í þessu efni að sýna fram á að slík vöruútvegun sé dýrari en sú sem hann hugsaði sér upphaflega. Hugsanlegt er að hindrun verði eftir að vöruafhendingu hefur þegar seinkað af annarri ástæðu. Hindrun við þessar aðstæður leysir seljanda ekki undan ábyrgð hefði hún ekki haft nein áhrif ef afhendingin hefði farið fram samkvæmt samningnum.

Það skal tekið fram að áðurnefnd fjögur skilyrði eru nátengd innbyrðis. Í öllum tilvikum skiptir tegund kaupanna miklu máli. Því meira sem söluhlutur er tegundarákveðinn þeim mun meiri möguleika hefur seljandi að jafnaði að útvega aðra hluti í staðinn. Ábyrgð hans verður því metin á strangari mælikvarða í slíkum tilvikum. Sé auðvelt að útvega aðra tegundarákveðna hluti nálgast ábyrgð seljanda að vera hlutlæg. Sé um einstaklega ákveðin kaup að ræða er oft ekki auðvelt að útvega aðra hluti í staðinn ef söluhlutur eyðileggst, t.d. fyrir afhendingu.

Eins og ákvæði 1. mgr. 27. gr. er orðað er gert ráð fyrir því að seljandinn þurfi að sanna að þau skilyrði séu fyrir hendi sem leysa hann undan bótaábyrgð.

Í 2. mgr. er rætt um ábyrgð seljanda á greiðsludrætti sem rekja má til þriðja manns. Þriðji maður í þessu samhengi telst sá eða þeir sem ekki eru beinlínis starfsmenn eða aðstoðarmenn seljanda í hans eigin fyrirtæki því að þá fellur tilvikið undir 1. mgr. Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. á við um þriðja mann sem seljandi hefur falið að efna kaupin að nokkru leyti eða öllu. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. á hins vegar við þegar seljandi hefur notað afhendingaraðila eða einhvern annan á fyrra sölustigi. Það er því ekki skilyrði samkvæmt greininni að umræddum þriðja manni sé skylt gagnvart seljanda að fullnægja samningi af sinni hálfu. Það nægir að þriðja manni sé skylt að efna sinn hluta samkvæmt samningi við einhvern annan, t.d. afhendingaraðila. Aftur á móti er seljandi ekki ábyrgur skv. 2. mgr. vegna afhendingaraðila sem kaupandi hefur valið. Samkvæmt þessu getur þriðji maður verið framleiðandi eða afhendingaraðili söluhlutar, en hann getur einnig verið framleiðandi að hluta eða undirafhendingaraðili eða undirframleiðandi hráefnis. Hann getur einnig verið dreifingarfyrirtæki, flytjandi eða uppsetningaraðili. Sé um þessi tilvik að ræða er það áskilið í ákvæðinu að seljandi verði því aðeins laus úr ábyrgð að skilyrði 1. mgr. eigi bæði við um seljanda og þriðja mann (tvöfaldur „force majeure"). Þetta þýðir að seljandi getur í vissum tilvikum orðið að bera rýmk-

aða ábyrgð, sem nær einnig til þriðja manns, jafnvel þótt svo standi á að skilyrði 1. mgr. um ábyrgðarleysi eigi við um seljanda sjálfan. Einnig hér er gert ráð fyrir því að seljandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrðunum um ábyrgðarleysi sé fullnægt í báðum tilvikum. Hafi seljandi samkvæmt þessu gert samning við fyrirtæki um afhendingu á tiltekinni framleiðsluvöru, t.d. hluta af vél sem seljandi hugðist síðan afhenda, er samkvæmt þessu ekki nóg að seljandi geti sýnt fram á að vanefndir þriðja manns hafi falið í sér hindrun fyrir seljandann. Hann verður einnig að sýna fram á að hindrun þriðja manns sé þess eðlis sem um getur í 1. mgr. Á hinn bóginn kann að vera að ekki sé heldur nóg að sýna fram á að slík skilyrði séu fyrir hendi að því er varðar þriðja mann ef seljandi gat engu síður sigrast á hindrun með því að fá annan aðila til að afhenda sömu framleiðsluvöru í vélarhlutann.

Í 3. mgr. kemur fram sú regla að seljandi sé aðeins laus undan ábyrgð þann tíma sem hindrun varir. Hindrun, sem varir skamman tíma, útilokar þess vegna ekki ábyrgð ef sá tími, sem til ráðstöfunar er eftir að hindrun féll brott, nægir til þess að efna samninginn í tíma. Ef hindrun stendur fram yfir umsaminn afhendingartíma getur seljandi þó orðið bótaskyldur fyrir þann hluta seinkunar sem varð eftir að afleiðingar hindrunar féllu brott. Þó getur þetta því aðeins orðið að seljandi hafi haft þá skyldu til að efna kaupin skv. 23. gr., en hann látið það hjá líða. Samkvæmt þessu á ákvæðið því aðeins við að hindrun sé tímabundin en ekki varanleg.

Með 4. mgr. er gildissvið málsgreinanna á undan þrengt. Ákvæði 1.–3. mgr. 27. gr. nær þannig ekki til óbeins tjóns, en það hugtak er skýrt í 2. mgr. 67. gr. Stjórnunarábyrgðin gildir því aðeins um beint tjón. Um röksemdir fyrir þessu skal vísað til almennra athugasemda, sbr. einnig athugasemdir við 2. mgr. 67. gr. Það leiðir af 2. málsl. 4. mgr. að stjórnunarábyrgðin gildir almennt í alþjóðlegum kaupum, bæði varðandi beint og óbeint tjón, sbr. ákvæði 79. gr. SÞ-samningsins. Af 1. mgr. 67. gr., sbr. einnig 74. gr. SÞ-samningsins, leiðir þó að viss takmörk eru fyrir því hvaða tjón verður bætt. Ákvæði 4. mgr. 27. gr. eru ekki hugsuð sem nein rýmkun á þessu. Því er til öryggis vísað í 3. mgr. 70. gr. til að tryggja slíkan skilning.

Í 5. mgr. er því slegið föstu að kaupandi geti ávallt krafist skaðabóta ef greiðsludrátt eða tjón má rekja til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda. Skipir ekki máli hvort um er að ræða beint eða óbeint tjón. Orðasambandið „af hálfu seljanda“ vísar til þess að hann beri ekki aðeins ábyrgð á eigin mistökum og vanrækslu heldur einnig á starfsmönnum sínum og sjálfstæðum verktökum sem hann hefur notað til að efna samninginn. Þess vegna getur seljandi orðið ábyrgur fyrir vanrækslu undirverktaka eða flytjanda.

Mistök eða vanræksla geta legið fyrir þegar á þeim tíma sem samningur var gerður, t.d. ef þá þegar var ljóst að efndir mundu valda vandkvæðum fyrir seljanda. Sama getur einnig átt við um val á aðila til að aðstoða við efna samninginn. Enn fremur geta mistök eða vanræksla átt sér stað við sjálfar efndirnar, t.d. falist í skertu eftirliti með framleiðslu eða vanrækslu við að undirbúa flutning. Mistök eða vanræksla geta einnig átt sér stað eftir athendingu, t.d. við efndir á viðbótarskyldum. Það kann að vera álitamál að hvaða marki má telja fjárskort til mistaka eða vanrækslu. Aðalreglan um bótaskyldu í samningum leiðir til þess að skortur á fjármagni leysir ekki undan bótaskyldu. Ef seljandi getur því ekki greitt það sem til þarf til að fullnægja samningi vegna fjárskorts, eða vegna þess að hann hefur ekki lánstraust, verður hann bótaskyldur fyrir því tjóni sem kaupandi beið vegna þeirrar seinkunar sem varð á afhendingu.

Ákvæðið felur ekki í sér neina reglu um sönnunarbyrði. Álitamál varðandi sönnunarbyrði verða því leyst út frá almennum réttarreglum um sönnun. Frumvarpið felur ekki í sér neina sérstaka vísbendingu í því efni.

Ákvæði 5. mgr. hefur litla þýðingu að því er varðar beint tjón. Sé unnt að líta svo á að seljandi beri ábyrgð á grundvelli mistaka eða vanrækslu ber seljandi venjulega einnig ábyrgð skv. 1. mgr. Sé hins vegar unnt að líta svo á að um mistök eða vanrækslu sé að ræða hjá starfsfólki seljanda, aðstoðarmönnum eða sjálfstæðum verktökum mundi seljandi bera ábyrgð skv. 1.–3. mgr. Ákvæðið hefur því fyrst og fremst þýðingu að því er varðar óbeint tjón. Ákvæðið í 5. mgr. svarar til 3. mgr. 40. gr. um skaðabætur vegna galla. Eðlilegt þykir að hafa lagareglur eins að þessu leyti, hvort sem um er að ræða greiðsludrátt eða galla.

Um 28. gr.

Í gildandi lögum er ekki ákvæði sem er beinlínis sambærilegt 28. gr. frumvarpsins, en svipuð regla kemur hins vegar fram í 4. mgr. 79. gr. SÞ-samningsins.

Það getur haft mikla þýðingu fyrir kaupanda í lausafjárkaupum að fá um það upplýsingar ef upp kemur hindrun sem stendur í vegi fyrir efndum á réttum tíma. Í mörgum tilvikum getur kaupandinn gripið til tímabundinna eða varanlegra aðgerða til þess að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar greiðsludráttar, sé hann aðeins varaður við í tíma. Í frumvarpsgreininni er því lögð sú skylda á herðar seljanda að upplýsa kaupandann um hindrun sem stendur í vegi fyrir efndum.

Tilkynningarskylda verður raunhæf þegar hindrun hefur orðið eða þegar búast má við að hindrun verði sem skiptir máli fyrir réttar efndir. Ekki skiptir máli hvers eðlis hindrun er og ekki heldur hvort hún stafar af ástæðum sem seljandi gat haft áhrif á skv. 27. gr. Tilkynningarskylda stofnast hins vegar ekki þegar seljandi getur með réttu gert ráð fyrir því að afstýra megi yfirvofandi hindrun.

Í tilkynningu seljanda skal koma fram hver hindrunin er og hver áhrif hún hefur á möguleika hans til efnda. Ber þá m.a. að taka fram hvort seinkun er tímabundin eða ekki, hvort hún varðar allt hið keypta eða aðeins hluta þess og hvort hugsanlega sé unnt að efna kaupin á annan hátt.

Í 2. málsl. greinarinnar er regla sem mælir fyrir um bætur til handa kaupanda fái hann ekki slíka tilkynningu sem að framan greinir. Í mörgum tilvikum mundi seljandi bera skaðabótaábyrgð gagnvart kaupanda á grundvelli 27. gr. frumvarpsins. Bótaregla 2. málsl. 28. gr. er hins vegar sjálfstæð bótaregla óháð bótareglu 27. gr. og hefur hún helst sjálfstæða þýðingu þegar um er að ræða hindrun sem leysa mundi undan bótaskyldu skv. 27. gr. frumvarpsins.

Skilyrði skaðabóta samkvæmt bótareglu 2. málsl. 28. gr. frumvarpsins er í fyrsta lagi að kaupandinn hafi ekki fengið tilkynningu um hindrun innan hæfilegs tíma. Af framsetningu ákvæðisins leiðir að tilkynningin er send á áhættu seljandans andstætt því sem almennt gildir um áhættuna af sendingu tilkynninga skv. 82. gr. frumvarpsins. Ef seinkun verður á póstsamgöngum eða öðrum samgöngum, eða þær falla niður af óviðráðanlegum atvikum, t.d. vegna verkfalla, er þó hugsanlegt að líta svo á að seljandi geti orðið laus úr ábyrgð með lögjöfnun frá 27. gr.

Frestur byrjar að líða um leið og seljandinn hefur fengið eða gat fengið vitneskju um hindrunina. Hvað telst hæfilegur tími verður að meta út frá atvikum og aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig, en almennt verður líklega að krefjast skjótra viðbragða af hálfu seljanda. Segja má að í þeim tilvikum þar sem frumvarpsgreinin á við sé komin upp aðstaða sem breyti grundvallaratriði samnings (afhendingartímanum) og hefur seljandinn í slíkum tilvikum augljósa ástæðu til þess að skýra kaupandanum frá því.

Í öðru lagi er það skilyrði skaðabóta skv. 28. gr. að kaupandinn hefði getað komist hjá tjóni ef hann hefði fengið tilkynninguna með nægum fyrirvara. Seljandinn verður með öðrum orðum ekki ábyrgur fyrir tjóni sem hefði orðið, hvað sem líður tilkynningu um hindrun.

Hér getur verið um að ræða tjón sem stafar af því að kaupandinn getur ekki takmarkað það tjón sem verður vegna hindrunar á efndum. Slíkt tjón fellur undir gildissvið 67. gr. Reglan í 28. gr. á hins vegar við væri seljandinn ábyrgðarlaus samkvæmt reglunni í 27. gr. og réttlætir það tilvist hennar.

Um 29. gr.

Ákvæði 29. gr. frumvarpsins svarar til a-liðar 2. mgr. 49. gr. SÞ-samningsins. Í 27. gr. gildandi kaupalaga kemur fram sú regla að kaupandi verður að skýra frá því að hann ætli að bera fyrir sig greiðsludrátt (hlutlaus tilkynning) ef í ljós kemur að söluhlutur hefur verið afhentur of seint. Í verslunarkaupum verður að tilkynna slíkt þegar í stað, en ella án ástæðulauss dráttar. Ætli kaupandinn að rifta kaupum verður hann að skýra sérstaklega frá því án óþarfrar tafar, ella missir hann þann rétt. Á hinn bóginn er ekki þörf sérstakrar tilkynningar þegar um aðrar kröfur er að ræða.

Segja má að regla 29. gr. frumvarpsins sé ekki eins ströng og regla gildandi laga því að kaupandinn þarf ekki að senda hlutlausa tilkynningu vegna greiðsludráttar (um galla gilda aðrar tilkynningarreglur, sbr. 32. gr. frumvarpsins). Ekki þótti ástæða til þess að krefjast sérstakrar tilkynningar varðandi skaðabætur þegar söluhlutur er afhentur of seint. Seljandanum er í flestum tilvikum ljós greiðsludráttur og hann getur því alltaf búist við skaðabótakröfum af því tilefni. Riftun er á hinn bóginn svo afdrifaríkt úrræði að ekki er óeðlilegt að krefjast þess að kaupandinn skýri frá því innan sanngjarns tíma ef hann ætlar að neyta þess úrræðis. Á það einnig við í neytendakaupum þegar neytandi hefur tekið við hlut sem hann vill skila. Þá verður einnig að hafa í huga að tilkynningarfresturinn er ekki eins strangur og þegar um hlutlausa tilkynningu er að ræða samkvæmt gildandi rétti.

Ákvæði 29. gr. gilda þegar hlutur er afhentur of seint. Á meðan afhending hefur ekki farið fram hefur kaupandi það í hendi sér hvenær hann setur fram riftunarkröfu. Það þýðir að hann getur rift kaupum án nokkurrar fyrir fram gefinnar tilkynningar þegar greiðsludrátturinn er orðinn svo langur að almennum skilyrðum riftunar er fullnægt, sbr. 25.–26. gr., 43. gr. og 44. gr. frumvarpsins.

Ef hlutur er alls ekki afhentur hefur kaupandi ekki sömu ástæðu til að hefjast handa, og hann getur beðið og séð hverju fram vindur. Hann þarf því ekki að taka afstöðu til þess hvenær seinkun er veruleg eða hvort hann vill rifta fyrr en hann setur riftunarkröfu fram.

Hugsanlegt er að rétturinn til efnda falli niður samkvæmt almennum reglum um aðgerðaleysisáhrif ef kaupandi bíður óhæfilega lengi og án réttmætrar ástæðu með að hefjast handa um þær. Ber þá oftlega að líta svo á að réttur til að krefjast efnda sé einnig fallin brott vegna hliðstæðs aðgerðarleysis af hálfu seljanda. Niðurstaðan í þessum tilvikum er þá svipuð og þegar rift er kaupum.

Tilkynningarfresturinn byrjar ekki að líða við sjálfa afhendinguna heldur frá þeim tíma er kaupandinn fékk vitneskju um hana. Það skiptir á hinn bóginn ekki máli hvernig kaupandinn öðlaðist vitneskju sína. Þegar hann hefur fengið vitneskju um afhendinguna verður hann þó að hefjast handa án tafar. Mat í því hvað teljist „innan sanngjarns tíma“ ræðst af eðli söluhlutar og aðilum samningsins. Í verslunarkaupum er eðlilegt að krefjast tiltölulega skjótra viðbragða, en í neytendakaupum er sanngjarnt að fresturinn sé heldur lengri, sérstaklega þegar ekki er um að ræða kaup ýmissa gjaldgengra vara. Kaupandinn verður ávallt að hafa ákveðinn tíma til að taka afstöðu til þess hvers konar heimildum hann vill beita.

Af ákvæðum 82. gr. frumvarpsins leiðir að það er seljandinn sem ber áhættuna af því að tilkynning um riftun samkvæmt þessari frumvarpsgrein komi fram. Samkvæmt orðanna hljóð-

an á greinin aðeins við þegar dráttur verður á afhendingu aðalgreiðslunnar og hún á eðli málsins samkvæmt illa við um vanefndir aukaskyldna.

Um 30. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 45. gr. SÞ-samningsins. Rétt er að hafa í huga að gildissvið þeirrar greinar takmarkast ekki við galla eina heldur á hún einnig við um greiðsludrátt og aðrar vanefndir samnings. Ákvæði frumvarpsgreinarinnar eiga sér ekki beina samsvörun í gildandi kaupalögum en þó fela 1. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. að vissu leyti í sér svipaða upptalningu vanefndaúrræða. Hvað uppbyggingu og framsetningu varðar er frumvarpsgreinin svipuð 22. gr. frumvarpsins og með sambærilegu efni og má því almennt vísa til athugasemda við þá grein.

Greinin gildir þegar um er að ræða galla, sbr. 17.–21. gr. frumvarpsins. Engu máli skiptir hver er ástæða gallans, en það er þó skilyrði að hann sé hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða. Hvorki hugtakið *sök* né *aðstæður sem kaupanda varða* vísa til vondrar trúar, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins. Ber að túlka hugtakið í ljósi þess sem sagt er í athugasemdum við 22. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar eru taldar upp heimildir kaupanda þegar svo stendur á að söluhlutur er gallaður. Þar eru nefndar úrbætur, afhending að nýju, afsláttur, riftun og skaðabætur, ásamt rétti til þess að halda eftir greiðslu kaupverðs. Ákvæði 1. mgr. felur ekki í sér nein skilyrði þess að unnt sé að beita einstökum vanefndaúrræðum sem þar eru nefnd, en um nánari skilyrði er fjallað í viðeigandi greinum, 34. og 35. gr. (úrbætur og ný afhending), 38. gr. (afsláttur), 39. gr. (riftun), 27. gr. (skaðabætur) og 42. gr. (réttur til að halda eigin greiðslu).

Beiting einnar vanefndaheimildar útilokar ekki beitingu annarra heimilda og gildir í þeim efnum hið sama og skv. 22. gr. frumvarpsins. Upptalning frumvarpsgreinarinnar er heldur ekki tæmandi, sbr. einnig athugasemdir við 22. gr. Í 2. málsl. 1. mgr. er sérákvæði um það að réttur kaupanda til skaðabóta falli ekki niður þótt aðrar kröfur séu gerðar eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

Regla 2. mgr. 30. gr. svarar til 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að reglurnar um galla gilda einnig um aðra ágalla á efndum af hálfu seljanda, eftir því sem við á, þ.e. við vanefndir á aukaskyldum. Sem dæmi um þetta má nefna að keyptur er krani á flutningatæki en hann reynist ónothæfur vegna rangrar uppsetningar af hálfu seljanda. Um þýðingu fyrirvarans „eftir því sem við á“ vísast til athugasemda við 22. gr. Regla frumvarpsgreinarinnar er frávíkjanleg með sömu rökum og regla 2. mgr. 22. gr. og á það einnig við í neytendakaupum.

Um 31. gr.

Ákvæði 31. gr. svarar til 51. gr. gildandi laga, sem þó varðar aðeins verslunarkaup, sbr. einnig 5. mgr. 62. gr. Í 38. gr. SÞ-samningsins er að finna sambærilegt ákvæði.

Í 20. gr. frumvarpsins er fjallað um afleiðingar þess að kaupandi lætur hjá líða að rannsaka söluhlut *áður en* samningur er gerður. Ákvæðið leggur þó ekki neina sérstaka skyldu á kaupandann til að rannsaka söluhlut á þessu tímamarki. Í 31. gr. er á hinn bóginn lögð sú almenna skylda á kaupanda að rannsaka söluhlut *eftir afhendingu*. Vanræksla á þeirri skyldu getur skv. 32. gr. leitt til þess að kaupandinn glati rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla með þeim hætti sem í 32. gr. segir. Að öðru leyti verður að skoða reglu 31. gr. með hliðsjón af 2. mgr. 49. gr., sem veitir kaupandanum rétt til þess að rannsaka söluhlut áður en kaupverðið er greitt. Tilgangurinn með síðarnefndu greininni er að vernda rétt kaupanda til þess

að halda eftir eigin greiðslu samkvæmt meginreglunni um að hönd selji hendi, en að öðru leyti er ekkert sérstakt samhengi á milli ákvæðanna. Kaupandi getur að sjálfsögðu gætt réttar síns bæði skv. 31. og 2. mgr. 49. gr. með einni og sömu rannsókninni.

Í 1. mgr. 31. gr. kemur fram meginreglan um rannsóknarskyldu kaupanda. Skyldan verður virk eftir afhendingu og þá jafnskjótt og kaupanda eftir öllum aðstæðum gefst sanngjarnt tækifæri til að fullnægja henni. Hversu fljótt rannsókn getur farið fram ræðst m.a. af því hvers konar hlut er um að ræða og hvar hann er afhentur. Ef kaupandi á að sækja hlutinn til seljanda sem býr á sama stað, t.d. við kaup hjá kaupmanninum á horninu, getur kaupandi í meginatriðum beðið með að rannsaka söluhlut þar til hann er kominn heim. Ef um flókinn tæknilegan útbúnað er að ræða eða annað þess háttar verður kaupandinn einnig að hafa sanngjarnan tíma til rannsóknar, en þess verður að krefjast að hún gangi hraðar fyrir sig ef auðvelt er að koma henni við.

Sambærilegar reglur gilda einnig þegar kaupandinn sækir hlut á flutningamiðstöð eða annan sambærilegan stað. Í slíkum tilvikum getur kaupandinn beðið með rannsókn þar til hann er kominn til síns heima eða á atvinnustöð sína. Kemur þar einnig til að umbúðir getur þurft að fjarlægja og er oft ekki unnt að gera það fyrr en heim er komið. Á hinn bóginn getur það haft þýðingu við mat skv. 32. gr. hvort kaupandinn lætur lengi hjá líða að sækja hlutinn, eftir að hann hefur fengið tilkynningu um að hann sé kominn á flutningamiðstöð.

Í 1. mgr. er það ekki afmarkað nákvæmlega hversu ítarleg rannsókn kaupanda á að vera, en þar kemur þó fram að hún skuli vera samkvæmt því sem *góð venja* stendur til. Samkvæmt 51. gr. gildandi laga, sem á aðeins við um verslunarkaup, ber kaupanda að rannsaka hlut svo sem „góð verzlunatízka heimtar“. Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir því að orðalag hennar beri að þessu leyti að túlka á sama hátt og gert er í gildandi lögum þegar um kaup milli viðskiptaaðila er að ræða. Hvað að öðru leyti felst í hugtakinu góð venja fer m.a. eftir eðli söluhlutar, til hverra nota hann er ætlaður, umbúðunum utan um hlutinn og því hvaða söluaðila er um að ræða. Ef hlutur er ætlaður til endursölu kann það að vera áskilið að umbúðir séu ekki fjarlægðar og þá takmarkast að sama skapi rannsóknarskylda kaupanda við það sem sjá má við ytri skoðun einvörðungu. Þegar smásali kaupir kaffi í lofttæmdum umbúðum verður þess almennt ekki krafist að hann rannsaki innihald einstakra kaffipakka, en ef um er að ræða innkaup á miklu magni, t.d. á heilli vörusendingu, getur eftir atvikum verið eðlilegt að kaupandi rannsaki einstaka sýnishorn sem oft er nefnt „stikkprufa“. Í öllum tilvikum verður þess þó krafist að hann rannsaki hvort umbúðir eru óskemmdar. Ef um kaup á flóknum vélbúnaði er að ræða getur verið að góð venja leiði til þess að fram fari viðtæktar prófanir.

Vera kann að góð venja í einstaka tilviki leiði til þess að kaupandi þurfi í rauninni ekki að rannsaka söluhlut. Það getur t.d. átt við þegar kaupandinn kemur einvörðungu fram sem milliliður án þess að söluhlutur fari um hans hendur. Þá geta atvik og verið þannig að kaupandinn leggi hlut til hliðar án þess að fjarlægja umbúðirnar, þar til hann er tekinn í notkun, t.d. þegar mælt er með því að umbúðir séu ekki fjarlægðar fyrr en hlutur er tekinn í notkun svo að hann rýrni ekki eða eyðileggist. Að öðru leyti verður almennt að taka tillit til þess hver kaupandinn er og hvað telst góð venja í því tilviki sem um er að ræða.

Það leiðir loks af frávíkjanlegum ákvæðum frumvarpsins að samningar um annars konar skoðun eða skoðun á öðrum tíma en leiðir af fyrrgreindu ákvæði eru leyfilegir. Þannig getur t.d. verið um það samið að tiltekin tæki, sem seljandi sér um að setja upp, séu skoðuð og prófuð af hálfu kaupanda að lokinni uppsetningu.

Hugsanlegt er að söluhlutur hafi verið afhentur of seint og að dráttur sé metinn verulegur. Kann þá að vera að kaupandi krefjist riftunar. Rétturinn til riftunar glatast þá ekki þó að

kaupandi kunni að hafa vanrækt að rannsaka hlutinn. En ætli kaupandi jafnframt að bera fyrir sig vanefndakröfur vegna gallans eiga ákvæði 31. gr. frumvarpsins við.

Í 2. mgr. kemur fram að þegar hlut á að flytja frá afhendingarstað getur kaupandi beðið með rannsókn þar til hluturinn er kominn á ákvörðunarstað. Þegar hlutur er þangað kominn fer það eftir ákvæðum 1. mgr. hversu fljótt skoðun á að fara fram.

Í 2. mgr. greinarinnar eru einkum höfð í huga sendingarkaup, sbr. 2. mgr. 7. gr., en ákvæðið getur einnig átt við í staðarkaupum þar sem seljandi og kaupandi eiga ekki heima á sama stað. Í báðum þessum tilvikum getur kaupandinn beðið með rannsókn á söluhlutnum þar til hann er kominn til ákvörðunarstaðar. Með „ákvörðunarstað“ er hér ekki átt við heimili eða atvinnustöð kaupanda heldur er þar átt við þann stað þar sem kaupandi býr. Ef hlutur er seldur með fob-skilmálum felst það í 2. mgr. 31. gr. að kaupandi er ekki skyldugur til að rannsaka hlutinn fyrr en hann er kominn til skipaafgreiðslunnar á ákvörðunarstað. Að hvaða marki kaupandi getur með öllu látið hjá líða að rannsaka hlutinn þar til kaupandinn hefur fengið hlutinn heim til sín veltur á því hvort hann hefur „sanngjarnt tækifæri“ til að rannsaka hlutinn hjá skipaafgreiðslunni, sbr. og það sem segir í athugasemdum við 1. mgr.

Regla 3. mgr. á við um þau tilvik þegar kaupandinn breytir ákvörðunarstað meðan hlutur er í flutningi eða sendir hlutinn áfram án þess að hann hafi haft sanngjarnt tækifæri til þess að rannsaka hann. Rannsókn má þá fresta þar til hluturinn er kominn á hinn nýja ákvörðunarstað. Greinin gildir í fyrsta lagi þegar kaupandi breytir ákvörðunarstað meðan söluhlutur er í flutningi og skiptir ekki máli hver var ástæða þess að hann ákvað þessa breytingu. Í annan stað gildir ákvæðið þegar kaupandi sendir hlutinn áfram og í þessu tilviki verður því skilyrði að hafa verið fullnægt að kaupandi hafi ekki haft sanngjarnt tækifæri til að rannsaka söluhlut. Hér hefur hlutur komið til upphaflegs ákvörðunarstaðar, en hann verið sendur þaðan á nýjan ákvörðunarstað. Ástæða þess að kaupandi rannsakaði ekki söluhlut á upphaflegum stað getur t.d. hafa verið sú að ekki hafi þótti hagkvæmt að opna umbúðir þar sem kaupandi var þegar búinn að selja hlutinn nýjum kaupanda á öðrum stað.

Skilyrði þess að fresta megi rannsókn er það að seljandinn hafi við kaupin vitað eða mátt vita um möguleikann á því að ákvörðunarstað kynni að verða breytt eða hlutur sendur áfram. Seljandinn veit t.d. að kaupandinn er heildsali og að hann er oft vanur að selja hlutinn beint án þess að taka hann fyrst inn í vörugeymslur hjá sér. Annar möguleiki er sá að seljandinn viti að kaupandinn er með fleiri en eina atvinnustöð og að hluturinn getur verið ætlaður til nota á mörgum þeirra.

Í 4. mgr. greinarinnar er tekið fram að regla 31. gr. gildi ekki þegar um neytendakaup er að ræða. Þótt á kaupanda í neytendakaupum hvíli ekki sú beina lagaskylda að rannsaka söluhlut samkvæmt umræddu ákvæði getur eigi að síður hvílt viss skylda á honum til slíkrar rannsóknar samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 32. gr. frumvarpsins.

Um 32. gr.

Ákvæði greinarinnar svarar til 39. gr. SÞ-samningsins, en í gildandi lögum er ákvæði um það efni í 52. og 54. gr. Helstu nýmæli frumvarpsgreinarinnar eru þau að tilkynningarreglurnar eru hinar sömu í öllum tegundum kaupa. Hámarkstilkynningarfrestur er lengdur úr einu ári í tvö, sbr. 54. gr. gildandi laga, og eftir atvikum getur hann verið fimm ár í neytendakaupum.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um hinn afstæða (relativ) tilkynningarfrest. Í ákvæðinu felst að sé um galla að ræða verður kaupandinn að tilkynna um það innan hæfilegs tíma. Fresturinn byrjar að líða þegar kaupandinn varð galla var eða mátti verða hans var. Hafa verður í huga að tilkynningarfrestur samkvæmt ákvæði þessu getur aldrei byrjað að líða fyrr en áhættan

af söluhlut hefur flust frá seljanda til kaupanda, þ.e. venjulega við afhendingu. Við sendingarkaup er reglan sú að hluturinn hefur verið afhentur og áhættan er komin yfir á kaupanda, e.t.v. löngu áður en hann hefur nokkur afskipti af hlutnum, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Í þessum tilvikum hefur kaupandi sjaldnast raunhæfa möguleika á að uppgötva galla fyrr en hlutur er kominn til hans. Vitneskja kaupanda um eiginleika söluhlutar fyrir afhendingu getur skipt máli í sambandi við það hvort hann sé gallaður eða ekki. Hafi kaupandi hins vegar vitað um eiginleika söluhlutar fyrir afhendingu er einnig ljóst að hann veit um ástand hans við afhendinguna.

Það fer m.a. eftir rannsóknarskyldunni skv. 31. gr. hvenær kaupandinn mátti verða galla var. Þótt góð venja í skilningi þess ákvæðis veiti í sjálfu sér ekki vísbendingu um það hvenær kaupandi á að rannsaka söluhlut nánar getur galli hafa verið svo augljós að kaupandinn hefði átt að komast að raun um hann fyrr en raun varð á. Í neytendakaupum hefur neytandi vissa rannsóknarskyldu, eins og getið var í athugasemdum við 31. gr. frumvarpsins. Venjulegur neytandi getur því ekki heldur lokað augunum fyrir vissum staðreyndum sem augljósar eru.

Leyndan galla, sem ekki kemur í ljós fyrr en hlutur hefur verið notaður í ákveðinn tíma, er engin leið að uppgötva við venjulega rannsókn. Tilkynningarfrestur byrjar þá að líða þegar galla verður vart með þeim hætti að kaupandinn á að verða hans var. Ef kaupandinn (A) hefur selt hlutinn áfram til annars manns (B) getur það komið fyrir að hann (A) verði ekki galla var fyrr en sá sem af honum keypti (B) kvartar við A.

Annað dæmi um galla af þessu tagi er það þegar um er að ræða vörur sem geymast ekki lengi. Hafi t.d. kjöt verið geymt í of miklum hita en síðan verið selt má búast við að tilkynningarfrestur byrji að líða þegar gallinn kemur í ljós, þ.e. þegar varan skemmist með þeim hætti að kaupandi átti að uppgötva það. Loks má nefna að sumar vörur eru þannig að gallinn kemur ekki í ljós fyrr en fara á að neyta þeirra, e.t.v. eftir langa geymslu. Svo er t.d. um niðursoðna ávexti sem eru skemmdir í umbúðunum.

Það getur verið merki um galla að hlutur virkar ekki eins og skyldi. Slíkt getur getur einnig verið að rekja til rangrar notkunar, slits, skorts á viðhaldi o.s.frv. Það að hlutur virkar ekki sem skyldi leiðir því ekki sjálfkrafa til þess að tilkynningarfrestur byrji að líða, nema því aðeins að kaupanda hafi mátt vera ljóst að galla var um að kenna.

Hvað telst „innan hæfilegs tíma“ í skilningi 1. mgr. 32. gr. fer eftir atvikum hverju sinni og ekki hvað síst eftir því hver kaupandinn er. Ef hlutur er keyptur af atvinnurekanda til nota í rekstri hans verður að krefjast skjótari viðbragða en þegar um er að ræða kaup af hálfu neytanda. Þó má vera að orðalag ákvæðisins, „innan hæfilegs tíma“, gefi meira svigrúm en nú gildir í verslunarkaupum, en skv. 52. gr. gildandi laga á að skýra seljanda frá göllum „þegar í stað“. Í neytendakaupum geta einstaklingsbundin atvik, t.d. fjarvistir og veikindi, auðveldlega skipt máli. Þá getur einnig skipt máli í sambandi við frestinn hvers konar kaup er um að ræða. Sé um að ræða hluti með stuttan endingartíma er tilkynningarfrestur að öðru jöfnu styttri en ella. Sé hins vegar um að ræða flókna hluti, sem setja þarf upp, má vera að mun lengri tíma þurfi til að ganga úr skugga um gallana og eðli þeirra. Hér hefur einnig sérþekking kaupanda sérstaka þýðingu. Ef kaupanda skortir sérþekkingu getur verið nauðsynlegt fyrir hann að fá aðstoð sérfróðs manns til þess að ganga úr skugga um hvort í raun og veru sé um að ræða galla sem unnt er að bera fyrir sig.

Samkvæmt ákvæðinu er einungis gerð krafa um hlutlausa tilkynningu. Í því felst að ekki er nauðsynlegt fyrir kaupanda að geta þess í tilkynningu sinni hvaða kröfur hann hyggst gera í tilefni vanefndanna. Er þessi regla frábrugðin því sem gildir skv. 1. mgr. 35. gr. og 2. mgr. 39. gr., en þar er um að ræða sérstakar tilkynningarreglur varðandi kröfur um úrbætur og afhendingu að nýju ásamt riftun. Þessar reglur gilda óháð reglu 32. gr.

Það er á hinn bóginn ekki fullnægjandi tilkynning skv. 1. mgr. 32. gr. frumvarpsins ef kaupandinn kvartar einungis almennt yfir söluhlut. Samkvæmt orðanna hljóðan er sú krafa gerð að fram komi í tilkynningu í hverju gallinn er fólginn. Þetta má þó ekki túlka of bókstaflega, því að ekki er ávallt hægt að krefjast þröngrar og nákvæmrar tilgreiningar. Oft geta atvik borið með sér augljós einkenni galla án þess að unnt sé að staðreyna hvers eðlis gallinn er. Í slíkum tilvikum verður að láta nægja að því sé lýst í hverju gallinn birtist.

Ekki eru gerðar ákveðnar formkröfur til tilkynningar. Af sönnunarástæðum getur þó verið hagkvæmt að hún sé skrifleg, en réttaráhrif tilkynningar eru ekki við það bundin. Af ákvæðum 82. gr. leiðir að það er seljandinn sem ber áhættuna af því ef tilkynningin kemst ekki til skila. Afleiðingar þess að tilkynningarfrestur líður eru þær að kaupandinn glatar rétti til þess að bera gallann fyrir sig.

Álitamál er hvort seljandi glati rétti sínum til að bera fyrir sig tilkynningarskort ef hann ræðir fyrirvaralaust við kaupanda um það efni sem í tilkynningu greinir. Þessu álitaefni er ekki svarað í ákvæðum frumvarpsins heldur verður að leysa úr því eftir atvikum hverju sinni á grundvelli almennra reglna um aðgerðarleysi. Framkoma seljanda getur þar að auki verið með þeim hætti að hana megi skilja þannig að hann muni ekki bera fyrir sig tilkynningarskortinn.

Ákvæðið um tveggja ára frestinn í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar líkist að sumu leyti fyrningarfresti. Krafa kaupanda fellur brott eftir vissan tíma án tillits til annarra atriða. Þetta er ólíkt fresti skv. 1. mgr. þar sem tekið er tillit til huglægra atriða er varða aðila.

Í 54. gr. gildandi kaupalaga segir: „Nú er ár liðið frá því er kaupandi fékk söluhlut í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá að hann ætli að bera fyrir sig að söluhlutnum hafi ábótavant verið og getur hann þá ekki síðar komið fram með neina kröfu af því tilefni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn lengri tíma, eða haft svik í frammi.“ Regla þessi hefur verið umdeild í íslenskum rétti þar sem hinn skammi tilkynningarfrestur hefur þótt óþarflega harður í garð kaupanda og á það sérstaklega við þegar um leynda galla er að ræða. Má tilfæra dæmi úr réttarframkvæmdinni þar sem þessi skammi frestur hefur leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu í garð kaupanda. Því er í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar lagt til að hámarkstilkynningarfrestur vegna galla miðist við tvö ár og byrjar fresturinn að líða þegar kaupandinn veitir hlutnum viðtöku. Tekið skal fram að af ákvæðum 3. gr. frumvarpsins leiðir að semja má um lengri tilkynningarfrest. Eins leiðir það af ákvæðum 3. gr. að unnt er, í öðrum kaupum en neytendakaupum, að semja um skemmri frest en tveggja ára frestinn.

Yfirleitt verður að telja heppilegt að hafa tiltölulega þröng tímamörk til þess að tilkynna um galla. Fyrir seljandann er það þýðingarmikið að geta losnað frá kaupunum eftir ákveðinn tíma án þess að þurfa að eiga á hættu síðbúnar kvartanir vegna galla. Þar sem ákvörðun um það hvort söluhlutur er gallaður eða ekki ræðst af ástandi hlutarins á því tímamarki þegar áhættuskipti verða er hætt við að sönnunarvandamál komi til sögunnar ef kvartanir vegna galla berast löngu eftir að afhending hefur átt sér stað. Telja verður að tveggja ára regla frumvarpsgreinarinnar sé hentugur viðmiðunartími þegar litið er til hagsmuna allra þeirra sem hlut eiga að máli, þ.e. hagsmuna seljanda og viðskiptalífsins af því að búa við öryggi og hagsmuna kaupanda af því að geta borið fyrir sig galla sem koma í ljós jafnvel löngu eftir afhendingu. Reglan er einnig í samræmi við 2. mgr. 39. gr. SÞ-samningsins.

Til sanns vegar má færa að tveggja ára reglan geti verið ströng í garð kaupanda þegar um er að ræða leynda galla við kaup á hlut sem á að endast lengi. Það gerist oft að verulegir gallar koma ekki í ljós fyrr en löngu eftir afhendingu. Getur þá verið ósanngjarnt ef kaupanda er með öllu ómögulegt að bera gallann fyrir sig ef hann tilkynnir um gallann innan hæfilegs tíma frá því að hann varð gallans var. Hvað sem því líður er nauðsynlegt að hafa skýrar og

afmarkaðar reglur um tilkynningarfresti vegna galla. Því er hér lagt til að tveggja ára reglan verði meginregla, þó þannig að hún gildi ekki undantekningalaust í neytendakaupum. Í Noregi og Svíþjóð er tveggja ára reglan meginregla. Í Finnlandi hafa kaupalög enga almenna hámarksreglu um tilkynningarfrest. Í Danmörku gildir enn eins árs tilkynningarreglan, sbr. 54. gr. dönsku kaupalaganna, sem meginregla, en frá meginreglunni gilda hins vegar mikilvægar undantekningar þegar um kaup byggingarefnis er að ræða, þ.e. í fimm ár frá afhendingu og í vissum tilvikum sex ár.

Umræddur tveggja ára tilkynningarfrestur líkist venjulegum fyrningarfresti í því að krafa kaupanda fellur alveg niður þegar liðinn er ákveðinn tími, óháð öðrum aðstæðum. Það er þetta sem greinir hinn fortakslausa tveggja ára frest frá hinum afstæða tilkynningarfresti, en þegar um hann er að ræða fer lengd frestsins m.a. eftir huglægum atriðum sem varða aðila kaupsamnings.

Í 2. mgr. er tilkynningarfresturinn tvö ár og byrjar hann að líða þegar kaupandi veitir hlutnum viðtöku. Hér er upphaf frestsins samkvæmt orðalagi ákvæðisins miðað við það tímamark þegar kaupandi veitir hlutnum viðtöku, en hvorki afhendingu söluhlutar né það tímamark þegar áhættan flyst yfir til kaupanda. Yfirleitt mundi hér samt sem áður vera um sama tímamark að ræða. Í þessu kemur fram að fresturinn byrjar ekki að líða fyrr en kaupandi hefur átt þess kost að rannsaka hvort gallar voru á söluhlut eða ekki.

Frestir skv. 1. og 2. mgr. líða samtímis. Krafa vegna gallans fellur brott þótt aðeins annar þeirra sé liðinn. Sjaldgæft er að afstæði fresturinn geti orðið tvö ár og þess vegna er krafan oftast fallin niður áður en tveggja ára tímamarkinu er náð. Þetta þarf þó ekki að gilda þegar um leynda galla er að ræða. Hins vegar glatast krafan í öllum tilvikum þegar tvö ár eru liðin frá afhendingu söluhlutarins.

Rétt er að taka fram að hafi afhending að nýju í skilningi 36. gr. frumvarpsins átt sér stað byrjar nýr tveggja ára frestur að líða frá því tímamarki er hinum nýja hlut var veitt viðtaka.

Álitamál er hvernig líta ber á tilkynningu sem berst of seint þegar svo stendur á að seljandinn hefur byrjað samningaviðræður við kaupandann vegna galla án þess að gera fyrirvara um tilkynningarskortinn. Tilhneiging er til þess að líta svo á að seljandinn glati ekki rétti sínum til að bera fyrir sig galla við þetta eitt þótt það geti valdið vafa í ákveðnum tilvikum.

Í síðari málslið 2. mgr. kemur fram að tveggja ára fresturinn á ekki við þegar seljandinn hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma en tvö ár. Síðari málsliður 2. mgr. 32. gr. hefur m.a. þá þýðingu að hafi seljandi ábyrgst söluhlut í lengri tíma en tvö ár felur það einnig í sér að tilkynningarfresturinn verður lengri þótt ekkert segi berum orðum um hann í samningnum sjálfum. Það ræðst af túlkun ábyrgðaryfirlýsingar hvort tilkynningarfresturinn fellur niður samtíms því að ábyrgðin fellur úr gildi eða hvort hann fellur ekki úr gildi fyrr en liðinn er hæfilegur tími frá lokum ábyrgðartímabilsins. Ekki er unnt að setja fram neina löglíkindareglu hvað varðar seinni kostinn. Það fer eftir túlkun samningsins hvort seljandi telst hafa tekið á sig ábyrgð á göllum í lengri tíma og einnig um hvers konar ábyrgð er að ræða.

Í vissum tilvikum er unnt að túlka yfirlýsingu um ábyrgð þannig að hún nái einnig til þess að söluhlutur starfi rétt, þannig að seljandinn teljist hafa tekið á sig ábyrgð á vissum ágöllum á ábyrgðartímanum sem ekki er beinlínis hægt að rekja til galla á söluhlutnum sjálfum. Yfirlýsingar, sem seljandi hefur gefið í sambandi við söluhlut, geta haft sérstaka þýðingu í þessu sambandi þegar um er að ræða hluti sem augljóslega eiga að endast lengi. Upplýsingar seljanda um endingartíma hlutar geta verið þannig að í þeim felist ábyrgð á hinum tilgreinda endingartíma. Þó er það svo að ekki má túlka allar yfirlýsingar seljanda um endingu sem ábyrgðaryfirlýsingu af hans hálfu. Ef um er að ræða almennar upplýsingar um endingu er

ekki unnt að túlka þær sem sérstaka ábyrgðaryfirlýsingu, en að sjálfsögðu er þetta m.a. komið undir því hvernig orð hafa fallið milli samningsaðila og hvaða væntingar seljanda mátti vera ljóst að kaupandi hefði í þessu sambandi. Í vissum tilvikum er ekki óhugsandi að framferði seljanda teljist vera andstætt heiðarleika og góðri trú, þannig að fresturinn lengist samkvæmt ákvæðum 33. gr.

Í 1. málsl. 3. mgr. 32. gr. kemur fram að frestsreglan í 2. mgr. gildir með sama hætti þegar um neytendakaup er að ræða. Þegar söluhlutur í neytendakaupum eða einstakir hlutar hans eiga við venjulega notkun að endast lengur en tvö ár er tilkynningarfresturinn fimm ár. Hér er t.d. átt við hluti eins og byggingarvörur, byggingarefni, bifreiðar, heimilistæki, sjónvörp, húsgögn, reiðhjól, báta o.fl. Álitamál er hvernig fara á með notaða hluti, t.d. þegar bílasali selur tíu ára gamla bifreið. Rétt er að miða við aldur bílsins þegar tekið er tillit til þess hvað hann eigi að endast lengi. Þá er einnig rétt í öllum tilvikum að miða við venjulega notkun hlutarins, t.d. er auðvelt að slíta bifreið út með óhóflegum akstri. Ekki er eðlilegt að miða við slíka notkun heldur einungis þá sem telja má venjulega eftir öllum atvikum.

Tilkynningu um galla í neytendakaupum má beina að þeim sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr gallanum.

Um 33. gr.

Í frumvarpsgreininni segir að þrátt fyrir ákvæði 31. og 32. gr. geti kaupandi borið fyrir sig galla ef seljandinn hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú. Í gildandi lögum eru sambærileg ákvæði í 47. gr. (rannsókn á göllum) og 53. og 54. gr. (tilkynningarfrestir). Í gildandi lögum eru skilyrðin þó nokkuð ólík. Þannig er stundum miðað við svik og stundum vítavert gáleysi. Ákvæði 33. gr. frumvarpsins felur hins vegar í sér sameiginleg skilyrði varðandi vanefndarúrræði og rýmkar rétt kaupanda nokkuð. Frumvarpsgreinin er svipaðs efnis og 40. gr. SÞ-samningsins, sbr. þó 97. gr. frumvarpsins.

Ákvæðið felur í sér undantekningu sem varðar afleiðingu þess að ekki fór fram rannsókn á söluhlut (31. gr.) eða ekki var tilkynnt um galla í tíma (32. gr.) þegar þau skilyrði eru fyrir hendi að seljandi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er að öðru leyti ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

Sú háttsemi, sem talin er ámælisverð, verður að tengjast meintum galla á söluhlut samkvæmt ákvæðinu. Því skiptir ekki máli þótt seljandi hafi að öðru leyti sýnt af sér vítavert gáleysi eða háttsemi sem fer í bága við heiðarleika og góða trú.

Ákvæðið nær einkum yfir það tilvik sem nefnt er í 40. gr. SÞ-samningsins, þ.e. galla sem rekja má til atvika sem seljandinn vissi um eða gat ekki verið ómeðvitaður um en skýrði kaupanda ekki frá. Sem dæmi um þetta má nefna þegar seljandi bifreiðar upplýsir ekki að bifreiðin hafi áður skemmst mikið í árekstri ef einmitt það atriði skiptir máli við mat á gallanum. Sama gildir ef seljandi selur framleiðanda efni sem hann veit að ekki er unnt að nota við þá framleiðslu sem kaupandi stundar.

Ákvæði 33. gr. felur það ekki í sér að kaupandi geti dregið von úr viti að tilkynna um þá galla sem hann veit um. Ef kaupandinn hefur dregið það mjög lengi stendur 33. gr. ekki í vegi fyrir því að hann geti glatað rétti til þess að bera fyrir sig galla á grundvelli almennra tómlætis- og fyrningarreglna

Um 34. gr.

Ákvæði þetta er sama efnis og 2. og 3. mgr. 46. gr. SÞ-samningsins, sbr. og 28. gr. hans. Í gildandi lögum er sambærilegt ákvæði í 43. gr. sem tekur þó aðeins til tegundar ákveðinna

greiðslna, sbr. orðalagið „eða heimtað aðra hluti ógallaða í hinna stað“ í 1. mgr. og orðalagið „né annarra hluta krafist í staðinn“ í 2. mgr.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er mælt fyrir um rétt kaupanda til að krefjast þess að seljandi bæti úr galla, t.d. með viðgerð. Úrbætur geta þó líka farið fram með þeim hætti að afhentir eru þeir fylgihlutir sem vantar með söluhlut. Kaupandi á aðeins rétt á því að úrbæturnar svari til samningsskilmálanna. Hann getur því ekki krafist nýrrar vélar frá verksmiðju í gamla bifreið í stað þeirrar sem reyndist ónýt.

Kaupandi getur krafist úrbóta án tillits til þess hvers eðlis gallinn er eða hvort hann er verulegur eða ekki. Ákvæðið á ekki hvað síst við um minni háttar galla á söluhlut þar sem viðgerð er oft einfaldasta lausnin og á margan hátt erfiðara fyrir kaupanda að leita annarra vanefndaúrræða. Þetta á t.d. við um rafmagnslampa, sem kaupandi hefur fest kaup á, þegar rafmagnssnúran reynist gölluð. Úrbætur samkvæmt ákvæðinu eru á kostnað seljanda. Í því felst að seljandi ber kostnað af sjálfum úrbótunum og nauðsynlegum kostnaði af sendingu hlutarins.

Ábyrgð seljanda samkvæmt ákvæðinu er hrein hlutlæg ábyrgð með hliðstæðum hætti og gildir um afslátt skv. 38. gr. frumvarpsins. Kosturinn við hlutlæga ábyrgð er sá að seljandi getur ekki borið fyrir sig vítaleysisástæður þær, sem nefndar eru í 27. gr. frumvarpsins, eins og vera mundi ef hann væri sóttur til greiðslu skaðabóta.

Ef úrbætur eiga að fara fram hjá kaupanda ber seljandanum að standa straum af ferðakostnaði sínum og starfsmanna sinna í því sambandi. Þá verður seljandinn og að bæta óhjákvæmileg útgjöld sem kaupandinn hefur haft af úrbótum, svo sem sendingarkostnað og símakostnað, ef því er að skipta. Einnig getur komið til álita að seljandi verði að bæta leigu af öðrum hlut meðan söluhlutur er í viðgerð. Seljandi ber þó ekki ábyrgð á þeim kostnaði sem kaupandi hefur af því að rannsaka söluhlut, sbr. 31. gr. Ef sérstök rannsókn er nauðsynleg til þess að ganga úr skugga um hve gallarnir eru miklir getur kaupandi e.t.v. krafið seljanda um bætur af því tilefni samkvæmt ákvæði 40. gr. Kaupanda ber af sinni hálfu að aðstoða seljanda með sanngjörnum hætti við úrbæturnar, t.d. með því að sjá um að senda hlut til seljanda ef eftir því er óskað. Á kaupanda hvílir þó ekki skylda til þess að leggja út fyrir sendingarkostnaði, en í framkvæmd mun hann án efa oftast gera það og krefja síðan seljandann um endurgreiðslu. Ef um er að ræða kaup á varningi sem keyptur er af seljanda í næsta nágrenni kaupanda er yfirleitt sanngjarnt að kaupandinn sjái um að koma hlutnum til seljanda og sækja hann þangað að úrbótum loknum.

Skilyrði þess að kaupandi geti krafist úrbóta er að þær geti farið fram án þess að valda seljanda ósanngjörnum kostnaði eða óhagræði. Hvað telst ósanngjarn kostnaður og óhagræði í þessu sambandi ræðst af heildarmati á aðstæðum. Vissulega er hér um matskennda viðmiðun að ræða, en hún er þó ekki frábrugðin viðmiðun í ýmsum öðrum greinum frumvarpsins, t.d. varðandi mat á sanngjörnum tíma til tilkynninga og hvað teljist verulegar vanefndir, en að því hefur áður verið vikið. Er erfitt að orða reglu um þetta efni með nákvæmari hætti, þannig að fyllstu sanngirni sé gætt í öllum þeim tilvikum sem að höndum getur borið.

Skylda seljanda til þess að bæta úr galla ræðst af tæknilegum og framkvæmdatengdum þáttum og getur bæði eðli gallans, söluhluturinn sjálfur og sérþekking seljanda skipt máli í því sambandi. Seljandi í atvinnurekstri hefur oft yfir að ráða eigin tólum og tækjum sem notuð eru til viðgerða og á slíkum aðila hvílir þá eðli málsins samkvæmt ríkari skylda til úrbóta en öðrum seljendum. Það er á hinn bóginn ekkert skilyrði fyrir úrbótaskyldu seljanda að hann hafi yfir slíkum tækjakosti að ráða að því þó tilskildu að hann geti fengið viðgerð eða úrbætur annars staðar. Gallinn getur t.d. verið þess eðlis að auðvelt sé að bæta úr honum án nokkurrar sérþekkingar eða auðvelt sé fyrir seljanda að fá aðra til þess að bæta úr galla,

t.d. með viðgerð. Svo einfalt dæmi sé tekið má nefna það þegar einstaklingur selur bíl ásamt eðlilegum fylgihlutum, en bíllinn er afhentur án þess að varadekkið fylgi með. Ef varadekkið er heima hjá seljanda er enginn vafi á því að seljanda ber að bæta úr gallanum og þar sem hér er um gjaldgenga verslunarvöru að ræða sem auðvelt er að útvega annars staðar, t.d. hjá bifreiðaumboði, ber seljanda að kaupa sambærilegt varadekk ef það gamla er týnt. Í ýmsum tilvikum af þessum toga getur það verið einfaldara og hagkvæmara fyrir kaupandann að bæta úr gallanum sjálfur með því að kaupa það sem á vantar og krefja síðan seljandann um skaðabætur vegna þess kostnaðar sem hann hefur af þessu haft.

Þótt í sjálfu sér megi bæta úr galla með viðgerð getur kostnaðurinn sem er því samfara verið svo mikill að hann verði ekki lagður á seljandann. Það gæti t.d. átt við þegar kaupandinn er búsettur erlendis og seljandinn yrði að senda starfsmenn sína þangað til viðgerðar. Oft verður einnig að líta til kostnaðar af viðgerð samanborið við söluverð hlutarins. Af þessum sökum verður viðgerð oft óhóflega kostnaðarsöm miðað við verð nýs hlutar af sömu tegund. Þetta á við um margar vörutegundir sem ætlaðar eru til daglegrar notkunar. Sú staðreynd að kaupandi bjó á sama stað og seljandi þegar kaup áttu sér stað en kaupandinn flytur eftir kaup hefur enga þýðingu í þessu sambandi og leiðir því ekki til ríkari úrbótaskyldu en ella af hálfu seljanda. Skylda hans til úrbóta í slíkum tilvikum ræðst af heildarmati á því hvort kostnaður og óhagræði af úrbótum telst ósanngjarnt. Með sama hætti getur seljandi losnað undan úrbótaskyldunni ef úrbætur krefjast óvenju mikillar vinnu við að setja hlutinn upp og taka hann niður eða gera við hann.

Á hinn bóginn losnar seljandinn ekki, án þess að annað og meira komi til, undan úrbótaskyldunni við það eitt að það er kostnaðarsamt að útvega varahluti og fylgifé sem átti að fylgja með samkvæmt samningnum. Ef samningur gerir ráð fyrir því að fjórir vetrarhjólbarðar fylgi seldum bíl en bíllinn er afhentur án þess að hjólbarðarnir fylgi getur seljandinn ekki neitað að útvega hjólbarðana af þeirri ástæðu einni að þeir eru dýrir í innkaupum. Seljandinn getur samkvæmt þessu ekki komið sér hjá kostnaði sem hann í öllum tilvikum hefði þurft að bera til þess að hlutur yrði afhentur gallalaus. Ef ráð var fyrir því gert í samningi að fjórir notaðir vetrarhjólbarðar skyldu fylgja með við sölu bílsins er seljandinn ekki skyldugur til þess að útvega fjóra nýja hjólbarða til réttra efnda á samningnum. Ef ekki er unnt að útvega fjóra hjólbarða í því ástandi sem um var samið verður kaupandinn að láta sér nægja skaðabætur eða afslátt.

Atvik geta verið með þeim hætti að úrbætur á ákveðnu tímamarki hafi í för með sér óhæfilegan kostnað eða óhagræði fyrir seljandann ef bæta á úr strax eða mjög fljótt. Þannig getur það t.d. verið þegar þörf er á viðgerð utan venjulegs verslunartíma, eða þar sem söluhlutur er tímabundið fjarri atvinnustöð seljanda. Raunhæft dæmi um þetta er söluhlutur sem eðli sínu samkvæmt er ætlaður til nota á ákveðnum stöðum eða á ferðalögum,eins og algengt er með t.d. bíla og báta. Í þessum tilvikum getur seljandinn ekki skilmálalaust hafnað úrbótum, en hann getur eftir atvikum farið fram á frest eða krafist þess að hluturinn sé fyrir reikning kaupanda fluttur á einhvern þann stað þar sem hentugra er að gera við eða bæta úr á annan hátt.

Í 2. málsl. 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins kemur fram sú regla að seljandi getur boðið fram nýja greiðslu ef kaupandi setur fram kröfu um úrbætur. Þetta gildir án tillits til þess hvort skilyrði 1. mgr. 34. gr. eru fyrir hendi eða ekki, en hins vegar verða skilyrði 36. gr. um heimild seljanda til afhendingar að nýju að vera fyrir hendi. Oft er mun auðveldara fyrir seljanda að afhenda nýjan hlut en að gera við þann gallaða. Þetta á sérstaklega við ef viðgerðarkostnaður er hlutfallslega hár miðað við verð söluhlutar.

Í 2. mgr. 34. gr. er fjallað um rétt kaupanda til að krefjast nýrrar afhendingar. Meginskilyrðið er að galli á söluhlut sé verulegur. Litið er svo á að almennt sé þetta vanefndarúrræði þungbærara fyrir seljanda en viðgerð eða aðrar úrbætur og af þeim sökum eru skilyrðin strangari. Um hugtakið verulegar vanefndir má vísa til þess sem segir í athugasemdum við 94. gr. frumvarpsins, sbr. einnig athugasemdir við 25. gr. þess. Hvort galli teljist verulegur eða ekki ber að meta í hverju tilviki. Skiptir m.a. máli í því sambandi hvaða þýðingu gallinn hafði hlutlægt séð fyrir kaupanda sjálfan. Einnig hefur það þýðingu hvort seljandi sá eða mátti sjá að gallinn var verulegur, sbr. 94. gr.

Samkvæmt þessu verður í fyrsta lagi að miða við þá vitneskju sem seljandi hafði um aðstæður kaupanda eða þá vitneskju sem hann mátti hafa um þetta atriði skv. 94. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi verður að hafa í huga hvaða möguleikar voru til úrbóta á hinum gallaða söluhlut og við pöntunarkaup verður auk þess að taka mið af því hvort seljandi sitji eftir atvikum uppi með ófullgerðan hlut sem hann getur ekki losnað við. Við slíkar aðstæður verður að taka aukið tillit til möguleikans á að bæta úr.

Í 2. málsl. 2. mgr. 34. gr. kemur fram að regla 1. málsl. eigi ekki við ef slík hindrun er til staðar sem nefnd er í 23. gr. Skyldan til að afhenda nýjan söluhlut er því takmörkuð á sama hátt og skyldan til að efna kaupsamning samkvæmt aðalefni sínu. Sem dæmi um erfiðleika við að afhenda nýjan hlut má nefna galla í vöruframleiðslu fyrirtækis sem varðar ekki aðeins hið selda heldur alla framleiðsluna. Tilvísunin til 23. gr. frumvarpsins felur það m.a. í sér að greinin á við þegar óhagræði eða kostnaður seljanda við að afhenda nýja hluti er í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda af réttum efndum. Þetta getur t.d. átt við ef krafist er afhendingar á gamalli árgerð hlutar sem hætt er að framleiða.

Í núgildandi lögum er aðeins unnt að krefjast afhendingar að nýju þegar um er að ræða hluti sem tilgreindir eru eftir tegund, sbr. 42. og 43. gr. Í frumvarpinu er ekki gerður greinarmunur á kaupum um einstaklega ákveðinn hlut og hluti ákveðna eftir tegund. Í 3. málsl. 2. mgr. 34. gr. frumvarpsins er þó að finna undantekningu frá þessu, en þar er gert ráð fyrir því að ekki sé unnt að krefjast afhendingar að nýju að því er varðar einstaklega ákveðinn hlut sem er þannig, þ.e. hefur slíka eiginleika að ekki er með sanngirni unnt að krefjast þess út frá væntingum aðila að hann verði bættur með öðrum hlut. Þetta ákvæði mun helst hafa þýðingu þegar keyptir eru gamlir hlutir, en þeir eru oft þannig að ekki er auðvelt að bæta þá með öðrum hlut. Sem dæmi um þetta má nefna hest sem ætlaður er til ákveðinnar notkunar. Hér mundi það að jafnaði vera forsenda aðila að aðeins væri afhentur hestur sem gæti fullnægt tilgreindum þörfum. Ákvæði þetta gæti einnig átt við um sölu gamalla bifreiða. Að jafnaði er ekki unnt að krefjast afhendingar annarrar gamallar bifreiðar með hliðstæðum eiginleikum. Hins vegar á annað við um nýja staðlaða hluti sem mikið er framleitt af.

Í 2. mgr. 34. gr. er ekki tekin afstaða til þess hver skuli bera kostnað af afhendingu nýrra hluta. Hins vegar er hér gert ráð fyrir því að seljandi beri þennan kostnað. Það er forsenda afhendingarinnar að kaupandi skili gallaða hlutnum. Hér ber þó að hafa í huga 64.–66. gr. frumvarpsins. Ekki er heldur tekin afstaða til þess hver beri áhættuna af því að hlutur farist af tilviljun við sendingu nýs hlutar. Að því er varðar seinni afhendinguna gildir 13. gr. beint. Hins vegar eru rök til þess að seljandi sem hefur vanefnt kaupsamninginn beri áhættuna af því að gamli hluturinn, sem skilað er til hans, farist af hendingu.

Í 3. mgr. 34. gr. er fjallað um bótarétt kaupanda ef seljandi fullnægir ekki skyldum sínum skv. 1. og 2. mgr. Um er að ræða skaðabætur fyrir eðlileg útgjöld við að fá bætt úr galla. Hér er átt við kostnað við sjálfar úrbæturnar og t.d. kostnað við flutninga sem reynst hafa nauðsynlegir. Hafi kaupandi látið fara fram viðgerð sem reynist óþarflega dýr, eða hún reynist óforsvaranleg, ber seljandi ekki ábyrgð á þeim kostnaði sem af því leiðir. Hann á aðeins rétt

á skaðabótum sem geta svarað til venjulegs kostnaðar. Í því sambandi ber einnig að hafa í huga að kostnaður við viðgerð má ekki fara fram úr því sem telja má eðlilegt miðað við verðgildi hlutarins. Bótaskilyrðin eru eingöngu þau að seljandi hafi ekki fullnægt þeim skyldum sínum að bæta úr eða afhenda nýja hluti.

Um 35. gr.

Greinin svarar til 2. málsl. 52. gr. gildandi laga þar sem segir að hafi kaupandi orðið þess var að hlutnum er áfátt, eða hann hefði átt að verða þess var og hann skýrir eigi seljanda frá, svo sem fyrir er mælt í ákvæðinu, geti hann eigi síðar borið það fyrir sig að hlutnum hafi verið áfátt. Sambærilegar reglur og fram koma í frumvarpsgreininni eru í 2. og 3. mgr. 46. gr. SÞ-samningsins.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram að kaupandinn verður að tilkynna um kröfu sína varðandi úrbætur eða afhendingu að nýju, annaðhvort samtímis tilkynningu skv. 32. gr. eða innan sanngjarns frests þar á eftir. Hér er því um tvenns konar viðmiðunarmörk að ræða. Skilyrðum 1. mgr. 35. gr. er í fyrsta lagi fullnægt ef kaupandi tilkynnir um kröfu sína um úrbætur eða afhendingu að nýju ásamt almennri tilkynningu skv. 32. gr. Tilkynningarfresturinn er í því tilviki „innan hæfilegs tíma“ eftir að kaupandi varð gallanna var eða hefði átt að verða þeirra var. Í annan stað fullnægir kaupandi skilyrðum 1. mgr. 35. gr. ef hann tilkynnir „innan sanngjarns frests“ eftir að fresti lauk skv. 32. gr. Hér er því um að ræða viðbótarfrest sem byrjar að líða eftir að tilkynningarfrestur skv. 32. gr. rann út.

Rétt eins og varðandi tilkynningu skv. 32. gr. er það seljandinn sem ber áhættuna af því að tilkynningin komi ekki fram, sbr. 82. gr.

Meta verður út frá aðstæðum í hverju tilviki hvað telst innan „sanngjarns frests“ í skilningi ákvæðisins, sbr. og athugasemdir við 1. mgr. 32. gr. Til þess er þó að líta að það eru nokkuð aðrar ástæður sem réttlæta viðbótarfrestinn í 1. mgr. 35. gr. en frestinn skv. 32. gr. og því þarf hann ekki nauðsynlega að vera jafnlangur og frestur skv. 32. gr. Tilgangur viðbótarfrestsins er sá að veita kaupanda ákveðið svigrúm til að meta hvers konar vanefndaúrræði heppilegast er fyrir hann að bera fyrir sig. Viðbótarfresturinn er við það miðaður að tilkynning skv. 32. gr. hafi þegar verið send og þess vegna á viðbótarfresturinn ekki að vera allt of langur. Á hinn bóginn verður að hafa í huga að seljandinn hefur þegar fengið tilkynningu skv. 32. gr. og má hann því af þeim sökum búast við því að vanefndakröfur geti komið fram.

Annar málsliður 1. mgr. er orðaður á svipaðan hátt og 33. gr. og vísast til þess sem segir um vítavert gáleysi og heiðarleika og góða trú í skýringum við þá grein.

Ákvæði 2. mgr. 35. gr. á einungis við um neytendakaup og því verður beitt þegar seljandi hefur samið við annan mann um að bæta úr galla á söluhlut. Ákvæðið svarar til 2. málsl. 3. mgr. 32. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 36. gr.

Í gildandi lögum er fjallað um heimildir seljanda til úrbóta í 49. gr., en þar segir að bjóðist seljandi til að bæta úr göllum sem eru á seldum hlut, eða láta annan hlut ógallaðan koma í hans stað, verði kaupandinn að sætta sig við það ef það verður gert áður en frestur sá er úti sem hann var skyldur til að bíða afhendingar, sbr. 21. gr., enda sé það augljóst að hann hafi engan kostnað eða óhagræði af þessu. Frumvarpsgreinin fjallar um svipað efni og svarar til 48. gr. SÞ-samningsins.

Ákvæði 36. gr. kveður á um rétt seljanda til þess að bæta úr galla á söluhlut eða afhenda aðra hluti í stað þess gallaða. Þetta ákvæði ásamt ákvæðinu í 34. gr. gerir þau úrræði að

bæta úr söluhlut eða afhenda hlut á ný að sérstöku úrræði, sem bæði seljandi og kaupandi eiga rétt á að grípa til.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram meginreglan um rétt seljanda til þess að bæta úr galla eða afhenda annan hlut. Skilyrði þessa réttar er í fyrsta lagi það að þetta sé gert á kostnað seljanda. Í því felst að seljandinn á að bera allan kostnað sem úrbætur hafa í för með sér, þ.m.t. flutningskostnað, sbr. og athugasemdir við 1. mgr. 34. gr. Útgjöld vegna nauðsynlegrar leigu á öðrum hlutum, meðan hið selda er í viðgerð, falla einnig hér undir. Hins vegar fellur ekki sá kostnaður eða útgjöld undir ákvæðið sem kann að leiða af því að kaupandi verður fyrir framleiðslutjóni eða hann missir af samningi við þriðja mann. Í þessum tilvikum yrði kaupandi að sækja skaðabætur eftir ákvæðum 40. gr. Þegar afhending að nýju á sér stað ber seljanda að bæta kostnað, sem er því samfara að útvega þarf aðra hluti ef seljandi hyggst afhenda þá í stað þeirra sem afhentir voru í upphafi.

Í öðru lagi er það skilyrði að úrbætur geti átt sér stað án þess að kaupandi bíði verulegt óhagræði af. Slíkt óhagræði getur m.a. lýst sér í því að kaupandinn geti ekki án söluhlutar verið meðan úrbætur eiga sér stað og þess er ekki sanngjarn kostur að útvega annan hlut á meðan. Þetta getur t.d. átt við þegar gallinn snýst um öryggisatriði, t.d. ef öryggisgrind við stiga eða op reynist gölluð. Einnig getur verið að hið verulega óhagræði lýsi sér í því að framleiðsluröskun verði hjá kaupanda, t.d. ef úrbætur seljanda mundu leiða til þess að framleiðslu seinkar eða hún stöðvast, eða kaupandi missir af mikilvægum samningum við þriðja mann. Eins getur hugsast að úrbætur taki svo langan tíma að það fari fram úr því sem teldist verulegur dráttur á afhendingu söluhlutar. Kaupandinn getur einnig hafnað úrbótum ef það er fyrir fram augljóst að tilraun til úrbóta er dæmd til þess að mistakast.

Þótt seljandinn hafi áður bætt úr göllum á söluhlut veitir það ekki kaupandanum heimild til þess að hafna úrbótum af hálfu seljanda á göllum sem síðar koma í ljós. Ef hins vegar um mjög mörg tilvik er að ræða þar sem úrbætur hafa verið nauðsynlegar getur óhagræði kaupandans á heildina litið verið svo mikið að hann hafi réttmæta ástæðu til að hafna úrbótum.

Þriðja skilyrðið fyrir beitingu ákvæðisins er það að kaupandi eigi ekki á hættu að fá ekki bætt útgjöld sín hjá seljandanum. Reynt getur á þetta skilyrði þegar kaupandi þarf að leggja út fjármuni vegna fyrirhugaðra úrbóta eða nýrrar afhendingar. Ákvæðið felur ekki í sér að kaupandinn geti neitað að leggja út fyrir ákveðnum útgjöldum nema þau séu veruleg. Það gildir hér eins og varðandi 34. gr. að á kaupandanum hvílir ákveðin skylda til að veita seljanda aðstoð, en í því getur m.a. falist að hann verði að leggja út fjármuni. Ef hann á t.d. að sjá um að senda hlutinn til seljanda til viðgerðar getur það oft því aðeins gerst að kaupandinn leggi út fyrir flutningskostnaði. Einnig getur verið að kaupandinn verði að leigja annan hlut meðan söluhlutur er til viðgerðar og verður kaupandinn þá að leggja út fyrir leigukostnaði. Enn eitt dæmi um þessar skyldur má nefna það þegar kaupandi verður að þola óhagræðið af því að seljandi taki gallaða uppþvottavél og fari með hana á viðgerðarverkstæði sitt og setji hana síðan upp aftur hjá kaupanda að viðgerð lokinni. Þegar um er að ræða minni hluti, svo sem myndavélar, rakvélar, skó o.fl., verður kaupandi samkvæmt þessu að færa hlutina á verkstæði seljanda ef seljandi krefst þess.

Við mat á því skilyrði, sem hér um ræðir, þ.e. áhættu kaupanda af því að fá ekki bætt útgjöld sín hjá seljanda, verður m.a. að líta til fjarlægðar milli aðila, tegundar hlutarins og þyngdar hans og þess kostnaðar, sem um er að ræða.

Ef fullnægt er skilyrðum skv. 1. mgr. 36. gr. getur seljandinn valið um hvort hann bætir úr galla, t.d. með viðgerð, eða afhendir annan hlut ógallaðan í stað söluhlutar. Kaupandinn getur því ekki mótmælt úrbótum og krafist afhendingar að nýju í þeirra stað, nema því aðeins að úrbætur hafi verulegt óhagræði í för með sér fyrir hann.

Sambærilegt ákvæði og 2. mgr. 36. gr. er í 2. og 3. mgr. 48. gr. SÞ-samningsins. Í ákvæðinu felst að spyrji seljandi kaupanda hvort hann samþykki úrbætur eða afhendingu að nýju verður kaupandinn að taka afstöðu til slíkrar fyrirspurnar. Sama gildir ef seljandinn skýrir kaupanda frá að hann vilji bæta úr eða afhenda að nýju. Það er skilyrði að seljandinn tilgreini þann tíma þegar úrbætur eða afhending að nýju eiga að fara fram og að hann geti lokið aðgerðum sínum á þeim tíma sem hann hefur tiltekið. Svari kaupandinn ekki seljanda áður en hæfilegur tími er liðinn frá því að hann fékk slíka vitneskju getur seljandi gert nauðsynlegar ráðstafanir innan þess tíma sem nefndur var.

Ákvæðið er orðað með svipuðum hætti og 24. gr. frumvarpsins og það ber að skilja á sama hátt, sbr. og athugasemdir við þá grein.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er um það tilvik fjallað þegar kaupandinn hefur sjálfur reynt að fá bætt úr galla án þess að gefa seljandanum tækifæri til þess að nýta rétt sinn skv. 1. mgr. Það er grundvallaratriði í þessu sambandi að komist kaupandinn að því að söluhlutur sé haldinn galla verður hann að tilkynna seljandanum um það og gefa honum færi á að bæta úr eða afhenda annan hlut. Seljandinn getur sjálfur haft af því hagsmuni að bæta úr eða afhenda annan hlut í því skyni að komast hjá eða takmarka skaðabótakröfu kaupandans. Ef kaupandinn bætir sjálfur úr án þess að taka tillit til þessa réttar seljanda getur komið til greina að lækka skaðabótakröfu hans á þeirri forsendu að hann hafi ekki takmarkað tjón sitt eins og fyrir er mælt í 70. gr. frumvarpsins.

Í vissum tilvikum getur verið ósanngjarnt að ætlast til þess að kaupandinn bíði eftir því að seljandinn bæti úr galla eða afhendi nýjan hlut og er ákvæði 3. mgr. við þetta miðað. Það getur verið nauðsynlegt að bæta fljótt úr, en erfitt getur reynist að ná í seljandann á þeim stað og tíma sem máli skiptir. Ef um kaup á bíl er að ræða getur það komið fyrir að kaupandinn sé að aka bílnum í útlöndum þegar gallinn kemur í ljós og nauðsynlegt sé að gera við bílinn til þess að ferðinni megi halda áfram. Sama er ef keyptur er bátur sem reynist lekur í fyrstu siglingu. Hér er réttlætanlegt að láta gera við lekann á fyrsta stað þar sem það er unnt. Seljandinn getur ekki í tilvikum sem þessum krafist þess að kaupandinn bíði eftir úrbótum hans eða afhendingu að nýju af hans hálfu. Þessa niðurstöðu má í sjálfu sér einnig leiða af því skilyrði 1. mgr. að úrbætur eða afhending að nýju geti farið fram „án verulegs óhagræðis fyrir kaupanda“. Ákvæði 3. mgr. þjónar þeim tilgangi að taka af öll tvímæli í tilvikum þar sem oft er um vafa að ræða í framkvæmd.

Í ákvæðinu er ekki fjallað um skaðabætur vegna kostnaðar kaupanda af úrbótum. Álitaefni um skaðabætur af hálfu kaupanda verður því að leysa á grundvelli almennu reglunnar í 40. gr., sbr. 70. gr. frumvarpsins, þó þannig að seljandi getur ekki krafist lækkunar bótanna skv. 70. gr. ef það var ósanngjarnt að krefjast þess að kaupandi biði eftir því að seljandi bætti úr göllunum.

Um 37. gr.

Í gildandi lögum er ekki sambærilegt ákvæði og frumvarpsgrein þessi, en 1. mgr. 42. gr., 1. mgr. 43. gr. og 49. gr. má túlka á þann veg að þær leiði til svipaðrar niðurstöðu og hún. Greinin á sér ekki nákvæma fyrirmynd í SÞ-samningnum en svipaðar reglur og fram koma í greininni má leiða af ákvæðum 49.–50. gr. hans.

Í frumvarpsgreininni ræðir um heimildir kaupanda þegar ekki er bætt úr galla með úrbótum eða afhendingu að nýju innan hæfilegs tíma frá því að kaupandi kvartaði yfir galla. Greinin felur ekki í sér tæmandi upptalningu á afleiðingum þess að ekki er orðið við kröfu um að gera við gallaðan söluhlut eða afhenda annan. Kaupandi getur því óháð greininni krafist skaðabóta skv. 1. mgr. 30. gr. Enn fremur er í 38. gr. fjallað um almenn skilyrði þess að

unnt sé að krefjast afsláttar og í 39. gr. um skilyrði þess að unnt sé að krefjast riftunar. Þau ákvæði gilda jafnframt ákvæðum 37. gr. Þýðing greinarinnar er umfram allt að taka afstöðu til sambandsins á milli reglnanna um úrbætur og afhendingu að nýju annars vegar og reglnanna um rétt til að krefjast afsláttar eða riftunar hins vegar.

Skilyrði fyrir beitingu 1. mgr. 37. gr. eru þau að úrbætur eða afhending að nýju hafi ekki komi til álita, eða ekki hafi orðið af þeim innan hæfilegs tíma. Úrræðin hafa í fyrsta lagi ekki komið til álita ef hvorki eru fyrir hendi skilyrði 34. eða 36. gr. og í öðru lagi á hið sama við ef hvorki kaupandi né seljandi óska eftir því að beita þessum réttindum sínum. Síðara skilyrðið, að ekki hafi orðið af úrbótum eða afhendingu að nýju innan hæfilegs tíma, tekur einkum til þeirra tilvika þar sem kaupandi hefur krafist úrbóta eða afhendingar að nýju, en seljandi gerir annaðhvort misheppnaða tilraun til að fullnægja kröfunni eða alls ekki neitt. Í ákvæðinu kemur einnig fram að kaupandi þarf ekki að bíða von úr viti eftir úrbótum eða afhendingu að nýju heldur aðeins í hæfilegan tíma. Hvað telst hæfilegur tími verður að meta með hliðsjón af því hvers konar kaup var um að ræða og tegund gallanna. Seljandi hefur samkvæmt þessu vissan tíma til að undirbúa og framkvæma úrbætur eða afhendingu að nýju. Það leiðir enn fremur af þessu að kaupandi getur krafist afsláttar eða rift kaupunum, jafnvel þótt fyrir liggi að bæta eigi úr göllum á söluhlut eða afhenda annan hlut ef það tekur of langan tíma samkvæmt þeirri viðmiðun sem fram kemur í ákvæðinu.

Afleiðing þess að ekki er bætt úr eða annar hlutur afhentur þegar skilyrði greinarinnar eru fyrir hendi er sú að kaupandi getur krafist afsláttar eða rift kaupunum. Eins og áður segir er það þó forsenda að skilyrðum 38. eða 39. gr. sé fullnægt. Þetta þýðir að skilyrði afsláttar eru oftast fyrir hendi þar sem unnt er að krefjast hans á hlutlægum forsendum. Þó verður að gera þann fyrirvara að gallinn hafi í raun valdið verðrýrnun hlutarins. Ef um er að ræða riftun eru aðstæður nokkuð öðruvísi því að skilyrði riftunar eru þau að gallinn sé verulegur. Hafi kaupandi krafist úrbóta vegna smávægilegra galla, eins og oft er raunin, er ekki unnt að krefjast riftunar þó að seljandinn sinni ekki slíkri kröfu. Hins vegar getur verið að endurteknar viðgerðir á söluhlut, sem ekki bera árangur, geti í raun bent til þess að galli sé ekki svo óverulegur sem seljandi vill vera láta. Svo sem áður er getið getur kaupandi ávallt krafist skaðabóta að svo miklu leyti sem tjón hans er ekki að fullu bætt með afslættinum, að því tilskildu að skilyrðum 40. gr. sé fullnægt. Í því tilviki getur kaupandi einnig krafist skaðabóta vegna útgjalda sem hann hefur orðið fyrir vegna árangurslausra tilrauna við að fá úrbætur eða aðra hluti afhenta.

Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. á fyrri málsliður ekki við ef kaupandi hefur hafnað úrbótum sem hann var skyldur til að þiggja. Skilyrði fyrir þessu eru þau að seljandi hafi óskað eftir því að fá að laga söluhlut og að skilyrðum 36. gr. hafi að öðru leyti verið fullnægt. Ef kaupandi neitar beiðni seljanda þrátt fyrir þetta getur hann hvorki rift kaupum né krafist afsláttar, jafnvel þótt skilyrðum 38. eða 39. gr. hafi verið fullnægt. Þessi takmörkun kann að virðast ósanngjörn, en á hinn bóginn er augljóst að þegar skilyrði 36. gr. eru fyrir hendi hefur kaupandi möguleika á því að fá ógallaðan hlut, en þeim möguleika hefur hann hins vegar hafnað. Við þær aðstæður er ekki eðlilegt að hann haldi rétti sínum til að krefjast afsláttar eða riftunar. Hér ber þó að taka fram að kaupandi missir ekki rétt sinn til skaðabóta þótt hann hafni úrbótum eða afhendingu að nýju við þessar aðstæður. Hins vegar kunna að vera skilyrði til að lækka bótakröfu hans með hliðsjón af reglu 70. gr.

Í ákvæði 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar felst sérregla sem varðar sölu notaðra hluta á uppboði. Rökin fyrir henni eru þau að hér er um að ræða sérstaka aðferð við sölu þar sem hlutur er venjulega seldur í því ástandi sem hann er og kaupandi ákveður sjálfur að nokkru endurgjaldið fyrir hlutinn.

Um 38. gr.

Ákvæðið svarar til 50. gr. SÞ-samningsins. Í gildandi lögum eru sambærileg ákvæði í 1. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. Þótt orðalag og framsetning frumvarpsgreinarinnar sé með nokkuð öðrum hætti en í gildandi lögum hefur það ekki efnisbreytingar í för með sér.

Í frumvarpsgreininni eru engar takmarkanir á réttinum til þess að krefjast afsláttar að öðru leyti en því að galli þarf að vera til staðar. Meginsjónarmiðið, sem liggur til grundvallar ákvæðinu, er að kaupandinn á ekki að greiða fyrir meira en hann hefur fengið. Um galla er rætt í 17.–21. gr. og um réttarágalla í 41. gr. Þess er ekki krafist samkvæmt ákvæðinu að galli sé verulegur og ákvæðið getur átt við þegar um leyndan galla er að ræða.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 37. gr. felst þýðing hennar fyrst og fremst í því að hún tekur afstöðu til sambandsins milli reglnanna um úrbætur og afhendingu að nýju annars vegar og reglnanna um rétt til þess að krefjast afsláttar eða riftunar hins vegar. Af því leiðir að innan þeirra marka, sem 37. gr. setur, getur kaupandi á grundvelli 38. gr. krafist afsláttar á hlutlægum grunni og óháð því hver orsök gallans er. Það er ekki skilyrði að kaupandi komi fram með sérstaka tilkynningu varðandi afsláttarkröfuna, en krafan er þó háð því að sett sé fram hlutlaus tilkynning skv. 32. gr. frumvarpsins, sbr. einnig 33. gr., 1. mgr. 41. gr. og 91. gr.

Eins og í gildandi kaupalögum veitir frumvarpsgreinin heimild til þess að krefjast afsláttar af kaupverðinu. Hlutfallið milli hins lækkaða verðs (afsláttarverðsins) og kaupverðsins skal vera hið sama og hlutfallið milli verðmætis hlutarins í gölluðu og umsömdu ástandi. Ef kaupandinn hefur keypt hlutinn undir markaðsverði verður afslátturinn lægri en sem nemur verðmætisrýrnun hlutarins, því að hann reiknast ekki af markaðsvirðinu heldur út frá umsömdu kaupverði. Á sama hátt verður afslátturinn hærri en sem nemur verðmætisrýrnunni ef kaupandinn hefur keypt hlutinn yfir markaðsverði.

Þegar um er að ræða hluti sem ekki eru ætlaðir til áframhaldandi sölu heldur fyrst og fremst til eigin nota kaupanda getur verið erfitt að staðreyna ákveðið markaðsverð. Verður útreikningur afsláttar þá nokkuð að álitum, m.a. með hliðsjón af þýðingu gallans fyrir kaupanda. Þegar seljandinn hefur ekki gefið kaupandanum réttar upplýsingar um eiginleika söluhlutar, sbr. 18. gr., getur einnig verið nauðsynlegt að ákvarða afslátt að álitum.

Í gildandi lögum eru ekki afdráttarlaus ákvæði um hvaða tímamark skal leggja til grundvallar við ákvörðun á verðmæti hlutarins. Samkvæmt frumvarpinu er það afhendingartíminn sem miða skal við, þ.e. hinn raunverulegi afhendingartími, en ekki umsaminn afhendingartími ef hann er ekki sá sami.

Afsláttarkrafa stendur ekki í vegi fyrir því að kaupandinn geti einnig krafist skaðabóta. En þýðingarmikið er í því sambandi að hafa í huga að kaupandinn getur ekki fengið skaðabætur fyrir þann hluta tjóns sem afslátturinn bætir.

Um 39. gr.

Reglur um riftun vegna galla eru í 1. mgr. 42. gr. og 1. og 2. mgr. 43. gr. gildandi kaupalaga. Sambærilegar reglur og fram koma í frumvarpsgreininni eru í 49. gr. SÞ-samningsins. Í 25.–26. gr. frumvarpsins eru reglur um riftun kaupanda vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda og í 54. og 55. gr. eru ákvæði um rétt seljanda til riftunar þegar kaupandi greiðir ekki eða ljær ekki atbeina sinn til kaupanna. Í 2. mgr. 34. gr. er fjallað um skilyrði fyrir því að kaupandi geti krafist úrbóta og nýrrar afhendingar. Skilyrði riftunar þegar afhenda á hið selda í áföngum koma fram í 44. og 62. gr. og í 64.–66. gr. eru reglur um réttaráhrif riftunar og kröfu um skil hlutar í svipuðu ástandi o.fl.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram meginskilyrði riftunar. Framsetningin er sú sama og í ákvæðum frumvarpsins um riftun vegna greiðsludráttar og afhendingu að nýju vegna galla, sbr. 1. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 34. gr., og ber að túlka með sama hætti. Vísast því til skýringa í athugasemdum við þær greinar.

Ákvörðun þess hvort um verulegan galla er að ræða eða ekki verður að byggjast á ákveðnu heildarmati þar sem m.a. verður að líta til þess hvort unnt er að bæta úr gallanum eða ekki. Hér ber einnig að líta til þess tíma og óhagræðis sem kaupandi hefur af úrbótum. Ef seljandi vanrækir úrbætur, eða ekki tekst að bæta úr söluhlut, hefur það þýðingu fyrir heildarmatið. Á það einkum við þegar um er að ræða hluti sem sérstaklega eru búnir til eða útvegaðir kaupanda. Þar sem seljandinn hefur í slíkum kaupum sérstaka hagsmuni af því að kaupandinn veiti söluhlut viðtöku verður mat í þeim efnum hvort um verulegan galla er að ræða heldur strangara í þessum kaupum en ella. Hugtakið „veruleg vanefnd“ er skilgreint í 94. gr. að því er varðar alþjóðleg kaup og í 25. gr. SÞ-samningsins. Túlkun þeirra ákvæða getur haft þýðingu við túlkun 39. gr.

Ef um er að ræða galla samhliða greiðsludrætti verður að líta til þeirra heildaráhrifa sem slíkt hefur fyrir kaupandann þegar metið er hvort skilyrði riftunar eru fyrir hendi eða ekki. Ef hið selda er samsett úr mörgum einingum ræðst þýðing gallans eða gallanna af heildarmati á því hvaða þýðingu afhending hinna gölluðu vara hafði á kaupin í heild sinni.

Almennt skiptir ekki máli í tengslum við riftunarréttinn hver er orsök gallans eða þess að úrbætur takast ekki eða eru ekki gerðar. Því geta vanefndir oft verið verulegar þótt þær sé að rekja til atvika sem seljandi fékk engu ráðið um.

Í 2. mgr. er sérstök regla um tilkynningar vegna riftunar. Riftun er að jafnaði svo afdrifaríkt vanefndaúrræði að sanngjarnt er að mæla fyrir um sérstaka riftunartilkynningu til viðbótar hinni hlutlausu tilkynningu skv. 32. gr. Á þetta í sjálfu sér einnig við í neytendakaupum. Þar verður þó út frá sanngirnissjónarmiðum að beita reglunni með ákveðinni varúð.

Það er meginregla að upphafstíma tilkynningarfrests verður að miða við það tímamark þegar kaupandinn fékk eða mátti fá vitneskju um gallann. En hafi kaupandinn veitt ákveðinn frest til úrbóta í tengslum við kröfu eða tilkynningu skv. 34. eða 35. gr., eða hafi seljandinn tilgreint ákveðinn tíma til úrbóta í samræmi við 2. mgr. 36. gr., eru það lok þess tímamarks sem úrslitum ráða.

Hvað telst „hæfilegur tími“ til tilkynningar verður sem endranær að meta með hliðsjón af aðstæðum, sjá t.d. athugasemdir við 29. gr. frumvarpsins. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. er orðað með svipuðum hætti og 33. gr. og 2. mgr. 35. gr. og ber að túlka á sama hátt.

Um 40. gr.

Í SÞ-samningnum eru reglurnar um skaðabætur vegna galla í 79. gr., sbr. b-lið 1. mgr. og 2. mgr. 45. gr. Í gildandi lögum um lausafjárkaup eru reglur um sama efni í 2. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 43. gr.

Reglurnar um galla gilda einnig um aðra ágalla á efndum af hálfu seljanda, svo langt sem þeir ná, sbr. 2. mgr. 30. gr. Sem dæmi um slíkt má nefna skyldu til að senda vörusendingu, tryggja hana eða merkja, sbr. 8. gr., eða að útbúa nauðsynleg skjöl varðandi hlut, sbr. 95. gr.

Forsenda þess að galli geti haft þýðingu í sambandi við grein þessa er sú að gallinn sé ekki kaupanda að kenna eða hann stafi af atvikum, sem varða kaupanda, sbr. 1. mgr. 30. gr. Ákvæðin í 40. gr. gilda á sama hátt þegar hið selda er aðeins gallað að hluta til, sbr. 2. mgr. 43. gr., eða þegar aðeins hluti hins selda er afhentur, sbr. 44. gr. Ákvæði 41. gr. gilda um réttarágalla. Ákvæði 40. gr. gilda aðeins um skaðabótaábyrgðina, en í 66.–70. gr. eru ákvæði um fjárhæð og umfang bótanna.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum eru reglurnar um skaðabótaábyrgð seljanda vegna galla mismunandi eftir því hvers eðlis tjónið er. Í því felst að seljandinn ber svokallaða stjórnunarábyrgð vegna beins tjóns (1. mgr.) og sakarábyrgð vegna óbeins tjóns (2., sbr. 3. mgr.). Í þessu felst m.a. að ekki er um neinar sérreglur að ræða í pöntunarkaupum og tegundarákveðnum kaupum. Þá þykir ekki heldur ástæða til þess að hafa sérstaka reglu um skaðabótaábyrgð vegna brota á upplýsingaskyldu. Sama gildir um mistök eða vanrækslu í sambandi við úrbætur, sbr. þó 3. mgr. 34. gr.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram almenna reglan um stjórnunarábyrgð. Skilyrði þess að seljandi losni úr ábyrgð eru þau sömu og skv. 27. gr. Ákvæðið felur einnig í sér almenna tilvísun til annarra fyrirmæla í 27. og 28. gr. Í því felst m.a. að seljandinn ber ábyrgð á þriðja manni, sem hann hefur falið það verkefni að efna kaupin (2. mgr. 27. gr.); að undanþága frá ábyrgð gildir aðeins meðan hindrun varir (3. mgr. 27. gr.) og að á seljandanum hvílir upplýsingaskylda gagnvart kaupanda um þær hindranir sem standa í vegi fyrir efndum (28. gr.). Vísast um skýringar til athugasemda við þessar greinar.

Eins og áður segir eru skilyrði þess að seljandinn geti losnað úr ábyrgð þau sömu og skv. 27. gr. Svo sem rætt er um í athugasemdum við 27. gr. verða fjögur skilyrði að vera fyrir hendi til að seljandi geti losnað undan skaðabótaábyrgð. Í fyrsta lagi þarf að vera fyrir hendi hindrun sem veldur gallanum og stendur í vegi fyrir umsömdum efndum. Í öðru lagi þarf hindrunin að vera seljandanum ofviða. Í þriðja lagi þarf hindrunin að vera þess eðlis að ekki sé með sanngirni unnt að ætlast til þess að seljandinn hafi haft hana í huga við samningsgerðina. Í fjórða lagi er það skilyrði að ekki sé unnt að ætlast til þess að seljandinn geti komist hjá eða sigrast á hindruninni.

Ákvæðið mælir fyrir um það hvernig með skal fara þegar í ljós kemur að söluhlutur, sem afhentur hefur verið, er gallaður. Ef þannig stendur hins vegar á að afhending dregst vegna þess að seljandinn kemst á síðustu stundu að raun um galla sem hann þarf að bæta úr eru það í sjálfu sér reglurnar um skaðabætur vegna greiðsludráttar sem við eiga. En vegna þess hversu reglurnar um skaðabætur vegna galla annars vegar og greiðsludráttar hins vegar eru líkar hefur aðgreining þar á milli ekki raunhæfa þýðingu.

Það nægir ekki til ábyrgðarleysis samkvæmt ákvæðinu þótt ekki sé unnt að bæta úr gallanum. Þess er krafist að gallann megi rekja til hindrunar sem er seljandanum ofviða, þ.e. hann fær ekki við hana ráðið. Ef hindrunina má rekja til eigin starfsemi seljanda, eða hafi hindrunin tengsl við þá starfsemi, má yfirleitt líta svo á að seljandi beri ábyrgð á henni. Í sumum tilvikum má þó líta öðru vísi á þetta, t.d. ef um bruna er að ræða í fyrirtæki seljanda, sem hann ber ekki ábyrgð á. Sama gildir um sprengingar, verkföll og annað slíkt sem hann telst engu geta ráðið um.

Ábyrgð seljanda á söluhlut sem afhentur hefur verið er ávallt fyrir hendi þegar gallinn var sjáanlegur við afhendingu, án tillits til þess hver var orsök gallans. Hugsanlegt er þó að gera vissar undantekningar frá þessu ef galli kemur ekki fram á söluhlut fyrr en við afhendinguna eða rétt fyrir afhendingu. Orsök gallans hefur einungis þýðingu þegar um er að ræða leyndan galla. Um ábyrgðarleysi seljanda getur verið að ræða ef orsök gallans stafar af hindrun sem er honum ofviða og ef hann getur ekki bætt úr honum, sbr. skilyrði 1. og 2. mgr. 27. gr. Ef orsakir gallans liggja eða geta legið hjá seljanda verður hann ekki laus úr ábyrgð þótt honum hafi reynst ókleift að átta sig á gallanum. Hann verður einnig bótaskyldur ef unnt var að skipta á hinni gölluðu vöru fyrir ógallaða og einnig ef unnt var að laga gallann, en það var ekki gert.

Á sérstök álitaefni reynir þegar tegundarákveðinn söluhlutur verður af tilviljun fyrir tjóni sem rekja má til óyfirstíganlegrar hindrunar rétt fyrir afhendingu, t.d. í flutningi til afhend-

ingarstaðar. Seljandinn getur þá staðið frammi fyrir þeirri spurningu hvort hann eigi að afhenda gallaðan hlut eða afhenda hið umsamda of seint þar sem ekki reynist unnt að útvega annan hlut gallalausan í stað söluhlutar. Ef seljandinn velur þann kostinn að afhenda ekki söluhlut getur hann komist hjá ábyrgð vegna óhjákvæmilegrar seinkunar ef ekki er með sanngirni unnt að ætlast til þess af honum að hann hafi mátt búast við þeim atburði sem tjóninu olli, sbr. 27. gr. Í slíkum tilvikum er ekki um neina ábyrgð vegna galla að ræða. Ef seljandinn á hinn bóginn velur þann kostinn að afhenda hlutinn með galla ber hann ábyrgð á gallanum skv. 40. gr. ef unnt er að útvega annan hlut gallalausan. Þetta getur átt við þótt afhending hafi farið fram í samráði við kaupanda. En bæti seljandinn síðar úr galla eða afhendi annan hlut gallalausan má vera að unnt sé að takmarka tjón kaupanda.

Við sölu á hálftegundarákveðnum hlutum gilda sambærilegar reglur og þegar um hrein tegundarákveðin kaup er að ræða. Í slíkum tilvikum getur seljandinn komist hjá bótaábyrgð vegna tilviljunarkennds tjóns eða eyðileggingar á vörulager þeim þar sem söluhlut er að finna. Sem dæmi má nefna tjón á innpökkuðum ferskvörum sem gert er ráð fyrir að sækja skuli á lager seljandans sjálfs. Tímabundið rafmagnsleysi, sem verður á svæði seljanda nóttina fyrir afhendingu, getur slökkt á kælibúnaði seljanda og valdið skemmdum eða eyðileggingu á vörunni sem ekki kemur í ljós fyrr en eftir að kaupandi hefur veitt þeim viðtöku. Hér gæti seljandinn komist hjá ábyrgð ef ekki var með sanngirni unnt að ætlast til þess af honum að hann viðhefði öryggisráðstafanir vegna slíkra atburða, t.d. með því að hafa vararafstöð eða annan álíka varnarbúnað.

Þegar um kaup á einstaklega ákveðnum hlut er að ræða, t.d. við kaup á málverki eða tilteknum notuðum bíl, á seljandinn þess ekki kost að bæta úr galla með öðrum söluhlut. Möguleikar hans til þess að komast hjá eða yfirvinna afleiðingar efndahindrana eru því miklu takmarkaðri en þegar um tegundarákveðin kaup er að ræða.

Leyndur galli, sem er til staðar við samningsgerð, leiðir í einstaklega ákveðnum kaupum almennt til efndahindrana sem seljandinn fær ekki ráðið við. Hér má sem dæmi nefna það tilvik þegar seljandi selur málverk sem er eftir annan málara en samningsaðilar töldu, a.m.k. ef gert er ráð fyrir því að seljandi hafi ekki ábyrgst höfund málverksins sérstaklega. Sama á við um stóðhest sem síðar kemur í ljós að er ófrjór. En hafi gallinn orðið sýnilegur fyrir afhendingu getur seljandinn orðið ábyrgur ef hann átti þess þá kost að bæta úr gallanum. Ef gallinn var sýnilegur við kaupsamningsgerð getur það einnig haft þýðingu í þessu sambandi hvort seljandinn sinnti upplýsingaskyldu sinni eða ekki.

Ef galli verður á hlut hjá seljanda eftir að samningur var gerður, en áður en hlutur var afhentur, er yfirleitt rétt að gera ráð fyrir því að seljandinn fái ráðið við gallann og orsök hans hvort sem gallinn var sýnilegur eða ekki. Þetta getur þó ekki gilt ef galli verður með einhverjum þeim hætti, sem seljandinn hafði ekki áhrif á, t.d. þegar um tilviljunarkennda ytri ástæðu er að ræða, svo sem eldingu.

Í pöntunarkaupum eru aðstæður þannig að hvorki söluhlutur né galli eru til staðar þegar samningur er gerður. Því er meginviðmiðunin sú að seljandinn beri ábyrgð á galla sem rekja má til handbragðs og efnis, meðan á gerð hlutar stendur hjá seljanda, hvort heldur sem um hreinan framleiðslugalla er að ræða, hönnunargalla eða galla sem rekja má til lélegrar áætlunargerðar eða skorts á framleiðslueftirliti. Þegar um er að ræða aðra efnisgalla og þess háttar hefur það áhrif hvers eðlis efni er, hvernig þess er aflað og hvaða eftirlitskerfi seljandinn getur notað og honum ber að nota. Ekki er með sanngirni unnt að ætlast til þess að seljandinn beri, án þess að annað og meira komi til, ábyrgð á galla í efni sem kaupandinn hefur lagt til.

Við sölu notaðra hluta getur í reynd verið erfitt að staðreyna hvort orsök galla rúmist innan þess sem seljandinn fær ráðið við. Leyndir vankantar þurfa þar fyrir utan í slíkum tilvikum ekki endilega að teljast galli í kauparéttarlegum skilningi. Ef um kaup á nokkurra ára gömlum bíl er að ræða geta oft komið í ljós vankantar sem hvorki seljanda né kaupanda var kunnugt um við kaupin. Ef vankantarnir eru ekki meiri en kaupandinn mátti búast við miðað við aldur bílsins getur hann ekki borið þá fyrir sig án þess að annað og meira komi til. Ef unnt er að telja vankanta til galla ræður úrslitum hvort líta megi svo á að seljandinn hafi getað ráðið við orsakirnar eftir atvikum þannig að uppgötva hefði mátt gallana við reglubundið eftirlit af hálfu seljanda. Sem dæmi má nefna þegar seljandinn eyðileggur eitthvað tiltekið í söluhlutnum þegar hann er að gera við annað í honum eða tjóni er valdið á annan þann máta sem við mátti ráða meðan hlutur var á verkstæði eða lager seljanda.

Upplýsingar, sem seljandinn veitir um söluhlut, rúmast yfirleitt innan þess sem seljandinn fær ráðið við. Rangar upplýsingar um hlutinn leiða því ávallt til ábyrgðar þótt það sé í sjálfu sér ókleift fyrir seljandann að útvega söluhlut með þá eiginleika sem lýsingar höfðu verið gefnar um að hann ætti að hafa. Ef seljandinn hefur t.d. gefið þær upplýsingar að málverk, sem hann er að selja, sé málað af Jóhannesi Kjarval, en síðar kemur í ljós að málverkið er falsað er seljandinn ábyrgð gagnvart kaupanda þótt hann hafi verið í góðri trú.

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. getur einnig verið um galla að ræða þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem um hann hafa verið gefnar af öðrum en seljandanum. Ef upplýsingarnar eru gefnar fyrir hönd seljanda er um að ræða atvik sem seljandinn fær ráðið við. Þegar um er að ræða upplýsingar sem gefnar hafa verið af hálfu fyrri söluaðila ræðst það af mati í hverju tilviki fyrir sig hvort seljandinn verður ábyrgur eða ekki. Í öðrum kaupum en neytendakaupum gildir regla 2. mgr. 18. gr. ekki ef seljandinn hvorki vissi né mátti vita að upplýsingarnar voru gefnar. Í því tilviki er ekki um neinn galla að ræða og ekki heldur bótaábyrgð.

Ef gallinn stafar frá þriðja manni, sem seljandi hefur falið að efna kaupin, gilda reglur 2. mgr. 27. gr. Seljandinn ber því ábyrgð á þessum aðilum með sama hætti og endranær, nema því aðeins að undantekningarskilyrðin frá ábyrgðarreglunum eigi einnig við um þriðja mann. Að öðru leyti verður hér látið nægja að vísa til athugasemda við 2. mgr. 27. gr. um þetta atriði.

Í 2. mgr. kemur fram sú regla að stjórnunarábyrgðin nær ekki til óbeins tjóns. Ákvæðið er orðað með sama hætti og 4. mgr. 27. gr. og ber að túlka það eins. Hugtakið óbeint tjón er skýrt í 2. mgr. 67. gr.

Í a-lið 3. mgr. felst að seljandinn ber ábyrgð á bæði beinu og óbeinu tjóni ef galla eða tjón má rekja til mistaka hans eða vanrækslu. Ákvæðið svarar til 5. mgr. 27. gr. og ber að túlka með sama hætti.

Um gáleysi fyrir samningsgerð getur verið að ræða, t.d. við framleiðslu vörunnar eða við kynningu hennar fyrir væntanlegum kaupendum.

Um gáleysi í tengslum við samningsgerð getur verið að ræða, t.d. þegar seljandi vanrækir upplýsingaskyldu sína. Seljandinn getur hafa gefið upplýsingar um hlutinn sem voru rangar eða hann hefur þagað um tiltekna eiginleika hlutarins sem máli skiptu fyrir kaupandann. En seljandinn verður því aðeins ábyrgur skv. a-lið 3. mgr. 40. gr. að hann hafi vitað eða mátt vita að upplýsingar sem voru gefnar voru rangar eða hann vissi eða mátti vita að þær upplýsingar sem þagað var yfir skiptu máli fyrir kaupandann.

Seljandinn getur auk þess hafa sýnt af sér gáleysi við efndirnar, t.d. í tengslum við undirbúning og skipulagningu framleiðslunnar, þannig að framleiðslugalli verður. Eins getur verið um vanrækslu að ræða í sambandi við innpökkun og flutning hlutarins, eða vegna þess að

leiðbeiningar eru ekki fullnægjandi. Þá getur verið um vanrækslu að ræða af hálfu seljanda eftir afhendingu, t.d. í sambandi við úrbætur á söluhlut.

Þau dæmi, sem nefnd hafa verið, ná til atvika og aðstæðna sem yfirleitt rúmast innan þess sem seljandinn fær ráðið við og hann ber því ábyrgð á skv. 1. mgr. Ákvæði a-liðar 3. mgr. hefur því umfram allt sjálfstæða þýðingu varðandi óbeint tjón.

Samkvæmt b-lið 3. mgr. getur kaupandinn ávallt krafist skaðabóta þegar söluhlutur er þegar við samningsgerðina ekki í samræmi við það sem heitið var af seljanda. Er þá um ábyrgð seljanda að ræða á hinum sérstöku eiginleikum söluhlutar sem ábyrgðin nær til. Það hvort um slíka ábyrgð af hálfu seljanda er að ræða ræðst fyrst og fremst af túlkun á samningi aðila. Af ákvæðum 17. og 18. gr. leiðir að söluhlutur á að hafa þá eiginleika sem seljandinn hefur vísað til og frá er skýrt í upplýsingum sem hann hefur að öðru leyti gefið. Á hinn bóginn er ekki unnt að líta á allar upplýsingar sem seljandinn gefur sem yfirlýsingu um ábyrgð af hans hálfu. Það skilyrði verður að setja að kaupandinn hafi, með hliðsjón af þýðingu upplýsinganna og aðferðinni við að koma þeim á framfæri, haft sérstaka ástæðu til að ætla að hlutur væri í samræmi við það sem skýrt var frá. Sem dæmi má nefna það tilvik þegar eiginleikar söluhlutar eru nákvæmlega tilgreindir í samningi. Sama gildir einnig þegar seljandinn hefur í markaðssetningu sinni eða samningaviðræðum lagt sérstaka áherslu á tiltekna eiginleika með þeim hætti að framferði hans er til þess fallið að skapa traust hjá kaupandanum á því að nákvæmlega þessir eiginleikar séu til staðar. Sérstaka þýðingu hlýtur jafnan að hafa ef notuð eru orð eins og „ábyrgð“ eða „trygging“ í samningnum. En yfirleitt verður að krefjast þess að ábyrgð taki til ákveðinna og afmarkaðra eiginleika. Í almennu hrósi um söluhlutinn þarf því ekki að felast nein ábyrgð í þessum skilningi, jafnvel þótt það orð sé notað. Með ákvæðinu er því ekki að þessu leyti stefnt að neinni efnisbreytingu miðað við gildandi rétti, sbr. reglu 2. mgr. 42. gr.

Það er skilyrði ábyrgðar samkvæmt ákvæðinu að frávikin frá því sem heitið var hafi verið til staðar þegar við samningsgerðina. Seljandinn verður því ekki á þessum grundvelli ábyrgur ef tilviljunarkenndur atburður veldur seinna tjóni á hlutnum, þannig að hluturinn við afhendingu verður ekki í samræmi við það sem heitið var. En um ábyrgð getur hins vegar verið að ræða skv. 1. mgr. eða hana leitt af túlkun ábyrgðaryfirlýsingarinnar.

Ef litið er svo á að um ábyrgðaryfirlýsingu hafi verið að ræða og söluhlutur vék í gæðum frá því sem heitið var þegar við samningsgerðina ber seljandinn í raun hlutlæga ábyrgð bæði á beinu og óbeinu tjóni. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að túlka megi ábyrgðaryfirlýsinguna svo að í henni felist eigi að síður viss takmörkun bótaábyrgðar. Þannig getur t.d. hafa verið tekinn inn í ábyrgðaryfirýsingu skýr „force majeure“ fyrirvari eða það má með öðrum hætti leiða af ábyrgðaryfirlýsingu seljanda að ábyrgð hans á hinum lofuðu kostum sé ekki algjör. Það sem leiða má með þessum hætti af ákvæðum ábyrgðaryfirlýsingarinnar gengur í slíkum tilvikum framar ákvæðum laganna.

Sérstakt álitamál rís þegar söluhlutur hefur eiginleika sem leiða til þess að hann veldur tjóni á mönnum eða öðrum munum en söluhlutnum sjálfum. Um þetta gilda nú lög nr. 25/1991, um skaðsemisábyrgð. Í 1. gr. þeirra laga segir að þau gildi um skaðabótaábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila á tjóni sem hlýst af ágalla á vöru sem þeir hafa framleitt eða dreift (skaðsemistjóni). Í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur fram að greiða skuli bætur fyrir tjón á hlut ef hann er samkvæmt gerð sinni venjulega ætlaður til einkanota, enda hafi sá er fyrir tjóni varð aðallega haft hlutinn til einkanota. Lögin taka ekki til skemmda á hinni gölluðu vöru sem tjón hlaust af. Samkvæmt þessu er ljóst að lögin um skaðsemisábyrgð gera ráð fyrir því að vörur hafi verið settar í umferð, en ekki er það skilyrði að um samningssamband sé að ræða svo að til bótaábyrgðar geti stofnast.

Hugsanlegt er að ábyrgðarregla 40. gr. frumvarpsins skarist við reglur laga nr. 25/1991, um skaðsemisábyrgð. Hér verður að hafa í huga að 40. gr. tekur einkum til söluhlutarins sjálfs, svo og tjóns á öðrum hlutum sem eru í nánum raunverulegum eða starfslegum tengslum við söluhlutinn, þannig að fyrirsjáanlegt hafi verið við samningsgerð hve tjónið yrði mikið. Dæmi um þetta eru föt sem skemmast í gallaðri þvottavél eða kúlupenni sem skemmir föt. Önnur dæmi eru hlutir sem verða fyrir skemmdum af gölluðu lakki eða hreinsiefnum. Í vissum tilvikum getur verið vafi um það hvort bætur eigi að sækja á grundvelli kaupalaga eða laga um skaðsemisábyrgð og er það hlutverk dómstóla að draga markalínur í þeim efnum.

Um 41. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um vanheimild og aðrar kröfur þriðja manns. Það leiðir af ákvæðum 1. mgr. hvað telst vanheimild og af ákvæðum 4. mgr. leiðir að „aðrar kröfur þriðja manns“ eru kröfur sem byggjast á hugverka- og auðkennarétti hans, sbr. ákvæði 4. mgr. Í núgildandi kaupalögum, nr. 39/1922, er engin almenn ákvæði að finna um vanheimild og önnur ósamrýmanleg réttindi þriðja manns, þótt í 59. gr. sé að vísu mælt fyrir um skaðabótaskyldu þegar um ákveðna tegund vanheimildar er að ræða. Um rök fyrir almennri reglu 41. gr. frumvarpsins um vanheimild og önnur ósamrýmanleg réttindi þriðja manns vísast til þess sem fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan. Í SÞ-samningnum eru reglur um vanheimild og önnur ósamrýmanleg réttindi þriðja manns í 41. og 42. gr. Sjá einnig 96. gr. frumvarpsins.

Í ákvæðinu er ekki að finna almenna skilgreiningu á hugtakinu vanheimild, en af ákvæðum 1. mgr. leiðir hins vegar óbeint hvenær vanheimild telst vera til staðar. Ákvæðið á bæði við um þau tilvik þegar þriðji maður er eigandi hlutar (fullkomin eða algjör vanheimild) og þess tilviks þegar þriðji maður á veðrétt eða annars konar rétt yfir honum (vanheimild að hluta).

Þegar um fullkomna vanheimild er að ræða er hugsanlegt að seljandinn eigi alls engan rétt yfir hlutnum, t.d. vegna þess að hlut hefur verið stolið. Einnig er hugsanlegt að seljandinn eigi aðeins afnotarétt yfir hlutnum eða hann hefur hlutinn á kaupleigu. Með hugtakinu „annar réttur“ í 1. mgr. er fyrst og fremst átt við önnur takmörkuð réttindi en veðréttindi, t.d. leiguréttindi, haldsréttindi, ítök o.fl.

Þegar um er að ræða bann samkvæmt samningi við því að selja hlut eða aðrar svipaðar takmarkanir á ráðstöfunarrétti, koma sérsjónarmið til greina. Líta má á slíkar takmarkanir sem neikvæð ítök og gilda þá reglurnar um vanheimild ef samningsákvæðið á að fylgja hlutnum og takmarka ráðstöfunarrétt kaupanda.

Traustfangsreglur geta leitt til þess að kaupandi vinni rétt yfir hlutnum í samræmi við efni samnings hans og seljanda, þrátt fyrir vanheimildina. Þetta kemur þó ekki sjálfkrafa í veg fyrir að kaupandinn geti borið fyrir sig vanheimild. Jafnvel þótt kaupandinn sé í góðri trú, er ekki hægt að þvinga hann til að bera fyrir sig traustfangsreglur þegar hann fær vitneskju um að þriðji maður á rétt yfir hlutnum. Þetta gildir örugglega þegar seljandinn hefur verið í vondri trú við kaupin, en hugsanlega getur kaupandinn einnig í öðrum tilvikum valið að bera fyrir sig vanheimild gagnvart seljandanum.

Það er forsenda fyrir beitingu reglnanna um vanheimild að um sé að ræða rétt sem þriðji maður getur borið fyrir sig gagnvart kaupandanum. Ef réttur þriðja manns er þess eðlis að alls ekki sé unnt að bera hann fyrir sig gagnvart kaupanda hvort sem kaupandinn er í góðri trú eða ekki, er ekki um vanheimild að ræða. Réttindi þriðja manns verða með öðrum orðum að snúast um rétt, sem takmarkar ráðstöfunarrétt kaupandans miðað við það sem samið hefur verið um.

Það tímamark, sem skiptir máli við mat á því hvort um vanheimild sé að ræða, er þegar áhættan af söluhlut flyst frá seljanda til kaupanda. Þetta segir ekki berum orðum í ákvæðinu, en tilvísun þess til reglna um galla felur í sér að ákvæði 21. gr. gildir hér eftir því sem við á. Seljandinn er því ábyrgur bæði vegna upprunalegrar vanheimildar, þ.e. vanheimildar sem var til staðar við samningsgerð og eftirfarandi vanheimildar.

Ef afhendingu söluhlutar hefur seinkað vegna þess að þriðji maður hefur borið fyrir sig rétt yfir hlutnum gilda reglurnar um greiðsludrátt. Sama gildir ef söluhlutur eftir kaup er seldur öðrum manni sem hefur veitt hlutnum viðtöku í góðri trú. Reglurnar um greiðsludrátt eiga einnig við ef hluturinn eftir kaup en fyrir afhendingu hefur verið seldur nauðungarsölu eða þrotabú seljanda hefur tekið umráð hans.

Sérstök álitamál koma upp þegar um er að ræða aðgerðir af hálfu opinberra aðila. Ef stjórnvald hefur lagt hald á hlut fyrir afhendingu, eða afhending hlutar getur ekki átt sér stað vegna innflutnings- eða útflutningsbanns stjórnvalda, er eðlilegt að fella tilvikið undir greiðsludrátt. Ef ákvarðanir eða aðgerðir yfirvalda leiða til þess að afhenda verður hlut í annarri gerð en upphaflega var gert ráð fyrir, eða söluhlut verður að afhenda án tiltekinna aukahluta, er ýmist unnt að líta á tilvikið sem hreint gallatilvik eða sem greiðsludrátt varðandi aukahlutina, sbr. 43. gr.

Þegar um vanheimild er að ræða gilda, eins og í 1. mgr. segir, reglurnar um galla eftir því sem við getur átt. Er með því fyrst og fremst átt við reglurnar í 30.–40. gr. um kröfur kaupanda vegna gallaðrar afhendingar. Hins vegar eiga hér ekki að öllu jöfnu við með sama hætti reglur IV. kafla frumvarpsins um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Við mat á því hvort um vanheimild er að ræða verður sem áður segir að leggja það tímamark til grundvallar, sem leiðir af 21. gr. Á kaupandanum hvílir almenn skylda til þess að rannsaka söluhlut fyrir fram, sbr. ákvæði 20. gr., og einnig eftir afhendingu, sbr. 31. gr. Hafa ber þó í huga að ekki er sjálfgefið að vanheimild komi í ljós við venjulega rannsókn söluhlutar.

Hafi kaupandinn vitað um kvöð á samningstímanum glatar hann ekki kröfu sinni vegna vanheimildar ef hann hafði ástæðu til þess að ætla að kvöðinni yrði aflétt fyrir afhendingu.

Í framkvæmd er það stundum svo að kaupandi gerir alls ekki ráð fyrir því að hlutur sé afhentur án allra kvaða, t.d þegar hann yfirtekur áhvílandi veðskuldir á bát sem keyptur er. Í slíkum tilvikum eiga við reglur 1. mgr. sem gera ráð fyrir því að kaupandinn geti ekki borið fyrir sig kvaðir og takmarkanir, sem leiða af samningi, sbr. orðalagið „nema leiða megi af samningi“. Stundum geta aðstæður verið þær að kaupanda má vera það öldungis ljóst að kvöð verði ekki aflétt. Gangi kaupandinn samt sem áður til samninga án þess að gera nokkurn fyrirvara að þessu leyti má líta svo á að hann hafi samþykkt kvöðina.

Í 2. málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram að reglan um tveggja ára tilkynningarfrest skv. 2. mgr. 32. gr. gildir ekki að því er vanheimild varðar. Í málsgreininni er engin tilvísun til 3. mgr. 32. gr. að því er varðar fimm ára tilkynningarfrest. Það leiðir þó af samhenginu milli 32. og 41. gr. að fimm ára fresturinn á heldur ekki við um vanheimild. Af þessu leiðir að almennur tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 32. gr. gildir hér.

Í 2. mgr. er sérstök bótaregla sem á við um tjón af völdum upprunalegrar vanheimildar sem kaupandinn hvorki vissi né mátti vita um. Á slíku tjóni ber seljandi hlutlæga ábyrgð og skiptir ekki máli hvort um beint eða óbeint tjón er að ræða. Reglan svarar til 59. gr. laga nr. 39/1922 sem gildir þó aðeins samkvæmt orðanna hljóðan um fullkomna vanheimild, sbr. orðalagið: „Nú kemur það fram að söluhlutur var annars manns eign en seljanda, þá er kaupin gerðust.“

Ef vanheimild verður eftir kaup, eða kaupandinn var ekki í góðri trú um vanheimild sem var til staðar við kaup, leiðir það af ákvæðum 1. mgr. að úrlausn um bótaskyldu fer eftir

ákvæðum 40. gr. Í alþjóðlegum kaupum gildir stjórnunarábyrgð þó einnig að því er varðar upprunalegan galla.

Í 3. mgr. kemur fram að reglur 1. og 2. mgr. gilda eftir því sem við getur átt þegar þriðji maður gerir tilkall til réttar yfir hlutnum og því er andmælt. Reglan styðst við þau rök að kaupandi þurfi ekki óvænt að sæta því að blandast inn í deilur seljanda og þriðja manns. Krafa þriðja manns getur auk óvissu haft í för með sér kostnað og óhagræði fyrir kaupandann, jafnvel þótt síðar komi í ljós að krafa hans átti ekki við nein rök að styðjast. Krafa þriðja manns getur einnig takmarkað ráðstöfunarrétt kaupanda yfir hlutnum, þar til úr deilu seljanda og þriðja manns hefur verið skorið. Af þessu leiðir að kaupandinn getur í slíkum tilvikum borið fyrir sig sömu úrræði og þegar réttur þriðja manns er óumdeildur.

Kaupandinn getur ekki komið fram með kröfur skv. 1. og 2. mgr. ef augljóst er að krafa þriðja manns á við engin rök að styðjast. Fullyrðing þriðja manns um rétt sinn nægir ein sér ekki til þess að kaupandi geti gert vanefndakröfur gildandi. Sama á við þegar fullyrðingar þriðja manns eru augljóslega ekki á rökum reistar. Samt sem áður er ekki unnt að gera of strangar kröfur í þessum efnum, því það getur tekið tíma að leiða í ljós að krafan er órökstudd.

Í 4. mgr. kemur fram að reglur 1. mgr. gilda eftir því sem við getur átt þegar um er að ræða kröfu þriðja manns sem byggist á hugverka- eða auðkennarétti. Gildandi kaupalög hafa engar sérreglur að geyma um slíkar kröfur þriðja manns. Samkvæmt SÞ-samningnum gilda reglurnar um galla þegar þriðji maður byggir á hugverka- og auðkennarétti, sbr. 42.–44. gr. samningsins. Sjá einnig 96. gr. frumvarpsins.

Rökin, sem búa að baki ákvæði 4. mgr., eru þau að réttaráhrif þess fyrir kaupanda að þriðji maður á hugverka- eða auðkennarétt yfir hlutnum, geta verið jafnóheppileg fyrir kaupanda og þegar um vanheimild er að ræða. Af þeim sökum hefur kaupandinn hagsmuni af því að geta borið vanefndina fyrir sig og gert kröfur af því tilefni gildandi. Í 2. málsl. 4. mgr. kemur fram að um annað má semja, einnig í neytendakaupum.

Um 42. gr.

Í SÞ-sáttmálanum er ekkert ákvæði sem svarar beinlínis til frumvarpsgreinarinnar, en svipaðar reglur má leiða af ákvæðum 58. gr. hans. Í 14. gr. gildandi kaupalaga kemur fram að kaupandinn er ekki skyldur að greiða kaupverðið, nema hann fái samstundis hlutinn til umráða, þ.e. hann getur haldið eigin greiðslu til tryggingar því að hann fái greiðslu gagnaðila. Það ákvæði veitir kaupanda hins vegar ekki rétt til þess að halda eigin greiðslu til tryggingar skaðabótum í tilefni greiðsludráttar eða galla á söluhlut.

Í ákvæðum frumvarpsgreinarinnar felst regla um almenna heimild kaupanda til þess að halda eigin greiðslu til tryggingar kröfum sem leiðir af vanefndum seljanda. Ákvæðið er almennt orðað og á það við um allar kröfur, sem kaupandinn öðlast í tilefni vanefnda skv. V. kafla frumvarpsins. Það á einnig við um kröfur kaupanda til efnda í tengslum við greiðsludrátt á hinu selda, galla, réttarágalla o.fl. Rétturinn til að halda eigin greiðslu í tilefni greiðsludráttar hefur hér enga sérstöðu.

Réttur kaupanda samkvæmt frumvarpsgreininni nær til þess að halda eftir svo miklu af kaupverðinu að nægi til að tryggja vanefndakröfu hans. Það er matsatriði hverju sinni hversu stórum hluta kaupverðsins kaupandi getur haldið eftir og gerir frumvarpið ráð fyrir því að í þeim efnum sé ákveðnu svigrúmi til að dreifa. Þegar krafa kaupanda er fyrst og fremst um efndir samkvæmt aðalefni samnings, t.d. efndir eða úrbætur á galla, getur verið erfitt að meta hversu stórum hluta kaupverðsins krafa kaupanda samsvarar. Orð greinarinnar útiloka ekki að kaupandinn hafi ákveðið svigrúm við mat í þeim efnum. Þar sem umræddur réttur er hugs-

aður sem trygging fyrir öllum kröfum sem kaupandinn getur öðlast getur hann eftir atvikum haldið öllu kaupverðinu eftir þegar um greiðsludrátt seljanda er að ræða.

Ef kaupandi heldur eftir augljóslega hærri fjárhæð en sem nemur þeirri kröfu, sem hann átti á hendur seljanda, verður afleiðingin sú að hann verður að greiða dráttarvexti af mismuninum, sbr. 71. gr. frumvarpsins.

Stundum kann að vera óljóst eða umdeilt hvort kaupandi eigi tiltekna vanefndakröfu og getur slíkt valdið vafa um það hvort heimilt sé að beita þessu ákvæði. Því til viðbótar ber að hafa í huga að stundum getur verið freistandi fyrir kaupanda að grípa til þessa úrræðis ef hann getur ekki greitt kaupverðið. Af því leiðir að hér er um vandmeðfarið úrræði að ræða.

Það er kaupandinn sem ber áhættuna af því að hann eigi í raun og veru kröfu sem stafar af vanefnd seljanda. Komi í ljós að kaupandinn átti enga slíka kröfu getur seljandinn beitt vanefndaúrræðum í tilefni þess að kaupverðið er ekki greitt.

Ef til staðar eru skilyrði til þess að halda eftir greiðslu kaupverðsins er ekki um vanefnd af hálfu kaupanda að ræða þegar hann beitir því úrræði. Seljandinn getur því hvorki krafist skaðabóta vegna tjóns né vaxta af þeirri fjárhæð sem með réttu var haldið eftir.

Um 43. gr.

Í 51. gr. SÞ-sáttmálans er ákvæði, sem svarar til 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar, en þar er hins vegar ekki að finna ákvæði samsvarandi 2. mgr. Í gildandi lögum eru engin ákvæði sambærileg 1. mgr., en 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar svarar til 50. gr. núgildandi laga.

Ákvæðið á við um þau tilvik þegar seljandi afhendir aðeins hluta hins selda, en þá er hinn hlutinn annaðhvort ekki afhentur eða afhentur of seint. Getur þar bæði verið um greiðsludrátt og magngalla að ræða. Einnig gildir ákvæðið þegar hluti hinnar afhentu greiðslu er gallaður (galli á eiginleikum söluhlutar/gæðagalli).

Ákvæði 1. mgr. eiga eins og áður segir við þegar ákveðinn fjöldi eintaka eða ákveðin eintök úr tiltekinni sendingu eru afhent of seint eða reynast gölluð. Í slíkum tilvikum getur kaupandinn beitt vanefndaúrræðum að því er varðar þann hluta. Orðasambandið „hluta hins selda“ gerir ráð fyrir því að unnt sé að skipta hinu selda upp í tilgreindar sendingar eða hluta, t.d. sekki eða tunnur eða því um líkt, þannig að unnt sé að afmarka vanefndakröfur við ákveðna þætti. Ákvæðið á hins vegar ekki við um tilvik þar sem galli er á hluta hins selda og sá hluti er í svo nánum raunverulegum og starfslegum tengslum við hinn hlutann að ekki er með sanngirni unnt að greina þar á milli. Sem dæmi um þetta má nefna það tilvik þegar tilteknir hlutar í tölvuvélbúnaði eru gallaðir. Í slíkum tilvikum verður að líta á gallann sem galla á hlutnum í heild sinni. Sama gildir þegar senda á vélbúnaðinn til kaupanda í mörgum hlutum og seinkun verður á einni sendingunni.

Ákvæði þetta getur átt við um flestar vanefndakröfur, t.d. kröfu um efndir skv. 23. gr., kröfu til úrbóta og nýrrar afhendingar skv. 36. gr. og kröfu til afsláttar skv. 38. gr., svo og um skaðabótakröfu. Þó verður að ætla að ákvæðið hafa mesta þýðingu varðandi riftun. Kaupandinn getur þá rift að því er snertir þann hluta greiðslunnar sem vanefnd varðar, en haldið afgangnum. Það er þó forsenda að fyrir hendi séu skilyrði riftunar að því er varðar þann hlutann sem riftun tekur til. Þegar það er metið hvort galli er verulegur eða ekki ber að meta það með hliðsjón af þeim hluta sem vanefndin varðar. Hafi t.d. verið keyptir 100 sekkir af kartöflum og varði seinkun eða galli einungis einn sekk getur kaupandinn samkvæmt fyrrgreindu rift að því er umræddan sekk varðar. Þetta getur hann þótt vanefndin verði ekki talin veruleg þegar litið er til kaupanna í heild sinni.

Ákvæði þetta getur einnig haft þýðingu þegar um er að ræða nýja afhendingu. Kaupandinn getur á grundvelli þeirra skilyrða, sem fram koma í 2. mgr. 34. gr., krafist nýrrar afhendingar

að því er varðar hluta hins selda, en haldið því sem eftir er, t.d. í dæminu hér að framan krafist nýrrar afhendingar að því er varðar hinn gallaða sekk.

Á hinn bóginn leiðir það af ákvæðum 1. mgr. að kaupandinn getur ekki, án þess að annað og meira komi til, borið fyrir sig vanefndaúrræði að því er varðar greiðsluna í heild. Ef vanefnd er á hinn bóginn veruleg þegar litið er til kaupanna í heild sinni getur kaupandinn með vísan til 2. málsl. ákvæðisins krafist riftunar á öllum kaupunum. Er þetta í sjálfu sér sama regla og fram kemur í 39. gr. frumvarpsins.

Sem fyrr greinir er það skilyrði að vanefndir séu verulegar á samningnum í heild. Í dæminu hér að ofan gæti slíkt t.d. átt við ef helmingur sendingarinnar er ekki afhentur eða reynist gallaður.

Ákvæði 2. mgr. eiga við um magngalla. Þegar seljandinn hefur aðeins afhent hluta hins selda verður álitamál hvort meta eigi tilvikið eftir reglum um galla eða samkvæmt reglum um greiðsludrátt að því er varðar þann hluta sem ekki hefur verið afhentur. Samkvæmt ákvæðinu ræður það úrslitum hvort ráða má af atvikum að seljandinn hafi lokið afhendingu af sinni hálfu eða ekki.

Reglurnar um galla gilda samkvæmt ákvæðinu t.d. um það tilvik þegar seljandinn hefur vegna misskilnings afhent of lítið, án þess að vera það ljóst. Ef hins vegar má ráða af atvikum að seljanda hafi verið ljóst, t.d. vegna þess magns sem afhent var, að afhendingu var ekki lokið verður að leggja til grundvallar reglurnar um greiðsludrátt. Í flestum tilvikum er eðlilegast að líta svo á að um magngalla sé að ræða.

Ef gallareglum er beitt hefur það þá mikilvægu þýðingu að tilkynningarskylda kaupanda samkvæmt ákvæðum 32. gr. verður virk. Þá er afleiðingin einnig sú að reglur um úrbætur eða afhendingu nýrra hluta gilda, en það getur hins vegar ekki átt við þegar um er að ræða greiðsludrátt.

Um 44. gr.

Í 44. gr. koma fram reglur um riftunarrétt kaupanda þegar seljandinn á að afhenda hið selda í áföngum eða smátt og smátt eins og það er orðað í gildandi lögum. Ákvæðið svarar til 73. gr. SÞ-sáttmálans. Í gildandi lögum er sambærileg ákvæði að finna 22. gr. (greiðsludráttur) og 46. gr. (galli).

Ákvæði þetta gildir um riftun við hvers konar vanefnd varðandi afhendingu í áföngum. Það á við þegar samið er um afhendingar í áföngum hvort sem þar er um heimild eða skyldu að ræða. Ákvæði 43. gr. á við þegar um er að ræða verulegar afhendingar í áföngum án þess að kveðið sé á um það í samningi. Óljóst er hvort og í hvaða mæli kaupandi getur valið milli þess að beita ákvæðum 43. og 44. gr. Beiting ákvæðis 44. gr. kemur einkum til álita þegar um tiltölulega skýr ákvæði er að ræða varðandi afhendingu í áföngum.

Í 1. mgr. kemur fram að þegar afhenda á hið selda í áföngum, ber að líta á einstakar afhendingar sem sjálfstæð kaup með hliðsjón af riftunarreglum. Hver einstök afhending er því skoðuð sem sjálfstæð kaup að þessu leyti. Kaupandi getur rift að því er tekur til þeirrar afhendingar sem vanefnd varðar ef almenn riftunarskilyrði eru fyrir hendi, m.a. það skilyrði að vanefnd sé veruleg. Skilyrðið um verulega vanefnd verður að meta með hliðsjón af viðkomandi afhendingu, en ekki með hliðsjón af kaupunum í heild. Ákvæðið rýmkar því rétt kaupanda til riftunar miðað við það sem vera mundi ef litið væri á kaupin sem eina heild. Á hinn bóginn getur kaupandi ekki rift að því er varðar þær afhendingar sem eru í samræmi við samning.

Ákvæði 1. mgr. á einkum við þegar unnt er að nota þá hluta, sem afhentir eru, hvern fyrir sig og án tillits til annarra, t.d. olíu eða annað hráefni. Ákvæðið á hins vegar síður við þegar

afhentir hlutar eru í raunverulegum og starfslegum tengslum við aðra hluta, t.d. vélarbúnaður.

Ákvæði 2. mgr. veitir kaupanda með vissum skilyrðum rétt til þess að rifta að því er varðar síðari afhendingar. Slíkur riftunarréttur gæti einnig byggst á ákvæðum 62. gr., þ.e. riftun vegna fyrirsjáanlegra vanefnda. Ákvæði þetta gerir hins vegar ráð fyrir því, gagnstætt ákvæðum 62. gr., að vanefnd hafi þegar orðið að því er varðar hluta greiðslunnar. Þegar þau skilyrði eru fyrir hendi fær kaupandi nokkuð rýmri riftunarrétt en leiða mundi af ákvæðum 62. gr. Kemur þetta fram í orðalagi ákvæðanna. Þannig er í 62. gr. sagt: „Ef ljóst er fyrir efndatíma að koma muni til vanefnda," en í 2. mgr. 44. gr. segir hins vegar: „Ef vanefndir veita kaupanda réttmæta ástæðu til að ætla að vanefndir verði á afhendingum síðar." Í síðari tilvitnuninni (2. mgr. 44. gr.) felst að líkurnar fyrir vanefnd í framtíðinni eru miðaðar við að vanefnd hafi þegar orðið að því er varðar hluta afhendingar. Þar að auki er það eitt ekki nægjanlegt að ástæða sé til að ætla að vanefnd verði heldur verður vanefndin að vera þess eðlis að hún muni veita rétt til riftunar. Það er hins vegar ekki skilyrði að hin fyrirsjáanlega vanefnd sé sömu tegundar og sú fyrri. Ef verulegur galli við fyrstu afhendingu veitir réttmæta ástæðu til að ætla að verulegur greiðsludráttur verði á þeirri næstu er unnt að rifta að því er báðar afhendingarnar varðar.

Ekki er það skilyrði til riftunar skv. 2. mgr. að kaupandi hafi beitt riftunarrétti að því er tiltekna afhendingu varðar. Sem dæmi um þetta má nefna kaup þar sem seljandinn á að greiða með fimm afhendingum. Ef verulegur greiðsludráttur verður varðandi aðra sendinguna má vera að kaupandinn líti svo á að þrátt fyrir allt sé best fyrir hann að krefjast efnda. Ef eftir þetta verður seinkun á þriðju afhendingu getur verið að kaupandinn sjái hagsmunum sínum best borgið með því að rifta kaupunum að því er varðar fjórðu og fimmtu sendinguna, hvort heldur hann velur að rifta varðandi þriðju sendinguna eða ekki.

Það er skilyrði riftunar að því er varðar síðari afhendingar að það gerist áður en sanngjarn tími er liðinn frá því sú vanefnd varð sem veitti rétt til riftunar. Ef vanefnd verður við hverja afhendinguna eftir aðra byrjar nýr frestur að líða við hverja vanefnd fyrir sig.

Í 3. mgr. kemur fram sú regla að kaupandi á rétt til að rifta kaupum, bæði að því er varðar fyrri og síðar afhendingar, þegar um er að ræða ákveðið samhengi milli þessara afhendinga og þeirrar afhendingar sem vanefnd varð um. Það er þá skilyrði að kaupandinn rifti varðandi þá greiðslu sem vanefnd varðar.

Það er skilyrði skv. 3. mgr. að slíkt samhengi sé milli afhendinganna að þær geti ekki nýst í þeim tilgangi sem gert var ráð fyrir við samningsgerðina. Dæmi um þetta er þegar afhenda í áföngum hráefni af tilteknum gæðum og í slíku magni að sambærileg magn eða gæði er ekki unnt að fá annars staðar.

Þegar um er að ræða riftun að því er varðar síðari afhendingu getur kaupandi oft valið að beita ákvæðum 2. mgr. 44. gr. og rift aðeins að því er síðari greiðslur varðar, án tillits til samhengisins milli greiðslnanna.

Um 45. gr.

Ákvæði þetta svarar til 55. gr. SÞ-sáttmálans. Í 5. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, eru ákvæði um fjárhæð kaupverðs. Þar kemur fram að kaupanda ber að greiða það verð, sem seljandinn setur upp, nema það verði talið ósanngjarnt þegar ekkert hefur verið fastákveðið um verðið við kaupin.

Í frumvarpsgreininni er eins og í norsku kaupalögunum og SÞ-samningnum gengið út frá þeirri meginreglu að miða skuli við gangverð sambærilegra hluta á samningstímanum. Þegar slíkt gagnverð liggur ekki fyrir ber að miða við það verð sem sanngjarnt er. Er þetta nokkuð

önnur nálgun en í 5. gr. gildandi laga, en í því felst þó ekki nein veruleg efnisbreyting. Í sænsku og finnsku kaupalögunum og danska kaupalagafrumvarpinu er sanngirnismatið hins vegar lagt til grundvallar í öllum tilvikum.

Í 1. mgr. er um það fjallað þegar kaupverðið leiðir ekki af samningi aðila. Ef heildarverð kemur skýrt fram í samningi eða verð á einingu ber að sjálfsögðu að leggja það verð til grundvallar. Verðið getur einnig komið fram á annan hátt, t.d. með því að skírskotað er til verðskráningar á tilteknum markaði. Ef seljandi hefur verðlista sem tekur einnig til þeirra kaupa, sem um er að ræða, má oft ganga út frá því að samið hafi verið um það verð sem fram kemur á verðlistanum. Hafi seljandinn eða annar á hans vegum gefið upp tiltekið verð við markaðssetningu á vöru má yfirleitt líta svo á að um það verð hafi verið samið, nema því aðeins að gerðar hafi verið á því breytingar fyrir kaupin eða samið hafi verið um annað verð berum orðum. Fyrri samningar milli aðila geta einnig gefið vísbendingar um kaupverð.

Í frumvarpsgreininni er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að kaupsamningur hafi verið gerður. Ef ekki hefur verið samið um kaupverðið verður í sumum tilvikum ekki litið svo á að samningur hafi komist á. Í öðru lagi er í ákvæðinu gert ráð fyrir því að ekki hafi verið samið um verð. Þegar þessar forsendur eru til staðar ber kaupanda skv. 1. mgr. 45. gr. frumvarpsins að greiða það gangverð, sem sams konar hlutir, seldir við svipaðar aðstæður, hafa á samningstímanum, enda sé verðið ekki ósanngjarnt. Með hugtakinu gangverð er yfirleitt átt við það verð, sem söluaðili tekur af öðrum viðskiptavinum fyrir sambærilega hluti, nema söluaðili selji á hærra verði en aðrir innan greinarinnar. Þetta þýðir m.a. að nauðsynlegt er að bera saman verð á sambærilegu sölustigi, en eigi að síður verður að hafa í huga að á sambærilegu sölustigi getur verðið verið mismunandi. Þá verður einnig að taka tillit til annarra greiðsluskilmála, t.d. hvort um staðgreiðslu eða kaup með greiðslufresti var að ræða. Eins verður að líta til gæða vörunnar, þeirrar þjónustu sem fylgir, hvar afhenda á vöruna o.s.frv. Þá verður að taka tillit til mismunandi verðlags á staðnum. Yfirleitt mundi vera eðlilegt að leggja til grundvallar gangverð þar sem atvinnustöð seljanda er, eftir atvikum heimili. En hafi seljandinn hins vegar markaðssett hlutinn þar sem atvinnustöð kaupandans er getur verið alveg jafnsanngjarnt að styðjast við gangverðið þar.

Það er gangverðið við samningsgerðina sem leggja ber til grundvallar skv. 1. mgr. 45. gr. Hafi seljandi gert almennan fyrirvara um verðbreytingar er þó eðlilegast að leggja til grundvallar verðið á afhendingartíma. Gangverð það, sem um ræðir, má ekki vera ósanngjarnt. Yfirleitt mundi mega telja gangverðið sanngjarnt, en í vissum tilvikum þarf ekki svo að vera, t.d. þar sem um er að ræða fákeppni eða einokunaraðstöðu. Orð 1. mgr. 45. gr. „án þess að kaupverðið leiði af samningi“ fela það í sér að ákvæðið er frávíkjanlegt, einnig í neytendakaupum. Þannig ber ávallt að leggja til grundvallar það verð, sem samið er um, nema því aðeins að lagaákvæði standi því í vegi, sbr. t.d. 36. gr. samningalaga eða önnur svipuð ákvæði.

Ákvæði 1. mgr. á ekki beint við ef aðilar hafa samið um verð, en þeir eru ekki á sama máli um hvaða verð það var. Ágreining um slíkt verður að leysa á grundvelli almennra sönnunarreglna.

Í síðari málslið 1. mgr. er mælt fyrir um hvaða verð kaupandi skuli greiða ef ekki er um neitt gangverð á söluhlut að ræða. Ber þá að miða við það verð sem sanngjarnt er miðað við eðli hlutarins, gæði hans og aðrar aðstæður. Með orðunum „atvik að öðru leyti“ er t.d. átt við verðlista.

Ákvæði 2. mgr. 45. gr. er nýmæli í íslenskum rétti. Þar kemur fram að í neytendakaupum getur seljandinn ekki til viðbótar kaupverðinu krafist þóknunar fyrir að gefa út og senda reikninga. Reglan er á því byggð að seljandinn eigi ekki að geta krafið kaupandann um hærri fjárhæð en sem nemur umsömdu verði söluhlutarins. Sú tilhneiging hefur aukist í viðskipta-

lífi bæði hérlendis og erlendis að seljendur krefjist sérstakra greiðslna fyrir útgáfu og sendingu reikninga. Regla 2. mgr. 45. gr. byggist á því að eðlilegra sé að seljandinn beri þennan kostnað fremur en kaupandinn. Ákvæðið fjallar ekki um annan kostnað en þann sem nefndur er í ákvæðinu, þ.e. kostnað við útgáfu og sendingu reiknings. Slíkur annar kostnaður eða viðbót við kaupverð getur t.d. verið tengdur sendingu hlutar og verður hans heldur ekki krafist til viðbótar kaupverðinu, nema slíkt eigi sér stoð í samningi eða venju.

Í 2. málsl. 2. mgr. kemur fram undantekning frá meginreglu fyrri málsliðar og á hún við þegar augljóst er að kaupverðið er það verð, sem seljandinn krefst við staðgreiðslu, en hann hefur engu síður veitt kaupanda greiðslufrest. Það getur t.d. komið skýrt fram í sölubæklingi sem lagður er fram við kaupin að verðið gildi aðeins við staðgreiðslu. Ef kaupandinn fær samt sem áður greiðslufrest getur seljandinn krafið um sérstakan aukakostnað sem leiðir af þessu, t.d. kostnað við það að gera reikning og senda hann. Einnig í þessu tilviki gilda þær forsendur sem nefndar eru í fyrri málsliðnum. Í því felst að seljandinn getur ekki krafist útgjalda nema því aðeins að líta megi svo á að slíkt leiði af samningnum. Sú staðreynd að seljandinn hefur gefið upp staðgreiðsluverð veitir ein og sér seljandanum ekki sjálfstæðan rétt til þess að krefja um þóknun fyrir að gefa út og senda reikninga.

Um 46. gr.

Í SÞ-sáttmálanum er ekki að finna ákvæði sem er beinlínis sambærilegt 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar, en ákvæði 2. mgr. eru hins vegar í samræmi við 56. gr. sáttmálans. Frumvarpsgreinin felur ekki í sér neina breytingu frá ákvæðum 7. og 8. gr. gildandi laga, nr. 39/1922.

Í 1. mgr. er fjallað um það tímamark sem miða skal við þegar kaupverð ræðst af fjölda, máli eða þyngd. Ákvæðið getur t.d. haft þýðingu þegar magn söluhlutar ræðst af eiginleikum söluhlutar, flutningi hans o.fl. Dæmi um þetta er það þegar seldur er sandur sem dælt er upp úr sjó. Í því tilviki getur vatn fylgt sandinum í miklum mæli meðan verið er að dæla sandinum upp.

Í 2. mgr. kemur fram að þegar kaupverð er ákveðið eftir þyngd skal fyrst draga frá þyngd umbúða. Athygli er vakin á því að 2. mgr. á einungis við um þyngd en hvorki fjölda né mál. Í mörgum atvinnugreinum má gera ráð fyrir því að venja sé fyrir því að þyngd umbúða sé með í kaupverðinu. Þetta getur t.d. átt við venjulegar matvörur þar sem verð og þyngd kemur fram á umbúðunum.

Um 47. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 6. gr. laga nr. 39/1922, en gildissvið hennar er þó takmarkað við verslunarkaup. Í SÞ-sáttmálanum er ekki að finna neitt ákvæði sem er beinlínis sambærilegt frumvarpsgreininni. Gildissvið ákvæðisins miðast við það að ekki hafi verið samið um kaupverð. Í slíkum tilvikum verður kaupandi að mótmæla sérstaklega við seljanda ef hann vill komast hjá því að greiða það verð sem fram kemur á reikningi eða í orðsendingu.

Í hugtökunum „reikningur“ og „orðsending“ felst í raun ekki nein efnisbreyting miðað við gildandi lög. Ekki skiptir máli hvað skjal er kallað ef það er sama efnis og reikningur. Þó verður að skilja ákvæðið þannig að átt sé við skriflegt skjal. Munnlegar upplýsingar um verðið falla því ekki undir gildissvið ákvæðisins og því þarf ekki að mótmæla þeim sérstaklega.

Ákvæðið gildir því aðeins að kaupandi hafi „fengið“ reikning eða orðsendingu. Af því leiðir að ákvæði 82. gr. á hér ekki við og seljandinn ber því ábyrgð á að reikningur eða orðsending komist til kaupanda.

Frumvarpsgreinin á við um öll kaup, þ.m.t. neytendakaup, og er gildissvið hennar því ekki takmarkað við verslunarkaup eins og er samkvæmt gildandi lögum. Ekki þykir ósanngjarnt í neytendakaupum að leggja þá skyldu á kaupanda að mótmæla uppgefnu verði ef svo ber undir. Fresturinn til þess að bera fram mótmæli fer hins vegar eftir því um hvers konar kaup er að ræða og ræðst ekki hvað síst af því hverjir eru aðilar að kaupunum. Það verður því ekki krafist eins skjótra viðbragða af hálfu kaupanda í neytendakaupum eins og kaupanda í verslunarkaupum.

Ákvæði frumvarpsgreinarinnar eiga ekki við þegar lægra verð leiðir af samningi eða uppsett verð er ósanngjarnt. Afmörkunin hér svarar til þeirrar afmörkunar sem fram kemur í 1. málsl. 1. mgr. 45. gr., og vísast því til athugasemda við þá grein varðandi það hvort tiltekið verð leiði af samningi. Krafan um sanngirni hlýtur almennt að vera heldur ströng í neytendakaupum.

Um 48. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar svara til 57. gr. SÞ-sáttmálans, en 2. mgr. er sambærileg 54. gr. hans. Í gildandi lögum er ekkert ákvæði beinlínis sambærilegt frumvarpsgreininni, en þó er í 1. mgr. 28. gr. byggt á þeirri skyldu sem fram kemur í 2. mgr.

Í 1. mgr. er fjallað um greiðslustað. Aðalreglan er sú að greiðsla skal fara fram á atvinnustöð seljanda, nema um annað hafi verið samið. Það leiðir af 83. gr. frumvarpsins að hafi seljandi ekki atvinnustöð á greiðsla að fara fram á heimili hans. Þegar ákveða skal hvar sé atvinnustöð, eftir atvikum heimili, ber að miða við það tímamark þegar greiðsla fer fram, sbr. nánar athugasemdir við 3. mgr. hér á eftir.

Það getur leitt af samningi eða venju að kaupandi skuli greiða eða sé heimilt að greiða í banka eða með póstgíróí. Jafnvel þótt hvorki hafi verið um slíkt samið sérstaklega, né heldur sé fyrir hendi venja í þeim efnum getur kaupanda eftir atvikum verið heimilt að greiða kaupverðið beint inn á reikning seljanda eða með annarri greiðslumiðlun.

Þegar greiðsla fer fram í banka eða annari sambærilegri stofnun hefur greiðslustaður í sjálfu sér ekki sömu þýðingu og endranær. Slíkur greiðsluháttur er nú almennt viðurkenndur þótt samningi um það sé ekki til að dreifa. Fyrsti málsliður ákvæðisins getur samt sem áður haft sjálfstæða þýðingu, einkum með tilliti til reglnanna um greiðsludrátt af hendi kaupanda, og er ástæðan sú að kaupandinn ber áhættuna af því að peningarnir séu í raun og veru til ráðstöfunar fyrir seljanda áður en greiðslufrestur er liðinn. Hann ber því áhættuna af þeirri röskun sem getur orðið við greiðslumiðlunina, og því er ekki nægjanlegt að hann greiði í banka á gjalddaga ef greiðslan er seljanda ekki til ráðstöfunar á gjalddaga.

Víkja má frá ákvæðum 1. mgr. með samningi, t.d. þannig að kaupverðið megi greiða á atvinnustöð kaupanda eða beint til ákveðins þriðja manns. Um samninga í neytendakaupum vísast til athugasemda við 4. gr. frumvarpsins.

Þegar um er að ræða kaup milli aðila í mismunandi löndum getur greiðslustaður haft þýðingu varðandi gjaldeyrishömlur. Greiðslustaður getur einnig haft þýðingu varðandi það í hvaða mynt greiða skal kaupverðið.

Í síðari málslið 1. mgr. er sérregla sem fjallar um það tilvik þegar greiðsla skal samkvæmt samningi fara fram gegn afhendingu söluhlutar eða skjals, t.d. gegn afhendingu farmbréfs eða farmskírteinis. Reglan á einnig við þegar um er að ræða kaup gegn póstkröfu. Í þessum tilvikum er greiðslustaður sá staður þar sem afhending á að fara fram.

Þegar sagt er að greiðsla skuli fara fram gegn afhendingu söluhlutar eða skjals verður að hafa í huga þann fyrirvara sem leiðir af 2. og 3. mgr. 49. gr. um rétt kaupanda til að rannsaka söluhlut.

Vera kann að kaupandi greiði kaupverðið áður en afhending á sér stað, t.d. með því að greiða inn á reikning seljanda í banka. Í slíkum tilvikum er nægjanlegt að hann leggi fram kvittun fyrir greiðslu, nema því aðeins að ekki hafi verið samið um slíka greiðsluaðferð og hún andstæð hagsmunum seljandans.

Í 2. mgr. kemur fram sú regla að í skyldu til að greiða kaupverðið felist einnig skylda til þess af hálfu kaupanda að samþykkja víxil, leggja fram bankatryggingu, bankaábyrgð eða aðra tryggingu. Einnig nær skyldan til þess að gera aðrar þær ráðstafanir sem greiðsla kaupverðsins er komin undir og leiða má af samningnum. Ákvæðið felur það í sér að brot á slíkum skyldum er ekki einungis fyrirsjáanleg vanefnd heldur einnig sjálfstæð vanefnd á greiðsluskyldu kaupanda. Ákvæðið hefur ekki afgerandi þýðingu fyrir réttarstöðu seljanda þar sem 50. gr. frumvarpsins um atbeina kaupanda að efndum gildir í öllum tilvikum.

Ákvæði 3. mgr. á við þegar seljandi hefur flutt atvinnustöð sína, eftir atvikum heimili, eftir að kaupin voru gerð. Yfirleitt mundi flutningur af þessu tagi ekki valda kaupanda neinum aukaútgjöldum, en ef svo er ber seljandinn ábyrgð á auknum kostnaði sem af því leiðir.

Um svipað álitaefni er að ræða þegar úr því skal skera hver beri áhættuna af greiðsludrætti sem er að rekja til þess að seljandi hefur flutt atvinnustöð sína. Rétt er að líta svo á að kaupandinn beri ekki bótaábyrgð í slíkum tilvikum samkvæmt ákvæði 1. mgr. 51. gr. Ef seljandinn hefur ekki látið kaupandann vita um flutninginn og kaupandinn hefur heldur ekki átt þess kost að afla sér upplýsinga um það á annan hátt er rétt að líta svo á að greiðsludrátturinn sé á ábyrgð seljanda og leiði því ekki til ábyrgðar fyrir kaupanda.

Um 49. gr.

Ákvæðið svarar til 58. gr. SÞ-sáttmálans. Í 1. mgr. er fjallað um greiðslutíma kaupverðsins og er reglan þar sambærileg reglum þeim sem leiða má af 12. og 14. gr. gildandi kaupalaga. Ákvæði 2. mgr. eiga sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum, sbr. þó 1. mgr. 71. gr., eins og síðar verður rakið. Ákvæði 3. mgr. svarar að vissu marki til ákvæða 16. og 71. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við þegar greiðslutíminn kemur fram í samningi og á það einnig við í neytendakaupum, sbr. athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins. Þetta á ekki einungis við um þau tilvik þegar greiðslutíminn kemur beinlínis fram í samningi heldur einnig þegar leiða má af atvikum að kaupverðið skuli greitt á ákveðnum tíma. Þegar greiðslutíminn kemur fram í samningi þarf seljandinn ekki að beina greiðsluáskorun til kaupanda. Er kaupanda því skylt í slíkum tilvikum að greiða af eigin frumkvæði, sbr. og ákvæði 59. gr. SÞ-sáttmálans.

Ef greiðslutíminn kemur ekki fram í samningi aðila er reglan sú að kaupandinn á að greiða kaupverðið þegar seljandinn krefst þess, t.d. með því að senda reikning. Ef ekki kemur fram neinn frestur af hálfu seljanda þegar hann krefst greiðslu ber kaupanda að greiða um hæl.

Stundum er samið um ákveðið svigrúm til greiðslu kaupverðsins, t.d. þannig að greiða megi í maímánuði eða eftir páska. Þegar svo hagar til er hugsanlegt að beita svipuðum sjónarmiðum og fram koma í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins, þó þannig að kaupandinn hafi val á greiðslu innan þess tíma sem svigrúmið nær til.

Regla 1. mgr. takmarkast af þeirri grundvallarreglu 10. gr. að hönd selji hendi, sbr. einnig 22. og 51. gr. frumvarpsins. Seljandinn getur ekki krafist greiðslu fyrr en hlutur er afhentur kaupanda eða stendur honum til reiðu í samræmi við efni samningsins og ákvæði laganna. Það nægir ekki að seljandinn bjóði aðeins fram efndir að hluta. Í þessari reglu felst m.a. að seljandinn getur ekki krafist greiðslu fyrir fram, nema slíkt megi leiða af samningi.

Ákvæði 1. mgr. 49. gr. takmarkast af ákvæðum 2. og 3. mgr. sömu greinar.

Ákvæði 2. mgr. mælir fyrir um rétt kaupanda til þess að rannsaka söluhlut og er ekkert ákvæði að finna í gildandi lögum sem er beinlínis sambærilegt. Þar kemur réttur kaupanda til að rannsaka söluhlut einungis óbeint fram í 1. mgr. 71. gr., sem fjallar um greiðslu gegn afhendingu farmskírteinis o.fl.

Í 2. mgr. er kaupanda veittur réttur til þess að rannsaka söluhlut á venjulegan hátt, áður en greiðsla fer fram. Hugtakið á „venjulegan hátt“ vísar til aðferðarinnar við rannsókn kaupanda. Ekki er skilyrði að um sé að ræða venju varðandi réttinn til rannsóknar og hversu umfangsmikil hún er. En ef um slíka venju er að ræða er rétt að líta svo á að hún marki það hvað teljist venjulegt í þessum efnum. Ef ekki er um slíka venju að ræða verður að líta svo á að umfang rannsóknar fari eftir aðstæðum.

Kaupandinn hefur engan rétt til að rannsaka söluhlut ef það er ósamrýmanlegt þeirri aðferð sem samið hefur verið um varðandi afhendingu og greiðslu kaupverðs. Um það getur t.d. verið að ræða þegar hlutur er sendur gegn póstkröfu. Þótt umsaminn aðferð við afhendingu og greiðslu útiloki ekki rannsókn af hálfu kaupanda getur hin umsamda aðferð eigi að síður haft þýðingu varðandi umfang rannsóknarinnar. Réttur kaupanda samkvæmt ákvæðinu hlýtur í það minnsta að takmarkast við yfirborðsrannsókn. Þannig má t.d. vera að kaupandi hafi rétt til þess að opna umbúðir ef unnt er að framkvæma það án þess að skemma umbúðirnar, en kaupandi mundi að öðru jöfnu ekki rétt til þess að hluturinn yrði fluttur á atvinnustöð hans til rannsóknar. Ef annað leiðir ekki af venju verður að líta svo á að rannsóknin skuli vera takmarkaðri en leiðir af ákvæðum 31. gr.

Í 3. mgr. eru sérstakar reglur um það þegar notað er farmbréf við flutning söluhlutar til ákvörðunar eða þegar flutningurinn að öðru leyti gerist með þeim hætti að seljandinn getur ekki ráðið yfir hlutnum eftir greiðslu. Seljandinn getur þá krafist greiðslu gegn afhendingu farmbréfs eða annarrar sönnunar um það að hluturinn verði fluttur með slíkum skilmálum. Ákvæðið gildir ekki aðeins þegar hlut á að senda frá afhendingarstað heldur einnig þegar afhenda á hlut á þeim stað sem kaupandinn hefur atvinnustöð sína.

Í 3. mgr. felst undantekning frá ákvæðum 1. og 2. mgr. að því leyti að unnt er að krefjast greiðslu í þessum tilvikum, áður en hlutur er kominn til kaupandans og stendur honum til ráðstöfunar, og jafnvel þótt kaupandinn hafi ekki haft tækifæri til þess að rannsaka hlutinn. Ef seljandi hefur vanefnt skyldur sínar getur kaupandi beitt ákvæðum 42. gr. til að halda kaupverðinu eða beitt öðrum vanefndaúrræðum án tillits til ákvæðis þessa.

Ákvæðið á ekki við um það álitamál hvort kaupandinn getur haldið eftir greiðslu sinni vegna vanefnda af hálfu seljanda. Það tilvik fer eftir reglum 42. gr. og öðrum ákvæðum um afleiðingar af vanefndum seljanda.

Um 50. gr.

Frumvarspgreinin svarar til 53. gr, sbr. 60. gr. SÞ-sáttmálans. Í gildandi lögum er engin ákvæði að finna sem svara beinlínis til þessarar greinar. Í almennum athugasemdum hér að framan eru raktar ástæður þess að tekin eru í frumvarpið sérstök ákvæði um atbeina kaupanda að efndum og vísast þangað.

Kaupandi hefur í fyrsta lagi skv. a-lið almenna skyldu til þess að ljá atbeina sinn að efndum að því marki sem sanngjarnt er. Er hér um atbeina að ræða sem á sér stað fyrir efndir og er forsenda þess að seljandinn geti fullnægt skyldum sínum. Slíkur atbeini kemur ekki hvað síst til álita þegar um pöntunarkaup er að ræða. Atbeini kaupanda getur t.d. falist í því að skilgreina vissar þarfir, sbr. 60. gr., eða útvega tilskilin leyfi. Við pöntunarkaup er stundum samið um að kaupandinn eigi að útvega hluta efnis. Ef seljandinn á að sjá um uppsetningu söluhlutar eða annað sambærilegt eftir afhendingu hans verður kaupandinn að ljá atbeina

sinn til þess að seljandinn fái aðgang að hlutnum og þeim stað þar sem setja á hlut upp. Þegar um flókin og umfangsmikil pöntunarkaup er að ræða, t.d. þegar um er að ræða kaup á skipi, sem á að smíða, geta aukaskyldur kaupandans verið mjög þýðingarmikið atriði við efndir samningsins.

Skylda seljanda til að ljá atbeina sinn að efndum kann að vera nánar skilgreind í samningi, en hún getur einnig komið óbeint fram af efni samnings eða aðstæðum að öðru leyti. Umfang skyldu kaupandans takmarkast við það sem með sanngirni er hægt að ætlast til af honum. Þess vegna verður að meta það í hverju tilviki fyrir sig hversu langt skylda kaupanda nær.

Í öðru lagi er kaupandi skyldur skv. b-lið að taka við hlut með því að sækja hann eða veita honum viðtöku. Skylda kaupandans gengur fyrst og fremst út á að fullnægja því sem er tilgangur seljandans með sölunni, þ.e. að losna frá hlutnum. Rökin að baki ákvæðinu eru einkum þau að í VII. kafla frumvarpsins er mælt fyrir um önnur réttaráhrif vegna vanefnda kaupanda á að veita hluta viðtöku en á öðrum aukaskyldum hans.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla er fjallað um úrræði seljanda vegna vanefnda af hálfu kaupanda. Almenna ákvæðið er í 51. gr., en þar kemur fram að seljandi getur krafist efnda, riftunar, skaðabóta o.fl. ef kaupandinn greiðir ekki kaupverðið eða fullnægir ekki öðrum skyldum sínum og það verður hvorki rakið til seljanda né atvika sem hann varða. Í 52. gr. ræðir um rétt seljanda til efnda með því að krefja kaupanda um greiðslu kaupverðsins. Þar er einnig fjallað um afpöntun kaupanda á hlut sem er sérstaklega útbúinn fyrir hann. Í 53. gr. er fjallað um rétt seljanda til að krefja kaupanda um atbeina að efndum. Í 54. gr. er fjallað um skilyrði þess að seljandi geti rift kaupum þegar kaupandi greiðir ekki og í 55. gr. ræðir um rétt hans til riftunar þegar kaupandi stuðlar ekki að efndum. Þá er í 56. gr. fjallað um skilyrði riftunar þegar hið selda er afhent í áföngum. Í 57. gr. er rætt um rétt seljanda til skaðabóta vegna greiðsludráttar kaupanda. Í 58. gr. er kveðið á um upplýsingaskyldu kaupanda þegar hindrun hefur áhrif á möguleika til efnda. Í 59. gr. er rætt um riftunarfrest seljanda þegar kaupverðið hefur verið greitt og í 60. gr. er fjallað um réttarstöðuna ef kaupandi ákveður ekki einkenni söluhlutar þegar honum er það skylt samkvæmt samningi.

Um 51. gr.

Ákvæðið svarar til 61. gr. SÞ-samningsins. Í gildandi lögum, nr. 39/1922, er ekki sambærilegt ákvæði.

Ákvæði 1. mgr. gefur yfirlit um heimildir seljanda vegna vanefnda af hálfu kaupanda. Ákvæðið er byggt upp á sama hátt og hefur sama hlutverk og 1. mgr. 22. gr. (greiðsludráttur af hálfu seljanda) og 1. mgr. 30. gr. (galli á söluhlut) og vísast því til athugasemda við þær greinar. Skyldur kaupanda skv. VI. kafla eru greiðsla kaupverðsins (48. og 49. gr.), atbeini að efndum (a-liður 50. gr.) og að veita hlut viðtöku (b-liður 50. gr.). Til viðbótar þessu geta hvílt aðrar skyldur á kaupanda samkvæmt samningi eða samkvæmt lögum þessum, t.d. skv. IX. kafla.

Ákvæði 1. mgr. á í fyrsta lagi við ef „kaupandi greiðir ekki kaupverðið“. Er með því bæði átt við það þegar kaupverðið er alls ekki greitt og eins þegar dráttur verður á greiðslu þess. Um það hvenær um greiðsludrátt af hálfu kaupanda er að ræða vísast til athugasemda við 48. gr. Hér undir geta einnig fallið aðrar vanefndir varðandi greiðsluna, t.d. þegar greitt er með röngum gjaldmiðli eða á röngum stað.

Í öðru lagi á ákvæði 1. mgr. við ef kaupandi „fullnægir ekki öðrum skyldum sínum samkvæmt samningi eða lögum þessum“. Hér er t.d. átt við þær skyldur sem nefndar eru í 50. gr. um atbeina kaupanda að efndum.

Skilyrði þess að kaupandinn geti borið fyrir sig vanefndaúrræði skv. 1. mgr. er að vanefndir verði hvorki raktar til seljanda né atvika sem hann varða. Hér er um að ræða sama orðalag og í 22. og 30. gr. frumvarpsins og vísast til skýringa við þær greinar. Til viðbótar skal þess þó getið að meginmáli skiptir hvar orsaka vanefndanna er að leita, en ekki hvort öðrum hvorum samningsaðila er um að kenna.

Í 2. málsl. 1. mgr. kemur fram að seljandi getur haldið eftir greiðslum skv. 10. gr. ásamt því að krefjast vaxta skv. 71. gr. Þessi réttur getur verið virkt úrræði til þess að þvinga fram greiðslu. Í þeim tilvikum þar sem kaupandinn neitar að ljá atbeina sinn að efndum mun réttur seljanda til þess að halda eftir greiðslu þó hafa litla sjálfstæða þýðingu.

Þær kröfur, sem seljandi getur sett fram þegar fyrir liggja vanefndir af hálfu kaupanda, eru í fyrsta lagi krafa um efndir skv. 52. gr., í öðru lagi að rifta kaupum skv. 54. og 55. gr. og í þriðja lagi að krefjast skaðabóta skv. 57. gr. Að lokum getur seljandi haldið greiðslu sinni samkvæmt ákvæðum 10. gr. og krafist vaxta skv. 71. gr. Það segir sig sjálft að seljandi getur ekki samtímis rift kaupum og krafist efnda, en að öðru leyti útiloka mismunandi vanefndaúrræði ekki fyrirvaralaust beitingu hvert annars.

Það er undir skilyrðum viðkomandi ákvæða komið að hvaða marki einstökum úrræðum verður beitt í tilefni vanefndar. Þannig verður t.d. vaxta aðeins krafist af kaupverði þegar um greiðsludrátt er að ræða.

Ákvæði 2. mgr. tengjast því álitaefni að hvaða marki seljandi á rétt á að krefjast efnda samkvæmt aðalefni samnings á þeirri skyldu kaupanda að veita söluhlut viðtöku. Fram kemur í ákvæðinu að sinni kaupandi ekki þeirri skyldu sinni að veita söluhlut viðtöku og það verður hvorki rakið til seljanda né atvika, sem hann varða, getur seljandinn einungis krafist riftunar skv. 55. gr. eða skaðabóta skv. 2. mgr. 57. gr. eða 58. gr. Af þessum tilvísunum og með samanburði við 52. og 53. gr. sést að meginreglan er sú að seljandinn getur ekki krafist þess að kaupandinn efni samninginn *in natura* með því að veita söluhlut viðtöku. Að öðru leyti eiga við ákvæðin í XI. kafla um umönnun söluhlutar ef kaupandi veitir honum ekki viðtöku. Það felur m.a. í sér að seljandinn á rétt á skaðabótum vegna kostnaðar sem hann hefur haft af því að annast söluhlut.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er tekið fram að réttur seljanda til skaðabóta og vaxta falli ekki brott, þótt hann neyti annarra úrræða eða slíkra úrræða verði ekki neytt. Af því leiðir að þær heimildir, sem standa seljanda til boða, útiloka eins og áður segir ekki endilega hver aðra. Um röksemdir fyrir ákvæðinu vísast til þess sem segir um 1. mgr. 22. gr.

Um 52. gr.

Ákvæði þetta svarar til 79. gr., sbr. 28. gr. SÞ-samningsins. Í ákvæðinu er fjallað um rétt seljanda til þess að krefjast greiðslu, en um rétt seljanda til þess að krefjast þess af kaupanda að hann stuðli að efndum er fjallað í 53. gr. Ákvæði 52. og 53. gr. eiga sér hliðstæðu í 23. gr. frumvarpsins, sem fjallar um rétt kaupanda til þess að krefjast efnda. Í gildandi lögum er ekki ákvæði sambærilegt við frumvarpsgreinina, en í 28. gr. þeirra kemur fram að seljandinn á rétt á að halda fast við kaupin. Þá er 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar að hluta svipaðs efnis og 31. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. 52. gr. kemur fram sú meginregla að seljandinn getur haldið fast við kaupin og krafist þess að kaupandinn greiði kaupverðið. Frá þessu er þó gerð undantekning ef um greiðsludrátt er að ræða sem rekja má til stöðvunar samgangna, greiðslumiðlunar eða ann-

arra þeirra atvika sem kaupandi getur ekki stjórnað og hann fær ekki unnið bug á. Sem dæmi um atvik af þessu tagi eru t.d. verkfall í banka eða miklar vélarbilanir sem valda því að greiðsla getur ekki farið fram. Í ákvæðinu er einnig nefnd stöðvun „vegna annarra atvika". Þar gæti t.d. verið um að ræða gjaldeyrishömlur. Undantekningar þessar þykja nægilega rökstuddar með hliðsjón af samsvarandi undanþágum til handa seljanda skv. 23. gr. frumvarpsins. Tilvikin, sem hér eru höfð í huga, eru ekki með öllu óraunhæf því að gera má ráð fyrir því að óyfirstíganlegar hindranir geti staðið í vegi fyrir greiðslu á réttum tíma. Hins vegar er ljóst að þær ástæður, sem afsakað geta kaupanda, eru færri en þær sem afsaka seljandann og afhendingardrátt af hans hálfu.

Það er skilyrði skv. 1. mgr. 52. gr. að umrædd atvik valdi því að greiðsla geti ekki farið fram. Atvikin verða því að vera hindrun fyrir greiðslu. Að auki koma fram þau skilyrði að kaupandi geti ekki haft stjórn á umræddum atvikum og að hann geti ekki sigrast á þeim. Um skýringu svipaðra hugtaka má vísa til athugasemda við 1. mgr. 27. gr.

Í 2. mgr. 52. gr. er rætt um rétt kaupanda til þess að afpanta hlut og felur ákvæðið í raun í sér undantekningu frá meginreglu 1. mgr. um rétt seljanda til að krefjast efnda. Hvorki gildandi lög né SÞ-samningurinn hafa að geyma sambærilegt ákvæði og fram kemur í 2. mgr. um rétt til þess að afpanta hlut á tímabilinu frá því að kaup gerðust og þar til afhending fer fram.

Segja má að ákvæðið byggist á samspili tveggja aðalsjónarmiða. Fyrra sjónarmiðið er það að gerða samninga beri að halda. Hitt sjónarmiðið er að það stríði gegn samfélagslegum hagsmunum að láta verðmæti fara forgörðum. Regla frumvarpsins er á því byggð að síðara sjónarmiðið eigi að gilda að því er varðar pöntunarkaup, en seljandi getur hins vegar átt rétt á skaðabótum. Frá þessu er þó sú undantekning gerð að hafi stöðvun í för með sér verulegt óhagræði fyrir seljanda, eða hættu á því að hann fái ekki bætt það tap sem afpöntun hefur í för með sér, getur seljandinn haldið fast við kaupin. Afpöntun hefur svipuð áhrif og riftun að því leyti til að seljandi getur ekki haldið áfram efndum samningsins. Skilyrði riftunar og afpöntunar eru hins vegar ekki hin sömu, sem m.a. kemur fram í því að unnt er að beita afpöntun þótt ekki sé um neinar vanefndir af hálfu seljanda að ræða.

Ákvæði 1. mgr. á aðeins við um kaup á hlut sem er sérstaklega útbúinn fyrir kaupanda. Hafi kaupandi afpantað hlutinn getur seljandi samkvæmt ákvæðinu ekki haldið fast við kaupin í þrenns konar skilningi. Í fyrsta lagi getur hann ekki haldið áfram gerð hlutarins. Í öðru lagi getur hann ekki gert aðrar ráðstafanir til afhendingar hans, t.d. pantað flutning á honum. Í þriðja lagi getur seljandi ekki krafist greiðslu. Rétturinn til afpöntunar getur verið áhættusamur fyrir seljanda þar sem hann situr e.t.v. uppi með hlut sem hvorki hann sjálfur né aðrir geta nýtt. Af þeim sökum gerir ákvæðið ráð fyrir því að hann geti haldið fast við kaupin í vissum tilvikum, sem nánari grein er gerð fyrir síðar.

Ljóst er af orðum ákvæðisins að það gildir einnig í neytendakaupum. Ekki er ástæða til þess að gera undantekningu að þessu leyti varðandi þau kaup því að það sjónarmið að halda beri gerða samninga hefur þar einnig mikla þýðingu. Hins vegar leiðir það af eðli neytendakaupa að oft má líta svo á að seljandi hafi þar samþykkt rýmri afpöntunarrétt.

Eins og áður segir þarf seljandi ekki að sætta sig við afpöntun ef stöðvun hefur í för með sér verulegt óhagræði fyrir hann eða hættu á því að hann fái ekki bætt það tjón sem afpöntun hefur í för með sér. Það síðarnefnda getur t.d. átt við ef kaupandinn stendur fjárhagslega höllum fæti og einnig þegar verðmæti hlutarins er lítið sem ekkert í því ástandi, sem hann er, en líkur eru til að verðmætið aukist eftir því sem verkinu vindur fram.

Í lokamálslið 2. mgr. ræðir um skaðabætur til handa seljanda ef hann getur ekki haldið fast við kaupin. Rökin fyrir þessari reglu eru þau að afpöntunarréttuinn felur í sér frávik frá

þeirri meginreglu að gerða samninga beri að halda. Af þeim sökum er eðlilegt að seljandi eigi rétt á bótum. Kaupandi verður því að greiða bætur í samræmi við þær almennu reglur sem notaðar eru við mat á fjárhæð skaðabóta í kafla X.

Í 3. mgr. kemur fram sú regla að hafi hlutur enn ekki verið afhentur glati seljandi rétti sínum til þess að krefjast efnda ef hann bíður óhæfilega lengi með að setja fram slíka kröfu. Af ákvæðum 3. mgr. leiðir að hún gildir aðeins þegar hlutur hefur ekki verið afhentur, þ.e. í þeim tilvikum þegar endurgjaldið hefur verið greitt fyrir fram að öllu leyti eða nokkru. Eftir að hlutur hefur verið afhentur á 3. mgr. hins vegar ekki við. Rökin fyrir því eru þau að með afhendingu kemur fram skýr viljayfirlýsing um það af hálfu seljanda að hann vænti efnda af hálfu kaupanda.

Um 53. gr.

Ákvæði þetta ásamt ákvæði 52. gr. frumvarpsins svarar til 79. gr, sbr. 28. gr. SÞ-samningsins. Í ákvæðinu segir að um rétt seljanda til að krefjast efnda á þeirri skyldu kaupanda að stuðla að efndum gildi ákvæði 23. gr. eftir því sem við á.

Ákvæðið tekur einkanlega til þess atbeina kaupanda sem nefndur er í a-lið 50. gr. Verið getur að kaupandinn hafi í samningi tekið á sig aðrar skyldur til að ljá atbeina sinn til efnda og á ákvæðið þá einnig við. Aftur á móti fellur skylda kaupanda til þess að veita hlut viðtöku skv. b-lið 50. gr. utan ákvæðisins, sbr. athugasemdir við 2. mgr. 51. gr. frumvarpsins. Hugtakið „að stuðla að efndum“ nær sennilega til flestra skyldna sem geta hugsanlega hvílt á kaupanda samkvæmt samningnum. Ef um fleiri skyldur er að ræða er eftir atvikum unnt að beita 53. gr. með lögjöfnun.

Rétturinn til þess að krefjast efnda á þeirri skyldu kaupanda að hann stuðli að efndum er hliðstæður rétti kaupanda til þess að krefjast efnda skv. 23. gr. frumvarpsins. Við hagsmunamat skv. 23. gr. verður að taka sérstakt tillit til þess að atbeini kaupandans getur við ákveðnar aðstæður verið algjör forsenda þess að seljandi geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningnum. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 23. gr. frumvarpsins.

Um 54. gr.

Hvað riftun sem vanefndaúrræði varðar þykir hentugt að greina á milli greiðsluskyldunnar annars vegar og annarra skyldna hins vegar. Ákvæði þetta á því aðeins við um vanefndir á greiðsluskyldunni, en um skilyrði riftunar þegar kaupandi stuðlar ekki að efndum er rætt í 55. gr., sbr. einnig 59. gr. sem fjallar um riftunarfrest. Af öðrum riftunarreglum frumvarpsins má nefna 25., 26. og 39. gr. um riftunarrétt kaupanda við afhendingardrátt seljanda eða galla á söluhlut. Um riftun þegar afhenda á hið selda í áföngum eða vegna fyrirsjáanlegra vanefnda ræðir í 56. og 62. gr.

Um skilyrði riftunar vegna vanefnda kaupanda er fjallað í 64. gr. SÞ-samningsins. Í 28. gr. gildandi kaupalaga, nr. 39/1922, ræðir aðeins um rétt til riftunar vegna greiðsludráttar kaupanda. Þótt ekki komi það beinlínis fram í orðalagi 54. gr. frumvarpsins er það ætlunin að ákvæðið nái einnig til annarra ágalla varðandi greiðsluna en greiðsludráttar, t.d. þegar greitt er í rangri mynt, sbr. og athugasemdir við 48. gr.

Í 1. mgr. 54. gr. kemur fram meginreglan um rétt seljanda til riftunar. Þess er krafist að kaupandi hafi vanefnt verulega greiðsluskyldu sína samkvæmt samningi eða ákvæðum laga. Vanefndin getur ýmist verið til komin vegna þess að greitt er of seint eða alls ekki og vanefndin getur einnig varðað innihald greiðsluskyldunnar, t.d. að greitt sé á röngum stað, með

röngum hætti eða með röngum greiðslumiðli. Skilyrði riftunar er að vanefndir kaupanda séu verulegar. Riftunin sjálf verður að fara fram með munnlegri eða skriflegri yfirlýsingu og ber kaupandi áhættuna af sendingu tilkynningarinnar, sbr. 82. gr.

Yfirlýsing seljanda verður að vera ótvíræð um að hann rifti kaupum. Viðvörun vegna hugsanlegrar riftunar síðar er ekki nægileg í þessu efni og ekki heldur fyrirspurn. Riftunin er bindandi fyrir seljandann þegar yfirlýsingin er komin til kaupanda og hann getur ekki afturkallað hana eftir það tímamark. Þetta þýðir með öðrum orðum að afturköllun fær því aðeins gildi að hún komi til kaupanda samtímis eða áður en sjálf riftunaryfirlýsingin.

Um skilgreiningu á því hvenær vanefndir teljast verulegar vísast til athugasemda við 25. og 39. gr. Sá áskilnaður að vanefndir þurfi að vera verulegar á við hvort heldur sem kaupandinn á að staðgreiða kaupverðið gegn móttöku söluhlutar eða t.d. greiða það gegn móttöku skjala. Eigi að síður geta greiðsluskilmálarnir haft þýðingu við mat á því hvort skilyrðinu um verulegar vanefndir er fullnægt eða ekki. Einnig getur í því sambandi verið rétt að líta til eðlis kaupanna. Í verslunarkaupum getur greiðsludráttur, þótt stuttur sé, haft veruleg áhrif á hagsmuni seljanda. Þá skiptir það og máli hvort um greiðsludrátt varðandi allt kaupverðið er að ræða eða einungis lítinn hluta þess.

Í 2. mgr. er fjallað um rétt seljanda til riftunar þegar kaupandi greiðir ekki kaupverðið innan sanngjarns viðbótarfrests, sem seljandinn hefur sett honum til efnda. Gildir þá ekki sá áskilnaður að vanefndir séu verulegar. Málsgreinin á aðeins við um það tilvik þegar kaupandi greiðir ekki kaupverðið. Hún á ekki við um seinkun sem verður áður en viðbótarfrestur rennur út. Ef kaupandi greiðir röngum aðila eða á röngum stað eða með röngum greiðslueyri, þannig að seljandi er ekki skyldur til að veita greiðslu viðtöku, á málsgreinin ekki beint við, en sennilega má þó fella þessi tilvik undir hana með lögjöfnuði. Riftun getur ekki farið fram fyrr en eftir að viðbótarfresturinn er úti, en einnig fyrir þann tíma ef seljandi hefur veitt tilkynningu viðtöku frá kaupanda um að hann ætli ekki að efna skuldbindingar sínar. Ákvæði þetta er að öðru leyti sambærilegt við 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins og ber að skýra á svipaðan hátt.

Í 3. mgr. kemur fram að seljandi getur ekki rift kaupum meðan viðbótarfrestur líður nema því aðeins að kaupandinn hafi lýst því yfir að hann muni ekki efna sinn hlut á þeim tíma. Um skýringu þessa ákvæðis vísast til athugasemda við sambærilegt ákvæði í 3. mgr. 25. gr.

Í 4. mgr. kemur fram takmörkun á rétti seljanda til riftunar þegar kaupandinn hefur þegar veitt söluhlut viðtöku. Seljandinn getur þegar svo stendur á því aðeins rift að hann hafi gert um það fyrirvara eða kaupandinn hafni hlutnum. Til viðbótar verður almennum skilyrðum riftunar skv. 1.–3. mgr. einnig að vera fullnægt. Fyrirvari af því tagi, sem hér var nefndur, getur verið orðaður beint eða óbeint.

Framangreind skírskotun til þess að kaupandinn hafni hlutnum á við þegar kaupandinn hafnar honum af öðrum ástæðum en vegna vanefnda af hálfu seljanda. En ákvæðið getur einnig átt við ef kaupandinn hafnar hlutnum með vísun til vanefnda af hálfu seljanda, sem seljandinn mótmælir, jafnhliða því að seljandinn riftir kaupum vegna greiðsludráttar.

Í síðari málslið 4. mgr. 54. gr. kemur fram nokkru rýmri réttur til riftunar í alþjóðlegum kaupum. Seljandinn getur rift kaupum á grundvelli almennra skilyrða þegar kaupandinn hefur veitt söluhlut viðtöku, án þess að hafa gert um það sérstakan fyrirvara. Það er þó jafnan skilyrði að riftunin hafi ekki áhrif á rétt þriðja manns yfir hlutnum. Samkvæmt greininni er bú kaupanda einnig talið til þriðja manns. Reglu þessari er bætt við ákvæðið vegna tengslanna við SÞ-samninginn, sbr. 64. og 4. gr. hans.

Um 55. gr.

Um tengsl 55. gr. frumvarpsins við SÞ-samninginn vísast til athugasemda við 54. gr. hér að framan. Ákvæði 54. gr. gilda um riftun vegna greiðsludráttar, en 59. gr. fjallar um riftunarfrest. Af öðrum riftunarákvæðum má einnig nefna 25., 26. og 39. gr. um riftunarrétt kaupanda við afhendingardrátt seljanda og vegna galla á söluhlut. Um riftun þegar afhenda á hið selda í áföngum og vegna fyrirsjáanlegra vanefnda er rætt í 56. og 62. gr., sbr. 44. gr. Samkvæmt gildandi lögum hefur seljandi ekki rétt til riftunar þegar kaupandi stuðlar ekki að efndum, nema svo hafi sérstaklega verið um samið, sbr. 33. gr.

Í 1. mgr. kemur fram almennt skilyrði riftunar þegar kaupandinn stuðlar að efndum. Fyrri málsliður 1. mgr. á við um þann atbeina, sem nefndur er í a-lið 50. gr., og eftir atvikum annan atbeina sem um kann að hafa verið samið. Ef kaupandinn hefur tekið á sig aðrar skyldur sem ekki er unnt að skilgreina sem atbeina að efndum er eftir atvikum hægt að beita ákvæðinu með lögjöfnun. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 53. gr. frumvarpsins.

Skilyrði riftunar er sambærilegt þeim skilyrðum, sem fram koma í 1. mgr. 25., sbr. 1. mgr. 39. og 1. mgr. 54. gr., og vísast til skýringa við þær greinar. Þar sem ákvæði þetta fjallar um vanefndir á aukaskyldum kaupanda er yfirleitt sanngjarnt að leggja hér til grundvallar nokkuð strangara mat varðandi skilyrðið um verulegar vanefndir en þegar um vanefndir á afhendingar- eða greiðsluskyldunni sjálfri er að ræða. Riftun getur t.d. verið raunhæft úrræði þegar seljandinn á að búa hlutinn til og vanræksla kaupanda á því að ljá atbeina sinn að efndum hefur skaðleg áhrif á athafnir eða rekstur seljanda að öðru leyti. Þetta getur t.d. átt við þegar um er að ræða kaup á skipi sem á að smíða fyrir kaupanda og vanræksla kaupanda veldur því að skipið stendur í slipp hjá seljanda, tekur þar pláss og stendur í vegi fyrir því að seljandi geti tekið að sér önnur verkefni.

Það er ekki hvað síst í pöntunarkaupum, sem sú staða getur komið upp að kaupandinn vanefnir bæði skylduna til þess að ljá atbeina sinn að efndum og skylduna til þess að greiða hluta verðsins, meðan á tilbúningi hlutar stendur. Í slíkum tilvikum er yfirleitt sanngjarnt að meta réttinn til riftunar með hliðsjón af þeim sameiginlegu áhrifum sem vanefndirnar valda.

Í síðari málslið 1. mgr. 55. gr. ræðir um riftunarrétt seljanda þegar kaupandinn veitir ekki söluhlut viðtöku í samræmi við fyrirmæli b-liðar 50. gr. Þegar kaupandi lætur hjá líða að veita söluhlut viðtöku getur það oft verið vísbending um að hann muni ekki heldur greiða kaupverðið. Í því tilviki getur seljandinn eftir atvikum rift kaupunum í samræmi við ákvæði 62. gr. Þótt skilyrði til þess að rifta kaupum áður en að afhendingu kemur séu ekki fyrir hendi, getur seljandinn borið fyrir sig ákvæði 54. gr. ef vanræksla kaupanda á að veita söluhlut viðtöku verður samtímis því að hann greiðir ekki. Ef kaupandinn greiðir kaupverðið án þess þó að vilja veita söluhlut viðtöku veldur það seljanda yfirleitt engum vandkvæðum. Að því marki sem slíkt veldur kostnaði vegna geymslu hlutarins á seljandinn þó rétt á skaðabótum af því tilefni, sbr. ákvæði 72.–78. gr.

Seljandinn hefur ekki þörf fyrir að rifta kaupum af þeirri ástæðu einni að kaupandi veitir söluhlut ekki viðtöku, nema því aðeins að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að losna við hlutinn og er riftunarrétturinn samkvæmt ákvæðinu því takmarkaður við slík tilvik. Þess konar sérstakra hagsmuna á seljandinn einkum að gæta þegar það að losna við hlutinn er sjálfstæður tilgangur kaupanna ásamt þeim hagsmunum að fá greiðslu. Sem dæmi um slíkt má nefna kaup um hús sem selt er til niðurrifs og sölu á vörum af lager sem á að tæma. Slíkt dæmi er einnig sala verksmiðju á eitruðum úrgangsefnum sem á að endurvinna.

Seljandinn hefur rétt til að rifta kaupum skv. 2. mgr. 55. gr. þegar kaupandinn stuðlar ekki að efndum innan hæfilegs viðbótarfrests, sem seljandinn hefur sett honum til efnda. Sama á við þegar kaupandinn veitir ekki hlut viðtöku áður en slíkur frestur er liðinn. Í því tilviki

gildir sama skilyrði og fram kemur í 1. mgr., þ.e. að seljandinn hafi sérstaka hagsmuni af því að losna við hlutinn. Ákvæðið svarar til 2. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 54. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þær greinar.

Við mat á því hvað telst sanngjarn viðbótarfrestur verður að líta til þess um hvers konar skyldu er að ræða. Fresturinn verður að veita kaupanda — eða kaupendum yfirleitt í svipaðri stöðu — sanngjarnt og raunverulegt færi á því að efna viðkomandi skyldu. Ekki er unnt að ætlast til þess að seljandinn taki tillit til einstaklingsbundinna þarfa og stöðu kaupanda. En það gildir hér sem endranær að réttinn til þess að setja viðbótarfrest á ekki að vera unnt að nota til þess að skapa stöðu til riftunar á grundvelli vanefnda sem eru augljóslega óverulegar.

Um skýringar á 3. mgr. 55. gr. frumvarpsins vísast til athugasemda sem fram koma í skýringum við 3. mgr. 54. gr.

Um 56. gr.

Frumvarspgreinin svarar til 73. gr. SÞ-samningsins. Ákvæði 29. gr. laga nr. 39/1922 er sambærilegt við 2. mgr., en í gildandi lögum er hins vegar ekki regla sambærileg 1. mgr. Frumvarpsgreinin á ekki aðeins við um greiðsluvanefndir heldur einnig vanefndir kaupanda á skyldunni til að stuðla að efndum. Þau réttindi, sem seljandinn hefur samkvæmt frumvarpsgreininni, eru mjög hliðstæð réttindum kaupanda skv. 44. gr. Greinin á við um riftun vegna allra vanefnda kaupanda við áfangaskyldur hans. Um vanefndir er því ekki aðeins að ræða þegar kaupandi vanrækir greiðsluskyldu sína, sbr. 54. gr. heldur einnig þegar hann hefur vanefnt aðrar skyldur í sambandi við kaupin, sbr. 55. gr., sbr. einnig 50. gr. og 1. mgr. 51. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er fjallað um tilvik þegar seljandinn á að afhenda hið selda í áföngum og efndir af hálfu kaupanda haldast í hendur við afhendingu seljanda. Í ákvæðinu felst hið sama og í 1. mgr. 44. gr., litið er á hverja afhendingu sem sjálfstæð kaup að því er riftunarréttinn varðar. Seljandinn getur við vanefndir rift kaupum að því er hverja einstaka afhendingu varðar og skilyrði þessa eru metin út frá viðkomandi afhendingu. Tilvísun 1. mgr. 56. gr. til 54. gr. frumvarpsins felur það m.a. í sér að vanefndir þær, sem hér um ræðir, verða að vera verulegar, eða að viðbótarfresti hafi ekki verið sinnt. Enn fremur felst í tilvísuninni að riftun kann að taka til afhendinga sem kaupandi hefur þegar veitt viðtöku, sbr. 4. mgr. 54. gr. Loks eiga ákvæði 59. gr. við um riftunarfresti.

Ákvæði 2. mgr. heimila seljanda rétt til riftunar að því er síðari afhendingar varðar með sömu skilyrðum og fram koma í 2. mgr. 44. gr. varðandi riftunarheimild kaupanda. Ólíkt því sem gildir um riftun skv. 62. gr. er það skilyrði að þegar séu til staðar vanefndir varðandi eina einstaka afhendingu. Vanefndir verða að vera slíkar, þ.e. þess eðlis og með þeim hætti að þær veiti „réttmæta ástæðu til að ætla“ að riftunarréttur skapist að því er síðari afhendingar varðar. Hugtakið „réttmæt ástæða“ ber að skýra með hliðsjón af því sem segir í athugasemdum við 2. mgr. 44. gr. Sem dæmi um það þegar ekki er ástæða til að óttast frekari vanefndir varðandi síðari afhendingar má t.d. nefna það tilvik þegar vanefndir eiga rót að rekja til misskilnings milli samningsaðila, eða hún er vegna tímabundinnar hindrunar, sem kaupandi gat ekki með góðu móti komið í veg fyrir og ekki er um að kenna vilja- eða getuleysi hans til þess að greiða.

Það er ekki skilyrði riftunar skv. 2. mgr. að seljandinn rifti kaupum einnig að því er fyrstu afhendingu varðar. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 2. mgr. 44. gr.

Um 57. gr.

Í SÞ-samningnum er mælt fyrir um skilyrðin fyrir lausn undan bótaskyldu í 79. og 80. gr. Í 30. gr. gildandi kaupalaga er aðeins rætt um bótaábyrgð í því tilviki þegar seljandi riftir kaupum. Í 57. gr. er aðeins fjallað um bótaskylduna, en reglur um fjárhæð bóta eru í 67.–70. gr. Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við hvort heldur seljandinn hefur rift kaupum eða ekki. Það hvort kaupum hefur verið rift eða ekki hefur hins vegar áhrif á það hvað fæst bætt og hvað ekki. Samsvarandi ákvæði um ábyrgð seljanda eru í 27. og 28. gr. (greiðsludráttur) og í 40. gr. (gallar). Ákvæði um vexti eru í 71. gr.

Ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. eru í öllum aðalatriðum orðuð líkt og 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins. Skaðabótaábyrgð kaupanda á greiðsludrætti byggist á hinni svokölluðu stjórnunarábyrgð. Eins og í 1. mgr. 52. gr. eru stöðvun samgangna og greiðslumiðlunar sérstaklega nefnd sem dæmi um efndahindranir sem kaupandinn fær ekki ráðið við, enda eru þetta þau tilvik sem ætla má að hvað raunhæfust séu.

Í afpöntun af hálfu kaupanda skv. 2. mgr. 52. gr. felst bæði að hann vill hvorki veita söluhlut viðtöku né fullnægja greiðsluskyldu sinni. Ástæður þess að kaupandi afpantar byggjast yfirleitt ekki á því að hindrun komi í veg fyrir greiðslu. Kaupandinn ber því jafnan skaðabótaábyrgð gagnvart seljanda vegna tjóns sem afpöntunin veldur, eins og fram kemur í 2. mgr. 52. gr. Þegar um er að ræða kostnað við að annast um söluhlut fer um bótaábyrgð skv. 75. gr. Um nánara inntak stjórnunarábyrgðar vísast til almennra athugasemda og skýringa við 27. gr.

Samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. 57. gr. gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 27. gr. eftir því sem við getur átt. Kaupandinn ber með öðrum orðum sambærilega ábyrgð á aðstoðarmönnum sínum og seljandinn gerir. Í tilvísuninni felst einnig að greiðsluhindrun leysir aðeins undan ábyrgð meðan hún varir.

Í frumvarpsgreininni er ekki vísað til 4. og 5. mgr. 27. gr. Í því felst að þegar um vanefndir á greiðslum er að ræða ber kaupandinn sömu ábyrgð hvort sem um beint eða óbeint tjón er að ræða. Það styðst að hluta til við þau rök að slíkar vanefndir munu nánast í öllum tilvikum óhjákvæmilega valda seljanda beinu tjóni. Þá er að hluta tekið tillit til eðlis greiðsluskyldunnar, en af því eðli leiðir að ekki er rétt að láta sömu sjónarmið gilda um hana og skyldur seljanda vegna dráttar á afhendingu söluhlutar.

Ákvæði 2. mgr. eiga í fyrsta lagi við þegar kaupandi stuðlar ekki að efndum á þann hátt sem um ræðir í a-lið 50. gr. Þar að auki gildir ákvæðið einnig þegar kaupandi stuðlar ekki að efndum að öðru leyti, sbr. athugasemdir við 53. gr. Einnig tekur ákvæðið til þess þegar kaupandi veitir hlut ekki nógu snemma viðtöku samkvæmt ákvæðum í b-lið 50. gr. Í öllum þessum tilvikum ber kaupandi ábyrgð samkvæmt ákvæðum 27. gr. Þetta felur í sér þann mun í samanburði við 1. mgr. að kaupandi ber hér aðeins sakarábyrgð að því er varðar óbeint tjón.

Að öðru leyti er ábyrgð kaupanda svipuð hvort sem um er að ræða 1. eða 2. mgr. Þó er vakin athygli á því að í b-lið 2. mgr. er það skilyrði bótaábyrgðar að seljandi hafi sérstaka hagsmuni af því að losna við söluhlut. (Sjá athugasemdir við 55. gr.)

Ákvæðið felur ekki í sér reglur um rétt seljanda til að krefjast bóta fyrir að annast söluhlut í þeim tilvikum þegar kaupandi veitir hlut ekki viðtöku. Bætur vegna slíka útgjalda verða að styðjast við 75. gr.

Um 58. gr.

Frumvarpsgrein þessi, sem er nýmæli, leggur þær skyldur á kaupanda að tilkynna seljanda um hindrun og áhrif hennar á möguleika sína til að efna kaupin. Samkvæmt greininni ber

seljandi hlutlæga ábyrgð á því tjóni sem unnt var að komast hjá ef tilkynnt hefði verið skv. 58. gr. Tilkynningarskyldan gildir einnig að því er varðar hindranir sem kaupandi ber ekki ábyrgð á skv. 57. gr. Orðalag 58. gr. er í samræmi við orðalag 28. gr. um upplýsingaskyldu seljanda í sambærilegum tilvikum og vísast því til skýringa við þá grein.

Um 59. gr.

Ákvæðið svarar til 2. mgr. 64. gr. SÞ-samningsins. Í gildandi kaupalögum er sambærilegt ákvæði í 32. gr., en það ákvæði á þó aðeins við um drátt er varðar greiðslu kaupverðs.

Ákvæði þetta á við um frest seljanda til að rifta kaupum þegar kaupverðið hefur verið greitt og skilyrði riftunar skv. 54. og 55. gr. og 1. mgr. 56. gr. eru fyrir hendi. Af ákvæðinu leiðir að seljandi glatar rétti sínum til að rifta kaupum ef það er ekki gert innan þeirra tímamarka sem fram koma í 59. gr.

Meðan kaupverðið hefur ekki verið greitt getur seljandinn krafist riftunar að því tilskildu að skilyrðin séu fyrir hendi. Á það við hvort heldur grundvöllur riftunar er greiðsludráttur eða annars konar vanefndir af hálfu kaupanda. Þegar svo hagar til byrjar enginn frestur samkvæmt frumvarpsgreininni að líða. Rökin eru þau að seljandi á að geta beðið eftir greiðslu án þess að glata vanefndarúrræðum. Hér kemur einnig til að seljandi hefur oft ekki næga yfirsýn yfir vanefndirnar og afleiðingar þeirra fyrr en greiðsla hefur átt sér stað.

Þegar greiðsla hefur í raun verið innt af hendi hefur seljandinn veitt aðalgreiðslu kaupandans viðtöku. Það er því ekki sanngjarnt í slíkum tilvikum að seljandinn geti dregið það óeðlilega lengi að setja fram kröfu um riftun.

Riftunarfrestir samkvæmt frumvarpsgreininni eiga einnig við um greiðslu í áföngum. Þegar samið er um afhendingu og greiðslur í áföngum skv. 56. gr. getur verið erfitt að beita 59. gr. Sanngjarnt virðist að láta reglurnar í 59. gr. gilda um hverja einstaka afhendingu skv. 1. mgr. 56. gr., þannig að frestur skv. 59. gr. verði virkur þegar viðkomandi greiðsla hefur farið fram, en ekki þá fyrst er heildargreiðslan hefur verið innt af hendi. Engir frestir gilda hins vegar þegar um er að ræða fyrirsjáanlegar vanefndir skv. 62. gr.

Skilyrðið um það að frestir byrji ekki að líða fyrr en kaupandi hefur greitt gildir eins og áður segir án tillits til þess hvaða skylda kaupanda er vanefnd. Þannig skiptir t.d. ekki máli hvort um er að ræða skyldu kaupanda til að veita hlutnum viðtöku eða aðrar skyldur.

A-liður frumvarpsgreinarinnar er þannig orðaður að hann á almennt við um drátt á efndum af hálfu kaupanda, hvort sem um er að ræða drátt er varðar greiðsluskylduna, viðtöku sölulhlutar eða annan atbeina að efndum. Seljandinn verður í þessum tilvikum að hafa tilkynnt um riftun áður en hann fékk vitneskju um efndir viðkomandi skyldu. Gegn slíkri reglu má halda því fram að hún geti haft það í för með sér að riftunarrétturinn ráðist af tilviljunarkenndum atvikum, t.d. því hversu oft viðskiptabanki seljanda tilkynnir um greiðslur inn á reikning seljanda. Á hinn bóginn má leiða að því rök að lítil sanngirni sé í því fólgin að útiloka réttmæta riftunarkröfu eftir að dráttur á efndum hefur í raun átt sér stað, þ.e. riftunarkröfu sem seljandinn hefur sett fram í góðri trú um vanefndir kaupanda.

Dráttur á efndum getur orðið með þeim hætti að greitt er of seint eða að greitt er með ófullnægjandi hætti, t.d. ef seljandi hefur hafnað greiðslu þar sem greitt er á röngum stað eða með röngum gjaldmiðli. Ef seljandi hafnar ekki strax slíkri tilraun til efnda á b-liður við ætli seljandi samt sem áður að bera fyrir sig vanefndina. Umræddur stafliður, þ.e. a-liður, gildir einnig um skylduna til að veita hlut viðtöku og þegar aukaskyldum er fullnægt of seint. Hugsanlegt er að þessar skyldur skiljist að, t.d. þegar kaupandi greiðir vöru en veitir henni ekki viðtöku. Í slíku tilviki glatar seljandi ekki rétti sínum til riftunar fyrr en hann hefur fengið vitneskju um að kaupandi hefur veitt hlut viðtöku. Hugsanlegt er loks að greiðsludráttur

varði fleiri en eina skyldu t.d. bæði skylduna til að greiða kaupverðið og skylduna til að veita hlut viðtöku. Seljandinn glatar hér rétti til riftunar þegar hann hefur fengið greiðslu, en hann heldur eftir atvikum rétti sínu til riftunar vegna viðtökudráttar, þar til hann fær að vita að kaupandi hefur veitt hlut viðtöku.

Í b-lið er skírskotað til annars konar vanefnda en greiðsludráttar, t.d. skorts á því að ljá atbeina sinn að efndum. Hér miðast upphafstími frestsins við það tímamark þegar seljandinn fékk vitneskju um vanefndina, eða það tímamark þegar viðbótarfrestur skv. 2. mgr. 52. gr. er liðinn. Seljandinn verður í því tilviki að rifta kaupum innan hæfilegs tíma þar á eftir. Aðrar vanefndir en dráttur geta t.d. verið þegar kaupandi afhendir „gallaða“ greiðslu, sem seljandi veitir viðtöku, t.d. þegar greiðsla fer fram á röngum stað eða með röngum gjaldmiðli. Ekki þykir ástæða til þess að mæla fyrir um sérstaka tilkynningu varðandi skaðabótakröfur, sbr. athugasemdir við 29. gr. Eru ákvæði frumvarpsgreinarinnar að þessu leyti í samræmi við 2. mgr. 64. gr. SÞ-samningsins.

Um 60. gr.

Frumvarpsgrein þessi veitir seljanda rétt til að ákveða lögun söluhlutar, mál eða aðra eiginleika hans þegar svo stendur á að kaupandi ákveður ekki þessi einkenni samkvæmt ákvæðum samningsins. Ákvæði þetta á við þegar eiginleikar söluhlutar eru ekki tilgreindir í einstökum atriðum í samningi, en eigi að síður er ráð fyrir því gert eða um það samið að kaupandinn skuli tilgreina eiginleikana seinna. Hefur ákvæðið sérstaka þýðingu í pöntunarkaupum, en það á einnig við þegar seljandinn á að útvega hlut sérstaklega fyrir kaupanda. Greinin er í samræmi við 65. gr. SÞ-samningsins. Í gildandi kaupalögum, nr. 39/1922, er ekki sambærilegt ákvæði.

Í mörgum tilvikum er eðlilegt fyrir seljanda að rifta kaupum og krefjast skaðabóta ef kaupandi sérgreinir ekki eiginleika söluhlutar í samræmi við skyldu sína, þ.e. hann tekur ekki afstöðu til þess hver skuli vera einkenni hans eða eiginleikar. Vanræksla kaupanda í þessum efnum þarf ekki alltaf að skipta miklu máli, eða hún gefur ekki tilefni til riftunar. Þá er að vísu sá möguleiki fyrir hendi að sækja kaupanda til skaðabóta, en einnig í því tilviki má vera að seljandi megi búast við mótmælum eða gagnkröfum. Almennt má segja að 60. gr. feli í sér úrræði sem geti komið í veg fyrir riftun eða skaðabótakröfur og deilur milli samningsaðila.

Sérgreining getur snúist um lögun hlutar, mál eða aðra eiginleika, t.d. gæði, tæknilega útfærslu, árgerð, lit, tísku o.fl. Frumvarpsgreinin getur sérstaklega skipt máli við pöntun á árstíðabundnum vörum. Það er skilyrði samkvæmt greininni að kaupandi hafi samningsbundnar skyldur til að ákveða nánari sérgreiningu hlutarins.

Þegar kaupandi hefur sérgreint söluhlut í samræmi við ákvæði samnings, verður sérgreiningin hluti samningsins og bindandi fyrir báða aðila. Af því leiðir að kaupandi getur ekki síðar breytt sérgreiningunni einhliða.

Í 1. mgr. kemur fram heimild til handa seljanda, að ákveðnum skilyrðum fullnægðum, til að ákveða eiginleika hins selda. Frumskilyrði er að kaupandinn hafi ekki gert það á umsömdum tíma eða innan hæfilegs tíma eftir að hafa fengið um það hvatningu frá seljanda. Umsaminn tími getur verið ákveðinn beint í samningnum, t.d. með tiltekinni dagsetningu eða ákveðnum fresti.

Seljandinn hefur ekki að öllu leyti frjálsar hendur til að ákveða eiginleika hins selda því að það verður að gerast í samræmi við það sem seljandi telur vera hagsmuni kaupanda. Ella getur niðurstaðan af ákvörðunum seljanda í þeim efnum orðið sú að kaupandinn fái í hendur hlut, sem ekki nýtist honum og teljist eftir atvikum gallaður. Það er því mikilvægt að seljand-

inn sýni varkárni í þessum efnum. Skv. 2. málsl. 1. mgr. er seljandinn bundinn við það sem hann „má ætla“ að séu hagsmunir kaupanda. Í flestum tilvikum má leggja til grundvallar þekkingu seljanda og starfsmanna hans á hagsmunum kaupandans miðað við samningaviðræður aðila og þau viðskiptaskjöl sem fyrir liggja. Yfirleitt verður einnig að leggja til grundvallar þá hagsmuni sem kaupendur í samsvarandi stöðu hafa venjulega. Ef seljandi gætir ekki þessara sjónarmiða verður afleiðingin sú að sérgreiningin verður ekki bindandi fyrir kaupandann. Seljandi á venjulega ekki í miklum erfiðleikum með sérgreiningu þegar um er að ræða hluti sem hann hefur á lager og seldir eru á venjulegum markaði. Í pöntunarkaupum og þegar um sérhannaða hluti er að ræða er staðan hins vegar önnur. Í sumum tilvikum má vera að sérgreining hlutar sé komin undir sérstökum smekk kaupanda. Jafnvel í þessum tilvikum getur kaupandi orðið bundinn við sérgreiningu seljanda ef hann víkur sér hjá henni sjálfur. Hins vegar er ljóst að seljandi er í miklum vanda staddur í þessum tilvikum, m.a. vegna þess að óhagstæð sérgreining fyrir seljanda gerir rétta framkvæmd samningsins óöruggari. Af þessum sökum m.a. kemur það ekki undarlega fyrir sjónir að skv. 3. málsl. 1. mgr. stendur réttur seljanda til að sérgreina ekki í vegi fyrir því að hann geti kosið að beita öðrum vanefndarúrræðum, jafnvel þótt hann hafi séð um sérgreininguna. Af þessu sökum gæti hann t.d. tekið þá ákvörðun að rifta kaupsamningnum og krefjast skaðabóta skv. 2. mgr. 57. gr.

Í 2. mgr. koma fram frekari skilyrði gangvart seljanda í þeim tilvikum þegar hann sjálfur ákvarðar einkenni hins selda. Seljandinn verður að upplýsa kaupandann um þau einkenni, sem hann hefur tekið ákvörðun um, og veita jafnframt kaupanda færi á að breyta þeim. Ef kaupandinn neytir ekki slíkra úrræða verður ákvörðun seljanda bindandi. Í því felst að kaupandinn getur ekki borið fyrir sig vanefndaúrræði af því tilefni að eiginleikar hins selda séu ekki í samræmi við óskir hans.

Kaupandinn getur heldur ekki losnað undan skyldum sínum samkvæmt samningnum með því að halda því fram að kaupin hafi verið bundin því skilyrði að kaupandinn tæki sjálfur ákvörðun um eiginleika hins selda. Ákvæðið veitir samkvæmt þessu seljandanum heimild til þess að halda fast við kaupin, einnig í þeim tilvikum þar sem skortur á atbeina kaupanda byggðist einmitt á óskinni um að losna frá samningnum. Seljandinn getur á hinn bóginn ekki með vísun til 60. gr. frumvarpsins komið í veg fyrir að kaupandinn afpanti hlut með vísan til reglu 2. mgr. 52. gr., svo fremi sem skilyrði afpöntunar eru til staðar.

Skilyrði þess að ákvarðanir seljanda um eiginleika söluhlutar verði bindandi fyrir kaupanda er að kaupandi hafi fengið tilkynningu frá seljanda þar sem honum er veittur hæfilegur frestur til að breyta einkennunum. Leiðir þetta ótvírætt af 2. málsl. 2. mgr. sem í þessu tilviki gengur framar almennum ákvæðum 82. gr. um áhættuna af sendingu tilkynninga. „Hæfilegur frestur“ reiknast frá þeim tíma þegar kaupandi veitti tilkynningu viðtöku. Við mat á frestinum ber að taka tillit til hagsmuna beggja aðila.

Um VIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eiga fyrst og fremst við um þau tilvik þegar enn er ekki um neinar vanefndir á samningsskyldu að ræða, en slíks er að vænta. Þá eiga ákvæði kaflans einnig við þegar um gjaldþrotaskiptameðferð á búi annars samningsaðila er að ræða. Ákvæði kaflans gilda bæði um kaupanda og seljanda. Í 61. gr. kemur fram sú regla að samningsaðili getur stöðvað efndir af sinni hálfu og haldið eftir greiðslu sinni vegna fyrirsjáanlegra vanefnda gagnaðila. Í 62. gr. er fjallað um riftun aðila vegna fyrirsjáanlegra vanefnda gagnaðila og í 63. gr. ræðir um áhrif gjaldþrots samningsaðila á efndir samnings.

Um 61. gr.

Ákvæðið veitir aðila rétt til að stöðva efndir og halda eftir eigin greiðslu þegar vænta má vanefnda af hálfu gagnaðila. Þó verða nánar ákveðin atvik að liggja fyrir, sem skjóta stoðum undir þær ályktanir að um vanefndir muni verða að ræða. Ákvæði þetta er sambærilegt 71. gr. SÞ-samningsins. Í gildandi kaupalögum, nr. 39/1922, er að nokkru fjallað um sama álitaefni í 39. gr.

Rétturinn skv. 61. gr. nær í fyrsta lagi til þess að stöðva efndir og í öðru lagi til þess að halda eftir greiðslum. Í víðri merkingu tekur hugtakið „stöðvunarréttur“ til beggja þessara heimilda. Líta má á þennan rétt sem stuðning við aðalregluna um að greiðsla skuli koma á móti greiðslu.

Hugtakið að „stöðva“ efndir táknar bæði að hætta þeim alveg og einnig að fresta þeim um stundarsakir. Hugtakið tekur einnig til þess að hætta frekari undirbúningi efnda sem þegar var hafinn.

Að því er varðar kaupanda getur verið raunhæft að stöðva undirbúning að greiðslum og/eða undirbúning þess að veita vöru viðtöku. Hér getur t.d. verið um það að ræða að fresta lántöku, frestun á því að gefa út skuldaskjal eða frestun þess að greiða fyrir fram. Varðandi seljanda gefur ákvæðið færi á að fresta framleiðslu, fresta því að panta hráefni í framleiðsluvörur eða fresta afhendingu.

Hins vegar veitir ákvæðið ekki rétt til þess að gera endanlegar ráðstafanir sem koma í veg fyrir efndir. Þannig má t.d. seljandi ekki ráðstafa vörunni til þriðja aðila eða rifta samningnum nema skilyrði 62. gr. séu fyrir hendi.

Umræddur réttur gildir aðeins þar til efndir hafa farið fram. Eftir það er ekki um að ræða stöðvunarrétt skv. 1. mgr., en hugsanlega er þó unnt að koma í veg fyrir afhendingu skv. 2. mgr.

Samningsbundin greiðslukjör geta verið því til fyrirstöðu að stöðva greiðslu, t.d. þegar óafturkallanlegt skuldabréf hefur verið gefið út og afhent. Venjulegur samningur um greiðslufrest er hins vegar ekki til fyrirstöðu stöðvunarréttinum. Kaupandi getur og haldið greiðslu sinni jafnvel þótt hann hafi lofað að greiða fyrir fram.

Frumvarpsgrein þessi fjallar eins og áður greinir um hinn svokallaða „stöðvunarrétt“. Þegar um staðgreiðsluviðskipti er að ræða eiga samningsaðilar þess kost á grundvelli 10. og 42. gr. frumvarpsins að halda eftir greiðslum sínum. Þeir geta samt sem áður haft af því hagsmuni að beita heimildum sínum skv. 61. gr. Skv. 61. gr. getur t.d. seljandinn ekki aðeins varnað því að hluturinn sé afhentur kaupanda heldur getur hann einnig látið hjá líða að senda hlutinn. Á sama hátt getur kaupandinn ekki aðeins haldið kaupverðinu hjá sér heldur getur hann líka stöðvað undirbúning greiðslu, áður en umsaminn efndatími rennur upp.

Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. frumvarpsins eiga aðilar með þeim skilyrðum, sem þar eru nánar greind, rétt til að stöðva efndir af sinni hálfu og halda eftir greiðslum sínum. Ef um pöntunarkaup er að ræða, þar sem tilbúningi hlutar er ekki lokið, getur seljandinn stöðvað frekari vinnu af sinni hálfu og haldið hinum hálfgerða söluhlut hjá sér, einnig fram yfir umsaminn afhendingartíma. Eins getur kaupandinn hætt að ljá atbeina sinn til efnda eða haldið eftir greiðslu kaupverðsins.

Forsenda þess að unnt sé að beita stöðvunarrétti samkvæmt ákvæðinu er sú að það komi ljós eftir kaup að gagnaðili muni ekki efna *verulegan* hluta af skyldum sínum. Hvað telst verulegt í þessu sambandi fer eftir aðstæðum hverju sinni. Þannig er ekki einungis um að ræða hreint fjárhagslegt mat heldur verður einnig að líta til notkunargildis þess sem ekki verður afhent.

Í orðalaginu „í ljós kemur“ felst að hinar fyrirsjáanlegu vanefndir komi fyrst í ljós eftir samningsgerð. Ákvæðinu verður því ekki beitt ef báðir aðilar vissu um hina fyrirsjáanlegu hindrun þegar við samningsgerð. Þetta atriði kemur t.d. í veg fyrir að aðila samnings, sem stendur fjárhagslega tæpt, verði sett ný skilyrði um tryggingar þegar efndatími er kominn.

Hin tilvitnuðu orð merkja það einnig að óljósar grunsemdir um að ekki verði af efndum, nægja ekki. Sá sem beita vill stöðvunarrétti verður að hafa tiltölulega örugga vissu fyrir því að gagnaðili hans muni ekki efna verulegan hluta af skyldum sínum. Ágiskanir eða óljós grunur er því ekki nægilegur. Sá sem beitir stöðvunarrétti verður því að hafa rökstuddan grun um að gagnaðili muni ekki fullnægja verulegum hluta skyldna sinna. Þó eru ekki gerðar jafnstrangar kröfur og fram koma í 1. mgr. 62. gr., sbr. athugasemdir við þá grein hér á eftir.

Til viðbótar framangreindu eru einnig sett viðbótarskilyrði varðandi ástæður fyrirsjáanlegra vanefnda. Ástæðurnar verður annaðhvort að vera að rekja til alvarlegs brests í greiðslugetu gagnaðila eða á möguleikum hans til efnda, eða þær má rekja til framferðis hans. Ástæðurnar geta með öðrum orðum ýmist legið í vilja- eða getuleysi gagnaðila til efnda. Ekki skiptir máli hvort þessar ástæður eru af fjárhagslegum toga eða hvort þær varða önnur atriði, t.d. að samningsaðili hafi ekki yfir nægri þekkingu eða tæknikunnáttu að ráða, vöntun sé á hæfu starfsfólki, viðeigandi tækjabúnaði o.fl.

Það verða að teljast augljósar vísbendingar um heimild til að beita stöðvunarrétti þegar bú gagnaðila er tekið til gjaldþrotaskipta, greiðslustöðvunar eða annarrar skuldaskilameðferðar. Stöðvunarréttur skv. 39. gr. gildandi kaupalaga tekur ótvírætt til gjaldþrots og fjárnáms, en þá eingöngu til hagsbóta fyrir seljanda.

Þegar aðili stöðvar greiðslur eða lýsir sig ógjaldfæran getur slíkt í samræmi við það sem nú gildir skv. 2. mgr. 39. gr. gildandi kaupalaga heimilað viðsemjanda hans að fresta efndum af sinni hálfu. Sama gildir ef aðrir kröfuhafar hafa gert árangurslaust fjárnám hjá skuldaranum. Af öðrum atvikum sem geta veitt vísbendingu um getu- eða viljaleysi til efnda má nefna það þegar aðila er vísað burt úr atvinnuhúsnæði sínu eða þegar víxill á hendur viðkomandi aðila er afsagður. Ekkert þeirra tilvika sem hér voru nefnd veitir þó sjálfkrafa heimild til að stöðva greiðslur eða halda hlut eftir. Það verður að meta út frá aðstæðum hverju sinni hvort atvikið muni hafa áhrif á möguleika viðkomandi til efnda. Þannig má sem dæmi nefna að jafnvel alvarlegur brestur í greiðslugetu seljanda þarf ekki að hafa áhrif á möguleika hans til að efna samninginn, t.d. þegar afhending á að fara fram í vörugeymslu seljanda og kaupandinn á að greiða flutningskostnaðinn.

Þegar víxill á hendur kaupanda er afsagður vegna greiðslufalls hans gagnvart öðrum kröfuhafa en seljandanum getur það verið vísbending um að kaupandinn muni heldur ekki vera í færum að greiða seljandanum kaupverðið. En felist þær skyldur kaupandans sem eftir eru að stærstum hluta í því að ljá á einhvern hátt atbeina sinn að efndum er engan veginn sjálfgefið að víxilafsögn veiti vísbendingu um að þær skyldur verði ekki efndar.

Þá er heldur engan veginn sjálfgefið að víxilafsögn á hendur seljanda veiti, án þess að annað og meira komi til, nokkra vísbendingu um yfirvofandi hættu á því að seljandi verði ekki fær um að efna afhendingarskyldu sína. En hafi seljandi stöðvað greiðslur er yfirvofandi hætta á því að innan skamms tíma verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða annarrar skuldaskilameðferðar og getur það þá haft þær afleiðingar í för með sér að greiðslan verði ekki afhent.

Ef söluhlutur er tekinn af seljandanum með beinni aðför eða vegna nauðungarsölu er það sjálfsagt augljós vísbending um að afhending mun ekki geta átt sér stað, að því tilskildu að um einstaklega ákveðin kaup sé að ræða.

Í pöntunarkaupum eru meiri líkur til að versnandi fjárhagsstaða seljanda hafi áhrif í þessu sambandi en þegar kaup snúast um vörur sem afhentar eru úr birgðum seljanda þar sem þverrandi greiðslugeta seljanda getur haft áhrif á möguleika seljandans til að afla sér efnis til hlutarins. En í pöntunarkaupum verður einnig að líta til þess að hve miklu leyti það er hlutverk kaupanda að útvega efni til hlutarins.

Brestur á möguleikum samningsaðila til efnda verður að hafa viss tengsl við þann samning sem um er að ræða. Ef aðili fullnægir ekki öðrum óskyldum samningum getur það auðvitað styrkt þann grun að einnig muni verða vanefndir á þeim samningi sem um er að tefla. Þannig geta slík atvik undir vissum kringumstæðum gefið ástæðu til að ætla að aðili muni heldur ekki vera í færum að efna kaup það sem um er að ræða. Sem dæmi í því sambandi má nefna hönnunar- eða framleiðslugalla sem nær til allra eða flestra afhendinga seljanda og hann getur ekki bætt úr í tíma.

Dæmi þess að framferði seljanda veiti ástæðu til að ætla að vanefndir muni að höndum bera er það tilvik þegar seljandinn eftir kaup vanrækir að gera það sem er nauðsynlegt til þess að afhending geti farið fram nógu snemma. Seljandinn hefur t.d. vanrækt að panta hráefni sem nauðsynlegt er til gerðar hlutarins, eða hann hefur tekið önnur verkefni fram yfir og lætur hjá líða að hefja gerð hlutar. Ástæður slíks framferðis af hálfu seljanda geta bæði verið skortur á vilja og getu til efnda.

Af hálfu kaupanda geta sambærilegar aðstæður komið upp þegar hann lætur hjá líða að ganga frá bankatryggingu, senda teikningar eða panta efni sem hann á að útvega til gerðar hlutarins. Einnig þegar hann vanrækir að sækja um nauðsynleg innflutningsleyfi o.s.frv.

Sem áður segir skiptir ekki máli til hverra atvika má rekja getuleysi til að efna samning. Það getur byggst á persónulegum ástæðum, en einnig á almennum ástæðum, t.d. náttúruhamförum, verkföllum, viðskiptahömlum o.fl. Ekki skiptir heldur máli hvernig aðili verður var við getuleysið. Það getur t.d. orðið ljóst vegna orða gagnaðila, athafna eða athafnaleysis, t.d. í tengslum við undirbúning að efndum eða efndirnar sjálfar. Sem dæmi um þetta má nefna að seljandi hyggst nota óhæfar framleiðsluaðferðir eða ónothæft hráefni til þess að framleiða þá vöru sem kaupandi hyggst kaupa. Getuleysi kaupanda getur hins vegar komið í ljós með þeim hætti að hann gengur ekki frá þeirri bankatryggingu sem honum bar eða hann sendir ekki þær teikningar eða efni sem hann á að koma með og er nauðsynlegt svo að unnt sé að framleiða vöruna.

Réttur aðila til að stöðva efndir af sinni hálfu eða halda eftir greiðslum er til staðar svo lengi sem þau atvik eru fyrir hendi sem heimila beitingu réttarins. Ef skilyrðin eru ekki lengur til staðar verður sá aðili, sem réttinum beitti, að byrja efndir af sinni hálfu, sbr. einnig ákvæði 4. mgr. um fullnægjandi tryggingar. En atvik geta sjálfsagt einnig þróast á þann veg að aðili öðlist rétt til riftunar á grundvelli 62. gr. frumvarpsins. Seinkun sú, sem verður vegna þess að stöðvunarrétti er beitt, veitir ekki gagnaðila rétt til að beita vanefndaúrræðum. En það er viðkomandi aðili sjálfur sem ber ábyrgðina á því að skilyrðin til þess að beita stöðvunarréttinum séu til staðar. Hafi honum missýnst um það efni er um vanefndir af hans hálfu að ræða og getur gagnaðili þá beitt vanefndaúrræðum.

Í 2. mgr. 61. gr. er sérákvæði um það tilvik þegar seljandinn hefur þegar sent hlutinn og í ljós koma þau atvik varðandi kaupanda sem um ræðir í 1. mgr. Seljandinn getur þá varnað því að hluturinn verði afhentur kaupanda eða búi hans. Ákvæðið felur í sér rýmkun stöðvunarréttarins skv. 1. mgr. að því er seljandann varðar þar sem rétturinn fellur ekki niður fyrr en hluturinn hefur raunverulega verið afhentur kaupanda eða búi hans.

Það er skilyrði fyrir beitingu málsgreinarinnar að fyrir liggi þau atriði sem fram koma í 1. mgr. um vilja- eða getuleysi til að efna samning. Þegar þessi atriði eru metin verður að

miða við þann tíma þegar hluturinn var sendur. Seljandinn getur samkvæmt þessu sent hlutinn án þess að missa stöðvunarréttinn, jafnvel þótt hann hafi grun um að fjárhagur kaupandans standi ekki of traustum fótum. En skilyrði er þá alltaf að vilja- eða getuleysi kaupanda og áhrif þess á efndir samningsins verði ljós nokkru seinna.

Fyrri málsliður 2. mgr. 61. gr. er ekki frábrugðinn því sem leiðir af ákvæðum 39. gr. gildandi laga. Síðari málsliðurinn er á hinn bógin nýmæli og í honum felst hvað stöðvunarréttinn varðar að ekki ræður úrslitum hvort kaupandinn eða bú hans hefur veitt flutningsskjölum viðtöku sem eftir venjulegum reglum hefði veitt kaupandanum rétt til þess að fá hlutinn afhentan. Það er með öðrum orðum aðeins afhending söluhlutar sem máli skiptir í þessu sambandi.

Í samanburði við gildandi lög felur 3. mgr. 61. gr. í sér nýmæli, en þar er lögð sú skylda á þann aðila, sem beitir rétti skv. 1. og 2. mgr., að aðvara gagnaðila sinn. Viðvörun verður að gefa þegar í stað eftir að efndir hafa verið stöðvaðar eða hlut hefur verið haldið eftir. Ekki eru gerðar neinar kröfur um það hvernig viðvörun skuli gefin eða hvers vegna stöðvunarrétti er beitt. Þótt á viðvaranir skorti hefur það ekki áhrif á rétt aðila til að halda áfram beitingu stöðvunarréttarins, en gagnaðili getur í slíku tilviki fengið bætt það tjón sem hann hefði getað komist hjá ef hann hefði verið varaður við. Sem dæmi um slíkt tjón má nefna kostnað kaupanda af flutningi hlutar sem gagnslaus verður af því að seljandinn skýrði ekki frá því að hann héldi hlutnum eftir.

Í 4. mgr. er lögð sú skylda á þann aðila, sem stöðvar efndir eða heldur hlut hjá sér, að halda áfram efndum ef gagnaðili setur fullnægjandi tryggingar fyrir efndum af sinni hálfu. Sambærileg regla kemur fram í 39. gr. gildandi kaupalaga að því er varðar stöðvunarrétt seljanda. Segja má að þá skyldu að halda áfram efndum við þessar aðstæður leiði af ákvæðum 1. mgr. Þegar settar eru fullnægjandi tryggingar fyrir efndum er ekki lengur ljóst að viðkomandi aðili muni ekki efna af sinni hálfu. Eigi að síður er hagræði í því fólgið að taka það fram með ótvíræðum hætti að fullnægjandi tryggingar komi í veg fyrir beitingu stöðvunarréttarins.

Meta verður það hverju sinni hvað telst fullnægjandi trygging. Þegar um greiðsluskyldu kaupanda er að ræða mundi bankaábyrgð eða önnur álíka trygging vera fullnægjandi. Eftir atvikum getur það einnig verið nóg að greiðsluskilmálum sé breytt þannig að greiðslufrestur kaupanda sé felldur niður og honum gert að staðgreiða verðið.

Hvað seljanda varðar mundi það eitt ekki nægja að hann gæfi loforð um afhendingu. Í slíkri „tryggingu“ felst ekki annað og meira en það sem þegar má leiða af samningi. Hins vegar gæti það eftir atvikum verið nægilegt ef lagt er fram gæðavottorð eða annað sem sýnir að ekki er hætta á afhendingu gallaðrar greiðslu. Að öllu jöfnu verður þó trygging að felast í formi ábyrgðar, t.d. frá banka, varðandi hugsanlegt tjón sem leiðir af vanefndum á samningi.

Um 62. gr.

Frumvarpsgrein þessi svarar til 72. gr. SÞ-sáttmálans. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi kaupalögum, nr. 39/1922, en reglur um skylt efni er þó að finna í 39. gr. þeirra. Ákvæði 62. gr. frumvarpsins er til viðbótar reglunni í 61. gr. um stöðvunarrétt. Af riftunarákvæðum, sem þýðingu hafa, má nefna 44. og 56. gr. þar sem ræðir um riftun samnings þegar afhenda á í áföngum, og í 64. og 66. gr. eru sameiginlegar reglur um áhrif riftunar og skilyrði hennar. Í 94. gr. er loks að finna skilgreiningu á hugtakinu „veruleg vanefnd“ þegar um alþjóðleg kaup er að ræða.

Ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar veitir báðum aðilum samnings heimild til riftunar vegna fyrirsjáanlegra vanefnda af hálfu gagnaðila. Er þá skilyrði að ljóst sé að vanefndir,

sem veita heimild til riftunar, muni að höndum bera. Hinar fyrirsjáanlegu vanefndir verða auk þess að vera verulegar og fullnægja að öðru leyti skilyrðum riftunar skv. 25., 26., 39., 54. og 55. gr.

Gerðar eru mjög strangar sönnunarkröfur í þessum efnum, sbr. það orðalag frumvarpsgreinarinnar að ljóst sé fyrir umsaminn efndatíma að vanefndir muni að höndum bera. Það eru með öðrum orðum gerðar meiri kröfur um líkindi fyrir vanefndum samkvæmt frumvarpsgrein þessari en gilda skv. 61. gr. varðandi réttinn til að stöðva efndir.

Sá aðili, sem lýsir yfir riftun, ber áhættuna af því að skilyrði riftunar séu til staðar. Hann getur því orðið bótaskyldur ef í ljós kemur að þeim skilyrðum var ekki fullnægt.

Réttur til riftunar samkvæmt ákvæðinu er óháður því hver er raunveruleg ástæða hinna fyrirsjáanlegu vanefnda. Riftunarrétturinn er þannig ekki takmarkaður við þau tilvik sem nefnd eru í 61. gr., heldur er hann einnig til staðar þegar um er að ræða tilvik sem samningsaðili fær ekki ráðið við.

Þótt það sé í sjálfu sér ljóst að verulegar vanefndir muni að höndum bera getur sá aðili, sem riftunarkrafan beinist gegn, staðið í vegi fyrir kröfunni með ráðstöfunum sem minnka líkurnar á vanefndum. Slíkar ráðstafanir verða þá að koma til framkvæmda áður en viðsemjandi hans setur fram riftunarkröfu.

Grunur um fyrirsjáanlegar vanefndir geta vaknað vegna framkomu gagnaðila hvort heldur sem er í orðum eða athöfnum eða vegna þess að gagnaðili verður skyndilega fjárvana. Aðrar ástæður geta einnig leitt til slíkra grunsemda, t.d. ef bruni eða flóð valda því að litlar líkur eru á efndum. Almenn atvik geta einnig skotið stoðum undir slíkar líkur fyrir vanefndum, t.d. verkföll, stríð, gjaldeyristakmarkanir o.fl. Eins og áður er fram komið, er ekki nóg að um grunsemdir sé að ræða heldur verður að vera ljóst að koma muni til vanefnda.

Sá aðili, sem riftir vegna fyrirsjáanlegra vanefnda, ber eins og áður er fram komið áhættuna af því að grunur hans hafi reynst réttur. Hann þarf með öðrum orðum að sanna að skilyrði riftunar hafi legið fyrir. Fullnægi hann sjálfur ekki skyldum sínum getur hann orðið ábyrgur vegna vanefnda ef skilyrði riftunar reyndust ekki vera fyrir hendi. Þegar það er metið hvort grunur um fyrirsjáanlegar vanefndir hafi reynst á rökum reistur verður að miða við þann tíma þegar riftun fór fram. Lögmæt riftun samkvæmt þessu verður ekki ólögmæt vegna þess að síðari atburðarás veldur einhverjum nýjum straumhvörfum, þannig að ný staða komi upp sem út af fyrir sig gæfi ekki næg tilefni til riftunar. Dæmi um þetta er ef annar aðili var greinilega þannig kominn fjárhagslega að lögmæt ástæða var til riftunar sem gripið var til í framhaldi af því. Síðar atvikast mál gagnaðila þannig að hann vinnur stóran happdrættisvinning og verður skyndilega fær um að efna samninginn.

Í 2. málsl. 1. mgr. er sérstakt ákvæði sem veitir aðila færi á að varna riftun með því að setja fullnægjandi tryggingar fyrir efndum. Ákvæðið veitir heimild til þess að varna þegar fram kominni riftunarkröfu með tryggingu, en það er að sjálfsögðu skilyrði að trygging sé sett strax.

Meta verður það með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni hvað telst fullnægjandi trygging í skilningi ákvæðisins. Ef sett er trygging fyrir greiðsluskuldbindingunni er matið í þeim efnum í sjálfu sér einfalt. Sé sett bankatrygging hlýtur það að teljast fullnægjandi, enda nái hún til alls kaupverðsins. Þegar hins vegar er um að ræða afhendingarskyldu seljanda eða aðrar skyldur, sem ekki fela í sér greiðslu, getur verið erfiðara að meta hvort tryggingin er næg eða ekki. Trygging fyrir efndum afhendingarskyldunnar gæti t.d. verið fólgin í því að ábyrgjast að kaupandinn bíði ekki tjón, en slík ábyrgð tryggir ekki að seljandinn efni *in natura*. Sumar skyldur geta líka verið þess eðlis að það sé yfirleitt ekki unnt að setja tryggingu fyrir efndum

þeirra. En það verður í öllum tilvikum að meta út frá aðstæðum hverju sinni hvort trygging er næg til þess að varna riftun.

Ákvæði 2. mgr. varða möguleikann á því að setja tryggingu samkvæmt síðari málslið 1. mgr. Möguleikinn á því að mæta riftunarkröfu strax með tryggingu ræðst gjarnan af því að viðkomandi aðili hafi fengið ákveðna viðvörun um að til riftunar geti komið af hálfu gagnaðila. Ef tími vinnst til verður því annar aðilinn að gefa út viðvörun um að litið sé svo á að kaupunum hafi verið rift.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir tvenns konar tímaviðmiðunum. Í fyrsta lagi þarf eins og áður segir að vinnast tími til að gefa slíka viðvörun. Hugsanlegt er að aðili samnings þurfi nauðsynlega að fá efndir á réttum tíma og að efndartími sé svo nærri að ráðrúm til viðvörunar sé lítið eða ekkert. Í öðru lagi verður fresturinn að vera nógu langur til þess að gagnaðili geti orðið sér úti um tryggingar. Lengd þessa frests verður að miða við þarfir aðilanna, þ.e. hversu langan tíma kaupandi þarf til þess að útvega sér nýja hluti og þann tíma sem kaupandi þarf til að útvega sér tryggingu. Viðvörunina má senda í hvaða formi sem er, munnlega eða skriflega. Hún er send á áhættu viðtakanda skv. 82. gr.

Um 63. gr.

Í 63. gr. frumvarpsins er fjallað um áhrif gjaldþrots samningsaðila á efndir kaupsamnings. Er ákvæðið hvað efni og orðalag varðar samhljóða 63. gr. danska kaupalagafrumvarpsins. Í frumvarpsgreininni kemur fram að um rétt til að ganga inn í kaup, halda eftir greiðslu eða rifta kaupum vegna gjaldþrots samningsaðila fari eftir lögum um gjaldþrotaskipti. Um það efni gilda nú ákvæði XV. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. og vísast þangað.

Um IX. kafla.

Kafli þessi fjallar um sameiginlegar reglur um riftun og um nýja afhendingu. Í 64. gr. eru ákvæði um réttaráhrif riftunar. Þar kemur fram sú meginregla að þegar kaupum er rift falla niður skyldur aðila til að efna kaupin. Í 65. gr. eru ákvæði um það hvernig fara skuli með afrakstur af söluhlut og vexti þegar greiðslum er skilað. Ákvæði 66. gr. mælir fyrir um missi réttar til riftunar og afhendingar á ný. Þar kemur fram sú meginregla að kaupanda er því aðeins heimilt að rifta kaupum eða krefjast afhendingar á ný að hann geti skilað hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hann var í þegar kaupandi veitti honum viðtöku.

Um 64. gr.

Í frumvarpsgreininni eru sameiginlegar reglur um áhrif þess að kaupum er rift og um skil á greiðslum. Um afrakstur og vexti þegar greiðslum er skilað er hins vegar fjallað í 65. gr. Efni 1., 2. og 4. mgr. greinarinnar svarar til 81. gr. SÞ-sáttmálans. Ákvæði 2. mgr. 64. gr. svarar til 57. gr. núgildandi laga, en önnur ákvæði greinarinnar eru nýmæli í íslenskum lögum.

Ákvæði greinarinnar gera ráð fyrir því að krafan um riftun eða um skil á greiðslum sé á rökum reist. Ljóst er að aðili samnings getur ekki frestað samningsskyldum sínum með því að rifta kaupum, nema skilyrði þess séu til staðar. Fari riftun fram án þess að skilyrði séu til staðar er hún ólögmæt. Riftun fer því fram á ábyrgð þess sem riftir. Ef ágreiningur er um réttmæti riftunarkröfu verða aðilar að leita úrlausnar á þeim ágreiningi hjá dómstólunum. Annað mál er að samþykki gagnaðili að kaupin gangi til baka án þess að skilyrði riftunar séu fyrir hendi er eðlilegt að fara að öðru leyti eftir ákvæðum greinarinnar, nema aðilar semji beinlínis um aðra tilhögun.

Ákvæði 1. mgr. kveður á um að skyldur aðila falli niður þegar kaupum er rift. Þetta gildir um allar skyldur aðila samkvæmt kaupsamningi, en ekki aðeins um skylduna til að afhenda söluhlut og greiða hann. Sumir samningar kunna þó að vera þess eðlis að þetta getur ekki átt við að öllu leyti, sbr. 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Þar fyrir utan getur verið að riftun hafi samkvæmt lögum í för með sér sérstakar skyldur fyrir aðila, t.d. skyldu til að annst söluhlut skv. 73. gr.

Ákvæði 2. mgr. kveður á um að hafi kaupin verið efnd að fullu eða að hluta af hálfu annars hvors aðila megi krefjast skila á því sem móttekið hefur verið. Í ákvæðinu felst því að aðili á rétt á að krefjast þess að gagnaðili skili því sem hann hafði veitt viðtöku áður en riftun fór fram. Venjulega felst í þessu að seljandi verður að skila kaupverðinu og kaupandi verður að skila söluhlut. Sumar greiðslur eru þess eðlis að ekki verður um nein skil á þeim að ræða. Hafi seljandi t.d. innt af höndum vinnu við að setja upp söluhlut verður vinnuframlaginu sjálfu ekki skilað aftur í bókstaflegum skilningi. Af þeim sökum verður að leysa úr slíku með greiðslu skaðabóta skv. 1. mgr. 65. gr.

Í ákvæðinu er ekki tiltekinn sá staður þar sem aðilar skulu skila greiðslum sínum. Eðlilegt er að gera ráð fyrir því að greiðslum skuli skilað á þeim stað þar sem þeim var veitt viðtaka, nema um annað sé samið beinlínis. Samkvæmt þessu þarf kaupandi tæpast að skila söluhlut á öðrum stað en þeim þar sem hann veitti hlutnum viðtöku. Í vissum tilvikum getur þó verið eðlilegt að kaupandinn sjái um að senda hlutinn alla leið til seljanda þótt um reiðukaup hafi verið að ræða. Samsvarandi reglur gilda um kaupverðið, þ.e. seljandi á að endurgreiða það hjá kaupanda.

Útgjöld vegna skila á greiðslum af hálfu aðila verða sérstakir liðir við skaðabótauppgjör þeirra í millum. Sá sem ábyrgð ber á vanefndum verður að standa straum af þeim útgjöldum sem þær hafa í för með sér.

Þegar kaupandi riftir kaupum getur réttur seljanda til að krefjast skila á því sem hann hefur afhent takmarkast samkvæmt ákvæðum 66. gr., sbr. athugasemdir við þá grein.

Ákvæði 66. gr. gildir hins vegar ekki þegar seljandi riftir kaupum. Riftunarréttur seljanda er takmarkaður af ákvæðum 4. mgr. 54. gr. þegar hlutur hefur verið afhentur kaupanda. Þar fyrir utan mun seljandi oft hafa lítinn áhuga á riftun ef kaupandi getur ekki skilað söluhlut aftur í sama ástandi og hann tók við honum.

Í 2. málsl. 2. mgr. kemur fram regla um haldsrétt. Hún mælir fyrir um það að samningsaðili geti haldið því sem hann hefur tekið við þar til gagnaðili skilar því sem hann hefur móttekið. Skv. 3. málsl. gildir réttur þessi einnig um skaðabætur og vexti. Reglan tekur einnig til skaðabóta skv. 65. gr. og kröfu um vexti skv. 2. mgr. 65. gr. Haldsrétturinn skv. 3. málsl. gildir þó ekki ef trygging hefur verið sett. Í ákvæðinu kemur ekkert fram um það hvaða hlutfall skuli vera milli þeirrar kröfu sem haldsréttarhafi á og þeirra verðmæta sem haldið er. Hér verður auðvitað að hafa í huga að gagnaðili á alltaf það úrræði að setja tryggingu og komast þannig hjá óþægindum. Í öðrum tilvikum er ekki útilokað að túlka ákvæðið þröngt með hliðsjón af reglunni í 42. gr.

Í 3. mgr. kemur fram regla um að eigi seljandi að afhenda eitthvað á ný geti kaupandi haldið því sem sem hann hefur móttekið þar til afhending hefur átt sér stað að nýju. Ákvæðið veitir því kaupanda rétt til þess að halda söluhlut þar til ný afhending hefur átt sér stað. Ákvæðið á bæði við þegar afhending á ný fer fram að kröfu kaupanda, sbr. 34. gr. og þegar seljandi afhendir á ný skv. 36. gr. frumvarpsins. Seljandi hefur auðvitað ekki tilsvarandi haldsrétt í kaupverðinu. Ákvæðið byggist á þeirri forsendu að seljandinn eigi rétt á því að fá hinn gallaða hlut aftur til baka þegar hann afhendir á ný.

Í 4. mgr. segir að riftun hafi engin áhrif á samningsákvæði um atvinnuleyndarmál, um lausn ágreiningsefna eða um réttindi og skyldur aðila sem leiðir af riftuninni. Af þessu ákvæði leiðir með öðrum orðum að við riftun falla ekki allar skyldur aðila brott. Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram að ákvæði í samningum um afleiðingar vanefnda gilda að sjálfsögðu þó að samningi sé rift og á þetta t.d. við um skaðabótaskyldu vegna riftunar. Ákvæði málsgreinarinnar eiga m.a. við um lausn deilumála samkvæmt ákvæðum samningsins, um varnarþing, gerðardóma o.fl. Sama á við um samningsákvæði, sem takmarka bótaskyldu, févítisákvæði o.fl. Sérstaklega er minnst á atvinnuleyndarmál og er þá haft í huga að þótt samningi sé rift breytir það ekki þeim skyldum sem aðilar hafa tekið á sig í sambandi við atvinnuleyndarmál sem þeir hafa komist að vegna kaupanna.

Um 65. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 84. gr. SÞ-samningsins, en í gildandi kaupalögum er ekkert sambærilegt ákvæði. Greinin felur í sér reglur um áhrif þess þegar kaupum er rift og er því til fyllingar ákvæðum 64. gr. Gildissvið greinarinnar er takmarkað við riftun og á hún því ekki við um afhendingu á ný. Munur riftunar og nýrrar afhendingar er m.a. sá að tilgangur riftunar er sá að kaupandinn hafi ekki vörslur hlutarins, en tilgangurinn með afhendingu nýrrar greiðslu er sá að kaupandinn fái annan hlut í stað þess sem afhentur var. Ef kaupandi krefst nýrrar afhendingar, t.d. á mjólkurkú, er ekki sanngjarnt að færa eigi seljandanum til tekna afrakstur þeirrar mjólkur, sem kaupandinn hefur haft frá afhendingu fyrri kýrinnar. Ástæðan er sú að kaupandinn átti að fá mjólkina ef kaupin hefðu verið réttilega efnd með fyrstu afhendingunni.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. á kaupandinn að færa seljanda til tekna þann afrakstur sem hann hefur haft af hlutnum. Ákvæðið á aðeins við um venjulegan afrakstur sem ekki er beinlínis háður því að kaupandinn hafi látið í té sérstakt framlag af sinni hálfu, t.d. vexti af kröfu eða arð af hlutabréfum, verðmæti mjólkur o.s.frv. Ákvæðið nær hins vegar ekki til hagnaðar af sölu hlutar eða verðmætisaukningar vegna endurbóta á hlut.

Afrakstur af hlut, sem keyptur hefur verið til útleigu, kemur hér til athugunar. Hann má ýmist meta sem venjulegan arð eða sem endurgjald fyrir „veruleg not“ í síðari hluta ákvæðisins. Svipuð sjónarmið gilda t.d. um spilakassa eða önnur slík tæki sem keypt eru til afnota fyrir almenning. Sem dæmi um tilvik, sem mikillar sérstöðu njóta, eru t.d. útsæðiskartöflur. Þær gefa vissulega verulegan afrakstur eftir að þær eru komnar í jörðu og fara að fjölga sér. Það er hins vegar hæpið að tala um afrakstur af hlut í þessu tilviki heldur frekar um ákveðna framleiðslu þar sem útsæðiskartöflurnar eru hráefni til framleiðslunnar.

Í annan stað gerir ákvæðið ráð fyrir því að kaupandinn skuli greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur haft af hlut. Þessi regla er studd þeim rökum að langur tími geti liðið frá því að hlutur er móttekinn og þar til honum er skilað. Það eru aðeins veruleg not sem hér koma til álita. Það hugtak ber að meta í hverju einstöku tilviki út frá tegund hlutarins, kaupverði og aðstæðum að öðru leyti. Þegar fyrir liggja veruleg not verður að meta hæfilegt endurgjald fyrir þau í hverju tilviki fyrir sig. Leggja ber til grundvallar þau not sem kaupandinn hefur haft af hlutnum að frádregnum þeim kostnaði sem hann hefur haft. Í slíku mati er heimilt að líta bæði til beins kostnaðar kaupanda og þeirra óþæginda sem hann hefur haft.

Hugtakið „hæfilegt endurgjald“ ber að skilja þannig að endurgjaldið getur venjulega ekki orðið hærra en sú verðmætisrýrnun sem not kaupanda hafa leitt af sér. Á hinn bóginn leiðir af framansögðu að kaupandandum ber ekki án fyrirvara að greiða fulla verðrýrnun hlutarins. Endurgjaldi skal almennt svara fyrir tímabilið frá því að söluhlut var veitt viðtaka og þar til

honum er skilað aftur. Af samningi aðila getur þó leitt að afrakstur af söluhlut eigi að koma kaupandanum til góða frá fyrra tímamarki og þegar svo hagar til ber að sjálfsögðu að miða við það tímamark.

Ef það er kaupandinn sem riftir kaupum verður að taka sérstaka afstöðu til þess hvort hann eigi að greiða bætur fyrir notkun, sem hann hafði af hlutnum, eftir að gallinn kom í ljós, t.d. meðan deilt var um hvort riftunarréttur væri til staðar. Hér sem endranær verður að meta hvað telst hæfilegt endurgjald.

Samkvæmt 2. mgr. ber seljanda að greiða vexti í samræmi við ákvæði 71. gr. ef hann á að endurgreiða kaupverðið. Ber þá að miða upphafstíma vaxta við þann dag sem seljandi tók á móti greiðslunni. Ef kaupandinn hefur greitt kaupverðið með afborgunum verður að miða vexti við hverja einstaka afborgun. Sama gildir hafi kaupverðið verið greitt fyrir fram, þ.e. þá ber seljanda að greiða vexti frá því hann tók við greiðslunni. Rétt til frekari greiðslna en vaxta á kaupandi hins vegar ekki samkvæmt ákvæði þessu.

Um 66. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 82. gr. SÞ-samningsins og 1. mgr. 57. gr. og 58. gr. gildandi laga nr. 39/1922. Greinina verður að skoða í samhengi við 2. mgr. 64. gr. sem að sumu leyti er byggð á svipuðum viðhorfum, en þar kemur fram að kaupandi þarf í vissum tilvikum ekki að afhenda söluhlut í því ástandi og magni sem hann veitti honum viðtöku. Í greininni koma fram skilyrði fyrir því að kaupandi geti rift kaupum eða krafist afhendingar á ný og felur hún því í sér takmörkun á ákvæðum 25., 34. og 39. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sama meginregla og í gildandi lögum, þ.e. að kaupandinn getur því aðeins rift kaupum eða krafist afhendingar á ný að hann geti skilað hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hluturinn var í þegar kaupandinn veitti honum viðtöku.

Hvað telst verulegt í þessu sambandi verður að ráðast af mati í hverju einstöku tilviki. Hafi kaupandi t.d. fest kaup á nýjum bíl og eigi hann rétt til riftunar telst það ekki veruleg breyting á ástandi bílsins sem staðið gæti riftun í vegi þótt læsing vinstri hurðar hafi farið úr lagi. Sé bifreiðin hins vegar tæpast í ökufæru ástandi vegna slæmrar meðferðar horfir málið öðru vísi við. Einnig skiptir máli hvort um nýjan hlut er að ræða eða gamlan. Hafi orðið lakkskemmdir í meðferð kaupanda á tuttugu ára gamalli bifreið sem hann vill rifta kaupum á verður ekki sama mat lagt til grundvallar eins og um væri að ræða nýjan bíl.

Í a–c-liðum 1. mgr. eru undantekningar frá þeirri meginreglu sem fram kemur í ákvæðinu. Í fyrsta lagi leiðir af a-lið að rétturinn til riftunar eða nýrrar afhendingar glatast ekki þegar ástæður þess að ókleift er að skila hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni má rekja til eiginleika hlutarins eða annarra aðstæðna sem ekki varða kaupandann. Sem dæmi má nefna ferskvörur sem eyðileggjast áður en skil geta farið fram, t.d. blóm sem lifa aðeins stuttan tíma. Oft getur verið samhengi milli riftunarástæðunnar og þess atviks sem veldur því að hlutur eyðileggst. Ef sending af ávöxtum er t.d. afhent of seint getur það veitt rétt til riftunar, en jafnhliða veldur seinkunin því beinlínis að vörusendingin eyðileggst.

Í öðru lagi glatast rétturinn til riftunar og nýrrar afhendingar ekki þegar ástæður þess að hlutur rýrnar má rekja til aðstæðna sem ekki varða kaupandann, þ.e. hvorki er um að kenna athöfnum eða athafnaleysi kaupanda, sbr. einnig a-lið 2. mgr. 82. gr. SÞ-sáttmálans. Þetta á við um tilvik þar sem hlutur verður fyrir skemmdum af hálfu seljandans, t.d. í sambandi við úrbætur á galla eða í tengslum við uppsetningu sem seljandinn á að sjá um eftir afhendingu. Þá getur einnig komið fyrir að seljandinn gefi rangar upplýsingar um meðferð og notkun hlutarins og það leiðir til þess að hann verður fyrir skemmdum. Þá fellur einnig hér undir það tilvik þegar þriðji maður veldur tjóni á hlut. Sama gildir þegar tilviljunarkenndur atburður

veldur skemmdum á hlut þótt ekki sé þess sérstaklega getið í ákvæðinu, en það leiðir eigi að síður af orðalaginu „aðstæðna sem ekki varða kaupandann." Hér má sem dæmi nefna það tilvik þegar söluhlutur eyðileggst í bruna eða bíl er stolið og hvorki kaupanda né seljanda er um að kenna í því sambandi. Um takmarkatilvik getur hins vegar verið að ræða þegar um „casus mixtus" er að ræða, þ.e. tjón verður af tilviljunarkenndri samverkan ólíkra ástæðna.

Í samræmi við ákvæði 12.–16. gr. frumvarpsins leiðir það af ákvæði þessu í raun að seljandinn ber áhættuna af hlutnum einnig eftir afhendingu þegar kaupandinn hefur réttmæta ástæðu til riftunar.

Í ákvæðum b-liðar 1. mgr. felst að kaupandinn getur rift kaupum eða krafist nýrrar afhendingar þegar hluturinn eyðileggst í heild eða að hluta eða rýrnar og það má rekja til verknaðar sem nauðsynlegt var að framkvæma til þess að ganga úr skugga um hvort hluturinn væri *gallaður* eða ekki. Samkvæmt þessu á ákvæðið ekki við um *greiðsludrátt*.

Regla þessi styðst við þau rök að það eigi ekki að geta leitt til þess að riftunarrétturinn glatist þótt kaupandinn rannsaki hlutinn annaðhvort strax eða síðar ef rannsóknin gengur ekki lengra en góð venja segir til um og um er að ræða nauðsynlega rannsókn til að ganga úr skugga um hvort hluturinn sé gallaður. Í ákvæðinu felst m.a. að seljandinn getur ekki andmælt riftun eða nýrri afhendingu á þeirri forsendu að kaupandinn hefur tekið umbúðirnar utan af hlutnum eða prófað hann með venjulegum hætti.

C-liður fjallar í fyrsta lagi um tilvik þegar hlutur er seldur áfram í venjulegum viðskiptum. Þarna eru fyrst og fremst höfð í huga tilvik þegar hlutir eru keyptir með endursölu í huga. Ákvæðið nær þó einnig til þeirra tilvika þegar hlutir eru keyptir með eigin not kaupanda í huga, en kaupandi kemst síðar að þeirri niðurstöðu að hann vilji selja hlutinn, t.d. vegna þess að komin er ný tegund á markaðinn sem hann vill frekar eiga. Þegar hlutur er seldur áfram verða álitaefni um riftun og nýja afhendingu yfirleitt því aðeins raunhæf að seinni kaupandinn beri slíka kröfu fram við upphaflegan kaupanda.

Að öðru leyti fjallar c-liður um tilvik þegar hlutur hefur verið notaður eða honum breytt af kaupanda við fyrirhuguð not. Ef ekki kemur annað fram má seljandinn alltaf búast við því að hlutur verði notaður í samræmi við það sem fyrirhugað og venjulegt er að nota slíka hluti til. Að auki nær ákvæðið til þess þegar seljanda var ljóst að hlutur var ætlaður til ákveðinna eða sérstakra nota. Í ákvæðinu felst með öðrum orðum að seljandinn getur ekki hafnað riftunarkröfu eða kröfu um nýja afhendingu af þeirri ástæðu einni að kaupandinn hefur notað hlutinn. Bíll, sem keyptur hefur verið nýr, fellur t.d. nokkuð hratt í verði við notkun. Þótt verðrýrnunin sé í sjálfu sér nokkuð mikil þegar kaupum er rift verður seljandinn að sætta sig við riftun þegar kaupandinn hefur notað bílinn eins og til stóð.

Umrætt ákvæði hefur einkum þýðingu við kaup á neysluvörum í þrengri merkinu, t.d. matvörum og öðrum vörum sem neytt er strax eða fljótlega. Ákvæðið gildir þó einnig í öðrum tilvikum eins og nefnt hefur verið, t.d. við kaup á nýjum bíl.

Það skilyrði gildir bæði um endursölu og notkun að salan eða notin hafi átt sér stað áður en kaupandanum varð ljós eða mátti verða ljós galli sá sem er ástæða þess að hann hafnar söluhlut. Hafi kaupandinn selt hlutinn þrátt fyrir vitneskju sína um verulegan galla getur hann ekki síðar rift kaupum eða krafist nýrrar afhendingar á grundvelli gallans, nema hann sjái til þess að hlutnum verði skilað. Með sama hætti stendur það riftun og nýrri afhendingu í vegi ef not kaupanda, eftir að honum varð galli ljós, hafa leitt til verulegrar rýrnunar á ástandi hlutar og magni. Í þessu felst að kaupandinn verður að hætta við að selja eða nota hlutinn ef hann ætlar að rifta kaupum eða krefjast nýrrar afhendingar.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli samanborið við gildandi lög og felst í því rýmkun réttarins til þess að rifta kaupum eða krefjast nýrrar afhendingar þótt hlut verði ekki skilað aftur í sama

ástandi eða magni. Samkvæmt ákvæðinu glatar kaupandinn ekki þeim réttindum sínum ef hann bætir þá verðmætisrýrnun sem orðin er á hlutnum.

Þegar um er að ræða not hlutar áður en kaupandinn mátti verða gallans var fellur tilvikið undir 1. málsl. í c-lið 1. mgr. Það má t.d. hugsa sér að kaupandinn sjá sig tilneyddan að nota hlutinn að ákveðnu marki eftir að gallinn kom í ljós, t.d. vegna þess að hann getur ekki án hlutarins verið í rekstri sínum þótt gallaður sé. Í slíkum tilvikum getur verið ástæða til að veita kaupandanum heimild til riftunar með því skilyrði að verðmætisrýrnun verði bætt. En ákvæðinu má einnig beita um önnur tilvik, þar sem engar af undantekningunum í a–c-liðum eiga við.

Af því sem að framan segir leiðir að ákvæðið á við hver svo sem ástæða verðmætisrýrnunar er. Almenn skilyrði riftunar eða réttar til að krefjast nýrrar afhendingar verða að vera til staðar. Ákvæðið verður að túlka með þeirri takmörkun að því verði ekki beitt þegar hlutur er með öllu ónýtur eða hann hefur verið seldur áfram á þann hátt að engu verður skilað til baka.

Í ákvæðinu felast ekki fyrirmæli um „skyldu“ kaupanda til að bæta seljandanum verðmætisrýrnun þegar kaupum er rift. Um það efni vísast einnig til athugasemda við 65. gr. frumvarpsins.

Af síðari málslið 2. mgr. leiðir að ákvæðið á ekki við í alþjóðlegum kaupum.

Um X. kafla.

Í X. kafla er fjallað um umfang skaðabóta og vexti. Meginreglan kemur fram í 67. gr. Samkvæmt henni skulu skaðabætur vegna vanefnda samningsaðila svara til þess tjóns sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Af ákvæðum 1. mgr. 67. gr. má ráða hvað telst beint tjón, en í 2. mgr. er talið upp hvað telst óbeint tjón. Skaðabótaskilyrði eru ekki hin sömu hvað varðar beint tjón annars vegar og óbeint tjón hins vegar. Í 68. gr. er fjallað um verðmun við svokallaðar staðgönguráðstafanir. Ákvæðið felur í sér fyrirmæli um hvernig ákvarða skal skaðabætur þegar tjónþoli riftir kaupum og gerir jafnframt staðgönguráðstafanir, þ.e. ýmist kaupir af eða selur öðrum aðila. Ákvæði 69. gr. fjallar á hinn bóginn um verðmun þegar ekki er um staðgönguráðstafanir að ræða. Þar kemur fram sú regla að leggja eigi til grundvallar kaupverðið og svonefnt gangverð á riftunartíma. Í 70. gr. er rætt um skyldu samningsaðila til að takmarka tjón þegar vanefndir verða og um mildun bótaábyrgðar. Í 71. gr. ræðir um vexti ef kaupverðið eða önnur vangoldin fjárhæð er ekki greidd á réttum tíma.

Um 67. gr.

Í gildandi lögum er ekkert almennt ákvæði um útreikning skaðabóta, en þar er ákvæði um skaðabætur á grundvelli verðmunar, sbr. ákvæði 25., 30. og 45. gr. Í ákvæðinu felast meginreglur um hvaða liðir það eru sem bættir eru og hvernig ákvarða skal skaðabæturnar. Reglur um bótagrundvöllinn eru hins vegar í 27., 40., 41. og 57. gr.

Ákvæði 1. mgr. svarar til 74. gr. SÞ-samningsins. Meginreglan er sú að tap og útgjöld, sem er að rekja til vanefnda, skal bæta að fullu. Sá sem fyrir vanefndum verður skal í fjárhagslegu tilliti verða eins settur og gagnaðili hefði réttilega efnt samninginn. Meginreglan takmarkast m.a. af almennum vávænissjónarmiðum og af reglu síðari málsliðar 1. mgr., sbr. sérregluna um alþjóðleg kaup í 3. mgr. 70. gr. Regla 70. gr. um skyldu til að draga úr tjóni og um mildun ábyrgðar felur einnig í sér takmörkun meginreglunnar.

Ákvæðið gildir um tjón á söluhlut og afleiðingar þess. Um tjón, sem verður á öðrum hlutum en söluhlut, er rætt í athugasemdum við 40. gr., sbr. einnig athugasemdir við d-lið 2. mgr. þessarar greinar. Ákvæðið gildir einvörðungu um fjárhagslegt tjón og að jafnaði aðeins um

einstaklingsbundið tjón sem aðili kaupsamnings verður fyrir. Við ákvörðun tjónsins er aðalreglan sú að fullt tjón er bætt fyrir tap og útgjöld sem leiðir af vanefndum. Því er þess krafist að orsakasamband sé milli vanefndar og tjónsins sem af hlýst. Vísað er til almennra skaðabótareglna um hvað þetta felur nánar í sér.

Skaðabætur eiga einvörðungu að bæta það sem stundum er nefnt „nettó tjón“. Í því felst m.a. að hafi tjónþoli vegna vanefnda komist hjá kostnaði, sem hann hefði orðið að bera ef samningur hefði verið réttilega efndur, ber að draga þá fjárhæð frá við ákvörðun skaðabóta. Þetta kemur ekki berum orðum fram í frumvarpsákvæðinu en leiðir af almennum reglum um skaðabætur innan samninga. Ákvæði 69. gr. felur í sér undantekningu frá þeirri reglu að það sé einungis hið raunverulega tjón sem bæta skal. Tjónþoli getur samkvæmt því ákvæði, þ.e. 69. gr., krafist þess að fá bættan muninn á kaupverðinu og gangverði hlutarins án þess að þurfa að sýna fram á að mismunurinn sé raunverulegt tjón hans.

Ef aðilar hafa samið um févíti í einni eða annarri mynd vegna greiðsludráttar vaknar sú spurning hvort það eigi að koma til frádráttar kröfu um bætur fyrir raunverulegt fjárhagslegt tjón. Samningsákvæði um févíti er yfirleitt hugsað sem valkostur við hlið skaðabótareglna, annaðhvort þannig að þær útiloka aðrar tegundir skaðabóta eða þannig að aðilar hafa valið milli þessara tveggja úrræða. Févíti getur á hinn bóginn einnig verið hugsað sem sérstök heimild eða úrræði til viðbótar hefðbundnum úrræðum laganna. Er ekki ástæða til að takmarka slíkt og því verður samband févítis og venjulegra skaðabóta að ákvarðast út frá túlkun á samningi aðila.

Í fyrri málslið 1. mgr. eru nefndir þrír ólíkir liðir, sem skaðabætur skulu bæta, þ.e. útgjöld, verðmunur og tapaður hagnaður. Upptalningin er ekki tæmandi og hún segir heldur ekkert til um skilyrði þess að krefjast bóta fyrir hvern einstakan lið, en það fer eftir öðrum ákvæðum, t.d. 2. málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar og ákvæðum 68. og 69. gr. Ef vanefndir verða ekki raktar til mistaka eða vanrækslu af hálfu gagnaðila ræður það að öðru leyti úrslitum hvort um þess háttar óbeint tjón er að ræða sem nefnt er í 2. mgr. eða ekki.

Með *útgjöldum* í 1. mgr. er átt við kostnað sem aðili hefur orðið fyrir vegna vanefndanna. Sem dæmi má nefna kostnað vegna póst- og skeytasendinga, flutninga og ferðalaga. Kaupandinn hefur e.t.v. farið erindisleysu um langan veg til að sækja hlut sem ekki var tilbúinn til afhendingar. Þá má einnig hugsa sér kostnað við að staðreyna tjón og umfang þess eða kostnað við að senda hlutinn aftur til seljanda til viðgerðar. Kaupandinn getur einnig hafa lagt í kostnað við að draga úr afleiðingum vanefnda, t.d. með því að leigja hlut í stað þess sem bæta skal. Ef það er kaupandinn sem hefur vanefnt samninginn getur seljandinn hafa orðið fyrir kostnaði við að selja hlutinn öðrum eða haft kostnað af því að innheimta kaupverðið. Útgjöld þau, sem hér eru nefnd, er unnt að fá bætt, jafnvel þótt sá sem fyrir vanefndum verður rifti kaupum og losni þar með við tjón sem má rekja til þess að samningurinn er honum óhagstæður.

Erfitt er að orða sanngjarna reglu sem fullnægir þörfum kaupanda fyrir bætur vegna ófjárhagslegs tjóns sem leiðir af vanefnd, t.d. vegna óhagræðis, tapaðs tíma og eigin vinnuframlags. Ekki þykir gerlegt að ákveða staðlaðar bætur fyrir óhagræði af þessu tagi. Þótt ekki sé í frumvarpinu nein almenn regla um skaðabætur fyrir ófjárhagslegt tjón stendur það ekki í vegi fyrir að greiddar verði í sanngjörnum mæli bætur fyrir vinnu sem innt hefur verið af hendi í frítíma og þess háttar, en telja verður eðlilegast að láta réttarframkvæmdinni eftir að móta reglur um það efni. Eftir stendur þó sem aðalregla að sé ekki unnt að staðreyna neitt fjárhagslegt tjón getur ekki orðið um bætur að ræða.

Vilji seljandi ekki bæta úr vegna gallaðs söluhlutar getur kaupandi krafist uppgjörs á grundvelli afsláttar, sbr. 38. gr., eða skaðabóta á grundvelli 67.–70. gr., sem grundvallast á verðmuninum milli verðmætis hlutarins með eða án galla. Ef kaupandi gerir við hlut á verkstæði verða útgjöld hans í því sambandi skaðabætur hans, þó innan þeirra marka sem verðrýrnunin nemur. Vilji kaupandinn ekki láta aðra gera við hlut eftir reikningi verður að meta tjónið á grundvelli fyrrnefndra ákvæða. Slíkt mat yrði þó væntanlega miðað við hvað viðgerð mundi kosta hjá fyrirtæki sem tæki slíkar viðgerðir að sér.

Tjón í formi *verðmunar* getur komið til vegna verðsveiflna á markaði. Einnig getur verið um að ræða verðmun hjá hinum ýmsu afhendingaraðilum. Það er forsenda skaðabóta vegnar verðmunar að samningsaðili hafi orðið fyrir tjóni af þeim sökum, en ekki er það skilyrði að hann hafi gert staðgönguráðstafanir, sbr. 69. gr. Skaðabætur vegna verðmunar geta orðið raunhæfar, t.d. þegar kaupandinn riftir kaupum vegna greiðsludráttar og verð fer hækkandi eftir samningsgerðina, þannig að hlut er nú einungis unnt að kaupa á hinu hærra verði. Með sama hætti getur seljandinn fengið skaðabætur vegna verðmunar þegar kaupum er rift og verð fer lækkandi eftir gerð samningsins.

Um skilyrði skaðabóta vegna verðmunar vísast að öðru leyti til athugasemda við 68. og 69. gr. frumvarpsins.

Ef kaupandi hefur orðið fyrir tjóni til viðbótar verðmuninum er einnig unnt að fá það tjón bætt samkvæmt ákvæðum 67. gr. Ef hlutur er afhentur gallaður, en kaupum er ekki rift, verður við ákvörðun bóta að leggja til grundvallar verðmuninn milli ógallaðs hlutar og þess gallaða sem afhentur var. Hugsanlega má þá miða við hvort unnt sé að útvega annan ógallaðan hlut í staðinn, jafnvel þótt riftunarskilyrði 68. gr. sé ekki fullnægt. Þetta getur t.d. verið valkostur með hliðsjón af öðrum úrræðum, einkum nýrrar afhendingar eða viðgerðar. Slíkt uppgjör fer þá ekki fram beint eftir ákvæðum 68. eða 69. gr. frumvarpsins. Ef kaupandi bætir sjálfur úr ástandi söluhlutar fær hann að jafnaði bætt sanngjarnt framlag vegna þessa og að auki verðmun á ógölluðum hlut og söluhlut í bættu ástandi. Þar fyrir utan gæti hann hugsanlega fengið bætur fyrir missi hagnaðar eða vegna rekstrarstöðvunartjóns ef skilyrði bóta skv. 2. mgr. eru fyrir hendi. Sjálft kaupverðið skiptir ekki máli í þessu sambandi. Tilgangur bótaákvæðanna er að gera kaupanda eins settan fjárhagslega eins og hann hefði verið ef samningurinn hefði verið efndur réttilega.

Skaðabætur vegna *tapaðs hagnaðar* geta verið raunhæfar að því marki sem hann verður ekki bættur á grundvelli verðmunar. Sem dæmi um þetta má nefna það tilvik að kaupandi, sem rift hefur kaupum vegna greiðsludráttar, kemur ekki við staðgöngukaupum áður en sá sem hann hefur selt hlutinn riftir kaupunum eða krefst skaðabóta. Um sambærilegt tilvik er að ræða þegar vanefndir seljanda leiða til þess að kaupandinn verður að selja hlutinn áfram á lægra verði en orðið hefði ef samningurinn hefði verið réttilega efndur.

Um skaðabætur vegna tapaðs hagnaðar getur einnig verið að ræða þegar kaup varða hlut sem hefur verið sérstaklega búinn til fyrir kaupanda. Hluturinn er þá oft þannig í eðli sínu að seljandinn hefur litla möguleika á að selja hann öðrum. Þegar seljandinn riftir kaupunum eða kaupandinn afpantar hlutinn, sbr. 2. mgr. 52. gr., verður seljandinn því af hagnaði sem hann á kröfu til að fá bættan.

Ákvæðið mælir ekki nánar fyrir um hvernig ákvarða á skaðabætur þegar um pöntunarkaup er að ræða. Það verður því á endanum hlutverk dómstóla að ákvarða hvort leggja beri til grundvallar kaupverðið og draga frá því útgjöld sem komist var hjá og verðmæti þess sem búið hefur verið til eða hvort leggja á saman einstaka kostnaðarliði. En útreikningi verður að haga þannig að raunverulegt tjón aðila sé bætt. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 2. mgr. 52. gr.

Eins og áður hefur verið nefnt er upptalning þeirra atriða eða liða, sem bæta skal, ekki tæmandi í 1. mgr. Þannig verður t.d. það óbeina tjón, sem nefnt er í 2. mgr., bætt þó að sum þeirra tjónstilvika, sem þar eru nefnd, verði hvorki talin útgjöld, verðmunur eða tapaður hagnaður. Sem dæmi um annað tjón af þessu tagi má nefna tjón sem verður vegna gengistaps.

Síðari málsliður 1. mgr. takmarkar réttinn til skaðabóta við það tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndanna. Sambærilegt ákvæði er einungis í norsku kaupalögunum en ekki í laga- eða frumvarpstextum annarra Norðurlandaþjóða. Ákvæðið á sér nokkra hliðstæðu í 2. málsl. 74. gr. SÞ-samningsins.

Rétt er að leggja á það áherslu í þessu sambandi að mikilvægt er að greina á milli bótagrundvallar og ákvörðunar skaðabóta. Reglur 27., 40. og 57. gr. eiga við um grundvöll skaðabótanna. Skilyrði lausnar samkvæmt þessum ákvæðum eru háð því hver er ástæða vanefndanna (hindrun fyrir efndum). Ákvæði 1. mgr. 67. gr. eiga við um ákvörðun skaðabótanna og á beitingu þess reynir því aðeins að fyrir hendi sé skaðabótaskylda skv. 27., 40. eða 57. gr., eftir atvikum í tengslum við sérstök samningsákvæði. Þær takmarkanir, sem leiðir af síðari málsliðnum, tengjast eðli tjónsins og umfangi þess. Þetta verður að hafa í huga þegar reglur þessar eru bornar saman.

Ákvæðið felur ekki í sér neins konar sakarreglu heldur fyrst og fremst reglu um það að tjónþoli geti ekki krafist skaðabóta fyrir sérhvert það tjón sem hægt er að rekja til vanefnda. Slíka takmörkun leiðir af hinni hefðbundnu vávænisreglu og gengur regla ákvæðisins í sömu átt. Ákvæðið er því fyrst og fremst ákveðinn vegvísir eða leiðbeining við ákvörðun skaðabóta sem útilokar skaðabætur fyrir fjarlægar og óvissar afleiðingar vanefnda. Ákvæðið gerir ráð fyrir mati á því hvort eðli tjóns og umfang mátti með sanngirni sjá fyrir sem afleiðingu vanefndanna. Hvað aðili í raun og veru sá fyrir eða mátti sjá skiptir í sjálfu sér ekki máli. Ákvæðið ber að skilja svo að bætur séu ekki takmarkaðar að neinu leyti við það tjón sem kallast má „venjulegt“ heldur er miðað við það hvað með sanngirni mátti sjá fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndanna, þ.e. einstaklingsbundið tjón.

Niðurstaða um það hvenær sjá mátti afleiðingarnar fyrir verður að ráðast af eðli vanefnda og hvenær þær urðu. Ef vanefndir eru vegna atburðar sem ekki verður rakinn til sakar aðila er sanngjarnt að miða við atvik sem aðilar þekktu eða máttu þekkja við samningsgerðina. Ef vanefndin er hins vegar afleiðing mistaka eða vanrækslu af hálfu aðila, eftir að kaup voru gerð, verður matið að taka mið af því tímamarki þegar vanefnd varð. Hvað alþjóðleg kaup varðar kemur þessi takmörkun einnig fram í 3. mgr. 70. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er óbeint tjón skilgreint. Ákvæðið á sér hvorki hliðstæðu í SÞ-samningnum né gildandi kaupalögum. Um rök þau sem liggja að baki ákvæðinu og efni þess vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Eins og áður hefur verið nefnt hefur skilgreiningin mikla þýðingu varðandi mat á því hvort fyrir hendi séu skilyrði skaðabóta skv. 27. og 40. gr., sbr. og 57. gr. Beint tjón lýtur skilyrðum stjórnunarreglunnar, en óbeint tjón verður aðeins bætt þegar tjón verður vegna mistaka eða vanrækslu. Í 2. mgr. er tæmandi upptalningu óbeinu tjóni. Allt annað tjón, sem af vanefndum leiðir, ber að telja beint tjón samkvæmt lögunum. Skilgreining ákvæðisins á óbeinu tjóni hefur þar að auki þýðingu sem leiðbeiningarregla við túlkun ákvæða í samningum, t.d. þar sem óbeint tjón, tapaður hagnaður og þess háttar er undanskilið ábyrgð.

Hugmyndin að baki ákvæðinu er að afmarka fjarlæga og lítt útreiknanlega tapsáhættu, sem erfitt er að reikna út þegar hið fjárhagslega tjón er metið. Krafa 2. málsl. 1. mgr. um „tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar“ sem skilyrði bóta hefur einnig sína þýðingu hér og setur almennar takmarkanir fyrir bótaábyrgð. Þessi áskilnaður setur því í fyrsta lagi mörk í hvaða mæli tjón skuli bætt sem beint tjón. Hún

takmarkar einnig ábyrgð, bæði varðandi beint og óbeint tjón í alþjóðlegum kaupum, sbr. 3. mgr. 70. gr. og 74. gr. SÞ-samningsins.

Skilgreiningin á óbeinu tjóni á í meginatriðium við hvort sem um vanefndir af hálfu kaupanda eða seljanda er að ræða. Í framkvæmd reynir sjálfsagt einkum á óbeint tjón þegar um vanefndir af hálfu seljanda er að ræða, eins og reyndar má sjá af framsetningu ákvæðisins, sbr. t.d. b- og c-liði.

Hvað telst beint tjón kemur ekki beinlínis fram í ákvæðinu en leiðir af því með gagnályktun. Hefðbundið beint tjón er t.d. þess konar útgjöld sem nefnd eru í 1. mgr., tapaður hagnaður seljanda vegna riftunar og minnkað verðgildi gallaðs hlutar hjá kaupanda. Verðmunur sá, sem nefndur er í 68. og 69. gr., mundi einnig teljast beint tjón. Þegar gerðar eru staðgönguráðstafanir skv. 68. gr. mundi kostnaður þeim samfara einnig teljast beint tjón.

Við mat á því hvort tjón teljist beint eða óbeint ræður það ekki úrslitum hvort tjónþoli hefur orðið fyrir útgjöldum gagnvart þriðja manni, eða hvort tjónið birtist sem aukakostnaður í starfsemi tjónþolans. Ef kaupandinn hefur t.d. sent bíl til að sækja söluhlut og hann farið erindisleysu eiga útgjöld því samfara að bætast sem beint tjón, óháð því hvort kaupandinn hefur notað eigin bíl eða leigt bíl í þessum tilgangi. Á hinn bóginn verður tjónþoli að sýna fram á að innri ráðstafanir hans hafi haft sérstakan kostnað í för með sér. Fyrir það sem starfsmenn tjónþola hafa gert og fellur undir venjubundna starfsemi er ekki unnt að krefjast bóta, án þess að annað og meira komi til.

Ákvæði frumvarpsins veita samningsaðila í vissum tilvikum ótvíræðan rétt til að fá bættan nánar tiltekinn kostnað, sbr. 3. mgr. 34. og 75. gr. Skaðabótaskyldan byggist þá ekki á hinum almennu ákvæðum um skaðabætur og í slíkum tilvikum á ekki við skiptingin í beint og óbeint tjón. Sama á t.d. við þegar seljandinn notar rétt sinn til að bæta úr galla skv. 36. gr. Úrbætur fara þá fram á kostnað seljanda. Augljóst er að seljandinn verður að bæta öll þau útgjöld, sem kaupandinn hefur orðið fyrir í þessu sambandi, óháð því hvort þau verða talin beint tjón eða óbeint.

Skilgreiningunni á óbeinu tjóni er skipt í fjóra mismunandi flokka í 2. mgr. greinarinnar:

Í *a-lið* er fjallað um það tjón sem rekja má til rekstrarstöðvunar, þ.e. tjón sem leiðir af stöðvun eða samdrætti í framleiðslu eða öðrum viðskiptum. Hér undir mundi t.d. falla tjón sem vanefndir seljanda valda kaupanda við að kaupandinn missir af framtíðarsamningum eða hann getur ekki efnt samninga um vöruafhendingar sem gerðir hafa verið.

Um óbeint tjón er einnig að ræða þegar viðskipti dragast saman vegna þess að framleiðslu- og geymslugeta minnkar. Vanefndir seljanda valda því t.d. að kaupandinn missir af samningi vegna þess að hann stendur verr að vígi en ella í samkeppni við aðra. Álitamál er hvort a-liður geti átt við þegar vanefndir valda því að dregur úr gæðum framleiðsluvöru. Hér má sem dæmi nefna það tilvik þegar seljandi afhendir gallað framleiðslutæki og það veldur því að dregur úr gæðum framleiðslunnar hjá kaupanda. Eðlilegt er að líta svo á að slíkt tjón falli einnig undir þennan lið. Svipað gildir sennilega þegar afhending söluhlutar dregst og markaðsverð hans minnkar eftir umsamdan afhendingartíma. Geti kaupandinn sýnt fram á minnkað verðgildi hlutarins, óháð áframhaldandi sölu hans, er eðlilegt að líta svo á að um beint tjón sé að ræða.

Kaupandi getur í mörgum tilvikum takmarkað framleiðslu- eða viðskiptatjón sitt með því að taka á leigu annan hlut í stað söluhlutar. Einnig getur hann keypt þjónustu frá þriðja manni eða reynt með eigin aðgerðum að takmarka tjón af völdum vanefndanna. Ekki er útilokað samkvæmt orðalagi a-liðar að slík tilvik geti átt þar undir eða eftir atvikum undir b-lið.

Ákvæði *b-liðar* eiga við um tjón sem rekja má til þess að hlutur kemur ekki að þeim notum sem að var stefnt. Liðurinn tekur til alls þess tjóns sem ekki er beinlínis tengt framleiðslu

eða viðskiptum. Sem dæmi má nefna að upp komi gallar í tölvubúnaði sem keyptur hefur verið. Slíkir gallar gera skrifstofuhald kaupanda erfiðari en ella, án þess þó að þeir valdi þess háttar tjóni sem um ræðir í a-lið. Á sama hátt má vera að búrekstur verði erfiðari en annars vegna þess að dráttarvél, sem hefur verið pöntuð, er ekki afhent á réttum tíma. Ekki er víst að þetta hafi beinlínis áhrif á framleiðsluna, en tjón getur hins vegar orðið af öðrum orsökum. Á sama hátt getur neytandi orðið fyrir svipuðu tjóni, t.d. þegar hann hefur fest kaup á bíl sem ekki er afhentur á réttum tíma.

Það er skilyrði fyrir bótum skv. b-lið að fyrir liggi bótaskylt tjón. Í neytendakaupum getur verið erfitt að sýna fram á tjón sem rekja má til þess að hlutur hefur ekki komið að fyrirhuguðum notum. Að jafnaði getur neytandi ekki sýnt fram á annað en að hann hafi orðið fyrir óþægindum og angri eða að áætlanir hans hafi farið úr skorðum, en slíkt er aldrei bótaskylt.

Oft er unnt að komast hjá tjóni, sem fellur undir b-lið, með því að leigja hlut í staðinn fyrir þann sem keyptur var eða með öðrum álíka úrræðum. Útgjöld, sem af slíku leiðir, teljast beint tjón.

Í *c-lið* er fjallað um óbeint tjón vegna tapaðs hagnaðar sem verður þegar samningur við þriðja mann fellur brott eða verður ekki réttilega efndur. Dæmi um þetta er þegar kaupandinn hefur samið um sölu til þriðja manns á þeim hlut sem hann hafði pantað hjá seljanda og vanefndir seljanda leiða til þess að síðari samningnum verður rift.

Það er aðeins tapaður hagnaður sem telst óbeint tjón samkvæmt þessu ákvæði. Því ber að líta á annað tjón vegna viðskiptanna við þriðja mann sem beint tjón, nema aðrir stafliðir 2. mgr. geti átt við um það. Þetta felur m.a. í sér að bætur fyrir beint tjón vegna afhendingardráttar og galla, sem kaupandinn verður að greiða þriðja manni, verða beint tjón með tilliti til ábyrgðar seljanda.

Tjón vegna tapaðs hagnaðar telst því aðeins óbeint tjón að kaupandi, án sanngjarnrar ástæðu, láti hjá líða að gera samning við annan aðila eða gera aðrar ráðstafanir til þess að draga úr tjóni sínu. Láti kaupandi slíkt hjá líða er um óbeint tjón að ræða.

Ákvæðið á því aðeins við að kaupandi hafi „án sanngjarnrar ástæðu“ látið hjá líða að gera tilteknar ráðstafnir. Það getur t.d. verið sanngjörn ástæða fyrir kaupanda að láta hjá líða að útvega annan hlut í stað söluhlutar ef þriðji maður hefur rift kaupunum áður en kaupandanum gafst ráðrúm til slíks.

Í *d-lið* er mælt svo fyrir að óbeint sé það tjón sem rekja má til skemmda á öðru en söluhlut sjálfum og hlutum sem hann er notaður til framleiðslu á eða stendur í nánu og beinu sambandi við fyrirhuguð not hans. Liður þessi á því við þegar söluhlutur hefur eiginleika sem valda tjóni á öðrum hlutum. Ákvæði þetta er í sjálfu sér ekki hugsað til þess að afmarka gildissvið kaupalaga annars vegar og laga um skaðsemisábyrgð hins vegar, en eigi að síður felast í því ákveðnar leiðbeiningarreglur um mörk milli gildissviða þessara reglna. Eðlilegt má telja að tekin sé afstaða í kaupalögum til ákveðins tjóns sem verður á öðru en söluhlut sjálfum. Aðalreglan er hins vegar sú að ábyrgð á slíku tjóni heyri undir almennar reglur um skaðsemisábyrgð. Hins vegar skarast gildissvið þessara reglna og geta mörk milli þeirra aldrei orðið nákvæm. Hvort ákvæði kaupalaganna eiga við fer eftir mati á aðstæðum hverju sinni, sbr. sjónarmið þau sem rakin eru í athugasemdum við 40. gr. frumvarpsins.

Tjón, sem verður á söluhlutnum sjálfum, telst beint tjón og fellur því ekki undir d-lið. Þá telst einnig vera um beint tjón að ræða þegar skemmdir verða á hlutum sem söluhlutur er notaður til framleiðslu á. Einnig telst vera um beint tjón að ræða þegar tjón verður á öðrum hlutum sem hafa náið og beint samband við fyrirhuguð not söluhlutar. Sem dæmi um beint tjón af því tagi, sem hér var nefnt, má nefna það þegar rafhlöður eyðileggja hlut sem þær eru notaðar í eða þvottavél eyðileggur föt sem sett eru í hana til þvottar. Sama gildir um efni sem

sett eru í málningu við framleiðslu hennar ef þau leiða til þess að mikilvægir eiginleikar málningarinnar fara forgörðum.

Óbeint er hins vegar tjón á öðrum hlutum sem eru í nálægð við söluhlut ef ekki eru fyrir hendi þau tengsl sem að framan getur. Sem dæmi um tjón af þessum toga má nefna þegar vél í verksmiðju veldur tjóni á öðrum vélum í sama húsi. Annað dæmi er þegar laxaseiði í eldisstöð smitar stofna í öðrum kerum stöðvarinnar. Þriðja dæmið er þegar galli í þvottavél veldur því að úr henni flæðir vatn og það veldur tjóni á gólfi og veggjum. Slíkt tjón telst óbeint tjón.

Bein tjón samkvæmt ákvæðinu fellur undir gildissvið kaupalaganna. Ákvæðið gerir hins vegar ráð fyrir því að fjarlægara tjón geti eftir atvikum einnig fallið undir gildissvið kaupalaga. Meðal annars getur svo hafa verið um samið milli aðilanna. Samt sem áður hlýtur aðalreglan að vera sú að slíkt tjón eigi fyrst og fremst að fara eftir reglunum um skaðsemisábyrgð. Segja má að þetta leiði þegar af ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og er gildissvið d-liðar því fremur þröngt.

Í ákvæði 3. mgr. felast tvær almennar undantekningar frá ákvæðum 2. mgr. A-liður felur í sér að kostnaður við venjulegar ráðstafanir til að bæta úr galla á söluhlut eða ráðstafanir til að bæta úr afleiðingum seinkunar telst beint tjón. Hér er um að ræða ráðstafanir til að bæta úr þeim vandkvæðum, sem vanefndir hafa í för með sér. Ekki skiptir máli hvort ráðstöfun hefur verið gerð til að ráða bót á beinu eða óbeinu tjóni og það skiptir heldur ekki máli hvort ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón. Ráðstafanir þær, sem hér um ræðir, geta þess vegna komið til greina til þess að hamla á móti óþægindum sem vanefndir valda. Þær geta t.d. verið fólgnar í því að taka hlut á leigu í staðinn fyrir söluhlut eða kaupa þjónustu frá þriðja manni. Hafi t.d. afhendingu á vélgröfu seinkað getur kaupandinn leigt aðra gröfu þannig að honum verði kleift að vinna tiltekið verk sem hann hefur tekið að sér og ætlaði að nota gröfuna til eða hann getur fengið gröfufyrirtæki til að vinna verkið fyrir sig.

Í mörgum tilvikum getur kaupandi ráðið bót á afleiðingum vanefnda með eigin ráðstöfunum, t.d. með því að auka yfirvinnu. Eftir atvikum er unnt að líta svo á að sanngjarn kostnaður í þessu sambandi sé beint tjón, a.m.k. meðan það fellur undir „venjulegar ráðstafnir". Ákvæði 1. mgr. 70. gr. setur því vissar skorður hvaða kostnað aðilar geta lagt í til þess að draga úr tjóni.

Í b-lið í 3. mgr. segir efnislega að kostnaður vegna ráðstafana, sem takmarka *beint tjón,* skuli einnig teljast beint tjón. Rökin fyrir þessari undantekningu eru sú skylda sem aðili hefur til þess að takmarka tjón sitt samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 70. gr. Í aðalatriðum má líta svo á að kostnaður við ráðstafanir til þess að draga úr tjóni falli alveg utan gildissviðs 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar og sé af þeim sökum beint tjón. Kostnaði við slíkar ráðstafanir má í stórum dráttum skipa á bekk með staðgönguráðstöfunum, sem teljast beint tjón, enda hafa þær sömu áhrif. Það er ekki sanngjarnt að slíkur kostnaður falli í annan flokk en útgjöld skv. 1. mgr. Líta verður á ákvæði b-lið í tengslum við a-lið. Aðila samnings ber skylda til þess að takmarka tjón sitt með þeim hætti sem samræmist best tilgangi kaupanna og því má líta á kostnaðinn sem beint tjón þrátt fyrir reglurnar í 2. mgr. Ef til greina koma fleiri en ein ráðstöfun, sem allar eru vænlegar til árangurs, gilda sömu reglur um ákvörðun skaðabóta án tillits til þess til hvaða ráðstafana hefur verið gripið.

B-liður felur í sér að líta ber á kostnað af ráðstöfun, sem takmarkar beint tjón, sem beint tjón, jafnvel þótt ráðstöfunin geti einnig haft þýðingu varðandi tjón sem fellur fyrst og fremst undir 2. mgr., þ.e. óbeint tjón. Ef um galla er að ræða telst kostnaðar af viðgerðum, leigu á öðrum hlut o.s.frv. vera beint tjón án tillits til þess hvort gallinn hafi leitt til óbeins tjóns. Sama gildir um afhendingardrátt.

Í 4. mgr. kemur fram að í neytendakaupum má semja svo um að ekki skuli greiða skaðabætur fyrir óbeint tjón sem fellur undir 2. mgr. Talið er sanngjarnt að seljandinn geti ávallt undanþegið sig ábyrgð á slíku ófyrirsjáanlegu tjóni sem hér um ræðir.

Um 68. gr.

Ákvæði þetta fjallar um verðmun sem grundvöll fyrir ákvörðun fjárhæðar tjóns þegar aðili hefur gert staðgönguráðstöfun, eftir að hafa rift kaupum. Ákvæðið á við hvort sem það er kaupandi eða seljandi sem riftir kaupunum og gerir staðgönguráðstafanir sínar í framhaldi af því. Staðgönguráðstafanir eru að jafnaði fólgnar í því að kaupandinn útvegar sér hlut í stað upphaflegs söluhlutar eða seljandi selur öðrum þann hlut sem hann upphaflega seldi kaupanda.

Ákvæðið svarar til 75. gr. SÞ-samningsins, en sambærilegt ákvæði er ekki í núgildandi lögum. Ákvæðið felur sem fyrr segir í sér fyrirmæli um það hvernig ákvarða á skaðabætur vegna verðmunar í þeim tilvikum þegar tjónþoli riftir kaupum og gerir jafnframt staðgönguráðstafanir. Ákvæðið segir ekkert til um það hvaða aðra tjónsliði aðili getur fengið bætta, en um það atriði er hins vegar fjallað í 67. gr. frumvarpsins. Við það er miðað að tjónþoli eigi val um hvort hann vill beita reglunum um verðmun eða ekki. Þegar raunverulegt tjón hans er reiknað út samkvæmt reglum 67. gr. er unnt að taka tillit til hugsanlegs verðmunar. Geti gagnaðili sannað að gerðar hafi verið staðgönguráðstafanir sem leiði til minni verðmunar verður að leggja þann verðmun til grundvallar.

Tjónþoli getur einnig valið um hvort hann vill beita ákvæðum 68. eða 69. gr. Eins og fram kemur í athugasemdum við 2. mgr. 67. gr. telst verðmunur skv. 68. gr. beint tjón. Með því að gera staðgönguráðstöfun getur sá aðili, sem riftir kaupum, takmarkað tjón sem vanefndir gagnaðila hafa í för með sér. Með skaðabótum fyrir verðmun er samningsaðila bætt tjón sem verðbreytingar á markaði eftir kaup valda.

Ákvæðið gefur tjónþola alls engin fyrirmæli um að gera staðgönguráðstafanir. Skyldu til slíks getur þó leitt af verslunarvenju, sbr. 3. gr., eða af hinni almennu skyldu tjónþola skv. 70. gr. frumvarpsins til að takmarka tjón sitt. Þegar aðili hefur í raun og veru gert staðgönguráðstafnir með forsvaranlegum hætti og innan sanngjarns tíma getur hann samkvæmt ákvæðinu krafist skaðabóta vegna þess verðmunar sem er á kaupverðinu annars vegar og því verði sem leiddi af staðgönguráðstöfuninni hins vegar. Það er aftur á móti skilyrði að um tjón hafi verið að ræða. Ef staðgönguráðstöfun hefur leitt til hagnaðar fyrir þann sem riftir kaupum á ákvæðið ekki við því að tilgangur þess er ekki að leiðrétta kaupverðið.

Sem áður segir skal þegar verðmunur er reiknaður út leggja til grundvallar kaupverðið annars vegar og verðið við staðgönguráðstöfunina hins vegar. Þannig er gert ráð fyrir að staðgönguráðstöfun hafi í raun verið gerð. Í ákvæðinu koma engar takmarkanir fram með hliðsjón af tegund kaupanna og skiptir því ekki máli hvort um er að ræða verslunarkaup, neytendakaup eða alþjóðleg kaup.

Aðalskilyrðið fyrir beitingu ákvæðisins er að sá sem riftir kaupum hafi í raun gert staðgönguráðstöfun, þ.e. ráðstöfun sem hefur bæði efnisleg og tímaleg tengsl við upphaflegu kaupin og er í raun ætlað að mæta sömu þörfum. Stundum má vera að erfitt sé að staðreyna þetta, einkum þegar um stóra viðskiptaaðila er að ræða sem hafa á lager og kaupa og selja mikið af vörum. Í slíkum tilvikum má oft styðjast við hugmyndir tjónþola sjálfs í þeim efnum.

Það er skilyrði að tegund staðgönguhlutar og eiginleikar séu svipuð tegund og eiginleikum þess hlutar sem upphaflega var keyptur. Af þessu leiðir að hafi upphaflegur söluhlutur verið sérhannaður eða sérútbúinn eru staðgöngukaup útilokuð. Þetta getur t.d. átt við um sölu gamalla hluta, sérstakar árgerðir, sýningareintök og tilboðsvörur. Staðgöngukaup eru þó

ekki útilokuð þegar um almennar útsölur eða vörur með afslætti er að ræða. Þar getur því ákvæðið átt við ef öðrum skilyrðum þess er fullnægt.

Tjónþoli verður að leitast við að gera svo hagkvæmar staðgönguráðstafanir sem mögulegt er. Ekki er nauðsynlegt að þær séu gerðar með nákvæmlega sömu kjörum, t.d. varðandi magn, kaupskilyrði, afhendingarkjör o.fl. Þegar bætur eru metnar má taka tillit til þess aukna kostnaðar sem leiða kann af dýrari flutningi hlutarins eða öðrum óhagstæðari kjörum. Hins vegar verður á sama hátt einnig að taka tillit til þess ef kjör eru hagstæðari, t.d. minni kostnaður við vörusendingu. Með þessu má segja að vissar „lagfæringar“ séu heimilar þegar sá verðmunur er reiknaður út sem ákvæðið gerir ráð fyrir.

Skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins er að staðgönguráðstöfun hafi verið forsvaranleg. Þetta felur í sér að kaupandi getur ekki fengið greiddan verðmun sem leiðir af óeðlilega kostnaðarsömum staðgönguráðstöfunum. Hins vegar þarf kaupandi alls ekki alltaf að velja ódýrustu lausnina. Á sama hátt þarf seljandi heldur ekki alltaf að selja hlutinn á hæsta hugsanlega verði sem hann getur fengið. Skilyrðið verður að meta út frá því hvað sé forsvaranlegt miðað við allar aðstæður þar sem m.a. er tekið tillit til verðs, möguleika til að kaupa eða selja vöru, kostnaðar við ráðstöfun og ekki síst þess tíma sem til ráðstöfunar er.

Einnig er skilyrði samkvæmt ákvæðinu að staðgönguráðstöfun sé gerð innan sanngjarns tíma frá riftun. Þetta kemur til viðbótar því skilyrði að um raunverulega staðgönguráðstöfun sé að tefla sem hafi tengsl við upphaflegu kaupin. Með umræddu tímaskilyrði er hamlað gegn því að tjónþoli bíði óhæfilega lengi með að gera staðgönguráðstöfun til að geta séð hvernig mál þróast og náð þannig hærri bótafjárhæðum. Verður að meta í hverju tilviki hvað telst sanngjarn tími í þessu sambandi, en sá frestur er þó að jafnaði ekki lengri en leiðir af reglunum í 1. mgr. 32. gr. um tilkynningar.

Ekki kemur fram í ákvæðinu hverjar geti orðið afleiðingar þess ef staðgönguráðstafanir eru ekki forsvaranlega gerðar eða innan sanngjarns tíma. Eðlilegast er að líta svo á að þá falli tilvikið utan gildissviðs 68. gr., en hins vegar getur 69. gr. þá átt við og eftir atvikum einnig ákvæði 67. gr.

Báðir aðilar geta krafist fullra bóta skv. 67. gr. eða 69. gr. um leið og tjón hefur orðið. Þá þarf ekki að bíða eftir að sá tími líði sem leiðir óhjákvæmilega af ákvæðum 68. gr. Hafi staðgönguráðstöfun hins vegar verið gerð má beita 68. gr. þegar í stað.

Um 69. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 76. gr. SÞ-samningsins. Í gildandi lögum eru sambærileg ákvæði í 25. gr., 2. málsl. 30. gr. og 45. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ákvörðun verðmunar þegar kaupum er rift, en staðgönguráðstafanir eru ekki gerðar. Það á einnig við þegar gerð hefur verið staðgönguráðstöfun sem ekki fullnægir skilyrðum 68. gr., t.d. þegar ráðstöfun er ekki gerð á forsvaranlegan hátt eða innan sanngjarns tíma. Þetta getur sérstaklega átt við þegar söluhlutur er tegundarlega ákveðinn og kaupandinn hefur keypt marga slíka hluti eða seljandi selt marga hluti af svipaðri tegund og erfitt er að átta sig á hvaða kaup eða sölu tiltekin staðgönguráðstöfun á við. Slíkt er ekki óalgengt, t.d. þegar kaupandi endurnýjar stöðugt vörulager sinn og þar er um að ræða eðlilegan lið í veltu.

Skilyrði þess að 69. gr. eigi við er að gangverð sé á söluhlut. Forsendan er að söluhlutur sé tegundarákveðinn og í vissri viðskiptaveltu, en verð hans þarf ekki að vera skráð. Ef ekki er um gangverð vöru að ræða er hugsanlegt að reikna bætur út á annan hátt, þ.e. samkvæmt ákvæðum 67. og 68. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er verðmunur reiknaður út þannig að lagt er til grundvallar kaupverð annars vegar og gangverð hlutarins á riftunartíma hins vegar. Ef kaupum er hins vegar rift, eftir að söluhlut hefur verið veitt viðtaka skal miða gangverð við það verð sem á honum var þegar afhending átti sér stað. Við verðsamanburðinn verður að leggja til grundvallar hina samningsbundnu vöru, gæði, magn, o.s.frv., svo og samningsbunda skilmála að öðru leyti, svo sem stað, tíma, lánskjör o.fl. Taka verður enn fremur tillit til minni háttar atriða, svo sem flutningskostnaðar. Með sama hætti og á við um 68. gr. getur tjónþoli krafist bóta fyrir annað tjón samkvæmt ákvæðum 67. gr. Því getur verið um að ræða útgjöld og tjón sem afleiðingu greiðsludráttar. Verðmunur hlutanna tekur venjulega einnig til tjóns sem verður vegna tapaðs hagnaðar og því verður hér ekki um sérstakan tjónslið að ræða skv. 67. gr. Hins vegar getur kaupandinn hugsanlega krafist skaðabóta vegna óbeins tjóns, t.d. samdráttar eða stöðvunar í framleiðslu ef skilyrði þess eru fyrir hendi.

Í 2. málsl. 1. mgr. kemur fram að miða skuli gangverð við þann tíma þegar afhending átti sér stað ef kaupum er rift eftir að söluhlut hefur verið veitt viðtaka. Þessi nýja viðmiðun dregur úr öryggisleysi og spákaupmennsku. Hafi galli á söluhlut ekki uppgötvast fyrr en nokkru eftir afhendingu má vera að gangverð á viðtökutíma henti ekki vel. Einnig getur verið að kaupandi bíði með riftun einhvern tíma í von um úrbætur, sbr. 2. mgr. 39. gr. Í þessum tilvikum hefur kaupandi það úrræði að gera staðgönguráðstöfun skv. 68. gr. eða krefjast bóta skv. 67. gr.

Í 2. mgr. er skilgreining á því hvað sé gangverð. Gangverð er í fyrsta lagi það verð sem sambærilegir hlutir hafa á afhendingarstað, sbr. ákvæði 6. og 7. gr. frumvarpsins. Í mörgum tilvikum hefur vara sama gangverð á stórum svæðum. Hins vegar getur verið verðmunur á milli einstakra staða og þá ræður afhendingarstaður úrslitum.

Ef ekki er um gangverð að ræða á afhendingarstað gilda ákvæði 2. málsl. 2. mgr. Þá skal miða gangverð við annan stað sem með sanngirni má jafna til afhendingarstaðar. Slíkur staður getur eftir atvikum ýmist verið framleiðslustaður hlutarins, ákvörðunarstaður, viðtökustaður eða viðurkenndur markaðsstaður á umræddu viðskiptasviði. Hvað telst sanngjarnt í þessu tilliti ber að meta í hverju tilviki fyrir sig með hliðsjón af viðskiptavenjum á umræddu sviði og hagsmunum aðilanna. Tekið skal fram að ákvæði 2. málsl. á því aðeins við að ekki sé um að ræða neitt gangverð á afhendingarstað. Það skipir því engu máli í þessu sambandi hvort verð sé „eðlilegra“ eða sanngjarnara á öðrum stöðum ef það skilyrði er fyrir hendi.

Við verðsamanburð skv. 2. málsl. 2. mgr. skal taka tillit til mismunandi flutningskostnaðar til leiðréttingar. Fer eftir samningum aðila hverju sinni hvers konar flutningskostnaður kemur til álita í þessu sambandi. Með þessum hætti er unnt að nálgast verulega það verð sem hefði hvort sem er leitt af staðgönguráðstöfunum. Sé ekki um neitt gangverð að ræða samkvæmt framansögðu er eina úrræðið að leita bóta samkvæmt ákvæðum 67. gr.

Um 70. gr.

Efni 1. mgr. 70. gr. frumvarpsins er í samræmi við 77. gr. SÞ-samningsins, en í gildandi kaupalögum er ekkert sambærilegt ákvæði.

Samkvæmt 1. mgr. hvílir sú almenna skylda á tjónþola að gera sanngjarnar ráðstafanir til þess að takmarka tjón sitt. Vanræki hann þá skyldu ber hann sjálfur þann hluta tjónsins sem því nemur. Þótt í gildandi kaupalögum séu ekki sambærilegt ákvæði má segja að regla frumvarpsgreinarinnar sé í samræmi við almennt viðurkennd sjónarmið, sem lögð eru til grundvallar við ákvörðun fjárhæðar skaðabóta, bæði innan og utan samninga. Ákvæðið leggur þá skyldu á aðila að þeir reyni með beinum aðgerðum að takmarka tjón sitt.

Það ræðst af atvikum og aðstæðum í hverju tilviki hvaða aðgerða verður krafist af aðilum við að takmarka tjón sitt. Riftun og staðgönguráðstafanir eru dæmi um aðgerðir sem eðlilegt getur verið að grípa til í því skyni að takmarka tjón sitt. Af ákvæðinu leiðir að til slíkra aðgerða getur verið nauðsynlegt að grípa fljótt ef meira tjón mundi ella af hljótast, sbr. og athugasemdir við 68. gr.

Við mat í framangreindum efnum verður að taka tillit til þess sem með sanngirni mátti ætlast til af samningsaðila á því tímamarki þegar vanefnd varð. Þótt eftirfarandi skoðun leiði í ljós, með hliðsjón af því hvernig mál þróuðust, að samningsaðili hafi átt að bregðast við ólíkt því sem hann gerði er ekki sjálfgefið að hægt hafi verið að ætlast til hins sama af honum á því tímamarki þegar vanefnd varð. Þá verður einnig að líta til þess að aðili getur þurft ákveðinn tíma til þess að átta sig á hvaða úrræðum sé hentugast að beita.

Að öðru leyti verður að taka tillit til eðlis kaupanna og þess sem venjulegt má telja í umræddri tegund viðskipta. Þannig verða t.d. að meginstefnu til ekki gerðar sömu kröfur til kaupenda í neytendakaupum og þeirra sem hafa verslun og viðskipti að atvinnu sinni þegar um staðgöngukaup er að ræða.

Oft getur verið nauðsynlegt fyrir samningsaðila að hafa samband við gagnaðila sinn til þess að geta metið til hvaða ráðstafana sé hentugast að grípa. Seljandi getur t.d. átt þess kost að útvega kaupanda annan hlut sem getur til bráðabirgða komið í stað söluhlutar.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er að finna almenna reglu um mildun bótaábyrgðar. Hvorki er í gildandi kaupalögum né heldur í SÞ-samningnum að finna sambærileg ákvæði. Skaðabætur má samkvæmt ákvæðinu lækka ef þær teljast ósanngjarnar fyrir hinn bótaskylda aðila. Augljóst þarf að vera að skaðabætur leiði til ósanngjarnrar niðurstöðu svo að mildun bótaábyrgðar samkvæmt ákvæðinu geti komið til greina. Við matið verður að taka tillit til fjárhæðar tjóns í samanburði við tjón sem venjulega verður í sambærilegum tilvikum og miðað við atvik að öðru leyti.

Eins og leiða má af texta frumvarpsgreinarinnar getur mildun bótaábyrgðar komið til greina þegar um er að ræða lítt fyrirsjáanlegar afleiðingar vanefnda á samningsskyldu. Tjón, sem óbeint má rekja til vanefnda og leiðir að meira eða minna leyti af einstaklingsbundum atvikum og aðstæðum hjá tjónþola, getur gagnaðili almennt séð ekki gert ráð fyrir og takmarkað. Því er meiri ástæða en ella til að lækka skaðabætur vegna slíks tjóns en þegar um er að ræða það sem kalla má venjulegar afleiðingar vanefnda, jafnvel þótt um verulegt tjón sé að ræða. Mikilvægur þáttur við mat í þessum efnum er samanburður á viðkomandi tjóni og því sem kalla má venjulegt tjón í sambærilegum tilvikum.

Í greininni er gert ráð fyrir að taka megi tillit til „atvika að öðru leyti“. Sem dæmi um slíkt má nefna atriði eins og tegund kaupa, hverjir samningsaðilar eru og ástæður vanefndanna, þ.m.t. hversu mikla vanrækslu sá hefur sýnt sem vanefnir samninginn og framferði tjónþola. Þar til viðbótar verður að líta til fjárhæðar tjóns og fyrirliggjandi möguleika á vátryggingum. Þá verður einnig að taka tillit til þess að hve miklu leyti tjónþoli vakti við samningsgerðina athygli viðsemjanda síns á sérstakri hættu sinni á að verða fyrir tjóni.

Þörfin fyrir mildun ábyrgðar getur einnig ráðist af því um hvers konar vanefndir er að ræða. Þannig má sem dæmi nefna að yfirleitt verður síður um mikið ófyrirsjáanlegt tjón að ræða af völdum greiðsludráttar af hálfu kaupanda en það tjón sem leitt getur af vanefndum seljanda.

Mildun ábyrgðar verður aðeins raunhæft að meta að því marki sem skaðabætur takmarkast ekki samkvæmt öðrum reglum, t.d. 1. mgr. 67. gr., 1. mgr. 70. gr. og 3. mgr. 70. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er sérregla um alþjóðleg kaup. Fyrsti málsliður er í samræmi við 2. málsl. 74. gr. SÞ-samningsins. Málsliður þessi er einnig í samræmi við 2. málsl. 1. mgr. 67. gr. samningsins með þeirri viðbót að matið á að fara fram í ljósi þeirra atvika, sem aðili þekkti eða mátti þekkja þegar samningur var gerður. Af ákvæðinu getur leitt að skaðabætur í alþjóðlegum kaupum verði ákvarðaðar heldur lægri en ella yrði gert. Á hinn bóginn leiðir það af 2. málsl. að mildunarreglu 2. mgr. verður ekki beitt í alþjóðlegum kaupum.

Um 71. gr.

Ákvæði þetta svarar til 78. gr. SÞ-samningsins. Um greiðslu vaxta er fjallað í 38. gr. laga nr. 39/1922.

Í samanburði við gildandi lög felst í ákvæði þessu ákveðin rýmkun, þar sem það á ekki einungis við um drátt á greiðslu kaupverðs heldur einnig aðrar vangoldnar fjárhæðir. Þar má sem dæmi nefna skaðabætur af hálfu kaupanda vegna dráttar af hálfu seljanda.

Tilvísun ákvæðisins til vaxtalaga felur bæði í sér að vaxtafótur, upphafstími vaxta og útreikningur að öðru leyti skal vera í samræmi við það sem fyrir er mælt í vaxtalögum.

Í 78. gr. SÞ-samningsins eru hvorki reglur um vaxtafót eða upphafstíma vaxta og fer um þessi atriði samkvæmt lögum hvers lands.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um skyldur seljanda og kaupanda til umönnunar söluhlutar sem hann hefur í vörslum sínum vegna vanefnda af hálfu gagnaðila. Meginreglan er sú að seljandi eða kaupandi skuli annast um hlutinn á kostnað gagnaðila á þann hátt sem sanngjarn er miðað við aðstæður. Um umönnunarskyldu seljanda eru nánari ákvæði í 72. gr., um skyldu seljanda í 73. gr. og um umönnun af hálfu þriðja manns eru ákvæði 74. gr. Í 75. gr. eru ákvæði um skaðabætur og tryggingu vegna kostnaðar sem umönnunaraðili þarf að bera. Í 76. gr. ræðir um rétt og skyldu samningsaðila (umönnunaraðila) til að selja söluhlut sem hann annast og í 77. gr. er fjallað um annars konar ráðstöfun á söluhlut en sölu. Í 78. gr. er loks fjallað um reikningsfærslu og reikningsgerð af hálfu umönnunaraðila á hendur viðsemjanda sínum.

Um 72. gr.

Ákvæði þetta svarar til 85. gr. SÞ-samningsins og 33. gr. gildandi kaupalaga. Þar er í fyrsta lagi fjallað um það, sem kallað er „mora accipiendi“ af hálfu kaupanda, þ.e. þegar kaupandi lætur hjá líða að sækja söluhlut eða veita honum viðtöku. Ákvæðið á einnig við þegar önnur atvik, sem kaupanda varða, leiða til þess að hann fær ekki söluhlutinn afhentan á réttum tíma. Með hinu síðastnefnda er t.d. átt við það þegar afhendingin er undir því komin að kaupverðið sé greitt, en það er ekki gert. Seljandinn getur þá samkvæmt ákvæðum 10. gr. haldið söluhlut hjá sér, en á hann fellur jafnframt umönnunarskylda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Annað dæmi er það þegar afhendingu seinkar af þeirri ástæðu að kaupandinn ljær ekki atbeina sinn að efndum, t.d. að gerð hlutarins eða flutningi hans, eins og áskilið hefur verið.

Umönnunarskylda seljanda gildir án tillits til huglægrar afstöðu kaupandans til vanefnda og án tillits til þess hvort aðilar hafa sett fram vanefndakröfur eða ekki. Kaupandanum er skylt skv. 50. gr. að stuðla að sínu leyti að því að seljandinn geti efnt skyldur sínar og að taka við hlutnum með því að sækja hann eða veita honum viðtöku. Af 2. mgr. 57. gr. leiðir að seljandi getur átt bótarétt ef kaupandi veitir ekki söluhlut viðtöku. Vanefndir kaupandans

samkvæmt ákvæðinu eru undir því komnar að aðgerðarleysi hans verði ekki rakið til seljanda eða atvika sem hann varða, sbr. 51. gr.

Skylda seljanda samkvæmt ákvæðinu felst í því að annast um söluhlut með sanngjörnum hætti. Hvað telst sanngjarnt í þeim efnum fer ekki hvað síst eftir því um hvers konar hlut er að ræða og atvikum að öðru leyti.

Ef seljandi hefur hlut í vörslum sínum er umönnunarskylda hans skilyrðislaus. Að öðru leyti fer skyldan eftir því hvort seljandinn hefur möguleika á því að annast hlutinn. Ef hlutur er á öðrum stað getur seljandinn e.t.v. annast um hlutinn, t.d. ef hann er með útibú eða umboðsmann á þeim stað. En hafi banki á afhendingarstað fengið það hlutverk að sjá um innheimtu kaupverðsins verður bankinn ekki af þeirri ástæðu talinn umboðsmaður seljanda með þeim afleiðingum að á seljandann falli umönnunarskylda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Seljandi annast söluhlut á kostnað kaupanda, sbr. einnig ákvæði 75. gr. um skaðabætur og tryggingar fyrir kostnaði. Umönnun getur leitt til tímabundinna útgjalda fyrir seljanda, sem kaupandinn verður síðar að endurgreiða.

Í frumvarpsgreininni er umönnunarskylda seljanda ekki bundin neinum tímatakmörkunum. Seljandinn getur á hinn bóginn öðlast rétt til að rifta kaupum samkvæmt ákvæðum 55. gr. Þar að auki getur seljandinn neytt réttar síns skv. 76. eða 77. gr. til að selja hlutinn eða ráðstafa honum með öðrum hætti.

Af ákvæðum 2. mgr. 13. gr. leiðir þá meginreglu að kaupandinn ber áhættuna af söluhlutnum á þeim tíma sem seljandinn annast um hann samkvæmt ákvæðum 72. gr. Í neytendakaupum gildir þetta þó ekki, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. Þótt það sé kaupandinn sem almennt ber áhættuna af söluhlut getur það eigi að síður verið þáttur í umönnunarskyldu seljanda að vátryggja söluhlutinn meðan skyldan varir.

Í frumvarpsgreininni er ekki um það fjallað hvaða afleiðingar það hefur ef seljandinn sinnir ekki umönnunarskyldu sinni. Hið raunhæfa er þá að seljandinn geti orðið bótaskyldur, sbr. til hliðsjónar ákvæði 2. mgr. 30. gr. Það leiðir hins vegar af 2. mgr. 21. gr. að seljandinn ber einnig ábyrgð á göllum sem koma í ljós eftir að áhættan hefur flust yfir til kaupandans ef galla má rekja til vanefnda af hálfu seljandans. Nær þetta einnig til vanefnda sem felast í því að seljandinn hefur ekki sinnt umönnunarskyldu sinni. Ef galli kemur í ljós á söluhlut og gallann er að rekja til vanrækslu seljanda á umönnunarskyldu skv. 72. gr. getur kaupandinn beitt venjulegum vanefndaúrræðum.

Um 73. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 86. gr. SÞ-samningsins. Ákvæði 1. mgr. svarar til 55. gr. gildandi laga og ákvæði 2. mgr. svara til 56. gr. laga nr. 39/1922.

Í 1. mgr. er um það tilvik fjallað þegar kaupandinn vill hafna söluhlut sem hann hefur veitt viðtöku, þ.e. móttekið eða sótt. Er kaupandinn þá skyldur til að annast um hlutinn eins og sanngjarnt er miðað við aðstæður. Ákvæðið er orðað eins og 72. gr., enda er ætlunin sú að umönnunarskyldan sé hin sama í báðum tilvikum. Umönnun kaupanda er á kostnað seljanda, sbr. einnig 75. gr. og athugasemdir við 72. gr.

Það er skilyrði svo að ákvæði greinarinnar eigi við að kaupandinn hafi rétt til að hafna söluhlut. Ef slíkum rétti er ekki til að dreifa verður kaupandinn að annast um hlutinn í þágu eigin hagsmuna og getur hann þá ekki gert það fyrir reikning seljandans. Þar sem 1. mgr. á við um þau tilvik þegar kaupandinn hefur veitt söluhlut viðtöku er það kaupandinn sem ber áhættuna af hlutnum, sbr. þó ákvæði 74. gr. Hugtakið „hafnar“ er ekki skilgreint, en í því felst að kaupandinn vill ekki halda hlut. Kaupandinn hefur rétt til að hafna hlut þegar beinlín-

is er um það samið, þegar afhending er verulega gölluð eða þegar afhent er of snemma eða of mikið, sbr. 98. gr.

Ákvæði 2. mgr. eiga við þegar kaupandinn vill hafna söluhlut sem hefur verið sendur til hans honum til reiðu á ákvörðunarstað. Er kaupandinn þá skyldur til að annast um hlutinn fyrir reikning seljanda. Það er einnig skilyrði hér að kaupandinn eigi rétt á að hafna hlutnum.

Í ákvæðinu felst að kaupandi í sendingarkaupum getur með ákveðnum skilyrðum verið skyldur til að annast um söluhlut sem er á leið til hans og er kominn til hans eftir að kaupandinn fékk ástæðu til að hafna honum.

Kaupandinn er aðeins skyldur til að annast um hlutinn ef það getur gerst án þess að hann þurfi jafnframt að greiða kaupverðið. Ef hluturinn er t.d. sendur í póstkröfu fellur engin umönnunarskylda á kaupanda. Þá verður umönnunarskyldan heldur ekki virk ef kaupandinn getur ekki sinnt henni nema því aðeins að verða fyrir ósanngjörnum útgjöldum eða óhagræði. Þar við bætist að á kaupandann fellur ekki umönnunarskylda ef seljandinn eða einhver á hans vegum getur annast um hlut á ákvörðunarstað. Þetta á t.d. við þegar seljandinn er með umboðsmann á ákvörðunarstaðnum, sbr. athugasemdir við 72. gr.

Þótt kaupandinn sé ekki skyldur til að annast um söluhlut getur hann eftir atvikum verið skyldugur að tilkynna seljandanum eða umboðsmanni hans um það að hann hafni söluhlut, þannig að seljandinn geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að annast um hlutinn.

Þótt 2. mgr. eigi við um tilvik þar sem söluhlut hefur ekki verið veitt viðtaka hefur áhættan yfirleitt þegar flust yfir til kaupanda áður en söluhlut er hafnað (sjá 13. gr., sbr. 2. mgr. 7. gr.). Kaupandinn ber því áhættuna af hlutnum meðan hluturinn er í vörslum hans, sbr. einnig 74. gr.

Hvorki í 1. né 2. mgr. 73. gr. er fjallað um afleiðingar þess ef kaupandinn vanrækir umönnunarskyldu sína. Samkvæmt ákvæðum 66. gr. getur slíkt vanræksla leitt til þess að kaupandinn glatar riftunarrétti sínum. Vanræksla á umönnunarskyldu getur einnig leitt til þess að heimilt er að beita venjulegum vanefndaúrræðum, t.d. krefjast skaðabóta skv. 2. mgr. 57. gr., sbr. athugasemdir við þá grein.

Um 74. gr.

Ákvæði 1. málsl. greinarinnar er í samræmi við 87. gr. SÞ-samningsins, en í gildandi kaupalögum, nr. 39/1922, er ekkert sambærilegt ákvæði að finna. Þó verður að ætla að samkvæmt gildandi rétti hafi aðili, sem annast skal um söluhlut, að ákveðnu marki rétt til að fela öðrum manni að annast um hann.

Samkvæmt fyrri málslið 74. gr. er þeim aðila, sem annast skal um söluhlut samkvæmt ákvæðum 72. og 73. gr., heimilt að fela það þriðja manni á kostnað gagnaðila. Þetta getur oft verið hagkvæmt úrræði, t.d. þegar hlutur er á öðrum stað en atvinnustöð þess sem umönnunarskyldan hvílir á eða þegar hlut þarf að varðveita með sérstökum hætti eða aðferðum sem umönnunarðilinn hefur ekki færi á að beita.

Eitt af skilyrðum þess að hlut megi varðveita hjá þriðja manni á kostnað seljanda er að útgjöld því samfara verði ekki óhæfilega mikil og er það sérstaklega tekið fram í ákvæðinu. Sá samningsaðili, sem umönnunarskyldan hvílir á, þ.e. umönnunaraðilinn, verður ekki talinn hafa brotið skyldur sínar ef hann sjálfur er fús til að greiða þann kostnað sem fer fram úr því sem hæfilegt má telja. En ákvæðið getur t.d. fengið sjálfstæða þýðingu ef geymslumaður (þriðji maður) krefur seljandann beint um kostnaðinn, eða hann heldur hlut hjá sér vegna greiðsludráttar af hálfu kaupandans.

Í síðari málslið ákvæðisins kemur fram að samningsaðili er laus undan skyldu sinni, hafi vörslumaður verður valinn á forsvaranlegan hátt og veitt hlutnum viðtöku. Í þessu sambandi

verður að hafa í huga að umönnunarskylda samningsaðila verður virk við vanefndir af hálfu gagnaðila og er í hans þágu. Eins og áður er komið fram er oft óhjákvæmilegt að varðveita hlut hjá þriðja manni. Því er eðlilegt að líta svo á að samningsaðili sé laus úr ábyrgð sinni þegar söluhlutur er kominn til þriðja manns og samningsaðilinn hefur ekki lengur tök á að hafa eftirlit með honum. Á þetta við hvort sem umönnunarskyldan hvílir á kaupanda eða seljanda. Geymslumaður getur verið hvort heldur sem er einkaaðili eða sjálfstæður atvinnurekandi sem tekur slíkt að sér sérstaklega, t.d. eigandi geymsluhúsnæðis. Sá sem umönnunarskyldan hvílir á verður að meta hæfni geymslumanns og eftir atvikum hvort geymslustaður er hentugur til að geyma á hlut af þeirri tegund og með þeim eiginleikum sem um er að ræða.

Af frumvarpsgreininni leiðir að samningsaðili ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður meðan hlutur er hjá vörslumanni, t.d. vegna gáleysis af hálfu vörslumanns. Á hinn bóginn verður umönnunaraðilinn ábyrgur ef val hans á vörslumanni hefur ekki verið forsvaranlegt. Þegar vörslumaður hefur verið valinn á forsvaranlegan hátt og hefur veitt hlut viðtöku telst umönnunaraðili hafa fullnægt skyldu sinni og hún nú komin í hendur þriðja aðila.

Um 75. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 2. málsl. 85. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 86. gr. SÞ-samnþingsins. Í gildandi kaupalögum frá 1922 er sambærilegt ákvæði í 36. og 55. gr.

Samkvæmt fyrri málslið frumvarpsgreinarinnar á samningsaðili, sem annast um söluhlut á kostnað gagnaðila, rétt til endurgreiðslu hæfilegs kostnaðar sem af því hlýst. Ábyrgð gagnaðila vegna slíks kostnaðar er á hreinum hlutlægum grunni. Þær ástæður, sem leyst geta undan skaðabótaábyrgð skv. 27., 40. og 57. gr., eiga því ekki við hér.

Ábyrgð samkvæmt frumvarpsgreininni nær einungis til þess kostnaðar sem aðili hefur orðið fyrir í tengslum við umönnun skv. 72., 73. og eftir atvikum 74. gr. Sem dæmi má nefna kostnað við leigu á geymsluhúsnæði eða flutning til þriðja manns sem á að varðveita hlutinn. Ef í ljós kemur, eftir að seljandinn hefur flutt söluhlut á afhendingarstað, að kaupandinn vill ekki veita hlutnum viðtöku er heimilt að líta á kostnað seljanda við að flytja hlutinn til baka sem hluta umönnunarkostnaðar. Ef afhending verður raunhæf síðar gildir hið sama sennilega einnig um kostnað við að flytja hlutinn á afhendingarstað á nýjan leik. Ef um kostnað er að ræða, sem ekki stendur í sambandi við umönnun hlutarins heldur má alfarið rekja til þeirra vanefnda sem leiddu til umönnunarskyldunnar, fæst hann bættur samkvæmt reglum 27., 40. og 57. gr. Hvað telst forsvaranlegt í þessu sambandi fer eftir mati á aðstæðum hverju sinni og ber þá sérstaklega að hafa í huga tegund hlutar, staðsetningu hans, stöðu og möguleika seljanda. Kostnaður getur t.d. falist í fermingu og affermingu í tengslum við flutninga, geymslu hjá seljanda eða þriðja manni, viðhaldi hlutar, ráðstöfunum til að forða hlut frá tjóni, tryggingarkostnaði og eftir atvikum sölu samkvæmt ákvæðum 76. gr.

Síðari málsliður ákvæðisins veitir þeim aðila, sem umönnunarskyldan hvílir á, heimild til að halda hlutnum hjá sér til tryggingar kröfu sinni samkvæmt ákvæðinu. Hvað kaupandann varðar felur ákvæði þetta í sér rýmkun miðað við ákvæði 55. gr. gildandi laga, sem ekki tekur sérstaka afstöðu til þessa álitaefnis.

Samningsaðili getur varnað því að gagnaðili hans haldi hlut hjá sér samkvæmt heimild frumvarpsgreinarinnar með því annaðhvort að greiða kostnaðinn eða setja tryggingu fyrir greiðslu hans. Trygging getur verið hentugt úrræði fyrir gagnaðila, t.d. ef upp kemur deila um það hvort kostnaður, sem á er fallinn, telst hæfilegur eða ekki.

Um 76. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 88. gr. SÞ-samningsins. Sambærilegar reglur eru í 34. og 35., sbr. 55. gr. gildandi kaupalaga. Þegar hlutur hefur verið seldur, eins og áskilið er í grein þessari, hefur umönnunarskyldu verið fullnægt og tekur þá við uppgjör skv. 78. gr.

Í 76. gr. er þeim umönnunaraðila, sem umönnunarskylda hvílir á skv. 72. eða 73. gr., veitt heimild til að selja söluhlut, en stundum getur þó verið um skyldu til slíks að ræða. Greinin gerir ráð fyrir fjórum ólíkum skilyrðum fyrir heimild til þess að selja.

Sala má í fyrsta lagi fara fram ef umönnunaraðili getur ekki annast um hlutinn án þess að baka sér verulegan kostnað. Þar sem 75. gr. veitir rétt til skaðabóta vegna hæfilegs kostnaðar við umönnun er það fyrst og fremst kostnaður sem aðili hefur þurft að leggja út fyrir sem getur verið íþyngjandi fyrir umönnunaraðilann.

Í öðru lagi er heimilt að selja söluhlut ef gagnaðili dregur það óhæfilega lengi að taka við hlutnum. Við mat á því hvað telst óhæfilegt í þessum efnum hefur tímalengdin sjálf þýðingu. Eðli söluhlutar og hver umönnunaraðilinn er getur einnig haft þýðingu. Sá sem hefur verslun og viðskipti að atvinnu má reikna með því að endrum og sinnum þurfi að annast um söluhluti vegna vanefnda viðsemjanda og slíkur aðili er yfirleitt að ákveðnu marki fær um að varðveita sérhæfðar og viðkvæmar vörur. Sama gildir á hinn bóginn ekki um venjulegan neytanda án þess að annað og meira komi til. Þótt gagnaðili endurgreiði kostnað við umönnun getur umönnunaraðili samt sem áður þurft að binda fé í langan tíma vegna umönnunarinnar, sem þá fer að taka á sig einkenni lánsviðskipta og ekki er sanngjarnt að hann þurfi að hlíta. Undan slíku getur umönnunaraðili þá losnað með því að selja hlutinn.

Umönnunaraðili getur í þriðja lagi selt hlutinn ef gagnaðili dregur það óhæfilega lengi að greiða kaupverðið. Dráttur á greiðslu kaupverðsins er sjálfsagt aðeins raunhæfur þegar það er seljandinn sem annast um hlutinn. Seljandinn mundi að öllu jöfnu í slíkum tilvikum geta varið hagsmuni sína með því að rifta kaupunum, en hann getur þess í stað ákveðið að halda fast við kaup en selja söluhlutinn skv. 76. gr.

Umönnunaraðili getur í fjórða lagi selt hlutinn ef gagnaðili dregur óhæfilega lengi að greiða geymslukostnað. Skilyrði þetta viðvíkjandi geymslukostnaði er nátengt fyrsta skilyrðinu og verður ekki frekar um það fjallað hér.

Andstætt því sem gildir skv. 34. gr. gildandi laga er sú skylda ekki lögð á umönnunaraðila að hann skori á gagnaðila að taka hlutinn í sínar vörslur. En hafi slík áskorun verið gefin getur það haft þýðingu við mat á því hvort gagnaðili hafi dregið það óeðlilega lengi að taka hlutinn í sínar vörslur.

Samkvæmt 2. mgr. er umönnunaraðila við vissar aðstæður skylt að selja söluhlutinn. Það er í fyrsta lagi ef hætt er við að hlutur eyðileggist fljótt eða rýrni. Slíkt getur t.d. verið tilfellið þegar um sölu á ferskvörum er að ræða. Ef kaupandinn vill ekki veita viðtöku sendingu af tómötum verður seljandinn að reyna að selja tómatana öðrum, áður en sendingin eyðileggst. Í öðru lagi er skylt að selja hlutinn ef hætt er við að kostnaður við geymslu hans verði óhæfilega mikill. Hvað telst hæfilegt í þessum efnum ræðst einkum af tegund hlutarins, verðgildi hans og ástandi annars vegar og hins vegar þeim tíma sem umönnunin varir. Í því sambandi þarf að meta hvort kostnaðurinn stendur í eðlilegu samhengi við verðmæti söluhlutarins. Misvægi á milli kostnaðarins og verðmætis hlutarins getur hæglega komið upp ef verulega langur tími líður áður en gagnaðili efnir samninginn eða veitir hlut viðtöku. Skilyrði þetta fellur að öllu verulegu leyti saman við skilyrði 75. gr. Í því felst að um skyldu til sölu er yfirleitt ekki að ræða ef kostnaður við umönnun fer ekki fram úr því sem er hæfilegt skv. 75. gr.

Í fyrri málslið 3. mgr. er því slegið föstu að standa skuli að sölu með forsvaranlegum hætti. Gagnstætt því sem fram kemur í 34. gr. gildandi laga eru engin fyrirmæli um það í ákvæðinu hvernig standa skal að sölu. Salan verður að fara fram á þeim stað sem hæfir og með þeim hætti sem forsvaranlegt má telja. Í því sambandi skiptir máli hvað telst hagkvæmt, forsvaranlegt og ákjósanlegt miðað við aðstæður. Hafa verður í huga tegund hlutarins og ástand ásamt hagsmunum aðila. Sá sem umönnunarskyldan hvílir á hefur hvorki heimild til að selja sjálfum sér söluhlut né heldur þeim sem honum standa nærri. Ef hann vill sjálfur kaupa hlut verður það að jafnaði að gerast með sérstöku samkomulagi við gagnaðila.

Mótbárum gegn söluverðinu verður ekki vísað á bug með því einu að benda á að sala hafi farið fram á uppboði. Í mörgum tilvikum leiðir það af kröfu frumvarpsgreinarinnar um sölu með forsvaranlegum hætti að hún fari fram eftir hefðbundnum söluleiðum og aðferðum aðilanna, þar sem slíkt getur leitt til þess að hærra verð fáist en við uppboðssölu. Í 88. gr. SÞ-samningsins er ekki beinn áskilnaður um það að sala skuli fara fram með forsvaranlegum hætti. Slíkt skilyrði er þó að meira eða minna leyti sjálfgefið, sbr. 1. mgr. 88. gr. sáttmálans, þar sem talað er um sölu „by any appropriate means".

Ef kostur er skal gefa gagnaðila með hæfilegum fyrirvara viðvörun um að hluturinn muni verða seldur. Tilgangurinn með ákvæðinu er að tryggja gagnaðila lokatækifæri til að gera það sem nauðsynlegt er til að fá umráð hlutarins. Skilyrðið „ef kostur er" hefur í framkvæmd helst þýðingu í sambandi við 2. mgr., en þar skiptir tíminn verulegu máli varðandi möguleikann á því að takmarka tjón sitt. Viðkomandi aðili verður þá ef nauðsynlegt reynist að geta selt hlutinn án þess að senda viðvörun til gagnaðila. Óraunhæft getur verið að gera gagnaðila viðvart ef nauðsynlegt er að selja þegar í stað til að koma í veg fyrir eyðileggingu. Þetta á t.d. við um matvörur. Í flestum tilfellum er það á hinn bóginn unnt að veita gagnaðila viðvörun beint, áður en sala fer fram, t.d. símleiðis. Þegar viðvörun er send með forsvaranlegum hætti er áhættan af sendingunni móttakandans. Ef umönnunaraðili fullnægir ekki söluskyldu sinni á forsvaranlegan hátt getur hann orðið bótaskyldur vegna þeirrar vanrækslu.

Um 77. gr.

SÞ-samningurinn hefur ekkert ákvæði sambærilegt við frumvarpsgrein þessa, en umönnunarskylda skv. 86. gr. sáttmálans er takmörkuð eins og í 73. gr. frumvarpsins. Þegar komið er út fyrir mörk umönnunarskyldunnar og sala getur ekki farið fram með góðu móti verður það ekki talið andstætt ákvæðum sáttmálans þótt gerð sé í þágu beggja samningsaðila önnur ráðstöfun en sala. Frumvarpsgreinin svarar að öðru leyti til síðasta málsliðar 34. gr. gildandi laga, sbr. og ákvæði 55. gr. þeirra laga.

Fyrsta skilyrðið samkvæmt frumvarpsgreininni er það að aðili hafi heimild til sölu hlutar samkvæmt ákvæðum 76. gr. Þetta nær einnig til þeirra tilvika þar sem um skyldu til sölu er að ræða samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 76. gr.

Annað skilyrðið er að söluhlutur annaðhvort seljist ekki eða ljóst sé að söluandvirðið nægi ekki fyrir sölukostnaði. Það nægir með öðrum orðum ekki til að fullnægja skilyrðinu að óvíst sé hvort nokkur hagnaður verði af sölunni. Þá verður einnig að taka tillit til þess að aðili hefur oft lítinn tíma til að meta hvað er hagkvæmast í þessum efnum.

Samkvæmt 34. og 55. gr. gildandi kaupalaga er seljanda og kaupanda eftir atvikum „rétt að flytja hlutinn burt ef hann vill". Í frumvarpsgreininni kemur ekki fram hvernig aðilar mega ráðstafa hlut að öðru leyti en því að það skal gert með forsvaranlegum hætti. Forsvaranlegur háttur í þessu sambandi gæti það t.d. verið ef aðili tekur hlutinn í notkun fyrir sig, eftir atvikum gegn hæfilegu endurgjaldi. Það yrði hins vegar alltaf talið neyðarúrræði að farga hlut,

en ef t.d. um er að ræða ofþroskaða banana, geta bæði magnið og gæðin leitt til þess að eðlilegra teldist að farga þeim en að neyta þeirra.

Í 2. málsl. kemur fram að gera skal gagnaðila viðvart ef þess er kostur. Á sama hátt og gildir um viðvörun skv. 3. mgr. 76. gr. skal gera gagnaðila viðvart áður en aðili grípur til slíkra ráðstafana sem hér um ræðir. Tilgangur viðvörunar er einnig sá sami, sbr. athugasemdir við 3. mgr. 76. gr.

Um 78. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að samningsaðili, sem annast hefur um söluhlut, skuli reikningsfæra gagnaðila fyrir því sem fékkst fyrir hlutinn við sölu eða með öðrum hætti ásamt því að gera honum reikning fyrir kostnaði sínum. Það sem umfram er fellur til gagnaðila. Ákvæðið er í samræmi við 3. mgr. 88. gr. SÞ-samningsins. Í 34. gr. gildandi laga er því einungis slegið föstu að sala skuli fara fram fyrir reikning gagnaðila. Það leiðir á hinn bóginn til sömu niðurstöðu og regla frumvarpsgreinarinnar.

Samkvæmt frumvarpsgreininni skal sá aðili, sem annast hefur um söluhlut, reikningsfæra gagnaðila fyrir því sem fékkst fyrir hlutinn við sölu eða með öðrum hætti, ásamt því að gera honum reikning fyrir kostnaði sínum. Það sem fengist hefur „með öðrum hætti“ geta verið tekjur sem fengist hafa við ráðstafanir skv. 77. gr., en það nær einnig til annars arðs sem aðili hefur haft af hlutnum.

Eins og fyrr segir skal aðili gera gagnaðila reikning fyrir kostnaði sínum. Þetta nær bæði til umönnunarkostnaðar, sbr. 75. gr., og kostnaðar við að selja hlut eða gera aðrar ráðstafanir skv. 76. og 77. gr., t.d. útgjalda í sambandi við auglýsingar, þóknunar til þriðja manns, sem kann að sjá um sölu, flutningskostnaðar til sölustaðar, kostnaðar til hins opinbera o.fl. Ef umönnunaraðili sjálfur stendur fyrir sölu getur hann krafist hæfilegrar þóknunar fyrir þá þjónustu.

Það sem umfram er kostnað skal falla til gagnaðila. Á hinn bóginn getur umönnunaraðilinn notað það sem umfram er til skuldajafnaðar gegn öðrum kröfum sem hann kann að eiga á hendur gagnaðila. Sem dæmi má nefna kröfu seljanda um kaupverð með vöxtum eða kröfu kaupanda um skaðabætur vegna galla.

Um XII. kafla.

Í kafla þessum er fjallað um skiptingu arðs og annars afraksturs milli samningsaðila. Ákvæði 79. gr. fjallar um skiptingu afraksturs af söluhlut milli samningsaðila. Í 80. gr. ræðir um skiptingu arðs þegar seldir eru hlutir og í 81. gr. er fjallað um skiptingu arðs þegar seldar eru arðberandi kröfur.

Um 79. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 18. gr. gildandi kaupalaga, en í SÞ-samningnum er ekkert ákvæði sem fjallar um skiptingu afraksturs af söluhlut ef frá eru talin umönnunartilvikin, sbr. 3. mgr. 88. gr. Því verður að líta á ákvæði þetta sem fyllingu á ákvæðum sáttmálans og verður ákvæðinu því einnig beitt í alþjóðlegum kaupum. Sjá til hliðsjónar ákvæði 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 88. gr. frumvarps þessa.

Afrakstur sá, sem frumvarpsgreinin nær til, getur t.d. verið nyt af dýri sem selt hefur verið. Ef kaupsamningur hefur verið gerður um kú fer það eftir ákvæðum frumvarpsgreinarinnar hver á réttinn til mjólkurinnar úr kúnni. Að öðru leyti fjallar ákvæðið t.d. um afrakstur fyrirtækis sem selt er. Eins og í gildandi lögum er fjallað sérstaklega um arð af hlutabréfum og um vexti, sbr. ákvæði 80. og 81. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. málsl. frumvarpsgreinarinnar tilheyrir afrakstur, sem fellur til fyrir umsaminn afhendingartíma, seljanda. Þetta gildir þó ekki hafi verið ástæða til að ætla að hann félli til síðar. Ef afhending dregst hefur það ekki áhrif á skiptingu afraksturs.

Í 2. málsl. kemur fram að afrakstur, sem fellur til síðar, þ.e. eftir umsaminn afhendingartíma, tilheyri kaupanda, enda hafi ekki verið ástæða til að reikna með að hann félli til fyrr.

Það sem máli skiptir samkvæmt ákvæðinu er með öðrum orðum það hvenær afrakstur fellur til eða hvenær ætla mátti að það gerðist.

Í 3. málsl. kemur fram að heimilt er að semja á annan veg og gildir það einnig í neytendakaupum, sbr. og 4. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana. Verður að telja eðlilegt að aðilum sé heimilt að semja um skiptingu afraksturs á þann hátt sem þeir sjálfir telja sér hagkvæmast.

Um 80. gr.

Frumvarpsgreinin fjallar um skiptingu arðs þegar keypt eru hlutabréf og um skiptingu réttar til áskriftar að nýjum hlutum. Frumvarpsgreinin er í samræmi við 19. gr. gildandi kaupalaga, en þar kemur fram í 1. mgr. að kaupi maður hlutabréf sé í kaupinu sá arður sem ekki var í gjalddaga fallinn þegar kaup gerðust. Í 2. mgr. 19. gr. gildandi laga segir að fylgi hlutabréfinu réttur til að skrifa sig fyrir nýju hlutabréfi eða hlutabréfið fær þann rétt síðar njóti kaupandi þeirra hagsmuna. SÞ-samningurinn tekur ekki til kaupa á hlutabréfum, sbr. d-lið 2. gr., og þar er því ekkert sambærilegt ákvæði.

Í frumvarpsgreininni er því slegið föstu að kaup á hlutabréfum nái einnig til þess arðs sem ekki var gjaldfallinn fyrir kaupin. Kaupandinn hefur með öðrum orðum rétt til arðs frá fyrra tímamarki en því sem leiðir af ákvæðum 79. gr. frumvarpsins. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort félag hefur verið búið að ákveða arðgreiðslu ef arður er ekki í gjalddaga fallinn. Í 31. gr. gildandi hlutafélagalaga, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga um einkahlutafélög, eru ákvæði um það hvenær hluthafi getur beitt réttindum sínum gagnvart félagi, þar á meðal um greiðslu arðs.

Af ákvæðum 2. málsl leiðir að hið sama gildir einnig um réttinn til áskriftar að nýjum hlutum, enda hafi ekki verið unnt að nýta réttinn fyrir kaupin. Í þessu felst ákveðin breyting í samanburði við gildandi lög sem lætur réttinn fylgja með þótt unnt hafi verið að nýta hann fyrir kaupin. Í V. kafla hlutafélagalaga, sbr. V. kafla laga um einkahlutafélög, eru ákvæði um það hvenær hluthafar eiga rétt á því að skrá sig fyrir nýjum hlutum og um réttarstöðu þeirra í því sambandi.

Ef rétturinn til áskriftar er skilinn frá hlutabréfinu og gerður að sjálfstæðu verðbréfi fellur hann utan gildissviðs ákvæðisins. Verður þá að meta það sjálfstætt hverju sinni hver á réttinn til áskriftar.

Samkvæmt 45. gr. hlutafélagalaga getur hluthafafundur ákveðið útgáfu áskriftarréttinda. Slík áskriftarréttindi falla utan gildissviðs laganna.

Um 81. gr.

Ákvæði þetta fjallar um skiptingu arðs milli aðila þegar um er að ræða kaup á kröfum sem bera vexti. Ákvæðið svarar til 20. gr. gildandi kaupalaga, en SÞ-samningurinn fjallar á hinn bóginn ekki um kaup af þessu tagi, sbr. d-lið 2. gr. Frumvarpsgreinin á við um allar vaxtaberandi kröfur óháð því hvort þær eru tengdar verðbréfi eða ekki.

Í fyrri málslið greinarinnar er því slegið föstu að kaup á kröfu sem ber vexti nái til þeirra vaxta sem eru áfallnir en ekki fallnir í gjalddaga á umsömdum afhendingartíma. Tímamark

til viðmiðunar er því hið sama og í 79. gr. Vextir af slíkum kröfum falla yfirleitt í gjalddaga með fastákveðnu millibili og því er gjalddagi þeirra yfirleitt ljós.

Í ákvæðum 2. málsl. felst að kaupandi skal greiða sem viðbót við kaupverðið jafnvirði þeirra vaxta sem eru áfallnir en ekki fallnir í gjalddaga á umsömdum afhendingaratíma. Þetta gildir þó ekki hafi krafan verið seld sem óvís krafa, en að hve miklu leyti það er reyndin fer eftir túlkun samnings.

Rökin fyrir ákvæðum frumvarpsgreinarinnar eru þau að þegar um slíkar kröfur er að ræða liggur yfirleitt ljóst fyrr á hverjum tíma hversu há fjárhæð er fallin á sem vextir. Rökin fyrir því að ólíkar reglur gilda að því er varðar skiptingu arðs af hlutum, sbr. 80. gr., eru þau að hlutir ganga oft kaupum og sölum áður en unnt er að staðreyna hversu mikinn arð þeir gefa af sér á reikningsárinu.

82. gr.

Frumvarpsgrein þessi er að flestu leyti í samræmi við 27. gr. SÞ-samningsins og í gildandi lögum er ákvæði um sama efni í 61. gr.

Hið almenna viðhorf samningaréttarins er að sá aðili, sem sendir tilkynningu, ber áhættuna af því að tilkynningin berist ekki gagnaðila í tíma og í því formi sem hún var send. Í 61. gr. gildandi kaupalaga er byggt á sama viðhorfi, en þar kemur þó fram að móttakandinn beri áhættuna af tilkynningum sem sendar eru í samræmi við nánar tilgreind ákvæði laganna. Í 61. gr. segir að sé slík tilkynning frá kaupanda, sem um getur í 6., 26., 27., 52. og 54. gr. afhent til flutnings með ritsíma eða pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum, sem gilt þykir að nota, missir tilkynnandi engan rétt við það að tilkynningunni seinkar eða hún kemur eigi til skila. Skv. 2. mgr. 61. gr. gildir hið sama um tilkynningar frá seljanda, sem um er rætt í 31. og 32. gr. laganna.

Í 27. gr. SÞ-samningsins felst að sendandi getur almennt borið það fyrir sig að tilkynning hafi verið send þótt hún komi ekki nógu snemma fram eða ekki í réttu formi. Skilyrði er þá að tilkynningin hafi verið send með forsvaranlegum hætti og í samræmi við ákvæði sáttmálans. Frá meginreglu sáttmálans eru þó gerðar undantekningar í einstökum greinum hans, þannig að niðurstaðan verður ekki ólík því sem leiðir af ákvæðum gildandi laga nr. 39/1922.

Við samningu norrænu kaupalaganna, sem eru fyrirmynd frumvarps þessa, skildi leiðir með Norðmönnum annars vegar og Dönum, Svíum og Finnum hins vegar um það hvernig haga skyldi reglum um áhættuna af sendingu tilkynninga. Niðurstaða Norðmanna var sú að byggja á fyrirmynd SÞ-samningsins sem meginreglu, en hin ríkin fylgdu þeirri reglu sem áður gilti og fram kemur í 61. gr. gildandi laga. Á þau rök Norðmanna má fallast að regla 27. gr. SÞ-samningsins sé eðlileg meginregla í gildum kauparéttarsamböndum, þ.e. að móttakandinn beri áhættuna af því að tilkynningin komi ekki fram nógu snemma og í réttu formi.

Ákvæðið tekur til „tilkynninga“. Þetta hugtak ber að túlka vítt og í stórum dráttum nær það einnig til fyrirspurna og svipaðra athafna þótt tilkynning sé ekki nefnd þar sérstaklega. Yfirlýsing um riftun skv. 25. gr. er dæmi um þetta.

Forsenda þess að sendandi geti byggt á því að tilkynning hafi verið send nógu snemma, þótt henni seinki, mistök verði við sendingu eða hún nái ekki til gagnaðila, er samkvæmt frumvarpsgreininni í fyrsta lagi sú að hún hafi verið gefin í samræmi við ákvæði laganna. Í öðru lagi verður hún að hafa verið send á forsvaranlegan hátt miðað við aðstæður allar. Það fer með öðrum orðum eftir aðstæðum í hverju tilviki hvort munnleg tilkynning, t.d. símleiðis, telst nægileg, eða hvort krefjast verður skriflegrar tilkynningar og öfugt hvort skrifleg tilkynning sé nægileg þegar munnleg tilkynning kemst fyrr til skila. Ef deilur verða þarf sendandi að sanna að tilkynning hafi verið send og á forsvaranlegan hátt.

Samkvæmt ákvæðinu ber móttakandinn áhættuna bæði af seinkun, mistökum við sendingu (t.d. þegar efnið brenglast) og því að tilkynningin kemur alls ekki fram. Þetta er breyting samanborið við reglu 61. gr. gildandi laga, sem einungis nefnir það tilvik þegar tilkynningu seinkar eða hún kemur eigi til skila.

Með orðalagi 82. gr., „komi ekki annað fram“, er í fyrsta lagi höfðað til tilvika þar sem það leiðir af lagatextanum sjálfum að sendandinn beri áhættuna, t.d. með því að þess er krafist að móttakandinn hafi „fengið“ tilkynningu. Sem dæmi má hér nefna 24. gr., 28. og 2. mgr. 60. gr. Í öðru lagi getur það leitt af sjálfu sambandinu, sem tilkynningin varðar, að það sé sendandinn sem beri áhættuna. Þar má nefna tilkynningar sem gefnar eru í tengslum við gerð eða breytingu samnings, t.d. upplýsingar frá seljanda um fyrirvara skv. 19. gr. og afpöntun kaupanda skv. 2. mgr. 52. gr.

Ákvæði frumvarpsgreinarinnar munu í framkvæmd ekki hafa í för með sér verulegar breytingar miðað við það sem leiðir af 61. gr. gildandi laga. Þær tilkynningar, sem skv. 61. gr. gildandi laga sendast á áhættu móttakanda, verða áfram hinar sömu samkvæmt frumvarpsgreininni. Undantekningarnar frá meginreglu ákvæðisins munu á hinn bóginn ná til flestra þeirra tilvika þar sem tilkynning samkvæmt gildandi lögum er á áhættu sendanda. En í nokkrum einstökum tilvikum munu hinar ólíku viðmiðanir hafa þýðingu, t.d. að því er varðar tilkynningar skv. 3. mgr. 9. gr.

Um 83. gr.

Ákvæði þetta fjallar um þau tilvik þegar samningsaðili hefur fleiri en eina atvinnustöð eða enga atvinnustöð. Það svarar til 10. gr. SÞ-samningsins, en í gildandi lögum er ekkert sambærilegt ákvæði þótt líkum reglum sé í raun fylgt í réttarframkvæmdinni. Ákvæði þessa efnis er í 83. gr. norsku kaupalaganna, en ekki í hinum nýju kaupalögum Finna og Svía. Er réttarframkvæmdinni í Svíþjóð og Finnlandi ætlað að meta við hvaða atvinnustöð skuli miða í hverju tilviki. Í 1. mgr. 6. gr. kemur fram sú meginregla að söluhlut skal hafa til reiðu til viðtöku á þeim stað þar sem seljandi hafði atvinnustöð sína þegar kaup voru gerð. Í 48. gr. kemur fram að kaupverðið á að greiða á atvinnustöð seljanda á greiðslutímanum, sbr. 1. og 3. mgr. þess ákvæðis.

Atvinnustöð aðila getur samkvæmt frumvarpinu haft þýðingu, m.a. þegar úr því skal skera hvort um þjóðleg eða alþjóðleg kaup er að ræða, sbr. 5. og 87. gr. Atvinnustöðin getur einnig haft þýðingu við ákvörðun þess hvar skal afhenda hlut, sbr. 6. gr., og hvar kaupverðið á að greiða, sbr. 48. gr. Þá getur atvinnustöð einnig haft þýðingu í tengslum við 92. gr. og 1. mgr. 96. gr.

Hugtakið atvinnustöð er ekki skilgreint í ákvæðinu, en þar er fyrst og fremst átt við skipulagðan og viðvarandi atvinnustað þar sem samningar í tengslum við atvinnureksturinn eru að jafnaði gerðir. Því getur ekki hvaða staður sem er fullnægt þessu skilyrði, jafnvel þótt samningar séu gerðir þar. Þannig mundi t.d. hótelherbergi, sem aðili ræður yfir, ekki teljast atvinnustöð án þess að annað og meira komi til og heldur ekki póstfang eitt og sér eða annar skráður staður. Hins vegar má telja útibú og umboðsskrifstofur og aðra slíka staði til atvinnustöðvar í skilningi frumvarpsgreinarinnar.

Í 1. mgr. er fjallað um tilvik þar sem atvinnustöð skiptir máli og viðkomandi samningsaðili hefur fleiri en eina atvinnustöð. Samkvæmt ákvæðinu skal þá miða við þá atvinnustöð sem hefur sterkust tengsl við kaupin þegar litið er til þeirra atvika sem aðilar gengu út frá þegar kaup voru gerð. Um heildstætt mat er að ræða þar sem máli skipta atvik sem bæði varða gerð og efndir kaupanna. Það hefur t.d. ekki úrslitaþýðingu hvar aðalskrifstofa aðilans er. Matið getur ráðist af því í hvaða sambandi álitaefnið kemur upp. Ekki er sjálfgefið að

sömu atriðin skipti máli við mat á atvinnustöð skv. 87. gr. annars vegar og hins vegar skv. 6. gr.

Í ákvæðinu er ótvírætt tekið fram að líta skuli til þeirra atvika sem aðilar gengu út frá þegar kaup voru gerð. Í þessu felst að ekki skiptir máli þótt atvik breytist síðar, nema því aðeins að aðilar hafi gert ráð fyrir breytingum þegar við samningsgerðina.

Í 2. mgr. 83. gr. segir að hafi samningsaðili ekki atvinnustöð, sem tengist kaupunum, skuli miða við heimili hans. Ákvæðið höfðar fyrst og fremst til tilviks þar sem aðilinn hefur ekki atvinnu af verslun og viðskiptum. Einnig getur ákvæðið átt við þegar aðili, sem hefur atvinnu af verslun og viðskiptum, kaupir eða selur án þess að viðskiptin hafi tengsl við atvinnurekstur hans. Rétt er að hafa í huga að bæði í 6. og 48. gr. er vísað til ákvæða 83. gr. frumvarpsins.

Um XIV. kafla.

Í þessum kafla koma fram sameiginleg ákvæði um kröfu á hendur fyrri söluaðila, en sambærileg ákvæði eru ekki í gildandi lögum. Aðalreglan kemur fram í 84. gr., en þar segir að kaupandi geti gert kröfu vegna galla á söluhlut á hendur fyrri söluaðila ef seljandi getur gert sams konar kröfu vegna gallans. Ákvæði 85. gr. fjalla um tilkynningar í þessu sambandi. Þar kemur m.a. fram að kaupandi skuli setja fram kröfu sína á hendur fyrri söluaðila innan hæfilegs frests, en nánari reglur þar að lútandi er að finna í ákvæðinu. Loks eru í 86. gr. reglur um með hvaða skilyrðum fyrri söluaðili beri ábyrgð gagnvart kaupanda á upplýsingum sem hann hefur gefið um vöruna skv. 2. mgr. 18. gr.

Þegar söluhlutur er gallaður og kaupandi (C) getur komið fram með kröfu af því tilefni, beinir hann kröfu sinni venjulega að þeim sem hann hefur átt viðskipti við (B). Oft er það hins vegar svo að galla er að rekja til atvika við fyrri sölu og er þá æskilegt að ábyrgðin lendi þar sem hún á helst heima. Slíkt getur gerst með þeim hætti að seljandinn (B) bæti kaupandanum (C) tjón hans í fyrstu atrennu en endurkrefji síðan heimildarmann sinn, þ.e. þann sem seldi honum (A). Til sanns vegar má hins vegar færa að í þeim tilvikum þegar seljandinn (B) getur velt tjóninu yfir á aðra sé engin ástæða til þess að meina kaupandanum (C) að beina kröfu sinni beint að heimildarmanni seljandans (A). Heimildarmaður seljanda hefur enga sérstaka hagsmuni af því að standa slíku í vegi og þetta fyrirkomulag tryggir mjög hagsmuni kaupandans. Þessi sjónarmið mæla með því að kaupandi geti beint kröfum sínum að fyrri söluaðila (stundum nefnt „springende regres“ á Norðurlandamálum) eða gengið inn í kröfu seljanda á hendur fyrri söluaðila (á Norðurlandamálum oft nefnt „subrogasjon“). Ákvæði XIV. kafla frumvarpsins koma til móts við framangreind sjónarmið og veita kaupanda rétt til þess að beina kröfu sinni beint að heimildarmanni seljanda.

Um 84. gr.

Frumvarpsgrein þessi á sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum. Hliðstætt ákvæði er hvorki í SÞ-samningnum, danska kaupalagafrumvarpinu, né í sænsku og finnsku lögunum. Frumvarpsgrein þessi, sem og önnur ákvæði XIV. kafla, eiga sér hins vegar fyrirmynd í norsku kaupalögunum frá 1988 og er þeirri fyrirmynd fylgt í frumvarpi þessu. Í íslenskri lagaframkvæmd hefur verið óljóst hvort og að hvaða marki kaupandi getur gert kröfu á hendur fyrri söluaðila og þykir rétt að taka af skarið í þessu efni.

Frumvarpsgrein þessi fjallar ásamt 85. og 86. gr. um rétt kaupanda til þess að gera gallakröfu á hendur fyrri söluaðila. Í lögfræðiritum og kenningum er oft notað heitið „springende regres“ um þetta tilvik. Um rökin fyrir því að hafa í frumvarpinu ákvæði um kröfur á hendur fyrri söluaðila vísast til þess sem fram kemur í almennum athugasemdum.

Í 1. mgr. kemur fram meginreglan sem á við um allar tegundir kaupa. Við það er miðað að kaupandinn gangi inn í rétt seljanda og er ekki gerð nein krafa um það að seljandinn framselji kaupanda kröfu sína.

Ákvæðið veitir kaupanda almenna heimild til að gera kröfu vegna galla á hendur fyrri söluaðila. Þrenns konar skilyrði eru þó sett í þessu efni:

Í fyrsta lagi er greinin takmörkuð við kröfu vegna galla á söluhlut. Hún á því ekki við í öðrum tilvikum þar sem bótakrafa getur skapast, t.d. þegar um kröfu vegna greiðsludráttar er að ræða. Af ákvæðum 1. og 4. mgr. 41. gr. leiðir hins vegar að ákvæðið nær einnig til krafna sem rekja má til vanheimildar og krafna þriðja manns sem byggjast á hugverka- og auðkennaréttindum.

Í öðru lagi er skilyrði að annað leiði ekki af samningi í öðrum kaupum en neytendakaupum. Það leiðir út af fyrir sig beint af ákvæðum 3. gr. frumvarpsins að kaupandinn getur gagnvart seljandanum fallið frá rétti sínum til að beina kröfu sinni að fyrri söluaðila, þ.e. seljandinn getur gert slíkan fyrirvara. Fyrirvari um slíka samninga gildir hins vegar ekki í neytendakaupum. Einnig leiðir af ákvæðum 4. gr. að seljandinn getur ekki sett fyrirvara í neytendakaupum sem útilokar rétt kaupanda til þess að koma fram með kröfur á hendur fyrri söluaðila. Af orðalagi 1. mgr. 84. gr., sbr. 4. gr., leiðir að auki að kaupandi í neytendakaupum getur ekki afsalað sér beinum aðgangsrétti á hendur fyrri söluaðila

Í þriðja lagi er skilyrði að seljandi geti gert sams konar kröfu vegna gallans. Kaupandinn hefur með öðrum orðum ekki, án þess að annað og meira komi til, sams konar kröfu á hendur fyrri söluaðila og á hendur seljandanum. Réttur kaupanda getur því verið minni á hendur fyrri söluaðila en gagnvart seljandanum, t.d. á grundvelli ábyrgðarleysisákvæðis eða söluskilmála við fyrri sölu. Sem dæmi má nefna að hafi fyrri söluaðili selt hlutinn „í því ástandi sem hann er“, sbr. ákvæði 19. gr., gildir það einnig gagnvart kröfu kaupandans þótt slíku samningsákvæði sé ekki til að dreifa í millum seljanda og kaupanda.

Einungis verður um að ræða kröfu kaupanda á hendur fyrri söluaðila ef seljandinn sjálfur getur gert gallann gildandi gagnvart viðkomandi aðila og réttur kaupanda er ekki sérstaklega útilokaður með samningi við fyrri sölu sem bindur seljandann. En að því er neytanda varðar leiðir það af ákvæðum 4. gr. að hann á sömu kröfu og sá sem seldi honum. Samningar við fyrri sölu binda þess vegna neytandann að því marki sem þeir útiloka *sams konar* kröfur frá seljandanum.

Krafa kaupanda á hendur fyrri söluaðila getur einnig náð lengra en krafan á hendur seljandanum. Þetta getur t.d. átt við í því tilviki þegar kaupandinn hefur keypt hlutinn með fyrirvara sem ekki gilti við fyrri sölu. Bifreiðaumboð selur t.d. bíl með venjulegum skilmálum og bíllinn er síðar seldur „í því ástandi sem hann er“ eftir að hafa verið notaður um hríð. Síðasti kaupandinn getur í þessu tilviki gert venjulegar gallakröfur á hendur bifreiðaumboðinu, en ákvæði 19. gr. takmarkar rétt hans gagnvart seljandanum.

Með orðalaginu „sams konar kröfu“ er bæði verið að vísa til eðlis kröfu og umfangs. Krafa á hendur fyrri söluaðila verður aðeins borin fram að því marki sem fyrri söluaðili ber ábyrgð á galla gagnvart seljanda. Bæði krafa um afslátt og skaðabætur við riftun getur verið hærri í hendi kaupanda en í hendi seljanda. Mismuninn verður kaupandinn í slíkum tilvikum að reyna að fá hjá öðrum söluaðilum, t.d. seljandanum.

Hvern unnt er að telja *fyrri söluaðila* verður að meta út frá kaupandanum. Sá sem selt hefur seljandanum hlutinn, eftir atvikum heildsali eða framleiðandi, er því einnig fyrri söluaðili samkvæmt ákvæðinu.

Í ákvæðinu er ekki tekin bein afstaða til uppgjörs í endurkröfuferlinu milli fyrri söluaðila. En fyrri söluaðili, sem verður ábyrgur gagnvart kaupandanum, getur á sjálfstæðum grundvelli borið ákvæðið fyrir sig gagnvart söluaðila sem er enn framar í söluferlinu.

Í 2. mgr. er að finna sérreglu sem gildir í neytendakaupum og við sölu milli neytenda. Gildir málsgreinin um slík kaup til viðbótar ákvæðum 1. mgr., sbr. orðalagið „í öllum tilvikum“. Seljandinn getur samkvæmt þessu ekki fellt niður rétt kaupandans til þess að koma fram með kröfu á hendur fyrri söluaðila samkvæmt ákvæðinu. Slíkur réttur verður heldur ekki felldur niður með samningi beint á milli kaupanda og fyrri sölaðila. Um ábyrgðarleysisyfirlýsingu við fyrri sölu fer á hinn bóginn eftir ákvæðum 3. mgr., sbr. umfjöllun hér á eftir. Með sama hætti og á við um 1. mgr. gildir ákvæði þetta einvörðungu um gallakröfur. Það hverjir teljast fyrri söluaðilar fer eftir sömu sjónarmiðum og gilda skv. 1. mgr.

Í orðalaginu „gallakröfu sína“ felst að krafa kaupanda á hendur fyrri söluaðila er háð því að kaupandi eigi samsvarandi kröfu á hendur seljanda.

Það er nægjanlegt að samsvarandi gallakrafa verði borin fram af seljanda eða öðrum sem fengið hefur hlutinn framseldan frá fyrri söluaðila. Ef seljandinn A hefur í atvinnustarfsemi sinni selt hlutinn um hendur B og C til neytandans D getur D komið fram með kröfu á hendur A ef annaðhvort B eða C geta komið fram með samsvarandi kröfu. Orðalagið „sams konar krafa“ verður að skilja með sama hætti og í 1. mgr.

Ákvæði 2. mgr. á því aðeins við að unnt sé að gera kröfu á hendur fyrri söluaðila sem hefur „atvinnu sína af sölunni“. Krafa á hendur neytanda, sem framar stendur í söluferlinu, verður því aðeins byggð á 1. mgr. Í þessu felst að hugsast getur að kaupandinn eigi víðtækari kröfu á hendur söluaðila sem hefur atvinnu sína af slíkri starfsemi og framar stendur í söluferlinu en á hendur neytanda við síðari sölur.

Samkvæmt síðari málslið 2. mgr. gilda sömu reglur í kaupum innbyrðis milli neytenda og gilda í neytendakaupum. Í þessu kemur fram það meginsjónarmið að neytandi hafi sama rétt til að gera kröfu á hendur fyrri söluaðila hvort sem hluturinn er keyptur af neytanda eða aðila sem hefur atvinnu sína af söluastarfsemi.

Ákvæði 3. mgr. eiga einungis við um neytendakaup og fjalla um sambandið milli krafna skv. 2. mgr. og samninga við fyrri sölur. Í ákvæðinu felst að kröfu neytandans á hendur fyrri söluaðila verður ekki vikið til hliðar í samningi milli þessa söluaðila og seljandans í ríkara mæli en hægt hefði verið að semja um milli seljandans og kaupanda í neytendakaupum. Kaupandinn öðlast þar með sömu ófrávíkjanlegu gallaheimildirnar á hendur fyrri söluaðila eins og á hendur seljandanum. Samkvæmt þessu verður neytandi t.d. bundinn af samningsákvæði við fyrri sölu um að hlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“, sbr. 19. gr., en ekki t.d. styttri tilkynningarfresti en um ræðir í 32. gr.

Um 85. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um tilkynningar af hálfu kaupanda vegna krafna skv. 1. mgr. 84. gr. Það er að meginstefnu til nægjanlegt að kaupandinn tilkynni kröfu sína gegn fyrri söluaðila innan hæfilegs tíma frá því að honum varð kunnugt um gallann eða mátti vera um hann kunnugt. Kemur hér fram sama regla og um getur í 1. mgr. 32. gr. Byrjar fresturinn yfirleitt að líða þegar kaupandinn hefur veitt hlutnum viðtöku. Hafa verður í huga að þeir tilkynningarfrestir, sem gilda í sambandi seljanda og fyrri söluaðila, setja frestinum ákveðinn ramma, sbr. 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar. Samkvæmt því er krafa kaupanda á hendur fyrri söluaðila fallin niður ef seljandinn hefur farið fram úr frestinum skv. 1. mgr. 32. gr. eða tveggja ára frestinum skv. 2. mgr. 32. gr. áður en kaupandi veitir hlut viðtöku.

Ákvæði 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar hefur að geyma sérreglu um kröfur skv. 2. mgr. 84. gr. og gildir það því bara í neytendakaupum og við kaup og sölu milli neytenda. Meginreglan er sú að kaupandinn verður að tilkynna innan þeirra tímamarka, sem um ræðir í 32. gr. Tilkynningu verður að beina að þeim söluaðila sem kröfunni er beint gegn. Upphafstími frestsins skv. 1. mgr. 32. gr. er það tímamark þegar kaupandanum varð kunnugt um eða mátti verða kunnugt um gallann. Frestur skv. 2. og 3. mgr. 32. gr., þ.e. fimm ár í ákveðnum neytendakaupum en tvö ár ella, byrjar að líða þegar kaupandinn hefur veitt hlut viðtöku.

Í síðari málslið 2. mgr. kemur fram undantekningarregla sem á við í þeim tilvikum þegar notaður hlutur hefur einnig áður verið seldur neytanda. Reglan er í þessum tilvikum sú að frestur skv. 2. mgr. 32. gr. fyrir hvern einstakan söluaðila reiknast frá þeim degi þegar næsti neytandi á undan veitti hlutnum viðtöku.

Ákvæðið vísar aðeins til tveggja ára frestsins í 2. mgr. 32. gr. en ekki til hins sérstaka fimm ára frests í 3. mgr. 32. gr.

Í 3. mgr. er gerð krafa um sérstaka tilkynningu gagnvart viðkomandi söluaðila. Ákvæðið á við um öll kaup. Ákvæðið hér veitir kaupandanum umþóttunartíma til að gera það upp við sig hvers hann ætlar að krefjast af fyrri söluaðila. Skiptir ekki máli hvers konar kröfu kaupandinn hyggst setja fram. Hér er ekki um mjög stranga frestreglu að ræða, því að samkvæmt ákvæðinu skal kaupandinn svo fljótt sem tilefni gefst tilkynna fyrri söluaðila hvers hann krefst.

Um 86. gr.

Ábyrgð þriðja manns fellur almennt utan gildissviðs almennra skaðabótareglna í kaupalögunum. Þrátt fyrir það þykir ástæða til að hafa þar sérstakt ákvæði um ábyrgð aðila, sem komu að málum fyrr í söluferlinu, á upplýsingum sem þeir hafa gefið um söluhlutinn. Ákvæðið gengur ekki lengra en leiða mundi af almennum skaðabótareglum, en rétt þykir að afmarka þessa ábyrgð nánar. Hentugast þykir að hafa slíkt ákvæði með öðrum ákvæðum sem varða kröfur á hendur fyrri söluaðila.

Í frumvarpsgreininni felst að sá sem búið hefur hlut til eða annar fyrri söluaðili ber ábyrgð á tjóni sem kaupandinn verður fyrir, á grundvelli þeirra upplýsinga sem nefndar eru í 2. mgr. 18. gr. Er hér um að ræða upplýsingar á umbúðum söluhlutar, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu.

Ef seljandinn er einnig ábyrgur vegna tjónsins skv. 40. gr. geta seljandinn og fyrri söluaðili, sem í hlut á, borið óskipta ábyrgð.

Um XV. kafla.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum hér að framan, var sú stefna mörkuð við samningu frumvarps þessa að ný íslensk kaupalög skyldu einnig gilda um alþjóðleg kaup. Kemur þetta berum orðum fram í 5. gr., sbr. og athugasemdir við þá grein. Um rök fyrir þeirri stefnumörkun vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Skilgreiningu á hugtakinu alþjóðleg kaup er að finna í 87. gr. frumvarpsins, en sú grein svarar til 1. gr. SÞ-samningsins. Í greininni kemur fram að með alþjóðlegum kaupum er átt við kaup milli aðila sem hafi atvinnustöð hver í sínu ríki, enda sé jafnframt fullnægt tilteknum öðrum skilyrðum greinarinnar. Í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins ræðir um gildissvið laganna gagnvart alþjóðlegum kaupum og kemur þar fram að lögin gildi í alþjóðlegum kaupum með þeim sérreglum sem í þeim felast, sbr. einkum ákvæði XV. kafla. Sjá einnig skýringar við 87. gr., 5. gr. og 1. gr.

Til viðbótar skal þess getið að í einstökum greinum frumvarpsins er að finna sérstakar reglur eða undantekningar að því er varðar alþjóðleg kaup. Á það einkum við um 26. gr., 4. mgr. 27. gr., 2. mgr. 40., 4. mgr. 54., 2. mgr. 66. gr. og 3. mgr. 70. gr. laganna.

Þótt lagt sé til í frumvarpinu að reglur SÞ-samningsins verði leiddar í íslenskan rétt með aðlögun (transformasjon) er eigi að síður nauðsynlegt að styðjast við sérstakar skilgreiningar og sérreglur hvað alþjóðleg kaup varðar, umfram það sem þegar hefur verið nefnt. Svo að tryggð sé samsvörun frumvarps þessa við texta og framsetningu kaupalaga annarra ríkja á Norðurlöndum er ákvæðum um alþjóðleg kaup í frumvarpinu skipað með sama hætti og gert er í norsku kaupalögunum, þ.e. í sérstakan kafla sem er XV. kafli frumvarpsins.

Í reglum XV. kafla eru í raun endurteknar í íslenskri þýðingu nokkrar reglur SÞ-samningsins. Má því segja að í raun sé um að ræða beina lögleiðingu ákvæðanna. Á það að hluta til við um ákveðnar grundvallarreglur sáttmálans, einkum ákvæði 88.–94. gr., sem að því er alþjóðleg kaup varðar koma til viðbótar reglum kafla sem á undan koma. Að hluta til eru í kaflanum sérreglur sem víkja frá reglum annarra kafla laganna og á það einkum við um ákvæði 96. og 97. gr. Að öðru leyti er um ýmis ákvæði að ræða sem hafa minni þýðingu. Nokkrar af þeim sérreglum, sem hér koma fram, eru í samræmi við almennar reglur og réttarvitund á þessu sviði, þannig að í framkvæmd gilda að mestu sömu reglur um þjóðleg og norræn kaup, sbr. t.d. ákvæði 89. og 90. gr.

Vissar reglur SÞ-samningsins er ekki nauðsynlegt að endurtaka í frumvarpinu í heild þar sem reglur þessar má leiða af ýmsum öðrum reglum frumvarpsins. Sem dæmi um slíkar reglur má t.d. nefna ákvæði 4., 5., 28. og 30. gr., 3. mgr. 45. gr., 53. og 59. gr., 3. mgr. 61. gr. og 80. og 83. gr. Þá ber þess og að geta að norrænu þjóðirnar hafa ekki gerast aðilar að II. kafla SÞ-samningsins um samningsgerð og eru reglur hans þar að lútandi því ekki endurteknar í frumvarpi þessu.

Ef reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að beita ber íslenskum lagareglum um álitaefni sem varða alþjóðleg kaup eru það reglur SÞ-samningsins eins og þær eru endursagðar í frumvarpinu sem beita ber. Þetta er afleiðing þess að lagt er til að reglur SÞ-samningsins verði leiddar í íslenskan rétt með aðlögun og gildir þetta hvort heldur sem mál er dæmt af íslenskum eða erlendum dómstól.

Um 87. gr.

Í frumvarpsgreininni er á einfaldari máta endurtekin regla 1. gr. SÞ-samningsins. Skilgreiningin afmarkar gildissvið sérreglna um alþjóðleg kaup og á það sérstaklega við um XV. kafla, sbr. og 5. gr.

Til þess að um alþjóðleg kaup geti verið að ræða þurfa aðilar að hafa atvinnustöð hver í sínu ríki. Lögunum verður því ekki, án þess að annað og meira komi til, beitt um réttarsamband tveggja aðila sem búa í sama erlenda ríkinu. Ef þeir hafa samt sem áður samið svo að íslenskum lögum skuli beita um samband þeirra fer það eftir túlkun samnings þeirra og atvikum að öðru leyti hvort það eru reglurnar um þjóðleg eða alþjóðleg kaup sem beita skal.

Að öðru leyti felst það í ákvæðum greinarinnar að reglum frumvarpsins um alþjóðleg kaup ber að beita þótt einn samningsaðilanna eiga heima í erlendu ríki sem ekki er aðili að SÞ-samningnum. Í því felst að leiði samningur aðila eða reglur alþjóðlegs einkamálaréttar til þess að íslenskum lögum beri að beita um kaup milli aðila hvers í sínu ríki eru það reglur frumvarpsins um alþjóðleg kaup sem beita ber.

Um 88. gr.

Í 1. mgr. er endursagt efni 1. mgr. 7. gr. SÞ-samningsins. Í alþjóðlegum kaupum skal við túlkun á ákvæðum laganna taka tillit til nauðsynjar á samræmdri beitingu þeirra reglna sem á samningnum byggjast. Í þessu felst m.a. að opinberir textar samningsins hafa þýðingu við túlkun laganna. Einnig verður að taka tillit til útbreiddrar venju eða framkvæmdar sem myndast hefur í aðildarríkjunum við beitingu reglna samningsins. Með þeirri aðferð, sem valin er við að leiða ákvæði samningsins í lög hér á landi, er sérstaklega mikilvægt að taka tillit til nauðsynjar á samræmdri beitingu reglna sáttmálans. Ákvæðið hefur að öðru leyti að geyma tilvísun til alþjóðlegs eðlis reglnanna og þar er lögð áhersla á að höfð sé í huga þörfin fyrir heiðarleika og góða trú í alþjóðlegum viðskiptum.

Í 2. mgr. er endursagt efni 2. mgr. 7. gr. SÞ-samningsins. Í ákvæðinu felst að leiði hvorki texti SÞ-samningsins né heldur grundvallarsjónarmið þau sem að baki honum búa til ákveðinnar niðurstöðu ber að leysa álitaefnið í samræmi við þau landslög sem beita ber samkvæmt reglum alþjóðlegs einkamálaréttar.

Í 3. mgr. er að finna tilvísun til ákvæða 28. gr. SÞ-samningsins þess efnis að úr kröfu um beinar efndir („specific performance“) skuli ávallt leysa samkvæmt lögum dómstólslandsins. Segir í 3. mgr. að um kröfu um beinar efndir, sem ákvarða skuli hér á landi eða á grundvelli íslenskra réttarreglna, gildi ávallt ákvæði laganna, sbr. 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna.

Ákvæði 28. gr. SÞ-samningsins má skilja á þann veg að um réttinn til að krefjast efnda *in natura* skuli fara eftir þjóðlegum reglum. Dómstól er því í alþjóðlegum kaupum ekki heimilt að veita dóm um efndir *in natura* í víðtækara mæli en heimilt er samkvæmt þjóðlegum reglum. Er þetta lagt til grundvallar við framsetningu þessa ákvæðis.

Meginsjónarmið frumvarpsins er það að unnt er að krefjast efnda *in natura*, en á þeim rétti eru eigi að síður nokkrar takmarkanir. Sjá einkum ákvæði 22., 23., 30., 34. og 51. gr., 1. mgr. 52. gr. og einnig 53. gr.

Regla 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar hefur fyrst og fremst þýðingu að því er varðar réttinn til að krefjast afhendingar, sbr. 22. og 23. gr.; úrbóta, sbr. 34. gr.; greiðslu kaupverðsins, sbr. 1. mgr. 51. og 1. mgr. 52. gr. Einnig að því er varðar skyldu kaupanda til að stuðla að efndum, sbr. ákvæði 53. gr. frumvarpsins.

Það sjónarmið býr m.a. að baki ákvæði 3. mgr. að oft getur verið sanngjarnt og jafnvel nauðsynlegt að hafna kröfu um efndir *in natura*. Á það sérstaklega við þegar slíkri kröfu verður annaðhvort ekki við komið eða hún mundi hafa í för með sér óhæfilegan kostnað eða vandkvæði. Sjá áður tilvitnuð ákvæði frumvarpsins um efndir *in natura*, einkum ákvæði 23. gr.

Um 89. gr.

Í frumvarpsgrein þessari er endursögð regla 8. gr. SÞ-samningsins. Í norrænum samninga- og kauparétti er ekki almenn regla um túlkun samninga. Segja má að í síðari tíma fræðiskoðunum sé lagt til grundvallar hlutlægt túlkunarsjónarmið þar sem markmiðið er að ná fram því sem hlutlægt séð er í samræmi við sanngjarnan og skynsamlegan tilgang samningsákvæðis. Er þá tekið tillit til allra atvika sem í umræddu samningssambandi geta verið til upplýsingar um skilninginn og aðgengileg eru fyrir aðila. Þótt ávallt megi gera ráð fyrir minni háttar frávikum þegar orðað er túlkunarsjónarmið eins og það sem hér var nefnt má ganga út frá því að túlkunarregla SÞ-samningsins muni í framkvæmd ekki leiða til annarrar niðurstöðu en þeirrar sem hér var nefnd og einkennandi er fyrir norrænan rétt.

Um 90. gr.

Í greininni er í aðalatriðum endursagt efni 2. mgr. 9. gr. SÞ-samningsins.

Regla 6. gr. SÞ-samningsins veitir aðilum heimild til þess að semja svo um sín í milli að vikið skuli frá ákvæðum SÞ-samningsins. Í ákvæðum 1. mgr. 9. gr. SÞ-samningins felst á hinn bóginn að reglur samningsins víkja fyrir viðteknum verslunarvenjum. Í 2. mgr. 9. gr. eru afmörkuð nánar þau skilyrði sem fullnægja þarf svo að aðilar teljist bundnir af viðskiptavenju.

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins svara til 6. og. 1. mgr. 9. gr. SÞ-samningsins. Á hinn bóginn þykir ekki nauðsynlegt að endursegja ákvæði 2. mgr. 9. gr. SÞ-samningsins í 3. gr. frumvarpsins, þar sem sömu niðurstöðu mundi í öllum tilvikum leiða af almennum lagasjónarmiðum.

Það álitaefni hvort viðskiptavenja sé að öðru leyti gild og bindandi fer hvorki eftir reglum frumvarpsins né SÞ-samningnum, sbr. 4. gr. a. Sama á við um gildi annarrar venju. Úr þessum álitaefnum verður því að leysa á grundvelli annarra reglna, m.a. 36. gr. samningalaganna. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 3. gr.

Um 91. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar felst efni 11. gr. SÞ-samningsins en efni 29. gr. í 2. og 3. mgr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. verður að telja í samræmi við gildandi íslenskan rétt, en hins vegar þykir ekki ástæða til að láta reglu 3. mgr. gilda í þjóðlegum og norrænum kaupum.

Um 92. gr.

Í greininni felst meginefni 12. gr. SÞ-samningsins. Í nokkrum ríkjum Austur-Evrópu er þess krafist að samningar séu skriflegir og á það einnig við um nokkur lönd sem byggja löggjöf sína á „common law". Í ákvæðinu kemur fram að regla í landsrétti um skriflega samninga nægir ein og sér ekki til þess að koma í veg fyrir beitingu 91. gr. frumvarpsins. Viðkomandi ríki verður að auki að hafa gert fyrirvara í samræmi við 96. gr. sáttmálans. Í tilvísunin til 91. gr. felst að ekki er unnt að semja sig undan ákvæðum greinarinnar.

Um 93. gr.

Greinin samsvarar 13. gr. SÞ-samningsins. Í þeim samningi er reglan orðuð sem nánari útfærsla á því að símskeyti og telexskeyti falli undir hugtakið skriflegur. Símbréf og aðrar rafrænar sendingar manna á milli falla hér einnig undir ef unnt er að sannreyna falsleysi yfirlýsingar og staðfesta það.

Um 94. gr.

Greinin samsvarar 25. gr. SÞ-samningsins. Hvorki er skilgreint í núgildandi kaupalögum né í frumvarpi þessu hvað þurfi til að koma svo að vanefndir teljist verulegar eða óverulegar, sbr. í þessu sambandi 25. og 26. gr., 2. mgr. 34. gr., 39., 54. og 55. gr. og 1. mgr. 61. gr. frumvarpsins. Þótt skiptar skoðanir kunni að vera um orðalag 25. og 94. gr. frumvarpsins verður að líta svo á að ekki sé stefnt að neinni efnisbreytingu að þessu leyti miðað við gildandi löggjöf.

Eðlilegt er að líta svo á að unnt sé að nota skilgreiningu þá sem fram kemur í ákvæðinu með lögjöfnuði í þjóðlegum og í norrænum kaupum.

Í gildandi rétti hefur verið ákveðin tilhneiging til að virða aðstæður í heild sinni þegar tekin er afstaða til þess hvort riftunarheimild sé fyrir hendi eða ekki, þ.e. hvort vanefndirnar sem slíkar gefi réttmæta ástæðu til riftunar. Umfang og eðli vanefndar er þá m.a. metið með

hliðsjón af öðrum þáttum, t.d. með hliðsjón af afleiðingum sem riftun hefur fyrir aðila, sök sem liggur að baki vanefndum, tilkynningum sem gengið hafa á milli aðila, valkosti sem kann að felast í öðrum vanefndaúrræðum, t.d. afslætti eða úrbótum, tíma sem kann að hafa liðið og loks erfiðleikum sem kunna að vera á því að gera upp kaupin endanlega.

Um 95. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 34. gr. SÞ-samningsins. Skylda til að afhenda skjöl sem varða söluhlut verður reist á samningi, verslunarvenju eða annarri venju. Í slíkum tilvikum er afhendingin hluti af samningsskyldum seljanda. Regla 1. málsl. leiðir af eðli máls og hefur hún því ekki verið orðuð sérstaklega í fyrri köflum. Að öðru leyti munu ákvæði 36. og 40. gr., sbr. 2. mgr. 30. gr., leiða til sömu niðurstöðu og ákvæðin í 2. og 3. málsl. greinarinnar.

Um 96. gr.

Greinin er í samræmi 42. gr. SÞ-samningsins sem kveður á um það í alþjóðlegum kaupum við hvaða aðstæður krafa þriðja manns, sem reist er á hugverkarétti, teljist takmörkun sem feli í sér vanefndir. Gera má ráð fyrir að hugverkaréttindi þriðja manns í alþjóðlegum kaupum séu aðeins í undantekningartilvikum því til fyrirstöðu að kaupandi geti ráðstafað hlut með venjulegum og fyrirhuguðum hætti. En komi það fyrir er um eins konar vanheimild að ræða sem byggist á kröfu þriðja manns vegna hugverkaréttar.

Ákvæði 42. gr. SÞ-samningsins tekur til sérstakra álitamála í alþjóðlegum kaupum. Af þessum sökum var ekki talið eðlilegt að taka ákvæðið inn í almennu reglurnar í V. kafla, en skipa þeim þess í stað í XV. kafla, þar sem eru sérreglur um alþjóðleg kaup. Það kemur hins vegar greinilega fram í 4. mgr. 41. gr. að kaupandi getur að nánari skilyrðum fullnægðum gert kröfu sem reist er á því að hugverkaréttur hvílir á söluhlut, en gildissvið hennar er þó ekki sama og 96. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er það í fyrsta lagi skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að seljandi hafi verið í vondri trú á samningstímanum um réttindi þriðja manns. Í öðru lagi er það skilyrði að krafa um hugverkaréttindi eigi stoð í þeim lögum sem gerð er grein fyrir í a- eða b-liðum og að henni megi beita gagnvart kaupanda samkvæmt þeim. Í þriðja lagi gilda skyldur seljanda ekki skv. a-lið 2. mgr. hafi kaupandi vitað eða mátt vita um réttinn eða kröfuna og í fjórða og síðasta lagi verður seljandi ekki ábyrgur ef hann hefur fylgt þeim auðkennum sem kaupandi hefur lagt til.

Gert er ráð fyrir því að unnt sé að beita 96. gr. með lögjöfnuði að því er þjóðleg og norræn kaup varðar.

Í ákvæðinu kemur fram, eins og áður segir, skylda seljanda til að á afhenda söluhlut án takmarkana sem rekja má til hugverkaréttinda þriðja manns. Hins vegar hefur ákvæðið ekki að geyma fyrirmæli um áhrif þess að hlutur er afhentur andstætt þeirri skyldu. Ákvæði 4. mgr. 41. gr. um áhrif slíkra vanefnda eiga hins vegar beint við í alþjóðlegum kaupum, sbr. þó 97. gr.

Um 97. gr.

Ákvæði 1. mgr. endurspegla 40. gr. SÞ-samningsins. Af 33. gr. frumvarpsins leiðir að kaupandi getur borið fyrir sig galla óháð ákvæðum 31. eða 32. gr. ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú. Sennilegt er að ákvæði 1. mgr. 97. gr. leiði til sömu niðurstöðu og ætti því að vera óþarft. Engu að síður kann að vera að hugtökin „heiðarleiki“ og „góð trú“ séu túlkuð nokkuð

mismunandi í alþjóðlegum kaupum. Af þeim sökum er hér miðað við að seljandi hafi vitað eða mátt vita um þau atvik, sem gallann varða.

Ákvæði 2. mgr. svarar til 2. mgr. 43. gr. SÞ-samningsins og mælir fyrir um sömu reglu og kemur fram í 1. mgr. um galla að því er tekur til vanheimildar eða annarra krafna þriðja manns skv. 41. eða 96. gr. Þó kemur fram sá munur hér að seljandi getur borið fyrir sig að kaupandi hafi vanrækt rannsókn eða tilkynningar, jafnvel þótt hann hafi „mátt vita“ um réttinn eða kröfuna ef hann vissi ekki um þessi atriði í raun og veru. Í framkvæmd er þó líklegt að ekki verði gerðar strangar sönnunarkröfur um vitneskju seljanda, þannig að munurinn þar á milli er ekki eins mikill og ætla má í fljótu bragði. Í 2. málsl. 2. mgr. er ákvæði síðustu málsgreinar 1. mgr. 41. gr. SÞ-samningsins í raun tekið upp. Þetta er gert til að taka af tvímæli í ljósi þess að í 1. málsl. 2. mgr. er vísað í 1. mgr. 97. gr., en þar er miðað við tveggja ára frest til tilkynninga.

Ákvæði 3. mgr. endurspeglar ákvæði 44. gr. SÞ-samningsins. Í ákvæðinu felst að kaupandi heldur rétti sínum vegna vanefnda gagnaðila þó að hann hafi vanrækt að senda tilkynningar skv. 1. mgr. 32. gr. ef hann hafði sanngjarna ástæðu til að láta hjá líða að senda slíka tilkynningu. Sjá hér athugasemdir við 44. og 39. gr. Litið er svo á að ákvæði þetta gildi ekki í þjóðlegum og norrænum kaupum.

Um 98. gr.

Greinin er í samræmi við 52. gr. SÞ-samningsins og hefur að geyma efni sem leiðir af eðli málsins. Af þeim sökum hefur ekki þótt ástæða til að hafa sambærilegt ákvæði í almennum ákvæðum fyrri kafla frumvarpsins. Tilgangurinn með ákvæðinu í þessum kafla er að gera ljóst að um þetta atriði gilda sömu reglur og samkvæmt SÞ-samningnum.

Ákvæði 1. mgr. gildir þegar söluhlutur er afhentur of snemma. Fyrir skýrleika sakir er vísað til umönnunarskyldu. Ákvæði 1. mgr. 52. gr. SÞ-samningsins kveður ekki skýrt á um þetta atriði, en 73. gr. gerir hins vegar ráð fyrir umönnunarskyldu.

Ákvæði 2. mgr. á við þegar afhent er meira magn en um var samið. Getur kaupandi þá samþykkt sendinguna eða hafnað því sem umfram er. Samþykki kaupandinn það magn, sem umfram er hið umsamda, skal kaupverð umframmagnsins reiknað hlutfallslega á grundvelli þess verðs sem leiðir af samningnum.

Um XVI. kafla.

Í kaflanum er aðeins ein grein, þ.e. 99. gr. Þar er m.a. kveðið á um að lögin öðlist gildi 1. janúar árið 2000. Ætla má að nokkurn tíma geti tekið að undirbúa gildistöku nýrra laga, eftir að þau hafa verið samþykkt og tekur þessi dagsetning mið af því. Til grundvallar er lagt að lögin taki aðeins til þeirra samninga sem gerðir verða eftir gildistöku þeirra.

Um 99. gr.

Frumvarpsgreinin er í samræmi við 99. og 100. gr. SÞ-samningsins. Ákvæði 1. og 2. mgr. skýra sig sjálf.

Eðlilegast þykir að miða við samningsgerðina sjálfa þegar ákveðið er hvort tiltekin samningur skuli falla undir gildissvið núgildandi laga eða ákvæði nýrra laga. Skv. 3. mgr. tekur frumvarpið því, ef að lögum verður, einungis til þeirra samninga sem gerðir verða eftir 1. janúar árið 2000.

Fylgiskjal I.

Lög um lausafjárkaup, nr. 39 19. júní 1922.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæðum laga þessara skal þá aðeins beita, er ekkert annað er um samið berum orðum eða verður álitið fólgið í samningi eða leiðir af verslunartísku eða annarri venju.

Lög þessi gilda ekki um fasteignakaup.

2. gr.

Nú eru hlutir pantaðir, þeir er búa þarf til, og á sá að leggja efnið til, sem hlutinn býr til, þá skal pöntunin talin kaup. Þó gilda lög þessi ekki um húsgerð og önnur mannvirki á fasteign.

Ákvæði laga þessara um kaup gilda einnig eftir því sem við á, um skipti.

3. gr.

Þegar í lögum þessum er talað um kaup á hlutum, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er ekki aðeins átt við kaup á tiltekinni mergð, þyngd eða stærð hluta af tilgreindri tegund, heldur og við kaup á tiltekinni mergð, þyngd eða stærð úr ákveðnum hóp eða magni hluta.

4. gr.

Þá er talað er í lögum þessum um verslunarkaup, er átt við kaup, sem gerast milli kaupmanna í verslunarrekstri þeirra eða í þágu hans.

Kaupmaður er í lögum þessum hver sá talinn, sem rekur það starf að selja vörur, sem hann hefir í því skyni keypt, er rekur víxlarastarf eða bankastarf, vátryggingarstarf, umboðsverslun eða forlagsverslun, lyfsölu, veitingar, handiðn, verksmiðjuiðnað eða námugröft, mannvirkjagerð eða flutning fólks, muna eða orðsendinga. Þó er sá maður ekki talinn kaupmaður, er rekur veitingar, handiðn eða flutninga, svo framarlega sem eigi vinna aðrir að því starfi með honum en konan með manni sínum, maðurinn með konu sinni, börn hans innan 16 ára aldurs og vinnuhjú hans.

Um ákvæði kaupverðs.

5. gr.

Nú eru kaup gerð, en ekkert fastákveðið um hæð kaupverðsins, og ber þá kaupanda að greiða það verð, sem seljandi heimtar, ef eigi verður að telja það ósanngjarnt.

6. gr.

Nú er í verslunarkaupum reikningur sendur kaupanda og hann mótmælir ekki verði því, sem tilgreint er í reikningnum, svo fljótt sem hann fær því við komið, og er hann þá skyldur að gjalda það verð, sem í reikningnum stendur, nema sannað verði, að um annað lægra verð hafi verið samið, eða reikningurinn er bersýnilega ósanngjarn.

7. gr.

Nú á að reikna kaupverð eftir tölu, máli eða þyngd, og skal þá leggja til grundvallar þá tölu, mál eða þyngd, sem varningurinn hafði á þeirri stundu, er hættan við að varan farist, flyst yfir á kaupanda.

8. gr.

Ef kaupverð er miðað við þunga vöru, skal svo meta sem umbúðir beri frá að draga.

Um staðinn, þar sem skila ber seldum hlut (afhendingarstaðinn).

9. gr.

Seljandinn á að skila af sér seldum hlut á þeim stað, þar sem hann átti heima þegar kaupin gerðust. Ef hann rak þá atvinnu og salan stóð í sambandi við hana, þá á hann að skila hlutnum af sér á atvinnustöð sinni.

Ef hluturinn var á öðrum stað á þeim tíma, er kaupin gerðust og vissu báðir samningsaðiljar um það, eða áttu að vita, þá skal svo álíta, að hlutnum eigi þar að skila, sem hann þá var.

10. gr.

Ef seljandi á að senda seldan hlut frá einum stað til annars, til að skila honum þar í hendur kaupanda, þá er svo álitið, að hann hafi skilað hlutnum, þá er hann hefir afhent hann í hendur flutningsmanns þess, er tekist hefir á hendur að flytja hlutinn þaðan, sem hann tekur við honum. Eigi að senda hlutinn á skipi, þá skal telja honum skilað, er hann er kominn á skipsfjöl.

11. gr.

Nú eiga seljandi og kaupandi báðir heima í sama bæ, kauptúni eða þorpi, og á seljandi að sjá um sendingu selds hlutar til kaupanda, og skal þá hlutnum eigi talið skilað fyrr en hann er kominn í vörslur kaupanda.

Um eindaga samninga.

12. gr.

Ef ekkert hefir verið ákveðið um það, hvenær kaupverð skuli greitt eða seldum hlut skilað, og atvik liggja eigi svo til, að af þeim megi ráða, að þetta skuli gera svo fljótt sem unnt er, skal líta svo á, að kaupverðið beri að greiða og hlut að afhenda, hvenær sem krafist er.

13. gr.

Nú er frestur ákveðinn fyrir því, hvenær seldum hlut skuli skila, og er þá seljanda rétt að skila hlutnum á hverjum þeim tíma, er hann kýs innan þess frests, nema atvik liggi svo til, að af þeim sjáist, að tímafresturinn var tiltekinn kaupanda í hag.

Um rétt til að krefjast, að hönd selji hendi á báðar hliðar.

14. gr.

Ef enginn frestur hefir veittur verið af hendi hvorugs aðilja, þá er seljandi ekki skyldur að láta af hendi seldan hlut, nema kaupverðið sé samtímis greitt, enda er kaupandi ekki skyldur að greiða kaupverðið nema hann fái samstundis hlutinn til umráða.

15. gr.

Nú hefir svo verið um samið, að hlutinn skuli senda frá afhendingarstað, og heimila þá ummæli næstu greinar hér á undan seljanda ekki að láta vera að senda hlutinn, en varna má hann því, að kaupandi fái hlutinn í sínar vörslur meðan kaupverðið er ógreitt.

16. gr.

Nú er um verslunarkaup að tefla, og er við sendingu hlutarins frá afhendingarstað til ákvörðunarstaðar notað farmskírteini eða farmbréf, er svo er lagað, að seljandi missi umráð yfir hlutnum þá er farmskírteinið eða farmbréfið er afhent kaupanda, og skal þá kaupverðið greitt um leið og farmskírteinið eða farmbréfið er afhent, samkvæmt reglum þeim, er settar eru í 71. gr. hér á eftir.

Um ábyrgð á hættu fyrir seldan hlut.

17. gr.

Hættan á því, að seldur hlutur farist af tilviljun, skemmist eða rýrni, er á ábyrgð seljanda, þar til hann hefir skilað hlutnum af sér eða afhent hann (sbr. 9.–11. gr.)

Ef það er ákveðinn hlutur, sem seldur var, og kaupandi átti að sækja hann, enda kominn sá tími, er sækja mátti hlutinn, og hann er á reiðum höndum, þá ber kaupandi ábyrgð á hættunni og verður því að gjalda kaupverðið, þó að svo atvikist, að hluturinn farist eða skemmist af hendingu.

Um arð af seldum hlut.

18. gr.

Nú ber seldur hlutur arð áður en afhendingartími er kominn, og á þá seljandi þann ágóða, nema ástæða hafi verið til að ætla, að sá ágóði mundi ekki falla til fyrr en síðar.

Þann ágóða, sem af seldum hlut fæst eftir að afhendingartími er kominn, eignast kaupandi, nema ástæða hafi verið að ætla, að sá ágóði mundi fyrri til falla.

19. gr.

Ef maður kaupir hlutabréf, þá er í kaupinu sá arður, sem ekki var í gjalddaga fallinn, þegar kaup gerðust.

Nú fylgir hlutabréfinu réttur til að skrifa sig fyrir nýju hlutabréfi, eða hlutabréfið fær þann rétt síðar, þá nýtur kaupandi þeirra hagsmuna.

20. gr.

Ef maður kaupir skriflega skuldakröfu, sem ber vöxtu, þá eru í kaupinu vextir þeir, sem á voru fallnir, en ekki komnir í gjalddaga, þá er kaup gerðust, eða á afhendingardegi, ef afhending á síðar að fara fram en kaup. Ef það sést ekki af atvikum, að krafa hafi verið seld sem óvís krafa, þá á kaupandi að greiða umfram kaupverðið og samtímis því svo mikið fé, sem vöxtunum svarar.

Um drátt af hendi seljanda.

21. gr.

Nú afhendir seljandi ekki seldan hlut á réttum tíma, enda sé þetta ekki kaupanda að kenna eða neinum ósjálfráðum atburði, sem kaupandi ber ábyrgð af hættunni við, og á þá kaupandi kost að kjósa, hvort hann vill heldur heimta hlutinn eða rifta kaupið.

Hafi drátturinn haft lítil áhrif eða óveruleg á hagsmuni kaupanda eða seljandi hlaut að álíta að svo væri, þá getur kaupandi ekki rift kaupið, nema hann hafi áskilið sér, að hluturinn yrði afhentur sér á nákvæmlega tilteknum tíma.

Í verslunarkaupum er sérhver dráttur metinn verulegur, nema það sé aðeins lítill hluti hins selda, sem afhending hefir dregist á.

22. gr.

Nú er svo um samið, að seljandi skuli afhenda smátt og smátt, og ber svo til, að ein sérstök afhending dregst, þá á kaupandi samkvæmt næstu grein á undan aðeins rétt á að rifta kaupin að því er til þeirrar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig rift kaup, að því er til síðari afhendinga kemur, ef vænta má, að drætti á afhendingum muni halda áfram, og hann getur jafnvel rift allt kaupið í heild sinni, ef það samband er í milli afhendinganna, að það veiti *tilefni til* þess.

23. gr.

Nú er kaup gert um ákveðinn hlut, en hann ekki afhentur á áskildum tíma, og á þá seljandi að svara skaðabótum, nema það sannist, að drátturinn var ekki honum að kenna.

24. gr.

Ef um þá hluti er að tefla, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er seljandi skyldur að svara skaðabótum, enda þótt drátturinn sé ekki honum að kenna, nema hann hafi áskilið sér að vera undan þessari skyldu þeginn, eða telja verður að atvik, sem ekki voru þess eðlis, að seljandi hefði átt að hafa þau í huga, er kaupin gerðust, hafi valdið því, að honum var alls eigi auðið að efna það, sem hann hafði um samið, og má til slíkra atvika telja það, er svo ber undir, að allir hlutir af hinni tilteknu tegund eða þeim vöruhóp, er kaup er um gert, hafa af óviðráðanlegum orsökum farist; svo er og ef styrjöld tekur fyrir efndir, eða aðflutningsbann eða því um líkt.

25. gr.

Nú hefir kaup verið rift og svara ber skaðabótum samkvæmt 23. eða 24. gr., og skulu þá skaðabæturnar nema því, sem verð hluta af sömu tegund og gæðum sem hinir seldu hlutir er hærra, þá er afhending átti fram að fara, heldur en kaupverðinu nemur, nema sannað sé, að meira tjón eða minna hafi af hlotist.

26. gr.

Nú er afhendingarfrestur út runninn, en hinn seldi hlutur hefir eigi verið afhentur, og verður kaupandi þá, ef hann vill halda fast á kaupinu og eigi rifta það, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn um þetta frá seljanda. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að heimta hlutinn sér afhentan. Sama er og í verslunarkaupum, þótt hann hafi enga fyrirspurn fengið, ef hann skýrir ekki frá því innan sennilegs tíma, að hann æski að kaupið haldist.

27. gr.

Nú hefir seldur hlutur verið afhentur eftir að afhendingarfrestur var liðinn, og verður kaupandi þess vís, þá er hluturinn kemur honum í hendur, eða af því að seljandi skýrir honum frá því, að hluturinn hefir verið afhentur síðar en um var samið, og verður hann þá að skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um verslunarkaup er að tefla, en ella án óþarfrar tafar, að hann ætli sér að neyta réttar síns út af drættinum. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn

til að bera fyrir sig dráttinn. Ætli kaupandi sér að neyta réttar síns til að rifta kaupið, þá verður hann að skýra seljanda frá því án óþarfrar tafar, ella missir hann þann rétt sinn.

Um drátt af kaupanda hendi.

28. gr.

Ef kaupverð er ekki greitt í ákveðna tíð, eða kaupandi gerir ekki í tæka tíð þá ráðstöfun, sem greiðsla kaupverðsins er undir komin, þá má seljandi gera hvort er hann vill, halda upp á hann kaupinu eða rifta það. Sé drátturinn óverulegur, verður kaupið þó ekki rift. Í verslunarkaupum er sérhver dráttur talinn verulegur.

Nú er það, sem selt var, þegar komið í vörslur kaupanda, og getur seljandi þá ekki rift kaupið, nema annaðhvort sé, að álíta verður, að hann hafi áskilið sér þennan rétt, eða þá kaupandi neitar að taka við hlutnum.

29. gr.

Sé svo um samið, að seljandi afhendi smátt og smátt, og andvirði skuli greitt við hverja afhendingu, en svo verður dráttur á greiðslu andvirðis, sá, er meta má verulegan eftir fyrri málsgrein 28. gr., þá á seljandi rétt á að rifta kaupin á öllu því, er síðar skyldi afhent, nema engin ástæða sé til að óttast, að dráttur muni aftur að höndum bera. Þetta á sér stað, þó að seljandi geti ekki samkvæmt síðari hluta 28. gr., rift kaupið er kemur til þeirrar sendingar, sem andvirði dróst fyrir.

30. gr.

Nú riftir seljandi kaup samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 28. eða 29. gr., og á hann þá rétt til skaðabóta samkvæmt reglunum í 24. gr. Bæturnar skal svo meta að þær svari mismuninum á því, hve miklu kaupverðið er hærra heldur en verð hins selda á þeim tíma, er drátturinn varð, nema sannað verði, að seljandi hafi meira tjón eða minna af hlotið.

31. gr.

Nú er kaupverð ekki greitt, þó að eindagi sé liðinn, eða kaupandi hefir látið hjá líða að gera slíka ráðstöfun, sem um er getið í 28. gr., en hinn seldi hlutur er enn ekki afhentur kaupanda, þá verður seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn frá kaupanda um þetta. Sé um verslunarkaup að ræða, skal seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, tilkynna honum það innan hæfilegs tíma, enda þótt kaupandi hafi enga fyrirspurn gert um það.

32. gr.

Nú er kaupverðið greitt of seint eða ráðstöfun sú, sem um er getið í 28. gr., gerð of seint, og verður seljandi þá, ef hann vill rifta kaupið af þeirri ástæðu, að skýra kaupanda frá því þegar í stað, ef um verslunarkaup er að tefla, en annars án óþarfs dráttar. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að rifta kaupin.

33. gr.

Nú lætur kaupandi hjá líða að vitja hins keypta hlutar eða veita honum viðtöku á réttum tíma, eða hann er þess valdandi á annan hátt, að hluturinn er ekki afhentur í hans hendur í ákveðna tíð, og skal þá seljandi annast hlutinn á kaupanda kostnað þar til er drætti þessum lýkur, eða seljandi neytir þess réttar, sem 28. gr. kann að veita honum til að rifta kaupið. Nú er hluturinn sendur og kominn á viðtökustað, og eiga þá fyrirmæli þessi því aðeins við, að

þar sé einhver, sem fyrir seljanda hönd getur tekið hlutinn til varðveislu, enda valdi það seljanda eigi verulegum kostnaði eða óþægindum.

34. gr.

Geti seljandi ekki haldið áfram að annast hlutinn, án verulegs kostnaðar eða óþæginda, eða ráðstafi kaupandi honum ekki innan sennilegs tíma eftir að hann hefir fengið áskorun um það, þá er seljanda rétt að selja hlutinn fyrir kaupanda reikning; en gera skal hann kaupanda viðvart áður í tæka tíð, ef auðið er. Ef hluturinn er seldur á uppboði, sem auglýst er og haldið á viðunanlegan hátt, þá getur kaupandi ekki mótmælt því verði, sem við söluna fæst. Ef eigi er auðið að selja hlutinn, eða það er sýnilegt, að söluverðið muni eigi hrökkva fyrir sölukostnaði, þá er seljanda rétt að flytja hlutinn burt, ef hann vill.

35. gr.

Nú er hlutnum hætt við bráðum skemmdum eða geymsla hans hefir í för með sér ýkjumikinn kostnað tiltölulega, og er þá seljanda skylt að selja hann, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir af niðurlagi 34. gr.

36. gr.

Nú hefir dráttur af kaupanda hálfu valdið seljanda útgjöldum til varðveislu hlutarins eða öðrum auknum kostnaði, og á seljandi þá rétt á skaðabótum, og getur hann haldið hlutnum til tryggingar fyrir þeim.

37. gr.

Ef seldur hlutur er í ábyrgð seljanda, en kaupandi hefir gerst þess valdur, að hluturinn verður ekki afhentur á réttum tíma, þá flyst ábyrgðin yfir á kaupanda, ef um þá hluti er að tefla, sem ákveðnir eru eftir tegund, þó ekki fyrr en ákveðnum hlutum hefir verið af skipt og þeir til teknir handa kaupanda.

Um vöxtu af kaupverði.

38. gr.

Um skyldu til að greiða vexti af kaupverðinu og öðrum greiðslum, sem ekki eru greiddar á gjalddaga, fer eftir ákvæðum laga um vexti.

Um það, er kaupandi getur eigi staðið í skilum.

39. gr.

Nú verður kaupandi gjaldþrota eftir að kaup voru gerð, þá er seljanda rétt að halda hinum selda hlut, þó að gjaldfrestur hafi áskilinn verið, og sé hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, þá má seljandi varna því, að hann sé afhentur búinu, uns nægileg trygging er sett fyrir greiðslu kaupverðsins í gjalddaga. Ef afhendingartími er kominn og búið hefir ekki sett slíka tryggingu, þó að seljandi hafi á það skorað, þá má hann rifta kaup, ef hann vill.

Þessum fyrirmælum skal einnig beita, ef það kemur fram við fjárnám eftir að kaup eru gerð, að kaupandi hefir eigi efni á að greiða skuld sína, eða fjárhagur hans að öðru leyti reynist slíkur, að ætla má, að hann geti eigi greitt kaupverðið, þá er það fellur í gjalddaga.

40. gr.

Ef bú kaupanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, en hvorki er kominn sá tími, er seldan hlut átti að afhenda, eða gjalddagi kaupverðsins, þá getur seljandi skorað á búið að lýsa

yfir því, hvort það vill ganga í kaupin, og lýsi búið þá ekki yfir því svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan fjögra vikna eða þá á afhendingardegi eða gjalddaga, ef það tímamark ber fyrr að höndum, að það vilji í kaupið ganga, þá má seljandi rifta kaupið.

41. gr.

Hafi hinn seldi hlutur verið afhentur þrotabúinu eftir að búið var framselt til gjaldþrotameðferðar, en kaupverðið er eigi greitt, á seljandi rétt á að heimta hlut sinn aftur, nema búið lýsi yfir því, að það vilji í kaupið ganga, enda greiði þá kaupverðið eða setji tryggingu fyrir greiðslu þess í gjalddaga, ef krafist er. Hafi búið látið hlutinn af hendi eða á annan hátt ráðstafað honum þannig fyrir sinn reikning, að eigi er auðið að skila hlutnum aftur í verulega óbreyttu ástandi, þá er seljanda rétt að líta svo á, sem búið hafi gengið í kaupið.

Um það er seldum hlut er áfátt.

42. gr.

Nú er ákveðinn hlutur seldur, og er honum áfátt eða galli á honum, þá má kaupandi rifta kaupin eða heimta afslátt af kaupverði að tiltölu. Ef gallinn verður að teljast óverulegur, getur kaupandi ekki riftað kaupið, nema seljandi hafi svik í frammi haft.

Nú skortir hluti, þá er kaup gerðust, einhverja þá kosti, er ætla má að áskildir væru, eða það, sem hlutnum er áfátt, hefir gerst fyrir vanrækt seljanda eftir að kaup voru gerð eða seljandi hefir haft svik í frammi, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta.

43. gr.

Ef um þá hluti er að tefla, sem tilteknir eru eftir tegund, og þeir reynast gallaðir, þá er þeim er skilað, getur kaupandi rift kaupið eða heimtað aðra hluti ógallaða í hinna stað, eða heimtað tiltölulegan afslátt af kaupverði.

Ef telja verður það óverulegt, sem að hlutunum er, þá verður ekki kaup rift né annarra hluta krafist í staðinn, nema seljandi hafi haft svik í frammi eða vitað um það, sem áfátt var, svo tímanlega, að hann hefði getað útvegað aðra hluti ógallaða án ósanngjarns kostnaðar.

Enda þótt seljanda sé ekki um að kenna það, sem að söluhlutnum er, þá er hann þó skyldur að greiða skaðabætur, þó svo, að fara skal eftir fyrirmælum 24. gr., eftir því sem við á.

44. gr.

Nú skal úr því skera, hvort söluhlut sé áfátt, og verður þá að miða við það tímamark, er hluturinn fluttist yfir í ábyrgð kaupanda, nema því aðeins, að vanhirðu seljanda sé um að kenna það, sem áfátt er.

45. gr.

Nú er kaup rift sakir þess, að söluhlut er áfátt, og skal þá einnig fara eftir fyrirmælum 25. gr., er skaðabætur eru ákveðnar.

46. gr.

Hafi svo verið um samið, að seljandi afhendi hina seldu muni smátt og smátt, og reynist einni sérstakri afhendingu áfátt, þá getur kaupandi samkvæmt 42. og 43. gr. aðeins rift kaup að því, er til þessarar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig rift kaup á því, sem eftir er að afhenda, ef við má búast, að þeim muni einnig áfátt verða; og hann getur jafnvel rift allt kaupið, ef atvik liggja svo til í sambandi afhendinganna hverrar við aðra.

47. gr.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlutinn áður en kaup gerðust eða látið fyrirfarast án sennilegrar ástæðu að rannsaka hlutinn, þó að seljandi skoraði á hann um það, eða honum var færi á gefið að rannsaka sýnishorn af söluhlutnum áður en kaup gerðust, getur hann ekki borið fyrir sig neina þá galla á söluhlutnum, sem hann hefði átt að sjá við þá rannsókn, nema seljandi hafi haft svik í frammi.

48. gr.

Ef hlutur er seldur á uppboði getur kaupandi ekki borið fyrir sig neinn galla á hlutnum, nema hluturinn svari ekki til þess heitis, er hann var auðkenndur með við söluna, eða seljandi hafi haft svik í frammi. Þessi ákvæði gilda þó ekki þá er kaupmaður selur varning sinn á uppboði.

49. gr.

Nú býðst seljandi til að bæta úr göllum, sem eru á seldum hlut, eða láta annan hlut ógallaðan koma í hans stað, og verður kaupandi þá að sætta sig við það, ef það verður gert áður en sá frestur er úti, sem hann var skyldur til að bíða afhendingar (sbr. 21. gr.), enda sé það augljóst, að hann hafi engan kostnað eða óhagræði af þessu.

Þessi fyrirmæli hafa engin áhrif á rétt kaupanda til skaðabóta.

50. gr.

Fyrirmæli laga þessara um galla á söluhlut eiga einnig við að sínu leyti þá er mergð, stærð eða þungi þess, sem selt var, er minni en áskilið er, ef kaupandi má ganga að því vísu, að ætlast sé til að það, sem afhent er, séu fullar efndir þess, sem um var samið. Þá er þannig stendur á, getur kaupandi ekki samkvæmt 43. gr. krafist annarra hluta í stað þeirra, sem afhentir voru, en í stað þess getur hann heimtað, að sér sé afhent það, sem upp á vantar, hvort sem þetta er meiri eða minni hluti þess, sem afhenda átti.

51. gr.

Sé um verslunarkaup að tefla, og sé söluhluturinn afhentur og kominn kaupanda í hendur eða sýnishorn, sem um var samið, er komið honum í hendur, þá er hann skyldur til að rannsaka hlutinn svo sem góð verslunartíska heimtar. Eigi að senda hlutinn úr einum stað í annan, er kaupandi þó ekki skyldur að rannsaka hann fyrri en hluturinn er þangað kominn, sem hann á að fara og kaupanda hefir verið gerður kostur á að veita honum viðtöku á þann hátt, að honum hefði verið skylt að annast hlutinn samkvæmt 56. gr.

52. gr.

Komi það í ljós, að söluhlut er ábótavant og kaupandi vill bera það fyrir sig, þá skal hann skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um verslunarkaup er að tefla, en ella án ástæðulauss dráttar. Nú hefir kaupandi orðið þess var, að hlutnum var áfátt eða hann hefði átt að verða þess var, og skýrir hann eigi seljanda frá, svo sem hér er fyrir mælt, þá getur hann eigi síðar borið það fyrir sig, að hlutnum hafi áfátt verið.

Ef kaupandi vill rifta kaup eða krefjast viðbótar eða nýrra hluta í stað þeirra, sem hann hefir fengið, skal hann skýra seljanda frá því án ástæðulauss dráttar; ella missi hann rétt sinn til þess að hafna hlutnum eða krefjast viðbótar.

53. gr.

Ákvæði 52. gr. um það, að kaupandi missi rétt sinn til þess að bera fyrir sig, að söluhlut hafi áfátt verið, gilda þó ekki, ef seljandi hefir haft svik í frammi eða sýnt af sér vítaverða vanhirðu, sem hefir í för með sér talsvert tjón fyrir kaupanda.

54. gr.

Nú er ár liðið frá því er kaupandi fékk söluhlut í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá, að hann ætli að bera fyrir sig, að söluhlutnum hafi ábótavant verið, og getur hann þá eigi síðar komið fram með neina kröfu af því tilefni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn lengri tíma, eða haft svik í frammi.

Fyrirmæli um það, er sölumunum er neitað viðtöku, og um rifting kaupa.

55. gr.

Hafi kaupandi fengið hlut í hendur, þann er hann vill neita viðtöku, þá er hann skyldur að annast um hlutinn, en krafið getur hann seljanda endurgjalds á þeim kostnaði, er af þessu leiðir. Fyrirmæli 34. og 35. gr. eiga við um þetta eftir því sem á stendur.

56. gr.

Nú hefir hluturinn verið sendur svo, að kaupandi á kost á að taka hann til varðveislu á staðnum, sem hann átti til að fara, en hann vill synja honum viðtöku, og er hann þó skyldugur að taka við honum til varðveislu á kostnað seljanda.

Þetta á þó ekki við, ef seljandi er sjálfur á viðtökustaðnum eða þar er handhafi farmskírteinis eða annar sá, er fyrir seljanda hönd getur annast um hlutinn. Sama er og ef kaupandi getur ekki fengið hlutinn í sínar vörslur án þess að greiða andvirði hans eða baka sér annan verulegan kostnað eða óþægindi.

Hafi kaupandi tekið hlutinn í sínar vörslur, eiga við fyrirmælin í næstu grein hér á undan.

57. gr.

Sé kaup rift, á seljandi ekki rétt á að fá hlutinn aftur, nema hann skili aftur því, er hann hefir fengið af andvirði hans, og kaupandi á ekki rétt á að fá andvirði endurgreitt, nema hann skili aftur því, er hann hafði við tekið, í sama ástandi og mergð eða stærð að öllu verulegu, sem það var í, er hann tók við því.

Nú riftir kaupandi kaup eða krefst skipta á hlutnum, og á hann þá rétt á að halda þeim hlut, er hann hefir fengið, þar til er seljandi svarar skaðabótum þeim, er honum ber, eða setur nægilega trygging fyrir þeim.

58. gr.

Jafnvel þótt hluturinn sé forgörðum farinn eða breyttur, getur kaupandi þó rift kaupið þrátt fyrir ákvæðin í næstu grein hér á undan, ef það, að hluturinn fór forgörðum eða breyttist, er ósjálfráðri tilviljun að kenna eða ásigkomulagi hlutarins sjálfs eða ráðstöfunum, sem nauðsynlegar voru til að rannsaka hann, eða voru gerðar áður en það kom í ljós eða hefði átt að koma í ljós, að hlutnum var svo ábótavant, að af því leiddi rétt til að rifta kaupin.

Um vanheimild.

59. gr.

Nú kemur það fram, að söluhlutur var annars manns eign en seljanda, þá er kaupin gerðust, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta af seljanda, og það þótt seljandi hafi eigi betur

vitað en að hann ætti hlutinn. Ef kaupandi hafði fullan grun eða vitneskju um vanheimild seljanda, þá er kaupin gerðust, þá á hann engan rétt til skaðabóta.

Um kaup til reynslu.

60. gr.

Ef hlutur er keyptur til reynslu eða með því skilyrði, að kaupandi megi skoða hlutinn áður en kaupið er fullgert, og hluturinn hefir verið afhentur, þá er kaupandi þó bundinn við kaupin, nema hann skýri seljanda frá innan tiltekins tíma, eða innan hæfilegs frests, ef enginn tími er fastákveðinn, að hann vilji eigi hlutinn hafa.

Meðan hluturinn er hjá kaupanda til reynslu eða skoðunar, er hann í ábyrgð kaupanda.

Um tilkynningar eftir lögum þessum.

61. gr.

Ef slík tilkynning frá kaupanda, sem um getur í 6., 26., 27., 52. og 54. gr., er afhent til flutnings með ritsíma eða pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum, sem gilt þykir að nota, missir tilkynnandi engan rétt við það, að tilkynningunni seinkar eða hún kemur eigi til skila.

Hið sama gildir um tilkynningar frá seljanda, sem um er rætt í 31. og 32. gr.

Um þýðingu ýmissa söluskilyrða.

62. gr.

Ef varningur er seldur „frítt á skipsfjöl“ (fob.) á tilteknum stað, verður kaupandi að útvega skip eða rúm í skipi til að flytja varninginn þaðan.

Seljandi á að annast um og kosta flutning varningsins til hleðslustaðarins og gera þær ráðstafanir um flutning varningsins á skip, er farmsendanda er skylt að gera, eftir því sem lög áskilja á þeim stað eða venja er til.

Nú er varningur kominn á skipsfjöl, og er hann þá úr ábyrgð seljanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd og stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó kaupandi hafi skip til taks eða skiprúm til að taka við varningnum, leiðir ekki af því, að kaupandi sé skyldur til að rannsaka varninginn fyrri en hann er kominn á viðtökustað; ekki hamlar þetta heldur seljanda frá að neyta þess réttar, sem honum er áskilinn í 15., 28. og 39. gr.

Kaupandi er skyldur að greiða andvirði gegn móttöku farmskírteinis samkvæmt því, sem ákveðið er í 71. gr., þó að ekki sé svo sérstaklega um samið.

63. gr.

Ef varningur er seldur „flutningsfrítt“ (Cost and freight, c & f, cf) skal seljandi annast og kosta sending hans til viðtökustaðar.

Nú er varningur afhentur flutningsmanni eða honum komið á skipsfjöl samkvæmt fyrirmælum 10. gr., og er hann úr því í ábyrgð kaupanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, sem seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó að ekki sé sérstaklega svo um samið, er kaupandi skyldur til að greiða andvirði gegn móttöku farmskírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr.

Þótt andvirði sé ekki í gjalddaga komið, þá er varningur kemur til viðtökustaðarins, er kaupandi þó skyldur til að greiða það flutningsgjald, er seljandi hefir eigi greitt, en draga má hann það frá kaupverðinu, án þess að reikna sér þó vöxtu af því.

64. gr.

Nú er varningur seldur „cif“ (cost, insurance, freight) eða „caf“ (coût, assurance, fret), og gilda þá fyrirmælin í næstu grein á undan.

Auk þess á seljandi að annast venjulega vátrygging fyrir kaupanda hönd fyrir þann hluta sendingar, sem hann ber ekki sjálfur ábyrgð á. Láti seljandi hjá líða að vátryggja þannig varninginn, enda sé kaup eigi fyrir þá skuld rift, þá getur kaupandi heimtað bætur fyrir það tjón, er hann kynni að hafa beðið af vanhirðu seljanda, eða hann getur sjálfur vátryggt varninginn og dregið þann kostnað frá andvirði varningsins.

65. gr.

Nú er varningur seldur, „afhentur“ eða „frítt“ (franko) á tiltekinn stað, og telst hann þá ekki afhentur fyrr en hann er á þann stað kominn. Seljandi á þá að annast um og kosta sending varnings þangað, og ber hann ábyrgð á honum meðan á sendingunni stendur.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann kom til skila. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Sé orðið „afhent“ notað í sambandi við „flutningsfrítt“, „c og f“, „cf“, „cif“ eða „caf“, þá hefir merking orðsins „afhent“ engin áhrif á téð söluskilyrði.

66. gr.

Ef varningur er keyptur með þeim ákvæðum, er gefa nokkurt svigrúm um mergð hans, þyngd eða stærð, t.d. „cirka“, „frá — til“ eða því um líkt, þá veitir það seljanda frjálst um að kjósa innan þeirra takmarka, nema það sé ljóst af atvikum, að svigrúmið sé ætlað kaupanda til hagsmuna.

Ef orðið „cirka“ er notað eða „hér um bil“, þá er svigrúmið 10% fyrir ofan eða neðan, ef um heilan farm er að tefla, en 5% ella.

67. gr.

Nú er seldur „farmur“, og má seljandi þá ekki senda annan varning með sama skipi. Geri hann það engu að síður og kaupandi hafi óhagræði af, getur kaupandi rift kaup. Hvort sem kaupandi riftir kaup eða ekki, á hann rétt á skaðabótum.

68. gr.

Ef svo er til skilið, að varning skuli afhenda eða við honum taka „í byrjun“ („primo“), „í miðju“ („medio“) eða „í lok“ („ultimo“) mánaðar, er það að skilja eftir því sem á stendur, um fyrsta til tíunda, ellefta til tuttugasta, eða tuttugasta og fyrsta til síðasta dags í mánuðinum.

Þá er verðskjöl eru seld, merkir „primo“ fyrsta virkan dag í mánuði, „medio“ fimmtánda dag í mánuði, eða næsta virkan dag á eftir, ef sá dagur er heilagur, „ultimo“ síðasta virkan dag í mánuði.

69. gr.

Hafi seljandi skuldbundið sig til að senda frá sér varning á ákveðnum fresti, skal svo álíta, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, ef henni hefir verið komið á skipsfjöl eða önnur þau flutningstæki, er við henni skyldu taka, áður en sá frestur er liðinn.

Sé farmskírteini gert um sendinguna og beri það ekki með sér, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, getur kaupandi hafnað vörunni.

70. gr.

Ef áskilin er „borgun út í hönd", er kaupandi skyldur að greiða andvirðið jafnframt og söluhluturinn er boðinn honum til umráða (sbr. 14. og 15. gr.).

71. gr.

Hafi kaupandi skuldbundið sig til að greiða andvirðið við móttöku farmskírteinis, eða til að samþykkja víxil jafnframt og honum er afhent farmskírteini, má hann ekki neita greiðslu eða samþykki fyrir það, að varningurinn sé ekki enn til skila kominn eða að hann hafi ekki haft færi á að rannsaka hann.

Þá er greiðslu er krafist eða víxilsamþykkis gegn afhendingu farmskírteinis, verður kaupandi að hafa fengið í hendur reikning yfir varninginn, og hafi seljandi skuldbundið sig til að vátryggja varninginn, verður vátryggingarskírteini að fylgja farmskírteini.

Það, sem hér er mælt, á einnig við, þegar kaupandi hefir skuldbundið sig til að greiða andvirðið við móttöku slíks farmbréfs, sem um er getið í 16. gr.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lausafjárkaup.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ný lög komi í stað laga um lausafjárkaup frá 1922. Í frumvarpinu er eingöngu fjallað um viðskipti einkaréttarlegs eðlis og hvergi komið inn á breytingar á umfangi opinberrar starfsemi. Því verður ekki séð að samþykkt frumvarpsins hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

255. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Geri launamaður eða sá sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi samning um tryggingavernd á grundvelli iðgjalds sem hann ákvarðar og hefur beinan ráðstöfunarrétt yfir, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal almennt tryggingagjald lækka um allt að 0,2% af gjaldstofni og sá hluti tryggingagjaldsins nýttur sem iðgjaldshluti launagreiðanda á móti iðgjaldshluta launamanns. Frádráttarbær iðgjaldshluti launagreiðanda skal vera 10% af iðgjaldshluta launamanns, þó aldrei hærri en 0,2% af gjaldstofni tryggingagjalds.

Skilyrði lækkunar skv. 8. mgr. er að mótframlag sé innt af hendi um leið og sparnaður er dreginn af launum og ráðstafað til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Við skil á staðgreiðslu tryggingagjalds, sbr. IV. kafla, skal taka tillit til lækkunar skv. 8. mgr. Um uppgjör og álagningu gilda ákvæði V. kafla.

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki er háður skyldu til að skila launaframtali, sbr. 3. mgr. 12. gr., skal gera grein fyrir frádráttarbærum iðgjaldshluta á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

II. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Iðgjaldi samkvæmt ákvörðun launamanns eða þess sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal varið til aukningar lífeyrisréttinda skv. II. eða III. kafla.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Lífeyrissjóðum og aðilum skv. 3. mgr. 8. gr. er skylt að tekjuári liðnu að gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi til öflunar lífeyrisréttinda sem greitt hefur verið til þeirra fyrir hvern rétthafa á því ári.

b. Við 3. mgr. bætist: og aðila skv. 3. mgr. 8. gr.

c. 4. mgr. orðast svo:

Hver sá sem er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði samkvæmt lögum þessum og er framtalsskyldur samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt skal í framtali sínu eða á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður tilgreina þau iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda

sem hann hefur greitt á árinu og þá lífeyrissjóði og aðila skv. 3. mgr. 8. gr. sem hann hefur greitt til.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi er lögð til breyting á lögum um tryggingagjald og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í I. kafla frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um tryggingagjald þess efnis að launagreiðendur eða menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi geti haldið eftir allt að 0,2% af gjaldstofni almenna tryggingagjaldsins ef sá hluti tryggingagjaldsins er lagður fram sem mótframlag við iðgjaldshluta launamanns vegna lífeyrissparnaðar. Skilyrði fyrir lækkun tryggingagjalds er að um sé að ræða aukningu á lífeyrisréttindum skv. II. og III. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem byggist á ákvörðun launamanns og að mótframlagið sé innt af hendi um leið og sparnaður er dreginn af launum og ráðstafað til vörsluaðila lífeyrisréttinda.

Samhliða framangreindum breytingum á tryggingagjaldinu er horfið frá þeim breytingum, sem voru kynntar í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár, að lækka atvinnutryggingagjaldið úr 1,15% í 1%. Þrátt fyrir minni fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna minnkandi atvinnuleysis er nú lagt til að atvinnutryggingagjaldið verði óbreytt og 0,15% af gjaldstofni fari til aukningar á innstæðufé sjóðsins. Miðað við forsendur fjárlaga bætir þetta afkomu Atvinnuleysistryggingasjóðs um 450 m.kr. á næsta ári, sem er sambærileg fjárhæð og áætluð skattalækkun samkvæmt þessu frumvarpi. Samanlagt hafa breytingarnar því ekki áhrif á heildarafkomu ríkissjóðs.

Tilgangur þessara breytinga er m.a. að auka þjóðhagslegan sparnað. Einnig er æskilegt að lífeyrissparnaður aukist frá því sem nú er til að menn eigi almennt rétt á lífeyri sem er í æskilegu hlutfalli við þau laun sem þeir hafa haft yfir starfsævina. Í desember 1997 var gerð breyting á lögum um lífeyrissjóði með lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lögin skylda alla launamenn og þá sem stunda sjálfstæða starfsemi að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára aldri til 70 ára aldurs. Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda má ekki vera lægra en 10% af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Lögin skilgreina 56% af meðaliðgjaldsstofni, miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds og ævilangan ellilífeyri frá ellilífeyrisaldri, sem lágmarkslífeyrisréttindi. Þetta þýðir að ef heildarlaun hafa verið 100.000 kr. á mánuði í 40 ár verður lífeyrissjóður að greiða ellilífeyrisþeganum að minnsta kosti 56.000 kr. á mánuði frá ellilífeyrisaldri, eins og hann er tilgreindur í samþykktum sjóðsins, og til æviloka sjóðfélagans. Þykir 56% viðmið lágt og telja margir að eðlilegra sé að miða við 70–80% af lokalaunum. Til að ná þessu markmiði þyrftu iðgjöld til lífeyrissjóða ásamt lífeyrissparnaði að vera mun hærri eða á bilinu 15–20% af launum en ekki 10–12%, eins og lög gera nú ráð fyrir. Miðað við lífeyriskerfið eins og það er byggt upp nú og aldurssamsetningu þjóðarinnar er langlíklegast að landsmenn verði fjarri markmiðinu um 70–80% tekjur af lokalaunum í fyrirsjáanlegri framtíð nema þeir auki lífeyrissparnað. Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þáttur í því að nálgast ofangreint markmið.

Með breytingum sem gerðar voru á síðasta haustþingi á A-lið 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, voru rýmkaðar heimildir einstaklinga til skattfrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda. Launamönnum og þeim sem vinna við sjálfstæða

starfsemi verður frá og með 1. janúar 1999 heimilt að lækka skattskyldar tekjur sínar um allt að 2% verji þeir fjárhæðinni til lífeyrissparnaðar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þannig verður einstaklingum heimilað að draga frá tekjum, til viðbótar við 4% hámarkiðgjaldsfrádráttar til öflunar lífeyrisréttinda, allt að 2% af iðgjaldsstofni vegna iðgjalda sem greidd eru vegna aukins lífeyrissparnaðar. Viðbótarfrádrátturinn er skilyrtur með þeim hætti að iðgjaldinu sé varið til aukningar lífeyrisréttinda skv. II. og III. kafla laga nr. 129/1997 og iðgjöldin séu greidd reglulega til viðurkenndra aðila sem auk lífeyrissjóða geta verið líftryggingafélög, bankar, sparisjóðir og verðbréfafyrirtæki.

Lagt er til að launagreiðendur og sjálfstæðir atvinnurekendur geti haldið eftir allt að 0,2% af gjaldstofni almenna tryggingagjaldsins, hvort sem er í almennum gjaldflokki eða sérstökum gjaldflokki, og greitt þann hluta þess í stað sem mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar. Mótframlagið er til þess fallið að auka áhuga og fjárhagslegan ávinning einstaklinga af sparnaðinum. Mótframlagið er þá hugsað sem 1/10 fjárhæðarinnar sem launamaður leggur til hliðar í lífeyrissparnað. Það ætti að tryggja víðtæka þátttöku í lífeyrissparnaðnum og þykir eðlilegt að draga það frá tryggingagjaldinu þar sem sparnaðurinn mun ótvírætt létta á almannatryggingakerfinu í framtíðinni.

Ef launamaður hefur gert samning um viðbótarlífeyrissparnað við vörsluaðila lífeyrisréttinda skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997 og óskar eftir því við launagreiðanda að hann leggi til mótframlag sem nemur allt að 0,2% af gjaldstofni almenna tryggingagjaldsins er launagreiðanda skylt að verða við þeirri beiðni launamanns. Í 7. gr. laga nr. 129/1997 er launagreiðanda skylt að innheimta og standa skil á iðgjaldi til þess aðila sem starfsmaður hefur tilgreint, sbr. 3. mgr. 8. gr. Í ákvæði 7. gr. er tryggt að starfsmenn geti almennt falið launagreiðanda að draga lífeyrissparnaðinn frá útborguðum launum og standa skil á honum.

Með breytingum þeim sem lagðar eru til í frumvarpinu gæti árlegur lífeyrissparnaður aukist um 5 milljarða króna. Allt að 0,2% frádráttur frá almenna tryggingagjaldinu miðast við þá forsendu að 75% heildarinnar nýti sér réttinn til fulls, sem samsvara 450 milljónum króna árlega. Miðað við þá forsendu og 2% viðbótarlífeyrissparnað samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga mætti ná um 5 milljarða króna viðbótarlífeyrissparnaði árlega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að almennt tryggingagjald, hvort sem er í almennum gjaldflokki eða sérstökum gjaldflokki, lækki um allt að 0,2% af gjaldstofni enda verði þeim hluta varið sem mótframlag við lífeyrissparnað launamanns á grundvelli II. og III. kafla laga nr. 129/1997. Launagreiðanda verður skylt að lækka tryggingagjaldið um allt að 0,2% af gjaldstofni ef launamaður óskar eftir því með vísan til samnings um viðbótartryggingavernd við vörsluaðila lífeyrisréttinda skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, á grundvelli iðgjalds sem hann ákvarðar og hefur beinan ráðstöfunarrétt yfir. Hafi launamaður með öðrum orðum samning um viðbótarlífeyrissparnað og óskar eftir því við launagreiðanda að hann leggi til mótframlag skal launagreiðandi verða við þeirri beiðni og lækka trygginagjaldið um allt að 0,2% af gjaldstofni þess og láta þann hluta renna sem mótframlag sitt inn á sparnaðarreikning launamannsins. Allt að 0,2% af gjaldstofni tryggingagjalds hefur þá þýðingu að mótframlag launagreiðanda ræðst af því hversu hátt hlutfall af iðgjaldsstofni launamaður greiðir sem iðgjald í viðbótarlífeyrissparnað. Ef sparnaðurinn er aðeins 1% af iðgjaldsstofni skal tryggingagjaldið lækka um 0,1% af gjaldstofni þess. Mótframlag launagreiðanda er því ávallt bundið við að vera 10% af sparnaði launamannsins. Þannig er tryggt jafnræði á milli launamanna,

þ.e. lögbundið mótframlag er ávallt ákveðið hlutfall af sparnaði launamanns. Á sama hátt er sett þak á hversu mikið launagreiðandi getur lækkað tryggingagjaldið og greitt sem mótframlag vegna sparnaðar launamanns. Lækkun tryggingagjalds vegna mótframlags launagreiðanda getur aldrei orðið meiri en 0,2% af gjaldstofni tryggingagjalds þó að lífeyrissparnaður launamanns sé umfram 2% af iðgjaldsstofni.

Í 2. mgr. er sett það skilyrði fyrir lækkun tryggingagjalds að mótframlagið sé innt af hendi um leið og sparnaður er dreginn af launum launamanns og ráðstafað til vörsluaðila lífeyrisréttinda. Þannig er tryggt að mótframlag greiðist einungis í þeim tilvikum þegar sparað er og í réttu hlutfalli við lífeyrissparnað launamanns.

Með 3. mgr. er stefnt að því að tilhögun hinna breyttu reglna um tryggingagjald verði sem einföldust og skýrust í framkvæmd. Lagt er til að lækkunin skili sér strax í staðgreiðslu og uppgjör og álagning falli að því kerfi sem fyrir hendi er. Kemur þá fram á launaframtali reiknað tryggingagjald af heildarstofni launa og hversu háum fjárhæðum var varið sem frádráttarbærum iðgjaldshluta launagreiðenda. Ætti þessi aðferð að valda sem minnstri röskun á launabókhaldi og greiðslufyrirkomulagi launatengdra gjalda hjá launagreiðendum.

Skv. 3. mgr. 12. gr. laganna er stofn tryggingagjalds manna sem stunda eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi reiknað endurgjald, sbr. 3. mgr. 6. gr. Er þessum aðilum eigi skylt að skila launaframtali vegna þessa. Í 4. mgr. frumvarpsins er því lagt til að þeim sem inna af hendi iðgjöld vegna viðbótarlífeyrissparnaðar verði gert að skila sérstöku eyðublaði þar sem tilgreindur er frádráttarbær iðgjaldshluti launagreiðenda. Ef eyðublaðinu er ekki skilað má gera ráð fyrir að lagt verði á tryggingagjald miðað við þá fjárhæð sem færð er á framtal skv. 3. mgr. 6. gr., þ.e. álagningin kæmi til framkvæmdar að fullu án lækkunar skv. 1. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Hér er bætt við 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nýju ákvæði er tekur til iðgjalda samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga sem varið er til aukningar lífeyrisréttinda skv. II. og III. kafla. Með þessari breytingu er lagt til að lögin taki jafnframt til þeirra tilvika þegar einstaklingur ákveður að auka við lífeyrisréttindi sín án þess að kveðið sé á um það í sérlögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Getur einstaklingur þá ákvarðaða einhliða hvert iðgjald hans er sem hann leggur til aukningar lífeyrissparnaðar. Eins og fram kemur í frumvarpstextanum er hér eingöngu um að ræða þau tilvik þegar um er að ræða aukningu á lífeyrisréttindum skv. II. og III. kafla laganna.

Með breytingunni eru einstaklingum tryggð þau réttindi og skilyrði sem er að finna í lögunum hvað viðkemur lífeyrissparnaði, svo sem færsla á greiðslum án sérstaks kostnaðarauka fyrir sjóðfélagann, skylda launagreiðanda að halda sparnaði eftir af launum sjóðfélaga o.s.frv. Hafi launamaður gert samning við vörsluaðila lífeyrisréttinda skv. 3. mgr. 8. gr. um aukningu lífeyrisréttinda getur hann óskað eftir því við launagreiðanda sinn sem yrði skylt samkvæmt breytingunni að verða við því að halda sparnaðinum eftir af launum launamannsins og skila honum til vörsluaðilans.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að þeir aðilar sem taka við greiðslum vegna lífeyrisréttinda og launagreiðendur geri árlega grein fyrir iðgjaldi sem greitt er til þeirra fyrir hvern einstakling á því ári. Tilgangurinn er að tryggja að einstaklingar fái notið frádráttar frá tekjuskattsstofni sem þeim hefur verið veittur í 5. og 6. tölulið A-liðar 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frumvarp þetta snýr að breytingum á lögum um tryggingagjald, þar sem launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni er skylt að lækka almenna tryggingagjaldið um allt að 0,2% af gjaldstofni og leggja fram sem mótframlag við viðbótarlífeyrissparnað launamanns. Ekki er talið að breytingin hafi mikil áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Ljóst er að gefa þarf út nýtt launaframtal og gera smávægilegar breytingar á álagningarkerfi tryggingagjalds. Kostnaður vegna þessa er áætlaður 0,2–0,3 m.kr.

256. Frumvarp til laga [229. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:
Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi heimili iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra, sem saman fara með eignarhlut ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., að selja allt hlutafé ríkissjóðs í bankanum. Samkvæmt núgildandi 6. gr. laga nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., er heimilt að selja allt að 49% hlutafjár ríkissjóðs í bankanum. Í því felst að þeim sem með eignarhlutinn fara er óheimilt að selja meiri hluta í bankanum án heimildar Alþingis. Frumvarpið er lagt fram nú í kjölfar þeirrar stefnumótunar ríkisstjórnarinnar að hraða beri sölu hlutafjár í FBA og að stefna beri að því að selja allt hlutafé ríkissjóðs í bankanum á árinu 1999.

Stefnumörkun við sölu hlutafjár í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Hinn 28. ágúst sl. samþykkti ríkisstjórn Íslands stefnumótun um sölu hlutafjár í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Stefnumótunin byggist á tillögum ráðherranefndar um einkavæðingu sem í eru forsætisráðherra, utanríkisráðherra, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra. Undirbúningur stefnumótunarinnar var í höndum viðskiptaráðuneytisins. Leitaðist ráðuneytið m.a. við að bera íslenskan bankamarkað saman við fjármálamarkaði í nágrannalöndum, lagði mat á mögulega hagræðingu í bankakerfinu og efnahagsleg áhrif mögulegrar hagræðingar auk þess sem mismunandi valkostir um hagræðingu og samruna með hagræðingu að markmiði voru kannaðir.

Liður í undirbúningnum var ákvörðun ráðherranefndar um að ganga til viðræðna við Skandinaviska Enskilda Banken um kaup bankans á hlutafé í Landsbanka Íslands hf., en hinn sænski banki hafði lýst áhuga sínum á að gerast kjölfestufjárfestir í Landsbankanum. Einnig var gengið til könnunarviðræðna við Íslandsbanka hf. um kaup hans á öllu hlutafé ríkissjóðs í Búnaðarbanka Íslands hf. og við Samband íslenskra sparisjóða um kaup sparisjóðanna á öllu hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., en þessir aðilar höfðu lýst áhuga sínum á slíkum kaupum og Íslandsbanki raunar gert formlegt tilboð í Búnaðarbanka. Í viðræðunum voru sjónarmið aðila skýrð.

Á þessum grundvelli mótaði ríkisstjórnin stefnu sína um hvernig standa skyldi að sölu hlutafjár í hlutafélagsbönkunum á næstu missirum. Hefur ríkisstjórnin í því efni haft að leiðarljósi nauðsyn þess að hámarka verðmæti hlutafjár ríkissjóðs í bönkunum, tryggja ódýra, heilsteypta og örugga þjónustu á fjármagnsmarkaði með aukinni samkeppni, og þar af leiðandi hagkvæmari rekstri bankanna, og að tryggja dreifða eignaraðild, en um leið að fá til samstarfs innlenda og erlenda kjölfestufjárfesta sem hraðað geta framþróun fjármagnsmarkaðarins.

Meginatriði ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá 28. ágúst sl. eru svofelld:

„Landsbanki Íslands hf. og Búnaðarbanki Íslands hf.

— Nýttar verði heimildir núgildandi laga til að gefa út nýtt hlutafé sem nemi allt að 15% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum banka. Almenningi verði boðið að skrá sig fyrir hlutabréfum allt að tiltekinni upphæð á fyrir fram ákveðnu verði og þannig tryggð víðtæk eignaraðild að bönkunum. Undirbúningur að útgáfu nýs hlutafjár í Landsbankanum er á lokastigi og gert ráð fyrir að hún fari fram í septembermánuði. Stefnt er að því að útgáfa nýs hlutafjár í Búnaðarbanka fari fram eigi síðar en í febrúar 1999, en nánari tímasetning fari eftir aðstæðum á hlutabréfamarkaði. Undirbúningur verði í höndum Búnaðarbankans í nánu samráði við viðskiptaráðuneytið.
— Liður í fyrrgreindri útgáfu verði að starfsmönnum hvors banka verði boðið að skrá sig fyrir hlutabréfum í sínum banka, á kjörum sem þegar hafa verið ákveðin af ríkisstjórn, í því skyni að efla tengsl þeirra við fyrirtækið.
— Hlutabréf bankanna verði skráð á Verðbréfaþingi Íslands á grundvelli fyrrgreindrar sölu. Með því móti verði verðmæti bankanna mælt með viðskiptum á markaði og viðskiptalegur agi skráningar nýttur þeim til framdráttar.
— Framangreindar aðgerðir verði nýttar til hins ítrasta af stjórnendum bankanna til að styrkja markaðslega ímynd þeirra og efla samkeppnishæfni, meðal annars með innri hagræðingu og tækninýjungum.
— Í kjölfar þessara aðgerða og með hliðsjón af árangri bankanna verði stefna mótuð um sölu á hlutafé ríkissjóðs í bönkunum. Tryggt verður að eigi síðar en 1. júní árið 2000

verði meira en 25% af heildarhlutafé bankanna í dreifðri eignaraðild í samræmi við reglur Verðbréfaþings.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.

— Hafin verði sala hlutafjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. á þessu ári. Nánari ákvörðun um útfærslu sölunnar verði tekin af iðnaðar- og sjávarútvegsráðherra.
— Lagt verði til við Alþingi í upphafi komandi löggjafarþings að heimiluð verði sala á öllu hlutafé ríkissjóðs í fjárfestingarbankanum.
— Hluti af fyrsta áfanga fyrrgreindrar sölu verði nýttur til að bjóða starfsmönnum Fjárfestingarbankans og þeim starfsmönnum hinna gömlu fjárfestingarlánasjóða sem tóku starfi í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, eða höfnuðu starfi, áskrift að hlutabréfum að tiltekinni upphæð á kjörum sem jafna megi til þeirra kjara sem bjóðast starfsmönnum Landsbanka og Búnaðarbanka.
— Hlutabréf bankans verði skráð á Verðbréfaþingi Íslands á grundvelli fyrrgreindrar sölu í því skyni að markaðurinn myndi verð á honum.
— Framkvæmdanefnd um einkavæðingu annist framkvæmd sölu til einstaklinga í fyrsta áfanga, í nánu samráði við iðnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti og stjórnendur Fjárfestingarbankans. Undirbúningur sölu til kjölfestufjárfesta verði í höndum iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis.
— Við sölu Fjárfestingarbankans verði sjálfstæði hans sem samkeppnisaðila á íslenskum samkeppnismarkaði tryggt."

Það er mat ríkisstjórnarinnar að mikilvægt sé að hraða sölu hlutafjár í FBA og að stefna beri að því að selja allt hlutafé ríkissjóðs í bankanum á fyrri hluta ársins 1999 ef aðstæður leyfa. Ástæðan er einkum sú að engin rök hníga lengur til þess að ríkið sé stór eigandi hlutafjár í bankanum. Það er sameiginleg afstaða stjórnvalda og stjórnenda bankans að staða bankans á samkeppnismarkaði verði betur tryggð með því að ríkið selji allan hlut sinn og að engin ástæða sé til lengri aðlögunartíma. Þá er sala hlutafjár í bankanum liður í aðgerðum til að sporna við þenslu, auk þess sem ríkissjóður fær góðar tekjur af sölunni.

Stefnu ríkisstjórnarinnar hefur þegar verið framfylgt að nokkru. Þannig ákvað viðskiptaráðherra á hluthafafundi Landsbanka Íslands 3. september sl. að heimila hækkun hlutafjár sem nemur allt að 1.000 m.kr. að nafnverði með almennu útboði. Útboðið hefur nú farið fram og skráðu liðlega 12.200 aðilar sig fyrir hlutabréfum. Þar af voru 1.200 núverandi og fyrrverandi starfsmenn sem fengu að skrá sig fyrir hlutafé allt að 250 þús. kr. að nafnvirði á sérstöku gengi. Bankinn verður næstfjölmennasta hlutafélag landsins á eftir Eimskipafélagi Íslands og verður skráður á Verðbréfaþingi Íslands.

Hinn 29. september sl. ákvað viðskiptaráðherra á hluthafafundi í Búnaðarbanka Íslands að heimila hækkun hlutafjár félagsins um allt að 600 m.kr. Er fyrirhugað að sala til starfsmanna fari fram í október en að útboð til almennings fari fram í nóvember. Þetta er heldur fyrr en áætlað var í stefnumótun ríkisstjórnarinnar, en það helgast af örum vexti bankans á síðustu mánuðum.

Þá er undirbúningur að sölu 49% hlutafjár í Fjárfestingarbankanum á lokastigi, sbr. umfjöllun hér á eftir. Við lokaákvörðun um tilhögun þeirrar sölu var dreginn lærdómur af nýafstöðnu útboði hlutafjár í Landsbankanum.

Óhætt er að segja að stefnumótun ríkisstjórnarinnar hafi hlotið góðar viðtökur ef marka má gífurlegan áhuga almennings á hlutabréfum í Landsbankanum. Engin ástæða er til annars

en að ætla að viðtökur almennings verði einnig góðar þegar sala á hlutafé í Búnaðarbanka og Fjárfestingarbanka hefst.

Tilhögun sölu hlutafjár í Fjárfestingarbankanum.

Undirbúningur að sölu 49% hlutafjárins í samræmi við núgildandi heimildir er nú á lokastigi, en framkvæmdanefnd um einkavæðingu var falið að undirbúa söluna í samráði við iðnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og stjórnendur bankans. Gert er ráð fyrir að selja á þessu ári 49% hlutafjár í bankanum. Salan fari fram í áskrift með þeim hætti að hver áskrifandi geti skráð sig fyrir allt að 3,0 m.kr. að nafnverði. Verði um umframáskrift að ræða skerðist hámarksfjárhæð sem hverjum áskrifanda er heimilt að kaupa fyrir. Verði eftirspurn eftir áskrift hins vegar ekki nægileg til að selja 49% hlutafjár með þessum hætti skal leita tilboða í þann hluta sem ekki selst, þó þannig að einstakir aðilar geti aðeins keypt hlutafé sem nemi allt að 3% hlutafjár í bankanum í slíkri sölu.

Jafnframt er eins og fram er komið gert ráð fyrir að starfsmönnum bankans og þeim starfsmönnum hinna gömlu fjárfestingarlánasjóða sem ekki fengu starf hjá bankanum verði boðin áskrift hlutafjár á kjörum sem jafna má til þeirra kjara sem bjóðast starfsmönnum Landsbanka og Búnaðarbanka. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu var falið að útfæra nánar hvernig þessari sölu yrði háttað. Á grundvelli tillagna hennar hefur verið ákveðið að starfsmönnum verði heimilað sérstaklega að kaupa hlutabréf í bankanum á ákveðnum greiðslukjörum til þriggja ára.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að sölu hlutafjár í bankanum í síðari áfanga, þ.e. hvernig heimildir Alþingis til frekari sölu samkvæmt þessu frumvarpi verði nýttar. Þó er tekið fram í útboðs- og skráningarlýsingu vegna þeirrar sölu á hlutafé í bankanum sem nú er í undirbúningi að það sé vilji stjórnvalda að selja allan hlut ríkisins fyrir mitt næsta ár ef aðstæður leyfa og frumvarp þetta verður að lögum. Við þá sölu verði áfram stefnt að dreifðri eignaraðild og sjálfstæði FBA sem samkeppnisaðila á íslenskum samkeppnismarkaði. Í því efni er miðað við að hlutdeild hvers aðila í frumsölu verði ekki hærri en sem nemur 5–10% hlutafjár í bankanum. Jafnframt verði hugað að skráningu félagsins á hlutabréfamarkaði erlendis, auk skráningar á Verðbréfaþingi Íslands. Nánari útfærsla sölunnar mun þó ráðast af þeirri reynslu sem fást mun af þeirri sölu sem nú fer fram og því sem hagkvæmast þykir á þeim tíma.

Starfsemi Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Stofnfundur Fjárfestingarbanka atvinnulífsins var haldinn 30. júní 1997 og framhaldsstofnfundur 10. september 1997. Forstjóri var ráðinn 16. september 1997. Á haustmánuðum 1997 var unnið að undirbúningi að starfsemi bankans. Meðal annars var unnið að stefnumótun, innra skipulagi, ráðningu starfsmanna, vali og breytingu á húsnæði, vali og uppsetningu á upplýsingakerfum og mótun gagnagrunna.

Formleg starfsemi FBA hófst 1. janúar 1998 þegar bankinn tók við eignum og skuldum fjárfestingarlánasjóðanna fjögurra, Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs sem greiðslu á hlutafé. Var hlutafé bankans ákveðið 6.800 m.kr. að nafnverði en eigið fé var 8.043 m.kr. og heildareignir 54.432 m.kr.

Fjárfestingarbankinn hefur skilgreint hlutverk sitt svo að hann veiti íslensku atvinnulífi víðtæka þjónustu við öflun, stýringu og hreyfingu á fjármagni. Starfsheimildir bankans eru hinar almennu heimildir lánastofnana samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Bankinn hefur lagt áherslu á þjónustu við stóra og meðalstóra viðskiptavini til að nýta eigið fé bankans sem best og veita sérsniðnar heildarlausnir við fjármögnun og áhættustýringu.

Starfsemi FBA er skipt í þrjú meginsvið: Fyrirtækjaþjónustu sem hefur umsjón með lánveitingum og tengsl við viðskiptamenn, markaðsviðskipti þar sem fram fara viðskipti og ráðgjöf með innlend og erlend verðbréf, afleiður og gjaldeyri og skulda- og áhættustýringu sem annast fjármögnun bankans með erlendum og innlendum lántökum, áhættustýringu og eftirlit með lánastarfsemi. Til hliðar við þessi svið eru stoðdeildir bankans: reikningshald, bakvinnsla og áætlanagerð, starfsmannaþjónusta, upplýsinga- og gæðamál, lögfræði- og markaðsþjónusta. Beint undir stjórn bankans heyrir innri endurskoðun.

Fjárfestingarbankinn hefur frá upphafi reynst virkur samkeppnishvati á íslenskum fjármagnsmarkaði, en það var eitt helsta markmið stjórnvalda með stofnun hans. Færa má rök fyrir því að þær breytingar sem áttu sér stað um síðustu áramót með stofnun Fjárfestingarbankans og stofnun hlutafélaga um ríkisviðskiptabankana hafi átt þátt í lækkun vaxtamunar í bankakerfinu sem nam 0,4% á fyrstu sex mánuðum ársins. Þá hefur víkkun þjónustusviða og minnkandi hólfun á fjármálamarkaði einnig gengið eftir. Þessar breytingar hafa því tvímælalaust lagt grunninn að hagkvæmari fjármálaþjónustu.

Starfsemi Fjárfestingarbankans á fyrstu mánuðum ársins hefur skipt verulegu máli í þessu efni. Lögð hefur verið áhersla á að nýta þekkingu gamalla og nýrra starfsmanna bankans á möguleikum fjármálamarkaðarins ásamt þekkingu á starfsemi viðskiptavina til að sérsníða lausnir að þörfum viðskiptavina. Bankinn hefur tekið þátt í alþjóðlegri verkefnisfjármögnun, annast stór skuldabréfaútboð og haft umsjón með nýjungum á sviði innlendra fjölbankalána, svo dæmi séu nefnd. Jafnframt hefur bankinn veitt fjölmörgum minni aðilum fjárfestingar- og rekstrarlán, haft forgöngu um að meta lán eftir greiðslustreymi og framtíðarmöguleikum og aðstoðað fyrirtæki við verðmat og kaup og sölu fyrirtækja innan lands og utan.

Með stofnun bankans tókst einnig að búa til einingu sem þykir áhugaverð á erlendum lánamörkuðum en FBA tók um mitt ár erlent fjölbankalán að upphæð 8,5 milljarðar kr. á betri kjörum en áður höfðu boðist slíkum stofnunum. Bankinn er að mestu fjármagnaður á heildsölumarkaði, og eru um 80% af lánum hans erlend að uppruna, enda fjármagnar bankinn að allverulegu leyti mikilvægar útflutningsgreinar sem hafa tekjustreymi í erlendum gjaldmiðlum. Kostnaðarhlutfall bankans er lægra en viðskiptabankanna, enda er bankinn mjög sérhæfður og starfsemi aðeins á einum stað. Hann nýtur þó ekki kosta dreifinetsútibúa, svo sem varðandi dreifða fjármögnun frá almenningi. Þetta lága kostnaðarhlutfall FBA setur þrýsting á viðskiptabankana að nýta þá fjárfestingu sem fólgin er í útibúanetinu og leita aukinnar hagræðingar. Sérhæfing FBA þýðir jafnframt að öll starfsemi og athygli bankans beinist að uppbyggingu atvinnuveganna, ólíkt viðskiptabönkunum sem í eðli sínu sinna bæði heimilum og atvinnuvegum.

Samkvæmt milliuppgjöri Fjárfestingarbankans var hagnaður fyrstu sex mánuði þessa árs 349 m.kr. og var það 11% umfram áætlanir félagsins. Eigið fé er nú 8.474 m.kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt núgildandi 6. gr. laga nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., er heimilt að selja allt að 49% hlutafjár ríkissjóðs í bankanum. Þá segir í greininni að iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra skuli þegar eftir gildistöku laganna hefja undirbúning að sölu hlutafjár í bankanum. Lagt er til að í stað þessa ákvæðis komi nýtt ákvæði þar sem fram komi heimild til sölu á öllu hlutafé ríkissjóðs í bankanum. Skv. 5. gr. laganna

fara iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra saman með eignarhlut ríkisins í bankanum. Af því leiðir að þeir muni annast undirbúning frekari sölu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Með frumvarpinu er lagt til að heimiluð verði sala á öllu hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., en í lögum um stofnun bankans er heimild til sölu á allt að 49% hlutafjár í honum. Í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, er í fjárlögum fyrir árið 1998 gert ráð fyrir 350 m.kr. stofnfjárframlagi í sjóðinn af söluandvirði Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og 650 m.kr. í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999. Ekki fylgir því kostnaður fyrir ríkissjóð að hlutafé í Fjárfestingarbankanum verði selt, umfram það sem ætlað er til slíkra verkefna í fjárlögum. Þegar er fyrir hendi 15 m.kr. fjárveiting í fjárlögum fyrir árið 1998 til að kosta útboðs- og einkavæðingarverkefni ríkissjóðs og er sama fjárhæð lögð til í frumvarpi til fjárlaga 1999. Söluandvirðið verður notað til að lækka skuldir ríkissjóðs og dregur úr vaxtagjöldum auk þess sem afskipti ríkisins af fjármálastarfsemi í landinu minnkar við söluna. Athygli er vakin á því að í greinargerð með frumvarpinu er við það miðað að starfsmönnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. verði boðin sérstök greiðslukjör við kaup á hlutabréfum í bankanum, núvirði söluandvirðis bréfanna verður lægra er þeim kjörum nemur.

257. Tillaga til þingsályktunar [230. mál]

um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1998–2001 sem hafi að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010.

Helstu aðgerðir sem gripið verði til eru eftirfarandi:

I. Nýsköpun í atvinnulífinu.

1. Unnið verði markvisst að aukinni fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. Þróunarstofur verði efldar og þannig treystur grundvöllur til nýsköpunar og aukinnar fjölbreytni. Hlutverk þeirra verði meðal annars að auka samkeppnishæfni atvinnulífs á landsbyggð-

inni og aðstoða fyrirtæki við öflun verkefna og styrkja innan lands sem utan. Tryggt verði að aðstoðin skili sér til starfandi fyrirtækja jafnt sem nýrrar atvinnustarfsemi. Til að treysta þessi markmið verði leitað samstarfs við háskóla og rannsóknastofnanir.

Unnið verði að samvinnu einstakra stofnana, félaga og þróunarstofa sem vinna að byggða- og atvinnuþróunarmálum. Í því sambandi verði þær stofnanir sem helst tengjast nýsköpun í atvinnulífinu tengdar starfsemi þróunarstofa með beinum samstarfssamningi með það að markmiði að bæta þekkingu og ráðgjöf vegna nýsköpunar.

2. Lánastarfsemi Byggðastofnunar verði rekin á arðsemisgrundvelli. Þannig verði byggður upp traustur byggðasjóður er hafi sérstaklega að markmiði að efla nýsköpun og auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni. Reikningslegur aðskilnaður verði á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi.
3. Til þess að tryggja nauðsynlegt eigið fé í nýsköpunarverkefnum verði komið á fót eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni með aðild Byggðastofnunar. Stefnt verði að því að til þeirra verkefna verði sérstaklega varið allt að 300 millj. kr. á fjárlögum hvers árs á áætlunartímabilinu samkvæmt nánari reglum sem forsætisráðherra setur í reglugerð um Byggðastofnun. Þátttaka Byggðastofnunar geti þó mest numið 40% af hlutafé viðkomandi félags.

   Byggðastofnun leitist við að taka þátt í uppbyggingu eignarhaldsfélaga þegar á árinu 1998. Getur ríkið lagt fram eignarhlut í félögum sem það á nú aðild að til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni. Leitað verði eftir samstarfi við framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs um fjármögnun einstakra verkefna.
4. Sköpuð verði skilyrði til þess að styðja sérstaklega aðgerðir á afmörkuðum svæðum þar sem veruleg röskun verður á atvinnuháttum og búsetu. Sérstaklega verði hugað að aðgerðum í byggðum þar sem atvinnulíf er fábreytt og útgerð á í vök að verjast. Í þeim sveitum sem byggja nær eingöngu á sauðfjárrækt og samgöngur hindra atvinnusókn í önnur byggðarlög verði hugað að aðgerðum sem gætu meðal annars falist í breyttum áherslum í ráðstöfun beingreiðslna með tilliti til byggðasjónarmiða.
5. Forsendur traustra byggða og þar með vaxtarsvæða eru öruggar samgöngur, öflug sveitarfélög, samstarf byggðarlaga um þjónustu og góð skilyrði til atvinnusóknar. Þessi grundvöllur verði treystur með því að örva fjárfestingar í samgöngum, menntun, byggingum og fjarskiptum. Samvinna fyrirtækja við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir verði efld, erlend tengsl fyrirtækja á landsbyggðinni aukin og störf sköpuð með fjarvinnslu.

   Gripið verði til aðgerða til að auðvelda fólki í strjálbýli atvinnusókn og hugað að leiðum til að lækka kostnað því samfara. Til að treysta búsetu og þróun vaxtarsvæða verði stuðlað að bættum og öruggari almenningssamgöngum.
6. Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta.
7. Nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar og þannig stuðlað að varanlegri fólksfjölgun og fjölbreyttara framboði atvinnutækifæra þar. Lögð verði áhersla á að staðsetja ný stóriðjuverkefni sem víðast á landinu og þeim valinn staður með tilliti til orkuþarfa þannig að bæði sé um að ræða orkufreka stóriðju

í nálægð við meginorkuöflunarsvæði hennar og önnur iðjuver sem ekki eru eins orkufrek utan þeirra svæða. Umhverfissjónarmiða verði gætt í hvívetna.

Staðarvalsrannsóknir verði auknar og markvisst unnið að skipulagsmálum og umhverfisathugunum á þeim stöðum sem helst þykja koma til greina fyrir meðalstór og stærri atvinnufyrirtæki. Til að treysta framgang þessara áforma og til að stuðla að þátttöku erlendra fjárfesta í þeim verði nauðsynlegt fé veitt til undirbúningsstarfa.

8. Fram fari greining á möguleikum einstakra landshluta, meðal annars með tilliti til auðlindanýtingar, iðnaðar- og verslunar, fiskveiða og -vinnslu, samgangna og þjónustustarfsemi. Opinberar aðgerðir miðist við að nýta styrkleika hvers svæðis til atvinnusköpunar. Nýjar lausnir í upplýsingatækni verði nýttar til að skapa störf í hátæknigreinum án tillits til búsetu.

II. Menntun, þekking, menning.

9. Menntun á landsbyggðinni verði stórefld, sérstaklega hvað varðar verklegar greinar tengdar atvinnulífinu og tölvunám. Jafnframt verði bætt skilyrði þess fólks sem sækja verður nám utan heimabyggðar sinnar. Námsráðgjöf verði aukin. Komið verði á samstarfi atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni um endur- og símenntun og stuðlað að því að allir eigi tækifæri á að afla sér nýrrar þekkingar, meðal annars í samræmi við breytingar í atvinnuháttum. Möguleikar fjarkennslu verði að fullu nýttir.

Menntun á háskólastigi verði tekin upp þar sem kostur er, meðal annars með samningum milli framhalds- og háskóla. Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands hafi á boðstólum fjölþættar námsgreinar sem taki mið af þörfum atvinnulífsins, þar með talið í ferðaþjónustu. Enn fremur verði rannsóknir efldar er stuðli að nauðsynlegri fjölgun háskóla- og sérskólamenntaðs fólks í fyrirtækjum, meðal annars með stofnun atvinnudeildar við Háskólann á Akureyri. Tekin verði upp kennsla á háskólastigi í byggðamálum með stofnun sérstakrar námsbrautar eða sem hluti af kennslu við námsbraut sem fyrir er. Á Austurlandi og Vestfjörðum verði nám á háskólastigi í boði svo fljótt sem verða má.

10. Auknu fé verði varið til hvers konar menningarstarfsemi. Menningararfur verði varðveittur innan héraðs eftir því sem tök eru á og verði sýnilegur innlendum og erlendum ferðamönnum. Bókasöfnum á landsbyggðinni verði gert kleift að notfæra sér upplýsingatækni með því að efla tækjakost. Sérstakt átak verði gert til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni.
11. Ríkisfjölmiðlar efli starfsemi á landsbyggðinni, meðal annars með aukinni dagskrárgerð og útsendingum frá starfsstöðvum Ríkisútvarpsins þar. Aðstaða til miðlunar og útsendinga fjölmiðla verði jöfnuð og hin sama um land allt, meðal annars með breytingum á gjaldskrá Landssíma Íslands hf.

III. Jöfnun lífskjara – bætt samkeppnisstaða.

12. Áfram verði unnið að því að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis. Verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs. Heimilt verði að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu rafhitunar í fimm ár til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla þannig að aukinni notkun á jarðvarma til húshitunar. Áhersla verði lögð á að upplýsa þá sem nota mikla orku til að hita hús sín um leiðir til að draga úr orkunotkun, meðal annars með fræðslu og ráðgjöf.
13. Gert verði átak í uppbyggingu vega í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi (jaðarsvæði) svo að þær verði í samræmi við nútímaþarfir.

14. Þar sem félagslegt íbúðarhúsnæði er meira en þörf er á vegna fólksfækkunar, og það veldur erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaga, verði heimilt að selja þetta húsnæði í áföngum á almennum markaði. Ríkissjóður og sveitarfélög beri sameiginlega þann kostnað sem af þessu kann að hljótast.
15. Í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga verði að því stefnt að auka hlut sveitarfélaga í opinberum rekstri. Miðað verði við að hlutur sveitarfélaga verði eigi minni en ríkis.
16. Lagt verði mat á kostnað samfélagsins vegna þeirrar búsetuþróunar sem orðið hefur frá árinu 1986. Byggðastofnun meti reglulega áhrif lagasetningar, fjárlagagerðar og einstakra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróunina í landinu.

IV. Bætt umgengni við landið.

17. Gert verði átak til að stöðva hraðfara landeyðingu þar sem náttúruöfl hindra ekki framkvæmdir.
18. Sveitarfélög verði aðstoðuð við gerð framkvæmdaáætlunar í umhverfismálum.
19. Með hliðsjón af aukinni ferðamennsku og kröfum um óspillt umhverfi verði gert átak til umhverfisbóta.
20. Rannsökuð verði langtímaáhrif stofnvega á miðhálendinu með tilliti til umhverfis, hagkvæmni, ferðaþjónustu, atvinnumála og búsetu.
21. Lögð verði áhersla á að hraða gerð stafrænna korta fyrir landið og byggja upp landfræðileg upplýsingakerfi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 19. ágúst 1997 ritaði forsætisráðherra Byggðastofnun bréf (fylgiskjal I) þar sem farið er fram á að gerð verði áætlun um byggðamál með vísan til 8. gr. laga um Byggðastofnun. Í bréfinu er lagt til að starfsmenn Byggðastofnunar vinni skýrslu um byggðamál (fylgiskjal XV) sem stjórn stofnunarinnar leggi síðan til grundvallar við gerð tillagna sinna. Þessari tilhögun verka hefur verið fylgt. Stjórn Byggðastofnunar hóf árið 1995 að kanna ýmsa þætti í þróun byggðamála. Sér til fulltingis leitaði stjórnin til ýmissa utanaðkomandi aðila með sérstök verkefni þessu tengd. Við mótun tillagna um stefnu í byggðamálum hefur stjórn Byggðastofnunar að sjálfsögðu haft afrakstur þessarar vinnu til hliðsjónar. Einnig ber að geta þess að áherslubreytingar hafa orðið á starfsemi Byggðastofnunar upp á síðkastið sem taka mið af breyttum þjóðfélagsaðstæðum. Þetta hefur einnig haft áhrif á mótun tillagnanna.

Af þessu má sjá að mikil vinna og rannsóknir liggja að baki þessari þingsályktunartillögu. Hluti þess starfs birtist í fylgiskjölum með henni, en einnig er vert að geta rits Stefáns Ólafssonar prófessors, Búseta á Íslandi, skýrslu Byggðastofnunar og Hagþjónustu landbúnaðarins um áhrif afkomu sauðfjárbúskapar á búsetu og skýrslu Hrafns Sigurðssonar viðskiptafræðings um stöðu kaupstaða á landsbyggðinni með tilliti til búsetu. Þá er í undirbúningi heildarsamantekt þeirra gagna sem Háskólinn á Akureyri hefur unnið fyrir stjórn Byggðastofnunar.

Opinber stefna í byggðamálum.

Opinber afstaða til stöðu byggðar í landinu verður meðal annars rakin til laga um Byggðastofnun, nr. 64/1985, og reglugerðar um Byggðastofnun, nr. 51/1992. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins og í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning. Er það meðal annars í því skyni að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða

lífvænlegar byggðir fari í eyði. Enn fremur er í 8. gr. laganna kveðið á um að byggðaáætlun skuli gerð á fjögurra ára fresti og að hún skuli endurskoðuð annað hvert ár. Af þessu er ljóst að pólitísk markmið og afstaða í byggðamálum eru skýr. Efni og markmið þingsályktunartillögunnar byggist á og er í fullu samræmi við þessi markmið.

Hvers vegna dreifða byggð?

Þéttbýlismyndun og byggðaröskun eru megineinkenni 20. aldar um víða veröld. Nálægar þjóðir hafa brugðist við þeim vanda með markvissum aðgerðum, meðal annars með ríflegum fjárstuðningi. Árangur þessa er að búferlaflutningar eru víða mun minni en hér á landi og sums staðar hafa þeir verið stöðvaðir. Þetta kemur meðal annars fram í úttekt Háskólans á Akureyri um mikilvægi byggðar í dreifbýli (fylgiskjal III).

Þess vegna þótti eðlilegt að fá nokkurn samanburð á búsetuþróun í nálægum löndum miðað við það sem hér hefur gerst. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar kemur fram í skýrslu Stefáns Ólafssonar prófessors um markmið og leiðir í byggðaþróunaraðgerðum nágrannaþjóðanna (fylgiskjal IV). Sérstaklega er eftirtektarvert að fólksflutningar frá norðlægum héruðum Skandinavíu eru mun minni en hér hefur verið á síðustu áratugum. Í þessari skýrslu er einnig gerð grein fyrir viðhorfum og aðgerðum stjórnvalda nágrannaríkjanna til að viðhalda dreifðri búsetu og árangri þeirra. Gagnlegt er fyrir Íslendinga að kynna sér þau viðhorf sem ríkja um byggðamál í nágrannalöndunum.

Að tilhlutan Háskólans á Akureyri hefur verið tekið saman yfirlit um þróun atvinnutækifæra á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni (fylgiskjal V). Niðurstaða þeirrar greinargerðar er meðal annars sú að verulega vanti upp á að landsbyggðin standi jafnfætis höfuðborgarsvæðinu með tilliti til fjölbreytni í atvinnulífi. Árin 1990–95 fækkaði störfum á íslenskum vinnumarkaði um 2.208 þrátt fyrir að á sama tíma hafi störfum í þjónustu fjölgað um 3.003. Fækkunin var mest í iðnaði. Athygli vekur að enn er spáð mikilli fækkun starfa í sumum greinum atvinnulífsins, sérstaklega í sjávarútvegi, og að jafnvel á næstu árum geti störfum við veiðar og vinnslu fækkað um 4–5 þúsund.

Að óbreyttu ástandi eru allar líkur á að fjölgun starfa í náinni framtíð verði að mestu á höfuðborgarsvæðinu. Á þessu ber að vekja sérstaka athygli því að einhæft atvinnulíf er ein höfuðorsök fólksflótta af landsbyggðinni. Augljóst er, eins og fram kemur í greinargerð Háskólans á Akureyri, að mjög brýnt er að efla og auka fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni. Þar er lögð sérstök áhersla á að efla fjölhæfni atvinnulífs á landsbyggðinni, meðal annars með þróun vaxtarsvæða, með því að koma á fót svæðisbundnum nýsköpunarstöðvum, fjölga störfum fyrir vel menntað fólk á vegum hins opinbera og finna nýjum stóriðjuverkefnum stað utan atvinnusvæða höfuðborgarinnar.

Ný vinnubrögð í byggðamálum – skýr markmið.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er bent á eftirfarandi staðreyndir:

1. Brottflutningur fólks af landsbyggðinni hefur aukist og er mun meiri hér á landi en á sambærilegum landsvæðum erlendis.
2. Meira fé hefur verið varið til stuðnings við dreifðar byggðir á sambærilegum landsvæðum erlendis en hér á landi. Það á sinn þátt í að stöðva eða draga úr byggðaflóttanum.
3. Störfum í hefðbundnum greinum á landsbyggðinni hefur fækkað. Spáð er áframhaldandi þróun í þá átt. Ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun frá 1994, sem kveður meðal annars á um fjölgun starfa í þjónustustörfum á landsbyggðinni, hefur ekki skilað árangri nema síður sé.

4. Sumar byggðir standa höllum fæti vegna aðstæðna sem skapa íbúum þeirra erfiðari kjör en eru annars staðar.
5. Mikil uppbygging í stóriðju fer nú fram á atvinnusvæði höfuðborgarinnar sem laðar til sín nýtt vinnuafl.
6. Minna er um tækifæri á landsbyggðinni að því er varðar menntun, listir, afþreyingu og fjölmiðlun.

Það kann að þykja bjartsýni að við þessar aðstæður sé fólksfjölgun á landsbyggðinni meginmarkmið tillögunnar, en á það ber að líta að mikilvægir þættir sem eru forsenda traustrar búsetu eru í betra horfi en verið hefur. Hér ber sérstaklega að leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Afstaða fólks til búsetu á landsbyggðinni er á margan hátt jákvæð. Mun fleiri fýsir að flytja út á land en þaðan til höfuðborgarsvæðisins.
2. Öll almenn þjónusta er í betra horfi á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.
3. Ýmsar aðgerðir hafa haft jákvæð áhrif á útgjöld heimilanna.
4. Efnahagsástand er um þessar mundir betra en verið hefur um langa tíð. Það gerir aðstæður einkar jákvæðar fyrir nýtingu auðlinda landsins og er atvinnulífi á landsbyggðinni því sérstaklega mikilvægt.
5. Með starfsemi þróunarstofa er fenginn grundvöllur að nútímaatvinnusókn á landsbyggðinni.
6. Fyrir liggur greining þeirra þátta er mestu valda um neikvæða afstöðu til búsetu á landsbyggðinni sem auðveldar að færa þá til betri vegar.
7. Tillaga sú sem hér liggur fyrir, verði hún samþykkt og framkvæmd í því horfi sem efni hennar stendur til, felur í sér ný og markviss vinnubrögð í byggðamálum.

Á þessum sjö áhersluþáttum byggjast markmið þessarar tillögu um eflingu byggðar og fjölgun fólks á landsbyggðinni.

Umræða um þróun byggðar.

Brátt eru liðin 40 ár frá því að umræðan um byggðakjarna hófst. Má rekja upphaf hennar til ályktunar Alþingis frá árinu 1963 þar sem Framkvæmdabanka Íslands var falið að vinna að framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði. Átti hún fyrst og fremst að miðast við að stöðva brottflutning fólks úr landshlutanum. Í skýrslu sem unnin var af þessu tilefni og birtist árið 1965 kemur fram að höfundar hennar töldu að efla ætti byggðakjarna á Vestfjörðum sem gætu boðið upp á tiltölulega fjölbreytta þjónustu og myndað grundvöll að fjölbreyttara atvinnulífi. Upp frá þessu var umræða um byggðakjarna ein aðaláherslan í byggðamálum í 30 ár. Hversu vænlegur sá kostur kann að hafa verið þá lauk umræðunni án þess að hún skilaði árangri.

Umræðan um vaxtarsvæði hófst fyrir tæplega tíu árum og á þeim tíma hafa ríkisstjórnir tekið hugmyndina upp í sáttmála sína. Hin fræðilega skilgreining er sú að hér sé um að ræða landsvæði sveita og þéttbýlis sem með greiðum samgöngum verði samfellt þjónustu- og atvinnusvæði. Það sem hefur unnið gegn þessu byggðahugtaki er að í hinni almennu umræðu hefur hugtakið um vaxtarsvæði blandast hinni gömlu umræðu um byggðakjarna, þ.e. að byggðirnar þjöppuðust saman og mynduðu þannig kjarna.

Skilgreining á vaxtarsvæði byggist að stofni til á bættum og greiðari samgöngum og betri þjónustu við umferðina. Í tillögunni eru settar fram nýjar áherslur, þ.e. að gripið verði til aðgerða til að auðvelda fólki í strjálbýli atvinnusókn og stuðlað að bættum almenningssamgöngum.

Jaðarbyggð.

Heitið jaðarbyggðir hefur á síðustu árum verið að festast í sessi og virðist helst tengjast þeim byggðum þar sem fólksfækkun er hvað mest. Í bréfi forsætisráðherra (fylgiskjal I, 6. tölul.) er áhersla lög á umfjöllun um vanda jaðarsvæða. Á grundvelli þeirra mikilvægu upplýsinga sem fram koma í ritinu Búseta á Íslandi hefur Stefán Ólafsson prófessor gert frekari rannsóknir á samspili þeirra þátta sem helst hafa áhrif á viðhorf fólks til búsetunnar í landinu. Þar fæst sú athyglisverða niðurstaða að þeir þættir sem helst valda neikvæðri umræðu um búsetuna eru ríkjandi í þeim byggðum sem mest eiga í vök að verjast (fylgiskjal IV). Af þessari ástæðu er lagt til í tillögunni að dregið verði úr eða komið í veg fyrir þann mikla mun sem að þessu leyti er á kjörum fólks í slíkum byggðum og annarra þegna þjóðfélagsins. Sérstaklega á þetta við um húshitunarkostnað og samgöngur eins og kemur fram í töflu 2 í fylgiskjali IV.

Með sama hætti kemur skýrlega fram í rannsóknum Stefáns Ólafssonar prófessors hversu einhæfni atvinnulífs í jaðarbyggðum er áberandi og veldur miklu um neikvæð viðhorf til slíkra byggða. Fyrir liggur skýrsla Hagþjónustu landbúnaðarins um afkomu sauðfjárbænda en þar er meðal annars greint frá hrikalegum samdrætti í kjörum þeirra er þá búgrein stunda.

Þótt þær byggðir sem þannig er hægt að skilgreina sem jaðarbyggðir hafi ekki verið kortlagðar eru nú fyrir hendi góðar upplýsingar um þær. Af þeirri ástæðu er hægt að bregðast við með sóknaraðgerðum eins og tillagan gerir raunar ráð fyrir. Sérstaklega er lögð áhersla á eftirfarandi:

1. Aukna fjölbreytni í atvinnulífi.
2. Lækkun raforku til húshitunar.
3. Bættar samgöngur.

Fjölgun íbúa á landsbyggðinni.

Eitt af markmiðum þeirrar byggðaáætlunar sem hér er gerð tillaga um er að íbúum á landsbyggðinni fjölgi um 10% til ársins 2010. Þess var farið á leit við Hagstofu Íslands að stofnunin veitti eftirfarandi upplýsingar:

1. Um breytingar á íbúafjölda eftir kjördæmum sl. fimm ár, að höfðatölu og hlutfallslega, fyrir öll kjördæmi.
2. Um íbúafjölda í landsbyggðarkjördæmum og öðrum kjördæmum árið 2010 miðað við 10% fjölgun íbúa þeirra til þess tíma.
3. Um íbúafjölda í landsbyggðarkjördæmum árið 2010 miðað við meðalfjölgun í landinu sl. fimm ár.

Svör Hagstofunnar er að finna í fylgiskjali II. Athyglisvert er að það markmið tillögunnar að fjölga íbúum á landsbyggðinni helst í hendur við meðalfjölgun Íslendinga miðað við árin 1992–97. Árleg fólksfjölgun er um 0,75% að meðaltali sem hefur í för með sér um 10% fjölgun á því þrettán ára tímabili sem um ræðir, frá 1998–2010. Markmið um fjölgun á landsbyggðinni er í fullu samræmi við það meginmarkmið tillögunnar að bæta þau búsetuskilyrði á landsbyggðinni sem eru aðalorsakir byggðaröskunar á undanförnum árum til þess að koma í veg fyrir frekari fólksflótta. Þá styður það sérstaklega markmiðið um fólksfjölgun á landsbyggðinni að samanburður á fjölda þeirra sem búa á landsbyggðinni og óska þess að flytja til höfuðborgarsvæðisins og fjölda þeirra sem óska þess að flytjast af höfuðborgarsvæðinu sýnir að í reynd vilja fleiri einstaklingar búa á landsbyggðinni. Þróun búsetunnar hefur hins vegar verið á hinn veginn, fleiri hafa flutt frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis. Þetta kemur fram í niðurstöðum Stefáns Ólafssonar prófessors um búsetuóskir íbúa einstakra landshluta, sbr. töflu 1 í fylgiskjali IV.

Þáttur menntunar í byggðaþróun.

Mikil breyting hefur orðið á námi og skólahaldi á síðari árum. Sérstaklega á þetta þó við um menntun á framhaldsskóla- og háskólastigi. Þessi þróun hefur helst orðið í þéttbýlli byggðum landsins. Þetta hefur eflt þær byggðir sem þessa hafa notið, bæði að því er varðar mannafla og fé.

Eitt gleggsta dæmið um þetta er stofnun Háskólans á Akureyri sem ótvírætt hefur stuðlað að miklum framförum á Eyjafjarðarsvæðinu, bæði hvað varðar menningu og atvinnulíf. Kannanir sýna enn fremur þá mikilvægu niðurstöðu frá byggðasjónarmiði að nemendur þessa skóla taka sér gjarnan búsetu í nábýli við skólann sem nýtur þá þekkingar þeirra og menntunar. Þannig eru 67% útskrifaðra nemenda búsettir á Norðurlandi.

Ef ekki verður brugðist við og aðstöðumunur til menntunar jafnaður í byggðum landsins munu ákveðnir landshlutar verða í vaxandi mæli ákjósanlegri vettvangur fyrir æsku landsins með þeim augljósu áhrifum sem því fylgja.

Upplýsinga- eða þekkingarsamfélag framtíðar byggist á vísinda- og tækniuppgötvunum og örri tækniþróun. Þekkingin er að verulegu leyti fólgin í vel menntuðum einstaklingum en eins og nú horfir er slíkt fólk að litlu leyti búsett á landsbyggðinni. Ef ekkert verður að gert er líklegt að þar verði nær eingöngu stunduð fábreytt framleiðsla. Það hlýtur því að vera meginmarkmið að auka almenna menntun til þess að búa ungt fólk betur en nú er gert undir fjölbreytt störf í þjóðfélagi sem byggist í sífellt ríkari mæli á notkun tölva, upplýsingalinda og gagnagrunna af ýmsu tagi.

Mikil áhersla er lögð á að hratt verði brugðist við í þessum efnum, sérstaklega á Vestfjörðum og Austurlandi þar sem aðstæður eru hvað lakastar. Þá ber enn fremur að fylgjast náið með þeirri þróun sem ryður sér til rúms erlendis og felst í því að framhaldsskólar taka að sér afmörkuð verkefni fyrir háskóla. Slík verkefni styrkja framhaldsskólana og auðvelda nemendum þeirra síðar þátttöku í háskólanámi.

Um tilhögun skólahalds og námsskipan á þessum grundvelli er nánar fjallað í fylgiskjali IX.

Byggðaforræði.

Í vinnu við undirbúning tillögunnar komu oftsinnis fram áherslur um stóraukna þróunarstarfsemi á landsbyggðinni og forræði þeirra verkefna heima í héraði. Hér er einkum átt við þá samninga sem Byggðastofnun hefur gert við atvinnuþróunarfélög og samtök sveitarfélaga. Á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan þessi starfsemi hófst í núverandi mynd hefur fengist afar jákvæð reynsla af þessu starfi eins og fram kemur í umsögn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands (fylgiskjal X).

Fullyrða má að þróunarstarfsemi á landsbyggðinni muni stóreflast á næstu árum fái hún til þess stuðning frá ríki og sveitarfélögum.

Hlutverk þróunarstofanna er margþætt: að veita fyrirtækjum ráðgjöf um stjórnun, rekstur og tækniþróun, aðstoða fyrirtæki við verkefna- og styrkjaöflun innan lands og utan, standa að kynningu og námskeiðahaldi fyrir einstaklinga og stjórnendur í samvinnu við framhalds- og háskóla og samtök atvinnulífisins, efla starfsmenntun í samvinnu við ríki, sveitarfélög og samtök vinnumarkaðarins, byggja upp samvinnu og tengslanet fyrirtækja o.fl. Því er mikilvægt að þróunarstofurnar komi á tengslaneti til að samræma starf sitt og gera það markvissara.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands á hvað lengstan feril í þessu starfi sem mikinn lærdóm má draga af (fylgiskjal X). Með þessum áherslum er í raun leitast við að treysta atvinnusókn á landsbyggðinni í sessi á grundvelli þekkingar á ýmsum sviðum atvinnulífs og markaðssókn-

ar. Í raun er með þessum áherslum lagður góður grunnur að markvissri uppbyggingu í atvinnumálum dreifbýlisins sem opnar nýjar leiðir til aukinnar fjölbreytni. Sú fábreytni sem einkennir störf á landsbyggðinni á mikinn þátt í neikvæðri þróun byggðanna. Hér má því með réttu segja að byggðaforræðið sé flutt heim í hérað.

Þáttur menningar í viðhorfum til búsetu.

Í riti Stefáns Ólafssonar, Búseta á Íslandi, kemur fram að fólk kvartar mjög yfir því hversu menningarstarfsemi á landsbyggðinni er fábrotin. Hið sama kemur fram í álitsgerð Háskólans á Akureyri (fylgiskjal VII). Þess vegna er í tillögunni lagt til að úr því verði bætt og fjárveiting aukin til menningarstarfsemi úti á landi. Ef bornir eru saman fjárlagaliðir til ýmissa menningarmála á árunum 1996 og 1998 kemur í ljós að þegar hafa verið stigin skref í rétta átt því að framlag til menningarmála á landsbyggðinni hefur aukist að undanförnu.

Gildi fjölmiðla og þá ekki síst ríkisfjölmiðla í menningarlífi þjóðarinnar er alþekkt. Í þeim efnum er hlutur landsbyggðarinnar mjög rýr, bæði hvað varðar störf og aðgengi. Ef til vill er neikvæð túlkun fjölmiðla á efni af landsbyggðinni mest gagnrýnisverð. Telja má að þessi málflutningur hafi haft neikvæð áhrif á búsetuna í landinu. Með nútímatækni í flutningsmáta á fjölmiðlaefni er hér hægur vandi úr að bæta eins og gerast mundi með beinni útsendingu sjónvarps úr öllum landshlutum. Þá er einnig afar mikilvægt að sú fjölbreytni í flutningi margs konar efnis í fjölmiðlum sem nýtur vaxandi vinsælda geti borist um landið allt. Þess vegna er það í raun sjálfgefið að sambærileg kjör við flutning efnis gildi um allt land þannig að þeir sem slíka starfsemi hafi með höndum séu jafnsettir.

Helstu orsakir byggðaröskunar.

Það nýmæli sem hvað mesta athygli vekur í ritinu Búseta á Íslandi er greining á mati íbúa í einstökum landshlutum á búsetuskilyrðum sínum í samtímanum (fylgiskjal IV). Meginniðurstöður Stefáns Ólafssonar eru þessar: Óskir fólks um aðgang að nútímalegum lífsháttum er einn mikilvægasti drifkraftur þéttbýlismyndunar og búferlaflutninga. Beint og sterkt samband er milli ánægju íbúa einstakra landshluta með búsetuskilyrði og fólksfjöldaþróunar. Þar sem meiri ánægja er með almenn búsetuskilyrði þar stendur búsetan fastari fótum og færri flytja brott. Fólk tekur ákvarðanir um búferlaflutninga með því að meta kosti og galla búsetuskilyrðanna í heild. Misjafnt er milli landshluta hvaða þættir vega þyngst, en atvinnumál (fjölbreytni atvinnutækifæra), menntun og almenn lífsgæði eru þeir þættir sem flestir tilgreina sem mikilvæga í sambandi við búferlaflutninga.

Efst á blaði í þessum efnum er húshitunarkostnaður, sbr. töflu 2 í fylgiskjali IV. Til þess að fá sem gleggstar upplýsingar um hann var leitað eftir áliti frá verkfræðistofunni Fjarhitun þar sem sérstaklega var spurst fyrir um hvernig verð á einstökum hitagjöfum hefur þróast hin síðari ár. Þar kom meðal annars fram að kostnaður við rafhitun er nær óbreyttur á tíu ára tímabili (fylgiskjal VIII). Í ljósi upplýsinga um hvað rafhitun íbúðarhúsnæðis er óhagstæð var Orkustofnun fengin til að kortleggja þau svæði landsins þar sem húshitunarkostnaður er hár. Hefur sá kostnaður að sjálfsögðu áhrif á kjör íbúa þessara landshluta. Í skýrslu Orkustofnunar kemur meðal annars greinilega fram að mikils misræmis gætir landfræðilega í þessum efnum og að hlutur Vestfjarða og Austurlands er lakastur hvað þetta varðar. Þannig verður þessi breytilegi húshitunarkostnaður áhrifavaldur um styrk einstakra byggðarlaga.

Efling landsbyggðarinnar á grundvelli hugmynda um vaxtarsvæði var nefnd hér að framan. Grundvallarforsenda fyrir sterkum atvinnu- og þjónustusvæðum (vaxtarsvæðum) er fyrst og fremst góðar samgöngur en tillagan miðar að því að á þeim verði síðan byggð þjónusta samfélagsins, meðal annars traustum almenningssamgöngum, og að dregið verði úr kostnaði

því samfara að sækja vinnu sína lengra að. Hér gegna húsnæðismálin líka miklu hlutverki. Í skýrslu Rekstrar og ráðgjafar (fylgiskjal XIV) er að finna mikilvægar upplýsingar um þau.

Breyttir tímar – nýjar áherslur.

Samningar við atvinnuþróunarfélög og sveitarstjórnarmenn í héraði hafa að undanförnu verið áhrifaríkustu aðgerðir til eflingar þróunarstarfs í atvinnumálum (fylgiskjal X). Þessa starfsemi ber að efla og það er meðal annars af þessu tilefni sem þróunarsvið Byggðastofnunar verður flutt á Sauðárkrók. Við þau tímamót er eðlilegt að komið verði á greiðum samskiptum milli þróunarstofanna og Byggðastofnunar þar sem hlutverk stofnunarinnar væri að veita leiðsögn og annast samræmingu starfa auk þess sem hún fylgdist með fjársýslu og árangri af starfi stofanna. Til þess að treysta þessi áform var leitað eftir áliti Landssíma Íslands hf. um þann fjarskiptabúnað sem heppilegastur væri til þessara nota og áætlaðan kostnað við rekstur slíks búnaðar (fylgiskjal XII). Ef vel tekst til má segja að þróunarstofurnar og þróunarsvið Byggðastofnunar verði í raun sama fyrirtækið að því er varðar skipulag starfa.

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–97, sem afgreidd var frá Alþingi 6. maí 1994, var sú fyrsta sinnar gerðar. Þar er að finna mikilvægar ábendingar um skipan byggðamála en minna er um efnislegar áherslur, enda er tillagan barn síns tíma. Út af þessu er þó brugðið þar sem fjallað er um valddreifingu frá ríki til sveitarfélaga en þar segir:

„Stefna skal að valddreifingu með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Forsenda fyrir því er sameining eða samningsbundið samstarf sveitarfélaga. Aðgerðir í þessu skyni verði meðal annars eftirfarandi:

1. Tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga verði lagðar fyrir Alþingi sem fyrst.
2. Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt."

Þessi hluti þingsályktunarinnar hlýtur eðli málsins samkvæmt að koma til skoðunar nú þegar byggðaáætlun er lögð fram í annað sinn. Ráðgjafarstofan Rekstur og ráðgjöf var því fengin til að kanna hver þróun þessara mála hafi verið frá því að ályktun Alþingis var samþykkt árið 1994 (fylgiskjal XIV). Árið 1996 lét Byggðastofnun gera nokkra úttekt á því hver dreifing væri á útgjöldum ríkissjóðs í einstökum kjördæmum. Þrátt fyrir að sú athugun næði ekki til nema ⅔ hluta ríkisútgjalda vakti hún ýmsar spurningar. Var leitað eftir því við Rekstur og ráðgjöf að fyrirtækið gerði úttekt á hvernig stöðugildi dreifðust um landið og hvernig útgjöld ríkisins og stofnana þess skiptust á einstök kjördæmi. Með öðrum orðum er leitast við að meta umfang þessara mikilvægu efnahagsþátta í starfsemi ríkisvaldsins, opinber störf og skiptingu ríkisútgjalda, með tilliti til búsetunnar í landinu. Margt eftirtektarvert kemur fram í skýrslunni. Opinber störf utan Reykjavíkur nema einungis 36,7% opinberra starfa í landinu. Sé um einhverja breytingu að ræða frá árinu 1994, þegar Alþingi samþykkti í byggðaáætlun að opinberum störfum skyldi fjölgað á landsbyggðinni, hefur þróunin fremur gengið í gagnstæða átt. Þá vekur það ekki síður eftirtekt, eins og skýrslan ber með sér, að aðeins tæpur helmingur ríkisútgjalda fellur í hlut þessara sömu kjördæma. Þá er nokkuð augljóst að hlutur þeirra kjördæma sem búa við mestan byggðavanda er einkar rýr. Að því verður að hyggja sérstaklega þegar aðgerðir til að styrkja byggðirnar eru metnar. Skýrsla Reksturs og ráðgjafar er birt sem fylgiskjal XIV með tillögu þessari og vísast til hennar til nánari skýringar.

Byggðasjóður verði starfræktur.

Lánasýsla hefur verið meginþáttur í starfsemi Byggðastofnunar, sérstaklega lánastarfsemi sem tengist oft aðgerðum í atvinnulífinu á erfiðleikatímum. Sem kunnugt er hafa aðstæður í þessum efnum breyst á síðari tímum, bæði hvað varðar atvinnulífið og skipan lánastarfsemi. Þess vegna hafa komið fram efasemdir um að óbreytt lánastarfsemi Byggðastofnunar þjóni sama tilgangi og verið hefur. Á hitt ber að líta að hagur stofnunarinnar hefur batnað að undanförnu. Nýleg reynsla sýnir að þar sem fyrir hendi er virkt afl í héraði að því er varðar endurskipulagningu og nýsköpun í atvinnurekstri hefur aðkoma Byggðastofnunar verið þeim málum til mikils stuðnings. Því er óráðlegt að hverfa frá lánastarfsemi Byggðastofnunar til landsbyggðarinnar í þessum efnum að svo stöddu.

Á síðasta ári var bókhald stofnunarinnar aðgreint eftir einstökum útgjaldaliðum. Samkvæmt því liggur fyrir að fjármunatekjur hafa á árinu 1997 numið 233 millj. kr. Sé litið til síðustu ára má ætla að fjármunatekjur hafi árlega verið u.þ.b. 200 millj. kr. en það er svipuð upphæð og nemur samanlögðum rekstrarkostnaði og framlagi á afskriftareikning útlána. Af þessu má sjá að byggðasjóður, eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir, getur við eðlilegar aðstæður staðið á eigin fótum. Miðað við reynslu Byggðastofnunar þykir lánastarfsemi mikilvægur þáttur til stuðnings við uppbyggingu á landsbyggðinni sem fram til þessa hefur oft og tíðum búið við þrönga kosti hjá öðrum lánastofnunum.

Í þessari tillögu er lögð áhersla á að lánasýsla Byggðastofnunar verði gerð að nýsköpunar- og hagræðingarsjóði landsbyggðarinnar, með öðrum orðum sjálfstæðum byggðasjóði. Leggja verður áherslu á sjálfstæðan rekstur og bókhald sjóðsins til að unnt verði að fylgjast náið með afkomu sjóðsins í samræmi við markmið hans. Þetta fyrirkomulag mundi skapa aðhald og hvetja til sparnaðar í rekstri sjóðsins. Vel kæmi til greina að leita til aðila með skylda starfsemi til að taka að sér rekstur sjóðsins, leiði það til aukinnar hagkvæmni.

Eignarhaldsfélög.

Byggðastofnun hefur um nokkurra ára skeið tekið þátt í stofnun nýrra fyrirtækja og endurskipulagningu fyrirtækja með hlutafjáraðild, þótt í smáu hafi verið. Nú liggur fyrir að í nokkrum tilvikum eru þessi hlutabréf orðin seljanleg og hefur það leitt til sölu hluta þeirra. Andvirði þessara bréfa hefur þá gjarnan verið fært til annarra verkefna. Svipað má segja um starfsemi öflugra atvinnu- eða eignarhaldsfélaga, t.d. á Suðurlandi (fylgiskjal X) og Reykjanesi, sem skilað hefur ótvíræðum árangri í endurskipulagningu og nýsköpun í þeim landshlutum. Leitast hefur verið við að tengja þessa starfsemi saman svo að uppbyggingarstarfið verði markvissara.

Með þeirri samræmingu og aukna starfi sem leitt hefur af starfsemi þróunarstofnana, sem eflst hafa verulega upp á síðkastið, gætir vaxandi áhuga á að stofna til eignarhaldsfélaga til að takast á við uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni, en atvinnulífið þar er ekki svo burðarmikið að það eitt sér geti byggt upp eignarhaldsfélög svo hratt að það skili skjótum árangri í atvinnuuppbyggingu.

Með tilliti til þessara mikilvægu markmiða er nauðsynlegt að fara yfir fjárveitingar til Byggðastofnunar. Samkvæmt fjárlögum ársins 1998 nema heildarfjárveitingar til stofnunarinnar 202 millj. kr. Séu útgjöld ársins 1997 lögð til grundvallar við skiptingu rekstrarútgjalda þessa árs yrði niðurstaðan þessi:

	Millj. kr.
Þróunarstofur í kjördæmum	65
Þróunarsvið Byggðastofnunar	35
Skrifstofur Byggðastofnunar á landsbyggðinni	37
Yfirstjórn Byggðastofnunar, 50% hlutdeild	15
Niðurfærsla vegna hlutabréfakaupa	15
Óviss útgjöld og styrkir	35
Samtals	**202**

Eins og sjá má er ráðstöfunarfé stofnunarinnar umfram fasta liði í besta falli 35 millj. kr. Sé litið til þeirra markmiða tillögunnar að fólksstraumurinn af landsbyggðinni skuli nú stöðvaður með því að treysta atvinnulífið með aukinni fjölbreytni og nýsköpun vega þær 35 millj. kr. sem segja má að nú séu tiltækar til þeirra verkefna harla lítið.

Í ársbyrjun 1998 tóku nýjar peningastofnanir, Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, til starfa og sérstakt könnunarefni er hvort þessar stofnanir gætu leyst úr þeim verkefnum að treysta atvinnulífið á landsbyggðinni. Að mati Byggðastofnunar geta nýju peningastofnanirnar ekki komið til móts við þarfir þeirra fyrirtækja sem mest áhrif hafa á búsetu á landsbyggðinni í þeim mæli sem þörf er á ef markmið tillögunnar eiga að nást. Hins vegar skera tíminn og reynslan ein úr um hver þáttur Fjárfestingarbankans og Nýsköpunarsjóðsins verður í þróun atvinnulífs á landsbyggðinni.

Til frekari rökstuðnings við það sem að framan er greint er vert að benda á mikilvægt atriði. Svo sem kunnugt er fer nú fram mikil uppbygging í stóriðju og orkuverum. Full rök eru fyrir að landsbyggðinni sé veittur stuðningur til atvinnuuppbyggingar í ljósi þess hvar á landinu þær framkvæmdir eru staðsettar. Enn fremur er vert að minna á að samkvæmt skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Reksturs og ráðgjafar (fylgiskjal XIV) er hlutur landsbyggðarinnar hvað varðar skiptingu opinberra útgjalda fremur rýr. Á grundvelli þessara staðreynda og markmiða tillögunnar er í henni stefnt að því að allt að 300 millj. kr. á fjárlögum hvers árs verði varið til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni á áætlunartímabilinu. Hér er því stefnt að töluverðri aukningu á fjárveitingum til Byggðastofnunar. Í fyrri byggðaáætlun var miðað við að fjárveiting til starfsemi Byggðastofnunar næmi 315 millj. kr. á verðlagi þessa árs.

Eins og fyrr er getið er einhæft atvinnulíf á landsbyggðinni ein aðalorsök búferlaflutninga þaðan og öllu öðru fremur þarf að auka fjölbreytileika þess eigi árangur að nást í að stöðva þá þróun. Þar til grundvallar liggja þrjú meginmarkmið:

1. Öflugt þróunarstarf á landsbyggðinni.
2. Sjálfstæður byggðasjóður.
3. Uppbygging eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni.

Bætt umgengni við landið.

Í tillögunni koma fram áherslur í umhverfismálum. Auknar kröfur eru gerðar til bættrar umgengi um landið um leið og umferð og ferðamennska eykst. Þessi mál varða byggðir landsins og eru hluti byggðastefnu. Leggja ber áherslu á að þau svæði landsins sem eiga í vök að verjast í gróðurfarslegu tilliti verði grædd upp á næstu árum í samræmi við áherslur Landgræðslu ríkisins. Gerð er tillaga um að sveitarfélög njóti aðstoðar við að gera framkvæmdaáætlanir í umhverfismálum. Jafnframt er lögð áhersla á að hraðað verði gerð stafrænna korta fyrir landið og að langtímaáhrif stofnvega á miðhálendinu verði rannsökuð með tilliti til umhverfis, hagkvæmni, ferðaþjónustu, atvinnumála og búsetu.

Tillagan var áður flutt á 122. löggjafarþingi. Með henni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Bréf Davíðs Oddssonar forsætisráðherra til Byggðastofnunar (19. ágúst 1997).
II. Bréf Hallgríms Snorrasonar hagstofustjóra til Egils Jónssonar (20. janúar 1998).
III. Háskólinn á Akureyri: Mikilvægi byggðar í dreifbýli.
IV. Stefán Ólafsson: Um aðgerðir í byggðaþróunarmálum (janúar 1998).
V. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri: Þróun atvinnutækifæra á höfuðborgarsvæði og landsbyggð (janúar 1998).
VI. Samningur milli Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands og Byggðastofnunar um atvinnuþróun á starfssvæði Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (22. mars 1996).
VII. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri: Íþróttir, fjölmiðlar og menning. Staða landsbyggðarfólks gagnvart höfuðborgarbúum (janúar 1998).
VIII. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri: Húshitunar- og rafmagnskostnaður á Íslandi (janúar 1998).
IX. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri: Menntamál á landsbyggð (janúar 1998).
X. Óli Rúnar Ástþórsson: Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og hugmyndir sjóðsins um hlutverk atvinnuþróunarfélaga í nýrri byggðastefnu (15. janúar 1998).
XI. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri: Samgöngur á Íslandi (janúar 1998).
XII. Guðmundur Lúther Loftsson: Tillögur að bættum fjarskiptum Byggðastofnunar.
XIII. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri: Upplýsingatækni og byggðaþróun (janúar 1998).
XIV. Haraldur L. Haraldsson: Skipting útgjalda og stöðugilda hjá ríkissjóði og fyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins (mars 1998).
XV. Byggðastofnun: Stefnumótandi byggðaáætlun 1998–2002. Forsendur (mars 1997).

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 1217 (695. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 4997–5227.

258. Frumvarp til laga [231. mál]

um vegabréf.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Íslenskur ríkisborgari á samkvæmt umsókn rétt á að fá gefið út vegabréf eftir lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Utanríkisráðuneytið gefur út diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf samkvæmt reglum sem utanríkisráðherra setur.

2. gr.

Vegabréf skal gefið út af ríkislögreglustjóra.

Heimilt er að fela öðrum stjórnvöldum að gefa út vegabréf til bráðabirgða þegar sérstaklega stendur á.

Vegabréf telst eign íslenska ríkisins.

3. gr.

Þegar sótt er um vegabréf skal umsækjandi sanna á sér deili og gengið skal úr skugga um ríkisfang hans.

Með umsókn skal umsækjandi leggja fram ljósmyndir og önnur nauðsynleg gögn.

4. gr.

Við útgáfu vegabréfs til barns undir 18 ára aldri skal liggja fyrir samþykki þess eða þeirra sem fara með forsjá barnsins. Þegar annað forsjárforeldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða annarra sérstakra aðstæðna er samþykki hins fullnægjandi.

Samþykki lögráðamanns þarf til að gefið verði út vegabréf til þess sem sviptur hefur verið sjálfræði.

Heimilt er að víkja frá framangreindum skilyrðum ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Nú er umsækjandi um vegabréf eftirlýstur af lögreglu, gefin hefur verið út handtökuskipun á hendur honum eða lagt á hann farbann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála og skal þá synja um útgáfu vegabréfs.

Heimilt er að synja um útgáfu vegabréfs þegar svo stendur á:

a. fram er komin kæra á hendur umsækjanda fyrir refsivert brot, sem ætla má að varði refsivist, og hætta er talin á að hann muni reyna að komast undan refsiábyrgð með því að fara úr landi eða dveljast áfram erlendis, eða
b. umsækjandi hefur verið dæmdur til refsivistar, sem ekki hefur verið afplánuð, eða sætt sektarrefsingu fyrir dómi eða hjá stjórnvaldi, sem hvorki hefur verið greidd né sett trygging fyrir, og hætta er á að hann muni reyna að komast hjá fullnustu refsingarinnar með því að fara úr landi eða dveljast áfram erlendis.

6. gr.

Vegabréf skal gefa út handa einum einstaklingi.

Gildistími vegabréfs skal vera tíu ár frá útgáfudegi. Þó skal gildistími vegabréfs barns yngra en 16 ára vera þrjú ár frá útgáfudegi.

Nú glatast vegabréf og skal þá nýtt vegabréf gefið út til sama tíma og fyrra vegabréf.

7. gr.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að afturkalla vegabréf þegar:

a. skilyrði til útgáfu vegabréfs eru ekki lengur fyrir hendi,
b. fyrir liggja aðstæður þær sem greinir í 5. gr.,
c. útliti vegabréfs eða efni hefur verið breytt,
d. vegabréf er skemmt eða slitið eða upplýsingar í því svara ekki lengur til auðkenna handhafa,
e. vegabréf finnst í vörslu óviðkomandi eða
f. aðstæður eða atvik að öðru leyti gera það að verkum að óhjákvæmilegt er að afturkalla vegabréf.

Handhafa vegabréfs er skylt að verða við kröfu um afhendingu vegabréfs sem er afturkallað skv. 1. mgr.

8. gr.

Ríkislögreglustjóri heldur skrá um útgefin vegabréf. Þar skal einnig skrá bráðabirgðavegabréf og vegabréf sem utanríkisráðuneytið gefur út. Í skránni skulu glötuð vegabréf sérstaklega tilgreind.

9. gr.

Handhafi vegabréfs skal varðveita vegabréf sitt þannig að ekki sé hætta á að það glatist. Tilkynna skal lögreglu eða sendimönnum Íslands erlendis þegar í stað ef vegabréf glatast og skal þá gera sérstaka grein fyrir afdrifum þess.

10. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum ef maður:

a. með vísvitandi röngum upplýsingum eða sviksamlegu undanskoti upplýsinga gagnvart útgefanda vegabréfs eða viðtakanda umsóknar aflar sér ranglega vegabréfs eða annars ferðaskilríkis eða verður þess valdandi að vegabréf eða annað ferðaskilríki, sem gefið er út fyrir hann, hljóðar ekki á rétt nafn hans og kennitölu,
b. gefur rangar upplýsingar um forsjá barns í þeim tilgangi að gefið verði út vegabréf til þess án samþykkis forsjárforeldris,
c. aflar sér án sérstakrar heimildar fleiri en eins vegabréfs eða ferðaskilríkis sem hljóðar á nafn hans, breytir eða nemur á brott hluta af vegabréfi eða öðru ferðaskilríki eða áritanir á því, eða
d. selur vegabréf eða gerir sér á annan hátt að féþúfu.

11. gr.

Dómsmálaráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þar skal meðal annars kveðið á um:

a. gerð, form og efni vegabréfa og þau gögn sem umsækjandi skal leggja fram með umsókn,
b. heimild til að einstaklingur megi í sérstökum tilvikum hafa fleiri en eitt gilt vegabréf,
c. heimild annarra stjórnvalda til útgáfu vegabréfs til bráðabirgða í sérstökum tilvikum,
d. heimild til að binda vegabréf við tiltekið svæði, svo og til að takmarka gildistíma þess þegar 5. gr. á við eða ef ætla má að umsækjandi hafi misfarið með vegabréf,
e. heimild til að gefa út hópvegabréf, þar á meðal um gildistíma og gildissvið,
f. heimild til að gefa út vegabréf til útlendinga og ferðaskilríki fyrir flóttamenn, og
g. vegabréfaskrá, færslu hennar og aðgang að upplýsingum úr skránni.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1999.

Jafnframt falla úr gildi lög um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Árið 1991 gáfu íslensk stjórnvöld út yfirlýsingu um að hafinn væri undirbúningur að því hér á landi að gefa út vélrænt lesanleg vegabréf. Þessi yfirlýsing var nauðsynleg til að Ísland gæti átt aðild að verkefni bandarískra stjórnvalda, sem nefnt er „Visa waiver pilot program“, en þátttaka í því fól í sér afnám þeirrar skyldu að Íslendingar þyrftu vegabréfsáritun í ferðum

til Bandaríkjanna. Afnám vegabréfsáritunar til Bandaríkjanna var bundin þessu skilyrði, en vélrænt lesanleg vegabréf auðvelda eftirlit við landamæri.

Fölsun vegabréfa eykst stöðugt og í samstarfi ríkja hefur verið leitað allra leiða til að tryggja enn frekar öryggi þessara skilríkja. Með þeirri tækni sem felst í útgáfu vélrænt lesanlegra vegabréfa eykst öryggi þeirra mikið. Einnig stuðlar þetta að greiðari afgreiðslu farþega við vegabréfaskoðun. Þá býður það upp á ýmsar tæknilegar lausnir á öðrum sviðum, svo sem við skráningu farþega í flug, auk þess sem hentugt er að vegabréfaeftirlit gangi greiðlega fyrir sig með tilliti til starfsemi flugfélaga.

Frá því fyrrgreind yfirlýsing íslenskra stjórnvalda var gefin hefur verið unnið að undirbúningi málsins í dómsmálaráðuneytinu. Tæknilegar lausnir hafa verið kannaðar og hugað að nauðsynlegum breytingum við útgáfu og prentun vegabréfa. Með ráðuneytinu hafa starfað að málinu forstöðumaður útlendingaeftirlitsins auk fulltrúa utanríkisráðuneytisins og Ríkiskaupa. Verði frumvarp þetta að lögum mun dómsmálaráðuneytið láta hanna nýja gerð vélrænt lesanlegra vegabréfa. Jafnframt mun ráðuneytið festa kaup á nauðsynlegum tækjabúnaði til að koma á þessu breytta fyrirkomulagi. Hefur útboð þegar farið fram og liggja fyrir tilboð frá erlendum fyrirtækjum.

II.

Samstarf ríkja á sviði vegabréfamála hefur leitt til þess að sífellt fleiri þjóðir gefa út vélrænt lesanleg vegabréf eða hafa uppi slík áform. Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur um áratuga skeið verið fremst í flokki varðandi þróun vegabréfa og á vegum hennar hafa verið gerðir staðlar um vélrænt lesanleg vegabréf. Hefur það verið gert í samráði við ýmsar aðrar alþjóðlegar stofnanir, svo sem Interpol. Upphafið má rekja til ársins 1968 þegar hugað var að því hvernig auka mætti hraða í afgreiðslu flugfarþega í kjölfar gífurlegrar aukningar á flutningum fólks milli landa með flugvélum. Árið 1980 gaf stofnunin út leiðbeiningar um gerð vélrænt lesanlegra vegabréfa og á grundvelli þeirra var hafin útgáfa slíkra vegabréfa í nokkrum ríkjum. Hafa leiðbeiningar þessar verið endurnýjaðar í formi alþjóðlegs staðals um gerð bréfanna.

Á vegum alþjóðalögreglunnar Interpol hefur ítrekað verið vakin athygli á nauðsyn þess að auka öryggi í útgáfu vegabréfa, bæði að því er varðar ýmsa öryggisþætti í prentun vegabréfanna og eins varðandi útgáfuna sjálfa. Leggur Interpol áherslu á að ríki taki upp vélrænt lesanleg vegabréf svo fljótt sem kostur er.

III.

Um vegabréf gilda lög um íslensk vegabréf, nr. 18/1953, og á grundvelli þeirra hefur verið sett reglugerð um íslensk vegabréf, nr. 169/1987. Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru:

1. Útgáfa vegabréfa verður í höndum ríkislögreglustjóra og metur hann hvort umsækjandi fullnægir skilyrðum til að fá útgefið vegabréf. Til hagræðingar er hins vegar gert ráð fyrir að unnt verði að sækja um vegabréf hjá öllum lögreglustjórum. Þeir senda síðan umsóknir til ríkislögreglustjóra, sem gefur út vegabréfið. Ástæða þess að lagt er til að ríkislögreglustjóri gefi út öll vegabréf er sú að tæknibúnaður til útgáfu vélrænt lesanlegra vegabréfa er mjög dýr. Af þeim sökum er ekki unnt að setja upp slíkan búnað hjá hverju embætti lögreglustjóra. Gert er ráð fyrir því að ríkislögreglustjóri komi upp neyðarþjónustu þannig að þessi breyting leiði ekki til vandræða fyrir ferðamenn sem skyndilega þurfa á vegabréfi að halda. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að önnur

stjórnvöld geti gefið út bráðabirgðavegabréf. Slík stjórnvöld geta til dæmis verið lögreglustjórar og sendimenn Íslands erlendis.

2. Í frumvarpinu er lagt til að hvert vegabréf verði einungis gefið út handa einum einstaklingi. Með þessu er felld úr gildi sú regla að í vegabréfi náins aðstandanda sé unnt að skrá barn yngra en 15 ára. Hvert barn þarf því eftir gildistöku laga þessara að hafa sérstakt vegabréf með mynd. Regla þessi er í samræmi við alþjóðleg viðhorf, meðal annars innan ICAO.
3. Þá er lagt er til að lögfestar verði reglur um afturköllun vegabréfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú grundvallarregla að almenn íslensk vegabréf verði gefin út til íslenskra ríkisborgara.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að utanríkisráðuneytið gefi út diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf svo sem verið hefur. Er lagt til að í reglugerð utanríkisráðherra verði nánari ákvæði um þessi vegabréf.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að ríkislögreglustjóri einn gefi út almenn vegabréf, en gert er ráð fyrir því að sótt verði um útgáfu vegabréfa hjá öllum lögreglustjórum eða sendiráðum. Með tölvuvæðingu lögreglu verður unnt að gera það í hvaða umdæmi sem er, án tillits til lögheimilis umsækjanda. Rafræn samskipti við myndasöfn og aðra gagnabanka gætu einnig komið til álita. Lögreglustjóri eða starfsmaður sendiráðs gengur úr skugga um að umsækjandi sé sá sem hann lætur uppi og kannar jafnframt ríkisfang hans. Að því búnu er umsókn send ríkislögreglustjóra til afgreiðslu. Samhliða því að taka við umsókn og leggja á hana mat verður lögreglustjóra falið að innheimta lögboðin gjöld.

Í 2. mgr. er að finna heimild til að ákveða að önnur stjórnvöld geti gefið út vegabréf til bráðabirgða. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að í neyðartilvikum geti til dæmis lögreglustjórar eða sendimenn Íslands erlendis gefið út bráðabirgðavegabréf þar til almennt vegabréf verður gefið út.

Rétt þykir að taka beinlínis fram í lögum að vegabréf skuli talið eign íslenska ríkisins svo sem lagt er til í 3. mgr. Með því er lögð sérstök áhersla á mikilvægi vegabréfa og áréttað að þau verði ekki notuð nema í þeim tilgangi sem lög gera ráð fyrir.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að umsækjanda beri að sanna á sér deili þegar hann leggur fram umsókn um vegabréf og að ríkisfang hans verði kannað áður en það er gefið út. Lögð er áhersla á vandvirkni við þessa athugun.

Í 2. mgr. segir að með umsókn skuli umsækjandi leggja fram ljósmyndir og önnur nauðsynleg gögn, sem nánar verða tilgreind í reglugerð, sbr. a-lið 11. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um útgáfu vegabréfs til barns undir 18 ára aldri. Við útgáfu vegabréfs til barns skal liggja fyrir samþykki þess eða þeirra sem fara með forsjá þess. Það tekur einnig til þess að báðir foreldrar fara sameiginlega með forsjá í kjölfar skilnaðar eða slita óvígðrar sambúðar. Sá áskilnaður er nauðsynlegur í ljósi þess að öðru foreldri er óheimilt við þær aðstæður að fara með barnið úr landi án samþykkis hins, sbr. 2. mgr. 39. gr. barnalaga, nr. 20/

1992. Þá er gert ráð fyrir að samþykki annars foreldris sé nægjanlegt ef aðstæður eru þær að samþykkis hins verður ekki aflað.

Í 2. mgr. segir að samþykki lögráðamanns þurfi til að gefið verði út vegabréf til þess sem sviptur hefur verið sjálfræði.

Í 3. mgr. er lagt til að lögfest verði heimild til að víkja frá fyrrgreindum skilyrðum ef sérstaklega stendur á. Mat í þeim efnum hvílir á ríkislögreglustjóra. Það yrði reist á hagsmunum barns hverju sinni. Þetta er nauðsynlegt til að unnt verði að tryggja börnum vegabréf þegar aðstæður valda því að ekki verður aflað samþykkis foreldra eða þeirra sem fara með forsjána. Sama gildir ef um er að ræða einstakling sem sviptur hefur verið sjálfræði. Að öðrum kosti er hætt við verulegum vandkvæðum í framkvæmd þar sem oft þarf að afgreiða vegabréf við erfiðar aðstæður með skömmum fyrirvara. Þetta er einnig reynsla annarra þjóða og má finna hliðstæð ákvæði í löggjöf allra annarra ríkja á Norðurlöndum.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um einstök atriði sem geta staðið í vegi þess að umsækjandi fái útgefið vegabréf. Þetta byggist á því að hindra ber að einstaklingur, sem gerst hefur sekur um afbrot eða eftir atvikum hlotið dóm án þess að hafa lokið afplánun, geti farið úr landi í þeim tilgangi að komast undan refsiábyrgð eða fullnustu refsingar. Ákvæðið er í samræmi við 2. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að synjað verði um útgáfu vegabréfs þegar brottför manns mundi brjóta í bága við lagaákvæði sem tryggja eiga nærveru manns í landinu þar til hann hefur fullnægt skuldbindingum sem á honum hvíla gegn almannavaldinu eða einstaklingum. Með lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, var felld úr gildi heimild til að kyrrsetja einstakling vegna skuldbindinga hans. Var það ekki talið samrýmast almennum viðhorfum um hverjar ráðstafanir verði taldar eðlilegar til innheimtu eða tryggingar kröfu. Með hliðsjón af þessu þykir ekki ástæða til að hafa þetta ákvæði áfram í lögum um vegabréf. Þá verður einnig að gæta þess að almennt er mönnum frjálst að fara úr landi, sbr. 3. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar og 2. gr. samningsviðauka nr. 4 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi, sbr. lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að synja skuli um útgáfu vegabréfs þegar umsækjandi er eftirlýstur af lögreglu, gefin hefur verið út handtökuskipun á hendur honum eða á hann lagt farbann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála. Hafi verið gefin út handtökuskipun á hendur umsækjanda eða hann er eftirlýstur krefjast almannahagsmunir að viðkomandi fari ekki úr landi án þess að úr máli hans verði leyst. Í farbanni felst að sakborningur skal halda sig á tilteknu svæði eða honum er bönnuð brottför af landi. Samkvæmt ákvæðinu fær sakborningur ekki útgefið vegabréf meðan slíkt ástand varir og tryggir það enn frekar nærveru hans.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild til að synja um útgáfu vegabréfs þegar ætla má að umsækjandi reyni að fara af landi brott eða dveljast erlendis til að komast undan refsiábyrgð eða fullnustu refsingar. Þessi heimild er reist á sjónarmiðum um refsivörslu. Ríkislögreglustjóri metur hvort synjað verði um útgáfu vegabréfs en við það mat verður að gæta almennra reglna um ferðafrelsi.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að vegabréf skuli gefa út handa einum einstaklingi, sem hefur í för með sér að óheimilt verður að skrá barn í vegabréf náins aðstandanda. Í þessu felst að gefa verður út sjálfstætt vegabréf til barns án tillits til aldurs þess. Þetta er lagt til í öryggisskyni til að

fyrirbyggja að börn verði numin á brott eða fari úr landi ásamt foreldri sem ekki hefur forsjá barns en hefur nafn þess í vegabréfi sínu. Hafa gildandi reglur í för með sér aukna hættu á því að börn séu færð úr landi gegn vilja þess foreldris sem fer með forsjá. Þá þekkjast einnig þau tilvik að vegabréf með nafni barns hafi verið notað til að flytja annað barn milli landa.

Í 2. mgr. er kveðið á um gildistíma vegabréfa. Er gildistími vegabréfs ákveðinn tíu ár frá útgáfudegi en þrjú ár þegar um er að ræða barn yngra en 16 ára.

Samkvæmt 3. mgr. skal nýtt vegabréf gefið út til sama tíma og fyrra vegabréf sem hefur glatast.

Um 7. gr.

Hér eru lögð til nýmæli um heimild til að afturkalla vegabréf. Leitast er við að skilgreina eins nákvæmlega og unnt er hvenær heimilt skuli að afturkalla vegabréf.

Samkvæmt a-lið er heimilt að afturkalla vegabréf þegar ekki eru lengur fyrir hendi skilyrði til útgáfu vegabréfs. Sambærileg heimild þekkist víða í lögum varðandi leyfi af ýmsu tagi. Þykir rétt að sama gildi um vegabréf. Við þessar aðstæður er full ástæða til að afturkalla vegabréf til að koma í veg fyrir að það verði misnotað.

Í b-lið er lögð til heimild til að afturkalla vegabréf ef ákvæði 5. gr. eiga við um handhafa þess. Sú heimild er eðlileg með tilliti til þeirra refsivörslusjónarmiða sem búa að baki þeirri grein frumvarpsins. Eðli máls samkvæmt væri slík afturköllun jafnan tímabundin.

Hafi útliti vegabréfs eða efni verið breytt er gert ráð fyrir heimild til afturköllunar þess í c-lið. Mikilvægt er að vegabréfi verði ekki breytt og í 10. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um refsinæmi þess verknaðar.

Í d-lið er mælt fyrir um afturköllun vegabréfs við þær aðstæður að notkun þess telst ekki forsvaranleg. Tekur það bæði til þess að vegabréfið sé ónothæft eða upplýsingar í því svari ekki lengur til handhafa. Kæmi til álita að beita þessari heimild ef nafni handhafa hefur verið breytt eða útlit hans er ekki lengur í samræmi við mynd eða lýsingu í vegabréfi.

Í e-lið er mælt fyrir um að afturkalla megi vegabréf þegar það finnst í vörslu óviðkomandi.

Loks er í f-lið að finna heimild til að afturkalla vegabréf þegar aðstæður eða atvik að öðru leyti gera það að verkum að óhjákvæmilegt er að afturkalla útgefið vegabréf. Má sem dæmi nefna að vegabréf hafi verið gefið út fyrir mistök eða í því reynist villa.

Ef vegabréf hefur verið afturkallað er handhafa þess skylt að afhenda það, sbr. 2. mgr.

Um 8. gr.

Lagt er til að ríkislögreglustjóri haldi skrá um útgefin vegabréf. Þykir nauðsynlegt að sú skrá taki til allra vegabréfa og að þar verði einnig skráð vegabréf til bráðabirgða og þau vegabréf sem utanríkisráðuneytið gefur út. Enn fremur skal þar skrá upplýsingar um glötuð vegabréf.

Samræmdar reglur um skráningu vegabréfa eru ekki í gildi. Hins vegar eru útgefin vegabréf skráð í hverju umdæmi. Með breyttri tilhögun á útgáfu vegabréfa er stefnt að því að koma á fót tölvufærðri skrá á landsvísu. Þetta leiðir til öruggari framkvæmdar og auðveldar öflun upplýsinga, sem er mikilvægt með hliðsjón af samstarfi við alþjóðlegar stofnanir eða önnur ríki. Miðlæg skrá gerir einnig umsækjanda kleift að leggja inn umsókn um vegabréf hjá lögreglustjóra hvar sem er á landinu.

Um 9. gr.

Hér er að finna ákvæði um varðveislu vegabréfs og skyldu til að tilkynna lögreglu eða sendimönnum Íslands erlendis þegar í stað ef vegabréf glatast. Þannig verður unnt að skrá upplýsingar þar að lútandi í landsskrá um vegabréf og koma í veg fyrir misnotkun. Þá þykir rétt að lögákveða að gera skuli sérstaka grein fyrir afdrifum glataðra vegabréfa.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að nánar tilgreind atriði varðandi öflun og meðferð vegabréfs verði refsiverð. Um er að ræða ákvæði hliðstæð 3. gr. gildandi laga.

Í a-lið er mælt fyrir um heimild til að refsa þeim sem með sviksamlegum hætti verður sér úti um vegabréf eða verður þess valdandi að vegabréf hljóðar ekki á rétt nafn hans og kennitölu. Þetta tekur til þess að umsækjandi villir á sér heimildir til að fá útgefið vegabréf.

Samkvæmt b-lið verður refsivert að gefa rangar upplýsingar um forsjá barns í þeim tilgangi að gefið verði út vegabréf til þess án samþykkis forsjárforeldris. Þykir rétt að mæla fyrir um refsinæmi þeirrar háttsemi til að draga úr hættu á því að annað foreldri reyni að fá útgefið vegabréf fyrir barn án vitneskju hins.

Í c-lið er mælt fyrir um heimild til að refsa þeim sem án sérstakrar heimildar aflar sér fleiri vegabréfa sem hljóða á nafn hans. Við ákveðnar aðstæður getur slík ráðstöfun verið réttmæt og er sérstaklega gert ráð fyrir reglum þar að lútandi í b-lið 11. gr. frumvarpsins, svo sem nánar er vikið að í athugasemdum við það ákvæði.

Samkvæmt d-lið er lögð refsing við því að breyta eða nema á brott hluta af vegabréfi eða öðru ferðaskilríki eða áritanir á því.

Loks er í e-lið lögð refsing við því að selja vegabréf eða gera sér það á annan hátt að féþúfu.

Um 11. gr.

Hér er mælt fyrir um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um ýmis framkvæmdaratriði.

Lagt er til í a-lið að settar verði reglur um gerð, form og efni vegabréfa. Í þessu felst að í reglugerð verði mælt nákvæmlega fyrir um hvaða upplýsingar skuli koma fram í vegabréfi og með hvaða hætti. Einnig er gert ráð fyrir því að í reglugerð verði ákvæði um þau gögn sem umsækjandi skal láta fylgja umsókn sinni um vegabréf.

Samkvæmt b-lið skal í reglugerð tilgreina við hvaða aðstæður einstaklingur má hafa fleiri en eitt gilt vegabréf. Slíkt er lagt til að fenginni reynslu. Þeim sem ferðast mikið til ríkja þar sem krafist er vegabréfsáritunar getur verið nauðsynlegt að hafa fleiri en eitt gilt vegabréf til ráðstöfunar. Hlutaðeigandi þarf þá oft að láta vegabréf sitt af hendi þegar aflað er áritunar en í millitíðinni kann hann að þurfa að ferðast og hafa vegabréf undir höndum. Þá getur áritun í vegabréf staðið í vegi fyrir ferð til tiltekinna ríkja. Lagt er til að komið verði til móts við þessar þarfir.

Í c-lið er gert ráð fyrir að settar verði reglur um heimild annarra stjórnvalda en ríkislögreglustjóra til að gefa út vegabréf til bráðabirgða, en það getur verið nauðsynlegt í sérstökum tilvikum, til dæmis þegar vegabréf glatast erlendis eða maður þarf að fara af landi brott með mjög skömmum fyrirvara.

Samkvæmt d-lið skulu vera í reglugerð ákvæði um hvenær megi takmarka vegabréf við tiltekið svæði (lönd) eða stytta gildistíma þess þegar ákvæði 5. gr. eiga við eða ætla má að umsækjandi hafi misfarið með vegabréf. Gæti komið til álita að beita þeirri heimild ef umsækjandi hefur ítrekað glatað vegabréfi án þess að gera trúverðuga grein fyrir afdrifum þess.

Í e-lið er mælt fyrir um að í reglugerð verði ákvæði um hópvegabréf. Tilvist hópvegabréfa byggist á Evrópusamningi frá 1961 um ferðir ungmenna samkvæmt hópvegabréfi. Með útgáfu hópvegabréfs er með ákveðnum hætti vikið frá þeirri meginreglu að vegabréf skuli vera bundið við einn einstakling. Samkvæmt þessari heimild er unnt að gefa út vegabréf til hóps ferðamanna undir 21 árs aldri, en það er meðal annars bundið skilyrðum um hámarks- og lágmarksfjölda og fararstjórn með tilteknum hætti. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði meðal annars kveðið á um gildistíma og gildissvið hópvegabréfa.

Í f-lið er lagt til að í reglugerð verði ákvæði um heimild til að gefa út sérstök vegabréf til útlendinga, sem ekki eiga kost á að fá útgefið vegabréf í heimalandi sínu, og ferðaskilríki fyrir flóttamenn, sem mælt er fyrir um í flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1951.

Loks er lagt til í d-lið að í reglugerð verði ákvæði um vegabréfaskrá, færslu hennar og aðgang að upplýsingum úr skránni.

Um 12. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. apríl 1999 þannig að svigrúm gefist til að undirbúa gildistöku þeirra.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vegabréf.

Frumvarp þetta er endurskoðun á gildandi lögum nr. 18/1955, um íslensk vegabréf. Það felur í sér ítarlegri ákvæði um ýmsa þætti er lúta að útgáfu og afturköllun vegabréfa. Nýmæli í frumvarpinu er að ríkislögreglustjóra er ætlað að gefa út öll vegabréf í stað lögreglustjóra á hverjum stað, og skal ríkislögreglustjóri einnig halda skrá yfir öll útgefin vegabréf.

Að mati fjármálaráðuneytis leiða ákvæði frumvarpsins ein og sér ekki til hækkunar útgjalda nema vegna þeirrar skrár sem ríkislögreglustjóra er ætlað að halda. Í greinargerð frumvarpsins kemur hins vegar fram að fyrirhugað er að gefa út tölvulesanleg vegabréf hér á landi og hefur það útgjaldaauka í för með sér. Í samráði við dómsmálaráðuneyti er það mat fjármálaráðuneytis að eftirfarandi þættir hafi fjárhagsleg áhrif.

1. Kostnaður vegna undirbúnings, stofnbúnaðar o.fl. er áætlaður 49–50 m.kr. og skiptist í nokkra þætti:
2. Farið hefur fram útboð og liggja fyrir tilboð frá erlendum aðilum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða tilboði verði tekið en gert er ráð fyrir að kostnaður verði um 42 m.kr. Innifalið í þeirri fjárhæð er m.a. hönnun á nýju vegabréfi, prentun á rúmlega 100 þúsund vegabréfum, vélbúnaður til að gefa út vegabréf, þjálfun starfsmanna, ráðgjöf og ábyrgð. Gert er ráð fyrir að kerfið endist í um tíu ár.
3. Gert er ráð fyrir, sbr. b-lið 2. tölul., að starfsemi vegna útgáfu vegabréfa verði í sér húsnæði og að ráða þurfi starfsmenn. Einskiptiskostnaður vegna húsgagna og annars búnaðar en vélbúnaðar er metinn á 0,5 m.kr. Að auki má gera ráð fyrir um 1 m.kr. til aðstöðu fyrir flýtiafgreiðslu vegabréfa.
4. Hanna þarf vegabréfaskrá og er gert ráð fyrir að skrá um ökuskírteini sem þegar er til verði notuð sem fyrirmynd. Hönnun og aðlögun vegabréfaskrár er talin kosta 3,5–4

m.kr. og útgjöld til nauðsynlegra endurbóta og endurnýjunar á tölvubúnaði vegna skrárinnar eru áætluð 1 m.kr.

5. Nauðsynlegt er talið að kynna breytt fyrirkomulag, m.a. vegna þess að afgreiðslufrestur hjá smærri embættum mun væntanlega lengjast frá því sem nú er. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig verði staðið að slíkri kynningu, en sé miðað við útgáfu lítils bæklings er talið að kostnaður við gerð hans og dreifingu geti orðið 1–1,5 m.kr.
6. Árlegur rekstrarkostnaður er talinn nema um 20,6–25,8 m.kr. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir að rekstur útgáfu vegabréfa verði hluti af annarri starfsemi en ekki sérstök eining. Þar með samnýtast ýmsir þættir í húsnæði og kostnaði. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvar útgáfan verður staðsett.
7. Útgáfa vegabréfa má ekki stöðvast þrátt fyrir sumarleyfi eða veikindi starfsmanna. Því er talið nauðsynlegt að gera ráð fyrir þremur og hálfu starfi við útgáfuna. Starfsmenn verða ekki sérmenntaðir en þeir fá sérhæfða þjálfun og er sá kostnaður innifalinn í kostnaði við útboð. Í upphafi starfsins má gera ráð fyrir meira álagi en þegar jafnvægi hefur komist á geta starfsmennirnir að einhverju leyti sinnt öðrum störfum við stofnunina þar sem útgáfan verður. Að meðtöldum kostnaði vegna sumarleyfa eru launagjöld talin nema 7 m.kr. á ári.
8. Sé tekið mið af fjölda starfsmanna og þeim vélbúnaði sem starfseminni fylgir þarf stærð húsnæðis að vera 60–70 m^2. Árleg leiga gæti verið á bilinu 0,6–0,8 m.kr. Annar kostnaður, vegna símalína, ræstinga o.fl., er áætlaður 1 m.kr. og vegur þar símakostnaður þyngst en útgáfa vegabréfa verður í tölvutengingu við lögregluembættin.
9. Ekki hefur verið ákveðið hvaða fyrirkomulag skuli hafa á umsóknum um vegabréf. Sé miðað við að einstaklingar sæki um vegabréfin hjá lögreglustjóranum í Reykjavík og við sýslumannsembætti úti á landi, eins og nú er, verður viðbótarkostnaður vegna þessa ekki teljandi. Hins vegar má gera ráð fyrir verulegum kostnaði við að senda vegabréfin til viðtakenda. Að jafnaði má reikna með að gefin verði út um 40 þúsund vegabréf á ári. Ábyrgðarsending kostar tæplega 250 krónur og póstburðarkostnaður á ári verður því um 10 m.kr. Sé einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu gert að sækja vegabréfin lækkar sá kostnaður um 5–6 m.kr.
10. Á hverju ári þarf að prenta vegabréfabækur til nota við gerð vegabréfa. Í fjárlögum þessa árs og í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár eru um 7 m.kr. ætlaðar til slíkra bóka. Ekki er gert ráð fyrir að þessi kostnaður aukist vegna nýju vegabréfanna. Í útboðinu eru innifaldar fyrstu 100 þúsund bækurnar en talið er að þær nægi í um tvö ár.

	Lágmark m.kr.	Hámark m.kr.
Undirbúningskostnaður		
Tilboð frá erlendum aðilum (1.a.)	42,0	42,0
Húsgögn og annar búnaður (1.b.)	1,5	1,5
Vegabréfaskrá (1.c.)	4,5	5,0
Kynning (1.d.)	1,0	1,5
Samtals	***49,0***	***50,0***
Inneign frá fyrri árum	-10,0	-10,0
Mismunur	**39,0**	**40,0**
Árlegur rekstrarkostnaður		
Launakostnaður (2.a.)	7,0	7,0
Rekstur húsnæðis og annar rekstur (2.b.)	1,6	1,8
Sending vegabréfa til viðtakenda (2.c.)	5,0	10,0
Prentun vegabréfabóka (2.d.)	7,0	7,0
Samtals	***20,6***	***25,8***
Þegar áætlað í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999	-7,0	-7,0
Til frádráttar fyrstu tvö starfsárin (2.2.)	-7,0	-7,0
Samtals	**6,6**	**11,8**

Að öllu töldu telur fjármálaráðuneytið að verði frumvarpið óbreytt að lögum hækki árlegur rekstrarkostnaður við útgáfu vegabréfa um 13,6–18,8 m.kr. Innifalið í stofnkostnaði eru um 100 þúsund vegabréf sem væntanlega munu nægja í um tvö ár. Þær 7 m.kr. sem þegar er áætlað fyrir í fjárlögum koma því á móti framangreindri hækkun fyrstu tvö árin, en eftir það þarf framlagið að hækka um 7 m.kr.

Einskiptisframlag til að koma starfseminni af stað er metið á 49–50 m.kr. Á móti þeirri fjárhæð kemur um 10 m.kr. afgangur af 13,3 m.kr. framlagi í fjárlögum 1997 sem ætlað var til undirbúnings og útboðs vegna tölvulesanlegra vegabréfa.

Samkvæmt aukatekjulögum eru innheimtar 4.600 krónur vegna vegabréfa til einstaklinga á aldrinum 18–66 ára en 1.700 krónur til annarra. Tekjur af vegabréfum sem renna í ríkissjóð eru um 80 m.kr. á ári en gert er ráð fyrir að þær verði að mestu óbreyttar þótt kveðið sé á um heimild til hærra verðs fyrir flýtiafgreiðslu vegabréfa.

259. Frumvarp til laga [232. mál]

um breyting á lögum um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36 8. september 1931.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Þjónandi prestar og prófastar skulu fá greiddan rekstrarkostnað embætta sinna frá biskupsstofu samkvæmt reglum sem kirkjuþing setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samkomulagi milli ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 var samið um að kirkjan léti af hendi kirkjujarðir, að frátöldum prestssetrum, og að andvirði seldra kirkjujarða rynni í ríkissjóð. Á móti greiði ríkissjóður laun biskups Íslands, vígslubiskupa og 138 starfandi presta og prófasta kirkjunnar. Ef fækkar eða fjölgar í þjóðkirkjunni skal framlag ríkisins lækka eða hækka eftir tilteknum reglum. Ákvæði þessa efnis var lögfest með 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

Hér var um rammasamkomulag að ræða sem lét ýmsu ósvarað varðandi laun, rekstrarkostnað prestsembætta og ýmis önnur atriði sem tengjast samkomulaginu. Var því talið nauðsynlegt að kveða nánar á um launagjöld, embættiskostnað vegna prestsembætta, rekstrargjöld biskupsstofu o.fl., svo að unnt væri að ákveða fjárframlög á fjárlögum.

Kostnaðarliðir í embættiskostnaði presta og prófasta eru einkum aksturskostnaður, símagjöld, póstburðargjöld, skrifstofukostnaður og endurgjald fyrir afnot eigin húsnæðis. Prestafélag Íslands hafði á síðastliðnu ári óskað endurskoðunar á reglum um embættiskostnað presta og hafði nokkur lagfæring verið gerð. Hins vegar voru ýmis álitaefni óleyst og nauðsynlegt var að biskup Íslands kæmi að málinu, m.a. vegna fyrirkomulags á sendingu vottorða og skýrslna frá prestum og próföstum til biskups og annarra innri málefna þjóðkirkjunnar.

Þeirri hugmynd var varpað fram, einkum í ljósi þess hve mikið sjálfstæði þjóðkirkjan hefur fengið í eigin málum, að ef til vill væri réttast að yfirstjórn þjóðkirkjunnar tæki yfir umsýslu með greiðslu embættiskostnaðar presta og prófasta.

Í viðræðum biskups Íslands og ráðuneyta dóms- og kirkjumála og fjármála var talið æskilegt, í ljósi aukins sjálfstæðis og ábyrgðar er þjóðkirkjan fékk með lögum nr. 78/1997, að gerður yrði samningur við embætti biskups Íslands um yfirtöku á rekstrarkostnaði vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnaði biskupsstofu, framlagi til kristnisjóðs og sérframlögum til þjóðkirkjunnar. Hafist var handa á biskupsstofu um gerð launalíkans, er mælir launaútgjöld, og hafa ráðuneytin staðfest það fyrir sitt leyti. Viðræður um önnur atriði hafa staðið yfir á þessu ári. Lauk viðræðunum síðan með samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, sem undirritaður var af biskupi Íslands, dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra 4. september 1998. Lagt er til að lögin taki gildi um leið og samningurinn, 1. janúar 1999.

Samningurinn fylgir frumvarpi þessu sem fylgiskjal, þannig að ekki er ástæða til að rekja efni hans nema varðandi breytingar sem lúta að greiðslu embættiskostnaðar presta og prófasta.

Skipting prestsembættanna 138 er nú sem hér greinir: 16 prófastar, 112 sóknarprestar og prestar (hétu áður aðstoðarprestar), fjórir héraðsprestar og sex sérþjónustuprestar.

Í 3. gr. samningsins er kveðið á um að ríkið greiði árlega fjárframlag til að standa straum af rekstrarkostnaði prestsembætta og prófasta og annars kostnaðar en launa og launatengdra gjalda sem tilgreind eru í úrskurðum kjaranefndar. Kirkjuþingi er ætlað að setja reglur um greiðslu rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófasta, er taki gildi 1. janúar 1999. Fyrir sama tíma skal vera búið að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um embættiskostnað presta og enn fremur að fella niður reglur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um greiðslu embættiskostnaðar presta og prófasta frá 15. júní 1989, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott gildandi 1. gr., en þar segir að sóknarprestar fái greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns og fer upphæðin eftir stærð prestakallsins, svo og að ráðherra ákveði, að fengnum tillögum biskups, fyrir fram til fimm ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

Í stað þessa er lagt til að biskupsstofa annist greiðslu embættiskostnaðarins og að kirkjuþing setji reglur um þessar greiðslur. Hér er því gert ráð fyrir að biskupsstofa fái árlega tiltekna fjárhæð, sem samningur kveður á um hver skuli vera. Þá mun kirkjuþing framvegis ákveða embættiskostnaðinn, en ekki kirkjumálaráðuneytið í samráði við biskup Íslands og Prestafélag Íslands, eins og hingað til hefur gilt.

Fylgiskjal I.

Íslenska ríkið og þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi **samning** um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar:

1. gr.

Samningur þessi er nánari útfærsla á samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, hér eftir nefnt kirkjujarðasamkomulagið, og nær jafnframt til rekstrarkostnaðar þjóðkirkjunnar sem fellur utan þess samkomulags, sbr. 3. gr. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Með samningi þessum eru þrjú fylgiskjöl nr. 1, 2 og 3. Um er að ræða skýringar við samning þennan (fskj. nr. 1), yfirlit yfir fjárhæðir samningsins (fskj. 2) og framangreint samkomulag frá 10. janúar 1997 (fskj. nr. 3).

2. gr.

Úr ríkissjóði skal greitt fjárframlag vegna launa og launatengdra gjalda biskups Íslands, vígslubiskupa og 138 presta og prófasta samkvæmt úrskurðum kjaranefndar, kjaradóms og gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Að auki skal árlega gera ráð fyrir fjárframlagi er svarar til launa og launatengdra gjalda í 70 mánuði vegna námsleyfa, veikinda og annarra launaútgjalda umfram greiðslur samkvæmt 1. mgr., þar með talið fæðingarorlof. Þau mánaðarlaun skal miða við meðalheildarlaun sóknarprests samkvæmt líkani sem tilgreint er í 4. mgr. þessarar greinar.

Fjölgi eða fækki prestum samkvæmt 2. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag, sbr. 1. mgr., breytast sem því nemur. Fyrir hvert prestsembætti, sem þannig fjölgar eða fækkar um, skal fjölga eða fækka mánuðum vegna námsleyfa o.fl., sbr. 2. mgr., um hálfan mánuð.

Fjárframlag samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. skal áætlað í reiknilíkani sem biskupsstofa hefur umsjón með í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Líkanið skal sundurliða launin niður á embætti og launategundir. Við undirbúning frumvarps til fjárlaga hvers árs skal biskupsstofa endurskoða líkanið til samræmis við síðustu úrskurði kjaranefndar og kjaradóms. Niðurstaða líkansins skal lögð til grundvallar fjárframlagi í frumvarp til fjárlaga hvers árs enda staðfesti dóms- og kirkjumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti líkanið.

Ef nýir úrskurðir kjaranefndar og kjaradóms leiða til breytinga á kostnaði samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. sem ekki eru í samræmi við forsendur fjárlaga skal leiðrétta framlögin til samræmis.

3. gr.

Úr ríkissjóði skal árlega greitt fjárframlag að fjárhæð 89,5 m.kr. til rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófasta og annars kostnaðar en launa sem tilgreindur er í úrskurðum kjaranefndar. Kirkjuþing setur reglur um greiðslu rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófasta og skulu þær taka gildi 1. janúar 1999.

Fjölgi eða fækki prestum, samkvæmt 2. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins, breytist fjárframlag um 0,6 m.kr.

Samningsfjárhæðir, samkvæmt grein þessari, skulu verðbættar í fjárlögum ár hvert í samræmi við forsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa.

4. gr.

Úr ríkissjóði skal árlega greitt framlag að fjárhæð 52,7 m.kr. til greiðslu launa starfsmanna biskupsstofu. Biskupsembættið ákveður fjölda starfsmanna hverju sinni og ráðningarkjör þeirra.

Fjölgi eða fækki störfum á biskupsstofu samkvæmt 3. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag samkvæmt 1. mgr. breytast um 2,9 m. kr. fyrir hvert starf.

Samningsfjárhæðir samkvæmt grein þessari skulu hækka í samræmi við meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna samkvæmt mati Hagstofu Íslands. Verði breyting, á þeim sem ekki er í samræmi við forsendur fjárlaga skal framlagið leiðrétt.

5. gr.

Árlega skal greitt úr ríkissjóði framlag að fjárhæð 30 m.kr. til annars kostnaðar biskupsstofu, vígslubiskupa og biskups Íslands, en að framan greinir. Fjárhæðin tekur til alls rekstrarkostnaðar annars en launa og launatengdra gjalda samkvæmt 2. og 4. gr., m.a. endurnýjunar á tækjum og búnaði, húsnæðiskostnaðar, ferðakostnaðar, risnu og kostnaðar vegna biskupskosninga.

Fjölgi eða fækki störfum á biskupsstofu samkvæmt 3. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag vegna reksturs breytast um 1,4 m.kr. fyrir hvert starf.

Samningsfjárhæðir samkvæmt grein þessari skulu verðbættar í fjárlögum ár hvert í samræmi við forsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa.

6. gr.

Árlegt framlag í fjárlögum til kristnisjóðs skal svara til 15 fastra árslauna presta í fámennustu prestaköllum samkvæmt úrskurði kjaranefndar. Auk þess skal árlega greiða úr ríkissjóði til ársloka 2005 sem nemur einum árslaunum samkvæmt 1. mgr.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt fjárlögum ár hvert sérframlög til þjóðkirkjunnar, sem samið er um sérstaklega, lög kveða á um eða Alþingi ákveður. Með sérframlögum er átt við styrki sem ekki falla innan 2.-6. gr. samnings þessa.

8. gr.

Þjóðkirkjan ber fulla ábyrgð á fjármálum sínum og hagar rekstri eins og þykir best hverju sinni. Í því felst m.a. að þjóðkirkjan fjármagnar án aðstoðar úr ríkissjóði útgjöld sem reynast umfram greiðsluskyldu ríkissjóðs. Framlag úr ríkissjóði er óháð öðrum tekjum sem þjóðkirkjan kann að afla, hlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins vegna presta er þjóna erlendis, þjónustugjöldum sjóða til biskupsstofu o.fl.

Ef kirkjan fjölgar eða fækkar prestum umfram það sem tilgreint er í 1. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins hefur það ekki áhrif á greiðsluskyldu ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Eins getur kirkjan fjölgað eða fækkað öðru starfsliði, breytt launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði án þess að það hafi áhrif á framlag úr ríkissjóði.

9. gr.

Hækka skal framlag í fjáraukalögum 1998 til fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands alls um 70,3 m. kr. Af þeirri fjárhæð eru 27,3 m. kr. vegna uppsafnaðs halla fyrri ára. Hækka skal framlag til kristnisjóðs í fjáraukalögum 1998 um 5,2 m.kr.

Heildarframlag til fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands árið 1999 skal vera 655,2 m. kr. Á árinu 2000 lækkar framlag um 8,1 m.kr. Framlag til fjárlagaliðar kristnisjóðs árið 1999 skal vera 36,4 m.kr. Í fjárlögum ársins 2006 lækkar framlag um sem nemur einum árslaunum prests, sbr. 6. gr.

Framlag samkvæmt 1. mgr. er á verðlagi fjárlaga 1998. Aðrar fjárhæðir samnings þessa eru á verðlagi frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999.

10. gr.

Samningsaðilar skulu í upphafi hvers árs sammælast um greiðsluáætlun fyrir einstaka mánuði innan þess fjárhagsramma sem fjárlög ársins setja á fjárlagalið þjóðkirkju Íslands. Laun til biskups Íslands, vígslubiskupa, presta, prófasta og starfsmanna biskupsstofu skulu greidd úr ríkissjóði til viðkomandi einstaklinga án atbeina biskupsstofu. Mánaðarlegt framlag til annars kostnaðar samkvæmt 3. og 5. gr. skal vera mismunur á heildarframlagi viðkomandi mánaðar og þeirra launa sem greidd hafa verið í þeim mánuði. Framlagið skal greiðast til biskupsstofu.

11. gr.

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningi þessum ef grundvallarbreyting verður á úrskurðum kjaradóms og/eða kjaranefndar og vegna verulegra breytinga á öðrum forsendum samningsins.

Verði verulegar vanefndir á skyldum af hálfu annars hvors samningsaðila getur hinn sagt samningi þessum upp. Tekur uppsögnin gildi frá og með næstu áramótum eftir að hún er tilkynnt.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samnings þessa skal honum vísað til þriggja manna nefndar sem gera skal út um ágreininginn. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af biskupi Íslands, einn sameiginlega af dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra og oddamaður skal tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Kostnaður sem hlýst af starfi nefndarinnar skal að hálfu greiddur úr ríkissjóði og að hálfu af þjóðkirkjunni.

12. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun á haustþingi 1998 leggja fram frumvarp til laga á Alþingi er felur í sér brottfall 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1931, um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun 31. desember 1998 fella úr gildi reglur um greiðslu embættiskostnaðar presta og prófasta settar 15. júní 1989, með síðari breytingum.

13. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 1999. Hann er gerður með fyrirvara um samþykki kirkjuþings og samþykki Alþingis á fjárframlögum.

Reykjavík, 4. september 1998

Karl Sigurbjörnsson,
biskup Íslands.
Þorsteinn Pálsson,
dóms- og kirkjumálaráðherra.
Geir H. Haarde,
fjármálaráðherra.

Fskj. 1.

Skýringar við einstakar greinar samningsins:

Um 1. gr.

Samningur þessi tengist samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, fsk. 3 um eignaafhendingu á móti skuldbindingu með fyrirvara um fækkun eða fjölgun á skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar miðað við þjóðskrá 1. desember 1996, sem var 244.060.

Um 2. gr.

Til viðbótar við framlag til launa og annars kostnaðar til samræmis við kirkjujarðasamkomulagið skal greitt framlag sem nemur 70 mánaðarlaunum til námsleyfa, veikinda o.fl. en það samsvarar um hálfum mánuði fyrir hvert prestsembætti.

Með staðfestingu ráðuneyta á launalíkani er átt við að samþykktar verði breytingar á talnaforsendum og gerð embætta. Núverandi skipting á 138 embættum er 16 prófastar, 112 sóknarprestar, 4 héraðsprestar og 6 sérþjónustuprestar.

Um 3. gr.

Til rekstrarkostnaðar embætta telst allur embættiskostnaður þar með talinn aksturskostnaður, svo og allur kostnaður vegna sérþjónustupresta að frátöldum almennum prestslaunum, sbr. 2. gr.

Kveðið er á um annan kostnað en laun og launatengd gjöld presta í úrskurði kjaranefndar. Samkvæmt úrskurði hennar frá 13. febrúar 1998 gilda reglur kjaranefndar dagsettar 16. desember 1997, en í 4. lið III. kafla þess úrskurðar segir: Um greiðslur til búferlaflutninga og vegna starfa í þremur fastanefndum kirkjunnar skulu gilda óbreytt ákvæði síðasta kjarasamnings. Kostnaður þessi telst hluti af framlagi samkvæmt 3. gr. samnings þessa en er ekki áætlaður í reiknilíkani samkvæmt 2. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 3. gr. samningsins er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 138.

Um 4. gr.

Fjárhæðin nemur launum og launatengdum gjöldum 18 starfsmanna biskupsstofu samkvæmt 2. gr. kirkjujarðasamkomulagsins.

Að því er varðar 2. mgr. 4. gr. er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 18.

Um 5. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 5. gr. er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 21 (18 starfsmenn biskupsstofu, biskup Íslands og tveir vígslubiskupar).

Um 6. gr.

Viðmiðun um 15 föst árslaun presta tekur mið af b. lið 20. gr. laga nr. 35/1970, um kristnisjóð o.fl. sem felldur var niður með lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar en kirkjujarðasamkomulagið gerði ekki ráð fyrir að framangreindur b. liður félli niður. Ákvæðið var svohljóðandi: „[Tekjur kristnisjóðs skulu vera] Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum“. Tekið er mið af árslaunum prests í fámennustu prestaköllum, þ.e. mánaðarlaun með 5% álagi ásamt einingum, sbr. úrskurð kjaranefndar frá 13. febrúar 1998. Nema þau árslaun nú um 2,2 m.kr.

Samkvæmt 2. mgr. 62. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, skal næstu 8 ár frá samþykkt laganna greiða sem nemur einum árslaunum sóknarprests. Því er heildarviðmiðun 16 árslaun. Framlag þetta fellur niður í árslok 2005.

Um 7. gr.

Átt er við styrki samkvæmt ákvörðun Alþingis, samningsbundnar og lögboðnar greiðslur, ss. greiðslur til Skálholtsstaðar, Hallgrímskirkju, Hóladómkirkju, Kirkjumiðstöðvar Austurlands, Löngumýrar í Skagafirði og Skálholtsskóla. Auk þess innheimtir ríkissjóður eins og verið hefur sóknar- og kirkjugarðsgjöld fyrir þjóðkirkju Íslands og innir af hendi lögbundnar greiðslur í kirkjumálasjóð, jöfnunarsjóð sókna og kirkjugarðasjóð.

Ekki er gert ráð fyrir verðlagshækkun fjárframlaga samkvæmt þessari grein. Tekið er mið af almennum venjum við gerð og meðferð fjárlaga en við undirbúning frumvarps til fjárlaga hefur það ekki tíðkast að verðlagsbæta styrkjaliði heldur er tekin ákvörðun hverju sinni um styrkfjárhæð. Taki liður hækkun samkvæmt lögum eða samningi þar um, sbr. 7. gr., hækkar fjárframlag til samræmis við það.

Um 8. gr.

Niðurstaða þessa samnings er ákveðin fjárhæð fyrir hvert ár. Ef tekjur eða gjöld breytast á fjárlagalið þjóðkirkjunnar þarf að breyta samsvarandi þannig að greiðsla úr ríkissjóði standi óbreytt.

Um 9. gr.

Með orðunum „fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands“ er átt við viðfangsefnið *1.01 Þjóðkirkja Íslands* á fjárlagalið *06-701 Biskup Íslands*, eða sambærilegan lið, verði breyting á framsetningu fjárlaga frá frumvarpi til fjárlaga 1999.

Í fjárlögum 1998 var veitt tímabundið framlag til prestsembættis í Grafarvogsprestakalli. Dóms - og kirkjumálaráðherra skipaði prestinn til tveggja ára frá 1. september 1997 og er því gert ráð fyrir framlagi á árinu 1999 sem svarar til 8 mánaða launa. Framlagið fellur niður í fjárlögum ársins 2000.

Í fjárlögum árið 2000 fellur niður tímabundið framlag til embættis sérþjónustuprests er þjónar meðal Íslendinga búsettra á meginlandi Evrópu.

Um 10. gr.

Með orðunum „fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands“ er átt við viðfangsefnið *1.01 Þjóðkirkja Íslands* á fjárlagalið *06-701 Biskup Íslands*, eða sambærilegan lið, verði breyting á framsetningu fjárlaga frá frumvarpi til fjárlaga 1999.

Um 11. gr.

Hér er einungis átt við meiri háttar breytingar, s.s. meiri háttar breytingar á efnisatriðum úrskurða kjaranefndar, dagsett 3. febrúar 1998, og úrskurða kjaradóms, dagsett 17. desember 1997.

Um 12. gr.

Lagaákvæði er svohljóðandi: Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fskj. 2.

Grein	Kostnaðarliður	*Frumvarp til fjárlaga 1999* *Verðlag 1998*	*Frumvarp til fjárlaga 1999* [1] *Verðlag 1999*	*Frumvarp til fjárlaga 2000* *Verðlag 1999*
2. gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi	461,5	477,7	477,7
	Grafarvogsprestur	2,4	2,5	0,0
	Evrópuprestur	5,4	5,6	0,0
3. gr.	Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófasta	87,7	89,5	89,5
4.gr.	Launakostnaður biskupsstofu	50,9	52,7	52,7
5. gr.	Annar rekstrarkostnaður biskupsstofu	29,4	30,0	30,0
7. gr.	Styrkjaliðir	23,7	23,7	23,7
8. gr.	Sértekjur	-26,3	-26,3	-26,3
	Alls	*634,7*	*655,2*	*647,2*
6. gr.	Framlag til Kristnisjóðs	35,2	36,4	36,4
	Samtals, framlag úr ríkissjóði	**669,9**	**691,7**	**683,6**

	Frumvarp til fjáraukalaga 1998	
2. gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi [2]	33,0
3. gr.	Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófasta	6,0
5. gr.	Annar rekstrarkostnaður biskupsstofu	4,0
6. gr.	Framlag til Kristnisjóðs	5,2
	Hækkun frá fjárlögum 1998	***48,2***
	Halli frá fyrri árum	27,3
	SAMTALS	**75,5**

[1] Hækkun frá verðlagi 1998 til verðlags 1999 er í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga og er þá miðað við að kjaranefnd og kjaradómur muni úrskurða sömu hækkun launa í upphafi árs 1999 og almennt er kveðið á um í kjarasamningum.

[2] Alls hækkar framlag skv. 2. gr. um 33 m.kr. frá fjárlögum 1998. Af þeirri fjárhæð verður aflað 10,8 m.kr. viðbótarheimildar í frumvarpi til fjáraukalaga 1998 en 22,2 m.kr. verða fluttar af launa- og verðlagsmálalið fjármálaráðuneytis á árinu 1998.

Fskj. 3.

Frásögn af fundi nefnda ríkis og kirkju um kirkjujarðir í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 10. janúar 1997.

Mættir eru af hálfu ríkisins Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóníasson og Stefán Eiríksson. Af hálfu kirkjunnar eru mættir Þorbjörn Hlynur Árnason, Þórir Stephensen og Halldór Gunnarsson.

Þorsteinn Geirsson setti fundinn. Fyrir fundinum liggja eftirfarandi drög að samkomulagi:

.....

Íslenska ríkið og þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi
samkomulag
um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar:

1. gr.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð. Umsýsla og ráðstöfun umræddra eigna fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

2. gr.

Íslenska ríkið skuldbindur sig til þess, á þeim grundvelli sem að framan greinir, að greiða laun presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Þá skuldbindur ríkið sig til að setja reglur um umgengni á kirkjustöðum.

3. gr.

1. Ríkissjóður greiði laun:
   a. Biskups Íslands og vígslubiskupa.
   b. 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar.
   c. 18 starfsmanna biskupsembættisins.
2. Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 prests til viðbótar því sem greinir í b-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 lækkar talan í b-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.
3. Fjölgi prestum um 10, sbr. það sem greinir í 1. mgr., skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 starfsmanns biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í c-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um 10, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar talan í c-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.
4. Um ráðningar þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.
5. Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.
6. Greiðslur til kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu 8 ár, upphæð er svarar til fastra árslauna 1 sóknarprests.

4. gr.

Aðilar líta á samkomulag þetta um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907. Aðilar geta óskað eftir endurskoðun á 3. gr. samkomulagsins að liðnum 15 árum frá undirritun þess.

5. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Kirkjuþings, svo og samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

.....

Til skýringar vilja fundarmenn taka fram að með kirkjujörðum er í samkomulagi þessu átt við jarðeignir sem kirkjur hafa átt og eigi hafa verið seldar frá þeim með lögmætri heimild eða gengið undan þeim með öðrum sambærilegum hætti, og hafa verið í umsjón ríkisins frá árinu 1907, sbr. lög nr. 46/1907, um laun sóknarpresta, og lög nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða, og Álitsgerð kirkjueignanefndar 1984. Með orðalaginu „og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja" er m.a. átt við kirknaítök, réttindi á afréttum o.fl. sem fylgir og fylgja ber umræddum jörðum í hverju tilviki.

Undir þetta samkomulag falla ekki eftirtaldar jarðeignir:

a. Klausturjarðir: Fram kemur í álitsgerð kirkjueignanefndar frá 1984 að ekki verði séð að íslenska kirkjan eigi nú neina lagalega kröfu til klausturjarðanna. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið klausturjarðir.
b. Stólsjarðir: Umræddar jarðir voru seldar kringum aldamótin 1800. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið stólsjarðir.
c. Prestssetur: Eins og tekið er fram í samkomulaginu þá falla prestssetrin og það sem þeim fylgir ekki undir þetta samkomulag. Prestssetrasjóður hefur á höndum umsjón og umsýslu umræddra jarða, sbr. lög nr. 137/1993, um prestssetur. Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar fjalli síðar um eignarréttarstöðu prestssetranna.
d. Kristfjárjarðir og fátækrajarðir: Eignarréttarstöðu jarða sem falla undir þessa skilgreiningu er ekki á einn veg háttað. Þær eignir sem eru í eigu eða umsjá sveitarfélaga falla ekki undir þetta samkomulag. Aðrar kirkjujarðir sem eru með kristfjárkvöðum eða fátækrakvöðum falla undir samkomulagið, en með þeim formerkjum þó að sannanlegar kristfjár- eða fátækrakvaðir sem á þeim hvíla halda gildi sínu. Hreinar kristfjár- eða fátækrajarðir falla ekki undir þetta samkomulag.

Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar starfi áfram og fjalli sameiginlega um eignar- og réttarstöðu þjóðkirkjunnar í heild sinni.

Í samkomulaginu er fyrirvari um samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings, svo og Alþingis, á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Frumvarpið og samkomulag þetta verður lagt fyrir ríkisstjórn 14. janúar n.k. og fyrir kirkjuþing sem hefst 21. janúar n.k. Í frumvarpinu eru ákvæði sem tryggja efnisatriði þessa samkomulags. Kirkjumálaráðherra gerir ráð fyrir að leggja frumvarpið fram á Alþingi á yfirstandandi þingi, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings á þessu samkomulagi.

Fundarmenn eru sammála um framangreind drög, og rita nöfn sín því til staðfestingar undir fundargerð þessa.

Reykjavík, 10. jan. 1997.

Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóníasson, Stefán Eiríksson, Þorbjörn Hlynur Árnason, Halldór Gunnarsson og Þórir Stephensen.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um embættiskostnað presta og aukaverk þeirra, nr. 36 8. september 1931.

Í frumvarpinu er ákvæði um embættiskostnað presta breytt á þann veg að kirkjuþing setji reglur og ákveði rekstrarkostnað prestsembætta í stað kirkjumálaráðherra. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er breyting þessi afleiðing af samningi um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju. Í þeim samningi er kveðið á um að heildarframlag ríkisins vegna embættiskostnaðar prestsembætta skuli vera 89,5 m.kr. á ári. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir 1998 er lögð til 6 m.kr. hækkun vegna þessa og í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1999 er gert ráð fyrir framangreindu framlagi. Frumvarpið hefur því ekki frekari kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

260. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Ísleifsson frá Seðlabanka Íslands. Málið var ekki sent út til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Stofnskrárbreytingin var samþykkt af yfirstjórn sjóðsins á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Hong Kong í september 1997.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Ólafur Hannibalsson og Steingrímur J. Sigfússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. nóvember 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jörundur Guðmundsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Svavar Gestsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.

Pétur H. Blöndal.

261. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Ísleifsson frá Seðlabanka Íslands. Málið var ekki sent út til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að heimiluð verði hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 85,3 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 117,7 milljónir. Hækkunin hefur ekki áhrif á hag ríkissjóðs og með því að taka þátt í hækkuninni viðheldur Íslands atkvæðavægi sínu í stjórn sjóðsins. Hækkunin var samþykkt af sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 30. janúar 1998.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Ólafur Hannibalsson og Steingrímur J. Sigfússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. nóvember 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jörundur Guðmundsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Svavar Gestsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.

Pétur H. Blöndal.

262. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við smíði varðskips er eigi skylt að láta fara fram útboð og er heimilt að leita tilboða frá einum eða fleiri aðilum. Sama gildir um viðhald varðskips þegar sérstakir öryggishagsmunir krefjast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að í lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967, verði mælt fyrir um samningsgerð við smíði varðskipa og viðhald þeirra. Þykir nauðsynlegt að reglur þar að lútandi verði lögfestar áður en hafin verður fyrirhuguð smíði á nýju varðskipi.

Samkvæmt 1. gr. laganna um Landhelgisgæslu Íslands eru helstu hlutverk hennar að hafa með höndum almenna löggæslu á hafinu umhverfis landið, jafnt innan sem utan landhelgi. Einnig ber Landhelgisgæslunni að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af. Þá ber Landhelgisgæslunni að aðstoða við framkvæmd almannavarna eftir því sem ákveðið verður hverju sinni. Með hliðsjón af eðli þessara verkefna Landhelgisgæslunnar er nauðsynlegt vegna öryggishagsmuna ríkisins að fullur trúnaður ríki um gerð og eiginleika varðskipa. Af þessum sökum þykir ekki fært að viðhafa almennt útboð á alþjóðlegum markaði við smíði varðskipa eftir ákvæðum laga um opinber innkaup, nr. 52/1987, eins og þeim var breytt með lögum nr. 55/1993 í kjölfar aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þess í stað er lagt til að heimilt verði að leita tilboða frjálst hjá einum eða fleiri verktökum eða seljendum tækjabúnaðar í varðskip. Með þessu móti verður frekar unnt að búa svo um hnútana að öryggishagsmunir verði tryggðir.

Á grundvelli sömu öryggishagsmuna og eiga við um smíði varðskipa getur verið ástæða til að víkja frá almennum reglum um útboð varðandi viðhald varðskipa. Þessi rök eiga þó ekki við í öllum tilvikum og verður að meta hverja framkvæmd fyrir sig í þessu tilliti. Með hliðsjón af þessu er lagt til að sama regla gildi um viðhaldsverkefni þegar sérstakir öryggishagsmunir krefjast. Þegar það á ekki við bæri hins vegar að fara með viðhaldsframkvæmdir eftir almennum reglum.

Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur Ísland gengist undir þjóðréttarlegar skuldbindingar varðandi opinber innkaup. Þær skuldbindingar eru þó ekki fortakslausar og hindra ekki aðila samningsins í að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að girða fyrir uppljóstrun upplýsinga andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum, sbr. a-lið 123. gr. samningsins. Þá er Ísland bundið af tilskipun ráðsins nr. 93/36/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup, en þar segir í b-lið 1. mgr. 2. gr. að tilskipunin gildi ekki um vörukaupasamninga sem lýstir eru leynilegir eða ef beita verður sérstökum öryggisráðstöfunum við framkvæmd þeirra í samræmi við gildandi lög eða stjórnsýslufyrirmæli í viðkomandi aðildarríkjum eða ef grundvallarhagsmunir ríkisins krefjast þess. Frumvarpið er reist á þessum reglum og hefur því verið gætt skuldbindinga Íslands á alþjóðavettvangi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

Í frumvarpinu er lagt til að ekki verði skylt að láta fara fram útboð vegna smíði varðskips þrátt fyrir ákvæði laga nr. 52/1987, um opinber innkaup. Þess í stað er lagt til að heimilt verði að leita tilboða hjá einum eða fleiri aðilum. Sama gildir um viðhald varðskips þegar sérstakir öryggishagsmunir krefjast þess. Hugsanlegt er að þetta frumvarp geti haft í för með sér hærri framkvæmda- og viðhaldskostnað þar sem færri eiga kost á að bjóða í verkið en annars hefði verið.

263. Svar [63. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um rekstrarkostnað Vegagerðarinnar.

Yfirstjórn Vegagerðarinnar mynda fjórir menn, vegamálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri og framkvæmdastjórar tæknisviðs og stjórnsýslusviðs (sjá skipurit í fylgiskjali). Svarið miðast við að þessir fjórir séu þeir stjórnendur sem spurt er um. Er þá einnig haft í huga að stjórnendur neðar í skipuritinu taka ekki ákvarðanir um þá hluti sem spurt er um.

Til upplýsingar skal þess getið að starfsmenn Vegagerðarinnar voru 350 í árslok 1997 og útgjöld hennar á því ári 7.407 millj. kr.

1. *Hver voru laun, lífeyrisréttindi og önnur starfskjör stjórnenda Vegagerðarinnar, sundurliðað eftir stöðuheitum, fjölda stjórnenda, kynjum, föstum launum, öðrum greiðslum eins og stjórnargreiðslum og hvers konar þókunum og hlunnindum, þ.m.t. bílahlunnindum og risnu, á árunum 1993–97?*

Í töflu 1.1. er yfirlit yfir laun stjórnenda Vegagerðarinnar á árunum 1993–97. Þar koma fram meðalárslaun þeirra greidd af Vegagerðinni á verðlagi hvers árs. Einnig koma fram í töflunni greiðslur sem viðkomandi stjórnendur hafa fengið frá ráðuneytum, öðrum ríkisstofnunum og fyrirtækjum fyrir setu í nefndum og stjórnum. Hér er bæði um að ræða fasta setu samkvæmt lögum og tímabundnar tilnefningar að ósk ráðuneyta.

Laun vegamálastjóra eru úrskurðuð af kjaranefnd en laun hinna eru ákvörðuð af fjármálaráðuneytinu (svokölluð ráðherraröðun) og vegamálastjóra. Stjórnendur eru á fastlaunasamningi, þ.e. þeir fá greiddan ákveðinn fjölda yfirvinnustunda á mánuði auk dagvinnu. Ekki er greitt sérstaklega fyrir nefndastörf eða önnur störf innan stofnunarinnar.

Tafla 1.1. Meðalárslaun stjórnenda Vegagerðarinnar á árunum 1993-1997.[1]

	1993 þús. kr.	1994 þús. kr.	1995 þús. kr.	1996 þús. kr.	1997 þús. kr.
Heildarárslaun frá Vegagerðinni[2]	3.458	3.621	3.652	4.028	4.201
Greiðslur fyrir nefndastörf[3]	318	358	187	240	255
Samtals	**3.776**	**3.979**	**3.839**	**4.268**	**4.456**

[1] Stjórnendur eru fjórir að undanteknu árinu 1994, en þá var einn þeirra í launalausu leyfi.

[2] Tölurnar sýna meðaltal heildarlaunagreiðslna á árinu, þar með yfirvinnu.

[3] Greiðslur fyrir nefndastörf eru greiðslur frá öðrum en Vegagerðinni fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnum sem tengd er störfum þessara stjórnenda hjá Vegagerðinni. Samgönguráðuneytið hefur ekki yfirlit yfir allar þessar greiðslur en stjórnendur Vegagerðarinnar hafa veitt upplýsingar um þær.

Stjórnendur greiða allir í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (B-deild) og munu njóta réttinda samkvæmt því. Þeir njóta engra annarra sérstakra lífeyrisréttinda sem tengd eru starfi þeirra hjá Vegagerðinni.

Ekki er um svonefnd bifreiðahlunnindi að ræða en greitt er fyrir afnot af bifreiðum í samræmi við reglur og ákvarðanir fjármálaráðuneytis, bílanefndar og ferðakostnaðarnefndar. Greitt er samkvæmt svokölluðum blönduðum samningum, þ.e. greitt er fyrir fastan kílómetrafjölda vegna aksturs innan höfuðborgarsvæðisins en kílómetragjald samkvæmt akstursbók utan þess svæðis. Fram til 1. október 1995 var föst greiðsla fyrir 3.000–6.000 km á ári

en frá þeim tíma 2.000 km á ári, sem nemur 72.300 kr. miðað við núgildandi taxta ferðakostnaðarnefndar. Akstur stjórnenda samkvæmt akstursdagbók utan höfuðborgarsvæðisins er breytilegur frá ári til árs. Á árinu 1997 varð hann mestur tæpir 1.400 km hjá einum stjórnendanna.

Vegagerðin tekur þátt í símakostnaði (heimilissíma) stjórnenda og fleiri starfsmanna gegn því að birta megi heimilissíma þeirra undir nafni Vegagerðarinnar í símaskrá og þar með að ónáða megi þá í frítíma án aukakostnaðar fyrir Vegagerðina. Greiðslur þessar nema föstu afnotagjaldi heimilissíma auk 75% af kostnaði við umframsímtöl, þó að hámarki 2.000 skref. á ársfjórðungi. Greiðslurnar geta numið 6.400–33.000 kr. á ári miðað við gildandi gjaldskrár.

Enginn stjórnendanna fær risnugreiðslur frá Vegagerðinni. Stjórnendurnir eru allir karlkyns og eru með háskólamenntun.

2. *Hver hefur verið kostnaður af utanlandsferðum árlega 1993–97, að báðum árum meðtöldum, hve margar ferðir voru farnar hvert árið um sig og hvernig sundurliðast kostnaðurinn eftir flugfargjöldum, gistikostnaði og dagpeningagreiðslum? — Sérstaklega er óskað eftir sundurliðun á fjölda ferða stjórnenda, og maka þeirra sé um það að ræða, og tilgreindur árlegur sundurliðaður kostnaður við þær.*

Í töflu 2.1. er yfirlit yfir kostnað við utanlandsferðir starfsmanna Vegagerðarinnar á árunum 1993–97. Auk þess kemur þar fram ferðafjöldi, fjöldi þeirra sem hafa farið til útlanda á vegum stofnunarinnar á þessum árum, fjöldi ferðadaga og -nátta og sundurliðun á ferðakostnaði.

Ferðirnar eru flokkaðar í endurmenntunarferðir, ferðir þar sem Vegagerðin tekur þátt í kostnaði að hluta og almennar ferðir. Einnig koma fram í töflunni þær upphæðir sem ESB hefur endurgreitt Vegagerðinni á árunum 1995–97. Endurmenntunarferðir eru samkvæmt kjarasamningum. Reynt er að takmarka fjölda endurmenntunarferða við 2–3 á ári.

Tafla 2.1. Utanlandsferðir greiddar að öllu leyti eða að hluta af Vegagerðinni á árunum 1993–97.

	Ár	Ferðir	Starfsmenn	Dagpeningadagar	nætur	Heildarkostnaður þús. kr.	Fargjöld þús. kr.	Dagpeningar þús. kr.	Annað[2] þús. kr.
Endurmenntun	1993	4	4	300	[1]	3.534	241	3.195	98
Greitt að hluta[3]	1993	3	3	16	[1]	265		248	17
Almennar ferðir	1993	49	37	376	[1]	9.422	2.533	5.906	983
Endurgreitt af ESB[4]	1993					0			
Samtals	**1993**	**56**	**44**	**692**	[1]	**13.221**	**2.774**	**9.349**	**1.098**
Endurmenntun	1994	3	3	228	[1]	2.820	234	2.392	194
Greitt að hluta[3]	1994	4	4	22	[1]	439		353	86
Almennar ferðir	1994	55	41	376	[1]	10.578	3.175	5.939	1.464
Endurgreitt af ESB[4]	1994					0			
Samtals	**1994**	**62**	**48**	**626**		**13.837**	**3.409**	**8.684**	**1.744**

	Ár	Ferðir	Starfs-menn	Dagpeninga-dagar	nætur	Heildar-kostnaður þús. kr.	Far-gjöld þús. kr.	Dag-peningar þús. kr.	Annað[2] þús. kr.
Endurmenntun	1995	2	2	109	107	1.656	148	1.176	332
Greitt að hluta[3]	1995	6	6	26	14	319		319	
Almennar ferðir	1995	68	41	435	366	11.842	3.786	6.337	1.719
Endurgreitt af ESB[4]	1995					-946			
Samtals	**1995**	**76**	**49**	**570**	**487**	**12.871**	**3.934**	**7.832**	**2.051**
Endurmenntun	1996	2	2	180	178	2.054	165	1.889	
Greitt að hluta[3]	1996	11	9	42	32	640		599	41
Almennar ferðir	1996	62	37	375	309	11.013	3.954	5.542	1.517
Endurgreitt af ESB[4]	1996					-1.487			
Samtals	**1996**	**75**	**48**	**597**	**519**	**12.220**	**4.119**	**8.030**	**1.558**
Endurmenntun	1997	2	2	122	120	1.741	123	1.492	126
Greitt að hluta[3]	1997	3	3	16	2	159		152	7
Almennar ferðir	1997	82	40	477	388	14.223	5.458	7.512	1.253
Endurgreitt af ESB[4]	1997					-1.382			
Samtals	**1997**	**87**	**45**	**615**	**510**	**14.741**	**5.581**	**9.156**	**1.386**

[1] Fram til 1. nóvember 1994 var upphæð sú sem ferðakostnaðarnefnd ákvað fyrir dagpeninga til greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis á vegum ríkisins óskipt þannig að greitt var fyrir hvern byrjaðan sólarhring. Eftir það var dagpeningagreiðslum skipt í greiðslur fyrir gistingu og greiðslur fyrir annað.

[2] Annar kostnaður er að langmestu leyti ráðstefnugjöld og námskeiðsgjöld. Fargjöld með lestum og ferjum eru talin með í fargjaldadálkinum en eru sjaldgæf og vega ekki þungt í tölunum.

[3] Hér er um að ræða ferðir sem starfsmenn fara í tengslum við starf sitt hjá Vegagerðinni en eru greiddar að stórum hluta af öðrum, svo sem þjálfunar- og kennsluferðir styrktar af endurmenntunarsjóðum eða greiddar af framleiðendum véla eða tæknibúnaðar þar sem þjálfun er innifalin í kaupverðinu.

[4] Í nokkrum Evrópuverkefnum tekur ESB þátt í ferðakostnaði þátttakenda.

Í töflu 2.2. má sjá yfirlit yfir utanlandsferðir stjórnenda Vegagerðarinnar á árunum 1993–97. Sömu flokkun upplýsinga er að finna í töflunni og í töflu 2.1.

Tafla 2.2. Utanlandsferðir stjórnenda Vegagerðarinnar 1993–97.[1]

Ár	Ferðir	Dagpeninga-dagar	nætur	Heildarkostnaður þús. kr.	Fargjöld þús. kr.	Dagpeningar þús. kr.	Annað[2] þús. kr.	Endurgeiðslur ESB[3] þús. kr.
1993	14	92[2]		2.592	940	1.463	189	0
1994	11	50[2]		1.558	694	788	76	0
1995	19	92	72	1.941	1.292	1.292	303	-946
1996	17	86	69	1.731	1.323	1.250	258	-1.100
1997	16	75	55	2.119	1.363	1.117	64	-425

[1] Stjórnendur eru fjórir að undanteknu árinu 1994 en þá var einn í launalausu leyfi.

[2] Fram til 1. nóvember 1994 var upphæð sú sem ferðakostnaðarnefnd ákvað fyrir dagpeninga til greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis á vegum ríkisins óskipt þannig að greitt var fyrir hvern byrjaðan sólarhring. Eftir það var dagpeningagreiðslum skipt í greiðslur fyrir gistingu og greiðslur fyrir annað.

[3] Endurgreiðslur frá ESB berast eftir á og lenda ekki ávallt á bókhaldsárinu þegar ferðin er farin.

Í báðum töflunum kemur fram heildarkostnaður Vegagerðarinnar af utanlandsferðum á þessum árum. Vegagerðin greiðir fargjöld, dagpeninga samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðar-

nefndar og ráðstefnu- og námskeiðsgjöld starfsmanna sinna, stjórnenda jafnt sem annarra, sem eru í utanlandsferðum á vegum hennar. Vegagerðin greiðir hvorki fargjöld, dagpeninga né annan kostnað maka fylgi þeir starfsmanni í utanlandsferð.

Vegagerðin hefur um langt skeið tekið þátt í norrænu samstarfi. Þessi samvinna er mest á tæknisviðinu og einkum við vegagerðir annars staðar á Norðurlöndunum og í gegnum Norræna vegtæknisambandið (NVF) en einnig við ráð og nefndir sem heyra undir Norðurlandaráð. Ferðir vegna þessa norræna samstarfs voru 29 árið 1997 eða þriðjungur af ferðunum og hefur það hlutfall verið svipað eða ívið hærra undanfarin ár. Norræna samstarfið er yfirleitt byggt upp þannig að fundir eru haldnir til skiptis í löndunum. Árlega koma á bilinu 50–100 fulltrúar til Íslands á fundi vegna þessa samstarfs.

Á árinu 1994 hóf Vegagerðin þátttöku í vinnu og samstarfi tengdu EES og ESB. Er annars vegar um að ræða vinnu í tengslum við þær reglugerðir ESB sem Ísland þarf að taka upp vegna EES og tengjast ökutækjum, vegum og umferð. Hins vegar er þátttaka í rannsóknar- og þróunarverkefnum ESB tengdum vegagerð.

Vegagerðin á fulltrúa í stjórnarnefndum rannsóknanna og tekur að jafnaði beinan þátt í 8–10 rannsóknarverkefnum. Vegagerðin hefur unnið að því að fá hluta af þessum verkefnum til Íslands og hefur það borið nokkurn árangur. Er gert ráð fyrir að Vegagerðin fái alls 2–3 millj. kr. á ári frá ESB í sinn hlut til þessara verkefna. Það skal tekið fram að ESB endurgreiðir þess utan hluta ferðakostnaðar sem tengdur er þessari vinnu.

Farnar voru 24 ferðir vegna Evrópusamstarfs árið 1997, þar af endurgreiddi ESB hluta af kostnaði við 17 ferðir. Ferðum þessum hefur farið fjölgandi frá árinu 1994 en þá voru þær 6 talsins, 12 á árinu 1995 og 20 á árinu 1996 og skýrir þessi þróun að verulegu leyti fjölgun utanferða á tímabilinu.

Aðrar utanferðir miða að viðhaldi og öflun þekkingar með því að senda starfsmenn til þjálfunar og á námskeið, ráðstefnur og sýningar. Starfsmenn sem sendir eru koma úr hinum ýmsu starfsgreinum hjá Vegagerðinni. Mikil dreifing er á þátttöku í utanferðum eins og sést á fjölda þátttakenda í þeim.

3. Hvaða reglur gilda um bifreiðahlunnindi, risnu- og ferðakostnað stjórnenda?

Varðandi svonefnd bifreiðahlunnindi stjórnenda er vísað til svars við 1. tölul.

Um risnu hjá Vegagerðinni gilda reglur um risnu settar af fjármálaráðuneytinu 10. desember 1992. Sömu reglur um risnu gilda fyrir alla starfsmenn stofnunarinnar og hvorki stjórnendur né aðrir fá sjálfir risnugreiðslur, hvorki fastar né tilfallandi.

Um ferðakostnað hjá Vegagerðinni gilda reglur fjármálaráðuneytisins frá 3. febrúar 1992 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins. Eiga þær við bæði um ferðalög innan lands og erlendis og gilda fyrir stjórnendur Vegagerðarinnar jafnt sem aðra starfsmenn. Dagpeningagreiðslur á ferðalögum bæði innan lands og erlendis fara eftir auglýsingum ferðakostnaðarnefndar um dagpeninga hverju sinni og er ekki um frekari greiðslur að ræða á persónulegum kostnaði.

Á ferðalögum innan lands er leitast við að ná sem hagstæðustum fargjöldum og er fargjald greitt samkvæmt reikningi. Starfsmenn Vegagerðarinnar fá yfirleitt dagpeninga þegar þeir ferðast á vegum stofnunarinnar innan lands samkvæmt samkomulagi þar um en Vegagerðin telur það fyrirkomulag hagkvæmara en greiðslur samkvæmt reikningi.

Á ferðalögum erlendis er sömuleiðis leitast við að ná sem hagstæðustum fargjöldum og miðað við að samanlagður kostnaður af fargjöldum og dagpeningum verði sem lægstur.

Á ferðalögum erlendis á vegum Vegagerðarinnar fá starfsmenn dagpeninga samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins og ferðakostnaðarnefndar. Kostnaður, annar en fargjöld og

dagpeningar, sem Vegagerðin greiðir vegna utanlandsferða starfsmanna sinna er ráðstefnugjöld, námskeiðsgjöld, aðgangseyrir að sýningum o.þ.h.

4. *Hver var árlegur risnukostnaður 1993–97, að báðum árum meðtöldum:*
   a. föst risna greidd einstökum stjórnendum,
   b. risna greidd samkvæmt reikningi?
   Óskað er eftir sundurgreiningu á helstu þáttum risnunnar og kostnaði við hvern þeirra, auk helstu tilefna risnunnar.

Föst risna er ekki greidd stjórnendum eða öðrum hjá Vegagerðinni, sbr. svar við 3. tölulið.

Í töflu 4.1. má sjá yfirlit yfir bókfærðan risnukostnað hjá Vegagerðinni og sundurliðun á honum árin 1993–97. Þar má sjá að risnuútgjöld eru mest í tengslum við norrænt samstarf en þar á eftir koma vígslur mannvirkja og fundir innan Vegagerðarinnar. Fjöldi funda í norræna samstarfinu sem haldnir eru á Íslandi er mjög breytilegur milli ára. Árið 1995 voru óvenjumargir fundir haldnir hér auk þess sem hér var haldinn sérstakur hátíðarfundur Norræna vegtæknisambandsins (NVF) í tilefni af 60 ára afmæli þess. Risna sem veitt er þessum erlendu gestum er hádegis- og/eða kvöldverður og að jafnaði með vínveitingum. Einnig er oft boðið í stuttar skoðunarferðir og þá gjarnan boðið eitthvað þjóðlegt í leiðinni, einkum hákarl, harðfiskur og íslenskt brennivín.

Tafla 4.1 Risnukostnaður hjá Vegagerðinni á árunum 1993–97 (í þús. kr.).

	1993	1994	1995	1996	1997
Bókfærður risnukostnaður alls:	2.783	1.545	4.440	2.897	2.617
Sundurliðun:					
Norrænt samstarf	1.897	678	2.523	1.094	660
Annað erlent samstarf	495	48	484	44	751
Verklok og fundir innan Vg.	271	660	1.253	1.707	1.133
Önnur tilefni	120	159	180	52	73
	2.783	1.545	4.440	2.897	2.617

Stærstu áfangar í vega- og brúagerð eru teknir formlega í notkun. Risnukostnaður vegna þessa er breytilegur eftir árum. Mestur var hann árið 1996, en þá voru m.a. opnuð jarðgöng undir Breiðadals- og Botnsheiði og einnig var haldið hóf þegar aftur náðist að koma á vegasambandi um Skeiðarársand eftir hlaupið mikla fyrir alla þá sem þar lögðu hönd á plóg. Í hófum sem þessum er annaðhvort boðið kaffihlaðborð eða létt vín, bjór og pinnamatur.

Risnukostnaður vegna funda innan Vegagerðarinnar hefur aukist nokkuð. Hér er einkum um að ræða aukningu á kostnaði við svonefnda starfsgreinafundi en þá koma saman starfsmenn Vegagerðarinnar úr ákveðinni starfsgrein af öllu landinu og bera saman bækur sínar um kjör sín og starfið en hafa ber í huga að Vegagerðin er með 18 starfsstöðvar um allt land. Vegagerðin hefur fremur ýtt undir slík fundahöld, enda telur hún þau efla kynni og bæta starfsanda innan stofnunarinnar.

5. *Hefur verið farið í laxveiðiferðir á vegum Vegagerðarinnar? Ef svo er, hvernig skiptist árlegur kostnaður af þeim sl. 5 ár milli laxveiðileyfa og annarra útgjalda vegna ferðanna? Hve margar ferðir voru farnar á ári hverju, hvert var farið, hverjir voru þátttakendur í slíkum ferðum og hver voru tilefni þeirra?*

Ekki hefur verið farið í laxveiðiferðir á vegum Vegagerðarinnar.


6. *Hverjir taka ákvarðanir um ferðir stjórnenda til útlanda og laxveiðar sé um þær að ræða?*

Svonefnd utanferðanefnd starfar innan Vegagerðarinnar. Nefndin gerir tillögur um utanferðir og fjallar um óskir og ábendingar starfsmanna, stjórnenda jafnt sem annarra. Vegamálastjóri fer síðan yfir tillögur utanferðanefndar og tekur um þær endanlega ákvörðun. Fram til 1996 var reglan sú að samgönguráðuneytið skyldi samþykkja allar utanlandsferðir á vegum Vegagerðarinnar. Eftir breytingu á reglum, sbr. auglýsingu nr. 13/1996, þar sem ráðuneytum var heimilað að fela stofnunum að annast útgáfu ferðaheimilda, fól samgönguráðuneytið Vegagerðinni að annast útgáfuna.

Tilefni utanlandsferða stjórnenda Vegagerðarinnar verða oftast til innan Vegagerðarinnar, en einnig getur komið ósk frá samgönguráðuneytinu um að starfsmaður Vegagerðarinnar sinni verkefnum tengdum vegagerð á erlendri grund.

Flestar utanlandsferðir stjórnenda Vegagerðarinnar eru í tengslum við þátttöku þeirra í norrænu samstarfi, Evrópusamstarfi og fundum hjá OECD. Árið 1997 voru 13 af 16 ferðum þeirra vegna þessara verkefna.

Eins og kemur fram í svari við 5. lið er ekki farið í laxveiðiferðir á vegum Vegagerðarinnar.



Neðst í ramma er skammstöfun fyrir þann hluta skipuritsins.

Mars 1998 VAI

264. Svar [144. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um rekstrarkostnað Pósts og síma.

1. *Hver voru laun, lífeyrisréttindi og önnur starfskjör stjórnenda Pósts og síma, sundurliðað eftir stöðuheitum, fjölda stjórnenda og milli kynja, föstum launum, öðrum greiðslum, eins og stjórnargreiðslum, og hvers konar þóknunum og hlunnindum, þ.m.t. bílahlunnindum og risnu á árunum 1993–96?*

Í svarinu eru stjórnendur skilgreindir allir æðstu stjórnendur Póst- og símamálastofnunarinnar en þeir voru ellefu talsins á árunum 1993–94 og tólf á árunum 1995–96. Öll starfsemi stofnunarinnar féll undir starfssvið þessara stjórnenda. Þeir skiptast í póst- og símamálastjóra, fjóra framkvæmdastjóra, þ.m.t. aðstoðarpóst- og símamálastjóra, fram til 1. mars 1995 en fimm frá þeim tíma, svo og sex umdæmisstjóra. Æðstu stjórnendur voru allir karlar.

Enginn þeirra hafði bíl til umráða frá stofnuninni heldur notuðu þeir eigin bíla og voru gerðir við þá aksturssamningar samkvæmt reglum ríkisins. Nefndalaun skiptast á einungis þrjá stjórnendur og eru þau vegna tiltekinna nefnda. Þar sem engin stjórn var yfir stofnuninni voru engar stjórnargreiðslur greiddar. Allir stjórnendurnir höfðu heimilissíma sér að kostnaðarlausu.

Allir stjórnendurnir voru í Lífeyrissjóði starfmanna ríkisins og voru réttindi þeirra samkvæmt því. Í eftirfarandi töflu eru laun stjórnenda, sundurgreind eftir stöðuheitum.

	1993	1994	1995	1996
Póst- og símamálastjóri og framkvæmdastjórar				
Laun	16.477.786	18.316.068	22.342.740	25.018.958
Akstur, blandaður samningur	949.625	989.125	1.042.285	427.017
Akstur, kílómetragjald	176.952	97.678	287.713	399.398
Nefndalaun	451.852	51.852	51.852	200.000
Samtals	18.056.215	19.454.723	23.724.590	26.045.373
Umdæmisstjórar				
Laun	15.987.396	16.278.008	16.962.924	18.898.309
Akstur, blandaður samningur	1.060.894	1.105.181	953.601	437.014
Akstur, kílómetragjald	1.197.929	1.355.604	1.135.002	1.325.150
Nefndalaun	0	0	0	0
Samtals	18.246.219	18.738.793	19.051.527	20.660.473
Samtals stjórnendur	**36.302.434**	**38.193.516**	**42.776.117**	**46.705.846**

2. *Hver var ferðakostnaður erlendis árlega á árunum 1993–96, að báðum árum meðtöldum, hve margar ferðir voru farnar hvert ár um sig, hvernig sundurliðast kostnaðurinn milli flugfargjalds, gistikostnaðar og dagpeningagreiðslna? Sérstaklega er óskað sundurliðunar á fjölda ferða stjórnenda og að tilgreindur sé árlegur sundurliðaður kostnaður við þær og ferðir maka þeirra, sé um það að ræða.*

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðaðan ferðakostnað allra ferða stofnunarinnar eftir flugfargjaldi, dagpeningum og öðrum erlendum kostnaði. Innifalinn í þessum ferðum er kostnaður við ferðir í þágu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, bandarísku strandgæslunnar vegna Loran C staðsetningarkerfisins og Ríkisútvarpsins vegna langbylgjusenda. Þessar

ferðir eru greiddar af nefndum stofnunum. Einnig eru þar ferðir vegna símasæstrengsins CANTAT-3 og annarra samstarfsverkefna, einkum á vegum Evrópusambandsins, sem Póst- og símamálastofnunin greiddi að hluta.

Póst- og símamálastofnunin hefur ekki greitt ferðakostnað fyrir maka starfsmanna.

	1993	1994	1995	1996
Fjöldi ferða	*212*	*250*	*290*	*318*
Fargjöld	13.509.428	17.836.151	21.633.220	23.079.908
Dagpeningar	20.599.355	27.031.871	25.151.280	31.293.973
Annar erlendur kostnaður	10.431	80.000	3.617.506	162.120
Samtals	**34.119.214**	**44.948.022**	**50.402.006**	**54.536.001**
Þar af:				
Fjöldi ferða stjórnenda	*31*	*32*	*37*	*39*
Fargjöld	1.977.076	3.074.278	3.535.431	3.839.964
Dagpeningar	2.424.812	4.474.292	2.540.320	2.990.007
Samtals	**4.401.888**	**7.548.570**	**6.075.751**	**6.829.971**

Í liðnum „annar erlendur kostnaður“ er kostnaður við Telecom 95, viðamikla sýningu í Genf á árinu 1995, þar sem Póst- og símamálastofnunin var með kynningu. Stofnunin greiddi gistikostnað starfsmanna sérstaklega, vegna verðlagsins þar, og voru dagpeningar starfsfólksins skertir sem nam gistihlutanum. Þar er einnig að finna minni háttar kostnað sem stofnað var til vegna funda erlendis.

3. *Hvaða reglur giltu um bifreiðahlunnindi, risnu- og ferðakostnað stjórnenda?*

Bifreiðahlunnindi. Enginn stjórnenda fékk bíl til umráða frá stofnuninni heldur notuðu þeir eigin bíla í starfi sínu. Þeir höfðu allir aksturssamninga við stofnunina samkvæmt reglum ríkisins. Samningarnir voru svokallaðir blandaðir samningar með föstum 5.000–6.000 km á ári fram til 1. september 1995 þegar þeim var breytt í 2.000 km á ári. Auk þess fengu þeir greiddan akstur utan starfssvæða samkvæmt venjulegu gjaldi.

Risna. Reglur um risnu voru samkvæmt „Reglum um risnuhald hjá ríkisstofnunum“ útgefnum á árinu 1992. Þeir sem gátu heimilað risnu voru Póst- og símamálastjóri, framkvæmdastjórar og umdæmisstjórar. Þó bar að fá sérstakt samþykki póst- og símamálastjóra ef risna fór yfir 50.000 kr.

Ferðalög. Um ferðalög var farið eftir reglum fjármálaráðuneytisins og öðrum fyrirmælum þess. Farseðlar voru greiddir samkvæmt framlögðum reikningum. Gisti- og fæðiskostnaður var greiddur af dagpeningum nema á Telecom 95, eins og áður segir. Samgönguráðuneytið hefur samþykkt öll ferðalög erlendis með áritun á ferðaheimildir. Stofnunin hefur ekki greitt fyrir maka starfsmanna á ferðalögum erlendis.

4. *Hver var árlegur risnukostnaður 1993–96, að báðum árum meðtöldum, sundurliðað eftir:*
   a. *fastri risnu greiddri einstökum stjórnendum,*
   b. *risnu greiddri samkvæmt reikningi,*
   c. *helstu þáttum risnunnar og kostnaði við hvern þeirra, auk helstu tilefna risnunnar?*

Föst risna var ekki greidd stjónendum.

Í eftirfarandi töflu er sundurliðun á risnu fyrir árin 1993–96. Til norræna samstarfsins töldust fundir í Norræna póstsambandinu 1993 og 1995 og frímerkjasýningin NORDIA 96 árið 1996. Afmælin eru fjögur talsins. 75 ára afmæli Póstmannafélagsins 1994, 80 ára afmæli Félags íslenskra símamanna 1995, 220 ára afmæli póstþjónustunnar á Íslandi og 90 ára afmæli símans árið 1996. Risna vegna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, og bandarísku strandgæslunnar, Coast Guard, vegna Loran C var endurgreidd af þeim aðilum. Þá greiddi Evrópusambandið helming kostnaðar vegna AMUSE-verkefnisins, þ.m.t. risnu. AMUSE-verkefnið er samstarfsverkefni á vegum Evrópusambandsins. Risna sem borin var af stofnuninni lækkar því um þær fjárhæðir. Stærsti liðurinn í starfsmannatengdri annari risnu er kaffiboð til starfsmanna í tilefni sumarkomu (2.000 starfsmenn) og veitingar fyrir póstmenn við störf á háannatíma í desember (brauð og gos).

	1993	1994	1995	1996
Til viðskiptaaðila	4.045.970	4.111.690	4.396.588	5.902.543
Norrænt samstarf	493.335		418.773	665.100
Fundir innan stofnunar	862.650	1.281.470	731.720	1.564.418
Starfsmannatengd önnur risna	1.031.571	2.292.252	2.570.458	2.305.360
Afmæli póstreksturs, símareksturs og starfsmannafélaga		239.677	248.445	4.965.469
AMUSE-fundir				532.925
Fundir ICAO og Coast Guard	101.160	112.648	113.773	838.138
Samtals	**6.534.686**	**8.037.737**	**8.479.757**	**16.773.953**

5. *Var farið í laxveiðiferðir á vegum Pósts og síma? Ef svo er, hvernig skiptist árlegur kostnaður við þær á árunum 1993–96 milli laxveiðileyfa og annarra útgjalda vegna ferðanna. Hve margar ferðir voru farnar á ári hverju, hvert var farið, hverjir voru þátttakendur í slíkum ferðum og hver voru tilefni þeirra?*

Á árinu 1994 var keypt veiðileyfi af Veiðifélagi Laxár og Krakár fyrir 26.850 kr. Um var að ræða leyfi fyrir tvær stangir í tvo daga á silungasvæði Laxár í Aðaldal. Boðið var forstjóra erlends viðskiptaaðila. Með honum var einn af yfirverkfræðingum stofnunarinnar. Annar kostnaður, við ferðir og uppihald, nam 88.965 kr.

6. *Hverjir tóku ákvarðanir um ferðir stjórnenda erlendis og laxveiðar, sé um þær að ræða?*

Ákvarðanir um ferðir stjórnenda til útlanda voru teknar af Póst- og símamálastjóra með heimild frá Samgönguráðuneytinu hverju sinni. Þessi regla gilti raunar um allar ferðir starfsfólks Póst- og símamálastofnunarinnar til útlanda.

265. Fyrirspurn [234. mál]

til dómsmálaráðherra um úttekt á embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hverjir hafa verið fengnir til að gera úttekt á embætti lögreglustjórans í Reykjavík og hvað lá til grundvallar ákvörðun um slíka skoðun u.þ.b. ári eftir að grundvallarbreyting er gerð á embættinu?

2. Hvað kostaði skýrsla VSÓ Ráðgjafar um stjórnskipulag embættisins og hvers vegna var leitað til þessarar ráðgjafarstofu?

266. Fyrirspurn [235. mál]

til fjármálaráðherra um rekstrartap fyrirtækja.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert var uppsafnað yfirfæranlegt rekstrartap fyrirtækja í ársbyrjun 1996 og 1997?
2. Hvað hefur nýting rekstrartapsins leitt til mikillar lækkunar á skattstofni fyrirtækja tekjuárin 1996 og 1997 og hvert var tekjutap ríkissjóðs af þeim ástæðum á þessum árum?
3. Hvert var ónýtt yfirfæranlegt rekstrartap í árslok 1997 og hver er skipting þess eftir atvinnugreinum?
4. Hversu mörg fyrirtæki sem sýndu hagnað á árunum 1997 og 1998 voru skattlaus vegna nýtingar á yfirfæranlegu tapi og hver var hagnaður þeirra á þessum árum, sundurliðað eftir atvinnugreinum?

Skriflegt svar óskast.

267. Fyrirspurn [236. mál]

til landbúnaðarráðherra um beingreiðslur til bænda.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu margir bændur njóta nú beingreiðslna vegna sauðfjárræktar?
2. Hversu margir bændur eldri en sjötugir njóta nú beingreiðslna, sundurliðað eftir sýslum?
3. Hversu stór hluti heildarbeingreiðslna vegna sauðfjárræktar í hverri sýslu rennur nú til þessara bænda?
4. Hversu margir bændur sem njóta nú beingreiðslna í kindakjöti eru með bú
   a. undir 60 ærgildum,
   b. undir 90 ærgildum og
   c. undir 120 ærgildum?

   Svar óskast sundurliðað eftir sýslum.

5. Hversu hátt hlutfall heildarbeingreiðslna vegna sauðfjárræktar rennur nú til bænda með innan við 60, 90 og 120 ærgilda bú, sundurliðað eftir sýslum?

Skriflegt svar óskast.

268. Fyrirspurn [237. mál]

til fjármálaráðherra um sjómannaafslátt.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver er fullur mánaðarlegur sjómannaafsláttur einstaklings og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að njóta hans?
2. Hversu margir njóta sjómannaafsláttar? Hve stór hluti er konur? Hvað er tekjutap ríkissjóðs mikið?
3. Geta menn fengið sjómannaafslátt á meðan þeir vinna hluta dags eða allan daginn:
   a. í landi,
   b. í höfnum eða
   c. eru ekki á sjó um nætur, t.d. dagróðramenn, ferjusjómenn, útgerðarstjórar, hafnsögumenn, starfsmenn hafna?

   Geta menn fengið sjómannaafslátt þá daga sem þeir eru ekki við vinnu?
4. Hver er skipting framteljenda sem njóta sjómannaafsláttar eftir flokkum a–c-liðar í 3. tölul. og svo þeirra sem eru á sjó um nætur?
5. Hvernig er eftirliti með framkvæmd sjómannaafsláttar háttað? Er haft eftirlit með lögskráningu á skip? Er tekið á brotum á skattalögum gagnvart sjómannaafslætti á sama hátt og öðrum brotum á skattalögum?
6. Telur ráðherra að sjómannaafsláttur sé niðurgreiðsla til útgerðar frá sjónarmiði hagfræðinnar?
7. Njóta aðrar stéttir, hópar manna eða einstaklingar sértækra skattfríðinda? Ef svo er, hverjir og hvaða skattfríðinda?
8. Telur ráðherra sjómannaafsláttinn samrýmast jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar?

Skriflegt svar óskast.

269. Fyrirspurn [238. mál]

til menntamálaráðherra um móttökuskilyrði ríkisútvarps og ríkissjónvarps á Vesturlandi.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

1. Hvað hefur Ríkisútvarpið gert á síðustu árum til þess að bæta móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps á Vesturlandi?
2. Hefur Ríkisútvarpið áform um aðgerðir til að bæta móttökuskilyrðin á Vesturlandi þannig að allir Vestlendingar geti notið þjónustu Ríkisútvarpsins á fullnægjandi hátt?
3. Finnst ráðherra eðlilegt að þeir íbúar Vesturlands sem ekki geta notið þjónustu Ríkisútvarpsins á fullnægjandi hátt vegna lélegra móttökuskilyrða greiði fullt afnotagjald til Ríkisútvarpsins?

270. Fyrirspurn [239. mál]

til samgönguráðherra um samkeppnisrekstur Landssímans.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hefur fjárreiðum þeirra deilda Landssímans hf., sem eru í samkeppni um einkaréttarþjónustu, verið haldið aðskildum frá öðrum rekstri, sbr. 11. gr. laga nr. 103/1996?
2. Hvaða deildir telur Landssíminn hf. að séu í samkeppnisrekstri?
3. Eru fjármunir fluttir frá deildum, sem eru ekki í samkeppnisrekstri, til deilda sem eru í slíkum rekstri?
4. Hver var hagnaður eða tap hverrar deildar á árinu 1997?
5. Hver var upphafleg fjárfesting Landssímans hf. (P&S) í Cantat-3 strengnum og hversu mikil bandvídd var keypt?
6. Hver er rekstrarkostnaður Landssímans hf. við Cantat-3 á ári?
7. Hve mikil bandvídd Landssíma hf. og forvera hans (P&S) hefur verið í notkun (seld) 1995, 1996 og 1997? — Óskað er eftir að svar verði sundurliðað eftir árum og í eftirfarandi flokka:
   a. Ísland – Kanada,
   b. Ísland – Evrópa,
   c. Kanada – Evrópa.

   Enn fremur er óskað eftir að í svari verði sundurliðað hvert sé meðalsöluverð Landssímans hf. og forvera hans á fyrrgreindum leiðum hvert áranna 1995–97 á Mbit.

Skriflegt svar óskast.

271. Fyrirspurn [240. mál]

til viðskiptaráðherra um viðskiptahætti Landssímans.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hvernig getur Landssíminn hf. boðið viðskiptavinum í GSM-farsímaþjónustu að velja sér símanúmer í almenna talsímakerfinu og NMT-kerfinu sem hægt er að hringja í á lægra gjaldi í þjónustuflokknum „Vinir og vandamenn“ án þess að brjóta gegn ákvörðunarorðum samkeppnisráðs nr. 41/1997, um að óheimilt sé að tvinna saman viðskipti fjarskiptaþjónustu og aðra þjónustu félagsins?
2. Hversu mörg erindi hafa borist Samkeppnisstofnun um meint brot Landssímans hf. og forvera hans (P&S) á samkeppnislögum?
3. Hve mörg erindi um meint brot Landssímans hf. eru í meðferð hjá Samkeppnisstofnun nú?
4. Hversu langan tíma hefur tekið að afgreiða hvert þeirra erinda sem Samkeppnisstofnun hefur afgreitt og varða meint brot Landssímans hf. og forvera hans?

Skriflegt svar óskast.

272. Tillaga til þingsályktunar [241. mál]

um stuðning ríkisvaldsins við kræklingarækt og annan fjörubúskap.

Flm.: Ólafur Hannibalsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagalega umgjörð fyrir kræklingaeldi og hvers konar annan fjörubúskap sem ætla má að verði á næstu árum tekinn upp á lögbýlum sem aðgang eiga að sjó og að sjá til þess að á viðeigandi rannsóknastofnunum verði sú sérfræðiþekking fyrir hendi sem að haldi má koma og þarf til þess að leiðbeina væntanlegum ræktendum skelfisks og hafa fullnægjandi eftirlit með framleiðslu þeirra í samræmi við kröfur einstakra markaða.

Greinargerð.

Fjörunytjar hafa verið stundaðar á Íslandi frá aldaöðli. Sá búskapur hefur þó hingað til ekki verið skipulegur ef frá er talinn þarasláttur bænda við Breiðafjörð fyrir Þörungaverksmiðjuna á Reykhólum og margvíslegar tilraunir til kvíaeldis á laxi hin síðustu ár.

Langt er síðan athygli manna beindist að eldi á skelfiski. Skömmu fyrir stríð fékk sænskt fyrirtæki einkaleyfi hér til ostruræktar, sem það hugðist koma á fót í Hvalfirði. Eru lögin sem sett voru um það efni, nr. 21 12. júní 1939, birt hér á eftir sem fylgiskjal með greinargerðinni mönnum til gamans og sögulegs fróðleiks.

Á síðustu árum hafa ýmsir beint sjónum að eldi á kræklingi *(bláskel, Mytulus edulis)*. Verður þá að hafa í huga að starfsemi þessi fer fram í netlögum sjávarjarða, og mun strandlengjan mestöll tilheyra lögbýlum. Því heyrir mál þetta undir landbúnaðarráðuneytið, félaga-

kerfi landbúnaðarins og sjóði á þess vegum. Sjá flutningsmenn enga ástæðu til að breyta því. Hins vegar er nauðsynlegt að skapa þessari nýju atvinnugrein lagaumhverfi við hæfi.

Fyrsta flutningsmanni er kunnugt um að töluverð sérþekking er til á Hafrannsóknastofnunni varðandi lífsháttu kræklings hér við land. Dr. Guðrún Þórarinsdóttir stóð fyrir eldistilraunum á kræklingi í Hvalfirði fyrir áratug og kom í ljós að hann hafði þolanlegan vaxtarhraða, náði markaðsstærð, 75–100 mm (3–4 þumlungum), á tveimur árum. Besti árangur erlendis er eitt og hálft ár og munar þar náttúrlega talsverðu í afkastagetu og fjárhagslegum ávinningi. Sjálfsagt væri að kanna hvort ávinningur væri í því að flytja inn annan stofn með meiri vaxtarhraða undir ströngu vísindalegu eftirliti og með tilheyrandi sóttvarnarráðstöfunum. Fordæmi er fyrir slíku þegar *M. edulis* var fluttur með góðum árangri frá Atlantshafsströnd Kanada til Bresku-Kólumbíu við Kyrrahaf og þess vandlega gætt að engir sjúkdómar eða sníkjudýr fylgdu með.

Helsti kostur skeldýraeldis af þessu tagi er sá að til eldisins þarf ekkert fóður. Skelfiskurinn vinnur sjálfur fæðu sína úr sjó. Sú eldisaðferð sem algengust er í Kanada er að strengja tvær langar, láréttar línur á enda málmsívalninga sem komið er fyrir með vissu millibili og samstæðan tryggilega fest við botninn til endanna. Niður úr höfuðlínunum eru hengd reipi, sem kræklingurinn tengir sig við með spunaþræði, eða netpokar með kræklingnum í. Þessa tækni tóku brautryðjendur í Norður-Ameríku upp eftir ostru- og hörpudiskræktendum í Japan.

Við val á eldisstað þarf helst að varast afrán æðarfugls og krossfiska. Lagnaðarís þarf ekki að vera neitt vandamál ef þess er gætt að lengja í uppistöðunum og ísinn gerir í raun kræklingnum ekkert nema að hægja á vaxtarhraða.

Þótt eldið sé einfalt og ódýrt þarf þó nokkra stofnfjárfestingu í reipum, akkerum, flotholtum, netpokum o.fl. og hafa ber í huga að tvö ár líða frá upphafi rekstrar þar til fyrsta uppskera næst. Því þurfa brautryðjendur í greininni að hafa góðan aðgang að stofnlánum til þessara hluta. Lánakerfi landbúnaðarins er vel í stakk búið til að sinna þessari þörf og sama má segja um ráðunautaþjónustuna, sem byggist á gömlum merg.

Hitt ættu menn að varast frá upphafi að blanda byggðasjónarmiðum eða öðrum félagslegum viðhorfum í þetta mál, eins og gjarnan hefur tíðkast með nýjungar í atvinnugreinum á sviði landbúnaðarins. Þessi atvinnugrein hefur alla burði til að standa undir sér á eigin fótum og á ekki að byggjast á öðru en hreinum viðskiptasjónarmiðum.

Afskipti ríkisins ættu frá upphafi að vera þau ein að skapa greininni hagstætt lagaumhverfi frá byrjun og sjá henni fyrir eðlilegri þjónustu stofnana eins og Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, fjármálastofnana og stofnana landbúnaðarins. Þá þarf atvinnugreinin strangt aðhald eftirlitsstofnana, þar sem á mörkuðunum eru gerðar strangar kröfur um gæði skelfisks og fylgjast þarf vel með skelfiskeitrun og mengun, gera strangar umhverfiskröfur og sjá til þess að framleiðslan fái öll hugsanleg vottorð þar að lútandi frá aðilum sem teknir eru gildir á alþjóðavettvangi.

Markaðshorfur á þessu sviði eru mjög góðar. Framleiðendur hafa hingað til engan veginn getað svarað eftirspurn. Vinnslan er vel vélvædd og að mestu í því fólgin að láta kræklinginn sjálfan hreinsa úr sér sand og óhreinindi en að því loknu er skelin snyrt og flokkuð eftir stærð. Kræklingur er að mestu seldur í skelinni og þannig fæst best verð fyrir hann en komi tímabil þar sem framboð fersks kræklings er umfram eftirspurn má auðvitað frysta hann eða sjóða niður, þótt það skili lægra verði. Helstu framleiðendur nú eru á Nýja Sjálandi og Írlandi, í Skotlandi, Svíþjóð, Bandaríkjunum og Kanada auk rótgróinna framleiðenda í Hollandi, Frakklandi og á Spáni.

Fyrsti flutningsmaður hefur átt þess kost að kynnast þessum iðnaði á Prince Edwards eyju, minnsta sjálfstjórnarhéraði Kanada, 130 þúsund manna eyju í St. Lárensflóa. Þar hefur þessi iðnaður orðið að stóratvinnugrein innan sjávarbúskapar á 10–15 árum. Uppbyggingunni hefur verið stjórnað með opinberum leyfisveitingum. Hafa þyrfti í huga hér á landi í upphafinu að beina fyrirgreiðslu til samvinnuhópa fjörubænda, sem sameinuðust um vinnslustöð og jafnvel sameiginleg innkaup á stofnfjárfestingarvörum. Þessir staðir þyrftu að liggja vel við flugsamgöngum því að afurðirnar þurfa að komast á markað eins fljótt og unnt er þar sem líftími þeirra er stuttur, 2–3 vikur að hámarki, og hver dagur dýrmætur á leið þeirra á disk neytandans.

Á Prince Edwards eyju er þetta orðinn talsvert sérhæfður iðnaður sem byggður hefur verið upp skipulega á 10–15 árum. Sérstakar klakstöðvar sjá um að koma lirfunum af stað og ala upp í skelstærð. Þær fara síðan í eldisstöð og eru aldar þar áfram í hæfilega stærð til flutnings í sjó. Sér þá hver um þann þátt sem hentastur er á hverjum stað og aðrir geta snúið sér að því sem þeim fer best úr hendi. Má þá búast við betri árangri og öruggari afkomu. Á Prince Edwards eyju eru nú framleidd um 9.000 tonn af kræklingi á ári að útflutningsverðmæti um 1 milljarður kr. og starfsmenn eru um 650. Landþrengsli eru farin að há vexti greinarinnar og því hafa fyrirtæki í kræklingaeldi, ásamt framleiðendum á búnaði, markaðsfyrirtækjum og fleiri aðilum, verið að færa út kvíarnar til annarra landa og hafa stofnað til samstarfs um framleiðslu og markaðssetningu. Framleiðsluvara þeirra er markaðssett undir nafninu *Island Blue* og er orðin heimsþekkt gæðavara á veitingastöðum um allan heim. Áhugi þeirra beinist að því að þjóna Evrópumarkaði frá Íslandi og nýta sér þar með víðtækt flutningakerfi Flugleiða á Evrópuleiðum, tíðar og tiltölulega stuttar siglingar frá Íslandi til annarra Evrópulanda og aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu til að njóta tollfríðinda.

Hópar sjávarbænda á Vesturlandi, við Breiðafjörð og á Vestfjörðum hafa verið að skoða þessi mál og afla sér þekkingar á þeim og eru komnir í samband við kunnáttumenn úr greininni frá Prince Edwards eyju fyrir milligöngu vel þekkts íslensks fyrirtækis. Má þess því vænta að fljótlega komi skriður á málið og þarf löggjafinn því að vera við því búinn að skapa greininni lagalegt og fjárhagslegt umhverfi við hæfi.

Fyrsti flutningsmaður hefur lengi verið þeirrar skoðunar að ræman milli ytri netlagamarka og fjörukambs sé eitthvert auðugasta landsvæði á Íslandi. Hingað til höfum við umgengist það af vægast sagt takmarkaði virðingu og er hirðuleysið raunar öllum sýnilegt sem gaman hafa af fjöruferðum. Sú tillaga sem hér liggur fyrir markar upphaf skipulegs landnáms á þessu svæði. Sé skipulega að verki staðið mun það gefa ríkulega uppskeru og, ef marka má reynslu annarra þjóða, standa undir meiri háttar atvinnurekstri í fyllingu tímans.

Fylgiskjal.

LÖG um ostrurækt, nr. 21/1939.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að ákveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjörðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hverskonar veiðum, öðrum en ostruveiðum. Ennfremur skal þar ákveðið, hvernig og á hvaða árstíma heimilt sé að stunda ostruveiðar.

Slík friðun skal þó því skilyrði bundin, að hún komi ekki í bága við veiðiskap, sem fyrir er á svæðinu, hvort heldur er um að ræða veiði nytjafiska eða skelfiskatekju, nema samkomulag náist við þá, er þar eiga hagsmuna að gæta, og ennfremur, að forstjóri fiskveiðideildar rannsóknarstofnunar atvinnuveganna telji ostrurækt nytjavænlega hér við land.

2. gr.

Enginn má stunda ostrurækt á friðlýstu svæði nema með leyfi atvinnumálaráðherra.

Leyfi þessi má veita innlendum og erlendum félögum og einstaklingum, og skulu þau bundin við ákveðin svæði og til ákveðins árafjölda. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfum þessum, sem hann telur nauðsynleg til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna.

3. gr.

Sérhver, sem á land eða hefir land til afnota, er liggur að friðlýstu svæði, er skyldur til að þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ostruræktin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir af hálfu leyfishafa. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna. Kostnað við matið greiðir leyfishafi. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 30 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af leyfishafa.

4. gr.

Heimilt er að undanþiggja tilrauna-ostrur (móðurdýr) öllum innflutningsgjöldum.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 krónum.

Fara skal um slík mál sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfríhöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L.S.)

Ólafur Thors.

273. Tillaga til þingsályktunar [242. mál]

um þátttöku Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að Ísland verði aftur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Mótmæli Alþingis við hvalveiðibanni yrðu hluti þeirra ráðstafana.

Greinargerð.

Ísland gerðist aðili að alþjóðasáttmálanum um skipan hvalveiða árið 1948 en sagði aðildinni upp, sem jafngilti úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, árið 1991 á þeim forsendum að ráðið starfaði ekki í samræmi við sáttmálann.

Árið 1982 samþykkti Alþjóðahvalveiðiráðið tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni frá ársbyrjun 1986. Það bann skyldi síðan endurskoðað í ljósi þess mats sem lægi fyrir á ástandi hvalastofna árið 1990. Vísindaveiðar Íslendinga voru í raun framlag til þess að slíkt mat gæti orðið sem áreiðanlegast og lauk þeim árið 1989. Síðan þá hefur ekki verið veiddur hvalur við Ísland því að þrátt fyrir að vísindanefnd ráðsins samþykkti á grundvelli rannsóknanna að tilteknir hvalastofnar þyldu takmarkaðar veiðar ákvað meiri hluti ráðsins að endurskoða ekki veiðibannið. Alþingi samþykkti með naumum meiri hluta árið 1983 að nýta ekki rétt landsins til að gera fyrirvara við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni.

Þótt Ísland hafi sagt sig úr ráðinu á þeim forsendum að vera í ráðinu kæmi í veg fyrir sjálfbæra nýtingu hvalastofna og þrátt fyrir tilraun til að skapa möguleika á að hefja að nýju hvalveiðar í samtökum með Norðmönnum, Grænlendingum og Færeyingum, NAMMCO, hafa hvalveiðar ekki hafist enn, nú sjö árum síðar. Íslenskir vísindamenn telja að hvalastofnar við Ísland séu í vexti, enginn þeirra sé í útrýmingarhættu og einhverjir þoli í raun sambærilegar veiðar og voru stundaðar fram að gildistöku hvalveiðibannsins. Þá hefur stjórnarnefnd NAMMCO nú í haust staðfest það mat vísindanefndar samtakanna að veiði á 292 hrefnum teldust sjálfbærar veiðar. Þrátt fyrir það hefur sjávarútvegsráðherra ekki í hyggju að flytja þingsályktunartillögu um að leyfa veiðar á hrefnu eða hvölum í atvinnuskyni, sbr. munnlegt svar hans 14. október sl. við fyrirspurn á þskj. 28.

Í greinargerð með þingsályktunartillögu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá 1994 um hvalveiðar kom fram að ef Íslendingar hæfu aftur hvalveiðar tækju eftirlitsreglur óhjákvæmilega mið af umfjöllun hvalveiðiráðsins og þeim ákvörðunum sem þar væru teknar. Í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og einnig í framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar er mælt fyrir um skyldu ríkja til samstarfs í þessum efnum og 65. gr. hafréttarsamningsins fjallar sérstaklega um þessar skyldur hvað varðar sjávarspendýr. Þar segir að ríki „skuli starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skuli hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim“.

Þegar Ísland sagði sig úr ráðinu á sínum tíma var álitið að fleiri ríki fylgdu því fordæmi. Það gerðist ekki. Noregur sem er eina fullvalda ríkið ásamt okkur í NAMMCO hefur haldið áfram að starfa innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og stundar hrefnuveiðar í skjóli þess. Ekki eru líkur á að Norðmenn yfirgefi Alþjóðahvalveiðiráðið, enda virðast þeir telja að staða þeirra væri mun verri utan ráðsins. Þeir hafa m.a. bent á það sem merki um viðhorfsbreytingar í ráðinu að þeir skuli komast upp með að hefja hvalveiðar að nýju. Sé litið til stöðu Norð-

manna virðist einsýnt að hagsmunum okkar væri betur borgið með því að vera einnig í ráðinu. Japanir stunda einnig veiðar í vísindaskyni. Þær veiðar fara fram þrátt fyrir veru þeirra í Alþjóðahvalveiðiráðinu og eru löglegar samkvæmt sáttmálanum rétt eins og vísindaveiðar okkar á sínum tíma.

Ekki er nóg að veiða, það þarf líka að selja, en allt er óljóst um sölu hvalaafurða. Í utandagskrárumræðu vorið 1996 kom fram í máli sjávarútvegsráðherra að því miður væri það staðreynd að eins og sakir stæðu væri ekki kostur á að flytja hvalaafurðir úr landi en lengi hefði legið fyrir að við gætum ekki selt Japönum hvalaafurðir þó að við hæfum veiðar á meðan við stæðum utan ráðsins. Samþykkt ráðsins frá áttunda áratugnum bannar að lönd innan ráðsins kaupi hvalaafurðir af ríkjum utan þess. Einnig hafa verið gerðar samþykktir sem lúta að verslun með skotfæri til hvalveiða.

Þrátt fyrir að við stöndum nú utan ráðsins og séum þar með ekki formlega bundin af ákvörðunum þess um veiðibann, þrátt fyrir að vísindamenn, bæði á Hafrannsóknastofnun og á vegum NAMMCO, telji að líffræðilegar forsendur séu ákjósanlegar varðandi veiðar og sjálfbæra nýtingu hvalastofnanna og þess vegna hægt að hrinda stefnu Íslands í framkvæmd, þrátt fyrir skýrslur á skýrslur ofan með fyrirheitum um hvalveiðar, ef ekki í ár þá á næsta ári, og þrátt fyrir umræður og heitingar á Alþingi þá veiðum við ekki hval. Augljóst er því að þrátt fyrir meinta ástæðu úrsagnar okkar úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, sem var sú að afstaða ráðsins til hvalveiða byggðist ekki á vísindalegum forsendum heldur pólitískum, höfum við áttað okkur á því að pólitísk afstaða ráðsins hefur einnig ráðið ákvörðunum og gerðum okkar utan ráðsins. Annað er ekki hægt að álykta af aðgerðarleysi íslenskra stjórnvalda í öll þessi ár.

Rökin fyrir því að standa utan ráðsins eru harla léttvæg í ljósi þess að við allar ákvarðanir verður að taka tillit til stefnumótunar ráðsins, hversu óvísindaleg sem hún kann að vera. Hvort sem við stöndum utan ráðsins eða innan virðumst við bundin af ákvörðunum þess. Möguleikar til að hafa áhrif á stefnu þess eru mestir ef við eigum þar sæti því að ráðið er og verður um fyrirsjáanlega framtíð helsti vettvangur umræðu um hvalveiðar, og baráttu fyrir því að hvalveiðar verði hafnar á ný. Þar sitja enn fulltrúar helstu hvalveiðiþjóðanna og einnig þeirra þjóða sem hafna hvalveiðum í atvinnuskyni og þar er baráttan háð um þessi mál.

Alþingi samþykkti með naumum meiri hluta árið 1983 að nýta ekki rétt landsins til að gera fyrirvara við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni, svokallaðan núllkvóta, en slíkur fyrirvari hefði þýtt að Ísland hefði ekki verið bundið af samþykktum ráðsins. Sem lið í þeirri ákvörðun að ganga aftur í ráðið yrði Alþingi að samþykkja að gera slíkan fyrirvara, þ.e. að mótmæla banni við hvalveiðum, og yrði það liður í þeim ráðstöfunum sem samþykkt þessarar ályktunar felur í sér. Ekki liggur óyggjandi fyrir hvort unnt er að ganga í alþjóðasamtök með fyrirvara en á það yrði að reyna sem og á velvilja þeirra þjóða sem vilja fá okkur aftur í ráðið eða hafa skilning á stöðu okkar.

Fyrir Alþingi liggur tillaga um „að hvalveiðar skuli leyfðar frá og með árinu 1999 á þeim tegundum og innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Sjávarútvegsráðherra er falin framkvæmd veiðistjórnar á grundvelli gildandi laga". Víðtækur stuðningur virðist vera við tillöguna. Eðlilegt er að í tengslum við afgreiðslu hennar verði jafnframt afgreidd sú tillaga sem hér er gerð um þátttöku í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Til stuðnings þeirri skoðun má nefna að í bréfi starfshóps sem skipaður var 1996 til að undirbúa tillögu til þingsályktunar um hvalveiðar Íslendinga kemur fram að Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) sé helsti vettvangur umræðu um hvalveiðar og baráttu fyrir endurupptöku þeirra. Jafnframt taldi starfshópurinn rétt að kanna hvaða möguleika endurnýjuð aðild Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu kynni að hafa í för með sér.

274. Svar [127. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um skipaðan talsmann í barnaverndarmálum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu oft hefur barni verið skipaður talsmaður til að gæta hagsmuna þess við úrlausn barnaverndarmála á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, frá gildistöku þeirra til 1. október 1998, sbr.

a. 2. mgr. 22. gr.,
b. 1. mgr. 23. gr., og
c. 3. mgr. 46. gr.?

Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Hvaða upplýsingar liggja fyrir um skipan talsmanns fyrir börn?

Til að svara fyrirspurninni reynir á þær upplýsingar sem til eru um starf barnaverndarnefnda landsins. Ákvæði um skipan talsmanns var ekki að finna í þeim lögum sem giltu fram til ársins 1992 á sviði barnaverndar. Nefndunum var ekki gert að svara því í ársskýrslum til ársins 1996 hvort eða hve mörgum börnum hafi verið skipaður talsmaður á þeirra vegum. Upplýsingar frá þessum árum liggja því hvergi fyrir á einum stað. Ársskýrslur stofnana barnaverndarnefnda (félagsmálastofnana) veita að því er séð verður engar upplýsingar í þessu efni heldur.

Árið 1996 var allri upplýsingasöfnun frá barnaverndarnefndum breytt til muna af hálfu Barnaverndarstofu. Frá og með þeim tíma liggja fyrir upplýsingar um skipan talsmanna fyrir börn og hægt að veita svar án fyrirvara.

Barnaverndarstofa sá ástæðu til að kanna umfang þess að börnum væri skipaður talsmaður frá gildistöku lagaákvæða þar um. Nefndirnar höfðu frest til 1. nóvember að svara. Einungis helmingur nefndanna hafði svarað erindinu þegar fresturinn rann út. Ein orsök þess er án efa sú að mikil breyting hefur verið gerð á skipan nefndanna, þar á meðal eftir síðustu kosningar. Þetta hefur haft í för með sér að erfitt er að fá fram áreiðanlegar og tæmandi upplýsingar um störf nefndanna aftur í tímann, jafnvel þó svo að um fáein ár sé að ræða. Svarið nær því einvörðungu til áranna 1996 og 1997.

Upplýsingar frá árunum 1996 og 1997 um skipan talsmanns.

Árið 1996 var einu barni skipaður talsmaður á grundvelli 2. mgr. 22. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna (barnaverndarlaga), sjö börnum á grundvelli 23. gr. laganna og tveimur á grundvelli 3. mgr. 46. gr., alls tíu börnum það ár.

Árið 1997 var níu börnum skipaður talsmaður á grundvelli 2. mgr. 22. gr. barnaverndarlaga, fimm á grundvelli 23. gr. og fimm á grundvelli 3. mgr. 46. gr., eða alls nítján börnum það ár.

Þannig liggur fyrir að árin 1996 og 1997 hefur alls 29 börnum verið skipaður talsmaður á grundvelli barnaverndarlaga.

Ákvæði um talsmenn í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Íslendingar staðfestu árið 1992 voru innleidd ákvæði sem lúta að tjáningafrelsi barna, svo sem í þjóðfélagslegri umræðu, um velferðar- og hagsmunamál sín o.s.frv., en ekki síst um mál sem varða barn beint, svo sem

fyrir dómstólum eða stjórnvaldi. Þessi ákvæði er að finna í 2. lið í 9. gr. samningsins, sem og 1. og 2. lið 12. gr. Telja má framsýni að við undirbúning laga um vernd barna og ungmenna hér skyldi séð fyrir því að ákvæði um skipan talsmanns skyldu lögleidd áður en samningur Sameinuðu þjóðanna hafði hlotið staðfestingu. Í Noregi hafði löngum tíma verið varið til að undirbúa ný barnaverndarlög sem tóku gildi þar í landi árið 1992, en við þá vinnu fórst fyrir að fella inn ákvæði um skipan talsmanns fyrir börn. Gera varð breytingu á norsku lögunum ári síðar af þessum sökum.

Skipan talsmanns samkvæmt öðrum lögum.

Skipan talsmanns fyrir börn getur farið fram samkvæmt öðrum lögum en barnaverndarlögum. Ákvæði þar að lútandi er að finna í barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum, sbr. 4. mgr. 34. gr. þeirra laga og 3. mgr. 75. gr., en fyrirspurnin lýtur ekki að þessu atriði. Ekki hefur verið kannað svo vitað sé hve oft ákvæðum um skipan talsmanns hefur verið beitt samkvæmt þeim lögum.

Tilefni að skipan talsmanns samkvæmt barnaverndarlögum; lagaskilyrði.

Lagaákvæði um skipan talsmanns eru allítarleg og sértæk í barnaverndarlögum. Ákvæðin koma fyrir á þremur stöðum og eiga við um ólíkar aðstæður.

Fyrst kemur til álita 22. gr. laganna en þar er um að ræða að barn er vistað gegn vilja sínum á viðeigandi stofnun. Ástæða slíkrar vistunar er oftast sú að barn er talið stefna heilsu sinni og þroska í hættu með hegðun sinni, svo sem með neyslu áfengis, fíkniefna, afbrotum eða annarri jafnskaðlegri hegðun. Samkvæmt heimild laganna er unnt að vista barn í allt að fjórar vikur í senn á viðeigandi stofnun af þessum sökum. Í lagagreininni skiptir aldur barnsins máli og segir þar að hafi barnið náð tólf ára aldri skuli það fá að tala máli sínu fyrir barnaverndarnefnd með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta.

Í öðru lagi er skilyrði til þess að skipa barni talsmann að barn hafi orðið fyrir ofbeldi eða áreitni eða óskilgreindum afbrotum og yfir standi rannsókn í slíku máli, sbr. 23. gr. laganna.

Í þriðja lagi kemur heimildin fyrir í 46. gr. laganna þar sem kveðið er á um meðferð úrskurðarmála, sbr. VIII. kafla. Tilefni slíks úrskurðar getur verið mismunandi, þ.e. eigin hegðun barns, sbr. 22. gr., eða að uppeldisaðstæðum barns sé ábótavant vegna háttsemi forsjármanna. Samkvæmt lagagreininni er skylt, hvert sem tilefni úrskurðarins er, að gefa barni sem náð hefur tólf ára aldri tækifæri til að tjá sig um mál. Í lögunum segir: „Þegar sérstaklega stendur á er barnaverndarnefnd heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann.“

Núgildandi lagaákvæði þykja því nokkuð takmarkandi. Í stjórnarfrumvarpi sem lagt hefur verið fyrir 123. löggjafarþing, frumvarp um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995, er gert ráð fyrir að ný grein bætist við lögin og felur hún í sér rýmkun á heimild til að skipa barni talsmann. Um er að ræða greinilegan áherslumun frá núgildandi lögum þannig að lagt er að jöfnu hvort mál er til úrlausnar „með úrskurði“ eða „bókun“. Með öðrum orðum er ekki gerður greinarmunur á formi ákvörðunarinnar.

Til samanburðar er ákvæði í 2. mgr. greinar 7–4 í norsku barnaverndarlögunum (nr. 100 frá 11. júlí 1993, om barnevernstjenster). Þetta er eina ákvæðið í lögum um barnavernd í Noregi um skipan talsmanns fyrir börn að því er best verður séð. Sýnilegt er að skipunin kemur helst til álita þegar leggja skal mál til úrskurðar fyrir fylkisnefnd í Noregi, en sú nefnd fjallar einvörðungu um þvingandi ráðstafanir. Ákvæði íslensku laganna hljóta í þessum samanburði að teljast mun ítarlegri, bæði núgildandi ákvæði og enn frekar þau sem verið er að ná fram með nýja frumvarpinu sem áður var getið og Alþingi fjallar nú um. Samanburður á

lögum landanna er þó varasamur þar sem skilgreiningar um „aðild" barns að máli, aldur barns og á því sem telst „þvingun" eru ekki sambærilegar að öllu leyti.

Er skipan talsmanns oft beitt?

Skipan talsmanns fyrir börn var fyrst möguleg með lögum sem tóku gildi 1. janúar 1993. Búast má við því að úrræðið hafi smám saman verið að festast í sessi. Árin 1996 og 1997 var eins og áður segir tuttugu og níu börnum skipaður talsmaður, tíu fyrra árið og nítján það síðara. Rökstyðja má að erfitt sé að henda reiður á því út frá þessari staðreynd einni hvort hér sé um „algengt" úrræði að ræða eða ekki.

Ljóst er að við fáa ef nokkra mælikvarða er að styðjast. Tæpast er unnt að gera mikið meira en grípa til einhvers konar „innri samanburðar", svo sem með því að skoða hvaða þróun hefur orðið á milli ára. Slíkar upplýsingar geta þrátt fyrir allt gefið vísbendingu um breyttar áherslur í starfi barnaverndarnefnda, breytta afstöðu til barna og persónulegra réttinda þeirra, allt eftir því hvernig slíkt er túlkað. Þá er mögulegt að leita samanburðar við úrlausnir barnaverndarnefnda, þ.e. hve oft er um úrræði að tefla sem gætu gefið tilefni til þess að skipa talsmann. Þessi samanburður er allt að því nauðsynlegur til að unnt sé að sjá hvort úrræðinu er oft beitt.

Fram til ársins 1996 kemur ekki fram í ársskýrslum barnaverndarnefnda á hvaða lagagrundvelli úrræðum barnaverndarnefnda var almennt beitt. Þess vegna er útilokað að gera samanburð á þessu atriði. Á hinn bóginn gefa upplýsingar sem aflað er frá nefndunum eftir þennan tíma færi á þessu. Úrvinnslu upplýsinga ársins 1997 er ekki lokið og verður því að nægja að styðjast við upplýsingar frá árinu 1996.

Samkvæmt upplýsingum nefndanna voru 78 börn vistuð utan heimilis síns á grundvelli 22. gr. barnaverndarlaga árið 1996, svo sem til meðferðar eða rannsóknar á stofnun, í neyðarvistun o.s.frv. Gefur þetta vísbendingu um það ýtrasta tilefni sem gæti hafa verið til að skipa barni talsmann á grundvelli þessarar lagagreinar þetta ár. Af skýrslum nefndanna að dæma var hins vegar aðeins einu barni skipaður talsmaður á grundvelli lagaákvæðisins.

Í gögnum barnaverndarnefnda kemur jafnframt fram að á árinu 1996 var 92 börnum veitt ráðgjöf á grundvelli 23. gr. barnaverndarlaga. Þá kemur fram að „persónulegur ráðgjafi" hafi verið skipaður 156 börnum. Vera má að skipan slíks ráðgjafa sé í einhverjum tilvikum álitin ígildi talsmanns.

Um tilefni á grundvelli 46. gr. barnaverndarlaga gegnir öðru máli í samanburði, enda eru aðstæður afar mismunandi, svo sem úrskurður um „eftirlit með heimili", sbr. a-lið 24. gr. (88 börn), úrskurðir um „umgengni fósturbarna við kynforeldra og nákomna", sbr. 3. mgr. 33. gr. (sex börn), úrskurður um að „barn skyldi kyrrt í fóstri", sbr. 35. gr. (23 börn), og „forsjármenn sviptir forsjá barns til frambúðar", sbr. 25. gr. (fimm börn).

Í ársskýrslum barnaverndarnefnda segir að úrskurðir hafi verið kveðnir upp vegna mála 157 barna. Tveimur börnum var skipaður talsmaður á þessum grundvelli árið 1996. Benda má á að margir úrskurðir snúa að börnum sem eru í fóstri og í þeim tilvikum koma fósturforeldrar barna oft til sögunnar við að gæta hagsmuna þeirra við meðferð máls fyrir barnaverndarnefnd.

Talað máli barns.

Eftir þessum tölum að dæma er varla blöðum um það að fletta að börnum er sjaldan skipaður talsmaður. Ástæða þess kann að vera sú að barnaverndarnefndirnar telji sig í raun talsmenn þeirra barna sem í hlut eiga. Verkaskipting sem leiðir af heimildum í 3. mgr. 7. gr. barnaverndarlaga, þar sem barnaverndarnefnd getur falið starfsmönnum sínum að sinna til-

teknum verkefnum, könnun mála og meðferð, getur hugsanlega ýtt undir þann skilning að búið sé að rjúfa samband milli ákvörðunar í máli barns og meðferðar málsins að öðru leyti. Þetta gæti verið þannig í framkvæmd að starfsmaðurinn sé álitinn koma fram fyrir nefndinni sem hagsmunagæslumaður barnsins sem hafi kynnt sér rækilega vilja þess og hagsmuni. Nefndin vegi þau rök sem fram koma og viðkomandi starfsmaður láti í ljós skoðanir sínar við nefndina. Aukinheldur er að því að gæta þegar alvarlegri ákvarðanir barnaverndarnefnda eru annars vegar liggur fyrir álit og mat fjölmargra aðila sem til aðstæðna þekkja.

Margir fagmenn líta svo á að sú hætta skapist við skipan talsmanns að síður verði leitað álits barna beint og milliliðalaust af hálfu barnaverndarnefndar, líkt og lög gera ráð fyrir. Telja þeir að ekki sé tryggt að sérskipaður talsmaður komi skoðunum barns skýrar og betur á framfæri en þegar er gert á vettvangi barnaverndarnefndanna.

Sá skilningur virðist ríkjandi að fyrst og fremst beri að tryggja börnum „lagaleg réttindi“ með skipun talsmanns, þ.e. löglærðan réttargæslumann. Aðalatriðið ætti hins vegar að vera að hugað sé að framtíðarvelferð barnsins, þ.e. að tilfinningaleg, sálræn og félagsleg velferð barnsins sé höfð í fyrirrúmi við skipun talsmanns og alla málsmeðferð.

Reglur um skipan talsmanns.

Skipan talsmanns fyrir börn er nýmæli í hérlendri löggjöf. Þau fáu ár sem liðin eru frá gildistöku laga um skipan talsmanns hefur komið í ljós að margir telja að leiðbeinandi reglur skorti með lögunum eða jafnvel bindandi lagafyrirmæli til að auðvelda framkvæmdina og þar komi sá skilningur fram sem að framan greinir.

275. Fyrirspurn [243. mál]

til viðskiptaráðherra um samskipti smásala og framleiðenda á neytendavörumarkaði.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Hefur ráðherra eða Samkeppnisstofnun látið kanna hvaða áhrif samþjöppun á smásölumarkaði neytendavöru, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, hefur á samband og viðskiptakjör framleiðenda og smásala? Hafi það verið gert, hverjar eru helstu niðurstöður hennar? Hafi slík könnun ekki verið gerð, hyggst ráðherra beita sér fyrir henni?
2. Fylgjast samkeppnisyfirvöld sérstaklega með háttsemi markaðsráðandi verslanakeðja til þess að koma í veg fyrir að þær misbeiti ráðandi markaðsstöðu sinni?
3. Er ráðherra kunnugt um að fyrir liggi upplýsingar hjá Samkeppnisstofnun um að markaðsráðandi fyrirtæki selji vörur um lengri eða skemmri tíma án álagningar og í sumum tilfellum langt undir kostnaðarverði? Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að markaðsráðandi fyrirtækjum verði bannað að selja vörur undir kostnaðarverði?
4. Hefur verið kannað hvernig afsláttur framleiðenda til smásala skilar sér til neytenda?
5. Hefur verið kannað hvort álagning á íslenskar framleiðsluvörur er að jafnaði hærri hjá smásölum en á innfluttar vörur?

6. Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurskoðun samkeppnislaga sem eru orðin fimm ára? Ef svo er, verður í þeirri endurskoðun hugað sérstaklega að því að herða eftirlit með háttsemi markaðsráðandi fyrirtækja?

Skriflegt svar óskast.

276. Fyrirspurn [244. mál]

til heilbrigðisráðherra um meðferð upplýsinga úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Eru upplýsingar úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana sendar Krabbameinsfélagi Íslands og skráðar þar í krabbameinsskrá? Ef svo er:
   a. hafa þessar upplýsingar verið nýttar til skýrslugerðar heilbrigðisyfirvalda, til tölfræðilegra athugana og annarra vísindarannsókna,
   b. hafa þessar upplýsingar verið samkeyrðar með öðrum gagnagrunnum, svo sem ættfræðilegum gagnagrunnum,
   c. hefur verið leitað eftir upplýstu samþykki þeirra sem upplýsingarnar varða fyrir þessari notkun,
   d. hefur slík úrvinnsla hlotið umfjöllun tölvunefndar og vísindasiðanefndar?
2. Hafa upplýsingar sem einstaklingar veita við krabbameinsleit verið nýttar til skýrslugerðar heilbrigðisyfirvalda, til tölfræðilegra athugana og annarra vísindarannsókna? Ef svo er:
   a. hafa þessar upplýsingar verið samkeyrðar með öðrum gagnagrunnum, svo sem ættfræðilegum gagnagrunnum,
   b. hefur verið leitað eftir upplýstu samþykki þeirra sem upplýsingarnar varða fyrir notkun af þessu tagi?
3. Eru dæmi þess að heilbrigðisstofnanir, eða starfsmenn þeirra, sem hafa undir höndum heilsufarsupplýsingar, noti slíkar upplýsingar til annarra nota en þeirra sem þær voru í upphafi ætlaðar, svo sem ritunar fræðigreina í t.d. Læknablaðið, án upplýsts samþykkis?

Skriflegt svar óskast.

277. Tillaga til þingsályktunar [245. mál]

um ofbeldisatriði í sjónvarpi.

Flm.: Ólafur Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fara þess á leit við fulltrúa sína í útvarpsráði að þeir beiti sér fyrir því að hætt verði að sýna ofbeldisatriði í sjónvarpinu á þeim tíma sem þess er helst að vænta að börn séu að horfa á það.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu síðari ár um samband ofbeldisatriða í kvikmyndum og fjölgun voðaverka barna og unglinga bæði hér heima og erlendis. Hafa ýmsar kröfur verið uppi um aðgerðir af hálfu opinberra aðila til þess að spyrna á móti þessari þróun og sumar ratað alla leið á Alþingi. Er þá jafnvel rætt um að setja upp enn eina ríkisstofnun, eins konar ofbeldisvarnaráð, sem hafi það hlutverk að dreifa fræðsluefni og standa fyrir hvers konar átaksverkefnum meðal unglinga gegn þessari þróun.

Flutningsmaður hefur ekki mikla trú á slíku ríkisapparati og leyfir sér að benda á þann tvískinnung sem þegar ríkir af hálfu hins opinbera í vímuefnamálum, þar sem það annars vegar annast innflutning og alla sölu á áfengi en á hinn bóginn ver nokkru af gróðanum til að halda uppi vímuvarnaráði sem berst gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna. Flutningsmanni finnst líka gegna talsvert öðru máli þegar menn bera sig sjálfir eftir ofbeldisefni, kaupa það á myndbandaleigum eða með áskrift að sjónvarpsstöðvum, eða hinu, þegar því er beinlínis neytt upp á þá svo sem raun er á þegar ríkið rekur sjónvarpsstöð og innheimtir með góðu eða illu afnotagjöld af því, og notar svo tækifærið til að hella yfir varnarlausa neytendur efni af þessu tagi. Sérstaklega hefur verið bent á þá samþjöppun ofbeldisatriða sem er að finna í bíóauglýsingum á fréttatíma eða kringum annað efni, þegar búast má við að fjölskyldan hyggist njóta samverustunda fyrir framan skjáinn. Síðan er þar að finna í viku hverri fleiri eða færri sjónvarpsþætti, sem mega teljast kennslustundir í ofbeldi, spörkum, lamningu og lemstrun fólks, með þeim árangri sem endurspeglast í miðbæ Reykjavíkur um helgar. Þessu er fram haldið af því sama ríkisvaldi og um áratuga skeið hefur talið Íslendinga of viðkvæmar sálir til að kaupa sig inn á sýningar á hnefaleikum og raunar bannað mönnum að þjálfa sig í þeirri íþrótt.

Eina frambærilega ástæðan fyrir því að halda úti sjónvarpsrekstri fyrir fé skattborgaranna er sú að með því móti megi halda uppi menningarlegri dagskrá en þær stöðvar treysta sér til sem fjárhagslega eiga allt sitt undir duttlungum neytenda og auglýsenda. Því virðist nærtækt að löggjafinn og ríkisvaldið gefi að minnsta kosti sinni eigin stofnun fyrirmæli um að hætta þessum kennslustundum í ofbeldi í skylduáskrift.

Um það má þó deila hvort Alþingi getur gefið þeim sem sitja í nefndum og ráðum á þess vegum og ábyrgð nokkur fyrirmæli. Væntanlega sitja þeir þar vegna þess að Alþingi treystir þeim til sjálfstæðra ákvarðana um málefni þeirra stofnana sem þeir eiga að hafa áhrif á. Flutningsmaður getur þó ekki séð að það sé úr vegi að Alþingi láti vilja sinn í ljós um þau efni ef ástæða þykir til og beini til þessara fulltrúa sinna tilmælum um aðgerðir.

Í það minnsta sýnist flutningsmanni að stjórnvöld stæðu sterkar að vígi um aðgerðir gegn ofbeldisvandanum ef þau bæru sjálf hreinan skjöld í þeim efnum.

278. Frumvarp til laga [246. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1990, um laun forseta Íslands.

Flm.: Ólafur Hannibalsson, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Orðin „og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum“ í 2. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Við gildistöku þessara laga verða eftirfarandi breytingar:

1. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. tollalaga, nr. 55/1987, fellur brott.
2. Orðin „Forseti Íslands og maki hans“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, falla brott.
3. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, fellur brott.
4. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Forsætisráðherra skal láta meta kjaraskerðingu forseta Íslands sem hlýst af lögfestingu þessara laga. Bæta skal forseta Íslands þá kjaraskerðingu með hækkun á mánaðarlaunum.

Greinargerð.

Markmið frumvarpsins er að gera launakjör forseta Íslands gagnsæ. Það á að vera meginforsenda skattalöggjafar að hún sé einföld og að jafnræðis þegnanna sé gætt. Stefnt skal að fækkun undanþágna frá skattskyldu.

Bráðabirgðaákvæðinu er ætlað að tryggja að forsetinn njóti sömu launakjara eftir breytinguna og fyrir.

Frumvarp svipaðs efnis var flutt á 120. löggjafarþingi (224. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Bráðabirgðaákvæði í þessu frumarpi er þó nýtt. Áðurnefndu frumvarpi fylgdi ítarleg greinargerð ásamt fylgiskjölum og vísast til þess um frekari rökstuðning fyrir frumvarpi þessu.

279. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]

um arðsemismat.

Flm.: Ólafur Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um arðsemismat sem auk umhverfismats verði lagt til grundvallar stórframkvæmdum í mannvirkjagerð í framtíðinni. Frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi á næsta löggjafarþingi.

Greinargerð.

Ekki er ýkja langt síðan leitt var í lög að við stórfellda mannvirkjagerð skyldi fara fram vandað umhverfismat og er það nú skylt orðið, t.d. við allar stóriðjuframkvæmdir og gerð virkjana til raforkuframleiðslu. Víða erlendis og þá einkum í Bandaríkjunum hefur þetta ekki þótt nægilegt til að tryggja hagsmuni almennings og óborinna kynslóða og því verið lögleidd skylda um arðsemismat jafnframt umhverfismati. Við arðsemismat af þessu tagi er m.a. reynt að fá úr því skorið til hvaða margvíslegra annarra nytja en fyrirhugaðra stórframkvæmda viðkomandi landsvæði geti orðið og hvað sú starfsemi geti gefið af sér og loks hver ávinningur sé eða geti mögulega orðið af því að geyma landið óbreytt komandi kynslóðum til handa og eftirláta þannig afkomendum okkar að taka ákvörðun um nýtingu þess.

Til frekari skýringa á því hvað átt er við með hugtakinu „arðsemismat" hefur flutningsmaður fengið kunnáttumann til að leggja drög að skilgreiningu á því og er hún á þessa leið:

„Verðmæti náttúru og auðlinda.

Auðlindir og náttúrulegt umhverfi eru verðmæti sem hafa áhrif á velferð fólks. Hluti af velferð fólks eru þau not sem það hefur af náttúrlegu umhverfi, svo sem möguleikar til útivistar, landslag og fjölbreytileiki lífríkis. Verðmæti náttúrulegra auðlinda og umhverfis er samanlagt núvirði þeirra nota sem fólk hefur af viðkomandi þáttum, þ.e. þá er búið að taka tillit til nota dagsins í dag og í framtíðinni.

Verðmætamat.

Framkvæmdir og mannvirki geta haft áhrif á not fólks af náttúrulegu umhverfi, t.d. með því að breyta landslagi, draga úr fjölbreytileika dýra- og plöntulífs eða takmarka á einhvern hátt not þjóðfélagsins af umhverfinu. Með því að breyta möguleika fólks á að nota náttúrulegt umhverfi hafa verðmæti þess breyst. Ef þjóðfélag leitast við að hámarka verðmæti náttúrulegs umhverfis og auðlinda er nauðsynlegt að bera saman arðsemi (ábata) þeirra fyrirhuguðu framkvæmda sem breyta umhverfinu og kostnað við þá breytingu sem felst í breyttum notkunarmöguleikum.

Við mat á breytingum á verðmæti náttúrulegs umhverfis þarf að taka tillit til framtíðarnota þess. Því þarf að spá fyrir um hvernig fólk muni nýta viðkomandi svæði í framtíðinni, t.d. hvort fleiri munu koma til með að njóta viðkomandi landslags eða nýta möguleika til útivistar á svæðinu. Jafnframt þarf að taka tillit til þess hvort önnur landnýting sem ekki er þekkt nú geti skapað meiri ábata en fyrirhuguð framkvæmd, þ.e. að núvirði fyrirhugaðrar framkvæmdar sé lægra en virði þess að bíða og kanna aðra landnotkunarkosti.

Arðsemismat framkvæmda.

Grunnur að arðsemismati framkvæmda er að framkvæmdaaðili kannar nokkra mögulega framkvæmdakosti ábata og kostnaðar. Hann áætlar framtíðarstreymi tekna og kostnaðar hvers kosts og reiknar út núvirði þeirra. Framkvæmdaaðili velur þann kost sem hefur hæsta núvirðið. Sá framkvæmdakostur sem hefur hæsta núvirði, að teknu tilliti til allra tekna og kostnaðar, hámarkar hagnað fyrirtækisins."

Enn fremur má benda á að hingað til hefur land það sem Landsvirkjun hefur fengið til framkvæmda ekki verið metið til fjár og reiknað fyrirtækinu til kostnaðar. Nú er líka svo komið að mengun hefur fengið sjálfstætt verðgildi, enda má reikna með að mengunarkvótar gangi innan skamms kaupum og sölum á almennum markaði. Það er því unnt með nokkurri vissu að verðleggja ýmsa þætti sem ekkert tillit hefur til skamms tíma verið tekið til og bera

þá saman við aðra kosti í stöðunni. Því er nauðsynlegt að löggjöf sé sett um framkvæmd arðsemismats og hún byggð á bestu fyrirmyndum erlendis.

Til marks um það hve sérfróðir menn geta komist að ólíkum niðurstöðum í þessum efnum eru birtar hér sem fylgiskjöl tvær greinar sem birtust í tímaritinu Vísbendingu í ágúst 1998.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Kostnaður Íslendinga af stóriðju. Sigurður Jóhannesson hagfræðingur (Vísbending, 7. ágúst 1998).
II. Um ávinning af stóriðju. Páll Harðarson hagfræðingur (Vísbending, 4. september 1998).

280. Frumvarp til laga [248. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 6. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Skilyrði þess að veiðileyfi sé flutt til annars skips er að eigandi skips, sem veiðileyfi lætur, hafi skriflega óskað eftir því að veiðileyfi sé flutt til skips sem er á skipaskrá hjá Siglingastofnun Íslands og hefur gilt haffærisskírteini. Þó skal heimilt að flytja veiðileyfi yfir á skip í smíðum þegar það hefur fengið skipaskrárnúmer hjá Siglingastofnun Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að kveðið verði skýrt á um það hvaða skilyrðum þau skip sem veiðileyfi eru flutt til þurfa að fullnægja, þ.e. að þau séu á skipaskrá og hafi gilt haffærisskírteini. Jafnframt er lagt til að gerð verði undantekning frá þessari meginreglu varðandi skip sem eru í smíðum þannig að hægt sé að flytja veiðileyfi og aflahlutdeild til þeirra um leið og þau hafa fengið skipaskrárnúmer hjá Siglingastofnun Íslands.

Þær reglur sem gilda um flutning veiðileyfa á milli skipa geta skapað vandamál fyrir útgerðir sem eru að endurnýja skipakost sinn með því að láta smíða ný skip sem komi í stað eldri skipa. Í sumum tilvikum er staðan sú að útgerð þarf að selja frá sér skip eða úrelda og selja úr landi meðan á smíði nýja skipsins stendur og áður en það getur hlotið haffærisskírteini. Við slíkar aðstæður getur útgerð þurft að láta geyma veiðileyfi sitt á öðru skipi, e.t.v. í eigu óskyldra aðila, þar til nýja skipið fær haffærisskírteini. Í ljósi þess hversu íþyngjandi það getur verið fyrir útgerðir að fá veiðileyfi geymt tímabundið verður að telja eðlilegt að þeim sé gefinn kostur á því að flytja veiðileyfi og aflahlutdeild yfir á nýtt skip um leið og það hefur fengið skipaskrárnúmer hjá Siglingastofnun Íslands. Þar að auki má það teljast eðlilegra að veiðileyfið og aflahlutdeildin séu flutt beint yfir á það skip sem ætlunin er að nýti þau réttindi sem veiðileyfið og aflahlutdeildin skapar.

Eins og sjá má af frumvarpsgreininni er ljóst að ekki er verið að leggja til neinar grundvallarbreytingar á skilyrðum þess að skip fái veiðileyfi. Einungis er verið að opna fyrir undantekningarákvæði til þess að afstýra vandræðum þegar sérstaklega stendur á.

Þær lagabreytingar voru gerðar fyrr á þessu ári að veiðiskylda skipa var aukin. Það leiðir af eðli máls að þau ákvæði munu að sjálfsögðu gilda um þau skip sem frumvarpið kveður á um, líkt og um önnur skip. Þar með er ljóst að ekki er hætta á að menn reyni að misnota lagaákvæði af þessu tagi, enda féllu veiðileyfi og aflahlutdeild niður ef lagaákvæði um veiðiskylduna yrði ekki uppfyllt.

281. Svar [38. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um rekstrarkostnað Rafmagnsveitna ríkisins.

Eftirfarandi svör eru byggð á upplýsingum sem aflað var hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Við vinnslu fyrirspurnarinnar hefur verið höfð hliðsjón af sjónarmiðum um meðferð persónuupplýsinga. Þá hefur Ríkisendurskoðun yfirfarið og staðfest fjárhagsupplýsingar sem fram koma í svarinu.

1. *Hver eru laun, lífeyrisréttindi og önnur starfskjör stjórnenda Rafmagnsveitna ríkisins, sundurliðað eftir stöðuheitum, fjölda stjórnenda og kynjum, föstum launum, öðrum greiðslum eins og stjórnargreiðslum og hvers konar þóknunum og hlunnindum, þ.m.t. bílahlunnindum og risnu?*

Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins er skipuð sjö mönnum, sex körlum og einni konu. Að auki situr fulltrúi iðnaðarráðuneytisins stjórnarfundi. Laun þessara aðila eru samtals 271.692 kr. á mánuði. Sama mánaðarlega fjárhæð er greidd öllum stjórnarmönnum og fulltrúa iðnaðarráðuneytisins, en þóknun stjórnarformanns er tvöföld.

Stjórnendur Rafmagnsveitnanna eru þrír karlmenn, rafmagnsveitustjóri og tveir framkvæmdastjórar, og eru laun þeirra nú samtals 1.313.732 kr. á mánuði. Laun rafmagnsveitustjóra eru ákveðin af kjaranefnd. Hvorki stjórnarmenn, rafmagnsveitustjóri, framkvæmdastjórar né aðrir starfsmenn fá bílahlunnindi eða risnugreiðslur frá Rafmagnsveitunum. Fastir bifreiðastyrkir voru afnumdir árið 1995, en nokkrir starfsmenn höfðu samning þar að lútandi, og í stað þeirra voru eftir atvikum teknar upp greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna samkvæmt akstursdagbók og reglum ferðakostnaðarnefndar um kílómetragjald.

Rafmagnsveitustjóri og annar framkvæmdastjórinn eru í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, en hinn framkvæmdastjórinn í lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands.

2. *Hver hefur verið ferðakostnaður erlendis árin 1993–97, að báðum árum meðtöldum, hve margar ferðir voru farnar hvert ár um sig, hvernig sundurliðast kostnaðurinn milli flugfargjalda, gistikostnaðar og dagpeningagreiðslna? Sérstaklega er óskað eftir sundurliðun á fjölda ferða stjórnenda og maka þeirra, svo og árlegum sundurliðuðum kostnaði við þær.*

Um ferðalög erlendis á vegum Rafmagnsveitna ríkisins gilda almennar reglur ríkisins. Rafmagnsveitustjóri ákveður hvaða utanlandsferðir eru nauðsynlegar vegna rekstrar fyrirtækisins og framkvæmda. Iðnaðarráðuneytið staðfestir síðan hverja ferð fyrir sig með áritun

á ferðaheimild. Rafmagnsveiturnar greiða ekki fargjöld eða dagpeninga fyrir maka og hafa ekki gert það.

Ferðakostnaður erlendis undanfarin fimm ár hefur verið sem hér segir (fjárhæðir í kr.):

	1993	1994	1995	1996	1997
Ferðakostnaður	2.825.535	1.923.403	2.054.104	2.722.446	1.478.669
Almennir dagpeningar	4.976.884	3.761.093	3.357.582	4.105.877	3.030.545
Námsleyfisdagpeningar	1.578.405	1.199.774	1.150.231	0	0
Gistikostnaður	831.200	363.736	281.612	945.141	644.823
Alls	**10.212.024**	**7.248.006**	**6.843.529**	**7.773.464**	**5.154.037**

Þar af ferðakostnaður stjórnar og stjórnenda:

	1993	1994	1995	1996	1997
Ferðakostnaður	1.453.436	528.039	368.339	789.802	407.301
Almennir dagpeningar	1.521.752	966.395	535.730	555.837	378.164
Námsleyfisdagpeningar	1.578.405	0	0	0	0
Gistikostnaður	831.200	363.736	190.429	585.848	435.091
Alls	**5.384.793**	**1.858.170**	**1.094.498**	**1.931.487**	**1.220.556**

Fjöldi ferða tilgreind ár var sem hér segir:

	1993	1994	1995	1996	1997
Alls	39	30	28	37	27
Þar af ferðir stjórnar og stjórnenda	17	10	5	9	5

3. Hvaða reglur gilda um bifreiðahlunnindi og risnu- og ferðakostnað stjórnenda?

Um meðferð bifreiða og risnu vegna starfa á vegum Rafmagnsveitnanna gilda almennar reglur ríkisins. Starfsmenn Rafmagnsveitnanna fá hvorki bifreiðahlunnindi né fasta risnu. Að öðru leyti vísast til 1. liðar um bifreiðahlunnindi og 2. liðar um ferðakostnað.

Rafmagnsveitustjóri veitir heimild til að stofna til risnukostnaðar í samræmi við reglur ríkisins og samþykkir slíkan kostnað.

4. Hver var árlegur risnukostnaður 1993–97, að báðum árum meðtöldum, sundurliðaður eftir

a. fastri risnu greiddri einstökum stjórnendum,

b. risnu greiddri samkvæmt reikningi,

c. helstu þáttum risnunnar og kostnaði við hvern þeirra, auk helstu tilefna hennar?

Stjórnendur fá ekki greidda fasta risnu eins og fram kemur í 3. lið. Risnukostnaður var eftirfarandi á árunum 1993–97:

Ár	Kr.
1993	3.812.287
1994	4.087.712
1995	4.606.623
1996	3.404.241
1997	5.551.671

Helstu tilefni risnukostnaðar tengjast ýmsum ráðstefnum, t.d. á vegum Samorku, Nordel o.fl., kynnisferðum stjórnar, móttökum, ársfundi, árshátíðum og öðrum slíkum tilefnum sem varða starfsmenn, svo og viðskiptum við erlenda og innlenda aðila. Um 2 millj. kr. af risnukostnaði 1997 voru vegna 50 ára afmælis fyrirtækisins.

5. *Hefur verið farið í laxveiðiferðir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins? Ef svo er, hvernig skiptist árlegur kostnaður af þeim sl. fimm ár milli laxveiðileyfa og annarra útgjalda? Hve margar ferðir voru farnar á ári hverju, hvert var farið, hverjir voru þátttakendur í slíkum ferðum og hver voru tilefni þeirra?*

Ekki hefur verið farið í laxveiðiferðir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins á því tímabili sem óskað er upplýsinga um. Hins vegar var árið 1991 farin ein slík ferð á vegum Rafmagnsveitnanna í tengslum við stjórnarfund og fund með iðnaðarráðherra. Heildarkostnaður vegna þessa nam 382.420 kr. og voru veiðileyfi þar af 120.000 kr.

Rétt er að geta þess einnig að þegar Rafmagnsveiturnar keyptu raf- og hitaveitu Siglufjarðar og Skeiðsfossvirkjun 1991 var hluti af kaupsamningi að starfsmenn Siglufjarðarveitna héldu laxveiðihlunnindum, sem þeir höfðu haft, í tvö ár, þ.e. 1992 og 1993. Kostnaður vegna þessa var 200.000 kr. árið 1993.

6. *Hverjir taka ákvarðanir um ferðir stjórnenda erlendis og laxveiðar sé um þær að ræða?*

Iðnaðarráðuneytið staðfestir ferðir stjórnenda RARIK erlendis, sem og annarra starfsmanna, með áritun á ferðaheimild, sbr. 2. lið. Hins vegar tekur rafmagnsveitustjóri ákvarðanir um laxveiðiferðir á vegum rafmagnsveitnanna.

282. Fyrirspurn [249. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um samstarfssamninga lækna á opinberum sjúkrastofnunum við Íslenska erfðagreiningu.

Frá Ólafi Hannibalssyni.

1. Hafa peningagreiðslur runnið til lækna, sem eru í starfi á sjúkrahúsum og hafa gert samstarfssamninga við Íslenska erfðagreiningu, fyrir upplýsingar sem hafa orðið til þegar sjúklingar lágu á sjúkrahúsi?
2. Sé svo, er þá ekki eðlilegt að þær greiðslur renni beint til viðkomandi sjúkrastofnana?
3. Hafa stjórnir sjúkrastofnana í öllum tilfellum fengið afrit af öllum þeim samningum sem læknar þar hafa gert við Íslenska erfðagreiningu?

4. Telur heilbrigðisráðherra þörf á að setja almennar reglur um slíka samstarfssamninga?

Skriflegt svar óskast.

283. Fyrirspurn [250. mál]

til fjármálaráðherra um samkomulag þjóðkirkju og kirkjumálaráðherra.

Frá Ólafi Hannibalssyni.

1. Hvaða árlegar skuldbindingar tók ríkissjóður á sig með samningi þjóðkirkjunnar og ráðherra kirkjumála í ágúst sl. umfram það sem áður gilti?
2. Verða þær skuldbindingar færðar til gjalda á ríkisreikningi og við gerð fjárlaga?
3. Mun þjóðkirkjan eftir gerð samkomulagsins gefa út afsal til ríkissjóðs fyrir öllum kirkjujörðum?

Skriflegt svar óskast.

284. Fyrirspurn [251. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um stefnumótun í heilbrigðismálum.

Frá Ólafi Hannibalssyni.

Hvað hefur breyst frá því eftirfarandi stefnumótun var sett fram af heilbrigðisráðuneytinu í mars 1997: „Þeirri meginreglu verður fylgt að upplýsingar séu varðveittar þar sem þær verða til. Ekki er áformað að setja upp miðlæga gagnabanka með persónutengdum upplýsingum um heilsufarsmálefni.“ (Stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, rit 1 1997, 3. liður, bls. 4.) — og þar til frumvarpið um gagnagrunn á heilbrigðissviði kom fram ári síðar?

Skriflegt svar óskast.

285. Frumvarp til laga [252. mál]

um breytingu á lögum nr. 16/1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson,
Árni Matthiesen, Árni R. Árnason,
Sigríður A. Þórðardóttir.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimilt skal Dvalarheimili aldraðra sjómanna að starfrækja happdrætti með peningavinningum. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slíkt happdrætti og hefur að öðru leyti eftirlit með starfsemi þess.

2. gr.

2. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér heimild fyrir Dvalarheimili aldraðra sjómanna til að reka happdrætti með peningavinningum. Gert er ráð fyrir að ágóði af slíku happdrætti renni til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Ráðgert er að heimild til reksturs slíks happdrættis verði bundin sömu tímamörkum og mælt er fyrir um í lögunum, þ.e. til ársloka 2007, og mælt verði nánar fyrir um starfsemi happdrættisins í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur.

Samkvæmt núgildandi lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna er því einungis heimilt að greiða andvirði vinninga út í vörum. Frá þeim tíma er heimild til reksturs slíks happdrættis var veitt hafa starfsskilyrði happdrætta breyst mikið og samkeppni þeirra aukist gríðarlega, einkum í kjölfar aukins framboðs happdrætta þar sem vinningar eru greiddir út í peningum. Samkeppnin hefur bitnað mjög á happdrættum SÍBS og DAS sem einungis hafa haft heimild til að greiða andvirði vinninga út í vörum. Í nágrannalöndum okkar hefur orðið svipuð þróun og er nú svo komið að vöruhappdrætti í þeirri mynd sem þekkist hér á landi heyra sögunni til og af þeim sökum hefur íslenskum vöruhappdrættum verið ómögulegt að tengjast erlendum happdrættum.

Við þessar aðstæður hafa vöruhappdrætti á borð við happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, DAS, og Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, SÍBS, átt mjög undir högg að sækja þar sem enginn áhugi er lengur fyrir því að fá andvirði vinnings greitt í búpeningi og búvélum og þátttakendur leita til peningahappdrættanna á kostnað fyrrgreindra vöruhappdrætta.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 6/1926, um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), er óheimilt án lagaheimildar að setja á stofn „peningahappdrætti eða önnur því lík happspil“. Lagasetning í fyrrgreindu skyni er því nauðsynleg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi felur í sér heimild fyrir Dvalarheimili aldraða sjómanna til reksturs happdrættis með peningavinningum. Gert er ráð fyrir að mælt verði nánar fyrir um starfsemi slíks happdrættis í reglugerð og þar með hvernig það yrði rekið. Ekki er unnt að veita leyfi til starfrækslu happdrættis af þessu tagi nema lagaheimild komi til.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að 2. gr. laga nr. 16/1973 falli brott en í henni er mælt fyrir um hvernig útdrætti skuli hagað. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 16/1973 setur ráðherra með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins og því óþarft að mæla fyrir um fyrirkomulag útdrátta í lögum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

286. Frumvarp til laga [253. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson,
Árni Matthiesen, Árni Ragnar Árnason,
Sigríður A. Þórðardóttir.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein sem verður 2. gr. og orðast svo:

Heimilt skal Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga að reka happdrætti með peningavinningum. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slíkt happdrætti og hefur að öðru leyti eftirlit með starfsemi þess.

2. gr.

2. gr. laganna, sem verður 3. gr., orðast svo:

Vinningar í happdrættinu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér heimild fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga til að reka happdrætti með peningavinningum. Gert er ráð fyrir að ágóða af slíku happdrætti verði varið eins og mælt er fyrir um í lögum nr. 18/1959. Ráðgert er að heimild til reksturs slíks happdrættis verði bundin sömu tímamörkum og mælt er fyrir í lögum nr. 18/1959, þ.e. til ársloka 1999, og mælt verði nánar fyrir um starfsemi happdrættisins í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur.

Verði þetta frumvarp að lögum er nauðsynlegt að breyta heiti laganna og verði heiti þeirra þá: Lög um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, SÍBS.

Samkvæmt núgildandi lögum er Sambandi íslenskra berklasjúklinga einungis heimilt að reka vöruhappdrætti. Frá þeim tíma er heimild til reksturs slíks happdrættis var veitt hafa starfsskilyrði happdrætta breyst mikið og samkeppni aukist gríðarlega, einkum í kjölfar aukins framboðs happdrætta þar sem vinningar eru greiddir út í peningum. Samkeppnin hefur bitnað á happdrættum SÍBS og DAS sem einungis hafa haft heimild til að greiða andvirði vinninga út í vörum. Í nágrannalöndum okkar hefur orðið svipuð þróun og er nú svo komið að vöruhappdrætti í þeirri mynd sem þekkist hér á landi heyra sögunni til og af þeim sökum hefur íslenskum vöruhappdrættum verið ómögulegt að tengjast erlendum happdrættum.

Við þessar aðstæður hafa vöruhappdrætti á borð við happdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, SÍBS, og Dvalarheimilis aldraða sjómanna, DAS, átt undir högg að sækja þar sem enginn áhugi er lengur fyrir því að fá andvirði vinnings greitt út í varningi og þátttakendur leita til peningahappdrættanna á kostnað fyrrgreindra vöruhappdrætta.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 6/1926, um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), er óheimilt án lagaheimildar að setja á stofn „peningahappdrætti eða önnur því lík happspil". Lagasetning í fyrrgreindu skyni er því nauðsynleg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi felur í sér heimild fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga til reksturs happdrættis með peningavinningum. Gert er ráð fyrir að mælt verði nánar fyrir um starfsemi slíks happdrættis í reglugerð og þar með hvernig það yrði rekið. Ekki er unnt að veita leyfi til starfrækslu happdrættis af þessi tagi nema lagaheimild komi til.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

287. Svar [126. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um framkvæmd þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnar til að skapa skilyrði til að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981, sbr. þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem samþykkt var 13. maí 1997?*
2. *Hyggst félagsmálaráðherra beita sér fyrir að samþykktin verði fullgilt á þessu þingi?*

Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur verið fjallað um samþykkt nr. 156 í samráðsnefnd sem fjallar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og félagsmálasáttmála Evrópu. Í henni sitja fulltrúar frá ASÍ og VSÍ og fulltrúi félagsmálaráðuneytis, sem er formaður.

Í nefndinni hefur verið ágreiningur um ákvæði 8. gr. samþykktarinnar, sem kveður á um að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs. Félagsmálaráðherra hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að í lengstu lög sé þess freistað að ná fram samkomulagi aðila vinnumarkaðarins áður en samþykktin verður fullgilt. Má í því sambandi benda á að fyrrnefnd 8. gr. samþykktarinnar felur í sér breytingu á þeirri meginreglu í íslenskum rétti að atvinnurekendur þurfi ekki að gefa upp ástæður uppsagnar. Á fundi í ILO-nefndinni sem haldinn var í október sl. lýsti ráðherra því yfir að hann hyggðist stefna að fullgildingu samþykktarinnar á þessu löggjafarþingi enda kunni slík fullgilding að vera góður grundvöllur stefnumótunar hins opinbera í málefnum fjölskyldunnar. Samþykkt var á fundinum að kanna möguleika á fyrirvara við ákvæði 8. gr. en freista þess ella að ná samkomulagi um lagabreytingar sem nauðsynlegar eru fyrir fullgildingu. Í því sambandi hefur verið rætt um þann möguleika að breyta lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum o.fl., en gæta þarf þess að þau lög taka ekki til alls vinnumarkaðarins. Því kann að vera hentugri lausn að setja sérlög vegna ákvæðis 8. gr. Þess er vænst að ILO-nefndin skili fullmótuðum tillögum um málið fyrir áramót og í framhaldi af því hyggst ráðherra leggja málið fyrir Alþingi.

288. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [254. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Davíð Oddsson, Halldór Ásgrímsson, Sighvatur Björgvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 65/1984, orðast svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.

Kjördæmi skulu vera sex. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni.

Í hverju kjördæmi skulu vera minnst fimm kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. mgr.

Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæða á Alþingi.

2. gr.

Við stjórnarskrána bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, verða 1. desember árið 2000 helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn, í samræmi við 5. mgr. 31. gr., breyta fjölda þingsæta í kjördæmum frá og með 1. janúar árið 2001 í því skyni að draga úr þeim mun.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi.

Greinargerð.

I.

Tillögur nefndar um breytta skipan kjördæma og breytingar á þeim.

Hinn 8. september 1997 skipaði forsætisráðherra nefnd til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin var skipuð samkvæmt tilnefningum þingflokka að undangengnu samráði við formenn allra stjórnmálaflokka sem þá áttu fulltrúa á Alþingi. Í nefndinni áttu sæti alþingismennirnir Friðrik Sophusson, fyrrverandi ráðherra, sem jafnframt var formaður, Geir H. Haarde fjármálaráðherra, samkvæmt tilnefningu þingflokks sjálfstæðismanna, Valgerður Sverrisdóttir, samkvæmt tilnefningu þingflokks framsóknarmanna, Guðmundur Árni Stefánsson, samkvæmt tilnefningu þingflokks jafnaðarmanna, Svavar Gestsson, samkvæmt tilnefningu þingflokks Alþýðubandalagsins og óháðra, og Guðný Guðbjörnsdóttir, samkvæmt tilnefningu þingflokks Samtaka um kvennalista.

Nefndin skilaði forsætisráðherra skýrslu 6. október 1998 sem hann hefur lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi (141. mál, þskj. 141) og vísast eftir atvikum í hana um nánari skýringar og upplýsingar.

Í skýrslunni er fjallað um núverandi kosningakerfi, þjóðfélagslega nauðsyn breytinga á því og markmið þeirra. Þau markmið, sem nefndin setti sér, voru:

— Að gera kosningakerfið *einfalt* og *auðskiljanlegt.*
— Að *draga úr misvægi atkvæða* þannig að hlutfall kjósenda að baki hverju þingsæti þar sem munurinn er mestur milli kjördæma verði sem næst *1:1,5 til 1:1,8.*
— Að *þingsætafjöldi* í hverju kjördæmi verði *sem jafnastur.*
— Að áfram verði *jöfnuður á milli stjórnmálasamtaka á landsvísu* til að fjöldi þingsæta hvers flokks sé í sem bestu hlutfalli við kjósendatöluna.
— Að *þingmenn* verði áfram *63* eins og nú er.

Á þessum grundvelli kannaði nefndin fjölda hugmynda um breytt kosningafyrirkomulag og skipan kjördæma eins og nánar er gerð grein fyrir í 4. kafla skýrslu hennar. Að þeim athuguðum varð niðurstaða nefndarinnar sú að á framangreindum forsendum yrði viðfangsefnið helst nálgast úr tveimur áttum. Önnur þeirra fælist í að búa við óbreytta kjördæmaskipun en fækka þingsætum í dreifbýliskjördæmum og fjölga þeim í þéttbýliskjördæmum að sama skapi, en um það væru þó mjög skiptar skoðanir. Þessi leið félli betur að sjónarmiðum margra innan stærri stjórnmálaflokkanna en andstaða væri meiri við hana í minni flokkunum, enda gæti hún leitt til þess að þingsæti stærri flokkanna yrðu óeðlilega mörg í fámennari kjördæmunum og þingsæti minni flokkanna að sama skapi óeðlilega mörg í þeim fjölmennari. Hin leiðin var sú að breyta mörkum kjördæma frá því sem nú er. Þar sem vilji var til þess hjá forustumönnum stjórnarflokkanna að leita heildarsamkomulags um málið hlaut lausn þess að vera fólgin í þeirri leið. Í því skyni kannaði nefndin fjölda leiða og útfærði nokkrar þeirra í köflum 4.5, 5 og 6 í skýrslu sinni.

Auk framangreindra meginmarkmiða lagði nefndin þær forsendur til grundvallar starfi sínu að kjördæmin hefðu *svipaðan fjölda þingsæta* — 5 til 10 í hverju kjördæmi — og að úthlutun þeirra byggðist á svonefndri *d'Hondt-reglu.* Þá gekk hún jafnframt út frá því að misvægi milli atkvæða kjósenda í einstökum kjördæmum mætti helst ekki verða meira en 1:1,5 til 1,8 og alls ekki meira en 1:2. Þessar forsendur byggðust á málamiðlun í nefndinni og vísast til skýrslu hennar um nánari skýringar og ástæður þeirra.

Til að framangreindum markmiðum yrði náð á þessum forsendum varð það niðurstaða nefndarinnar að skipta þyrfti landinu í 6 til 7 kjördæmi (3 til 4 kjördæmi á landsbyggðinni og 3 á höfuðborgarsvæðinu) með áþekkum fjölda þingsæta í hverju þeirra. Fyrir því færði nefndin eftirtaldar röksemdir:

1. Kosningakerfið verði einfaldara en ella vegna þess að ekki þurfi að beita flóknum aðferðum við úthlutun þingsæta svo sem nú er.
2. Ef fjöldi kjördæmissæta er nokkurn veginn sá sami í hverju kjördæmi þurfi ekki nema 9 jöfnunarsæti í heild til þess að tryggja nokkurn veginn algeran jöfnuð milli stjórnmálasamtaka miðað við kjörfylgi þeirra á landinu öllu. Ef kjördæmin yrðu fleiri með færri þingsætum eða eitt þeirra miklum mun fámennara en hin þyrfti að fjölga jöfnunarsætum og/eða taka upp flóknari úthlutunarreglur en d'Hondt-regluna til að tryggja þennan jöfnuð milli stjórnmálasamtaka.
3. Sé miðað við hlutfall kjósenda verði nokkurn veginn jafnauðvelt eða jafnerfitt fyrir framboðslista að ná kjördæmissæti hvar sem er á landinu.
4. Síðast en ekki síst verði þingmannahópar kjördæmanna tiltölulega jafnir að stærð en það ætti að tryggja jafnræði á milli þeirra.

Nefndin fjallaði jafnframt um helstu röksemdir sem færðar hafa verið gegn því að stækka landsbyggðarkjördæmin og breyta núverandi kjördæmamörkum, þ.e.:

1. Stækkun kjördæmanna valdi því að erfiðara verði að halda uppi persónulegum samskiptum milli þingmanna og kjósenda.
2. Núverandi kjördæmi séu stjórnsýsluumdæmi sem óæskilegt sé að hrófla við.

Þótt þessar röksemdir ættu rétt á sér benti nefndin þó enn fremur á að samgöngur hefðu batnað stórkostlega frá árinu 1959 þegar núverandi kjördæmaskipun var tekin upp og færu batnandi. Þá fylgdi skipting landsins í stjórnsýsluumdæmi ekki nema í sumum tilvikum kjördæmamörkum, svo sem fram kæmi í 14. kafla skýrslu hennar. Ný kjördæmaskipun þyrfti heldur ekki, ein og sér, að hafa teljandi áhrif á stjórnsýslueiningar, enda væru sjálfstæðar ákvarðanir teknar um breytingar á mörkum þeirra.

Í 6. kafla í skýrslu nefndarinnar gerði hún að aðaltillögu sinni um breytta kjördæmaskipan að Vesturland, Vestfirðir og Húnavatnssýslur mynduðu svonefnt Norðvesturkjördæmi, að Skagafjarðarsýsla, Siglufjörður, Norðurland eystra og Múlasýslur mynduðu svonefnt Norðausturkjördæmi, að Austur-Skaftafellssýsla, Suðurland og Suðurnes mynduðu svonefnt Suðurkjördæmi, að Reykjanes án Suðurnesja myndaði svonefnt Suðvesturkjördæmi og að Reykjavíkurkjördæmi verði skipt í vestur- og austurkjördæmi. Með þessu móti yrðu mörk fjögurra af núverandi kjördæmum rofin, þ.e. Reykjavíkurkjördæmis, Reykjaneskjördæmis, Norðurlandskjördæmis vestra og Austurlandskjördæmis. Tekið skal fram hér að líta ber á heiti hinna nýju kjördæma sem vinnuheiti að svo stöddu.

Eftir að nefndin skilaði skýrslu sinni og forsætisráðherra lagði hana fyrir Alþingi hafa farið fram óformlegar umræður um hana jafnt innan þingsins sem í þjóðfélaginu almennt. Að beiðni forsætisráðherra hefur nefndin starfað áfram og fylgst með þessum umræðum og ábendingum sem fram hafa komið um tillögur hennar. Hinn 28. október 1998 ritaði formaður nefndarinnar forsætisráðherra svohljóðandi bréf:

„Nefnd sú sem þér skipuðuð 8. sept. 1997 og skilaði skýrslu um endurskoðun kjördæmaskipunar og tilhögun kosninga til Alþingis 6. okt. sl., hefur komið saman og rætt málið frekar með hliðsjón af þeim umræðum og ábendingum sem fram hafa komið um aðaltillögu nefndarinnar.

Eftir umræður í nefndinni vill hún taka fram eftirfarandi:

Nefndin leggur eindregið til að formenn stjórnmálaflokkanna leggi sem fyrst sameiginlega fram frumvarp um breytingar á kjördæmaskipan og kosningatilhögun.

Jafnframt telur nefndin koma vel til greina að þær breytingar verði gerðar á aðaltillögunni að Skagafjarðarsýsla verði færð úr NA-kjördæminu í NV-kjördæmið og að A-Skaftafellssýsla flytjist úr S-kjördæmi í NA-kjördæmið ef betri samstaða næst um þá skipan, enda í samræmi við meginmarkmið nefndarinnar.

Enn fremur skal minnt á að verði stjórnarskrárfrumvarpið að lögum verður auðveldara að breyta kjördæmamörkum í framtíðinni ef víðtæk samstaða er fyrir hendi (⅔ hlutar atkvæða).

Sé gert ráð fyrir því að Siglufjörður fylgi NA-kjördæminu verður þingmannatalan eins og hér segir:

Kjördæmi	Kjósendur	Þingsæti (kjördæma- og jöfnunarsæti)	Kjósendur að baki þingmanni
1. Norðvesturkjördæmi (Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra án Siglufjarðar)	21.502	9+1	2.150
2. Norðausturkjördæmi (Norðurland eystra, Austurland og Siglufjörður)	28.754	9+1	2.875
3. Suðurkjördæmi (Suðurland og Suðurnes)	25.007	9+1	2.501
4. Suðvesturkjördæmi (Reykjaneskjördæmi án Suðurnesja)	40.312	9+2	3.665
5. Reykjavík vestur	39.517	9+2	3.592
6. Reykjavík austur	39.516	9+2	3.592
Landið allt	**194.608**	**54+9**	**3.089**

Mesta misvægi 1:1,7.“

Forustumenn stjórnmálaflokkanna hafa fjallað um málið og ákveðið að standa sameiginlega að þeim breytingum á kjördæmaskipaninni sem lagðar eru til í síðastgreindu erindi nefndarinnar, ásamt öðrum breytingum á tilhögun þingkosninga sem af henni leiðir og nánar er gerð grein fyrir í skýrslu nefndarinnar. Jafnframt var fulltrúa þingflokks óháðra kynnt málið áður en frumvarp þetta var samið. Með þessu móti verður þá enn dregið úr mesta misvægi atkvæða milli kjördæma, meira en upphafleg aðaltillaga nefndarinnar gerði ráð fyrir, auk þess sem núverandi kjördæmum verður ekki skipt upp nema í tveimur tilvikum, þ.e. á Reykjanesi og í Reykjavík, þar eð Austurlandskjördæmi er sameinað Norðurlandi eystra og Norðurland vestra Vesturlands- og Vestfjarðakjördæmum með þeirri undantekningu að Siglufjörður fylgir hinu nýja Norðausturkjördæmi.

II.

Hliðarráðstafanir.

Með því að breytingar þessar miða að því að draga úr misvægi atkvæða milli landshluta leiða þær óhjákvæmilega til þess að nokkur þingsæti færast frá landsbyggðinni til þéttbýlis-

ins á suðvesturhorni landsins. Eðlilegt er að slík breyting leiði til umræðna um vanda landsbyggðarinnar. Í skýrslu nefndarinnar sagði m.a. svo um þessi atriði:

„*15.1 Byggða- og félagsmál.*
Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á skipun kjördæma og úthlutun þingsæta, gefa tilefni til að fjallað verði um hvort ástæða sé til að grípa til aðgerða til að styðja og styrkja búsetu á landsbyggðinni. Í því efni má nefna samgöngu- og vegamál, til að mynda örari endurbætur á vegtengingum einstakra byggða við aðalvegakerfi landsins, fjarskiptamál, húshitunarkostnað á hinum svonefndu köldu svæðum, námskostnað vegna framhaldsnáms o.fl.
...

15.2 Starfsaðstaða þingmanna.
Verði tillögur nefndarinnar að lögum er ljóst að aðstaða þingmanna til að sinna kjósendum í hinum landfræðilega stærri kjördæmum verður önnur en áður. Með hliðsjón af því hvetur nefndin til að aðstoð við þingmenn úr þessum kjördæmum verði aukin, t.d. þannig að þingmenn fái styrk til að njóta liðsinnis starfsmanns eða til annars konar aðstoðar."

Í samræmi við tillögur nefndarinnar skipaði forsætisráðherra sérstaka nefnd til að fjalla um framangreind atriði 15. október 1998. Í skipunarbréfi nefndarinnar sagði jafnframt að eðlilegt væri að nefndin hefði í störfum sínum hliðsjón af þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998 til 2001 sem forsætisráðherra hefur nú lagt fyrir Alþingi öðru sinni.

Í nefndinni eiga sæti Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, sem jafnframt er formaður, Tómas Ingi Olrich alþingismaður, samkvæmt tilnefningu þingflokks sjálfstæðismanna, Magnús Stefánsson alþingismaður, samkvæmt tilnefningu þingflokks framsóknarmanna, Kristján L. Möller framkvæmdastjóri, samkvæmt tilnefningu þingflokks jafnaðarmanna, Svavar Gestsson alþingismaður, samkvæmt tilnefningu þingflokks Alþýðubandalagsins, Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður, samkvæmt tilnefningu þingflokks óháðra, og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fyrrverandi alþingismaður, samkvæmt tilnefningu þingflokks Samtaka um kvennalista.

III.

Aðrar breytingar á kosningakerfinu.

Svo sem fram hefur komið gera framangreindar breytingar á kjördæmaskipan ráð fyrir ákveðnum breytingum á kosningakerfinu að öðru leyti. Þannig er í skýrslu nefndarinnar fjallað um mismunandi reiknireglur við úrslit kosninga, jöfnunarkerfi, aðlögun kosningakerfis að búsetuþróun, persónukjör og útstrikanir eða endurröðun, hlut kvenna, „þröskulda" og talningu atkvæða og tillögur gerðar um ýmsar umbætur á þessum sviðum. Í flestum tilvikum eru þær samþættar breyttri kjördæmaskipan, ýmist sem forsendur eða afleiðingar af henni eins og nánar greinir hér á eftir.

1. Reiknireglur.
Í skýrslu nefndarinnar er í 7. kafla gerð grein fyrir þremur mismunandi reiknireglum sem þekktar eru við útreikning á úrslitum kosninga og úthlutun þingsæta samkvæmt þeim. Samkvæmt núgildandi lögum eru mismunandi reglur notaðar við úthlutun kjördæmissæta annars vegar og jöfnunarsæta hins vegar. Við úthlutun kjördæmissæta hefur í núverandi kerfi verið notuð „regla stærstu leifa". Samkvæmt skýrslu nefndarinnar er þeirri reglu ætlað að auka

möguleika minni flokka í fámennari kjördæmum til að fá kosinn þingmann og ná þannig á auðveldari hátt jöfnuði milli flokka á landsvísu. Þessi reikniregla hefur hins vegar ýmsa galla og með því að nýskipan kjördæma miðar að því að stækka þau og draga úr misvægi atkvæða milli þeirra þykir ekki vera sama þörf og áður á þessari reiknireglu til að tryggja jöfnuð milli flokka. Þess í stað var gerð sú málamiðlun í nefndinni að nota einvörðungu reglu sem kennd er við d'Hondt og er nú notuð við úthlutun jöfnunarsæta á landsvísu, enda verði kjördæmissæti 8 til 10 í hverju kjördæmi.

2. Jöfnunarkerfi.

Í 8. kafla nefndarskýrslunnar er fjallað um jöfnun í kosningakerfinu. Eins og áður hafa tillögur um jöfnunarkerfið að markmiði að því sem næst fullur jöfnuður verði á milli flokka eftir atkvæðum þeirra á landsvísu. Ekki er lögð til breyting á því fyrirkomulagi að jöfnunarsætum sé skipt á milli flokka eftir landsfylgi, þ.e. að heildartölu þingsæta (63) sé skipt milli flokkanna miðað við heildaratkvæðatölu, en til frádráttar komi þau þingsæti sem flokkarnir fá samkvæmt úrslitum í kjördæmum.

Talnalegar athuganir, sem nefndin lét gera, sýna að 9 til 10 jöfnunarsæti nægja til að tryggja sæmilega vel jöfnuð milli flokka á landsvísu þegar landinu er skipt í sex kjördæmi, sem eru áþekk að stærð, svo sem nýskipan kjördæmanna gerir ráð fyrir. Misfjölmenn kjördæmi kalla hins vegar á fleiri jöfnunarsæti. Lagt er til að jöfnunarsætin verði samtals níu.

Að öllu virtu er lagt til að jöfnunarsætin verði bundin kjördæmum þannig að tiltekinn heildarfjöldi þingmanna komi í hlut hvers kjördæmis, einkum til að tryggja betur að misvægi verði ekki of mikið í kerfinu. Á þessari skipan eru þó bæði kostir og gallar svo sem nánar er rakið í skýrslu nefndarinnar.

Þá er lagt til að jöfnunarsætum verði úthlutað til þeirra frambjóðenda hvers flokks sem hafa hæst hlutfall atkvæða í sínu kjördæmi. Með því næst talsverð einföldun á því kerfi sem jöfnunarsætum er úthlutað eftir samkvæmt núgildandi lögum. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að kröfur um einfaldar reglur og réttláta úthlutun verði ekki uppfylltar í einu og sama kerfinu. Þegar þessi sjónarmið séu hins vegar vegin hvort á móti öðru hljóti krafan um stærðfræðilega „rétta“ úthlutun að víkja fyrir því að kjósendur hafi skilning á þeirri aðferð sem viðhöfð er við hana. Nánar er gerð grein fyrir þessum sjónarmiðum í skýrslu nefndarinnar og vísast um frekari umfjöllun þangað.

3. Aðlögun kosningakerfis að búsetuþróun.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að einn meginvandi kjördæmabreytinga undanfarinna áratuga hafi verið sá að stöðugt hafa safnast upp tilefni til nýrra breytinga. Í tillögum hennar er leitast við að leysa þennan gamalkunna vanda með því að haga ákvæði stjórnarskrár um kjördæmin og þingsætatölu þeirra þannig að bregðast megi við breyttri íbúadreifingu í landinu annars vegar með breytingum á mörkum kjördæma með almennum lögum (en ekki breytingu á stjórnarskrá) ef um það er ríkt samstaða (tveir þriðju hlutar atkvæða) og hins vegar með því að breyta þingsætatölu í kjördæmum ef mismunur á kjósendafjölda að baki hverju þingsæti er orðinn meiri en 1:2. Jafnframt heimili stjórnarskrá landskjörstjórn að breyta mörkum milli Reykjavíkurkjördæmanna eftir búsetuþróun í höfuðborginni, þó innan tiltölulega þröngra marka, þannig að höfuðborginni verði að jafnaði skipt í tvö álíka stór kjördæmi.

4. Persónukjör.

Lagt er til að auka möguleika kjósenda til að sýna afstöðu sína til einstakra frambjóðenda á kjörseðli, þ.e. með því að breyta röð þeirra eða strika þá út. Samkvæmt núgildandi lögum

þarf meira en helmingur kjósenda að strika frambjóðanda út til þess að hann falli úr sæti sínu og fellur hann þá reyndar út af listanum. Sama gildir um umröðun, þ.e. að meira en helming kjósenda lista þarf til að hreyfa frambjóðanda milli sæta. Með hliðsjón af því hvernig þetta kerfi hefur reynst er lagt til að þessi mörk (helmingur kjósenda listans) verði færð talsvert neðar, en þó verði þau breytileg eftir því hve margir frambjóðendur eru kjörnir af hverjum lista. Í því skyni er lagt til að tekin verði upp regla sem gilti fram að breytingu á kosningalögunum 1959 og með breytingu (þrengingu) fram til þess að núgildandi kosningalög voru sett (þ.e. „Borda-reglan"). Til að mörkin verði þó ekki óeðlilega lág er lagt til að reglunni verði aðeins beitt á þá frambjóðendur á lista sem ná aðal- eða varamannssæti, þó aldrei færri en þrjá. Þykja með því móti mynduð hófleg mörk fyrir breytingar á framboðslistum. Fái listi sem dæmi 4.000 atkvæði og tvo menn kjörna eru fjórum efstu mönnum listans reiknuð atkvæði og ef engar breytingar hafa verið gerðar á kjörseðlum (útstrikun eða umröðun) hefur 1. maður 4.000 atkvæði, 2. maður ¾, eða 3.000 atkvæði, 3. maður ¾, eða 2.000 atkvæði, og 4. maður ¼, eða 1.000 atkvæði. Í þessu dæmi þyrfti t.d. meira en 800 útstrikanir hjá einum frambjóðanda (ef engar aðrar breytingar væru gerðar á kjörseðlum) til að hreyfa hann milli sæta. Um nánari útskýringar á reglunni vísast til skýrslu nefndarinnar og fylgiskjals I með frumvarpi þessu (14. gr.).

5. „Þröskuldar".

Samkvæmt gildandi lögum er nægilegt að framboð nái þingsæti í kjördæmi til að fá jöfnunarsæti úthlutað. Lagt er til að þessi regla verði afnumin, en í hennar stað verði tekin upp regla um ákveðið lágmarksfylgi framboðs á landsvísu til að fá úthlutað jöfnunarsæti, án tillits til þess hvort þingsæti hafi verið náð í kjördæmi. Með þessu móti þykir betur skilið á milli úthlutunar kjördæmissæta og úthlutunar jöfnunarsæta. Málamiðlun varð í nefndinni um að þetta mark yrði sett við fimm af hundraði atkvæða á landinu öllu.

IV.

Breytingar á stjórnarskrá.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að stjórnarskránni verði breytt í samræmi við þær breytingar á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi sem nefndin hefur lagt til og forustumenn allra stjórnmálaflokkanna hafa sameinast um að beita sér fyrir.

Fyrirmæli stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag voru í upphafi almenns eðlis allt til ársins 1934 þegar tekin voru upp í hana ítarleg ákvæði um þessi atriði. Sá háttur, sem haldist hefur síðan, hefur leitt til þess að breyta hefur þurft stjórnarskránni í hvert sinn sem tilefni hefur orðið til að breyta kosningareglum að einhverju marki, með þeim afleiðingum að engin önnur ákvæði hennar hafa tekið jafnoft breytingum og þau sem nú er að finna í 31. gr.

Með það fyrir augum að gera nýtt kosningakerfi, sem mælt er fyrir um í stjórnarskránni, í senn sveigjanlegra og varanlegra er lagt til að í stað rækilegra ákvæða um kjördæmamörk og úthlutun þingsæta hafi stjórnarskráin að geyma heldur færri og að sama skapi almennari ákvæði um megindrætti í kjördæmaskipun landsins og tilhögun kosninga til Alþingis. Almenna löggjafanum verði síðan eftirlátin útfærsla þeirra í lögum, stundum með tilstyrk aukins meiri hluta eins og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir.

Þannig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að heildarfjöldi þingsæta verði stjórnarskrárbundinn, svo og lengd kjörtíma og fjöldi kjördæma eins og verið hefur; enn fremur tilhögun kosninga í megindráttum, þ.e. að þær skuli vera leynilegar og hlutbundnar.

Í frumvarpinu felast hins vegar þau nýmæli að lagt er í vald löggjafans að ákveða fjölda þingsæta í hverju kjördæmi, þó þannig að minnst fimm kjördæmissæti séu í hverju þeirra. Sömuleiðis verði sett í lög nánari fyrirmæli um kjördæmaskipan og fyrirkomulag kosninga, þar á meðal verði kjördæmamörk utan Reykjavíkur og nágrennis og reglur um úthlutun þingsæta lögbundnar.

Með þessu móti er hægt að breyta vissum atriðum, er lúta að kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi, án þess að til þurfi stjórnarskrárbreytingu. Þó er áskilið að breytingar á lögmæltum kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verði aðeins gerðar með ⅔ atkvæða á Alþingi.

Jafnframt er í frumvarpinu að finna tvö önnur nýmæli:

Annars vegar er horfið frá þeirri reglu núgildandi kosningalaga, sem ekki er beint mælt fyrir um í stjórnarskrá, að þau stjórnmálasamtök ein komi til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem fengið hafa kjördæmissæti. Í staðinn er lagt til að í stjórnarskrá verði tekin sú regla að þau samtök ein, sem hlotið hafa meira en fimm af hundraði atkvæða á landsvísu, geti fengið úthlutað jöfnunarsæti jafnvel þótt þau hafi ekki fengið þingsæti í kjördæmi.

Hins vegar er, eins og áður hefur komið fram, svo fyrir mælt að fari misvægi á milli atkvæða kjósenda að baki hverju þingsæti í einstökum kjördæmum fram úr 1:2 að loknum alþingiskosningum skuli landskjörstjórn flytja þingsæti á milli kjördæma þar sem munurinn er mestur til að draga úr misvæginu. Vegna þess að fimm ár kunna að líða þar til fyrst reynir á þetta ákvæði er í bráðabirgðaákvæði lagt til að þetta geti gerst í fyrsta sinn um áramótin 2000–2001. Síðan reynir á þetta ákvæði á mest fjögurra ára fresti.

V.

Breytingar á lögum um kosningar til Alþingis.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu eru birt drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Drögin eru sniðin eftir þeim stjórnarskrárbreytingum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir og byggjast á þeim tillögum sem forusta flokkanna hefur sameinast um að gera að sínum.

Auk þeirra atriða, sem að framan er getið, er í drögunum að finna nokkur önnur atriði sem rétt er að gera sérstaka grein fyrir:

1. Í 2. gr. er lagt til að landskjörstjórn ákveði mörkin milli kjördæmanna tveggja í Reykjavík um hver áramót þannig að kjósendur að baki hverju þingsæti í hvoru þeirra um sig verði nokkurn veginn jafnmargir, auk þess sem hvort kjördæmi verði sem samfelldust heild.
2. Í 4. gr. er heimild landskjörstjórnar til að færa þingsæti á milli kjördæma til að draga úr misvægi atkvæða kjósenda í einstökum kjördæmum einskorðuð við kjördæmissæti.
3. Í 6. gr. er lagt til að í stað orðsins „landsframboð“, sem í núgildandi lögum er notað um sameiginlegt framboð á vegum stjórnmálasamtaka, verði einfaldlega notað orðið „stjórnmálasamtök“. Þessi breyting varðar allmargar greinar kosningalaganna.
4. Í 12. og 20. gr. er gert ráð fyrir að yfirkjörstjórnir úthluti kjördæmissætum, en landskjörstjórn aðeins jöfnunarsætum eins og áður tíðkaðist.
5. Í 13. gr. er stuðst við d'Hondt-reglu við úthlutun kjördæmissæta.
6. Í því skyni að auka möguleika kjósenda til að hafa áhrif á röð frambjóðenda á lista hafa reglur þessa efnis verið færðar nær fyrra horfi í 14. gr. Vegna þess að sífellt færri kjósendur þarf til að breyta röð á framboðslista, eftir því sem fleiri nöfn eru á listanum, er lagt til að breytingar á kjörseðlum hafi aðeins áhrif á röð í efstu sæti hans. Með því móti

er komið í veg fyrir að lítill hluti kjósenda geti haft áhrif á röð á listanum vegna þess að frambjóðendur eru margir.

7. Í 21. gr. er, eins og nú, byggt á d'Hondt-reglu við úthlutun jöfnunarsæta til stjórnmálasamtaka til að tryggja jöfnuð á milli þeirra í samræmi við heildaratkvæðatölu þeirra á landsvísu.
8. Í 22. gr. er lagt til að úthlutun jöfnunarsæta til einstakra frambjóðenda fari þannig fram að fyrst verði litið til þess hvaða samtök eigi rétt á slíku sæti, en síðan verði atkvæðahlutfall hjá frambjóðendum samtakanna, miðað við gild atkvæði í kjördæmi, látið skera úr um það hver þeirra hlýtur sætið. Þó hlýtur sú regla að takmarkast af því að jöfnunarsætin eru bundin við tiltekin kjördæmi.

Einnig eru í drögunum nokkur veigaminni efnisatriði er einkum lúta að tæknilegum frágangi kosningalaganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. eru fyrirmæli um tölu alþingismanna, kjörtíma þeirra og kosningafyrirkomulag og eru þau óbreytt frá því sem nú er.

Í fyrri málslið 2. mgr. er mælt svo fyrir að kjördæmin skuli vera sex talsins. Þau geta því hvorki orðið fleiri né færri. Í síðari málslið segir hins vegar að mörk kjördæmanna skuli ákveðin með lögum, en þau hafa hingað til verið ákveðin í stjórnarskránni sjálfri. Þetta nýmæli er liður í því að gera það kosningakerfi, sem mælt er fyrir um í stjórnarskránni, sveigjanlegra en verið hefur. Þannig er hægt að breyta mörkum kjördæma vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu, t.d. vegna búsetuþróunar eða sameiningar sveitarfélaga, án þess að breyta stjórnarskránni. Hins vegar er gert ráð fyrir að víðtæka samstöðu þurfi til þess á Alþingi að svo verði gert þar sem í 6. mgr. þessarar greinar er lagt til að ⅔ hlutar atkvæða þurfi að vera breytingunum fylgjandi. Í 1. gr. fylgiskjals I með frumvarpinu er sýnt hvernig lagt er til að mörk kjördæma verði ákveðin og í fylgiskjali II eru þau sýnd á korti. Nú eru mörk kjördæma ákveðin með því að telja upp þá kaupstaði og sýslur sem heyra til hverju kjördæmi. Skipting landsins í sýslur hefur hins vegar verið afnumin og þéttbýlissveitarfélög bera orðið ýmis heiti. Þess vegna er sjálfgefið að mörk kjördæma verði dregin með öðrum hætti, t.d. með því að telja upp þau sveitarfélög sem heyra til hverju kjördæmi. Þar sem ekki hafa verið staðfest ný nöfn á sameinuð sveitarfélög er til þeirra vísað sem slíkra.

Í síðari málslið 2. mgr. er jafnframt að finna frávik frá þeirri almennu skipan að mörk kjördæma skuli ákveðin í lögum. Gerð er tillaga um að löggjafinn geti framselt til landskjörstjórnar það vald að ákveða mörk kjördæma í Reykjavík og nágrenni. Þessi tillaga er í samræmi við þá fyrirætlan að Reykjavík verði á hverjum tíma skipt í tvö því sem næst jafnstór kjördæmi þannig að mörkin á milli þeirra verði hreyfanleg eftir því sem íbúatala Reykjavíkur breytist og borgin stækkar. Nánari útfærsla á þessari tilhögun er sýnd í 1. gr. i.f. og 2. gr. í fylgiskjali I, en þar er aðeins gert ráð fyrir að landskjörstjórn ákveði mörk milli Reykjavíkurkjördæmanna. Eins og ákvæðið er úr garði gert veitir það hins vegar svigrúm fyrir löggjafann í framtíðinni, án breytinga á stjórnarskrá, til að ákveða t.d. að höfuðborgarsvæðinu, sem svo er kallað, verði skipt upp í þrjú kjördæmi og landskjörstjórn ákveði mörk þeirra. Slík breyting verður þó ekki gerð nema með samþykki ⅔ atkvæða á Alþingi, sbr. 6. mgr. þessarar greinar frumvarpsins. Frumvarpið gerir sem fyrr segir ráð fyrir að fyrirmæli um tilvist landskjörstjórnar verði tekin upp í stjórnarskrá, auk þess sem það er lagt í vald löggjafans að ákveða til hvaða svæðis „Reykjavík og nágrenni“ nákvæmlega tekur.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði um fjölda þingsæta í hverju kjördæmi. Þessi málsgrein og sú næsta gera ráð fyrir að þingsætum verði úthlutað með tvennu móti. Í fyrri málslið 3. mgr. kemur fram að í hverju hinna sex kjördæma skuli vera minnst fimm þingsæti sem úthlutað skuli á grundvelli kosningaúrslita í hverju kjördæmi um sig. Eru þessi þingsæti nefnd kjördæmissæti til aðgreiningar frá svonefndum jöfnunarsætum sem fjallað er um í næstu málsgrein. Eru bæði hugtökin notuð jöfnum höndum, jafnt í þessu frumvarpi og drögum að kosningalagafrumvarpi sem birt eru sem fylgiskjal I með því. Bæði hugtökin eru þekkt, en nýmæli er að þau komi fyrir í texta stjórnarskrár og kosningalaga. Er það gert til að auðvelda umföllun um þau og vísun til þeirra. Í fyrri málslið 3. mgr. er lagt til að lágmarksfjöldi kjördæmissæta verði fimm í hverju kjördæmi, en um þá tölu varð samkomulag í nefndinni er undirbjó tillögur þessar. Að öðru leyti er gengið út frá að fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi verði ákveðinn í lögum, jafnt kjördæmissæti sem jöfnunarsæti, sbr. þó 5. mgr., sem nánar verður vikið að hér á eftir. Þó er löggjafinn eftir sem áður bundinn af heildartölu þingsæta skv. 1. mgr. Nýmæli er að fjöldi kjördæmissæta skuli ákveðinn í lögum, en tala þeirra í hverju kjördæmi hefur hingað til verið bundin í stjórnarskrá. Eykur þetta nýmæli það svigrúm sem löggjafinn mun hafa til þess að breyta kosningakerfinu vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna. Áskilið er þó að samþykki ⅔ atkvæða á Alþingi þurfi til að gera breytingar á ákvörðun fjölda kjördæmissæta í hverju kjördæmi, sbr. 6. mgr. greinarinnar, frá því sem ákveðið verður í lögum fyrst eftir stjórnarskrárbreytinguna, sbr. 2. mgr. 2. gr. Í 3. gr. fylgiskjals I með frumvarpinu er lagt til að kjördæmissætin í hverju kjördæmi verði níu talsins, en jöfnunarsæti tvö í hverju þéttbýliskjördæmanna og eitt í hverju landsbyggðarkjördæmanna. Með því móti verða kjördæmissæti í hverju kjördæmi jafnmörg en það þýðir að stjórnmálasamtök þurfa að fá hlutfallslega jafnmörg atkvæði í hverju þeirra til að fá úthlutað slíku sæti. Jafnframt verður heildarþingsætafjöldi í hverju kjördæmi nokkurn veginn sá sami.

Í fyrri málslið 4. mgr. er mælt fyrir um úthlutun jöfnunarsæta. Þessi regla er í samræmi við það meginmarkmið þessara tillagna að áfram verði jöfnuður á milli stjórnmálasamtaka á landsvísu þannig að fjöldi þingsæta þeirra verði í sem bestu hlutfalli við kjósendatölu þeirra. Ákvæðið samsvarar því sem er í fyrri málslið 2. mgr. 31. gr. núgildandi stjórnarskrár að öðru leyti en því að mælt er svo fyrir að jöfnunarsætum skuli öllum ráðstafað í kjördæmi. Það þýðir með öðrum orðum að jöfnunarsætin verða öll að vera bundin við kjördæmi fyrir fram eins og áður hefur komið fram.

Í síðari málslið 4. mgr. er lagt til að í stjórnarskrána verði tekið það nýmæli að þau stjórnmálasamtök komi ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. Í núgildandi kosningalögum er úthlutun jöfnunarsæta til stjórnmálasamtaka bundin því skilyrði að þau hafi fengið úthlutað kjördæmissæti. Hið nýja ákvæði gerir það aftur á móti ekki að skilyrði. Athygli er vakin á því að í þessari málsgrein er notað hugtakið stjórnmálasamtök í stað þess sem nefnt hefur verið „landsframboð“ samkvæmt gildandi kosningalögum. Hugtakið er nánar skilgreint í 6. gr. fylgiskjals I, en þar er úthlutun jöfnunarsæta nánar útfærð í 19.–22. gr.

Í 5. mgr. er komið að því nýmæli sem ætlað er að koma í veg fyrir að misvægi atkvæða fari fram úr 1:2 milli einstakra kjördæma. Þar er lagt til að tekin verði upp sú regla að landskjörstjórn skuli breyta fjölda þingsæta í kjördæmum ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, verða eftir alþingiskosningar orðnir helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi. Jafnframt er heimilað að útfæra þessa reglu nánar í lögum og er tillaga um það gerð í 4. gr. fylgiskjals I. Tekið skal fram að hér er einungis gerð tillaga um hámark atkvæðamisvægis á milli einstakra kjördæma. Þar með er

ekkert því til fyrirstöðu að dregið verði enn frekar úr atkvæðamisvæginu í kosningalögum, innan þeirra marka sem 2. og 3. mgr. þessarar greinar setja.

Í 6. mgr. er orðuð sú regla að breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verði aðeins gerðar með samþykki ⅔ atkvæða á Alþingi. Með því móti er leitast við að tryggja að tiltölulega víðtæk samstaða verði að nást um slíkar breytingar. Aðrar breytingar á kosningalögum verða eftir sem áður gerðar með samþykki einfalds meiri hluta atkvæða, auk þess sem stjórnarskránni verður að sjálfsögðu breytt í samræmi við 1. mgr. 79. gr. hennar.

Um 2. gr.

Vegna þess að fimm ár geta liðið þar til reynir á ákvæði 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins er í fyrri málsgrein 2. gr. lagt til að við stjórnarskrána bætist ákvæði til bráðabirgða sem gerir þetta ákvæði virkt um áramótin 2000–2001, en upp frá því reynir á það á mest fjögurra ára fresti.

Þrátt fyrir 6. mgr. 1. gr. frumvarpsins er í síðari málsgrein 2. gr. lagt til að samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi nægi til að gera breytingar á kosningalögum til samræmis við frumvarp þetta. Nauðsynlegt er að mæla svo fyrir að breytingarnar verði ákveðnar af meiri hluta Alþingis í upphafi til þess að tryggt sé að þær nái fram að ganga svo að ekki skapist misræmi á milli stjórnarskrár og kosningalaga.

Fylgiskjal I.

Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Kjósendur neyta kosningaréttar síns í kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

1. Norðvesturkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Skorradalshreppur, sameinað sveitarfélag Andakílshrepps, Lundarreykjadalshrepps, Reykholtsdalshrepps og Hálsahrepps, Hvítársíðuhreppur, Borgarbyggð, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð, Saurbæjarhreppur, Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, sameinað sveitarfélag Staðarhrepps, Fremri-Torfustaðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, Hvammstangahrepps, Kirkjuhvammshrepps, Þverárhrepps og Þorkelshólshrepps, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósbær, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur, Skagahreppur, sameinað sveitarfélag Skefilsstaðahrepps, Skarðshrepps, Sauðárkrókskaupstaðar, Staðarhrepps, Seyluhrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Viðvíkurhrepps, Hólahrepps, Hofshrepps og Fljótahrepps og Akrahreppur.

2. Norðausturkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Siglufjarðarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Dalvíkurbyggð, Hríseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Norður-Hérað, Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Austur-Hérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, sameinað sveitarfélag Neskaupstaðar, Eskifjarðarkaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og sameinað sveitarfélag Bæjarhrepps, Hornafjarðarbæjar, Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps.

3. Suðurkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur, Djúpárhreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, sameinað sveitarfélag Stokkseyrarhrepps, Eyrarbakkahrepps, Sandvíkurhrepps og Selfosskaupstaðar, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Þingvallahreppur, Hveragerðisbær, Ölfushreppur, Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjanesbær og Vatnsleysustrandarhreppur.

4. Suðvesturkjördæmi.

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogsbær, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

5.–6. Reykjavíkurkjördæmi vestur og austur.

Reykjavík skal skipta í tvö kjördæmi eftir því sem fyrir er mælt í 4. gr. a.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, sem orðast svo:

Í lok hvers árs skal landskjörstjórn ákveða mörk kjördæma í Reykjavík. Skulu mörkin við það miðuð að kjósendur í hvoru kjördæmi um sig að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, séu nokkurn veginn jafnmargir. Gæta skal þess, eftir því sem kostur er, að hvort kjördæmi sé sem samfelldust heild, en kjósendatala annars kjördæmisins að baki þingsæti má þó ekki fara fram úr tveimur af hundraði af samsvarandi kjósendatölu hins kjördæmisins.

Landskjörstjórn auglýsir í B-deild Stjórnartíðinda í upphafi árs hver mörkin eru milli kjördæmanna.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þingsæti eru 63 og skiptast þannig milli kjördæma:

Norðvesturkjördæmi	10 þingsæti
Norðausturkjördæmi	10 þingsæti
Suðurkjördæmi	10 þingsæti
Suðvesturkjördæmi	11 þingsæti

Reykjavíkurkjördæmi vestur ..... 11 þingsæti
Reykjavíkurkjördæmi austur ..... 11 þingsæti

Í Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi skulu vera níu kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti í hverju kjördæmi. Í Suðvesturkjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi vestur og Reykjavíkurkjördæmi austur skulu vera níu kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti í hverju kjördæmi.

Þrátt fyrir það sem segir í 1. og 2. mgr. getur landskjörstjórn breytt fjölda kjördæmissæta í hverju kjördæmi í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, sem orðast svo:

Eftir hverjar alþingiskosningar skal landskjörstjórn reikna út hvort kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum skv. 2. mgr. 5. gr., séu helmingi færri í einu kjördæmi en kjósendur að baki hverju þingsæti í einhverju öðru kjördæmi, miðað við kjörskrá í nýafstöðnum kosningum, sbr. 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar. Ef svo er skal landskjörstjórn breyta fjölda kjördæmissæta í kjördæmum þannig að dregið verði úr þessum mun. Sú breyting má þó aldrei verða meiri en þörf krefur hverju sinni til þess að fullnægja fyrirmælum þessa stjórnarskrárákvæðis.

Landskjörstjórn auglýsir breytinguna í B-deild Stjórnartíðinda jafnskjótt og hún hefur verið gerð.

Í kjölfar breytingar á fjölda þingsæta í kjördæmum skv. 1. mgr. er landskjörstjórn heimilt að breyta mörkum kjördæma í Reykjavík í samræmi við fyrirmæli 4. gr. a.

5. gr.

Orðin „Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi“ og „eða yfirkjörstjórnarmaður flyst búferlum úr kjördæmi“ í 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

6. gr.

2. og 3. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Með stjórnmálasamtökum er í lögum þessum átt við samtök sem bjóða eða boðið hafa fram við alþingiskosningar. Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar, sem bornir eru fram fyrir sömu stjórnmálasamtök, eiga saman þegar jöfnunarsætum er úthlutað skv. 117. og 118. gr. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt framboð.

Ef sá sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega samkvæmt reglum stjórnmálasamtaka ber fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki vera í framboði fyrir þau.

7. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Á framboðslista skulu vera nöfn tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin sem eru fram yfir tilskilda tölu.

8. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Sérhver stjórnmálasamtök, sem boðið hafa fram, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda er landskjörstjórn úrskurðar skv. 42. gr. hverjum samtökum skuli telja þá framboðslista sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun jöfnunarsæta.

Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þeirra stjórnmálasamtaka sem meðmælendur hans óska og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

9. gr.

2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um skiptingu kjördæma skv. 4. gr. a, um breytingu á þingmannatölu kjördæma skv. 5. gr. a, um stjórnmálasamtök og framboð, viðtöku kjörgagna, úthlutun jöfnunarsæta o.s.frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga, úthlutun kjördæmissæta o.s.frv. Undirkjörstjórnir bóka um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

10. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista stjórnmálasamtaka með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi þeirra, sbr. 40. gr.

Nú hafa stjórnmálasamtök fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA ..., B, BB ... o.s.frv. eftir því sem við á.

11. gr.

Í stað orðanna „landsframboðum“ og „landsframboða“ í 1. mgr. 42. gr. laganna kemur: stjórnmálasamtökum, og: stjórnmálasamtaka.

12. gr.

109. gr. laganna orðast svo:

Yfirkjörstjórn skal úthluta kjördæmissætum í kjördæmi skv. 110.–111. gr.

13. gr.

110. gr. laganna orðast svo:

Í kjördæmi skal telja öll atkvæði sem hver framboðslisti hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu í kjördæmi af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal í atkvæðatölur listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta kjördæmissæti fær sá listi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað kjördæmissæti fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum kjördæmissætum og kjósa á.
3. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

Listi í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna.

14. gr.

111. gr. laganna orðast svo:

Þeir frambjóðendur einir koma til álita sem þingmenn og varaþingmenn hvers framboðslista í kjördæmi er skipa efstu sæti hans, tvöfalt fleiri en komu í hlut listans samkvæmt kosningaúrslitum, sbr. 2. mgr. 110. gr., þó aldrei færri en þrír.

Til þess að finna hverjir þessara frambjóðenda hafa náð kosningu skal yfirkjörstjórn reikna þeim atkvæðatölu á þennan hátt:

Taka skal saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar á efsti frambjóðandi hvers lista jafnháa atkvæðatölu samanlagt á þeim seðlum og þeir eru margir, en hver hinna frambjóðendanna það brot af sömu atkvæðatölu að í teljara þess sé tala frambjóðenda á listanum skv. 1. mgr., að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda sem framar standa á listanum, og í nefnara þess tala frambjóðenda á listanum skv. 1. mgr. Síðan eru teknir saman þeir kjörseðlar þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð þeirra frambjóðenda sem til álita koma sem þingmenn og varaþingmenn skv. 1. mgr. og reiknuð atkvæðatala hvers þeirra eftir framangreindri reglu. Ef strikað er yfir nafn frambjóðanda telst honum ekkert atkvæði eða hluti af atkvæði á þeim kjörseðli. Ef nafn frambjóðanda er fært í sæti neðar á lista en nemur tölu frambjóðenda á listanum skv. 1. mgr. telst honum heldur ekkert atkvæði eða hluti af atkvæði á þeim kjörseðli.

Sá frambjóðandi á hverjum lista, sem fær hæsta atkvæðatölu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur 1. sæti listans. Sá frambjóðandi, sem fær næsthæsta atkvæðatölu, hlýtur 2. sætið og þannig koll af kolli. Nú fá tveir eða fleiri frambjóðendur jafnháa atkvæðatölu og skal þá hluta um röð þeirra á listanum.

Aðrir frambjóðendur en þeir sem koma til greina sem þingmenn og varaþingmenn skv. 1. mgr. halda þeim sætum sem þeir skipa á framboðslista, án tillits til breytinga sem gerðar hafa verið á kjörseðlum.

15. gr.

112. gr. laganna orðast svo:

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina tölu kjósenda á kjörskrá og hvernig atkvæði hafa fallið á hvern framboðslista fyrir sig, svo og röð frambjóðenda á hverjum lista í samræmi við 111. gr.

Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

16. gr.

113. gr. laganna orðast svo:

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 102. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslu um atkvæðatölur til landskjörstjórnar skv. 112. gr. fyrr en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

17. gr.

114. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur Alþingi úrskurðað, eftir almennar alþingiskosningar, að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram, sbr. 128. og 129. gr., og skal þá yfirkjörstjórn endurúthluta þingsætum skv. 110. og 111. gr. ef uppkosning hefur farið fram í kjördæminu. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

18. gr.

Á eftir 114. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn: **Úthlutun jöfnunarsæta og útgáfa kjörbréfa.**

19. gr.

115. gr. laganna orðast svo:

Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar, sbr. 112. gr., skal hún koma saman til að úthluta jöfnunarsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni svo að umboðsmönnum þeirra stjórnmálasamtaka, sem boðið hafa fram, gefist kostur á að vera viðstaddir.

20. gr.

116. gr. laganna orðast svo:

Landskjörstjórn úthlutar jöfnunarsætum til stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína við nýafstaðnar alþingiskosningar eftir því sem nánar er fyrir mælt í 117.–118. gr.

21. gr.

117. gr. laganna orðast svo:

Þau stjórnmálasamtök koma ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa fimm af hundraði eða meira af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Til þess að finna hve mörg jöfnunarsæti koma í hlut stjórnmálasamtaka sem fullnægja skilyrðum 1. mgr. skal í fyrstu telja saman atkvæðatölur og fjölda þingmanna samtakanna, hverra um sig, kosinna í kjördæmum skv. 110. gr.

Síðan skal fara þannig að:

1. Deila skal í atkvæðatölur hverra samtaka með tölu kjördæmissæta hjá þeim, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hver samtök.
2. Fyrsta jöfnunarsæti fá þau samtök sem hæsta útkomutölu hafa. Sú tala er síðan felld niður. Annað jöfnunarsæti fá þau samtök sem nú hafa hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið níu jöfnunarsætum.
3. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

Samtök, sem fengið hafa jöfnunarsæti, hafa rétt til jafnmargra varaþingmanna.

22. gr.

118. gr. laganna orðast svo:

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa hlotið jöfnunarsæti skal fara þannig að:

1. Taka skal saman lista með nöfnum tveggja efstu frambjóðenda á hverjum framboðslista, að frátöldum þeim sem náð hafa kosningu sem kjördæmakjörnir þingmenn. Við hvern

frambjóðanda skal skrá útkomutölu þá er sæti því sem hann skipar ber skv. 110. gr. og jafnframt hundraðstölu hennar af öllum gildum atkvæðum í kjördæminu.

2. Fyrsta jöfnunarsæti fær sá frambjóðandi þeirra stjórnmálasamtaka, sem úthlutað var því sæti, er hefur hæsta hundraðstölu. Nafn þess frambjóðanda er síðan fellt niður. Annað jöfnunarsæti fær sá frambjóðandi þeirra samtaka, sem úthlutað var því sæti, er nú hefur hæsta hundraðstölu. Þessu skal fram haldið uns jöfnunarsætum hefur verið úthlutað, sbr. þó 3. tölul.
3. Þegar lokið hefur verið að úthluta til frambjóðenda þeim jöfnunarsætum, sem úthluta skal í hverju kjördæmi skv. 2. mgr. 5. gr., skulu nöfn annarra frambjóðenda í því kjördæmi numin brott af listanum og koma þeir ekki frekar til álita við úthlutun jöfnunarsæta.
4. Nú hafa nöfn allra frambjóðenda stjórnmálasamtaka, sem úthlutað var jöfnunarsæti skv. 117. gr., verið numin brott og skal þá í samræmi við ákvæði 2. og 3. tölul. úthluta einu jöfnunarsæti í senn til frambjóðanda þeirra samtaka sem næst standa því að fá úthlutað jöfnunarsæti skv. 117. gr.
5. Nú eru tvær eða fleiri hundraðstölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

Varaþingmenn skulu koma af sömu framboðslistum og þeir frambjóðendur sem úthlutað hefur verið jöfnunarsætum.

23. gr.

119. gr. laganna orðast svo:

Landskjörstjórn sendir Hagstofu Íslands skýrslu um nýafstaðnar alþingiskosningar, ritaða á eyðublað sem Hagstofan lætur í té.

24. gr.

Á eftir 119. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 119. gr. a – 119. gr. c, sem orðast svo:

a. (119. gr. a.)

Nú hefur Alþingi úrskurðað, eftir almennar alþingiskosningar, að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram, sbr. 128. og 129. gr., og skal þá landskjörstjórn úthluta jöfnunarsætum að nýju skv. 117. og 118. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

b. (119. gr. b.)

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmálasamtaka sem þátt hafa tekið í alþingiskosningum og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnum sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

c. (119. gr. c.)

Þegar landskjörstjórn hefur lokið við að úthluta jöfnunarsætum skulu yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf sem samin skulu samkvæmt fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

25. gr.

130. gr. laganna orðast svo:

Varamenn þingmanna taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 111. og 118. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni og ekki var áður varamaður.

Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

26. gr.

Á eftir 137. gr. laganna kemur ný grein með kaflafyrirsögninni: **Breytingar á lögum þessum.** Greinin orðast svo:

Lögum þessum verður breytt eins og fyrir er mælt í stjórnarskránni.

Samkvæmt 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar verður ákvæðum 4. gr. um kjördæmamörk og ákvæðum 110.–111. gr. og 117.–118. gr. um úthlutun þingsæta ekki breytt nema með samþykki ⅔ atkvæða á Alþingi.

27. gr.


Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Verði heiti sveitarfélags, sem getið er í 4. gr., breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyri til þess kjördæmis sem það eldra eða þau eldri heyrðu til. Ef sameinuð eru tvö eða fleiri sveitarfélög, sem hvort eða hvert heyra til síns kjördæmis, skulu mörk kjördæma, sem fyrir er mælt í 4. gr., þó haldast óbreytt og miðast áfram við mörk hinna eldri sveitarfélaga eins og þau voru 1. janúar 1998.

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, verða 1. desember 2000 helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn, í samræmi við 5. gr. a, breyta fjölda þingsæta í kjördæmum frá og með 1. janúar 2001 í því skyni að draga úr þeim mun.

Fylgiskjal II.

Kjördæmamörk samkvæmt drögum að kosningalögum.



289. Lög [107. mál]

um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 107.

290. Lög [108. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Afgreidd frá Alþingi 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 108.

291. Lög [110. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 110.

292. Tillaga til þingsályktunar [255. mál]

um uppbyggðan veg yfir Kjöl.

Flm.: Guðni Ágústsson, Hjálmar Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerðina gera athugun á vegstæði, kostnaði og þýðingu þess fyrir byggðaþróun og umferð milli landshluta að gera uppbyggðan veg með slitlagi um Kjöl.

Greinargerð.

Engin ein framkvæmd í samgöngumálum hefur jafnbyltingarkennd áhrif á samgöngur og mannlíf í landinu og Hvalfjarðargöng. Allar vegalengdir frá Norður- og Vesturlandi til Reykjavíkur hafa styst sem nemur klukkustundarakstri og erfiður vetrarvegur um Hvalfjörð er úr leik.

Eðlilegt er að spurt sé hvort einhverjar aðrar samgöngubætur geti valdið álíka byltingu og um leið styrkt byggðir og mannlíf.

Til forna völdu forfeður okkar miðhálendið sem ferðaleið á milli fjórðunga, það var hagkvæmast. Hvaða áhrif hefði uppbyggður og breiður vegur með slitlagi yfir Kjöl á mannlíf á Suður- og Norðurlandi? Mundi slíkur vegur hafa álíka áhrif og Hvalfjarðargöng?

Frá Gullfossi að Blönduvirkjun eru um 156 km, þar af er nú þegar rúmlega 60 km uppbyggður vegur. Leiðin milli byggða yrði innan við 200 km, 168 km frá Geysi að Blönduvirkjun og um 180 km frá Geysi að Svínvetningabraut.

Vegalengdir milli Selfoss og staða norðanlands eru eftirfarandi, vegalengdir um hringveg sýndar til samanburðar:

	Um Kjöl, Blöndudal og Vatnsskarð	**Um hringveg**
Selfoss–Varmahlíð	268 km	338 km
Selfoss–Sauðárkrókur	294 km	362 km
Selfoss–Akureyri	363 km	432 km

Kanna þarf ýmsar áhugaverðar tengingar út frá núverandi Kjalvegi sem mundu stytta verulega allar leiðir norður og austur um, t.d. um Blöndustíflu og niður Mælifellsdal eða Gilhagadal í Skagafirði. Síðan má hugsa sér að Héraðsvötn verði brúuð í sambandi við virkjunarframkvæmdir við Villinganes í Skagafirði. Trúlega yrði Kjölur torfarinn yfir háveturinn en ekki endilega verri en margir aðrir fjallvegir í landinu. Ný tækni býður upp á allt aðrar upplýsingar á veðurfari ferðamönnum til glöggvunar en áður var.

Í huga flutningsmanna er uppbyggður vegur yfir Kjöl heillandi verkefni sem á að taka til skoðunar sem fyrst. Ætla má að þessi vegagerð mundi kosta innan við einn milljarð króna. Byggðaáhrifin yrðu nýtt ævintýri og hagræðing mikil fyrir landsmenn alla.

293. Svar [145. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um rekstrarkostnað Flugmálastjórnar.

Á árunum 1993–97 voru sjö einstaklingar í yfirstjórn Flugmálastjórnar, flugmálastjóri, framkvæmdastjórar flugleiðsöguþjónustu, flugumferðarþjónustu, fjármálaþjónustu, flugvallaþjónustu, loftferðaeftirlits og alþjóðadeildar. Svarið miðast við að þessir sjö séu þeir stjórnendur sem spurt er um. Er þá einnig haft í huga að stjórnendur neðar í skipuritinu taka ekki ákvarðanir um þá hluti sem spurt er um. Af sjö stjórnendum er ein kona.

Til upplýsingar skal þess getið að starfsmenn Flugmálastjórnar voru 251 í árslok 1997 og heildarútgjöld hennar það ár námu 2.249 millj. kr.

Alþjóðaflugþjónustan er hér tekin með þrátt fyrir að hún sé ekki á sama fjárlaganúmeri og Flugmálastjórn og að hún sé B-hluta stofnun.

1. *Hver voru laun, lífeyrisréttindi og önnur starfskjör stjórnenda Flugmálastjórnar, sundurliðað eftir stöðuheitum, fjölda stjórnenda og milli kynja, föstum launum, öðrum greiðslum, eins og stjórnargreiðslum, og hvers konar þóknunum og hlunnindum, þ.m.t. bílahlunnindum og risnu á árunum 1993–97?*

Laun: Í töflu 1.1 er yfirlit yfir laun stjórnenda Flugmálastjórnar á árunum 1993–97. Þar koma fram meðalárslaun þeirra greidd af Flugmálastjórn á verðlagi hvers árs. Mannabreytingar hafa verið á þessu tímabili og eru meðallaunin þá reiknuð út miðað við heilt ársverk. Tveir af framkvæmdastjórum Flugmálastjórnar fengu greiðslur frá ráðuneytum fyrir setu þeirra í nefndum, en seta þeirra þar tengist stöðu þeirra hjá Flugmálastjórn. Annar fékk greiddar 126 þús. kr. árið 1997 og 125 þús. kr. árið 1996 fyrir nefndarsetu. Fjárhæðirnar eru fengnar úr launakerfi ríkisins. Hinn framkvæmdastjórinn fékk greiddar 227 þús. kr. árið 1997 og 63 þús. kr. árið 1996 fyrir nefndastörf í þágu ráðuneyta. Ekki er um að ræða sérstakar greiðslur fyrir nefndastörf eða önnur störf innan stofnunarinnar.

Tafla 1.1 Meðalárslaun stjórnenda Flugmálastjórnar 1993–97 í þús. kr.[1]

	1993	1994	1995	1996	1997
Meðalárslaun frá Flugmálastjórn	3.659	4.011	3.642[2]	4.201	4.363

[1] Um er að ræða meðallaun sjö æðstu stjórnenda Flugmálastjórnar.

[2] Á árinu 1995 urðu mannabreytingar í stjórnunarliðinu og voru launagreiðslur lægri til nýliðanna en forvera þeirra.

Laun flugmálastjóra eru úrskurðuð af kjaranefnd en laun framkvæmdastjóra eru ákvörðuð af fjármálaráðuneytinu (svokölluð ráðherraröðun) og/eða flugmálastjóra. Á umræddum árum var framkvæmdastjórum ýmist greidd yfirvinna eftir viðveru eða um hana samið sérstaklega. Nú hafa verið gerðir svokallaðir fastlaunasamningar við framkvæmdastjórana, þ.e. þeir fá greiddan ákveðinn fjölda yfirvinnustunda á mánuði auk dagvinnu.

Lífeyrisréttindi: Stjórnendur greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eða lífeyrissjóð viðkomandi stéttarfélags og njóta réttinda samkvæmt því. Þeir njóta engra annarra sérstakra lífeyrisréttinda sem tengd eru starfi þeirra hjá Flugmálastjórn.

Bifreiðahlunnindi: Ekki er um svonefnd bifreiðahlunnindi að ræða en greitt er fyrir afnot af bifreiðum í samræmi við reglur og ákvarðanir fjármálaráðuneytis, bílanefndar og ferðakostnaðarnefndar. Tveimur framkvæmdastjórum og flugmálastjóra er greitt samkvæmt svokölluðum blönduðum samningum, þ.e. greitt er fyrir fastan kílómetrafjölda vegna aksturs innan höfðuborgarsvæðisins en kílómetragjald samkvæmt akstursbók utan þess svæðis. Þremur framkvæmdastjórum er greitt samkvæmt sérstöku samkomulagi andvirði 2.000 km í eingreiðslu sem staðgreiðsluskattur er dreginn af. Greiðslum hefur verið hagað með þessum hætti frá 1. desember 1995. Fyrir þann tíma var föst greiðsla fyrir 3.000–6.000 km á ári.

Símakostnaður: Flugmálastjórn greiðir kostnað vegna heimilissíma flugmálastjóra, enda er hann notaður í þágu stofnunarinnar hvenær sem er sólarhringsins. Á árinu 1997 var sá kostnaður um 34 þús. kr.

Risna: Enginn stjórnendanna fær risnugreiðslur frá Flugmálastjórn.

2. *Hver var ferðakostnaður erlendis árlega á árunum 1993–97, að báðum árum meðtöldum, hve margar ferðir voru farnar hvert ár um sig, hvernig sundurliðast kostnaðurinn milli flugfargjalds, gistikostnaðar og dagpeningagreiðslna? Sérstaklega er óskað sundurliðunar á fjölda ferða stjórnenda og tilgreindur árlegur sundurliðaður kostnaður við þær og ferðir maka þeirra, sé um það að ræða.*

Í töflu 2.1 er yfirlit yfir kostnað við utanlandsferðir starfsmanna Flugmálastjórnar á árunum 1993–97. Þar kemur fram sundurliðun á fargjöldum, dagpeningagreiðslum og öðrum kostnaði ásamt fjölda ferða og fjölda ferðadaga.

Tafla 2.1 Ferðakostnaður Flugmálastjórnar - í þús.kr.

Heildarkostnaður:		**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Fargjöld	1) Rekstur	6.500	7.855	8.286	11.077	10.298
	2) Alþjóðaflugþjón	3.538	2.675	2.829	2.692	1.656
		10.038	**10.530**	**11.115**	**13.769**	**11.954**
Dagpeningar	1) Rekstur	9.960	13.189	9.505	10.736	11.001
	2) Alþjóðaflugþjón	11.479	10.493	8.207	2.845	2.835
		21.439	**23.682**	**17.712**	**13.581**	**13.836**
Annar kostnaður	1) Rekstur	953	478	475	567	253
	2) Alþjóðaflugþjón	830	468	865	419	153
		1.783	946	1.340	986	406
		33.260	**35.158**	**30.167**	**28.336**	**26.196**
Heildarfjöldi ferðadaga:						
	1) Rekstur	**649,0**	**666,5**	**618,0**	**688,5**	**626,0**
	2) Alþjóðaflugþjón	**725,0**	**854,0**	**604,5**	**258,5**	**130,5**
	3) PT ferðir	93,0	96,0	78,0	84,0	111,0
		1.467	**1.617**	**1.301**	**1.031**	**868**
Heildarfjöldi ferða:						
	1) Rekstur	111	116	129	154	145
	2) Alþjóðaflugþjón	41	48	42	37	39
	3) PT ferðir	31	32	26	28	37
		183	**196**	**197**	**219**	**221**
	4) Eftirlitsferðir	2	11	16	21	27
		185	**207**	**213**	**240**	**248**

Eftirlitsferðir eru ekki reiknaðar með í ferðadögum né heildarkostnaði.

Flugmálastjórn þarf eðli starfseminnar vegna að vera í miklum alþjóðlegum samskiptum. Stofnunin er fulltrúi Íslands á vettvangi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), Evrópusamtaka flugmálastjórna (ECAC), Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) auk þess að rækja umtalsvert samstarf við systurstofnanir annars staðar á Norðurlöndunum. Einnig er henni skylt að sinna störfum í nefndum og vinnuhópum vegna samningsins við ICAO um alþjóðaflugþjónustu en þeir fjalla um eftirlit og skipulagningu flugumferðar á Norður-Atlantshafi.

Ferðum Flugmálastjórnar má skipta í fjóra meginflokka.

1. Rekstur: Ferðir vegna alþjóðlegrar samvinnu í flugmálum og þátttaka í alþjóðlegum vinnuhópum vegna þeirrar þjónustu sem Flugmálastjórn veitir á Norður-Atlantshafi. Alþjóðaflugþjónustan greiðir Flugmálastjórn sérstaka stjórnunarþóknun sem ætlað er að standa straum af m.a. ferðakostnaði vegna samstarfs í alþjóðafluginu. Þá hefur samstarf Evrópuþjóða aukist til muna á undanförnum árum í kjölfar EES-samningsins og þar með ferðum Flugmálastjórnar tengdu því samstarfi. Má þar nefna vinnuhópa á vegum ECAC og þátttöku í JAA.
2. Alþjóðaflugþjónustan: Ferðir eru greiddar beint af Alþjóðaflugþjónustunni. Um er að ræða ferðir í tengslum við þróun á hugbúnaði og/eða tækjabúnaði vegna flugstjórnarmiðstöðvar og annarra verkefna Alþjóðaflugþjónustunnar.
3. PT-ferðir: Samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra flugumferðarstjóra við ríkið er gert ráð fyrir ákveðnum fjölda ferða sem Flugmálastjórn styrkir og eru hluti af endurmenntun flugumferðarstjóra. Flugmálastjórn greiðir dagpeninga í þrjá daga fyrir hverja ferð og hluta fargjalds.
4. Eftirlitsferðir: Ferðir til að fylgjast með rekstri íslenskra flugfélaga eða til að skrá flugvélar. Þessar ferðir eru greiddar af flugrekendum.

Flugmálastjórn greiðir fargjöld og dagpeninga samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Dagpeningum er ætlað að standa straum af gisti- og fæðiskostnaði. Því er ekki um sundurliðun gistikostnaðar og dagpeninga að ræða.

Annar kostnaður sem til fellur vegna ferða er greiddur samkvæmt reikningum og getur verið um að ræða ráðstefnu- og námskeiðsgjald, bílaleigubíla (ef slíkur ferðamáti er hagkvæmur), fjarskiptakostnað í þágu Flugmálastjórnar o.s.frv. Í undantekningartilfellum er um svokallaðan annan kostnað að ræða.

Á árunum 1993–95 var mikill dagpeningakostnaður hjá Alþjóðaflugþjónustunni vegna þróunar hugbúnaðarkerfis í Kanada en starfsmenn Flugmálastjórnar voru þar langdvölum við þróunarvinnu. Kemur þetta fram í fjölda ferðadaga, dagpeningakostnaði og öðrum kostnaði.

Í töflu 2.2 er sundurliðun á fjölda ferða stjórnenda og maka og tilgreindur árlegur kostnaður.

Tafla 2.2 Heildarferðakostnaður stjórnenda Flugmálastjórnar - í þús.kr.

Hlutur stjórnenda í ferðum:	1993	1994	1995	1996	1997
Fargjöld	4.003	3.714	4.108	3.651	4.429
Dagpeningar	5.475	4.507	4.348	3.888	4.024
Annar kostnaður	786	258	210	350	221
Heildarkostnaður	**10.264**	**8.479**	**8.666**	**7.889**	**8.674**
Fjöldi ferða	**61**	**52**	**55**	**52**	**55**
Fjöldi ferðadaga	**331**	**283**	**273**	**246**	**236**

Fjöldi stjórnenda er 7

Ferðakostnaður maka er ekki greiddur með þeirri undantekningu þó að í tveimur tilvikum var af sérstöku tilefni greitt fargjald eiginkonu flugmálastjóra árið 1993. Heildarupphæðin var 71.795 kr.

3. *Hvaða reglur gilda um bifreiðahlunnindi, risnu- og ferðakostnað stjórnenda?*

Bifreiðahlunnindi: Um eiginleg bifreiðahlunnindi er ekki að ræða, sbr. svar við 1. lið.

Risnukostnaður stjórnenda: Stjórnendur fá ekki greidda risnu. Um risnuheimild gildir að hver sá stjórnandi sem telur nauðsynlegt að stofna til risnukostnaðar fyllir fyrir fram út þar til gert eyðublað þar sem fram kemur tilefni, gestir, hver stendur fyrir boðinu, áætlaðar veitingar og kostnaður. Flugmálastjóri veitir samþykki með undirritun sinni. Þessi regla um risnuheimildir hefur gilt frá því síðla árs 1994.

Ferðakostnaður stjórnenda: Um ferðakostnað gilda reglur nr. 39/1992 ásamt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Ferðaheimild er gerð og hún árituð af flugmálastjóra og samgönguráðuneyti. Í ferðaheimilid kemur fram tilefni ferðar, áfangastaður, lengd ferðar og áætlaður kostnaður.

4. *Hver var árlegur risnukostnaður 1993–97, að báðum árum meðtöldum, sundurliðað eftir:*
   a. *fastri risnu greiddri einstökum stjórnendum,*
   b. *risnu greiddri samkvæmt reikningi,*
   c. *helstu þáttum risnunnar og kostnaði við hvern þeirra, auk helstu tilefna risnunnar?*

Föst risna er ekki greidd stjórnendum.

Í töflu 4.1 má sjá yfirlit yfir bókfærðan risnukostnað hjá Flugmálastjórn 1993–97. Allar fjárhæðir eru í þús. kr.

Tafla 4.1

	1993	1994	1995	1996	1997
Bókfærður risnukostnaður	3.232	5.420	2.218	2.871	1.794
Sundurliðun eftir tilefni:					
Norrænt samstarf	157	1.826	627	357	168
ICAO-samstarf	1.092	2.089	473	1.236	290
Annað erlent samstarf	728	315	196	581	237
Fundir, vígslur, hátíðir	1.101	1.150	721	638	919
Önnur tilefni	154	40	201	59	180
Samtals	**3.232**	**5.420**	**2.218**	**2.871**	**1.794**

Eins og fram hefur komið er Flugmálastjórn í miklu erlendu samstarfi. Risna sem veitt er þegar tekið er á móti erlendum gestum og sendinefndum er gjarnan hádegis- og kvöldverður og að jafnaði með vínveitingum. Einnig er oft boðið í stuttar skoðunarferðir. Fjöldi funda sem haldnir eru hér á landi er mjög breytilegur milli ára. Fundir eru haldnir reglulega með umdæmisstjórum og starfsmönnum og er þá gjarnan boðið upp á málsverð. Flugmálastjórn heldur árlega jólaboð fyrir starfsmenn sína og maka þeirra. Eru þar boðnar léttar veitingar (pinnamatur og létt vín). Flugmálastjórn stendur árlega fyrir Flugþingi. Í lok þess hefur verið boðið upp á léttar veitingar. Þegar stærstu áföngum í flugvallargerð hefur verið náð hefur gjarnan verið um formlega vígslu að ræða.

Risnukosnaður er breytilegur á milli ára. Mestur var hann á árunum 1993 og 1994, enda var þá óvenjumikið um heimsóknir erlendra gesta.

Árið 1993 var tekið á móti „Joint Support"-nefnd ICAO sem hingað kemur í heimsókn þriðja hvert ár. Um 25 manns eru jafnan í þessum hópi. Sama ár var alþjóðaflugvöllurinn á Egilsstöðum vígður.

Árið 1994 voru óvenjumargir norrænir fundir haldnir hér á landi, árlegur fundur norrænna flugmálastjóra, flugvallarstjóra og fjármálastjóra. Sama ár var nýja flugstjórnarmiðstöðin vígð. Stór sendinefnd á vegum ICAO kom af því tilefni til landsins. Formleg vígsla fór fram þar sem starfsmönnum og ýmsum gestum sem tengdust byggingunni var boðið. Formleg vígsla á nýrri flugbraut var haldin á Húsavík.

Árið 1995 voru haldnir fjórir norrænir samstarfsfundir hér á landi.

Árið 1996 var tekið á móti „Joint Support"-nefnd ICAO. Tveir fjölmennir flugöryggismálafundir voru haldnir hér á landi vegna Evrópusamstarfs.

5. *Hefur verið farið í laxveiðiferðir á vegum Flugmálastjórnar? Ef svo er, hvernig skiptist árlegur kostnaður við þær sl. fimm ár milli laxveiðileyfa og annarra útgjalda vegna ferðanna. Hve margar ferðir voru farnar á ári hverju, hvert var farið, hverjir voru þátttakendur í slíkum ferðum og hver voru tilefni þeirra?*

Á vegum Flugmálastjórnar hefur ekki verið farið í laxveiðiferðir.

6. *Hverjir taka ákvarðanir um ferðir stjórnenda erlendis og laxveiðar, sé um þær að ræða?*

Eins og áður segir er ekki um laxveiði að ræða. Hvað varðar ferðir stjórnenda erlendis er vísað í svar við 3. lið.

294. Fyrirspurn [256. mál]

til fjármálaráðherra um niðurfellingu virðisaukaskatts af innlendri handverksframleiðslu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur komið til skoðunar að fella niður virðisaukaskatt af framleiðslu handverksfólks, svo sem minjagripum og munum, sem ber slíkan skatt nú?
2. Hvaða aðgerðir aðrar telur ráðuneytið mögulegar til að gera alla sem framleiða slíkar vörur jafnsetta við skattlagningu óháð því hvort þeir stunda aðra virðisaukaskattsskylda starfsemi?

295. Fyrirspurn [257. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um reglur um endurgreiðslu á ferðakostnaði sjúklinga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað veldur því að ferðakostnaður sjúklinga sem þurfa að leita sér lækninga fjarri heimabyggð vegna ýmissa algengra sjúkdóma, t.d. þvagfærasjúkdóma sem oft hrjá aldraða fólk, er ekki endurgreiddur af Tryggingastofnun ríkisins?
2. Á hvaða forsendum, læknisfræðilegum, félagslegum o.s.frv., byggist mat á því hvort kostnaður af tilteknum sjúkdómi er endurgreiddur eða ekki?
3. Er fyrirhuguð endurskoðun á þessum reglum?

296. Fyrirspurn [258. mál]

til umhverfisráðherra um fráveitumál sveitarfélaga.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hver er áætlaður kostnaður sveitarfélaga af framkvæmdum við fráveitur sem notið geta styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, sundurgreindur eftir sveitarfélögum og samanlagður?
2. Hvert yrði framlag ríkissjóðs til þessara framkvæmda?
3. Er ekki ólíklegt að sveitarfélögin geti staðið straum af þessum framkvæmdum miðað við óbreytta kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga?
4. Hve miklar tekjur má ætla að ríkissjóður hefði af þessum framkvæmdum í formi virðisaukaskatts og annarra skatta?
5. Er ekki ástæða til að lög nr. 53/1995 verði endurskoðuð með það að markmiði að auka kostnaðarhlutdeild ríkisins og að framkvæmdatími verði lengdur?

297. Fyrirspurn [259. mál]

til forsætisráðherra um uppbygginguna á Eiríksstöðum í Haukadal.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin stuðla að því að uppbyggingunni á Eiríksstöðum í Haukadal ljúki árið 2000?

298. Frumvarp til laga [260. mál]

um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í sjálfvirku tilkynningarkerfi skulu skip tilkynna brottför og komu í höfn og staðsetningu sína á eftirfarandi hátt:

a. Skip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri skulu tilkynna sig á tólf klukkustunda fresti.
b. Skip sem eru styttri en 24 metrar og er heimilt að sigla utan þjónustusvæðis sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á einnar klukkustundar fresti.
c. Skip sem eru styttri en 24 metrar og sigla á þjónustusvæði sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.
d. Skipum sem stunda takmarkaða sjósókn eða hafa aðeins sumarhaffæri er heimilt að tilkynna sig með öðrum leiðum eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í sjálfvirku tilkynningarkerfi skal að lágmarki tilkynna auðkenni skips og staðsetningu þess.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. taka jafnframt til sjálfvirks tilkynningarkerfis.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Sá sem annast rekstur fjarskiptanna skal sjá til þess að fjarskiptavirki séu til staðar til móttöku tilkynninga og áframhaldandi sendingar þeirra til eftirlitsstöðvar.

5. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Handvirka tilkynningarkerfið skal rekið í allt að þrjú ár samhliða sjálfvirka tilkynningarkerfinu.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Fyrir þjónustu í handvirka tilkynningarkerfinu og tilkynningar um gervihnattasamband greiða eigendur skipanna fyrir fjarskiptin samkvæmt gjaldskrá þess sem þjónustuna veitir.

Fyrir þjónustu í sjálfvirka tilkynningarkerfinu skal eigandi hvers skips greiða umsamið árgjald sem rennur til Slysavarnafélags Íslands til að mæta kostnaði þess.

7. gr.

11. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

8. gr.

12. gr. laganna, er verður 11. gr., orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu og er tilgangur þess að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum, vegna sjálfvirks tilkynningarkerfis sem áformað er að taka í notkun 1. febrúar 1999.

Aðdragandi þess að koma á sjálfvirku tilkynningarkerfi fyrir íslensk skip á sér langa sögu, en handvirk tilkynningarskylda íslenskra skipa hefur verið við lýði í rúm tuttugu ár. Samkvæmt lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa skulu öll skip önnur en varðskip tilkynna brottför úr höfn, komu í höfn og staðsetningu a.m.k. einu sinni á sólarhring. Skv. 7. gr. laganna skal Landssími Íslands sjá um að strandstöðvar séu til staðar til móttöku þessara tilkynninga og áframhaldandi sendingar þeirra til eftirlitsmiðstöðvar. Skv. 8. gr. laganna skal Slysavarnafélag Íslands fara með yfirstjórn tilkynningarskyldunnar og eftirlitsmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

Frá árinu 1983 hefur Alþingi nánast árlega veitt fé til undirbúnings við sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir skip og hefur verið unnið að þessu máli í samráði við marga aðila, m.a. hagsmunaaðila, Háskóla Íslands, Póst- og símamálastofnun og Slysavarnafélag Íslands.

Eftir að ný lög um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, tóku gildi var sett reglugerð á grundvelli þeirra, nr. 295/1994, um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa. Í 3. gr. hennar er m.a. kveðið á um að öll íslensk skip sem sigla á hafsvæði A1 og A2 skuli búin tækjum til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu frá og með 1. febrúar 1999, en veita má undanþágu til skipa sem einungis sigla tímabundið inn á svæðið.

Enn fremur er kveðið á um að skip á hafsvæði A1 sem samkvæmt reglugerðinni er hafsvæði sem takmarkast af langdrægni strandstöðva til talfjarskipta og viðvarana á metrabylgju skuli búin stafrænu valkalli (DSC — Digital Selective Calling) á því tíðnisviði og að öll skip skuli búin NAVTEX viðtækjum.

Hafsvæði A2 er samkvæmt reglugerðinni svæði utan við hafsvæði A1 sem takmarkast af langdrægi strandstöðva til talfjarskipta og viðvarana með stafrænu valkalli á millibylgju (MF).

Hinn 14. maí 1994 gerði samgönguráðuneytið samkomulag við Póst- og símamálastofnun og Slysavarnafélag Íslands um að vinna að uppsetningu sjálfvirks tilkynningarkerfis fyrir íslensk skip. Aðdragandi þess að taka upp sjálfvirkt tilkynningarkerfi er lengri og unnið hefur

verið að þessu máli samfellt um nokkurt skeið í samgönguráðuneytinu og gerðar úttektir og skýrslur um fyrirkomulag og framkvæmd verkefnisins. Samkvæmt samkomulaginu var Slysavarnafélaginu falið að annast áfram rekstur tilkynningarskyldunnar og byggja upp og reka eftirlitsstöð sem gæti tekið á móti sjálfvirkum tilkynningum auk handvirkra tilkynninga eins og áður. Póst- og símamálastofnun var aftur á móti falið að byggja upp og reka fjarskiptakerfi í landi. Með samkomulaginu var sömu aðilum og séð höfðu um og rekið tilkynningarkerfi íslenskra skipa í tæp tuttugu ár falið að sjálfvirknivæða það.

Hinn 1. október 1997 fól samgönguráðuneytið Póst- og fjarskiptastofnun að annast framkvæmd á sjálfvirku tilkynningarkerfi að því er varðar fjarskiptaþátt þess og semja við Póst og síma hf. (nú Landssíma Íslands hf.) um uppbyggingu fjarskiptahluta þess. Í stuttu máli má segja að sjálfvirka tilkynningarkerfið samanstandi af eftirfarandi þáttum:

— *landstöðvum* sem annast samskipti við skipin og eru lítið frábrugðnar hefðbundnum strandstöðvum. Ráðgert er að þær verði í mörgum tilfellum staðsettar í húsnæði núverandi strandstöðva Landssíma Íslands hf. og deili þeirri aðstöðu sem þar er fyrir hendi.
— *fjarskiptaleiðum* frá landstöðvunum til Reykjavíkur til að flytja tilkynningar frá skipunum og boð þeirra, þegar þess er þörf. Fjarskiptaleiðirnar munu verða af mismunandi toga, en aðallega leigulínur í fastaneti Landssímans. Athygli er vakin á því að tilkynningar verða í formi gagnaflutnings.
— *fjarskiptastjóra* sem einnig er aðallega hugbúnaður. Hann tekur við tilkynningum frá skipunum, bæði frá landstöðvakerfinu og frá jarðstöðvum gervihnattakerfa, vinnur úr þeim upplýsingar og sendir áfram til eftirlitsstöðvar, sem verður rekin af Slysavarnafélagi Íslands. Föst leigulína mun tengja fjarskiptastjórann við eftirlitsstöðina og telst hún til fjarskiptahluta kerfisins.

Þjónustusvæði sjálfvirka tilkynningarkerfisins getur í raun náð yfir öll heimsins höf. Með hvaða hætti tilkynningum er komið á framfæri fer eftir fjarskiptabúnaði skipsins. Miðað er við að minni skip sem næst eru landi sendi tilkynningar á metrabylgju (VHF), en í fylgiskjali II með frumvarpinu kemur fram útbreiðslumynd þjónustusvæðis sjálfvirka tilkynningarkerfisins á metrabylgju, en það samsvarar hafsvæði A1 sem skilgreint er í reglugerð um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, nr. 295/1994. Þegar skip er statt fyrir utan þjónustusvæði sjálfvirka tilkynningarkerfisins um metrabylgju verður hægt að senda tilkynningar um gervihnattasamband (INMARSATS).

Hinn 5. mars 1998 gerðu samgönguráðherra, Landssími Íslands hf., Landssamband smábátaeigenda, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Póst- og fjarskiptastofnun og Slysavarnafélag Íslands með sér samkomulag um framkvæmd sjálfvirkrar tilkynningarskyldu. Þar er kveðið á um hvenær og hve oft skip skuli tilkynna sig í sjálfvirka tilkynningarkerfinu, upphæð árgjalds fyrir hvert skip, þ.e. 5.000 kr. og að styrkur skuli veittur úr ríkissjóði til skipa sem þurfa að kaupa búnað til VHF-fjarskipta vegna sjálfvirka tilkynningarkerfisins (fylgiskjal III).

Í október 1997 fól samgönguráðuneytið Póst- og fjarskiptastofnun að ganga til samninga við Póst og síma hf. (nú Landssíma Íslands hf.) um uppbyggingu fjarskiptahluta sjálfvirks tilkynningarkerfis.

Hinn 5. mars 1998 var undirritaður samningur milli Póst- og fjarskiptastofnunar og Landssíma Íslands hf. Í samningnum er kveðið á um að Landssími Íslands hf. taki að sér að setja upp og starfrækja móttöku og dreifileiðir fyrir sjálfvirkt tilkynningarkerfi á landi að undanskildri eftirlitsmiðstöð sem Slysavarnafélag Íslands muni fjármagna og reka. Í þessu felst uppbygging og rekstur á fjarskiptastjóra, átta landstöðvum, 25 endurvarpsstöðvum og boðleiðum þar á milli auk boðleiða til stjórnstöðvar Slysavarnafélagsins. Áætlaður stofn-

kostnaður vegna fjarskiptahluta sjálfvirka tilkynningarkerfisins er 85 millj. kr. og kveður samningurinn á um að samgönguráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs muni greiða á árunum 1998–2000 samtals 25 millj. kr. til uppbyggingar á fjarskiptahlutanum, en annan stofnkostnað greiðir Landssími Íslands hf. Jafnframt gerir samningurinn ráð fyrir að Landssími Íslands hf. sjái um rekstur fjarskiptahlutans á eigin kostnað, en að fyrir tilkynningar sem fara um gervihnött eða handvirka tilkynningarkerfið meðan það verður rekið samhliða því sjálfvirka greiði sendandi fyrir fjarskiptin samkvæmt gjaldskrá þess sem þjónustuna veitir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um hvenær og hve oft skip skuli tilkynna sig í sjálfvirka tilkynningarkerfinu til eftirlitsmiðstöðvar og ræðst það af stærð skipsins og farsviði. Meginreglan er sú að öll skip skulu tilkynna brottför og komu í höfn.

Skip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri skulu tilkynna sig á 12 klukkustunda fresti. Hér er fyrst og fremst um að ræða farþega-, flutninga- og fiskiskip sem falla undir II. kafla reglugerðar um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, nr. 295/1994, en þar er kveðið á um hvaða fjarskiptabúnaði þau skuli búin án tillits til á hvaða hafsvæðum þau sigla. Þessi skip geta hvort sem er tilkynnt sig með fjarskiptum um gervihnött (INMARSAT) eða um metrabylgju (VHF) ef þau sigla á þjónustusvæði sjálfvirka tilkynningarkerfisins á metrabylgju.

Skip sem eru styttri 24 metrar að lengd og er heimilt sigla utan þjónustusvæðis sjálfvirkrar tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á einnar klukkustundar fresti. Þessi skip geta tilkynnt sig um gervihnött (INMARSATS) eða um metrabylgju ef þau sigla á þjónustusvæði sjálfvirka tilkynningarkerfisins á metrabylgju.

Skip sem eru styttri 24 metrar að lengd og sigla aðeins innan þjónustusvæðis sjálfvirkrar tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á 15 mínútna fresti með fjarskiptum um metrabylgju.

Skipum sem stunda takmarkaða sjósókn eða hafa aðeins sumarhaffæri er heimilt að tilkynna sig með öðrum leiðum eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Þessum skipum er eftir sem áður skylt að tilkynna sig í handvirka kerfinu meðan það verður rekið samhliða því sjálfvirka. Þegar handvirka kerfið verður lagt niður þurfa þessi skip eftir sem áður að tilkynna sig eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um hvaða upplýsingar skuli koma fram í tilkynningu í sjálfvirka tilkynningarkerfinu, þ.e. auðkenni skips og staðsetning þess.

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni gilda ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna jafnt í sjálfvirka tilkynningarkerfinu og í því handvirka, þ.e. hvernig bregðast skuli við ef tilkynning hefur ekki borist.

Um 4. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 7. gr. núgildandi laga. Orðalagi er breytt vegna breytinga sem orðið hafa í lagaumhverfi fjarskiptamála þar sem einkaréttur hefur verið felldur niður. Hins vegar er ljóst að þær skyldur sem 4. gr. frumvarpsins kveður á um hvíla á Landssíma Íslands hf. samkvæmt samningi félagsins við Póst- og fjarskiptastofnun frá 5. mars 1998.

Um 5. gr.

Í sjálfvirka tilkynningarkerfinu er miðað við að eftirlitsmiðstöð þess verði hjá Slysavarnafélagi Íslands sem annast rekstur hennar og að fé verði veitt á fjárlögum hverju sinni til rekstursins ásamt því að eigendur skipa greiði umsamið árgjald til að mæta kostnaði Slysavarnafélagsins vegna þessa.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að fyrir þjónustu í handvirka tilkynningarkerfinu skuli greitt gjald samkvæmt gjaldskrá þess sem fjarskiptaþjónustuna veitir og er það sambærilegt 9. gr. gildandi laga. Sama gildir um tilkynningar sem fara um gervihnött og á það við um skip sem eru 24 metrar að lengd og lengri og eiga að tilkynna sig á 12 klukkustunda fresti og sigla utan þjónustusvæðis sjálfvirkrar tilkynningarskyldu á metrabylgju og skip sem eru styttri en 24 metrar og sigla utan þjónustusvæðis sjálfvirka tilkynningarkerfisins á metrabylgju. Framkvæmd handvirku tilkynningarskyldunnar hefur verið með þeim hætti að Slysavarnafélag Íslands hefur rekið eftirlitsmiðstöð fyrir tilkynningarskyldu skipa og fengið til þess fjármagn á fjárlögum hvers árs, 19,8 millj. kr. á árinu 1998. Miðað er við að handvirka tilkynningarkerfið verði rekið í allt að þrjú ár samhliða sjálfvirku tilkynningarkerfi. Fyrir fjarskiptaþjónustuna hafa eigendur skipanna fram að þessu greitt fast gjald á ári eftir stærð skipanna til Póst- og símamálastofnunar, nú Landssíma Íslands hf., eða annarra aðila sem hafa veitt fjarskiptaþjónustuna, en samkvæmt frumvarpinu er miðað við að þeir notendur sem ekki tilkynna sig í metrabylgjukerfinu greiði fyrir hverja tilkynningu samkvæmt gjaldskrá þess sem þjónustuna veitir.

Í 2. mgr. er miðað við að hvert skip í sjálfvirka tilkynningarkerfinu greiði sérstakt árgjald til að mæta kostnaði Slysavarnafélags Íslands við rekstur sjálfvirks tilkynningarkerfis. Í samningi sem gerður var 5. mars 1998 milli samgönguráðherra, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Landssambands smábátaeigenda, Landssíma Íslands hf., Póst- og fjarskiptastofnunar og Slysavarnafélags Íslands er kveðið á um að árgjaldið skuli vera 5.000 kr. fyrir hvert skip. Í sjálfvirka tilkynningarkerfinu er miðað við að stjórnstöð þess verði hjá Slysavarnafélagi Íslands sem annast rekstur hennar og að fé verði veitt á fjárlögum hverju sinni til rekstursins ásamt því að eigendur skipa greiði fyrrnefnt árgjald til að mæta kostnaði Slysavarnafélagsins vegna þessa.

Hinn 1. október 1997 fól samgönguráðuneytið Póst- og fjarskiptastofnun að annast framkvæmd á sjálfvirka tilkynningarkerfinu að því er varðar fjarskiptaþátt þess og semja við Póst og síma hf. (nú Landssíma Íslands hf.) um uppbyggingu fjarskiptahluta þess.

Með samningi frá 5. mars 1998 milli Póst- og fjarskiptastofnunar og Landssíma Íslands hf. er kveðið á um að Landssími Íslands hf. taki að sér að setja upp og starfrækja móttöku og dreifileiðir fyrir sjálfvirkt tilkynningarkerfi á landi að undanskildri stjórnstöð sem Slysavarnafélag Íslands muni fjármagna og reka. Í þessu felist uppbygging og rekstur á fjarskiptastjóra, átta landstöðvum, 25 endurvarpsstöðvum landstöðvarstjóra og boðleiðum þar á milli, auk boðleiða til stjórnstöðvar Slysavarnafélagsins. Áætlaður stofnkostnaður vegna fjarskiptahluta sjálfvirka tilkynningarkerfisins er 85 millj. kr. og kveður samningurinn á um að samgönguráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs muni greiða á árunum 1998–2000 samtals 25 millj. kr. til uppbyggingar á fjarskiptahluta sjálfvirka tilkynningarkerfisins, en annan stofnkostnað greiðir Landssími Íslands hf. Jafnframt gerir samningurinn ráð fyrir að Landssími Íslands hf. sjái um rekstur fjarskiptahlutans á eigin kostnað, en að fyrir tilkynningar sem fara um gervihnött greiði sendandi fyrir flutninginn til fjarskiptastjóra.

Um 7. gr.

Í 11. gr. gildandi laga um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, er kveðið á um að allur kostnaður við tilkynningarskylduna, þar með talinn fjarskiptakostnaður, greiðist úr ríkissjóði. Þetta ákvæði getur ekki staðið óbreytt þar sem skipting kostnaðar hefur verið ákveðinn í samningum á annan hátt, eins og fram kemur í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins, þ.e. að Landssími Íslands hf. beri að stærstum hluta stofnkostnað og rekstarkostnað að öllu leyti vegna fjarskiptahluta sjálfvirka tilkynningarkerfisins.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að samgönguráðherra sé heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu laganna, ef þörf krefur.


Um 9. gr.

Miðað er við að frumvarpið verði það að lögum taki gildi 1. febrúar 1999 og að þá verði sjálfvirka tilkynningarkerfið tekið í notkun. Í reglugerð um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, nr. 295/1994, er miðað við að öll skip sem sigla á hafsvæði A1 og A2 skuli búin tækjum til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu frá og með 1. febrúar 1999.

Í samningi frá 5. mars 1998 milli Póst- og fjarskiptastofnunar og Landssíma Íslands hf. er kveðið á um að Landssími Íslands hf. skuli hafa lokið uppbyggingu sjálfvirka tilkynningarkerfisins í síðasta lagi 1. desember 1998 þannig að hægt verði að prófa það. Prófunum og lagfæringum, ef einhverjar eru, skal vera lokið 15. janúar 1999 og kerfið tekið í notkun 1. febrúar 1999.


Fylgiskjal I.

Sjálfvirka tilkynningarkerfið.



Fylgiskjal II.

Útbreiðslumynd sjálfvirka tilkynningarkerfisins á metrabylgju.



Fylgiskjal III.

Samkomulag frá 5. mars 1998 um framkvæmd sjálfvirkrar tilkynningarskyldu.

Samgönguráðherra hefur ákveðið að komið skuli á sjálfvirku tilkynningarskyldukerfi íslenskra skipa. Af því tilefni gera samgönguráðherra, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssími Íslands hf., Landssamband smábátaeigenda, Póst- og fjarskiptastofnun og Slysavarnafélag Íslands með sér svofellt:

Samkomulag um framkvæmd sjálfvirkrar tilkynningarskyldu (STK)

Í reglugerð nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, sem sett er skv. lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum, er gerð krafa um að öll skip sem sigla á hafsvæði A1 og A2 séu búin tækjum til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu frá og með 1. febrúar 1999.

Undirritaðir eru sammála um að sjálfvirkt tilkynningarkerfi og framkvæmd sjálfvirkrar tilkynningarskyldu samkvæmt ofangreindri reglugerð verði með eftirfarandi hætti:

1. Skip sem eru stærri en 24m. tilkynna sig á 12 klst. fresti með fjarskiptum um gervihnött.

2. Skip sem eru minni en 24m., hafi þau A2 haffæri, tilkynna sig á 1 klst. fresti með fjarskiptum um VHF eða gervihnött.

3. Skip sem eru minni en 24m., hafi þau A1 haffæri, tilkynna sig á 15 mínútna fresti með fjarskiptum um VHF.

4. Handvirka tilkynningarskyldan verður rekin í allt að þrjú ár samhliða STK.

5. Skip með takmarkaða sókn og/eða sumarhaffæri geta notað símakrók.

6. Árgjald verður 5.000 kr. fyrir öll skip.

7. Styrkur að upphæð kr. 40.000 verður veittur úr ríkissjóði til skipa sem þurfa að kaupa búnað til VHF fjarskipta vegna STK.

8. Slysavarnarfélag Íslands kemur upp stjórnstöð fyrir STK og annast rekstur hennar. Árgjald frá skipum vegna STK skal renna til Slysavarnarfélags Íslands upp í rekstrarkostnað stjórnstöðvarinnar.

9. Landssími Íslands hf. skal sjá um uppbyggingu og rekstur fjarskipta STK.

10. Póst- og fjarskiptastofnun skal annast eftirlit með framkvæmd fjarskiptaþáttar STK.

11. Hægt verður að nota tækjakost í skipum vegna STK og fjarskiptaleiðir STK til fjarskipta vegna fyrirhugaðs veiðieftirlits.

Reykjavík, 5. mars 1998.

samgönguráðherra

Landssími Íslands hf.

Póst- og fjarskiptastofnun

Landsamband smábátaeigenda

Slysavarnafélag Íslands

Landsamband íslenskra útvegsmanna

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

Í febrúar á næsta ári er áformað að taka í notkun sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir íslensk skip og eru í því skyni gerðar nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

Gert er ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður sjálfvirka kerfisins verði 16 m.kr. en 13 m.kr. á næsta ári. Talið er að handvirka kerfið muni kosta 12 m.kr. á næsta ári, 6 m.kr. árið 2000 en að rekstri þessi verði hætt árið 2001. Á næsta ári er því heildarrekstrarkostnaður áætlaður 25 m.kr. og er hann fjármagnaður annars vegar með innheimtum árgjöldum, 2 m.kr., og hins vegar með greiðslu úr ríkissjóði, 23 m.kr. Þegar er gert ráð fyrir þeirri fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár.

Kostnaður Landssímans hf. vegna kerfisins verður 21 m.kr. á næsta ári og er hann fjármagnaður með greiðslu úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð er stofngjald 10 m.kr. en framlag vegna þess verður 5 m.kr. á árinu 2000 og fellur niður 2001. Fjárveiting í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár er 21 m.kr. og stendur því undir hlut ríkissjóðs.

Að lokum eru 17 m.kr. ætlaðar til að styrkja smábátasjómenn til kaupa á nauðsynlegum búnaði og er gert ráð fyrir sambærilegu framlagi á árinu 2000. Sá kostnaður er greiddur úr ríkissjóði og er áætlað fyrir því framlagi í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár.

Alls er því talið að kostnaður ríkissjóðs muni aukast um 32,6 m.kr. á næsta ári frá fjárlögum þessa árs og hefur þegar verið áætlað fyrir þeirri fjárhæð í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár. Á árinu 2000 lækkar framlag ríkisins um 8,9 m.kr. og um 22 m.kr. til viðbótar á árinu 2001 þegar styrkveitingum til smábátasjómanna er lokið og stofngjald til Landssímans fellur niður.

299. Frumvarp til laga [261. mál]

um breytingu á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Svanfríður Jónasdóttir,
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir.

1. gr.

Við 6. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Óski starfsmaður eftir því er atvinnurekanda skylt að rökstyðja uppsögnina og tilgreina ástæður hennar. Skal slíkur rökstuðningur vera skriflegur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að atvinnurekendum verði skylt að rökstyðja uppsögn starfsmanns, óski starfsmaðurinn eftir því. Skal uppsögnin rökstudd skriflega og tilgreindar ástæður hennar. Breyting þessi er í samræmi við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, sbr. tillögu nr. 166 um sama efni, liði 12 og 13 (sjá fylgiskjöl II og III). Samþykktin tekur reyndar til fleiri þátta starfsöryggis en hér er einn þeirra tekinn út og lagt til að hann verði lögfestur.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsfólk geti óskað eftir skriflegri skýringu á uppsögn, ef það telur ástæðu til. Viðkomandi starfsmaður metur það síðan á eigin forsendum á hvern hátt hann vill bregðast við þeim rökstuðningi. Rétt er að draga það sérstaklega fram að hér er ekki lagt til að skylt verði að veita skriflegan rökstuðning fyrir uppsögn heldur er hann einungis veittur að ósk starfsmannsins.

Verði frumvarp þetta að lögum getur það haft þýðingu varðandi beitingu 65. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sem kveður á um að allir skuli jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er einnig ákvæði um að karlar og konur skuli njóta jafns réttar í hvívetna og starfsmaður sem telur sér hafa verið sagt upp á grundvelli kynferðis ætti auðveldara með sönnunarbyrði í slíku máli ef ákvæði um skriflegan rökstuðning uppsagnar er lögfest. Sama ætti við ef reynir á 4. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Hún kveður á um að atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum eða vinnudeilum með:

a. uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,
b. fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

Með breytingu þessari er auk þess verið að jafna ákveðinn aðstöðumun sem verið hefur á milli opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa á almennum vinnumarkaði, því að skv. 44. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er skylt að rökstyðja uppsögn skriflega óski starfsmaður þess. Þá er höfð til hliðsjónar samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111, um misrétti í sambandi við atvinnu eða starf (sbr. fylgiskjal I), en breyting þessi er í anda hennar.

Fylgiskjal I.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 42. sinn þann 4. júní 1958 og með því að það hefur fallist á tilteknar bendingar um misrétti á sviði atvinnu og starfs, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins og ákveðið að þessar bendingar skyldu færðar í form alþjóðasamþykktar og með tilliti til þess að Fíladelfíu-yfirlýsingin staðfestir að allir menn, án tillits til kynþátta, trúarbragða eða kynferðis, eigi rétt á því að efla efnalega velferð sína og andlegan þroska á frjálsan og sæmandi hátt við efnahagslegt öryggi og jafnrétti og enn fremur með tilliti til þess að misrétti er brot á þeim réttindum, sem talin eru í Almennu mannréttindayfirlýsingunni, gerði það hinn 25.

júní 1958 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má samþykkt um misrétti í sambandi við atvinnu eða starf, 1958:

1. gr.

1. Í merkingu þessarar samþykktar tekur hugtakið „misrétti“ til:
   a. hvers konar greinarmunar, útilokunar eða forréttinda, er byggist á kynþætti, litarhætti, kynferði, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðun, þjóðernislegum eða félagslegum uppruna, og hefur í för með sér brottfall eða skerðingu á jafnrétti með tilliti til möguleika eða meðhöndlunar í atvinnu eða starfi;
   b. sérhvers annars mismunar, útilokunar eða forréttinda, sem hefur í för með sér brottfall eða skerðingu á jafnrétti með tilliti til möguleika eða meðhöndlunar í vinnu eða starfi, eftir því sem hlutaðeigandi aðildarríki kann að hafa ákveðið að höfðu samráði við fulltrúa aðalsamtaka verkamanna og atvinnurekenda, þar sem þau eru, og aðra aðila, sem við á.
2. Hvers konar mismunur, útilokun eða forréttindi varðandi tiltekið starf, sem byggist á kröfum þeim, sem því starfi fylgja, skal ekki teljast misrétti.
3. Að því er tekur til þessarar samþykktar skulu hugtökin „atvinna“ og „starf“ einnig ná til aðgangs að starfsþjálfun, aðgangs að vinnu og sérstökum störfum svo og vinnukjara.

2. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af samþykkt þessari, undirgengst að lýsa yfir og framfylgja þjóðlegri stefnu, sem með þeim aðferðum, er henta aðstæðum og venju í hverju landi, miði að því að koma á jafnrétti með tilliti til möguleika og meðhöndlunar varðandi vinnu og störf í því skyni að útrýma misrétti í þessum efnum.

3. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af þessari samþykkt, undirgengst að það skuli með þeim aðferðum, sem henta þjóðlegum aðstæðum og venju:

a. leita samvinnu við félagasamtök atvinnurekenda og verkamanna og annarra viðkomandi aðila til þess að greiða fyrir viðurkenningu og framkvæmd þessarar stefnu;
b. setja þau lög og efla þess konar fræðslukerfi, sem telja má að tryggi viðurkenningu og framkvæmd þessarar stefnu;
c. nema úr gildi þau lagaákvæði og breyta þeim reglugerðarákvæðum eða venju, sem kunna að vera ósamrýmanleg þessari stefnu;
d. framfylgja þessari stefnu að því er tekur til vinnu, sem er undir eftirliti opinbers stjórnvalds;
e. tryggja framkvæmd þessarar stefnu í starfsemi, er snertir leiðbeiningar um stöðuval, starfsþjálfun og vinnumiðlun, sem er undir eftirliti opinbers stjórnvalds;
f. greina frá því, í ársskýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar, hvað gert hefur verið samkvæmt þessari stefnu og hvern árangur það hefur borið.

4. gr.

Ráðstafanir, sem gerðar eru gegn manni, sem með rökum er grunaður um að vera eða er þátttakandi í starfsemi, sem er hættuleg öryggi ríkisins, skulu ekki taldar misrétti, enda skal hlutaðeigandi manni rétt að áfrýja til þar til bærrar stofnunar, sem sett sé á fót samkvæmt venju í hlutaðeigandi ríki.

5. gr.

1. Sérstakar aðgerðir til verndar eða aðstoðar, sem kveðið er á um í öðrum samþykktum eða tillögum frá Alþjóðavinnumálaþinginu, skulu ekki taldar misrétti.
2. Sérhvert aðildarríki getur, að höfðu samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, þar sem þau eru, ákveðið að ekki skuli telja misrétti fólgið í öðrum sérstökum ráðstöfunum, sem miða að því að fullnægja sérstökum þörfum fólks, sem t.d. vegna kynferðis, aldurs, örorku, framfærsluskyldu eða félagslegrar eða menningarlegrar stöðu er að almanna áliti þurfandi sérstakrar verndar eða hjálpar.

6. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að framfylgja henni í ósjálfstæðum löndum í samræmi við ákvæði stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Samþykkt þessi er einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur samþykktin í gildi fyrir hvert einstakt ríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess var skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Skal það gert með tilkynningu, er send sé framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn gengur ekki í gildi fyrr en liðið er ár frá skrásetningardegi hennar.
2. Sérhvert aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerðist;
   b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi;

   enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Um eftirfarandi tvö fylgiskjöl vísast til þskj. 581 (332. mál 120. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 2783–2793.

II. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

III. Tillaga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 166, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

300. Frumvarp til laga [262. mál]

um breyt. á l. nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Flm.: Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Guðni Ágústsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist: m.a. hvað varðar endurgreiðsluhlutfall, sbr. 8. mgr. 8. gr.

2. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 8. mgr., svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að gefa lánþegum frá ákveðnum byggðarlögum, sem skilgreind eru í reglum er stjórnin setur, kost á lægra endurgreiðsluhlutfalli námslána en almennt tíðkast eða fella greiðslur niður að öllu leyti. Þá er stjórn sjóðsins heimilt, samkvæmt nánari reglum sem hún setur, að veita læknum (og öðrum háskólamenntuðum heilbrigðisstarfsmönnum) og kennurum sambærilega heimild ef þeir að námi loknu setjast í tiltekinn tíma að á stöðum þar sem skortur er á fólki með slíka menntun.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menntun snýst um sóknarfæri til framfara á öllum sviðum mannlífs. Grundvallaratriði hefur verið í íslenskum stjórnmálum að íslensk ungmenni geti átt aðgengi að menntakerfinu óháð efnahag. Liður í þeirri viðleitni er m.a. Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lán úr sjóðnum eru einkum veitt til náms í starfsmenntun á framhaldsskólastigi sem og til náms á háskólastigi. Þetta felur m.a. í sér að nemendur úr dreifbýli þurfa að sækja nám um lengri veg en aðrir þar sem háskólar eru fáir og allir í Reykjavík eða á Akureyri. Fyrir vikið þarf ungt fólk oft að flytja búferlum frá heimahögum sínum með ærnum tilkostnaði. Þó að reglur lánasjóðsins taki að nokkru tillit til þess þá standa lánin engan veginn undir öllum útgjöldum þessara nemenda. Þess vegna má segja að námsmenn þjóðarinnar standi ekki jafnfætis hvað varðar aðgengi að námi.

Mikið hefur verið rætt síðustu missiri um flutning fólks úr dreifbýli í þéttbýli. Fyrir því eru ýmsar ástæður og má benda á kostnað vegna náms ungmenna sem eina þeirra. Þá má benda á að svo virðist sem nokkur brögð séu að því að ungmenni sem sækja nám til þéttbýlisins snúi ekki aftur heim. Margir eru þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Til þess hafa verið notaðar ýmsar aðferðir með misjöfnum árangri.

Að undanförnu hefur borið mikið á læknaskorti í nokkrum stöðum úti á landi. Þá berast reglulega fréttir af því að ekki fáist kennarar til starfa í grunnskólum og framhaldsskólum landsbyggðarinnar. Áhrif þess á samfélagið eru mikil og eiga ugglaust sinn þátt í að ýta undir það sem kallað hefur verið landsbyggðarflótti. Landsmenn allir vilja tryggja sér og sínum góðan aðgang að menntakerfi og heilbrigðiskerfi.

Hér að framan hefur verið á það bent annars vegar að kostnaður námsfólks utan af landi getur verið meiri en kostnaður íbúa þéttbýlisins og hins vegar hefur verið dreginn fram skortur á tilteknum hópum menntafólks utan stærstu þéttbýlisstaða. Í Noregi hefur verið gripið til þess ráðs að veita lánasjóði námsmanna heimild til að lækka endurgreiðsluhlutfall lánþega frá tilteknum dreifbýlisstöðum. Þá er einnig heimilt að gefa læknum og öðru háskólamenntuðu starfsfólki heilbrigðisstofnana sem fer að loknu námi til starfa á tilgreindum stöðum í dreifbýlinu kost á lægra endurgreiðsluhlutfalli námslána. Hér er um beinar aðgerðir af hálfu hins opinbera að ræða í því skyni að hvetja menntað fólk til starfa á landsbyggðinni, sem og að hvetja ungt fólk þaðan til að leggja stund á framhaldsskóla- eða háskólanám. Frumvarp þetta er byggt á sömu hugmyndafræði.

301. Fyrirspurn [263. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Er hafin framkvæmd á eftirfarandi verkefnum ríkisstjórnarinnar, sbr. II. kafla framkvæmdaáætlunar til fjögurra ára til að ná fram jafnrétti kynjanna:
   a. að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum verði upplýsingar greindar eftir kyni,
   b. að kannað verði hvort opinber stefnumörkun taki mið af jafnrétti kynjanna,
   c. að stuðlað verði sérstaklega að jafnrétti hjá ríkisstofnunum?
2. Ef svo er, hvað hefur þegar verið gert? Ef svo er ekki, hvenær mun framkvæmdin hefjast? Hve mikið fé er ætlað í hvert verkefni á næsta ári?

302. Fyrirspurn [264. mál]

til félagsmálaráðherra um efnahagsleg völd kvenna og karla.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

Hefur ríkisstjórnin skipað nefnd sem geri tillögu að „rannsóknaverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku þjóðfélagi“ í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára til að ná fram jafnrétti kynjanna (sbr. II. kafla)? Sé svo, hvernig er hún skipuð? Ef svarið er nei, hvenær verður það gert? Hver er tilgangur fyrirhugaðs verkefnis? Verður tekið mið af sambærilegum rannsóknum á Norðurlöndum? Hve miklu fjármagni verður varið til verkefnisins á næsta ári?

303. Fyrirspurn [265. mál]

til samgönguráðherra um flugsamgöngur á Vestfjörðum.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Hvað hyggst ráðherra gera til að tryggja flugsamgöngur milli norður- og suðursvæða Vestfjarða?

304. Tillaga til þingsályktunar [266. mál]

um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir,
Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem staðfestur hefur verið af hálfu Íslands. Þá skuli nefndin gera úttekt á framkvæmd laga sem snúa að börnum í sama tilgangi. Einnig skal meta hvort rétt væri að lögleiða sáttmálann í heild sinni eins og gert var með mannréttindasáttmála Evrópu. Nefndin skal m.a. skipuð fulltrúa Barnaverndarstofu, umboðsmanni barna, fulltrúa frá Barnaheillum og fulltrúa frá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Nefndin skal skila tillögum um úrbætur fyrir 1. desember 1999.

Greinargerð.

Tímabært er að fjalla um barnasáttmálann í heild sinni, um forsendur hans, áhrif hans á íslenska löggjöf frá gildistöku hans, meta hvort setja þurfi lög, breyta lögum eða bæta réttarframkvæmd svo að réttindi barna sem viðurkennd eru í sáttmálanum verði tryggð í íslenskum rétti. Samningurinn sem tók gildi 20. nóvember 1989 öðlaðist gildi er Ísland varðar 27. nóvember 1992.

Stuðningur við barnafjölskyldur á Íslandi er minni en almennt gerist í nálægum löndum sem við miðum okkur oft við. Margir telja að fjölskyldan hafi setið á hakanum í íslensku samfélagi. Laun hér á landi eru lág og kostnaður við húsnæðisöflun er mikill. Fyrstu búskaparárin fara oft í öflun húsnæðis og krefst það langs vinnutíma beggja foreldra. Foreldrar eru því oft langdvölum frá heimilinu meðan börnin eru enn ung. Gæsluúrræði skólabarna eru ekki viðunandi svo að hópur barna á aldrinum 6–16 ára býr við skert öryggi þar sem mörg þeirra sjá um sig sjálf meðan foreldrar vinna langan vinnudag. Það hefur komið fram í umfjöllun sálfræðinga og uppeldisfræðinga að íslensk börn njóti almennt minni verndar og handleiðslu fullorðinna en tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.

Fljótlega eftir undirritun samningsins af hálfu Íslands var hafist handa við að laga íslenskan rétt að ákvæðum barnasáttmálans og voru gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi. Í VI. kafla stjórnarskrárinnar var lögfest ákvæði þar sem segir að börnum skuli í lögum tryggð vernd og umönnun. Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, fluttist yfirstjórn barnaverndarmála úr höndum menntamálaráðuneytis til félagsmálaráðuneytis, starfsháttum barnaverndarráðs var breytt og lögfestar voru reglur um starfshætti og málsmeðferð barnaverndarnefnda. Við úrlausn barnaverndarmála var lögfestur réttur barna til að tjá sig um málið. Skylt er að veita barni þessa heimild og þegar sérstaklega stendur á er heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann. Árið 1995 var lögunum breytt og sett á laggirnar Barnaverndarstofa, sem annast daglega stjórn barnaverndarmála. Hlutverk hennar er að veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf, hafa eftirlit með störfum þeirra, hafa eftirlit með öðrum stofnunum fyrir börn, hafa umsjón með vistun barna o.fl. Barnalög, nr. 20/1992, voru endurbætt þar sem afnumin voru hugtökin skilgetið barn og óskilgetið, kveðið var á um sameiginlega forsjá og lögfest heimild til að skipa barni talsmann við úrlausn forsjármáls á kostnað hins opinbera. Ný grunnskólalög voru sett árið 1991 og með breytingu á þeim lögum, með lögum nr. 66/1995, hefur rekstur grunnskóla verið færður yfir til sveitarfélaganna. Árið 1994 var stofnað embætti umboðsmanns barna.

Í byrjun árs 1996 bárust athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna þar sem lýst var yfir ánægju með ýmsa þætti en gerðar alvarlegar athugasemdir við aðra þætti framkvæmda.

Flutningsmenn telja að enn þá skorti á að íslenskur réttur uppfylli ákvæði barnasáttmálans og að langt sé í land með að lagaframkvæmd sé í samræmi við anda sáttmálans, þ.e. að börn og ungmenni innan 18 ára aldurs njóti þeirrar verndar sem sáttmálanum er ætlað að veita en öðlist smám saman stöðu fullorðinna með tilheyrandi ábyrgð og skyldum. Því telja flutningsmenn að sú vinna sem mælt er fyrir um í þingsályktunartillögu þessari sé nauðsynleg. Þessi greinargerð er m.a. byggð á athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og samtakanna Barnaheilla.

Nefndin sem lagt er til að verði skipuð skal m.a. skoða eftirtalin lög og framkvæmd þeirra þar sem vafi leikur á að réttindi barns séu tryggð í samræmi við ákvæði barnasáttmálans:

Í 5. mgr. 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, er kveðið á um heimild til að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls ef sérstök þörf er á því. Vorið 1998 hafði heimildinni aldrei verið beitt hvorki hjá héraðsdómstólum né dómsmálaráðuneyti þrátt fyrir mörg erfið mál af þessu tagi. Flutningsmenn telja að hér eigi að vera skylda að skipa talsmann en ekki heimild. Í sömu lögum er barni tryggður réttur til umgengni við foreldri sem fer ekki með forsjá þess. Þrátt fyrir ákvæði í lögunum sem mælir fyrir um heimild til að beita sektum þegar forsjárforeldri tálmar hinu foreldrinu umgengni við barnið eru tilvikin allt of mörg sem barni er meinuð umgengni við báða foreldra sína. Þessi mál eru oft mjög erfið barninu því í mörgum tilvikum leiða reiði og óuppgerðar tilfinningar milli foreldra til þess að hagsmunir þess eru fyrir borð bornir. Því þarf að endurskoða barnalögin með það fyrir augum að tryggja barni enn frekar en nú er umgengni við báða foreldra sína. Flutningsmenn telja að við þessar aðstæður eigi að vera lagaheimild til að skipa barni talsmann. Talsmaður sem barninu er skipaður geti sem milligöngumaður gætt hagsmuna þess mun betur en sektarákvæði 38. gr. sem hefur í reynd reynst máttlaust. Þegar staðan er sú að forsjárlaust foreldri sinnir ekki umgengnisskyldu sinni er ekkert úrræði fyrir hendi sem tryggir rétt barnsins til umgengni við það. Vel mætti hugsa sér að talsmaður sem hefur aðeins það hlutverk að gæta hagsmuna barnsins tækist að koma á sambandi milli foreldris og barns þegar foreldrar eru ófærir um að standa vörð um hagsmuni þess sjálfir.

Heimilt er að skilja barn frá foreldrum sínum þegar velferð þess verður ekki tryggð með öðru móti. Í 8. kafla laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, er mælt fyrir um málsmeðferð við forsjársviptingu og gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir fari með slíkt vald. Samkvæmt lögunum er hlutverk barnaverndarnefnda í málum þessum margþætt. Þær eiga að hafa eftirlit með aðbúnaði barna, taka á móti ábendingum um slæman aðbúnað þeirra, sjá um skráningu barna í áhættuhópa, kanna mál þegar rökstuddur grunur liggur fyrir um vanrækslu eða vanhæfni foreldra, gera áætlanir um meðferð mála og úrskurða um forræðissviptingu foreldra þegar það á við. Úrskurðum barnaverndarnefndar er síðan hægt að skjóta til barnaverndarráðs til fullnaðarúrskurðar. Þannig er fullnaðarákvörðun tekin á stjórnsýslustigi og barnaverndarnefnd fer bæði með rannsóknarvald og úrskurðarvald. Hér er um alvarleg inngrip í einkahagi manna að ræða og hagsmunirnir eru mjög ríkir. Því þarf að vanda vel til málsmeðferðar. Tímabært er orðið að málsmeðferðin verði endurskoðuð og færð í betra horf, sérstaklega hvað varðar frumúrskurðarvald í barnaverndarmálum. Í lögunum er að finna heimild til að skipa barni talsmann þegar barn er vistað á stofnun gegn vilja þess eða þegar foreldrar eru sviptir forsjá barns. Þessari heimild er sjaldan beitt þrátt fyrir að slíkar aðgerðir hafi í för með sér alvarlega röskun á stöðu og högum barnsins. Flutningsmenn telja að við þessar aðstæður ætti alltaf að skipa barni talsmann sem gætir hagsmuna þess.

Í lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 frá 1952, sbr. lög nr. 49/1982, er börnum mismunað eftir því hvort þau eru fædd í hjónabandi eða utan, en í 2. gr. sáttmálans er lagt bann við allri mismunun og ítrekað að öll börn eigi sama rétt. Í lögunum öðlast barn sem fæðist utan hjónabands á Íslandi og á móður sem er erlendur þegn en íslenskan föður ekki íslenskt ríkisfang, en barn sem eins er ástatt með fær íslenskt ríkisfang ef móðirin er íslenskur ríkisborgari og faðirinn erlendur þegn. Staðan gæti hæglega orðið sú að barn sem fæðist á Íslandi, á íslenskan föður og móður sem er erlendur þegn yrði ríkisfangslaust ef móðirin er þegn ríkis sem byggir ríkisfangsrétt á staðarreglunni. Í 7. gr. barnasáttmálans er ákvæði um að barn eigi rétt til að öðlast ríkisfang frá fæðingu.

Samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er heimilt að svipta 15 ára ungmenni frelsi með fangelsun eða varðhaldi. Í 37. gr. barnasáttmálans er fjallað um réttindi frelsissviptra barna og ungmenna. Þar er mælt fyrir um mannúðlega meðferð og að tekið skuli tillit til þarfa einstaklinga á þeim aldri sem um ræðir. Einkum er lögð áhersla á að barni sem svipt er frelsi sínu skuli haldið aðskildu frá fullorðnum, nema ef það er talið því fyrir bestu að gera það ekki. Í íslenskum lögum er hins vegar ekkert ákvæði sem verndar börn gegn því að verða vistuð með síbrotamönnum sem gætu haft afar óheppileg áhrif á þroska svo ungra fanga. Því ætti að tryggja með lögum að ungum föngum skuli haldið aðskildum frá eldri föngum. Íslendingar lögðu fram sérstaka yfirlýsingu varðandi þennan þátt, en telja má að óbreytt fyrirkomulag sé slíkt brot á mannréttindum barna að ekki verði við unað.

Í 39. gr. sáttmálans er mælt fyrir um að börn sem hafa orðið fórnarlömb ofbeldis og misnotkunar skuli eiga rétt á líkamlegri og andlegri umönnun og félagslegri endurhæfingu. Á Íslandi er börnum sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi ekki tryggður nægjanlegur stuðningur og meðferð af hálfu opinberra aðila. Engar sérhæfðar aðgerðir standa þessum börnum til boða og langtímameðferð með eða án fjölskyldu hafa ekki verið skipulagðar af barnaverndarnefndum, enda eru lagaskyldur á því sviði óljósar. Í nýju barnahúsi sem opnað var í október 1998 er að finna móttöku fyrir börn sem eru þolendur kynferðislegs ofbeldis. Þar fer fram læknisskoðun, ráðgjöf og stuðningur við börnin. Nauðsynlegt er að byggja ofan á þessa stofnun sértæk meðferðarúrræði sem börn ættu kost á eftir komu í barnahúsið og það á að vera skylda að skipa barni talsmann við þessar aðstæður.

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðun sína um öll mál sem snerta þau sjálf. Í grunnskólalögunum frá 1991 var þessi réttur tryggður með því að nemendur höfðu fulltrúa í skólaráði þar sem m.a. var fjallað um kennsluskipan, skólatíma, félagslíf o.fl. og rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs og á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti um málefni sem þá varða. Í nýjum grunnskólalögum sem tóku gildi eftir fullgildingu sáttmálans var þessi réttur afnuminn og er enginn formlegur vettvangur fyrir nemendur að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans sem snerta þá sjálfa. Hér er því beinlínis um afturför að ræða og því þarf að breyta. Opna þarf aftur formlegan vettvang fyrir nemendur grunnskólanna til að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans, málefnum sem snerta þá sjálfa. Með því er breytt í anda ákvæða 12., 13. og 14. gr. barnasáttmálans og börnin þjálfast í því að taka afstöðu til mála sem snúa að þeim sjálfum.

Þrátt fyrir bann við allri mismunun barna eru börnum af erlendum uppruna ekki tryggð sömu réttindi og íslenskum börnum. Innflytjendabörn eiga hvorki tungumál né menningararf sameiginlegt með innfæddum börnum, þó er ekki til lögbundin heimild til að njóta eigin menningar eða tungumáls. Það er eðlilegt og rétt að tryggja börnum flóttamanna, sem óska eftir pólitísku hæli, vernd og mannúðlega aðstoð. Reyndar er það svo að löggjöf sem snýr að útlendingum á Íslandi er í molum.

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd eru aðeins dæmi. Hlutverk nefndarinnar verður að gera úttekt á réttarstöðu barna á Íslandi almennt og væri m.a. vert að skoða hvort ákvæði sáttmálans um trúfrelsi barna sé haldið, hvort brottrekstur barna úr grunnskólum og vinnufyrirkomulag barna og ungmenna á Íslandi sé í samræmi við anda sáttmálans.

Spyrja mætti hvort sú kynning sem barnasáttmálinn hefur fengið sé fullnægjandi, hvort ekki væri rétt að barnasáttmálinn væri kennsluefni í grunnskólum og framhaldsskólum sem liður í námskeiði um mannréttindi, hvort ekki væri rétt að þýða sáttmálann á tungumál sem innflytjendabörn skilja og dreifa til þeirra o.s.frv. Hefur verið leitað til frjálsra félagasamtaka eins og Barnaheilla með samvinnu um kynningu á barnasáttmálanum? Samtökin Barnaheill hafa lýst yfir vilja til samvinnu við stjórnvöld og innan samtakanna hefur safnast sérþekking á málefninu sem vert væri að nýta. Þá þyrfti að skoða mismunandi stöðu barna sem eiga undir högg að sækja, börn einstæðra foreldra, börn tekjulítilla foreldra, fötluð börn, börn sem búa í dreifbýli o.s.frv. Ljóst er að tekjulítið fólk hefur ekki ráð á að veita börnum sínum þá menntun sem aðeins er í boði utan skóla, svo sem tónlist, dans o.fl. Tekjulítið fólk hefur ekki efni á að greiða fyrir gæslu sem skólarnir bjóða nú fyrir börn utan skólatíma og því gengur stór hópur barna sjálfala hluta úr degi meðan foreldrar eru í vinnu. Við flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna er æskilegt að komið verði á stofnun jafnréttismála fatlaðra til að koma í veg fyrir að fötluðum börnum verði mismunað eftir búsetu. Yfirvöld hér veita miklu minna fjármagn til barnaverndarmála en gert er annars staðar á Norðurlöndum þrátt fyrir að Íslendingar eigi hlutfallslega fleiri börn ef miðað er við sömu lönd.

Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll þau réttindi sem þeim eru tryggð í sáttmálanum. Eins og fram hefur komið hafa verið stigin ákveðin skref í átt til réttarbótar. Það skal þó tekið fram að samkvæmt íslenskum rétti fá alþjóðlegir samningar ekki sjálfkrafa lagagildi að landsrétti þótt þeir hafi verið fullgiltir, heldur eru þeir skuldbindandi að þjóðarétti. Sáttmálinn hefur ekki verið lögfestur á Íslandi og því er ekki hægt að beita honum beint fyrir íslenskum dómstólum. Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum verða íslensk lög skýrð með hliðsjón af alþjóðalögum en íslensk lög ganga ávallt fyrir alþjóðalögum séu þau ósamrýmanleg. Það er því mikilvægt að lögleiða sáttmálann í heild sinni og gera með því réttindum barna hér á landi hærra undir höfði en nú.

Fylgiskjal I.

Upplýsingar úr bæklingnum Social tryghed i de nordiske lande. Omfang, udgifter og finansiering 1994. NOSOSKO, Nordisk Social-Statistisk Komité, 3:1996.

Hlutfall íbúa 0–14 ára á Norðurlöndum af heildaríbúafjöld 1993–96.

Land	1993	1994	1995	1996
Danmörk	17,1	17,5	17,1	17,5
Finnland	19,1	19,1	19,1	19,1
Ísland	24,8	24,6	24,8	24,6
Noregur	19,3	19,5	19,3	19,5
Svíþjóð	18,7	18,9	18,7	18,9

Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum árin 1993–96 (hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu).

Land	1993	1994	1995	1996
Danmörk	32,9	33,6	32,2	31,3
Finnland	36,4	35,8	32,7	32,1
Ísland	18,9	18,7	19,0	18,6
Noregur	29,1	28,2	27,4	26,1
Svíþjóð	40,4	40,4*	35,8	35,2

* Tala frá árinu 1993.

Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum sem renna til fjölskyldna og barna í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1993–96.

Land (upphæðir eru í norskum krónum árin 1993–94 en í evrum árin 1995–96)	1993	1994	1995	1996
Danmörk	7.298	7.388	768	832
Finnland	6.366	7.450	651	638
Ísland	3.965	4.321	431	462
Noregur	7.198	7.795	747	740
Svíþjóð	8.906	8.906*	708	662

* Tala frá árinu 1993.

Útgjöld til dagvistarmála á Norðurlöndum (leikskólar, skóladagheimili og dagmæðragæsla) í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1993–96.

Land (upphæðir í norskum krónum árin 1993–94 en í evrum árin 1995–96)	1993	1994	1995	1996
Danmörk	2.758	2.858	296	338
Finnland	1.580	1.569	166	187
Ísland	1.008	1.127	120	138
Noregur	1.250	1.956	175	183
Svíþjóð	3.142	3.142*	250	255


* Tala frá árinu 1993.


Útgjöld til barnaverndarmála á Norðurlöndum (hluti af útgjöldum til félags- og heilbrigðismála) í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1993 og 1994.

Land (upphæðir í norskum krónum árin 1993–94 en í evrum árin 1995–96)	1993	1994	1995	1996
Danmörk	1.079	1.112	79	90
Finnland	171	168	17	20
Ísland	142	193	21	26
Noregur	647	823	19	20
Svíþjóð	550	550*	42	41

* Tala frá árinu 1993.

Fylgiskjal II.





Með tillögunni var einnig fylgiskjal III, Börn — stjórnvöld — barnafjölskyldur (úr tímariti Barnaheilla, 1990, 1. tbl. 1. árg.). Um aðbúnað barna og ungs barnafólks á Íslandi. Valdar rannsóknarniðurstöður. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 872 (521. mál 121. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1996–97, bls. 4475–4486.

305. Fyrirspurn [267. mál]

til umhverfisráðherra um losun gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum og stóriðju.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hver var áætluð losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi í innanlandsflugi annars vegar og millilandaflugi hins vegar árið 1997, mæld í koltvíoxíðsígildum?
2. Hver var áætluð losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi frá stóriðju árið 1997, mæld í koltvíoxíðsígildum?
3. Hver var áætluð losun gróðurhúsalofttegunda af sömu völdum í löndum Evrópusambandsins á sama tíma, mæld í koltvíoxíðsígildum?

Skriflegt svar óskast.

306. Fyrirspurn [268. mál]

til menntamálaráðherra um fjarnám og fjarkennslu.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

1. Hver er stefna menntamálaráðuneytisins varðandi eflingu og uppbyggingu fjarnáms og fjarkennslu á Íslandi?
2. Hver er stefna ráðuneytisins varðandi uppbyggingu og skipulag símenntunar á Íslandi?

307. Fyrirspurn [269. mál]

til samgönguráðherra um vegtengingu frá Stafnesi til Hafna, Ósabotnaveg.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hver er áætlaður kostnaður við vegtengingu frá Stafnesi til Hafna um svonefndan Ósabotnaveg?

Skriflegt svar óskast.

308. Tillaga til þingsályktunar [270. mál]

um fjarvinnslustörf á landsbyggðinni.

Flm.: Tómas I. Olrich, Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon, Sturla Böðvarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og hrinda í framkvæmd áætlun um það hvernig fólki sem býr á landsbyggðinni verði gefinn kostur á að sinna störfum á vegum ríkisins með fjarvinnslu.

Greinargerð.

Mikill fjölgun starfa á vegum ríkisins undanfarna áratugi hefur einkum orðið til að efla höfuðborgarsvæðið. Hér er bæði um að ræða föst störf og verkefni til lengri eða skemmri tíma, sem leyst eru af verktökum eða lausráðnu fólki. Þetta hefur átt þátt í að gera atvinnuframboð á höfuðborgarsvæðinu fjölbreytilegra en annars staðar á landinu. Eiga vaxandi ríkisumsvif mikinn þátt í fólksflutningum til suðvesturhorns landsins, sem nú er orðið eitt alvarlegasta vandamál þjóðarinnar.

Með stórbættri fjarskiptatækni og þjónustu á sviði upplýsingamála hafa skapast möguleikar á að sinna bæði föstum störfum og tímabundnum verkefnum fjarri höfuðborgarsvæðinu, þótt verkefnin tengist stofnunum í Reykjavík. Er nokkuð um að verkefnum sem unnin eru á vegum ríkisins er sinnt af Íslendingum sem dvelja erlendis.

Enn hafa þessir möguleikar lítil áhrif haft á atvinnulíf landsbyggðarinnar. Upplýsingatækni og fjarskipti hafa t.d. ekki dregið úr erfiðleikum þegar leitað er að starfi við hæfi maka sérhæfðs fólks sem á þess kost að starfa úti á landi. Afar brýnt er að auka fjölbreytni á vinnumarkaði á landsbyggðinni og er einsýnt að hægt er að nýta möguleika fjarvinnslunnar til að treysta hann. Það kallar hins vegar á markviss vinnubrögð. Nauðsynlegt er að opinberir aðilar hafi um þetta forgöngu, ekki síst í ljósi þess hve umsvif ríkisins hafa verið mikil og áhrif þess á vinnumarkaðinn þung á vogarskálunum.

Til að ýta undir þróunina þarf að fara fram athugun á því hvaða störf á vegum ríkisins eru til þess fallin að þeim sé sinnt með fjarvinnslu. Eðlilegt er að tekið sé fram hvort hægt er að sinna störfunum þannig þegar auglýst eru störf á vegum hins opinbera.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 er fjallað ítarlega um þörf á að auka fjölbreytni í atvinnulífi landsbyggðarinnar svo efla megi samkeppnishæfni þess. Lögð er áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að leitast við að ný starfsemi hins opinbera verði utan höfuðborgarsvæðisins. Síðan segir í þingsályktunartillögunni: „Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta.“

Tillagan sem hér er flutt fellur að markmiðum og anda þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 en tekur sérstaklega á möguleikunum sem tengjast fjarvinnslu. Gert er ráð fyrir að innan opinberra stofnana og fyrirtæka verði litið á það sem sérstakt verkefni að ýta undir fjarvinnslu. Verði það athugað í hverju tilfelli hvort hægt er að sinna verkefnum eða störfum með fjarvinnslu og þess getið þegar störf eru auglýst.

309. Frumvarp til laga [271. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Guðný Guðbjörnsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og foreldra“ í 4. mgr. kemur: foreldra og nemenda.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nemendur kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins og önnur mál sem með beinum hætti snerta hagsmuni nemenda í viðkomandi skóla.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tveir fulltrúar nemenda, eða nemendaráðs þar sem það er starfandi, eiga rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins og önnur þau mál sem með beinum hætti snerta hagsmuni nemenda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samningurinn um réttindi barna, oftast nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var undirritaður fyrir Íslands hönd 26. janúar 1990 og með samþykkt þingsályktunar á Alþingi 13. maí 1992 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Það var gert hinn 28. október sama ár. Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll þau réttindi sem þeim eru tryggð í sáttmálanum.

Í 12. gr. samningsins segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem getur myndað eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.“

Flest börn dvelja stóran hluta dagsins í skóla og viðurkennt er að skólinn hefur mikil áhrif á uppeldi og félagsmótun barna og ungmenna. Fyrir mörg börn er skólinn bæði leik- og vinnustaður. Því er mikilvægt að börn og unglingar eigi þess kost að setja með formlegum og skipulegum hætti fram skoðanir sínar og álit á skipulagi vinnunnar, aðstöðu nemenda og vinnubrögðum á þessum mikilvæga vinnu- og leikstað sínum.

Í núgildandi lögum um grunnskóla er hlutur foreldra við stjórn grunnskólans og möguleikar til að hafa áhrif á störf hans auknir frá því sem var og er það vel. En í þeim sömu lögum er skertur réttur nemenda til að geta formlega komið á framfæri skoðunum sínum um skipulag skólastarfsins eða annað sem hefur bein áhrif á aðstæður nemenda í skólanum.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, var gert ráð fyrir því að fulltrúi nemenda eða nemendaráðs ætti „rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, þegar rætt er um skipulag skólastarfsins.“ Við setningu núgildandi laga var þetta ákvæði fellt út með eftirfarandi rökstuðningi í greinargerð: „Rétt þykir að hafa það í valdi hvers skóla hvernig formlegri aðild nemenda að stjórn skólans er fyrir komið.“

Í ljósi ákvæða barnasáttmálans um að börnum skuli tryggður réttur til að láta í ljósi skoðanir á öllum málum sem þau varða þykir rétt að ákvæði séu í grunnskólalögum þess efnis að börnin eigi þennan rétt án tillits til aðstæðna í viðkomandi skóla.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, var einnig ákvæði um skólaráð sem skipað skyldi fulltrúum starfsfólks skóla, foreldra og nemenda. Skólum var þó heimilt að sækja um undanþágu frá þessu ákvæði og fámenni nefnt sem gild ástæða. Ákvæði þess efnis í núgildandi lögum að skólastjóri skuli a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til að veita upplýsingar um skólastarfið og til að fjalla um starfsemi þessara ráða er e.t.v. sambærilegt við ákvæði eldri laga um skólaráð.

Í eldri lögum var ekki ákvæði þess efnis að fulltrúar nemenda ættu rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað væri um málefni sem snerta hagsmuni nemenda sérstaklega.

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðanir sínar um öll mál sem snerta þau sjálf. Til að tryggja betur en nú er formlegan farveg fyrir nemendur grunnskólans til að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans, málefnum sem snerta þá sjálfa, er gerð tillaga um þessar breytingar á lögum um grunnskólann.

Frumvarp þetta var flutt á 122. þingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt nú.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að nemendum sé bætt við í upptalningu 4. mgr. 13. gr. laganna á þeim sem rétt eiga til setu á fundum skólanefndar þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins eða önnur bein hagsmunamál nemenda.

Í ljósi þeirra verkefna sem skólanefnd eru falin þykir eðlilegt að nemendur eigi rétt til setu á fundum skólanefnda með málfrelsi og tillögurétti þegar skólanefnd fjallar um málefni sem snerta nemendur í viðkomandi skóla sérstaklega en í sumum skólahverfum eru fleiri en einn skóli. Skólanefnd staðfestir m.a. áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgist með námi og kennslu, skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi og skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Allt eru þetta verkefni sem eðlilegt er að nemendur fái að láta í ljós skoðun á þegar um þau er fjallað.

Ný málsgrein sem lagt er til að bætist við 13. gr. laganna fjallar um fyrirkomulag kosninga á fulltrúum nemenda til setu á skólanefndarfundum. Rétt þykir að nemendur kjósi fulltrúa beint úr sínum hópi þar sem einungis er heimilt en ekki skylt samkvæmt núgildandi lögum að stofna nemendaráð. Einnig þykir rétt að fulltrúar nemenda séu tveir svo þeir hafi stuðning hvor af öðrum. Með því yrði tekið tillit til veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Um 2. gr.

Ný 2. mgr. er felld inn í 17. gr. Með málsgreininni er gert ráð fyrir því að nemendur, eða nemendaráð, eigi tvo fulltrúa á kennarafundum. Þetta er stutt sömu rökum og sett eru fram fyrir tveimur fulltrúum nemenda í skólanefnd, þ.e. að þeir styrki hvor annan vegna veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

310. Fyrirspurn [272. mál]

til fjármálaráðherra um launakjör opinberra starfsmanna sem starfa erlendis og starfsmanna hjá alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver eru launakjör starfsmanna alþjóðastofnana og alþjóðasamtaka sem Ísland á aðild að, sundurliðað annars vegar eftir stofnunum og hins vegar eftir stjórnendum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum?
2. Hver eru launakjör opinberra starfsmanna sem starfa erlendis?
3. Hver er skattaleg meðferð tekna íslenskra starfsmanna skv. 1. og 2. tölul., hér á landi og í starfslandinu? Njóta starfsmenn einstakra stofnana eða samtaka sérstakra skattalegra fríðinda?
4. Nýtur þetta starfsfólk skattfrelsis af öðrum toga en tekjuskattsfrelsis?
5. Hvernig eru skattareglur helstu annarra ríkja gagnvart opinberum starfsmönnum sínum sem starfa erlendis og gagnvart eigin þegnum og þegnum annarra ríkja sem starfa hjá alþjóðastofnunum og alþjóðasamtökum?
6. Hver er skattaleg staða starfsfólks alþjóðastofnana, alþjóðasamtaka og erlendra ríkja hér á landi?

Skriflegt svar óskast.

311. Fyrirspurn [273. mál]

til umhverfisráðherra um bifreiðaumferð og losun gróðurhúsalofts á Reykjanesbraut.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er núverandi notkun bensíns og dísilolíu í núverandi bifreiðaumferð milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar, að meðtalinni umferð að Leifsstöð?
2. Liggja fyrir áætlanir um umferðarþunga og bensín- og dísilolíunotkun á umræddri leið, t.d. til ársins 2020, og hver yrði þá áætluð notkun jarðefnaeldsneytis?
3. Hver er áætluð losun gróðurhúsalofts frá bifreiðaumferð skv. 1. og 2. lið hér að framan, talið í CO_2-ígildum?

Skriflegt svar óskast.

312. Fyrirspurn [274. mál]

til fjármálaráðherra um verkefni VSÓ-verkfræðistofu.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvaða verkefnum hefur VSÓ-verkfræðistofan sinnt fyrir opinberar stofnanir frá árinu 1991 og fram á þennan dag?
2. Hve miklar greiðslur hefur VSÓ fengið fyrir verk sín í heild og hvernig skiptist sú fjárhæð eftir einstökum verkum og ráðuneytum?

Skriflegt svar óskast.

313. Fyrirspurn [275. mál]

til menntamálaráðherra um jöfnun á aðstöðu til náms.

Frá Kristínu Jóh. Björnsdóttur.

1. Hvað er gert til að bæta skilyrði þeirra nemenda á framhaldsskólastigi sem sækja nám utan heimabyggðar?
2. Hafa verið gerðar kannanir á vegum ráðuneytisins á þörf fyrir heimavistarrými fyrir nemendur á framhaldsskólastigi?

314. Fyrirspurn [276. mál]

til menntamálaráðherra um fjölbreyttara nám á Vestfjörðum.

Frá Kristínu Jóh. Björnsdóttur.

Mun ráðherra, í ljósi fyrirheita um að háskólamenntun verði tekin upp þar sem kostur er og að menntun á landsbyggðinni verði stórefld, sérstaklega hvað varðar verklegar greinar og tölvunám, sbr. tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum, beita sér fyrir því að slíkt nám verði í boði víðar á Vestfjörðum en nú?

315. Fyrirspurn [277. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um rétt íbúa landsbyggðarinnar til læknisþjónustu.

Frá Kristínu Jóh. Björnsdóttur.

1. Er unnið að því í ráðuneytinu að jafna kostnað landsbyggðarfólks sem sækja þarf sérfræðiþjónustu á höfðuðborgarsvæðinu?
2. Ef svo er, í hverju er sú vinna fólgin?

316. Svar [191. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um SR-mjöl.

1. Hver voru bein fjárframlög ríkisins til SR-mjöls á hverju ári fyrir sig síðustu tíu ár á föstu verðlagi ársins 1998?

Bein framlög ríkisins til SR-mjöls síðustu tíu ár í formi yfirtekinna skuldbindinga og samkvæmt dómsniðurstöðum hafa verið eftirfarandi á verðlagi þessa árs:

Ár	Tegund greiðslu	Kostnaður ársins	Framreiknaður kostnaður
1993	Yfirtekin lán	368.067.823	400.970.191
	Niðurfelld lán	21.562.063	23.489.542
1994	Yfirteknar lífeyrissjóðsskuldbindingar	175.597.668	188.486.516
1996	Biðlaun samkvæmt dómi Hæstaréttar:		
	Laun	11.866.302	12.248.221
	Vextir	6.272.751	6.474.641
	Lögfræðikostnaður	373.500	385.521
Samtals			**632.054.632**

Ekki var um kostnað að ræða önnur ár en hér koma fram á tímabilinu 1988–98.

2. Voru þessi fjárframlög endurgreidd og ef svo er, hvernig?

Kostnaður ríkisins vegna SR-mjöls hefur ekki verið endurgreiddur af félaginu enda tengist hann að langmestu leyti breytingu á fyrirtækinu í hlutafélag og sölu þess til einkaaðila.

3. Hvert var söluverð hlutabréfa þegar ríkið seldi fyrirtækið?

Þegar hlutabréf ríkissjóðs í SR-mjöli voru seld árið 1993 voru greiddar fyrir þau 725 millj. kr. eða sem svarar 793,3 millj. kr. á núgildandi verðlagi.

4. Hvert er núvirði hlutabréfa SR-mjöls hf.?

SR-mjöl hf. er skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Nafnvirði hlutabréfa fyrirtækisins er nú 947 millj. kr. og gengi er 4,0. Markaðsvirði félagsins er því 3.788 millj. kr. Nafnvirði hlutabréfa í fyrirtækinu hefur verið eftirfarandi eftir árum samkvæmt ársreikningi:

	1998	1997	1996	1995	1994
Nafnvirði hlutabréfa	947	947	894	813	650

5. Greiddu kaupendur bréfanna skatt af mismun kaupverðs og söluverðs bréfanna?

Samkvæmt lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, er fyrirtækjum skylt að greiða tekjuskatt af söluhagnaði við sölu hlutabréfa. Það sama átti við um einstaklinga en skv. 7. gr. laga nr. 97/1996 sem komu til framkvæmda 1. janúar 1997 þurfa einstaklingar nú að greiða 10% fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði við sölu á hlutabréfum.

317. Svar [189. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um samkeppnishindranir.

Leitað var til Samkeppnisstofnunar um svör við fyrstu þremur liðum fyrirspurnarinnar. Hún kaus að svara þeim í einu lagi, skipt eftir banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum. Fram kemur hvaða mál á umræddum mörkuðum hafa verið til meðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum undanfarna ellefu mánuði. Niðurstöður þeirra mála sem vinnu er lokið við koma í flestum tilvikum fram í formlegum afgreiðslum samkeppnisráðs, þ.e. í ákvörðunum eða álitum ráðsins. Ef málum hefur verið lokið á annan hátt eða þau eru enn í vinnslu er það tekið fram.

Á það skal bent til frekari upplýsingar að allar ákvarðanir og álit samkeppnisráðs í heild er að finna hjá Samkeppnisstofnun.

1. *Hvaða mál er varða samkeppnishindranir hafa verið til umfjöllunar og meðferðar hjá Samkeppnisstofnun, sbr. skýrslu viðskiptaráðherra til Alþingis samkvæmt beiðni um viðskipta- og samkeppnishætti í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum frá 20. desember 1997?*
2. *Hversu umfangsmikil eru þessi mál og á hvaða mörkuðum eru þau?*
3. *Liggja fyrir niðurstöður í einhverjum eða öllum áðurgreindum málum og þá hverjum?*

Bankaviðskipti.

a. *Erindi Íslandspósts hf. um aðgang að RÁS-þjónustu banka og sparisjóða.* Samkeppnisstofnun hóf athugun vegna erindisins vorið 1997. Þeir sem erindið beindist gegn neituðu stofnuninni um aðgang að tilteknum gögnum. Það leiddi til ákvarðana Samkeppnisstofnunar sem fram koma í bréfum hennar dags. 19. september, 9. október og 23. október. Ákvörðununum var vísað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem kvað upp úrskurð 12. desember 1997. (Úrskurður í máli nr. 17.) Ákvörðun í erindi Íslandspósts var tekin af samkeppnisráði 28. apríl 1998. (Ákvörðun nr. 12/1998.)
b. *Viðskiptahættir í greiðslukortastarfsemi.* (Ákvörðun nr. 1/1998.) Greiðslumiðlun hf. (VISA-Ísland) vísaði ákvörðun samkeppnisráðs til dómstóla og er málið nú til meðferðar hjá Hæstarétti.
c. *Erindi er varðar mismunun í innheimtu virðisaukaskatts af þjónustu Reiknistofu bankanna og keppinauta.* Samkeppnisráð birti álit um málið 17. september 1998. (Álit nr. 9/1998.)

d. *Athugun á samkeppnisháttum á markaðnum fyrir bankaþjónustu og rafræna greiðslumiðlun.* Í kjölfar erindis Íslandspósts hf. um aðgang að RÁS-þjónustu fer nú fram víðtæk athugun sem líkur væntanlega ekki fyrr en fyrri hluta næsta árs.

Olíuviðskipti.

Erindi frá félagi sumarbústaðaeigenda um verðlagningu á gasi. Gasinnflutningur og sala olíufélaganna var sameinuð í einu félagi, Gasfélaginu, fyrir nokkrum árum. Verðlagning félagsins er nú í athugun sem lýkur á næstunni.

Tryggingaviðskipti.

a. *Erindi Alþjóðlegrar miðlunar ehf. um synjun á skráningu á eyðublaði Skráningarstofunnar hf.* Erindið var afgreitt af samkeppnisráði 22. desember 1997. (Ákvörðun nr. 50/1997.)
b. *Mál er varðar samstarf vátryggingafélaga innan Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga.* Unnið var að rannsókn málsins framan af árinu. Eftir að Samkeppnisstofnun birti málsaðilum bráðabirgðaniðurstöðu athugunar sinnar þar sem fram kom það mat að starfsemi Samsteypunnar stangaðist á við samkeppnislög ákváðu vátryggingafélögin að leggja niður Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga. Samkeppnisyfirvöld töldu ekki ástæðu til að hafast frekar að í málinu.

Flutningsviðskipti.

a. *Erindi Flugflutninga ehf. (umboðsfyrirtækis Cargolux Airlines International á Íslandi) um innheimtu eldsneytisgjalds á Keflavíkurflugvelli.* Samkeppnisráð birti álit vegna erindisins 11. desember 1997. (Álit nr. 11/1997.)
b. *Erindi Flugleiða hf. varðandi Ferðaskrifstofu Íslands hf. og Úrval Útsýn hf.* Samkeppnisstofnun tók bráðabirgðaákvörðun sem síðan var staðfest af samkeppnisráði 28. maí 1998. (Ákvörðun nr. 16/1998.) Málið varðaði endurskipulagningu á ferðaskrifstofunum tveimur og var lagt fyrir Samkeppnisstofnun í samræmi við ákvæði í sátt milli samkeppnisráðs og Flugleiða sem gerð var árið 1997 þegar Flugleiðir keyptu Ferðaskrifstofu Íslands.
c. *Athugasemd við vetraráætlun innanlandsflugs Flugfélags Íslands.* Í ákvörðun samkeppnisráðs vegna samruna innanlandsflugs Flugleiða og Flugfélags Norðurlands á árinu 1997 voru settar tímabundnar skorður við fjölgun brottfara hjá Flugfélagi Íslands á tilteknum áætlunarleiðum í innanlandsflugi svo að nýir keppinautar næðu fótfestu á markaðnum. Íslandsflug gerði í haust athugasemd við fjölgun brottfara Flugfélags Íslands og aukið sætaframboð félagsins á flugleiðinni Reykjavík–Egilsstaðir–Reykjavík í vetraráætlun. Eftir athugun Samkeppnisstofnunar og athugasemdir fækkaði Flugfélagið ferðum á umræddri leið.
d. *Athugun stendur yfir á meintri mismunun Eimskips í verðlagningu á tilteknum flutningum.* Málinu lýkur bráðlega.
e. *Erindi Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra um samkeppnisstöðu leigubifreiðastjóra gagnvart Kynnisferðum hf.* Mál þetta var afgreitt hjá samkeppnisráði 23. mars 1998 á þann veg að ekki væri tilefni til íhlutunar. (Ákvörðun nr. 8/1998.)
f. *Erindi Félags hópferðaleyfishafa um mismunun í starfsskilyrðum hópferðaleyfishafa og sérleyfishafa.* Málið var afgreitt hjá samkeppnisráði 28. apríl 1998. (Álit nr. 1/1998.)

g. *Erindi um meinta misbeitingu tiltekins sérleyfishafa á markaðsstöðu og mál er varðar útboð á skólaakstri.* Meðferð þessara mála lýkur á næstunni.

4. *Mun ráðherra í ljósi niðurstöðu þessara mála hjá Samkeppnisstofnun gefa Alþingi fyllri svör en fram komu í skýrslu hans á 122. löggjafarþingi, en þar kom fram að sumum spurningum skýrslubeiðenda yrði svarað þegar niðurstaða samkeppnisyfirvalda lægi fyrir, sem átti að vera á þessu ári?*

Frá því að samkeppnislög tóku gildi 1. mars 1993 hafa viðskiptaráðherrar ekki haft afskipti af úrlausn samkeppnisyfirvalda í einstökum málum, enda gera samkeppnislög ráð fyrir að samkeppnisyfirvöld annist daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Viðskiptaráðherra getur því ekki veitt fyllri svör en þau sem felast í niðurstöðu samkeppnisyfirvalda í hverju máli.

318. Frumvarp til laga [278. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 8. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist nýr málsliður er orðast svo: Þó skulu vextir af reikningum þar sem höfuðstóll og vextir eru bundnir til lengri tíma en 36 mánaða ekki teljast til tekna fyrr en þeir eru greiddir eða greiðslukræfir.
b. Við bætist nýr töluliður er orðast svo: Vextir, verðbætur og önnur ávöxtun af lífeyrissparnaði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða teljast til tekna sem lífeyrir skv. A-lið 7. gr. þegar slíkar greiðslur eru greiddar út.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Til arðs telst ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa samkvæmt lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög sem hafa ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa í hlutafélagi og teljast því ekki til skattskyldra tekna hlutareigandans.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Nú er félagi slitið án þess að um sameiningu félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit sem er umfram kaupverð bréfanna. Einnig telst til arðs lækkun hlutafjár, sem er greidd út til hluthafa, umfram kaupverð. Hafi aðili eignast hlutabréfin fyrir árslok 1996 er honum heimilt að miða við upphaflegt kaupverð hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996 eða jöfnunarverðmæti hlutabréfanna, sbr. 3. mgr. 17. gr., sé það hærra.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sbr. þó 4. mgr.

b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa hjá þeim félögum sem skráð voru, sbr. 1. tölul. 2. gr. í árslok 1996, skal vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996 að viðbættri þeirri fjárhæð sem heimilt væri að gefa út af jöfnunarhlutabréfum samkvæmt þeim reglum sem giltu í árslok 1996. Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélag er að ræða, tilkynnt nýtt nafnverð til hlutafélagaskrár, eða gert skattstjóra grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis í síðasta lagi í árslok 1999, skal jöfnunarverðmætið við sölu bréfanna vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996. Jöfnunarverðmætið skv. 1. og 2. málsl. skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og hlutafjármiðum.

Við sölu á hlutabréfum, sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996, skal skattskyldur söluhagnaður vera söluverð bréfanna að frádregnu jöfnunarverðmæti þeirra, sbr. 3. mgr., eða upphaflegu kaupverði hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996 ef það er hærra.

c. 3. mgr. fellur brott.

4. gr.

Við 1. tölul. 28. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þetta á þó ekki við um þann hluta lífeyrissparnaðar sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 3. tölul. A-liðar orðast svo: Tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða vinninga í happdrættum sem fengið hafa leyfi dómsmálaráðuneytisins, enda sé öllum ágóða af þeim varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi og ríkisskattstjóri hefur staðfest að uppfylli skilyrði þessa töluliðar.

b. 1. tölul. B-liðar orðast svo: Fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum hlutabréfum á árunum 1998–2002 samkvæmt þessum tölulið.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og vera 60% af verðmæti keyptra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa, en þó aldrei hærri en 80.000 kr. hjá einstaklingi og 160.000 kr. hjá hjónum.

Til keyptra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf í félögum sem uppfylla skilyrði 5. mgr. og ríkisskattstjóri hefur staðfest eða hlutabréf í félögum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að maður eigi viðkomandi hlutabréf yfir fimm áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra. Þó skal skilyrðið um þriggja ára eignarhaldstíma samkvæmt lögum nr. 136/1996 halda gildi sína fyrir þá sem nutu frádráttar samkvæmt þeim lögum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir á sama ári önnur hlutabréf í innlendu hlutafélagi fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var og félagið uppfyllir skilyrði þessa töluliðar. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 2. málsl. eiga við um mismuninn. Reglur þessarar málsgreinar eiga jafnframt við um kaup og sölu hlutabréfa fyrir gildistöku laga þessara.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er bundinn því skilyrði að um sé að ræða kaup á hlutabréfum í félagi með hlutafé a.m.k. að fjárhæð 22.000.000 kr., fjöldi hluthafa sé a.m.k. 25, engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar

þess öllum aðgengilegir. Hlutafélag, sem ekki er skráð á Verðbréfaþingi Íslands, skal innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næstliðið reikningsár. Ríkisskattstjóri skal árlega veita þeim hlutafélögum staðfestingu um að skilyrðum þessa töluliðar sé fullnægt.

Ríkisskattstjóri getur heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt þessum tölulið þótt skilyrðum 5. mgr. hafi ekki verið fullnægt í árslok þegar um félag er að ræða sem stofnað var á árinu og fyrir liggur yfirlýsing þess um að stefnt sé að því að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því að sala hlutabréfa hófst. Einnig getur ríkisskattstjóri heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt þessum tölulið þótt skilyrðum 5. mgr. sé ekki fullnægt þegar um er að ræða starfandi hlutafélag sem er að auka hlutafé sitt eða hluthafafjölda. Til að ríkisskattstjóri veiti slíku hlutafélagi staðfestingu þarf að liggja fyrir yfirlýsing frá stjórn hlutafélagsins og gögn er geri það líklegt að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því að ákvörðun var tekin um hlutafjáraukningu eða fjölgun hluthafa.

Reglur þessa töluliðar skulu gilda á sama hátt um samvinnuhlutabréf og stofnfjárbréf í sparisjóðum, enda sé útboð slíkra stofnfjárbréfa opið fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og það staðfest af ríkisskattstjóra.

Ekki er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

6. gr.

Á eftir 57. gr. A laganna kemur ný grein, 57. gr. B, með fyrirsögninni *Samsköttun hlutafélaga,* svohljóðandi:

Skattstjóri getur heimilað að eitt eða fleiri hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., séu skattlögð saman. Skilyrði samsköttunar eru að eigi minna en 90% hlutafjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samsköttunar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samsköttuninni. Jafnframt hafi öll hlutafélögin sama reikningsár og eignarhald hafi varað allt reikningsárið, nema þegar um nýstofnuð dótturfélög er að ræða eða slit á dótturfélagi. Ef samsköttun er slitið er ekki heimilt að fallast á hana að nýju.

Umsókn um samsköttun skal beint til skattstjóra í því skattumdæmi þar sem móðurfélag er heimilisfast eigi síðar en þrjátíu dögum fyrir lok framtalsfrests vegna þess tekjuárs sem óskað er eftir að verði samskattað.

Við samsköttun skal tekjuskattur af sameiginlegum tekjuskattsstofni allra hlutafélaga sem taka þátt í samsköttuninni lagður á móðurfélagið en öll hlutafélögin bera sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslum. Þó er skattstjóra heimilt að leggja tekjuskatt á hvert og eitt félag óski hlutafélögin í samsköttun sérstaklega eftir því.

Tap sem verður á rekstri eins eða fleiri samskattaðra hlutafélaga má draga frá tekjum hinna áður en tekjuskattur er reiknaður. Þó skal viðkomandi tekjuár ávallt gert upp áður en tekið er tillit til yfirfæranlegs taps fyrri ára. Yfirfæranlegt tap hlutafélags sem stafar af rekstri frá því fyrir samsköttun má aðeins nýta í því félagi. Þó er heimilt að nýta yfirfæranlegt tap sem varð til fyrir samsköttun ef skilyrði 1. mgr. eru til staðar við gildistöku laga þessara og ef uppfyllt eru öll skilyrði 57. gr. A, um sameiningu félaga.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um samsköttun móður- og dótturfélaga, svo sem um nýtingu taps á milli félaga.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 67. gr. laganna:

a. Orðin „t.d. við slit félags og lækkun hlutafjár“ í 3. málsl. falla brott.
b. Við málsgreinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Reglur 3. og 4. málsl. þessarar málsgreinar um hámörk og skatthlutfall skulu einnig gilda við ákvörðun skatts á arð sem greiddur er út við slit félags og lækkun hlutafjár.

8. gr.

4. málsl. 2. mgr. A-liðar 68 gr. laganna orðast svo: Af þeim persónuafslætti sem þá er óráðstafað skal $^{10}/_{38}$ hlutum ráðstafað til að greiða tekjuskatt sem lagður er á fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr.

9. gr.

120. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XXV með lögunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 97/1996, orðast svo:

Gera skal grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis hlutabréfa skv. 3. mgr. 17. gr. í síðasta lagi í árslok 1999. Skattstjóri skal staðfesta útreikninginn.

Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur og útbúa eyðublöð til notkunar við ákvörðun jöfnunarverðmætis.

11. gr.

Í stað orðanna „17., 30., 41.“ í ákvæði til bráðabirgða XXXVI með lögunum, sbr. f-lið 5. gr. laga nr. 65/1997, kemur: 17. gr., 2. tölul. B-liðar 30. gr., 41. gr.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu árið 1999 vegna tekna á árinu 1998. Þó skulu ákvæði 8. gr. koma til framkvæmda við álagningu árið 2000 vegna tekna á árinu 1999. Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Af þeim eru það einkum tvær sem telja má mikilvægar með tilliti til skattlagningar. Annars vegar eru það reglur sem snerta skattlagningu jöfnunarhlutabréfa þar sem lagt er til að afnema ákvæði um skattlagningu við útgáfu bréfanna þegar ekki er um að ræða breytingu á eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa. Hins vegar eru ný ákvæði sem heimila samsköttun móður- og dótturfélaga innan ákveðinna marka. Auk þess eru í frumvarpinu tillögur um aðrar breytingar á lögunum, sem miða að því að færa ýmis ákvæði þeirra til betra horfs, m.a. með tilliti til breytinga sem orðið hafa að undanförnu á öðrum sviðum sem lögin snerta.

Afnám skattlagningar jöfnunarhlutabréfa.

Á árunum 1921 til 1962 var úthlutun jöfnunarhlutabréfa skattlögð sem arður. Hagnaður af sölu lausafjár, þ.m.t. hlutabréfa, var þá undanþeginn skattlagningu ef eignin hafði verið

í eigu manna í meira en þrjú ár og menn höfðu ekki eignast hana í því skyni að selja hana aftur með hagnaði. Með lögum nr. 70/1962 var úthlutun jöfnunarhlutabréfa fyrst undanþegin greiðslu tekjuskatts. Í athugasemdum með frumvarpi að lögunum segir: *„Víðast hvar er nú heimilað að hlutafélög gefi út jöfnunarhlutabréf til hluthafa, án þess að það sé talið skattskylt hjá félaginu eða hluthöfum. Að sjálfsögðu byggist sú úthlutun á því, að verðmæti sé til fyrir henni í sjóðum félagsins eða öðrum eignum umfram skráð hlutafé, þegar úthlutun fer fram. Með þessu móti er ekki verið að gefa hluthöfum nokkur verðmæti. Sérhver hluthafi á nákvæmlega jafnmikinn hlut í fyrirtækinu eftir sem áður.“*

Með lögum nr. 40/1978, en ákvæði þeirra voru tekin upp í lögum nr. 75/1981, voru jöfnunarhlutabréf tekjuskattsfrjáls ef útgáfa þeirra var innan tiltekinna marka og útgáfan hafði ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild í félaginu. Við útreikning á söluhagnaði var hluthöfum einnig heimilt að miða við framreiknað kaupverð eða nafnverð hlutabréfa að viðbættum þeim jöfnunarhlutabréfum sem heimilt hefði verið að gefa út.

Með lögum nr. 97/1996 var ákvæðum í 17. gr. laga nr. 75/1981, um útreikning á söluhagnaði hlutabréfa, breytt þannig að söluhagnaður hlutabréfa yrði söluverð að frádregnu kaupverði. Þeir sem eignast hafa hlutabréf sín fyrir 1. janúar 1997 mega þó miða við framreiknað kaupverð til ársloka 1996 eða jöfnunarverðmæti hlutabréfanna sé það hærra. Breyting þessi leiddi til þess að útgáfa jöfnunarhlutabréfa hafði ekki lengur áhrif á útreikning söluhagnaðar. Með lögum nr. 95/1998, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, var frádráttarheimild vegna úthlutaðs arðs felld niður og hefur nafnverð hlutafjár því ekki lengur áhrif á frádráttarheimildir félags á móti tekjum. Allar hafa þessar breytingar leitt til þess að engin skattaleg rök hníga að því að takmarka heimildir til útgáfu jöfnunarhlutabréfa umfram það sem kveðið er á um í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Með tilliti til þessa er því í a-lið 2. gr. frumvarpsins lagt til að útgáfa jöfnunarhlutabréfa verði í öllum tilvikum skattfrjáls ef úthlutunin hefur ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareigenda eða hluthafa.

Samsköttun móður- og dótturfélaga.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem fela í sér heimild til samsköttunar móður- og dótturfélags að uppfylltum vissum skilyrðum. Markmiðið með þessari breytingu er að gera móður- og dótturfélögum kleift að vera ein skattaleg eining þannig að heildartekjuskattur allra félaganna verði ekki hærri en hann hefði orðið ef öll starfsemi félaganna hefði verið rekin í einu félagi. Þannig mun við samsköttun verða unnt að nýta hagnað sem verður á rekstrarárinu hjá einu félaganna til að jafna tap sem verður hjá öðru félagi á sama rekstrarári. Eru þær reglur sem lagðar eru til að mestu leyti sniðnar eftir dönskum reglum um sama efni.

Aðrar breytingar.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting í þá veru að ávöxtun langtímasparnaðar í formi innlánsreikninga verði skattlögð í lok binditíma sparnaðarins en ekki á því tímamarki þegar vextir eða önnur ávöxtun er færð eiganda reiknings til eignar. Þessi regla gildir nú við skattlagningu ávöxtunar á kúlubréfum. Með þessu ákvæði er afnumin sú mismunun sem núgildandi lög hafa leitt til að því er tímamark skattlagningar á fjármagnstekjurnar varðar.

Í öðru lagi er lagt til að það verði tekið fram í lögunum að greiðslur til erfingja samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, séu skattlagðar hjá erfingjum. Þar sem greiðslur í sjóðina eru frádráttarbærar frá skattskyldum tekjum er eðlilegt að þær greiðslur verði skattlagðar hjá móttakanda þegar þær koma til útborgunar.

Í þriðja lagi er lagt til að breytt verði reglum um undanþágu vinninga í happdrætti frá skattskyldu þegar allur ágóði af happdrættinu rennur til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi. Í stað þess að hafa í lögum heimild fjármálaráðherra til niðurfellingar er lagt til að í lögunum verði kveðið á um að vinningar í happdrætti, sem uppfylla skilyrði laganna, verði frádráttarbærir frá tekjum.

Í fjórða lagi eru breytingar sem snerta frádrátt frá tekjum vegna fjárfestingar manna í hlutabréfum. Á árinu 1996 var ákveðið að fella niður í áföngum sérstakan afslátt frá skattskyldum tekjum vegna hlutabréfakaupa einstaklinga. Með óbreyttum reglum mun frádrátturinn heyra sögunni til eftir árið 2000. Hlutabréfaafslátturinn var frá upphafi hugsaður sem tímabundin ívilnun til að efla íslenska hlutabréfamarkaðinn og áhuga almennings á hlutabréfaeign. Talið er að sem tímabundin aðgerð geti hlutabréfaafsláttur orðið til að efla tengsl almennings og atvinnulífs og stuðlað að auknum sparnaði. Því er hér lagt til að afslátturinn verði framlengdur til ársloka 2002. Helstu breytingar sem gerðar eru frá núgildandi reglum eru að nú þarf eignarhald keyptra hlutabréfa að vara í fimm ár í stað þriggja og heimilt er að draga frá 60% af verðmæti keyptra hlutabréfa í stað 40% og er því fallið frá lækkun frádráttarins í áföngum eins og áformað var með 3. gr. laga nr. 137/1996. Meginástæðan fyrir því að lengja eignarhaldstíma frá því sem nú gildir er að rétt þykir að hvetja menn til lengri tíma sparnaðar.

Í fimmta lagi er lögð til breyting sem snertir skattlagningu við slit félaga og lækkun hlutafjár. Er gert ráð fyrir að færa það ákvæði í sama horf og það var í fyrir gildistöku laga um fjármagnstekjuskatt, þ.e. að líta á úthlutun sem arðgreiðslu en ekki söluhagnað. Þó er gert ráð fyrir sömu skattlagningarreglum og gilda um söluhagnað þannig að breytingin hefur ekki áhrif á skattskyldu innlendra aðila en leiðir til þess að erlendur aðili yrði við félagsslit og lækkun hlutafjár skattskyldur hér á landi á sama hátt og hann hefði orðið vegna arðgreiðslu.

Í sjötta lagi eru lagðar til breytingar á meðferð ónýtts persónuafsláttar að því er snertir ráðstöfun hans til greiðslu fjármagnstekjuskatts í þeim tilgangi að skattleysismörk verði hin sömu hvort sem um er að ræða fjármagnstekjur eða aðrar tekjur.

Að lokum er lagt til að bráðabirgðaákvæði sem sett voru með lögum um fjármagnstekjuskatt verði færð inn í lögin, svo og þau ákvæði sem varanleg eru og eiga eðlilega heima þar, og er bráðabirgðaákvæðinu breytt til samræmis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að ekki þurfi að tekjufæra vexti af reikningum í innlánsstofnunum sem bundnir eru til lengri tíma en 36 mánaða fyrr en þeir eru lausir til ráðstöfunar eiganda reikningsins, en samkvæmt núgildandi lögum eru vextir taldir til tekna um leið og þeir eru færðir eiganda til eignar jafnvel þó að þeir séu bundnir til lengri tíma.

Í b-lið er kveðið beint á um meðferð á vöxtum, verðbótum og annarri ávöxtun lífeyrissparnaðar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í þeim lögum er gert ráð fyrir margbreytilegu formi lífeyrissparnaðar sem m.a. gæti verið á sérstökum reikningum í bankastofnunum. Með frumvarpinu er lagt til að kveði verið skýrt á um að 1. tölul. 2. mgr. 8. gr. eigi ekki við í þessu tilviki heldur komi tekjur þessar ekki til skattlagningar fyrr en við útborgun á lífeyri og teljast þær þá til tekna á skv. A-lið 7. gr. og skattleggjast í almennu skatthlutfalli en ekki sem fjármagnstekjur.

Um 2. gr.

Í a-lið greinarinnar er lögð til breyting á reglum um skattalega meðferð jöfnunarhlutabréfa. Er lagt til að öll útgáfa jöfnunarhlutabréfa á grundvelli laga um hlutafélög og laga um einkahlutafélög verði skattfrjáls. Um forsendur vísast til almennra athugasemda.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að ákvæði um slit hlutafélags verði í 9. gr. sem fjallar um skattskyldan arð og falli þannig að þeim reglum sem lúta að skattlagningu arðs í stað þess að teljast með söluhagnaði. Samkvæmt frumvarpinu er því gert ráð fyrir að hagnaður sem greiddur er hluthöfum við slit félags verði skattlagður sem arður, sbr. 3. mgr. 67. gr., sbr. 8. gr. laganna.

Um 3. gr.

Hér eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á gildandi reglum að öðru leyti en því að frestur til útreiknings á jöfnunarverðmæti er framlengdur til ársloka 1999 og ákvæði til bráðabirgða II verði fært í meginmál laganna. Lagt er til að reglur bráðabirgðaákvæðisins verði færðar í 17. gr. laganna þar sem ljóst er að þær muni hafa töluverða þýðingu á næstu árum og áratugum þar sem hlutabréf eru oft langtímafjárfesting. Þar sem jöfnunarverðmæti hlutabréfa miðast við árslok 1996 skal á hlutafjármiðum og skattframtali tilgreina jöfnunarverðmæti hlutabréfa sem voru í eigu hluthafa í árslok 1996. C-liður snertir slit á félagi og lækkun hlutafjár en í frumvarpinu er lagt til að ákvæðið verði flutt yfir í 9. gr. laganna og útborgun sem greidd er til hluthafa við félagsslit eða lækkun hlutafjár umfram kaupverð verði skattlögð sem arður. Um nánari skýringar við c-lið vísast til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Með þessari grein er lagt til að í lögunum verði kveðið á um hvernig fara beri með skattlagningu tekna úr lífeyrissjóðum, þ.m.t. séreignasjóðum, þegar um arftöku er að ræða. Iðgjöld vegna lífeyrissparnaðar eru frádráttarbær frá skattskyldum tekjum, sbr. A-lið 30. gr. laganna, og því hefur verið litið svo á í framkvæmd að greiða skuli tekjuskatt við útborgun lífeyris til rétthafa. Hér er því ekki verið að leggja til nýja reglu eða gera breytingu á gildandi rétti.

Um 5. gr.

Í 120. gr. núgildandi laga sem fjallar um heimild ráðherra til að undanþiggja skattlagningu vinninga í happdrættum er lagt til að í lögunum verði kveðið beint á um að vinningar í happdrættum þar sem ágóða er varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi séu frádráttarbærir frá tekjum einstaklinga. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um hvaða happdrætti teljast falla undir skilyrði laganna.

Miðað er við að ríkisskattstjóri taki afstöðu til þess áður en happdrættismiðar eru gefnir út hvort uppfyllt séu skilyrði laganna og þá um leið hvort heimilt sé að draga vinninga í tilteknum happdrættum frá tekjum einstaklinga. Þannig þurfa þeir sem standa að happdrættum þar sem hagnaði er varið til þeirra verkefna sem tilgreind eru í þessum tölulið að fá úrskurð ríkisskattstjóra um hvort happdrætti uppfylli skilyrði hans samfara leyfi dómsmálaráðuneytisins.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að breytt verði reglum um frádrátt frá tekjum vegna fjárfestinga manna í atvinnurekstri og hann framlengdur til ársins 2002. Lagt er til að núgildandi reglur 1. tölul. B-liðar 30. gr. verði afnumdar ásamt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skatt-

skyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með áorðnum breytingum. Í stað þess er lagt til að settar verði einfaldar og markvissar reglur.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að draga frá tekjum allt að 60% af verðmæti keyptra hlutabréfa, en þó með ákveðnu hámarki sem er 80.000 kr. fyrir einstaklinga og 160.000 kr. fyrir hjón. Hér er um fasta fjárhæð að ræða sem ekki er gert ráð fyrir að breytist á næstu fimm árum. Þó er gert ráð fyrir að þeir sem nutu frádráttar samkvæmt eldri reglum um þriggja ára binditíma haldi rétti sínum. Samkvæmt gildandi reglum er nú heimilt að draga frá 40% af verðmæti keyptra hlutabréfa, að hámarki 79.890 kr. hjá einstaklingi og 159.780 kr. hjá hjónum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri veiti staðfestingu á því að félög uppfylli skilyrði laganna, að undanskildum félögum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, en um þau félög gilda strangari reglur en greinir í 5. mgr. Því er ekki talin þörf á að leita staðfestingar ríkisskattstjóra vegna þeirra.

Í 4. og 5. mgr. er fjallað nánar um skilyrði frádráttar. Meðal annars er skilyrði fyrir frádrætti að maður eigi viðkomandi hlutabréf yfir fimm áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra. Verði bréfin seld innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Kaupi maður hins vegar bréf innan ársins fyrir sömu fjárhæð skal þó ekki tekjufæra frádráttinn. Lagt er til að reglur þessara málsgreina gildi einnig um hlutabréf sem voru keypt og seld fyrir gildistöku laga þessara nema að því er varðar eignarhaldstíma sem var áður þrjú ár.

Í 6. mgr. eru ákvæði sem heimila ríkisskattstjóra að víkja frá skilyrðum 4. og 5. mgr. um hlutafé og hluthafafjölda þegar um er að ræða ný félög eða þegar um er að ræða starfandi hlutafélög sem er að auka hluthafafjölda eða hlutafé sitt. Ákvæðið er samhljóða 26. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, sem lagt er til að felld verði úr gildi með lögum þessum.

Í 7. og 8. mgr. er ekki um efnisbreytingar að ræða, heldur er einungis verið að árétta gildandi reglur á þessu sviði.

Um 6. gr.

Með þessu ákvæði er opnað fyrir þann möguleika að hlutafélög sem stofnað hafa eitt eða fleiri dótturfélög geti fengið sameiginlega skattlagningu tekjuskatts á öll félögin. Af ýmsum rekstrarlegum ástæðum getur verið hagkvæmt fyrir fyrirtæki að vera með atvinnustarfsemi í fleiri en einu félagi. Getur það verið af stjórnunarlegum ástæðum, atriðum sem snerta fjármögnun, áhættu eða annað. Reksturinn getur verið nátengdur en kostnaður sem verður til í einu eða fleiri félaganna nýtist ekki þegar um taprekstur í einu félaganna er að ræða þar sem ekki er samkvæmt gildandi reglum heimilt að flytja tap á milli hlutafélaga. Verði breyting þessi að lögum verður unnt að nýta tap af rekstri í einu félaganna á samsköttunartímanum á móti hagnaði hjá hinum. Lagt er til að samsköttun verði ekki heimiluð að nýju eftir slit hennar. Er það gert til að koma í veg fyrir að félög nýti sér eingöngu þann ávinning af samsköttun sem næst með því að velja á milli samsköttunar og sérsköttunar eftir því sem við á hverju sinni. Sama gildir um meðferð taps á milli félaganna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga megi tap sem verður á rekstri eins eða fleiri félaga í samsköttun frá hagnaði hinna áður en tekjuskattur er reiknaður. Einnig er gert ráð fyrir að yfirfæranlegt tap af rekstri hlutafélags sem stafar af rekstri fyrir samsköttun megi einungis nýta hjá því félagi sem myndaði tapið. Er það gert til að koma í veg fyrir misnotkun á samsköttunarreglunni þannig að móðurfélag kaupi annað dótturfélag með miklu uppsöfnuðu tapi og sæki um samsköttun og búa þannig til rétt til frádráttar á eigin hagnaði með því að draga frá honum tap dóttur-

félagsins frá fyrri árum. Þó verður heimilt að nýta yfirfæranlegt tap sem myndast fyrir samsköttun milli móður- og dótturfélags ef uppfyllt eru öll skilyrði 57. gr. A um sameiningu félaga og skilyrði til samsköttunar eru til staðar við gildistöku laga þessara. Gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð um meðferð taps og hagnaðar á milli félaga í samsköttun.

Í samsköttun skal viðkomandi tekjuár gert upp áður en tekið er tilliti til taps eldri ára, þ.e. tap eins eða fleiri félaga deilist hlutfallslega á félög með hagnað áður en uppsafnað tap fyrri ára, í samsköttun, er reiknað á móti hagnaði. Í samsköttun skal tap í einu eða fleiri félögum deilast hlutfallslega miðað við hagnað á þau félög sem eru með hagnað viðkomandi ár. Nýtist tapið ekki til fulls yfirfærist það á næstu ár. Félag, sem gengur í samsköttun og á yfirfæranlegt tap við upphaf samsköttunar, getur ekki nýtt tapið fyrr en hagnaðurinn hefur verið lækkaður með tapi annarra félaga í samsköttun innan sama tekjuárs. Reglan um að geta ekki nýtt uppsafnað tap fyrir samsköttun er sett til að koma í veg fyrir að samsköttunarreglan verði misnotuð og reynt þannig að koma í veg fyrir að félög „kaupi tap" annarra félaga og dragi frá hagnaði í samsköttun. Jafnframt er gengið út frá því að yfirfæranlegt tap fyrri ára sem myndast hafa í samsköttun geti ekki dregist frá hagnaði nýstofnaðs dótturfélags sem bætist við þau félög sem fyrir eru í samsköttun. Til að sýna hvernig tap er flutt á milli félaga og skattur í samsköttun er reiknaður út er sett fram eitt dæmi. (Sjá fylgiskjal I.)

Í 1. mgr. er það gert að skilyrði að félög í samsköttun séu með sama reikningsár. Það hefur í för með sér að reikningsár þeirra byrja og enda á sama tíma. Móðurfélagið þarf að hafa átt a.m.k. 90% hlutafjár í dótturfélaginu allt reikningsárið. Samsköttun yrði hafnað ef móðurfélag keypti dótturfélag á miðju reikningsári. Þó getur verið undantekning frá meginreglunni um sama reikningsár. Er það í þeim tilvikum þegar móðurfélag stofnar dótturfélag innan reikningsársins og þegar dótturfélagi er slitið innan reikningsársins. Þá er það skilyrði að sé dótturfélag stofnað á miðju ári ljúki reikningsári félaganna í samsköttun á sama tíma og jafnframt að ef félagi er slitið á miðju ári byrji það á sama tíma.

Eins og fram kemur í 2. málsl. 1. mgr. er það gert að skilyrði að hlutafé í dótturfélögum sé eigi minna en að 90% í eigu móðurfélagsins eða annarra dótturfélaga sem taka þátt í samsköttuninni. Megininntak samsköttunar er að móðurfélag og dótturfélag í 90–100% eigu móðurfélagsins skattleggjast saman. Jafnframt er gert ráð fyrir að samsköttunin nái einnig til þeirra tilvika þegar móðurfélag á 90–100% hlut í dótturfélagi og þau eiga svo sameiginlega 90–100% hlutabréfa í þriðja félaginu. Sama gildir um t.d. fjögur félög þar sem móðurfélagið á hlutabréfin í dótturfélagi og dótturfélagið á hlutabréfin í eigin dótturfélagi, og móður- og dótturfélagið eiga svo saman bréf í fjórða félaginu. Vegna kröfunnar um a.m.k. 90% eignarhald og sameignlegt eignarhald móður- og dótturfélags á þriðja félaginu verða félögin að gera nákvæma grein fyrir því í ársreikningi eða með öðrum skýrum hætti hvernig eignarhaldi þeirra er háttað. Jafnframt verður að gera ráð fyrir að félög tilkynni skattyfirvöldum ef einhver breyting verður þar á sem hefði áhrif á skilyrði samsköttunar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sá sem óskar eftir samsköttun skuli beina umsókn sinni til skattstjóra í því skattumdæmi þar sem hann er heimilisfastur. Lagt er til að umsóknir berist skattyfirvöldum í síðasta lagi þrjátíu dögum fyrir lok framtalsfrests viðkomandi gjaldárs. Tímamörk þau sem lögð eru til grundvallar taka mið af því að skattyfirvöld hafi nægan tíma til að meta hvort öll skilyrði samsköttunar séu uppfyllt svo að fallast megi á hana. Berist umsókn eftir að fresturinn er liðinn verður ekki fallist á hana.

Í 3. mgr. er lagt til að tekjuskattur sem til álagningar er hverju sinni í samsköttun verði lagður á móðurfélagið, að teknu tilliti til millifæranlegs taps eða hagnaðar, en öll hlutafélögin bera sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslunum. Þó er heimilt að leggja skatt á hvert og eitt félag í samsköttun ef félögin óska eftir því sérstaklega.

Óski félög í samsköttun eftir því að henni ljúki ber þeim að tilkynna skattyfirvöldum það eigi síðar en fyrir lok framtalsfrests. Ef það er ekki gert verður litið svo á að samsköttun verða áfram við lýði. Ef óskað er eftir að samsköttun ljúki hefur það aftur á móti þau áhrif að félög geta ekki sótt aftur um samsköttun.

Ef dótturfélagi er slitið eru forsendur fyrir áframhaldandi samsköttun brostnar. Aftur á móti er hægt að skattleggja móður- og dótturfélag saman hvað varðar tekjuár þegar dótturfélaginu er slitið. Tap sem myndast hefur í dótturfélaginu fram að slitum þess er því nýtanlegt í samsköttun á því tekjuári. Einnig yrði hægt að nýta uppsafnað tap dótturfélags í samsköttun.

Ef samsköttun er lokið á annan hátt, t.d. ef félögin óska ekki lengur eftir samsköttun, getur yfirfæranlegt tap, sem myndaðist í samsköttun, í hverju félagi fyrir sig nýst hjá því félagi sem myndaði tapið þegar það verður skattlagt í sérsköttun.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett í tengslum við þá reglu sem lögð er til í b-lið 3. gr. frumvarpsins sem snertir skattlagningu við slit félags og lækkun hlutafjár. Í a-lið greinarinnar er lögð til breyting á núgildandi fyrirkomulagi, þ.e. litið er á úthlutun verðmæta við slit hlutafélaga og lækkun hlutafjár sem söluhagnað. Þess í stað er lagt til að farið verði með úthlutun hlutafjár við slit á félögum og lækkun hlutafjár eins og arðgreiðslur. Þetta hefur m.a. áhrif á skattlagningu í tengslum við tvísköttunarsamninga þannig að skattur af úthlutun úr hlutafélögum við slit skattleggst á Íslandi þegar eigandi hlutabréfanna er erlendur aðili. Í b-lið greinarinnar er lagt til að ákvæði um hámark og skatthlutfall í 3. mgr. 67. gr. laganna taki einnig til úthlutunar arðs til hluthafa við slit félaga og lækkun hlutafjár.

Um 8. gr.

Hér er lögð til breyting sem snertir meðferð ónýtts persónuafsláttar að því er varðar ráðstöfun hluta hans til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Við upptöku þess skatts var ákveðið að persónuafsláttur, sem ekki hefði nýst á móti almennum tekjuskatti, útsvari og eignarskatti, skyldi koma viðkomandi til góða á móti fjármagnstekjuskatti sem á hann kynni að verða lagður. Tilgangurinn var að tryggja að ekki yrði lagður skattur á tekjur neðan skattleysismarka óháð því hvort um væri að ræða almennar tekjur eða fjármagnstekjur. Sú aðferð sem til þess var valin, þ.e. að láta ónýttan persónuafslátt ganga að fullu á móti álögðum fjármagnstekjuskatti, hefur þann ókost að hún felur í sér mikið hærri skattleysismörk gagnvart fjármagnstekjum en öðrum tekjum. Persónuafsláttur á tekjuárinu 1999 verður 279.948 kr. Að óbreyttu útsvari verður samanlagt tekjuskatts- og útsvarshlutfall 38,02% og skattleysismörk gagnvart launatekjum og öðrum almennum tekjum 736.318 kr. á ári. Gagnvart fjármagnstekjum yrðu skattleysismörkin aftur á móti 2.799.480 kr. á ári. Með þeirri breytingu, sem lögð er til, yrði þetta misræmi afnumið og skattleysismörk gagnvart fjármagnstekjum yrði áþekkt því sem á við um aðrar tekjur eða 736.705 kr. í því dæmi sem nefnt er að framan.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að felld verði niður heimild fjármálaráðherra til að undanþiggja vinninga í happdrættum frá skattskyldum tekjum þar sem vafi leikur á því hvort slík heimild stjórnvalda uppfylli skilyrði til skattlagningarheimilda í ljósi þeirra breytinga sem gerðar voru á stjórnarskránni með 15. og 16. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995. Um frekari skýringu vísast til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Með frumvarpi þessu eru mörg ákvæði úr bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 97/1996 flutt í 9. og 17. gr. laganna. Tímabundna heimild til útreiknings jöfnunarverðmætis þykir þó rétt að hafa áfram í bráðabirgðaákvæði ásamt ákvæði um að gera skuli grein fyrir jöfnunarverðmæti á skattframtali félagsins.

Um 11. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að hámarksfjárhæðir vegna fjárfestingar í hlutabréfum verði fastar. Því er lagt til hér að þær taki ekki hlutfallshækkun samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða sem sett voru með lögum nr. 65/1997, sbr. f-lið 5. gr. þeirra laga.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Félögin A, B, C og D hafa verið samsköttuð í nokkur ár og er félagið A móðurfélag. Jafnframt á félagið A uppsafnað tap fyrir samsköttun að fjárhæð 15.000 kr.

Tekjuárið 1999.

Félög	Hagnaður/ tap ársins	Skipting hagnaðar/taps	Yfirfærsla taps til næsta árs
A	- 100.000	+ 20.000	- 80.000
B	- 50.000	+ 10.000	- 40.000
C	+ 25.000	- 25.000	0
D	+ 5.000	- 5.000	0
Samtals	- 120.000	0	- 120.000

Tekjuárið 2000 — samsköttun.

Félög	Hagnaður/ tap ársins	Skipting hagnaðar/ taps	Hagnaður/ tap ársins eftir skiptingu taps	Nýting taps í eigin félagi	Ráðstöfun yfirfæranlegs taps frá öðrum félögum fyrra árs	Skattskyldur hagnaður eftir millifærslu taps
A	+ 24.000	- 11.200	+ 12.800	- 12.800		0
B	- 40.000	+ 35.000	- 5.000	0		0
C	+ 30.000	- 14.000	+ 16.000	0	- 16.000	0
D	+ 21.000	- 9.800	+ 11.200	0	- 11.200	0
Samtals	+ 35.000	0	+ 35.000	- 12.800	- 27.200	0

Yfirlit yfir nýtingu taps.

Félög	Tap frá fyrri árum	Nýting taps í eign félagi	Tap til skipta	Skipting taps vegna annarra félaga	Tap yfirfært til næsta árs
A	- 80.000	+ 12.800	- 67.200	+ 16.291	- 50.909
B	- 45.000	0	- 45.000	+ 10.909	- 34.091
C	0	0	0	0	0
D	0	0	0	0	0
Samtals	- 125.000	+ 12.800	- 112.200	+ 27.200	- 85.000

Tekjuárið 2001 — samsköttun.

Félög	Hagnaður/ tap ársins	Yfirfært tap eigin félags fyrri ára	Nettó hagnaður ársins	Tap frá öðrum félögum fyrri ára (frá félagi B)	Uppsafnað tap fyrir samsköttun	Skattskyldur hagnaður eftir millifærslu taps
A	+ 100.000	- 50.909	+ 49.091	- 8.746	- 15.000	+ 25.345
B	+ 20.000	- 20.000	0	0	0	0
C	0	0	0	0	0	0
D	+ 30.000	0	+ 30.000	- 5.345	0	+ 24.655
Samtals	+ 150.000	- 70.909	+ 79.091	- 14.091	- 15.000	+ 50.000

Tekjuskattur félaganna A, B, C og D er því að fjárhæð 15.000 kr. (50.000 kr. x 30%) sem annaðhvort yrði lagður á móðurfélagið A að öllu leyti eða 7.603 kr. á félagið A og 7.397 kr. á félagið D ef lagt yrði á hvert og eitt félag innan samsköttunar.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, m.a. skattlagningu jöfnunarhlutabréfa, samsköttun móður- og dótturfélaga og skattlagningu langtímasparnaðar og tekna af honum. Frumvarpið snýr að breytingum á teknahlið ríkissjóðs og hefur ekki áhrif á gjaldahliðina.

319. Frumvarp til laga [279. mál]

um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,00 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 8,10 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.000 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.000 kr. og ekki hærra en 36.200 kr. á hverju gjaldtímabili.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 4. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „132.053 kr.“ og „7.555 kr.“ í 2. mgr. kemur: 136.675 kr., og: 7.819 kr.
b. 3. málsl. 4. mgr. orðast svo: Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi um leið og heimild hefur verið veitt og gildir í a.m.k. tólf mánuði.

3. gr.

2. mgr. B-liðar 4. gr. laganna orðast svo:

Kílómetragjald skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,97	18.000–18.999	13,40
5.000–5.999	7,41	19.000–19.999	14,43
6.000–6.999	8,01	20.000–20.999	15,20
7.000–7.999	8,42	21.000–21.999	16,08
8.000–8.999	8,78	22.000–22.999	17,09
9.000–9.999	9,17	23.000–23.999	17,90
10.000–10.999	9,73	24.000–24.999	18,71
11.000–11.999	10,10	25.000–25.999	19,63

12.000–12.999	11,38	26.000–26.999	20,50
13.000–13.999	12,44	27.000–27.999	21,41
14.000–14.999	10,14	28.000–28.999	22,32
15.000–15.999	10,92	29.000–29.999	23,23
16.000–16.999	11,79	30.000–30.999	24,14
17.000–17.999	12,64	31.000 og yfir	25,05

4. gr.

C-liður 4. gr. laganna orðast svo:

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, og af eftirvögnum, sem eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal greiða þungaskatt skv. 2. mgr. Af bifreiðum, sem eru allt að 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd, og nýttar eru í atvinnuskyni, sbr. 2. mgr. 4. gr. A, skal vikugjaldið vera 25% hærra. Af bifreiðum, sem að leyfðri heildarþyngd eru 4.000 kg eða meira, og af eftirvögnum, sem að leyfðri heildarþyngd eru 6.000 kg eða meira, og nýtt eru í atvinnuskyni, skal ákvörðun þungaskatts fara eftir ákvæðum B-liðar 4. gr.

Af ökutækjum skráðum erlendis skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

Eigin þyngd ökutækis, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.	Eigin þyngd ökutækis, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.
Allt að 1.000	1.813	2.800–2.999	3.380
1.000–1.499	2.176	3.000–3.199	3.531
1.500–1.999	2.628	3.200–3.399	3.681
2.000–2.199	2.779	3.400–3.599	3.831
2.200–2.399	2.929	3.600–3.799	3.982
2.400–2.599	3.079	3.800–3.999	4.132
2.600–2.799	3.230		

Sé eigin þyngd ökutækis meiri en 4.000 kg skal þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku hækka um 1.000 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg sem eigin þyngd er umfram 4.000 kg. Við ákvörðun þungaskatts samkvæmt þessari málsgrein reiknast brot úr viku sem heil vika.

5. gr.

Í stað orðanna „lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a.m.k. 30 daga samfellt“ í 3. mgr. A-liðs 7. gr. laganna kemur: Skráningarstofunni hf. til geymslu í a.m.k. 15 daga samfellt.

6. gr.

Í stað orðanna „30 daga“ í 3. mgr. B-liðs 7. gr. laganna kemur: 15 daga.

7. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Endurákvörðun skv. 12., 14. og 15. gr. og úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. má skjóta til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Gjaldskrár þungaskatts skv. A- og C-lið 4. gr. hækka um 2% 1. júlí 1999. Hækkunin nær þó ekki til ökutækja sem eru 0–1.499 kg.

Gjaldskrá þungaskatts skv. B-lið 4. gr. hækkar um 2% 11. júní 1999, að undanskildu föstu árgjaldi samkvæmt lokamálslið 1. mgr. B-liðar 4. gr. Hækkun gjaldsins fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu öðru álestrartímabili sem er frá 20. maí til 10. júní 1999, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok annars álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

9. gr.

2. og 3. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald af eftirfarandi ökutækjum vera sem hér greinir:

1. Eftirtalin ökutæki skulu undanþegin vörugjaldi:
   a. Dráttarbifreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
   b. Snjóplógar.
   c. Slökkvibifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
   d. Sjúkrabifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
   e. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.
   f. Bifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum, sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
   g. Dráttarvélar til nota á lögbýlum.
   h. Beltabifreiðar (snjóbílar), yfir 700 kg að eigin þyngd, sérstaklega ætlaðar til aksturs í snjó.
   i. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.
   j. Ökutæki sem knúin eru rafhreyfli og flutt eru inn eða smíðuð í tilraunaskyni.
2. Greiða skal 10% vörugjald af hópferðabifreiðum sem eru skráðar fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni og eru í eigu hópferða- eða sérleyfishafa eða í fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við hópferða- eða sérleyfishafa. Gjaldið skal lækka í 5% frá 1. janúar 2000.
3. Af eftirtöldum ökutækjum skal greiða 30% vörugjald:
   a. Ökutæki á beltum undir 700 kg sem eru sérstaklega ætluð til flutninga í snjó, á svæðum þar sem aðrar samgöngur eru erfiðleikum bundnar verulegan hluta árs.

b. Bifreiðar fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
c. Bifreiðar sem sérstaklega eru útbúnar og notaðar til líkflutninga.
d. Fólksbifreiðar sem falla í gjaldflokk II skv. 3. gr. og ætlaðar eru til útleigu hjá aðilum sem hafa tilskilin leyfi til reksturs bifreiðaleigu.

4. Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar mælt í rúmsentímetrum:

	Sprengirými aflvélar		
Flokkur	**Bensínvélar**	**Dísilvélar**	**Gjald í %**
I	0–1.600	0–2.100	14
II	1.601–2.500	2.101–3.000	16
III	yfir 2.500	yfir 3.000	21

Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til aksturs fólksbifreiða til leiguaksturs og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði um þau ökutæki sem falla undir 2. mgr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess, reglur um hvað teljist vera fullt starf í skilningi 4. tölul. greinarinnar og ákvæði um endurgreiðslu á mismuni vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar ef skilyrðunum er ekki fylgt.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í I. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Bifreiðagjald tekur mið af eigin þyngd bifreiða. Það er nú 5,86 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar að 1.000 kg, 9,66 kr. fyrir hvert kg umfram það allt að 3.000 kg og 2.000 kr. af hverju byrjuðu tonni bifreiðar umfram 3.000 kg. Lágmarksgjald er 2.993 kr.

Gjaldi fyrir hvert kíló bifreiðar undir 3.000 kg og lágmarksgjaldi var síðast breytt með lögum nr. 138/1995. Þá var framfærsluvísitala 174,3 stig en var 182,6 stig í september 1998 (hækkun 4,76%). Framreiknað er gjaldið 6,14 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar að 1.000 kg og 10,22 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Lágmarksgjald er framreiknað 3.135 kr.

Með breytingunum er lagt til að lágmarksgjald verði hækkað upp að næsta heila þúsundi en það er innan við 1% hækkun. Lægra gjaldið, 5,86 kr., hækkar í 6,00 kr. eða um 2,39%. Hærra gjaldið lækkar úr 9,66 kr. í 8,10 kr. eða um 16,15%. Áfram er gert ráð fyrir að greiddar verði 2.000 kr. fyrir hvert byrjað tonn bifreiðar umfram 3.000 kg.

Með lögum nr. 83/1998 var ákveði um hámarksfjárhæð bifreiðagjalds afnumið en það var 26.750 kr. Það hafði í för með sér umtalsverða hækkun á bifreiðagjaldi af þyngstu ökutækjunum. Lagt er til að sett verði inn hámark að nýju sem verði 36.200 kr.

Samkvæmt gildandi lögum greiðir eigandi bifreiðar sem er yfir 1.000 kg 3,80 kr. meira fyrir hvert kíló sem er yfir 1.000 kg, að 3.000 kg. Lagt er til að úr þessum mun verði dregið þannig að hann verði 1,10 kr.

Eftirfarandi tafla sýnir bifreiðagjald fyrir eitt tímabil (6 mánuði).

Þyngd, kg	Gildandi lög, kr.	Frumvarp, kr.	Breyting í kr.	Breyting í %
800	4.688	4.800	112	2,39
1.050	6.343	6.405	62	0,98
1.300	8.758	8.430	- 328	- 3,75
1.500	10.690	10.050	- 640	- 5,99
2.000	15.520	14.100	- 1420	- 9,15
2.500	20.350	18.150	- 2.200	- 10,81
3.000	26.214	24.200	- 2.014	- 7,68
5.000	30.214	28.200	- 2.014	- 6,67
7.000	34.214	32.200	- 2.014	- 5,89
10.000	40.214	36.200	- 4.014	- 9,98
15.000	50.214	36.200	- 14.014	- 27,91
20.000	60.214	36.200	- 24.014	- 39,88

Gert er ráð fyrir að bifreiðagjöld á árinu 1999 verði að óbreyttum lögum 2.362 millj. kr. Samkvæmt frumvarpinu má reikna með að tekjurnar lækki í 2.271 millj. kr. á ársgrundvelli eða um 91 millj. kr. Gera má ráð fyrir að skráðum bifreiðum eigi eftir að halda áfram að fjölga á næsta ári þannig að áhrif lækkunarinnar verði minni.

Í II. kafla frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum. Helst má nefna hækkun á gjaldskrá þungaskatts með tilliti til forsendna í vegáætlun fyrir árin 1998–2002, sem samþykkt var á Alþingi sl. vor, sbr. auglýsingu nr. 101 frá 23. júní 1998. Jafnframt er lögð til sú breyting að þungaskattur af erlendum skráðum ökutækjum verði lækkaður til samræmis við þungaskatt af innlendum skráðum ökutækjum, ásamt því að ákvæðinu verði breytt til að jafna frekar samkeppnisstöðu innlendra og erlendra aðila sem nýta þungaskattsskyld ökutæki í rekstri. Lagt er til að lágmarkstími sem gefur rétt til lækkunar eða endurgreiðslu á föstu gjaldi þungaskatts verði styttur úr þrjátíu dögum samfellt í fimmtán daga samfellt. Að auki eru lagðar til smávægilegar breytingar aðrar.

Í vegáætluninni er gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar, bensíngjald og þungaskattur, verði hækkaðir um 3,5% 1. júní 1998 og í samræmi við verðlag eftir það, auk 2% hækkunar 1. júní 1999. Árið 1998 verða ekki gerðar breytingar á gjaldskrám þungaskatts þrátt fyrir samþykkta vegáætlun. Þó er gert ráð fyrir að tekjur af þungaskatti ársins 1998 verði eins og áætlað var í vegáætlun. Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru til að mæta hækkunum í vegáætlun svo að markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar árið 1999 verði ekki skertir. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að markaðir tekjustofnar verði hækkaðir um 3,5% frá miðju ári 1998 og í samræmi við verðlag eftir það, auk 2% hækkunar til viðbótar um mitt ár 1999 er lagt til í frumvarpinu að gjaldskrár hækki aðeins um 3,5% fyrri hluta ársins 1999, og um 2% seinni hluta ársins án þess að heimildir til hækkana miðað við verðlagsþróun verði nýttar. Ekki er talin ástæða til frekari hækkana vegna breytinga á verð-

lagsþróun á tímabilinu þar sem gert er ráð fyrir að tekjur af þungaskatti verði í samræmi við áætlaðar tekjur í vegáætlun. Spá um verðlagsþróun á þessu tímabili miðað við byggingarvísitölu er um 1,8%.

Lagt er til að gjaldskrár fasts gjalds þungaskatts og kílómetragjalds hækki 1. janúar 1999 um 3,5%. Hækkunin kæmi til framkvæmda á fyrra gjaldtímabili fasts gjalds þungaskatts fyrir árið 1999, sem er frá 1. janúar til 30. júní, en á annað gjaldtímabil kílómetragjaldsins, sem er frá 11. febrúar til 10. júní, þar sem fyrsta gjaldtímabilið hefst 11. október 1998 og stendur til 10. febrúar 1999. Þar sem vegáætlun gerir svo aftur ráð fyrir 2% hækkun er lagt til að gjaldskrár þungaskatts hækki á ný um mitt ár 1999. Ekki er lagt til að 100.000 kr. fast árgjald sem lagt er á ökutæki sem eru 14.000 kg og þyngri og fast gjald sem lagt er á ökutæki sem eru 0–1.499 kg hækki á sama hátt og kílómetragjaldið og fasta gjaldið almennt.

Með lögum nr. 83/1998 var gerð sú breyting á lögum nr. 3/1987 að felldar voru niður afsláttarreglur og gjaldskrá kílómetragjaldsins lækkuð um 5% af ökutækjum sem eru 4.000–13.999 kg og um 30% af ökutækjum sem eru 14.000 kg og þyngri. Jafnframt var gerð sú breyting að auk kílómetragjalds samkvæmt ökumæli þarf að greiða 100.000 kr. fast árgjald af ökutækjum sem eru 14.000 kg og þyngri. Í þessum breytingum var ekki tekið tillit til forsendna um hækkun á mörkuðum tekjustofnum sem fram koma í vegáætlun. Í vegáætluninni og frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að tekjur af þungaskatti fyrir árið 1999 verði um 3,5 milljarðar kr. Til að ná þeim markmiðum er nauðsynlegt að hækka gjaldskrá þungaskatts til samræmis við forsendur vegáætlunar. Miðað við forsendur hennar um hækkun á mörkuðum tekjustofnum, auk 1,6% aukins aksturs og 4% fjölgunar bifreiða, 0–4000 kg, á föstu gjaldi er gert ráð fyrir að þungaskattstekjur fyrir árið 1999 verði um 3,5 milljarðar kr.

Í 2. og 3. gr. frumvarpsins eru settar fram nýjar gjaldskrár að teknu tilliti til 3,5% hækkunar samanborið við gjaldskrána eins og hún var samþykkt með lögum nr. 83/1998, að undanskilinni hækkun á 100.000 kr. föstu árgjaldi sem lagt er á ökutæki sem eru 14.000 kg og þyngri. Um áramótin er einnig undanskilin hækkun á ökutæki á föstu gjaldi sem eru 0–1.499 kg. Í 8. gr. frumvarpsins, nýtt ákvæði til bráðabirgða, er svo gert ráð fyrir að gjaldskrár þungaskatts hækki um 2% 11. júní vegna kílómetragjalds og 1. júlí 1999 vegna fasts gjalds, að undanskilinni hækkun á 100.000 kr. föstu árgjaldi af stærri ökutækjunum og föstu gjaldi ökutækja sem eru 0–1.499 kg.

Í kjölfar breytinganna með lögum nr. 83/1998 um álagningu 100.000 kr. fasts árgjalds hafa komið fram athugasemdir frá ýmsum hagsmunaaðilum þar sem þessari gjaldtöku er mótmælt, enda komi hún illa niður á þeim sem aka lítið og þeim sem eiga marga eftirvagna. Vegna þessara athugasemda og ákvæðis til bráðabirgða með lögum nr. 83/1998 þar sem segir að fjármálaráðherra skuli fyrir 1. desember 1998 skila skýrslu um samkeppnishæfi fólksbíla með dísilhreyfil, framkvæmd á gjaldtöku samfara skráningu og afskráningu ökutækja og hvaða áhrif lagabreytingin hefur á rekstrarstöðu landflutninga verður fyrrnefnd lagabreyting tekin til endurskoðunar. Ef niðurstaða hennar verður sú að þörf sé á úrbótum munu verða lagðar fram tillögur þess efnis. Hins vegar er nauðsynlegt að leggja fram þetta frumvarp svo að tryggja megi að þær tekjur af þungaskatti, sem búið er að samþykkja í vegáætlun fyrir árin 1998–2002, skili sér.

Í III. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Í núgildandi lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. er ráðherra heimilað að lækka vörugjald af nokkrum flokkum ökutækja, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna. Lækkunin hefur verið ákveðin í reglugerð. Lagt er til að í stað þess að kveða á um lækkun í reglugerð verði

ákveðið í lögunum hver hlutfallstala vörugjaldsins er á ökutækjum. Er þetta gert til að tryggja að reglurnar samrýmist ákvæðum 77. gr. stjórnarskrárinnar. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða. Vörugjaldi af öðrum ökutækjum en leigubifreiðum til fólksflutninga er því óbreytt.

Síðastliðin ár hefur þróun vörugjalds verið á þann veg að álögur á atvinnutæki hafa minnkað. Með lögum nr. 83/1998 var lágmarksvörugjald af hópferðabifreiðum lækkað úr 30 í 10%. Með hópferðabifreiðum er átt við ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga og skráðar eru fyrir 10–17 farþega að meðtöldum ökumanni. Í sömu lögum var vörugjald af leigubifreiðum lækkað og er nú 25%. Með frumvarpi þessu er lagt til að munur á vörugjaldi af hópferðabifreiðum og leigubifreiðum verði minnkaður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um skýringar við greinina vísast til almennra athugasemda.

Um 2. gr.

Í a-lið er lögð til hækkun á gjaldskrá fasts gjalds þungaskatts með tilliti til forsendna í vegáætlun 1998–2002. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Í b-lið er um að ræða lagfæringu á ákvæðinu. Ef eigandi ökutækis óskar eftir að greiða kílómetragjald samkvæmt ökumæli í stað fasts gjalds þungaskatts er hann bundinn af þeirri tilhögun í a.m.k. eitt ár. Aftur á móti er ákvæðið útfært þannig að ákvörðun eiganda taki ekki gildi fyrr en á næsta gjaldtímabili þar á eftir, sem er mjög flókið í framkvæmd. Því er lögð til sú breyting að upphaf tólf mánaða tímabilsins taki mið af þeim degi sem ákvörðun um að breyta gjaldskyldu er tekin. Er sú tilhögun til hagsbóta fyrir eigendur ökutækjanna og skattyfirvöld.

Um 3. gr.

Á sama hátt og í 2. gr. er lögð til hækkun á gjaldskrá kílómetragjalds þungaskatts með tilliti til forsendna í vegáætlun 1998–2002. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Í C-lið 4. gr. kemur fram að af ökutækjum skráðum erlendis skuli greiða þungaskatt í formi vikugjalds, sem tekur mið af eigin þyngd. Vikugjald skal greitt ef ekki er ætlunin að ökutækið verði hér á landi lengur en fjóra mánuði í senn. Ef ætlaður tími er lengri en fjórir mánuðir skal þungaskattur greiddur skv. A- eða B-lið 4. gr. eftir því sem við getur átt. Ef tekið er mið af föstu gjaldi þungaskatts skv. A-lið 4. gr. er vikugjaldið skv. C-lið að meðaltali 66% hærra. Aftur á móti er kílómetragjaldið það sama.

Lögð er til sú breyting á C-lið 4. gr. að þungaskattur af erlendum skráðum ökutækjum verði sambærilegur skatti af innlendum skráðum ökutækjum. Lagt er til að vikugjaldið verði jafnhátt föstu gjaldi af innlendum skráðum ökutækjum og það hækki um 25%, ef um er að ræða leigubifreið sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum gjaldmæli eða sendi- og hópbifreiðar sem nýttar eru í atvinnuskyni. Jafnframt er lagt til að af bifreiðum sem eru 4.000 kg og þyngri og af eftirvögnum sem eru 6.000 kg og þyngri og nýtt eru í atvinnuskyni skuli þungaskattur greiddur í formi kílómetragjalds, sbr. B-lið 4. gr. Með þessari breytingu er verið að samræma gjaldtöku af dísilknúnum bifreiðum og eftirvögnum, hvort sem þau eru skráð innan lands eða utan. Með því móti er reynt að koma í veg fyrir röskun á samkeppni

milli innlendra og erlendra aðila sem nota þungaskattsskyld ökutæki í rekstri sínum og koma í veg fyrir mismunandi gjaldtöku eftir þjóðerni. Ætla má að lækkun á vikugjaldi ökutækja skráðum erlendis hafi ekki áhrif á tekjur af þungaskatti í heild sinni.

Skylda til að greiða þungaskatt af bifreiðum sem eru stærri en 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og af eftirvögnum stærri en 6.000 kg að leyfðri heildarþyngd ætti ekki að gera erlendum aðilum erfitt fyrir út frá sjónarmiðum um ökumælisskyldu. Samkvæmt reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, er skylt að útbúa flest ökutæki, sem eru stærri en 3.500 kg og nýtt eru í atvinnuskyni, ökurita, til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Gildir sú regla á Evrópska efnahagssvæðinu. Í 6. mgr. B-liðar 4. gr. kemur fram að ökuriti skuli notaður sem þungaskattsmælir ef skylt er að búa ökutæki ökurita. Með því móti eru aðilar á Evrópska efnahagssvæðinu jafnt í sveit settir hvað ökumælisskyldu varðar. Ef ökutæki er undanþegið ökuritaskyldu skulu notaðir annars konar ökumælar. Verður þá að gera þá kröfu til innlendra jafnt sem erlendra aðila að ökutækið sé útbúið viðhlítandi ökumælisbúnaði, sem settur er í á kostnað þeirra, sbr. 5. mgr. B-liðar 4. gr.

Um 5. og 6. gr.

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er lagt til að lágmarkstími sem gefur rétt til lækkunar eða endurgreiðslu á föstu gjaldi þungaskatts verði styttur úr þrjátíu dögum í fimmtán daga. Breytingin tekur til bifreiða á föstu gjaldi, sem eru 0–4.000 kg, og til ökutækja (bifreiða og eftirvagna), sem eru 14.000 kg og stærri, og greitt er af 100.000 kr. fast árgjald. Skilyrði til lækkunar eða endurgreiðslu samkvæmt núgildandi lögum er að skráningarmerki ökutækja séu lögð inn til geymslu hjá Skráningarstofunni hf. í a.m.k. 30 daga samfellt eða að ökutæki séu flutt tímabundið úr landi í jafnlangan tíma. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að þessi tími verði styttur í a.m.k. fimmtán daga. Yrði þá heimilt að lækka eða endurgreiða þungaskatt sem nemur skatti í fimmtán daga og hlutfallslega eftir það, ef skráningarmerki eru lögð inn til geymslu í fimmtán daga samfellt eða ökutæki er erlendis í jafnlangan tíma. Breytingin hefur í för með sér rýmri rétt til lækkunar eða endurgreiðslu fasts gjalds þungaskatts og kemur til móts við gjaldendur, þ.e. ekki þurfi að greiða þungaskatt af ökutækjum sem standa mikið ónotuð. Ekki þykir ráðlegt að stytta tímann frekar þar sem gera má ráð fyrir að fjölgun númerainnlagna verði það mikil að ekki sé mögulegt að hafa eftirlit með því auk þess sem kostnaður af slíku fyrirkomulagi yrði mikill. Þá hefur rýmri réttur ófyrirsjáanleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Ef tekið er mið af 100.000 kr. föstu árgjaldi af ökutæki sem er 14.000 kg og stærra er gjald fyrir hverja viku 1.923 kr. Gjald í tvær vikur eru því 3.846 kr. Innlögn skráningarmerkja í a.m.k. fimmtán daga samfellt eða tímabundinn útflutningur í jafnlangan tíma gefur gjaldendum því rétt til lækkunar eða endurgreiðslu sem nemur 3.846 kr. og svo hlutfallslega eftir það. Af bifreiðum á föstu gjaldi sem eru 0–4.000 kg að eigin þyngd er u.þ.b. 60% þeirra í stærðarflokknum 1.500–1.999 kg að eigin þyngd. Fast gjald fyrir hvern mánuð af ökutæki sem er 1.500–1.999 kg er 11.004 kr. og gjald fyrir hverja viku því 2.751 kr. Innlögn skráningarmerkja í a.m.k. fimmtán daga samfellt eða tímabundinn útflutningur í jafnlangan tíma gefur gjaldendum því rétt til lækkunar eða endurgreiðslu sem nemur 5.502 kr. og svo hlutfallslega eftir það.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að kærufrestur verði lengdur úr þrjátíu dögum í þrjá mánuði til samræmis við breytingar sem gerðar voru á 5. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, sbr. lög nr. 96/1998.

Um 8. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum eru lagðar til hækkanir á gjaldskrá þungaskatts með tilliti til hækkunar á mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar í vegáætlun sem samþykkt var á Alþingi í vor. Í vegáætluninni var samþykkt hækkun sem koma átti til framkvæmda frá og með 1. júní 1998, um 3,5% auk verðlagshækkana eftir það. Jafnframt var gert ráð fyrir 2% hækkun frá og með 1. júní 1999. Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að 2% hækkunin komi til framkvæmda um mitt ár 1999. Þar sem gjaldtímabil fasts gjalds þungaskatts ökutækja 0–4.000 kg og gjaldtímabil kílómetragjalds eru ekki þau sömu er gert ráð fyrir að hækkanirnar komi til framkvæmda miðað við gjaldtímabilin. Þar sem annað gjaldtímabil kílómetragjalds hefst 11. júní tekur hækkunin mið af þeim tíma, en frá 1. júlí 1999 vegna annars gjaldtímabils fasts gjalds ökutækja 0–4.000 kg, sem er frá 1. júlí til 31. desember. Lagt er til að hækkunin um mitt ár 1999 nái ekki til 100.000 kr. fasts árgjalds stærri ökutækjanna og fasts gjalds ökutækja sem eru 0–1.499 kg að eigin þyngd.

Um 9. gr.

Í 1., 2. og 3. tölul. greinarinnar er lagt til að lögfest verði hlutfallstala vörugjalds af tilteknum ökutækjum. Þessi hlutfallstala er nú ákvörðuð í reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum, með stoð í 2. mgr. 5. gr. laganna. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er hér einkum verið að tryggja að reglurnar samrýmist skattlagningarheimildum stjórnarskrárinnar.

Í 4. tölul. er lögð til nokkur lækkun á vörugjaldi af leigubifreiðum til fólksflutninga.

Í almennum athugasemdum kemur fram að vörugjald af hópferðabifreiðum er nú 10%. Einnig kemur fram að með þessu frumvarpi sé minnkaður sá munur sem nú er á vörugjaldi af hópferðabifreiðum og leigubifreiðum. Þó er lagt til að vörugjald af leigubifreiðum verði nokkuð hærra þar sem þeir eru almennt frekar fallnir til einkanota en hópferðabifreiðar.

Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga er reiknað þannig að það er lækkað um $\frac{1}{5}$ hluta þess sem það er umfram 10%. Fyrir gildistöku laga nr. 83/1998 var vörugjald af leigubifreiðum reiknað á þennan hátt nema þá var miðað við 30%, í stað 10% nú, þar sem lágmarksvörugjald af hópferðabifreiðum var þá 30%.

Með breytingum á 3. mgr. 5. gr. er einungis skotið styrkari stoðum undir heimild ráðherra til að setja reglugerð um skilyrði til lækkunar bifreiðagjalda. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frumvarp þetta snýr að breytingum á lögum um tekjur ríkissjóðs af gjöldum af bifreiðum og er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

320. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (refsiábyrgð lögaðila).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Boga Nilsson ríkissaksóknara og Guðjón Rúnarsson og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Verslunarráði Íslands, ríkissaksóknara, skattrannsóknarstjóra ríkisins, lögreglustjóranum í Reykjavík, Lögmannafélagi Íslands og ríkislögreglustjóra.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði almenn ákvæði í almenn hegningarlög um refsiábyrgð lögaðila og er lagt til að inn í hegningarlögin verði tekin ákvæði um skilyrði slíkrar refsiábyrgðar, hverjir geti sætt henni og hvaða viðurlög komi þar til greina. Í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er byggt á persónulegri refsiábyrgð og persónubundnum viðurlögum og gera lögin ekki sérstaklega ráð fyrir að lögð sé refsiábyrgð á lögaðila. Með frumvarpinu er þó ekki lagt til að í hegningarlögunum sé kveðið á um að lögaðilar beri almennt refsiábyrgð til jafns við einstaklinga, og felur það ekki í sér sjálfstæða refsiheimild en setur hins vegar það almenna skilyrði fyrir refsiábyrgð lögaðila að í sérrefsilögum sé að finna heimild til þess að refsa lögaðilum.

Nokkrar umræður spunnust í nefndinni um ákvæði 1. gr. frumvarpsins. Í c-lið 1. gr. kemur fram sú meginregla að refsiábyrgð lögaðila sé bundin því að einhver á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman eða ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Jafnframt kemur fram í ákvæðinu að í sérrefsilögum megi kveða á um frávik frá þessu skilyrði. Skilningur allsherjarnefndar er að veigamikil rök þurfi að vera fyrir hendi til þess að víkja frá meginreglunni og að nauðsynlegt sé að þau liggi ljós fyrir við lögfestingu slíkra ákvæða. Einnig telur nefndin brýnt að heildstæð endurskoðun fari fram á þeim ákvæðum laga sem leggja refsiábyrgð á lögaðila þannig að samræmi verði á milli ákvæðanna. Leggur nefndin til að gerðar verði minni háttar breytingar á tveimur ákvæðum frumvarpsins í samræmi við ábendingar sem nefndinni bárust.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi breytingum:

1. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á a-lið 1. gr. að fellt verði brott ákvæði þess efnis að lögaðila verði gerð svipting starfsréttinda. Í ákvæðinu er fjallað um refsingar og telst svipting starfsréttinda ekki til eiginlegra refsinga, því þykir óeðlilegt að mæla fyrir um slíkt hér.
2. Þá eru lagðar til tvær breytingar á c-lið 1. gr. Annars vegar er lagt til að orðið „einhver“ í 1. málsl. ákvæðisins falli brott. Hins vegar er lagt til að við greinina bætist nýr málsliður þar sem kveðið er á um að lögaðila verði gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hvaða aðili á hans vegum hafi framið refsinæman eða ólögmætan verknað. Er breytingin lögð til þar sem að ákvæði frumvarpsins þykir ekki kveða nægilega skýrt á um að ekki sé nauðsynlegt að staðreyna hvaða maður á vegum lögaðilans hafi gerst sekur um verknaðinn heldur sé nægilegt að sýnt hafi verið fram á að refsiverður verknaður hafi verið framinn af einhverjum á hans vegum.

Hjálmar Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. nóv. 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Kristín Halldórsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Kristján Pálsson.	Ögmundur Jónasson.	

321. Breytingartillögur [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (refsiábyrgð lögaðila).

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

a. Orðin „og svipting starfsréttinda“ í a-lið falli brott.
b. Orðið „einhver“ í fyrri málslið c-liðar falli brott.
c. Á eftir fyrri málslið c-liðar komi nýr málsliður er orðist svo: Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut.

322. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (mútur til opinbers starfsmanns).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá ríkissaksóknara, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, ríkislögreglustjóra og Lögmannafélagi Íslands.

Frumvarpið er flutt til að unnt sé að fullnægja skuldbindingum vegna fullgildingar samnings um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum. Nauðsynlegt er að gera breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, vegna fullgildingar samningsins og einnig er nauðsynlegt að með lögum verði lögð ábyrgð á lögaðila vegna mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna. Er því lagt til að sett verði sérstök lög um það efni í frumvarpi sem einnig liggur fyrir nefndinni, 116. mál.

Í almennum hegningarlögum er ekki að finna almennt refsiákvæði um mútur, en skv. 109. gr. laganna varðar það refsingu að múta opinberum starfsmanni, auk þess sem starfsmaðurinn sjálfur getur sætt refsiábyrgð vegna mútugreiðslu skv. 128. gr. laganna. Til að fullnægja skyldum samkvæmt mútusamningnum verður að kveða sérstaklega á um að mútur til erlendra opinberra starfsmanna varði refsingu. Þar sem samningurinn tekur ekki eingöngu til starfsmanna erlendra ríkja er einnig ástæða til að fram komi ótvírætt í lögum að refsiverndin nái einnig til starfsmanna opinberra alþjóðastofnana. Einnig er talið nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á 109. gr. hegningarlaga þannig að sama verknaðarlýsing eigi við hvort heldur opinberi starfsmaðurinn er innlendur eða erlendur.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Kristján Pálsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. nóv. 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Jónsson.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.

Kristín Halldórsdóttir.

323. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá ríkissaksóknara, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, ríkislögreglustjóra og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að með lögum verði lögð ábyrgð á lögaðila vegna mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna og er lögfesting þess nauðsynleg til að unnt sé að fullgilda samning um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum. Fylgir frumvarp þetta frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, 115. máli, sem samhliða hefur verið til umfjöllunar í allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Kristján Pálsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. nóv. 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Jónsson.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.

Kristín Halldórsdóttir.

324. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um mannanöfn og hjúskaparlögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Barnaverndarstofu, mannanafnanefnd og sifjalaganefnd.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, og hjúskaparlögum, nr. 31/1993. Breytingum þessum er ætlað að færa efni þessara laga til samræmis við hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár með lögræðislögum, nr. 71/1997, og er það í samræmi við tillögur lagaskoðunarnefndar dómsmálaráðherra sem skipuð var vegna hækkunar sjálfræðisaldurs.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.
Kristján Pálsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. nóv. 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Jónsson.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
	Kristín Halldórsdóttir.	

325. Svar [236. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um beingreiðslur til bænda.

1. *Hversu margir bændur njóta nú beingreiðslna vegna sauðfjárræktar?*
Alls 2.436 bændur njóta beingreiðslna, þ.e. voru handhafar beingreiðslna 1. nóvember sl. Þar af eru 50 félagsbú.

2. *Hversu margir bændur eldri en sjötugir njóta nú beingreiðslna, sundurliðað eftir sýslum?*
3. *Hversu stór hluti heildarbeingreiðslna vegna sauðfjárræktar í hverri sýslu rennur nú til þessara bænda?*
Sýslur og kaupstaðir eru þannig samandregin:

16	Kjósarsýsla, Kópavogur og Garðabær
25	Gullbringusýsla og Grindavík
35	Borgarfjarðarsýsla
36	Mýrasýsla
37	Snæfellsnessýsla
38	Dalasýsla
45	Austur-Barðastrandarsýsla
46	Vestur- Barðastrandarsýsla
47	Vestur-Ísafjarðarsýsla
48	Norður-Ísafjarðarsýsla
49	Strandasýsla
55	Vestur-Húnavatnssýsla
56	Austur-Húnavatnssýsla
57	Skagafjarðarsýsla
65	Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík og Ólafsfjörður
66	Suður-Þingeyjasýsla
67	Norður-Þingeyjasýsla
75	Norður-Múlasýsla
76	Suður-Múlasýsla
77	Austur-Skaftafellssýsla
85	Vestur-Skaftafellssýsla
86	Rangárvallasýsla
87	Árnessýsla

Sýsla	Aldursbil	Fjöldi	Upphæð 1. nóvember 1998	Hlutfall af greiðslum til 70 ára og eldri	Magn, samtala
16	00–69	25	726.284		186,37
16	70–99	1	8.223	1,12%	2,11
			734.507		
25	00–69	3	34.255		8,79
25	70–99	2	13.016	27,53%	3,34
			47.271		
35	00–69	76	3.643.849		935,04
35	70–99	11	366.044	9,13%	93,93
			4.009.893		
36	00–69	64	3.558.844		913,22
36	70–99	8	414.562	10,43%	106,38
			3.973.406		
37	00–69	64	3.379.556		867,22
37	70–99	12	481.241	12,46%	123,49
			3.860.797		
38	00–69	89	6.196.311		1.590,02
38	70–99	11	688.912	10,01%	176,78
			6.885.223		
45	00–69	31	2.123.591		544,93
46	00–69	19	1.036.835		266,06
46	70–99	5	182.575	14,97%	46,85
			1.219.410		
47	00–69	27	1.791.141		459,62
47	70–99	9	521.925	22,56%	133,93
			2.313.066		
48	00–69	20	1.641.611		421,25
48	70–99	5	243.601	12,92%	62,51
			1.885.212		
49	00–69	72	6.520.498		1.673,21
49	70–99	11	628.663	8,79%	161,32
			7.149.161		
55	00–69	98	7.227.655		1.854,67
55	70–99	14	665.956	8,44%	170,89
			7.893.611		
56	00–69	104	7.788.816		1.998,67
56	70–99	8	491.606	5,94%	126,15
			8.280.422		

Sýsla	Aldursbil	Fjöldi	Upphæð 1. nóvember 1998	Hlutfall af greiðslum til 70 ára og eldri	Magn, samtala
57	00–69	173	9.158.812		2.350,22
57	70–99	10	245.667	2,61%	63,04
			9.404.479		
65	00–69	98	3.411.784		875,49
65	70–99	24	786.062	18,73%	201,71
			4.197.846		
66	00–69	156	8.282.099		2.125,25
66	70–99	18	750.836	8,31%	192,67
			9.032.935		
67	00–69	63	6.217.196		1.595,38
67	70–99	12	603.919	8,85%	154,97
			6.821.115		
75	00–69	130	10.600.691		2.720,22
75	70–99	17	875.539	7,63%	224,67
			11.476.230		
76	00–69	75	5.304.404		1.361,15
76	70–99	18	875.267	14,16%	224,6
			6.179.671		
77	00–69	52	3.722.687		955,27
77	70–99	6	170.456	4,38%	43,74
			3.893.143		
85	00–69	92	6.386.151		1.638,73
85	70–99	14	770.009	10,76%	197,59
			7.156.160		
86	00–69	174	6.516.330		1.672,14
86	70–99	37	1.536.785	19,08%	394,35
			8.053.115		
87	00–69	155	5.839.385		1.498,43
87	70–99	35	1.309.590	18,32%	336,05
			7.148.975		
Landið	00–69	1.860	111.108.785		31.940,27
	70–99	288	12.630.454	10,21%	
Samtals		**2.148**	**123.739.239**		

Þar sem fleiri en einn handhafi beingreiðslna er skráður á lögbýli er sá talinn sem skráður er fyrir hæstu hlutfalli af greiðslumarki lögbýlisins. Þegar greiðslumarkinu er skipt til helminga milli tveggja einstaklinga er sá talinn sem eldri er. Samanlagður fjöldi bænda verður því lægri en í svari við 1. lið.

4. *Hversu margir bændur sem njóta nú beingreiðslna í kindakjöti eru með bú*
   a. *undir 60 ærgildum,*
   b. *undir 90 ærgildum og*
   c. *undir 120 ærgildum?*
   Svar óskast sundurliðað eftir sýslum.
5. *Hversu hátt hlutfall heildarbeingreiðslna vegna sauðfjárræktar rennur nú til bænda með innan við 60, 90 og 120 ærgilda bú, sundurliðað eftir sýslum?*

Sýsla	Greiðslumark, ærgildi	Fjöldi	Uppsafnað fjöldi	Uppsafnað greiðslumark, ærgildi	Hlutfall flokks innan sýslu
16	< 060	11	11	391	15,82
16	60 < 090	6	17	822	17,49
16	90 < 120	3	20	1.147	13,15
16	120 < 999	7	27	2.468	53,53
					100,00
25	< 060	5	9	145	100,00
					100,00
35	< 060	24	24	841	6,24
35	60 < 090	18	42	2.143	9,66
35	90 < 120	12	54	3.421	9,48
35	120 < 999	42	96	13.480	74,62
					100,00
36	< 060	16	16	574	4,54
36	60 < 090	8	24	1.201	4,96
36	90 < 120	8	32	2.031	6,57
36	120 < 999	42	74	12.645	83,94
					100,00
37	< 060	21	21	647	5,11
37	60 < 090	14	35	1.641	7,86
37	90 < 120	9	44	2.542	7,11
37	120 < 999	37	81	12.662	79,92
					100,00
38	< 060	11	11	413	1,92
38	60 < 090	8	19	1.040	2,92
38	90 < 120	6	25	1.703	3,09
38	120 < 999	82	107	21.484	92,07
					100,00
45	< 060	4	4	134	2,05
45	60 < 090	2	6	271	2,10
45	90 < 120	2	8	477	3,14
45	120 < 999	24	32	6.538	92,71
					100,00

Sýsla	Greiðslumark, ærgildi	Fjöldi	Uppsafnað fjöldi	Uppsafnað greiðslumark, ærgildi	Hlutfall flokks innan sýslu
46	< 060	7	7	228	6,06
46	60 < 090	1	8	304	2,04
46	90 < 120	1	9	404	2,65
46	120 < 999	15	24	3.755	89,25
					100,00
47	< 060	2	2	81	1,14
47	60 < 090	5	7	460	5,33
47	90 < 120	4	11	886	5,97
47	120 < 999	26	37	7.122	87,56
					100,00
48	< 060	2	2	64	1,07
48	60 < 090	5	7	415	5,86
48	120 < 999	19	26	5.986	93,07
					100,00
49	< 060	7	7	219	0,99
49	60 < 090	5	12	595	1,71
49	90 < 120	4	16	1.028	1,97
49	120 < 999	73	89	22.014	95,33
					100,00
55	< 060	14	14	454	1,87
55	60 < 090	4	18	746	1,20
55	90 < 120	7	25	1.456	2,92
55	120 < 999	90	115	24.306	94,01
					100,00
56	< 060	21	21	809	3,17
56	60 < 090	5	26	1.184	1,47
56	90 < 120	11	37	2.350	4,57
56	120 < 999	83	120	25.496	90,78
					100,00
57	< 060	40	40	1.543	5,25
57	60 < 090	24	64	3.291	5,94
57	90 < 120	27	91	6.110	9,59
57	120 < 999	102	193	29.398	79,21
					100,00
65	< 060	57	57	2.022	14,88
65	60 < 090	21	78	3.624	11,79
65	90 < 120	20	98	5.696	15,25
65	120 < 999	34	132	13.588	58,08
					100,00

Sýsla	Greiðslumark, ærgildi	Fjöldi	Uppsafnað fjöldi	Uppsafnað greiðslumark, ærgildi	Hlutfall flokks innan sýslu
66	< 060	38	38	1.420	4,77
66	60 < 090	24	62	3.234	6,10
66	90 < 120	24	86	5.742	8,43
66	120 < 999	97	183	29.748	80,70
					100,00
67	< 060	4	4	74	0,34
67	60 < 090	5	9	448	1,72
67	90 < 120	5	14	947	2,30
67	120 < 999	63	77	21.708	95,64
					100,00
75	< 060	17	17	615	1,71
75	60 < 090	9	26	1.296	1,89
75	90 < 120	9	35	2.227	2,59
75	120 < 999	124	159	36.005	93,82
					100,00
76	< 060	13	13	438	2,30
76	60 < 090	9	22	1.143	3,70
76	90 < 120	7	29	1.858	3,76
76	120 < 999	68	97	19.028	90,24
					100,00
77	< 060	12	12	354	2,82
77	60 < 090	8	20	991	5,06
77	90 < 120	1	21	1.092	0,81
77	120 < 999	40	61	12.574	91,31
					100,00
85	< 060	7	7	304	1,35
85	60 < 090	21	28	1.944	7,31
85	90 < 120	13	41	3.287	5,99
85	120 < 999	83	124	22.432	85,35
					100,00
86	< 060	54	54	1.771	7,13
86	60 < 090	51	105	5.648	15,60
86	90 < 120	34	139	9.150	14,09
86	120 < 999	80	219	24.855	63,19
					100,00
87	< 060	64	64		9,88
87	60 < 090	36	100		11,73
87	90 < 120	37	137		17,03
87	120 < 999	69	206		61,36
					100,00
Samtals		**2.284**		**389.892**	

Sýsla	Greiðslumark, ærgildi	Fjöldi	Uppsafnað fjöldi	Uppsafnað greiðslumark, ærgildi	Hlutfall flokks innan sýslu
Landið	<060	450	450	15.686	
Landið	<090	290	740	21.754	
Landið	<120	244	984	25.349	
Landið	<999	1.300	2.284	327.102	
				389.892	

Í þessari úrvinnslu er unnið með níu stafa lögbýlisnúmer, en þá eru sérskráð tvö eða fleiri sjálfstæð bú á sama lögbýli.

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

326. Tillaga til þingsályktunar [280. mál]

um könnun á læsi fullorðinna.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta fara fram könnun á læsi Íslendinga. Könnunin verði gerð á árunum 1999 og 2000 og taki til fólks á aldrinum 18–67 ára. Við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Greinargerð.

Í rannsókn á duldu ólæsi meðal Dana á aldrinum 18–67 ára frá árinu 1995 kom m.a. fram að um 12% úrtaksins áttu í umtalsverðum lestrarerfiðleikum og 23% til viðbótar lentu í erfiðleikum við lestur ákveðinna texta. Ekki er vitað nákvæmlega hve margir fullorðnir hérlendis stríða við þennan vanda sem jafna má við alvarlega fötlun í nútímasamfélagi. Miðað við þær kannanir sem til eru á stöðu barna og ungmenna og samanburði við sömu aldurshópa hjá Dönum má þó gera ráð fyrir að niðurstöður úr sambærilegri könnun hér á landi yrðu áþekkar, um 20 þúsund Íslendingar á aldrinum 18–67 gætu átt í umtalsverðum lestrarerfiðleikum.

Flestir Íslendingar ná því að verða læsir á barnsaldri. Hins vegar er alltaf tiltekinn fjöldi í hverjum aldurshópi sem ekki nær tökum á lestri í skóla eða þeirri færni sem til þarf til að kallast læs, hvað þá vel læs. Í inngangi að skýrslu um læsi íslenskra barna frá 1993 er tekið fram að engar rannsóknir séu til, svo vitað sé, á læsi fullorðinna hér á landi. Sú rannsókn sem skýrslan greinir frá leiðir hins vegar í ljós að 5–10% fjórtán ára unglinga eiga í verulegum erfiðleikum með að skilja fræðsluefni sem þeir lesa, auk þess sem líkur benda til að 10% til viðbótar skilji textann ekki nægilega. Upplýsingar sem Lestrarmiðstöð KHÍ hefur aflað með prófunum á nemendum í 9. bekk grunnskóla benda til þess að um 15% nemenda séu í áhættu með tilliti til dyslexíu og að um 10% eigi í alvarlegum erfiðleikum með lestur og/eða stafsetningu.

Þeir sem starfa í grunnskólum hafa reynslu af því að í 20–30 barna bekkjardeild megi að jafnaði gera ráð fyrir að 2–3 börn eigi í alvarlegum erfiðleikum með lestur. Um gæti verið að ræða nærri 4.000 grunnskólanemendur á landinu öllu. Skólarnir reyna að taka á lestrarvanda nemenda sinna með sérkennslu en aðstæður þeirra til þess eru mismunandi og umtalsverður hópur útskrifast úr grunnskóla árlega án þess að hafa náð fullnægjandi tökum á lestri og/eða skrift. Ef þessir einstaklingar reyna við framhaldsskólanám er hætt við að þeir falli fljótt út úr slíku námi. Flestir framhaldsskólar kanna orðið getu nemenda sinna í lestri og stafsetningu og reyna að bregðast við, enda skylt samkvæmt lögum að koma til móts við þarfir nemenda. Kannanir hafa gefið vísbendingar um að allt að fimmtungur framhaldsskólanema eigi í lestrarörðugleikum.

Athygli vakti fyrir nokkrum árum þegar Iðnskólinn í Reykjavík tók upp námskeið í lestri fyrir nemendur skólans. Þau voru tekin upp í kjölfar könnunar sem gerð var í lestri og lesskilningi. Sú kennsla hefur leitt í ljós að unnt er að ná árangri með lesþjálfun þótt nemendur séu komnir af barnsaldri og rannsóknir hafa jafnframt sýnt að framhaldsskólanemar geta náð verulegum árangri í lestri með markvissri þjálfun. Ætla má að sama eigi við um fullorðið fólk.

Í nýrri skólastefnu er stefnt að því að taka á málefnum barna með „sértæka lesröskun", t.d. með lesskimun og greiningu við upphaf grunnskólagöngu. Það er góður ásetningur og mun með aukinni sérkennslu og hærra hlutfalli menntaðra kennara í grunnskólunum verða til þess að fleiri börn fá þjónustu við hæfi og auka þannig líkur á því að fleiri börn ljúki grunnskóla betur læs.

Nú um aldamótin erum við á leið inn í hið svokallaða upplýsingasamfélag. Það byggist á mikilvægi upplýsinga í leik og starfi og í allri framþróun, sem og nýtingu margvíslegrar tækni til að svo megi verða. Mikilvægt er að fólk hafi færni til að takast á við ný og fjölbreytt verkefni sem slíkum þjóðfélagsbreytingum fylgja. Forsenda þess að geta verið þátttakandi í slíkum breytingum er að geta lesið og er það mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr. Með nýrri tækni og kröfum um meiri lestur og skráningu alls kyns upplýsinga detta einstaklingar út af vinnumarkaði og komast ekki inn aftur, einstaklingar sem gátu tekist á við ýmis störf sem ekki kröfðust lestrar og skráningar með sama hætti og í jafn ríkum mæli og á tölvuöld. Að verða læs er einn af undirstöðuþáttum mannréttinda og jafnframt er það krafa sem þjóðfélagið gerir til þegna sinna.

Lengi hefur verið goðsögn á Íslandi að hér séu allir læsir. Bókmenntaþjóðin vill trúa því að hún sé læs og lesi mikið. Það á þó ekki við um alla landsins þegna. Ekki fá allir við lestur notið þeirra bókmenntaperlna sem gera okkur að þjóð né alast öll börn upp á heimilum þar sem bækur skipa öndvegi. Þegar barnafræðsla hófst og langt fram á þessa öld var gert ráð fyrir því að börn kæmu læs að heiman þegar þau hæfu barnaskólanám. Gamlir kennarar minnast þess þó að misbrestur hafi verið á slíku og þá, eins og nú, gerðist það að ungmenni luku skólagöngu án þess að ná tökum á lestri. Á meðan samfélagið var lítt tæknivætt og margar hendur þurfti til framleiðslunnar var það ekki jafnalvarlegt fyrir einstaklinginn þótt hann kynni ekki að lesa eða væri treglæs. Þetta er gjörbreytt. Læsi er grundvallarforsenda þess að þegnarnir fái þrifist í samfélagi sem tekur örum breytingum og á vinnumarkaði þar sem einstaklingarnir þurfa sífellt að takast á við nýja aðstæður með breyttri tækni og viðurkennt er að menntun lýkur aldrei. Hvaða möguleika á ólæs einstaklingur á slíkum vinnumarkaði?

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja hins vegar áherslu á að læsi fullorðinna Íslendinga verði kannað svo traust vitneskja liggi fyrir um hve margir eiga við þennan alvarlega vanda

að etja. Í greinargerðinni er vísað til könnunar Dana á duldu ólæsi þar í landi. Flutningsmenn telja að þá könnun mætti nota sem fyrirmynd. Við ákvarðanir um hvernig við verður brugðist ætti að líta til þess hvað hefur verið gert til þess að kenna fullorðnu fólki að lesa, bæði hér og annars staðar.

Eðlilegt væri að við undirbúning og framkvæmd könnunar á læsi fullorðinna væri haft náið samráð við aðila vinnumarkaðarins því ljóst er að til þeirra kasta kemur þegar niðurstöður liggja fyrir og ákvarðanir verða teknar um hvernig við skuli brugðist.

327. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til leiklistarlaga.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein skrifstofustjóra, Karítas Gunnarsdóttur og Árna Gunnarsson frá menntamálaráðuneyti, Þórhildi Þorleifsdóttur frá Leiklistarsambandi Íslands, Hjálmar H. Ragnarsson frá Bandalagi íslenskra listamanna, Eddu Þórarinsdóttur frá Félagi íslenskra leikara, Pétur Einarsson frá Félagi íslenskra leikstjóra, Stefán Baldursson þjóðleikhússtjóra, Þuríði Pálsdóttur, Harald Ólafsson og Guðrúnu Helgadóttur frá þjóðleikhúsráði, Gunnar Helgason, Þórarin Eyfjörð og Eddu Björgvinsdóttur frá Bandalagi sjálfstæðra atvinnuleikhúsa og Vilborgu Valgarðsdóttur frá Bandalagi íslenskra leikara. Loks komu á fund nefndarinnar Hlín Gunnarsdóttir og María Kristjánsdóttir frá Leiklistarráði Íslands.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Íslenska dansflokknum, Ríkisútvarpinu, Leikarafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bandalagi íslenskra leikfélaga, borgarleikhússtjóra, Leikfélagi Reykjavíkur, þjóðleikhússtjóra, Leiklistarsambandi Íslands, Félagi íslenskra leikara, Bandalagi íslenskra listamanna, Félagi leikstjóra á Íslandi, Leikfélagi Akureyrar, Bandalagi atvinnuleikhópa, Páli Baldvini Baldvinssyni, Stöð 2 og Sigurði Karlssyni, formanni Leikfélags Reykjavíkur.

Með frumvarpinu er lagt til að lögum um Þjóðleikhús, nr. 58/1978, með síðari breytingum, og leiklistarlögum, nr. 33/1977, með síðari breytingum, verði steypt saman í ein heildstæð lög um leiklistarmálefni í landinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði um Þjóðleikhús verði gerð einfaldari og skýrari og færð til nútímahorfs. Skipan þjóðleikhúsráðs er breytt á þann veg að fulltrúar verða ekki lengur tilnefndir af fjórum stærstu þingflokkunum og Félagi íslenskra leikara heldur skipar menntamálaráðherra þrjá án tilnefningar en tvo samkvæmt tilnefningum Félags íslenskra leikara og Félags leikstjóra á Íslandi.

Veruleg breyting er gerð á skipan leiklistarráðs í þeim tilgangi að gera ráðið bæði einfaldara og skilvirkara sem ráðgefandi aðila fyrir menntamálaráðherra.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir mikilsverðu nýmæli í 16. gr. sem er heimild ríkisins til að gera samninga við sveitarfélög, lögaðila, félög og stofnanir um fjárstuðning við atvinnuleikhús eða svipaða starfsemi. Við þá samningsgerð gæti menntamálaráðuneytið t.d. leitað til leiklistarráðs sem ráðgefandi aðila.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Tillagan gerir ráð fyrir að þjóðleikhússtjóri skuli auk staðgóðrar þekk-

ingar á starfi leikhúsa, eins og hæfisskilyrðin eru orðuð í núgildandi lögum, búa yfir menntun á sviði lista.

Arnbjörg Sveinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. nóv. 1998.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.	Árni Johnsen.

328. Breytingartillaga [146. mál]

við frv. til leiklistarlaga.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, HjÁ, TIO, KÁ, ÓÖH, ÁJ).

2. málsl. 1. mgr. 6. gr. orðist svo: Skipaður skal maður með menntun á sviði lista og staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa.

329. Frumvarp til laga [281. mál]

um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

2. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á reglum um starfsskilyrði greinarinnar; hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er skilgreint hvaða háttsemi sé þess eðlis að menn hafi fyrirgert rétti sínum til að fá útgefið atvinnuleyfi á leigubifreið. Ákvæði þetta er í samræmi við frumvarp til laga um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum. Að mati ráðuneytisins er eðlilegt að sambærileg ákvæði gildi um alla atvinnubifreiðastjóra.

Í undantekningartilvikum geta stjórnvöld metið hvort umsækjandi fær útgefið leyfi þótt hann hafi brotið af sér. Vera má að umsækjandi hafi framið afbrot í æsku en bætt ráð sitt, og er þá sanngjarnt að hann eigi þess kost að fá útgefið leyfi samkvæmt lögum þessum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

Í frumvarpi þessu er gerð breyting á hvaða háttsemi telst þess eðlis að menn hafi fyrirgert rétti sínum til að fá útgefið atvinnuleyfi á leigubifreið. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér breytingu á kostnaði ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

330. Frumvarp til laga [282. mál]

um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um fólksflutninga á landi gegn gjaldi með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri.

2. gr.

Orðskýringar.

Reglubundnir flutningar eru fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun einu sinni eða oftar í viku allt árið eða hluta þess og þjónustan er öllum opin. Í sérleyfi felst leyfi til reglubundinna flutninga.

Til reglubundinna flutninga telst enn fremur:

1. Einkaleyfi sem er sérleyfi sveitarfélags til reglubundinna flutninga innan lögsagnarumdæmis þess.
2. Sérstakir reglubundnir flutningar sem eru flutningar á ákveðnum hópi farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir.
3. Aðrir reglubundnir flutningar sem eru flutningar sem hvorki eru sérleyfi né sérstakir reglubundnir flutningar.

Óreglubundnir flutningar eru aðrir flutningar en reglubundnir.

3. gr.

Útgáfa leyfa.

Leyfi Vegagerðarinnar þarf til að stunda fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum. Leyfið skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum til samgönguráðuneytis.

II. KAFLI
Sérleyfi.

4. gr.

Sérleyfi er leyfi til reglubundinna flutninga þar sem heimilt er að taka upp og setja af farþega hvar sem er á leiðinni. Vegagerðin gefur út sérleyfi, enda hefur umsækjandi leyfi skv. 3. gr. Sérleyfi skal alla jafna gilda til fimm ára og vera óframseljanlegt. Veita má umsækjanda fleiri en eitt leyfi. Við útgáfu sérleyfa skal leita umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Heimilt er að setja nánari skilyrði, t.d. um ferðatíðni, í reglugerð.

Þeir sérleyfishafar, sem hafa haft sérleyfi áður, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum ef þeir aðilar sækja um þau og fá meðmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Vegagerðin getur sagt upp sérleyfi á leyfistímanum vegna skipulagsbreytinga innan ákveðinna svæða sem viðkomandi sveitarfélög standa sameiginlega að. Slíkur uppsagnarfrestur skal ekki vera skemmri en tvö ár.

Í sérleyfisakstri er sérleyfishafa heimilt að nota bifreiðar sem rúma 3–8 farþega.

5. gr.
Einkaleyfi.

Sveitarfélögum er heimilt að taka að sér reglubundna fólksflutninga, þ.e. sérleyfi, innan síns lögsagnarumdæmis. Slíkt sérleyfi er einkaleyfi og er ótímabundið.

Nú ákveður sveitarstjórn að taka í sínar hendur rekstur reglubundinna flutninga innan síns lögsagnarumdæmis þar sem áður hefur verið sérleyfi og er þá skylt að veita sveitarstjórn einkaleyfi þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi sveitarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi, sbr. þó 3. mgr. 4. gr.

Við veitingu einkaleyfis er Vegagerðinni heimilt að binda leyfið því skilyrði að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn til að kaupa þær fasteignir og bifreiðar sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar á verði sem samkomulag næst um á milli aðila. Ef ekki næst samkomulag um verð skal það ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Öðrum en einkaleyfishafanum er óheimilt nema með samþykki hans að flytja um einkaleyfissvæðið aðra farþega en þá sem teknir eru upp utan þess og þá sem teknir eru upp innan svæðisins til flutnings út fyrir það.

6. gr.
Sérstakir reglubundnir flutningar.

Með sérstökum reglubundnum flutningum er átt við flutninga á ákveðnum hópi farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir. Hér er átt við flutninga starfsfólks að og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda og akstur skólanemenda. Ekki þarf annað leyfi til sérstakra reglubundinna flutninga en um getur í 3. gr.

Ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu.

7. gr.
Aðrir reglubundnir flutningar.

Aðrir reglubundnir flutningar eru flutningar sem hvorki eru sérleyfi né sérstakir reglubundnir flutningar, sbr. 4. og 6. gr. Vegagerðin gefur út leyfi til annarra reglubundinna flutn-

inga, enda hafi umsækjandi leyfi skv. 3. gr., og skal það gilda í eitt ár og vera óframseljanlegt. Veita má umsækjanda fleiri en eitt leyfi.

III. KAFLI
Óreglubundnir flutningar.

8. gr.

Óreglubundnir flutningar (hópferðir) teljast í lögum þessum aðrir flutningar en reglubundnir, sbr. 4., 6. og 7. gr.

Ekki þarf annað leyfi til óreglubundinna flutninga en um getur í 3. gr.

Ekki er heimilt að skipuleggja flutninga sem eru samsvarandi þeim reglubundnu flutningum sem fyrir eru og um getur í 4. og 7. gr., þótt tímabundnir séu.

9. gr.

Akstur sérútbúinna bifreiða.

Vegagerðin skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi leyfi skv. 3. gr. Leyfi þetta skal í fyrsta sinn gilda í eitt ár en síðan í tvö ár í senn og vera óframseljanlegt.

IV. KAFLI
Skilyrði leyfis.

10. gr.

Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum geta öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum:

1. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
2. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
3. Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar né framið alvarleg eða ítrekuð brot á reglum um starfsskilyrði greinarinnar. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögunum.

Skilyrðum samkvæmt greininni verður leyfishafi einnig að fullnægja á leyfistímanum.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

11. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita hlutafélögum, einkahlutafélögum eða sameignarfélögum, enda uppfylli þau skilyrði 1. tölul. 10. gr.

Hjá félaginu skal starfa forsvarsmaður sem ber ábyrgð á rekstrinum. Hann skal uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 10. gr.

12. gr.

Bifreið, sem notuð er til fólksflutninga samkvæmt lögum þessum og uppfyllir gæða- og tæknikröfur Vegagerðarinnar, má eingöngu nota til slíkra flutninga meðan leyfið gildir, sbr. þó 9. gr.

Þó er heimilt að flytja fragt í þar til gerðu rými, enda uppfylli bifreiðin að öðru leyti skilyrði fólksflutningabifreiðar.

VI. KAFLI

Eftirlit og leyfisgjöld.

13. gr.

Samgönguráðherra ákvarðar með reglugerð að fengnum tillögum Vegagerðarinnar gjöld fyrir veitingu leyfa og eftirlit samkvæmt lögum þessum.

Greiða skal fyrir útgáfu leyfa. Enn fremur skal árlega greiða gjald vegna hverrar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar. Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar og standa undir eftirliti og leyfisveitingum samkvæmt lögum þessum.

Vegagerðinni er heimilt að fela þriðja aðila að sjá um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

VII. KAFLI

Viðurlög við brotum á lögum þessum.

14. gr.

Verði aðili uppvís að því að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum án þess að hafa til þess tilskilin leyfi er Vegagerðinni heimilt að stöðva hana þegar í stað og kyrrsetja bifreiðar hans þar til leyfi hefur verið fengið til starfseminnar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

Við alvarleg eða ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi leyfum er honum hafa verið veitt samkvæmt lögum þessum. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þar til úrlausn hefur fengist í málinu skv. 1. mgr.

Sama gildir um skilyrði leyfis eins og þau eru tilgreind í leyfisbréfi.

16. gr.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök ákvæði í lögum þessum.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði fólksflutninga með hópferðabifreiðum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

18. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í samgönguráðuneytinu. Við samningu frumvarpsins var haft samráð við Félag hópferðaleyfishafa og Félag sérleyfishafa.

Gildandi lög um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum eru nr. 53/1987. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á lögunum frá setningu þeirra, einkum vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en engu síður telur ráðuneytið brýna ástæðu til að endurskoða lögin í heild.

Þótt gildandi lög hafi verið sett 30. mars 1987 eru þau að stofni til mun eldri. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi þessarar greinar, hópferðaakstur hefur aukist gífurlega og eins og fyrr segir hefur aðild Íslands að EES kallað á töluverðar breytingar á lögum og reglum er gilda um atvinnubifreiðar og akstur þeirra. Þótt þegar hafi verið brugðist við hluta breytinga vegna þessa hafa þó enn orðið breytingar innan regluverks Evrópusambandsins sem kalla á breytingu á lögum þessum. Af því tilefni er nauðsynlegt að taka á öðrum þáttum er mál þetta varðar.

Meginbreytingin sem lögð er til í frumvarpinu snýr að útgáfu leyfa. Í gildandi lögum sér samgönguráðuneytið um útgáfu sérleyfa og hópferðaleyfa auk sætaferðaleyfa. Samgönguráðherra nýtur þó ráðgjafar skipulagsnefndar fólksflutninga um leyfisveitingar en í henni sitja fulltrúar hagsmunaaðila auk fulltrúa samgönguráðherra. Ákvörðunum ráðuneytisins verður auðvitað ekki skotið til annars stjórnvalds þar sem það er æðsta stjórnsýslustigið. Þetta fyrirkomulag er um margt óheppilegt og eðlilegt að gera breytingar á því, fyrst og fremst til að tryggja málskot þeirra aðila sem mál kann að varða til samgönguráðuneytisins þar sem úrskurður æðsta stjórnsýslustigs er tryggður. Með því skapast mun skilvirkari og öruggari stjórnsýslumeðferð. Því er lagt til hér að Vegagerðin taki að sér útgáfu þeirra leyfa sem um getur í frumvarpinu auk eftirlits með einstökum þáttum þess. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að skipulagsnefnd fólksflutninga verði lögð niður. Ákvörðunum Vegagerðarinnar er svo unnt að skjóta til samgönguráðuneytis samkvæmt venjulegum stjórnsýslureglum. Það er skoðun ráðuneytisins að þetta verkefni falli vel að öðrum verkefnum Vegagerðarinnar. Vegagerðin hefur þegar eftirlit með ökuritum og þungatakmörkunum atvinnubifreiða á vegum úti í umboði dómsmálaráðuneytis og því er fremur hægt um vik fyrir starfsmenn vegaeftirlits að taka þetta verkefni að sér.

Þá eru lagðar til töluverðar breytingar á útgáfu leyfa. Gert er ráð fyrir að allir sem ætla að stunda fólksflutninga á landi gegn gjaldi með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri skuli hafa leyfi. Í slíku grunnleyfi felst m.a. það sem nú er kallað hópferðaleyfi og flutningur með skólanemendur og starfsfólk til og frá vinnustað. Þá er gert ráð fyrir að sækja þurfi sérstaklega um leyfi til reglubundinna flutninga eða sérleyfi og er þá skylt að umsækjandi hafi þegar leyfi til að stunda fólksflutninga. Enn fremur er gert ráð fyrir að unnt sé að gefa út leyfi til annarra reglubundinna flutninga í skamman tíma, eða eitt ár, og er þá sama uppi á teningnum, umsækjendur um slíkt leyfi þurfa að hafa leyfi til að stunda fólksflutninga á landi. Þá er leyfi til ferða fram og til baka milli landa fellt niður en það er vegna reglna Evrópusambandsins. Í frumvarpinu er einnig kynnt ný tegund leyfis, þ.e. leyfi til aksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða. Vegagerðin skal gefa út slíkt leyfi enda þótt bifreið rúmi færri farþega en níu. Til að fá slíkt leyfi þarf umsækjandi einnig að hafa grunnleyfi til að stunda fólksflutninga á landi jafnframt því sem leyfið skal vera notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn.

Þá eru skilyrði þess að fá leyfi til að stunda fólksflutninga á landi hert nokkuð. Í stað þess að umsækjandi sýni fram á að hann hafi óflekkað mannorð skal hann uppfylla ákveðin skilyrði sem nánar eru tilgreind í frumvarpinu. Er það í samræmi við hugtakanotkun Evrópusambandsins um góðan orðstír (good reputation) en ekki þótti heppilegt að setja þetta hugtak í frumvarpið þar sem það er ekki þekkt í íslenskri löggjöf. Hér er um mun strangari skilyrði að ræða en um getur í skilgreiningu á óflekkuðu mannorði og á það mun betur við það starfssvið sem fjallað er um hér. Þá er einnig gerð krafa um að umsækjendur fari á námskeið áður en þeir fái leyfi úthlutað og er það á hendi Vegagerðarinnar að sjá um að slík námskeið verði haldin. Einnig er kveðið á um fullnægjandi fjárhagsstöðu en nánar skal kveðið á um hana í reglugerð. Þessi ákvæði um skilyrði leyfis eru að miklum hluta komin til vegna reglna

Evrópusambandsins, einkum reglugerðar 96/26/EB sem innleidd var í íslenska löggjöf með reglugerð nr. 462/1998, um aðgang að starfsgrein farmflytjenda og farþegaflytjenda á landi og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og öðrum vitnisburði um formlega menntun í innanlands- og millilandaflutningum. Í viðauka með reglugerðinni er einnig tíundað námsefni á því námskeiði sem umsækjendum um leyfi samkvæmt þessu frumvarpi er gert að taka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna og er það óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Í frumvarpinu er hugtökum breytt nokkuð til samræmis við hugtakanotkun innan Evrópusambandsins. Þessi hugtök er flest að finna í gildandi lögum en rétt þykir að skýra merkingu þeirra þegar í upphafi.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Vegagerðin taki að sér útgáfu leyfa í stað samgönguráðuneytisins eins og nú. Það er skoðun ráðuneytisins að með því fáist mun betra eftirlit með því að lögunum sé fylgt, enda hefur Vegagerðin eftirlit með atvinnubifreiðum um allt land. Einnig er stuðlað að mun öruggari og skilvirkari stjórnsýslu þar sem öllum ákvörðunum Vegagerðarinnar er hægt að skjóta til ráðuneytisins sem æðra stjórnvalds.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um sérleyfi og það tiltekið að í því felist leyfi til reglubundins aksturs. Gert er ráð fyrir að Vegagerðin leiti umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en sérleyfum er úthlutað. Samkvæmt gildandi lögum er skipulagsnefnd fólksflutninga samgönguráðherra til ráðuneytis um úthlutun sérleyfa. Hér er gert ráð fyrir að skipulagsnefnd fólksflutninga verði lögð niður en engu síður fáist umsögn frá þeim aðilum sem rekstur sérleyfa varðar. Þá er í greininni heimild fyrir Vegagerðina til að gefa út fleiri en eitt sérleyfi og er þá gert ráð fyrir að eitt leyfi verði gefið út á hverja einstaka leið.

Enn fremur er í ákvæðinu heimild fyrir sérleyfishafa til að nota minni bifreiðar við aksturinn. Er það í samræmi við gildandi lög og er ástæðan sú að sum sérleyfi eru á mjög fáförnum slóðum, á tímum þegar farþegar eru mjög fáir og þá er hagkvæmara að geta notað minni bifreiðar.

Um 5. gr.

Þessi grein er í meginatriðum samhljóða 8. gr. gildandi laga og fjallar um heimild sveitarfélaga til að taka að sér reglubundna flutninga eða sérleyfi innan lögsagnarumdæmis síns og er slíkt leyfi einkaleyfi. Gert er ráð fyrir að Vegagerðin gefi út slík leyfi.

Þá er í greininni kveðið á um að hafi sveitarfélag fengið einkaleyfi innan síns lögsagnarumdæmis er öðrum óheimilt að taka upp og setja af farþega í sömu ferð á því svæði án þess að hafa til þess heimild viðkomandi sveitarfélags.

Um 6. gr.

Þessi grein er sama efnis og 3. gr. gildandi laga. Þó er hér gert ráð fyrir að enginn geti tekið að sér akstur samkvæmt greininni án þess að hafa leyfi til að stunda fólksflutninga á landi gegn gjaldi skv. 3. gr. frumvarpsins. Hér er m.a. um að ræða akstur barna og þykir því eðlilegt að þeir sem hyggja á slíkan akstur lúti sömu reglum og aðrir er ætla að stunda þessa atvinnugrein.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um aðra reglubundna flutninga sem eru ekki sérleyfi eða sérstakir reglubundnir flutningar. Hér er um tímabundna flutninga að ræða sem geta t.d. helgast af þjónustu við ferðamenn. Við útgáfu leyfa til annarra reglubundinna flutninga verður þó að gæta þeirra sérleyfa sem í gildi kunna að vera.

Um 8. gr.

Óreglubundnir flutningar eru gefnir frjálsir. Óreglubundnir flutningar eru t.d. hópferðir þar sem greitt er ákveðið heildargjald fyrir þjónustu ökutækis án tillits til nýtingar þess. Nú þarf ekki annað leyfi til slíks aksturs en um getur í 3. gr. frumvarpsins.

Þó er ekki heimilt að skipuleggja óreglubundna flutninga til höfuðs þeim reglubundnu flutningum sem þegar hefur verið veitt leyfi fyrir. Þar er þó ekki átt við sérstaka reglubundna flutninga.

Um 9. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Vegagerðin skal gefa úr leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt bifreiðin rúmi færri farþega en níu.

Ferðir með sérútbúnum bifreiðum á fjöll hafa aukist mjög mikið á síðustu árum. Talið er nauðsynlegt að þeir sem stunda slíkar ferðir hafi til þess leyfi opinberra aðila eins og aðrir sem stunda bifreiðaakstur í atvinnuskyni. Því er lagt til að Vegagerðin gefi út slík leyfi, enda hafi umsækjandi þegar leyfi skv. 3. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Þessi grein er samsvarandi 2. mgr. 2. gr. gildandi laga. Þó er hugtakið óflekkað mannorð fellt niður en í staðinn er að finna skilyrði þess að menn fái leyfi samkvæmt lögunum. Skilyrðin eru í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins nr. 96/26EB auk þess sem það þykir mjög til bóta að skýra sérstaklega hvaða skilyrði umsækjendur um leyfi af þessu tagi þurfi að uppfylla. Í fyrrnefndri reglugerð eru hugtakið góður orðstír (good reputation) notað en ekki þótti rétt að setja það hugtak í frumvarpið þar sem það er alveg óþekkt í íslenskri löggjöf. Lagt er til að umsækjendur geti þrátt fyrir ákvæði þetta fengið leyfi ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið. Ekki þykir rétt að setja fram ákveðin tímamörk í þessu efni. Slíkt verður að meta í hverju einstöku tilfelli.

Um 11. og 12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um eftirlit og þjónustugjöld og er gert ráð fyrir að starfsgreinin standi sjálf undir umsýslu vegna ákvæða þessa frumvarps með leyfisgjöldum. Gjöld þessi skulu renna til Vegagerðarinnar en ekki til ríkissjóðs eins og nú er.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum.

Frumvarp þetta kemur í stað laga nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum. Meginbreytingin er að Vegagerðin mun hafa leyfisveitingar með höndum í stað samgönguráðuneytisins. Skipulagsnefnd fólksflutninga er lögð niður en kostnaður við störf hennar var tæplega 1,8 m.kr. á árinu 1997.

Samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs er heimilt að leggja á leyfisgjöld. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að leggja á leyfisgjöld með það að markmiði að starfsgreinin standi sjálf undir umsýslukostnaði, en gert er ráð fyrir að þau gjöld renni til Vegagerðarinnar í stað þess að renna í ríkissjóð eins og nú er. Að mati samgönguráðuneytis mun umfang umsýslu með leyfisveitingum aukast við að færa hana til Vegagerðarinnar og væntanlega hækka leyfisgjöld í kjölfar þess. Hversu mikið er ekki ljóst á þessu stigi.

Það er mat fjármálaráðuneytis að frumvarpið muni ekki hafa önnur kostnaðaráhrif fyrir ríkissjóð en lækkun útgjalda sem nemur kostnaði vegna starfa skipulagsnefndar fólksflutninga, eða um 1,8 m.kr. Einnig má gera ráð fyrir lítils háttar lækkun útgjalda hjá aðalskrifstofu samgönguráðuneytis vegna tilfærslu á umsýslu þessa málaflokks til Vegagerðarinnar.

331. Frumvarp til laga [283. mál]

um rannsóknir sjóslysa.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Lög þessi taka til sjóslysa og atvika til sjós, eins og þau eru skýrgreind í 2. gr. laga þessara og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, svo og til köfunarslysa, sbr. 7. gr. laga nr. 31 2. apríl 1996.

Með sjóslysarannsóknum er átt við þá sérstöku málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum þessum og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Rannsóknir sjóslysa samkvæmt lögum þessum miða að því einu að koma í veg fyrir slys um borð í skipum og að öryggi til sjós megi aukast.

Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við sjóslys fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim hafa eftirtalin orð og orðasambönd þessa merkingu:

Sjóslys merkir hvern þann atburð sem leiðir til skaða á mönnum og tjóns á skipi og verðmætum í sambandi við rekstur skips.

Sjóskaði merkir atburð sem leitt hefur til einhvers eftirfarandi:

1. að dauðsfall eða alvarleg meiðsl verði vegna eða í tengslum við útgerð skips,
2. að maður hverfi frá borði vegna eða í tengslum við útgerð skips,
3. að skip farist eða að líklegt sé talið að skip hafi farist eða verið yfirgefið,
4. að skemmdir verði á skipi,
5. að skip strandi eða verði ófært til siglinga eða að skip lendi í árekstri,
6. að skemmdir verði vegna eða í tengslum við útgerð skips eða
7. umhverfisskaða vegna skemmda á skipi eða skipum sem orðið hafa við eða í tengslum við útgerð skips eða skipa.

Mjög alvarlegur skaði merkir skaða á skipi þannig að skipið ferst, mannskaði verður eða meiri háttar mengun.

Alvarlegur skaði merkir skaða sem telst ekki vera mjög alvarlegur en eitthvað eftirtalið hefur átt sér stað: eldur, sprenging, að skip kenni grunns, ásigling, skemmdir vegna óveðurs, skemmdir vegna íss, sprunga í bol eða grunur leikur á um galla í skipsbol sem veldur:

a. bolskemmdum svo að skipið er ekki lengur haffært eins og þegar gat kemur á bolinn undir sjólínu, stöðvun aðalvéla, miklum skemmdum á vistarverum o.s.frv.,
b. mengun (án tillits til magns) og/eða
c. bilun með þeim afleiðingum að taka þarf skipið í drátt eða aðstoðar er þörf frá landi.

Atvik á sjó merkir atburð sem gerist vegna eða í tengslum við útgerð skips, svo að skipið eða fólk er í hættu statt eða gæti valdið alvarlegum skemmdum á skipinu, mannvirkjum eða á umhverfinu.

Ástæður merkir þær aðgerðir, vanrækslu, atburði, aðstæður sem eru eða voru, og voru undanfari skaðans eða atviksins.

Rannsakandi sjóslysa merkir þann mann eða menn sem hæfir eru og skipaðir hafa verið til að rannsaka slys eða atvik samkvæmt reglum sem ákveðnar eru í landslögum og ætlaðar eru til að bæta öryggi á sjó og til að vernda umhverfi hafsins.

Alvarleg meiðsl merkir meiðsl sem maður verður fyrir í slysi og veldur því að hann verður óvinnufær í meira en 72 klst. innan sjö daga frá slysinu.

Skip merkir sérhvert fljótandi far sem notað er til að sigla á sjó, ám og vötnum.

3. gr.

Samgönguráðherra skipar fimm manna nefnd kunnáttumanna til þess að rannsaka sjóslys. Samgönguráðherra ræður, að fenginni umsögn nefndarinnar, framkvæmdastjóra sem ræður annað starfslið í samráði við nefndina. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin er óháð og sjálfstæð í störfum sínum.

4. gr.

Lögsaga rannsóknarnefndar sjóslysa tekur til allra íslenskra skipa, svo og allra erlendra skipa í siglingum að og frá landinu þegar slys varðar íslenska hagsmuni. Heimilt er nefndinni að rannsaka önnur slys eða atvik sem verða á erlendum skipum er koma til landsins eða í íslenska efnahagslögsögu, ef nefndin telur ástæðu til þess eða þess er óskað af fánaríki.

Nefndin skal m.a. rannsaka:

a. sjóslys þar sem skráð skip eiga hlut að máli og sem verða á íslensku yfirráðasvæði,
b. sjóslys þar sem skip skráð á Íslandi á hlut að máli, hvar sem það er statt í heiminum,
c. sjóslys og önnur atvik til sjós og á vötnum sem verða á óskráðum skipum, þ.m.t. skipum undir 6 metrum að lengd.

Nefndin skal annast skráningu slysa og atvika sem verða um borð í íslenskum skipum af hvaða stærð sem er, svo og skráningu slysa og atvika sem verða á erlendum skipum sem nefndin tekur til skoðunar.

5. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Nefndin ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar sjóslyss umfram það sem henni er skylt að rannsaka, með hliðsjón af alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að.

Samgönguráðherra getur falið nefndinni að rannsaka slys ef hann telur ríkar ástæður til og almannahagsmunir krefjast.

6. gr.

Skipstjóra eða þeim er kemur í hans stað er skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa á mönnum sem verða á skipi eftir nánari reglum er samgönguráðuneytið setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Skráningar- og tilkynningarskyldan tekur m.a. til hvers konar vinnuslysa á sjó, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra atvika sem þýðingu kunna að hafa í því sambandi.

Nú verður slys af völdum rekstrar eða notkunar á skipi, sbr. 1., 2. og 4. gr., og ber þá skipstjóra, útgerðarmanni, Tilkynningarskyldu íslenskra skipa, björgunarsveitum, Landhelg-

isgæslu og lögregluyfirvöldum að tilkynna eða ganga úr skugga um að rannsóknarnefnd sjóslysa fái vitneskju um slysið.

7. gr.

Hafi sjóslys orðið, sbr. 6 gr., má ekki breyta vettvangi fyrr en skoðun þar til bærra aðila hefur farið fram, þ.m.t. að taka til geymslu alla hluti sem hreyfðir verða og tengjast slysinu. Verði sjóslys á hafi úti, þar sem eigi verður komist hjá því að breyta vettvangi áður en formleg rannsókn fer fram, er skipstjóra og öðrum skipstjórnarmönnum skylt að gera ítarlega skýrslu um vettvang, tildrög slyss og hverjir voru á vettvangi við störf eða annað. Skipstjórnarmönnum er skylt að taka til varðveislu hvers konar hluti sem bila, svo sem blakkir, lása, víra, keðjur, tóg, veiðarfærahluta og annað sem tengist slysinu. Verði slysið rakið til annars búnaðar, svo sem vél-, raf-, gufu-, hand- eða vökvaknúinna tækja, skal sá búnaður ekki notaður fyrr en rannsókn hefur farið fram á honum. Í þeim tilvikum þegar viðgerð á tæki úti á sjó er óumflýjanleg er skipstjóra og yfirvélstjóra skylt að sjá um að ítarleg skýrsla sé gerð um bilunina og viðgerðina og að allir hlutir, sem taka þarf út og setja nýja í staðinn fyrir, séu varðveittir. Slíkar skýrslur, svo og allir hlutir sem skylt er að taka til varðveislu um borð í skipi í sambandi við slys, skulu afhentir nefndinni við komu til hafnar.

8. gr.

Við rannsókn sjóslyss getur nefndin óskað aðstoðar og upplýsinga frá öðrum opinberum aðilum.

Rannsóknarnefnd sjóslysa og starfsmenn hennar skulu hafa óhindraðan aðgang að vettvangi sjóslyss, jafnvel þótt um staði í einkaeign sé að ræða. Nú fer jafnframt fram lögreglurannsókn á vettvangi og skulu þá aðilar hafa samráð um vettvangsskoðun.

Nefndin og starfsmenn hennar hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi eftir eigin mati, sbr. 9. gr.

9. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa og starfsmönnum hennar er heimilt að krefjast framlagningar allra skjala er varða skip, svo sem leiðar-, dag- og véladagbók, eftirlitsbók, öll vottorð sem skylt er að hafa um borð í skipi, skrá yfir skipverja, útskrift úr tölvum er varða siglingu og vélbúnað skips, svo og önnur gögn er ástæða þykir til, t.d. um fjarskipti og gögn sem varða rekstur og siglingu skipsins. Þeim er einnig heimilt að taka skýrslur af eiganda, notanda eða umráðanda skips, áhöfn þess og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins.

Nefndin getur leitað aðstoðar rannsóknastofnana, innlendra eða erlendra, eftir því sem nauðsynlegt er við rannsókn sjóslyss. Innlendum aðilum er skylt að veita nefndinni þessa aðstoð.

Rannsóknarnefnd sjóslysa er heimilt að kalla til starfa með nefndinni sérfræðinga á tilteknum sviðum telji hún það nauðsynlegt.

10. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa ákveður hvenær skip má láta út höfn eða halda áfram för sinni eða hlutar þess sem rannsóknin beinist að eru látnir af hendi.

Nefndin getur haldið skipi eða hverjum hluta þess sem er svo lengi sem hún telur þörf vegna rannsóknarinnar.

Ágreining um hvort skip sé látið laust má bera undir dómara þar sem skipið er statt.

11. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa er heimilt að hljóðrita skýrslur aðila og vitna. Nefndin afritar það af upptökum sem hún telur máli skipta varðandi rannsókn máls, ella skulu aðalatriði skýrslna aðila og vitna skráð.

Skýrslur aðila og vitna skulu taldar réttar nema gerðar séu athugasemdir við þær.

12. gr.

Skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, sbr. 4. mgr. 1. gr., enda er markmið sjóslysarannsókna samkvæmt lögum þessum að greina orsakaþætti sjóslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir slys til sjós af sömu eða sambærilegum orsökum. Tilgangurinn er ekki að skipta sök eða ábyrgð. Skal þessa getið á forsíðu hverrar lokaskýrslu sem rannsóknarnefnd sjóslysa sendir frá sér.

Rannsaki lögregla sjóslys getur hún óskað aðstoðar nefndarinnar við rannsóknina. Ekki skal afhenda gögn er geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni.

13. gr.

Aðilar máls, eigandi eða útgerðarmaður viðkomandi skips og flokkunarfélag þess, svo og Siglingastofnun Íslands, skulu eiga þess kost, á þann hátt sem rannsóknarnefnd sjóslysa ákveður, að tjá sig um drög að lokaskýrslu nefndarinnar innan tilskilins frests áður en endanlega er gengið frá skýrslunni, sbr. 14. gr., enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða það sé augljóslega óþarft. Nú er gerð skrifleg krafa um að mega tjá sig, áður en lokaskýrsla er gerð, og skal þá verða við þeirri kröfu.

14. gr.

Þegar rannsókn er lokið skal rannsóknarnefnd sjóslysa svo fljótt sem verða má semja skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sama eða líkum toga. Skýrslan skal send samgönguráðherra, Siglingastofnun Íslands og aðilum máls.

Rannsóknarnefnd sjóslysa skal gera tillögur til Siglingastofnunar Íslands um úrbætur í öryggismálum til sjós, eftir því sem rannsókn á orsökum sjóslysa og atvika sem verða til sjós gefa tilefni til. Siglingastofnun ber að sjá til þess að tillögur til úrbóta sem berast frá nefndinni séu teknar til formlegrar afgreiðslu hverju sinni. Siglingastofnun skal senda nefndinni niðurstöður slíkra afgreiðslna.

Nefndin skal í lok hvers starfsárs semja yfirlit um hvernig tillögum hennar hefur verið framfylgt og senda það samgönguráðherra. Yfirlitið skal birta í heildarskýrslu nefndarinnar.

Nefndin skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert og afhenda ráðherra.

Rannsóknarnefnd sjóslysa sér um að dreifa skýrslum nefndarinnar um einstök mál. Skýrslurnar skulu teljast opinber gögn. Skýrslur nefndarinnar má selja á kostnaðarverði.

15. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa getur endurupptekið þegar rannsakað mál, sbr. 13. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati. Mat nefndarinnar í þessu efni er endanlegt.

16. gr.

Í reglugerð, sem samgönguráðherra setur, skal nánar kveðið á um störf rannsóknarnefndar sjóslysa, þar á meðal um samskipti við aðra rannsóknaraðila, skrifstofuhald, geymslu málsgagna, persónuskilríkja um réttarstöðu nefndarmanna og heimildir þeirra í störfum, nauðsynlegan útbúnað og tæki nefndarinnar til vettvangsrannsókna og einstaka þætti málsmeðferðar eftir því sem þurfa þykir.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir um rannsókn sjóslysa að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, með síðari breytingum.

17. gr.

Brot á ákvæðum 6. gr. varðar sektum.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Með lögum þessum eru numin úr gildi ákvæði 230. og 231. gr. laga nr. 34/1985, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1986.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi skipun núverandi rannsóknarnefndar sjóslysa og skal ráðherra eftir gildistökuna skipa rannsóknarnefnd sjóslysa samkvæmt lögunum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Upphaf rannsókna á sjóslysum við Ísland má rekja til þess að árið 1963 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að láta fara fram opinbera rannsókn á orsökum hinna fjölmörgu skipstapa sem orðið höfðu næstu tvö til þrjú árin á undan. Samkvæmt tillögunni átti að „leggja fram tillögur að nýjum reglum um sjóhæfni íslenskra fiskiskipa, um breytingar á eldri skipum, staðsetningu veiðarfæra og hjálpartækja og búnað skips í sambandi við þau og annað það, er aukið getur öryggi sjófarenda frá því sem nú er".

Skipaði samgönguráðherra nefnd til að vinna að þessum rannsóknum og var Jón Finnsson hrl. formaður þeirrar nefndar, en auk þess sátu í henni fulltrúar frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélagi Íslands, Skipaskoðun ríkisins, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, svo og skólastjóri Stýrimannaskólans.

Þessi nefnd starfaði frá hausti 1963 til vors 1965 og skilaði mikilli greinargerð sem byggðist á ítarlegum rannsóknum á 106 sjóslysum sem urðu á árunum 1960–63, en að auki fjallaði hún að nokkru leyti um sjóslys á árunum 1949–59.

Þegar nefndin hafði lokið störfum var hún leyst upp og lágu sérstakar rannsóknir á sjóslysum niðri þar til með lögum nr. 52/1970, um eftirlit með skipum, en í 44. gr. laganna var svofellt ákvæði:

„Ráðherra skipar 5 menn í rannsóknarnefnd sjóslysa, til 6 ára í senn, fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands, og formann, er ráðherra skipar án tilnefningar.

Hlutverk rannsóknarnefndar sjóslysa er að fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, miðla slíkum upplýsingum

til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slysahættu á sjó.

Rannsóknarnefnd sjóslysa ræður í sína þjónustu siglingafróðan mann, sem hefur það verkefni að upplýsa orsakir sjóslysa og koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir. Skal nefndin og starfsmaður hennar hafa náið samstarf við Siglingamálastofnun ríkisins.

Ber starfsmanni nefndarinnar að mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón eða veruleg meiðsli manna eða verulegt eignatjón. Skal fulltrúi nefndarinnar fyrir dómi hafa allan sama rétt og eftirlitsmaður samkvæmt ákvæðum 39. gr. laganna. Skal starfsmaður í samráði við nefndina og skólastjóra stýrimannaskóla landsins skipuleggja meðal sjómannaefna kennslu í slysavörnum, er miðist við að skýra helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig er unnt að forðast þau. Verksvið starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa ákvarðast nánar með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum nefnarinnar.

Ráðherra ákveður laun starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa að fengnum tillögum nefndarinnar. Ferðakostnaður starfsmanns og önnur nauðsynleg útgjöld rannsóknarnefnd sjóslysa greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar."

Fyrsta skýrsla nefndarinnar kom út fyrir árið 1971 og fjallaði um helstu sjóslys sem áttu sér stað það ár, 32 að tölu.

Fyrsti formaður nefndarinnar var Páll Ragnarsson aðstoðarsiglingamálastjóri, en síðan tók Haraldur Henrysson, þáverandi sakadómari, við starfinu á miðju ári 1972 til ársins 1983 er dr. Páll Sigurðsson prófessor tók við formennsku til 1986. Haraldur Blöndal hrl. var formaður 1986–91, þá Ástráður Haraldsson hdl., frá 1991–92, Ragnhildur Hjaltadóttir skrifstofustjóri frá 1992–97 og þá Haraldur Blöndal hrl. aftur.

Fyrsti starfsmaður nefndarinnar var Páll Guðmundsson skipstjóri, en á árunum 1972–86 var Þórhallur Hálfdánarson skipstjóri framkvæmdastjóri þegar Kristján Guðmundsson skipstjóri tók við starfi framkvæmdastjóra. Hefur hann gegnt því síðan.

Árið 1985 voru samþykkt ný siglingalög, nr. 34/1985, þar sem ekki var gert ráð fyrir sérstakri rannsóknarnefnd, en samgöngumálaráðherra heimilað skv. 230. gr. laganna að skipa sérstakar rannsóknarnefndir til rannsaka einstök sjóslys, ef ríkar ástæður væru til. Vegna megnrar óánægju sjómanna var 230. gr. breytt með lögum nr. 21/1986 og hljóðar hún nú þannig: „Samgönguráðherra skal skipa sérstaka fimm manna nefnd kunnáttumanna til fjögurra ára í senn. Nefndin skal kanna orsakir allra sjóslysa er íslensk skip farast. Nefndin rannsakar einnig öll slys þar sem manntjón verða, svo og önnur þau sjóslys sem hún telur ríkar ástæður til að rannsaka.

Nefndin skal starfa sjálfstætt og óháð.

Samgönguráðherra ræður, að fenginni umsögn nefndarinnar, starfsmann með sérþekkingu á þeim málum sem hún fjallar um.

Nefndin skal í starfi sínu fylgja meginreglum laga þessara um sjópróf eftir því sem við verður komið. Um skyldu manna til skýrslugjafar fyrir nefndinni og um öflun sönnunargagna almennt, svo og um vettvangskönnun, gilda sömu reglur og í opinberum dómsmálum eftir því sem við getur átt. Nefndin ákveður sjálf hvort fundir hennar eru opnir eða lokaðir og hverjar upplýsingar eru veittar um framvindu rannsóknar. Nefndin getur leitað til Siglingamálastofnunar ríkisins við rannsókn máls eftir því sem tilefni er til. Embættisdómurum eða lögreglustjórum á hverjum stað er skylt að aðstoða nefndina við skýrslutöku og aðra þætti málsrannsóknar. Einnig getur nefndin kallað til sérfræðinga eða leitað aðstoðar rannsóknastofnana í þágu rannsóknar máls, svo og allra þeirra aðila sem að öryggis- og björgunarmálum vinna.

Er þeim aðilum skylt að aðstoða nefndina við rannsókn í heild eða einstaka þætti hennar.

Nú óskar einhver framangreindra aðila eftir að koma á framfæri upplýsingum í þágu rannsóknar máls og er nefndinni þá skylt að taka slíkar upplýsingar til athugunar.

Um starfshætti nefndarinnar skal nánar kveðið á í reglugerð sem samgönguráðherra setur. Þar skal m.a. getið um vinnuskyldu starfsmanns og önnur störf, svo sem fræðslustörf í skólum og á námskeiðum.

Kostnaður vegna starfsemi nefndarinnar og rannsóknar máls samkvæmt þessari grein skal greiðast úr ríkissjóði."

Með þessari lagabreytingu jókst mjög starfsemi nefndarinnar, enda hafði hún meiri frumkvæðisrétt en áður. Lagaumhverfi, húsnæðismál og fjárveitingar voru hins vegar þannig að ekki var talið skynsamlegt að nefndin rannsakaði einstök mál óháð lögreglu og dómstólum og var rannsóknarferlið því að þessu leytinu til eins og áður. Þó skipti miklu að nú gat nefndin krafist lögreglurannsóknar og sjóprófa.

Reynslan af starfi nefndarinnar sl. tíu ár er góð. Hins vegar hefur þess orðið vart í vaxandi mæli að vitni og aðilar telja að álit nefndarinnar séu um of notuð til þess að kveða á um sök í sjóslysamálum og hefur það óneitanlega leitt til tortryggni og þess að menn er misfúsir að gefa upplýsingar. Sama vandamál blasti við rannsóknarnefnd flugslysa. Þetta á ekki aðeins við hér á landi, heldur er svipað uppi á teningnum erlendis.

Hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni hefur undanfarin ár verið unnið að því að setja alþjóðlegar reglur um rannsóknir sjóslysa og var samþykkt ályktun um þær á 20. fundi nefndarinnar í nóvember í fyrra. Er hér lagt til að þær tillögur verði alfarið lagðar til grundvallar um rannsóknir sjóslysa hér á landi. Meginbreytingin verður að sjóslysarannsóknir verða algjörlega sjálfstæðar og að því leyti til gerðar hliðstæðar rannsóknum flugslysa. Mjög brýnt er því að sem bestur lagarammi verði myndaður um rannsóknir sjóslysa hér. Er það ekki síst nauðsynlegt til að tryggja annars vegar réttaröryggi þeirra sem rannsókn beinist að og hins vegar, og ekki síður, til þess að markmiðum rannsóknar verði náð en þau eru einungis að auka öryggi og fækka sjóslysum.

Meginbreytingin er sú að rannsókn sjóslysa mun ekki fara eftir ákvæðum laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Hitt er svo annað mál að með ákvæðum þessa kafla frumvarpsins er á engan hátt dregið úr ákvæðum þeirra laga um framkvæmd opinberrar rannsóknar út af sjólysum, ef það á við, en ákvörðun um slíka rannsókn er í höndum ákæruvaldsins. Í frumvarpinu er kveðið á um að sönnun í opinberum málum verði ekki byggð á skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa. Ástæða þessa er ekki síst sú að trúnaður megi haldast milli rannsakanda og þeirra sem rannsóknin beinist að. Þetta er í samræmi við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Önnur ástæða er tillit til réttaröryggis þeirra sem skýrslur gefa. Framburður þeirra fyrir rannsóknarnefnd sjóslysa verður gefinn við aðrar aðstæður en hjá þeim sem rannsaka mál að hætti opinberra mála. Þannig er lögreglu skylt að greina hlutaðeigandi frá því hvort hann er yfirheyrður sem grunaður eða vitni og grunaðir menn þurfa ekki að svara spurningum við skýrslugjöf hjá lögreglu. Ekki gert ráð fyrir því samkvæmt frumvarpinu að réttarstaða manna sé mismunandi, enda kemur þar enginn fyrir nefndina sem grunaður. Það samræmist þess vegna ekki þeim kröfum sem gerðar eru til réttaröryggis og varða réttarstöðu sakaðra og grunaðra að framburður aðila, gefinn fyrir þeim sem rannsakar sjóslys samkvæmt þeirri sérstöku meðferð sem kveðið er á um í frumvarpi þessu, verði notaður sem sönnunargagn í sakamáli. Vísast nánar um þetta til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Þá er þess einnig að geta að ekki er gert ráð fyrir að sjópróf verði lögð af, en samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til breytinga á siglingalögum og vísast til þess um þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar.

Í frumvarpinu er að öðru leyti kveðið á um almennt og sérstakt hæfi þeirra sem að rannsókn vinna, um afhendingu rannsóknarskýrslu og rannsóknargagna, um framkvæmd á skýrslutökum af aðilum og vitnum, um birtingu rannsóknarskýrslna, um ársskýrslu nefndarinnar og birtingu hennar og um endurupptöku máls, auk þess sem í því eru fyllri ákvæði en í gildandi lögum um margt. Vísast nánar um það til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Að lokum skal tekið fram að með frumvarpinu er leitast við að velja þá leið sem hefur minnstan kostnað í för með sér án þess þó að rannsóknarhagsmunir og réttaröryggi skerðist.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er settur ramminn um sjóslysarannsóknir. Ná lögin til allra slysa og tjóna, stórra og smárra, er verða í sambandi við rekstur skips og varða öryggi skips, áhafnar og annarra manna, þ.m.t. þegar liggur við slysi. Í greininni er jafnframt tekið fram að lögin taki einnig til alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Enn fremur taka lögin til rannsókna á köfunarslysum, sbr. 7. gr. laga um köfun, nr. 31 2. apríl 1996.

Þá er tekið sérstaklega fram að tilgangur rannsóknarinnar sé að auka öryggi til sjós og að rannsóknin sé ekki framkvæmd til að komast að meintri refsiverðri háttsemi.

Um 2. gr.

Eins og að framan segir samþykkti Alþjóðasiglingamálastofnunin ályktun um reglur um rannsókn sjóslysa og óhappa á sjó í nóvember 1997. Í 4. gr. þeirra eru sjóslys skýrgreind og flokkun þeirra, og þykir eðlilegt að lögfesta þær skýringar, en við þær er miðað í alþjóðlegum samskiptum. Jafnframt er tekið fram að sjóslys nái til allra atburða sem snerta útgerð skips og valda skaða á mönnum eða tjóni á munum og er það tekið fram til að forðast misskilning. Einnig eru skýrgreiningar á því hvað séu líkamsmeiðsl og flokkun þeirra. Í frumvarpinu er lagt til að orðið sjóskaði verði notað sem þýðing á „marine casualty“, en ekki sjóslys sem hefur mun víðari merkingu á íslensku.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að nefndarskipan sé óbreytt. Hingað til hafa verið valdir menn með ólíka starfsreynslu og er gert ráð fyrir því að svo verði áfram. Nú er formaður nefndarinnar lögfræðingur. Þá sitja í nefndinni skipaverkfræðingur, vélstjóri, fyrrverandi skipstjóri á kaupskipi og fyrrverandi skipstjóri á fiskiskipi.

Lagt er til að kostnaður sé greiddur úr ríkissjóði.

Um 4. gr.

Greinin er í samræmi við samsvarandi ákvæði um flugslysarannsóknir, og er upptalningin til frekari áherslu á 1. gr. Rétt er taka sérstaklega fram að þarna er gert ráð fyrir að sjóslysanefnd rannsaki slys er varða skip sem eru í siglingum að og frá Íslandi. Er þetta gert til að ljóst sé að skip, sem eru undir hentifánum og eru í áætlunarsiglingum hingað til lands, oft með íslenska áhöfn, eigi undir nefndina.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um sjálfstæði nefndarinnar og hafa rökin fyrir því verið rædd áður. Rétt er að leggja áherslu á að samgönguráðherra hefur engan íhlutunarrétt varðandi rannsókn máls sem er alfarið og endanlega í höndum nefndarinnar. Tekið er fram að nefndin ákveði sjálf hvenær efni eru til rannsóknar. Í þessu felst m.a. að nefndin ákveður endanlegt umfang rannsóknar með tilliti til gildis hennar fyrir slysavarnir til sjós. Þá getur og til þess komið að nefndin þurfi að ákveða umfang rannsóknar með tilliti til mikilvægis verkefnis miðað við önnur verkefni sem bíða nefndarinnar, svo og með hliðsjón af fyrirsjáanlegum kostnaði við rannsókn og þeim fjármunum sem nefndin hefur til ráðstöfunar.

Verið getur þó að almannahagsmunir krefjist þess að rannsókn fari fram, sem nefndin telur af öðrum ástæðum ekki nauðsynlega, og er ráðherra því heimilt að óska eftir slíkri rannsókn.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er nær óbreytt ákvæði síðustu málsgreinar 221. gr. siglingalaga, en eðlilegt er talið að það sé í þessum lögum þar sem rannsóknarnefnd sjóslysa á að annast skráningar slysa. (Sjá nánar um skyldur skipstjórnarmanna í 7. gr.)

Í 2. mgr. er mælt fyrir um tilkynningarskyldu á slysum til nefndarinnar. Þar sem rannsóknarnefnd sjóslysa er ætlað að rannsaka öll sjóslys liggur áhersla ákvæðisins á því að tryggja að nefndin fái tafarlaust vitneskju um slysið.

Um 7. gr.

Hér er nánar greint frá skyldum skipstjórnarmanna. Ákvæði greinarinnar miðar að því að girða fyrir að sönnunargögnum sé spillt. Í reglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eru nánari leiðbeiningar. Ætlunin er að afhent verði eyðublöð í íslenskum skipum þar sem fram komi nánar hvaða upplýsingar er beðið um svo að skipstjórnarmenn þurfi ekki að velkjast í vafa um hvernig best sé að standa að skýrslugerð. Ljósmynda- og myndbandatökur væru mjög æskilegar, en ekki þykir fært að gera það að lagaskyldu að útgerðir hafi tæki til slíks um borð þótt væntanlega sé algengt að einstakir skipverjar eigi þess konar tæki. Eins má vitanlega hljóðrita skýrslur.

Um 8. gr.

Hér er skýrgreint vald nefndarinnar til að rannsaka slys á vettvangi. Tekið er fram að fari jafnframt fram lögreglurannsókn skuli aðilar hafa samstarf um vettvangsrannsókn. Þá er kveðið á um rétt nefndarinnar til að fá upplýsingar og óska aðstoðar annarra opinberra aðila, t.d. Siglingastofnunar, Landhelgisgæslunnar og lögreglu. Slíkar upplýsingar og aðstoð verður að veita, nema það sé í andstöðu við lög og reglur viðkomandi stofnana.

Í 230. gr. siglingalaga er kveðið á um skyldu lögreglu til að aðstoða nefndina. Ekki þykir rétt að lögbinda þannig skyldu lögreglu til að veita aðstoð, en vitanlega er gert ráð fyrir góðu samstarfi þessara aðila, eftir því sem ólík rannsóknarviðhorf leyfa.

Um 9. gr.

Ákvæðið er efnislega í samræmi við núgildandi reglur en kveðið er fastar að orði. Þá er rétt að fram komi ótvírætt að nefndin geti leitað aðstoðar sérfræðinga, en slíkt getur reynst kostnaðarsamt. Taka þarf tillit til þess á fjárlögum þótt nefndin geti ekki verið bundin af því í einstökum tilfellum.

Um 10. gr.

Í 220. gr. núgildandi siglingalaga er heimild fyrir Siglingastofnun og rannsóknarnefnd sjóslysa að láta taka tollvegabréf erlendra skipa þar til sjópróf hefur farið fram. Hér er gert ráð fyrir að heimildir rannsóknarnefndar sjóslysa nái einnig til íslenskra skipa, enda sömu rök til þess að halda íslensku skipi og erlendu ef kanna þarf ástand skipsins. Nauðsynlegt er að skipstjóri eða útgerðarmaður geti krafist þess að skip sé látið laust og borið þá kröfu undir dómara. Ákvæðið mundi einnig ná til þeirra skipshluta sem hald hefur verið lagt á og skipi eru nauðsynlegir til áframhaldandi siglingar. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 11. gr.

Með hliðsjón af breyttum vinnubrögðum er nauðsynlegt að skýr heimild sé fyrir því að hljóðrita megi skýrslur. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 12. gr.

Hér er lögð á það áhersla að rannsóknir nefnarinnar séu eingöngu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slys. Þá eru tekin af tvímæli um að skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa eru ekki gerðar með tilliti til skiptingar sakar eða ábyrgðar og eiga því ekki að vera nýttar sem sönnunargögn í sakamálum. Þetta er í samræmi við yfirlýst markmið tillagna Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Segir þó jafnframt í þeim að ekki eigi að hika við að birta niðurstöður um ástæður slyssins þótt draga megi ályktanir um sök eða ábyrgð út frá þeim.

Rétt er að leggja áherslu á að eftir sem áður geta legið rök til málsmeðferðar samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, en frumkvæði um slíkt verður að koma frá þar til bærum yfirvöldum. Fari opinber rannsókn fram er eðlilegt að sá hluti rannsóknar nefndarinnar, sem varðar vettvang og tæknilegar upplýsingar, verði látinn þeim í té sem annast slíka opinbera rannsókn.

Á hinn bóginn verða skýrslur sem teknar eru fyrir nefndinni ekki afhentar, enda ekki gefnar samkvæmt formreglum laga um meðferð opinberra mála. Þá mundi afhending slíkra gagna brjóta í bága við alþjóðlega sáttmála um mannréttindi sem Ísland er aðili að.

Um 13. gr.

Grein þessi er í samræmi við stjórnsýslulög. Rétt þykir að taka fram að menn geti krafist þess skriflega að gera athugasemdir áður en skýrslugerð er lokið. Bókuð krafa, t.d. við skýrslutöku, hefði vitanlega sama gildi. Þessar athugasemdir mundu fyrst og fremst beinast að atvikalýsingu, en sjálf röksemdafærsla nefndarinnar og niðurstaða verður vitanlega ekki borin undir aðila.

Um 14. gr.

Nefndin hefur hingað til sent tillögur sínar til samgönguráðherra. Eðlilegra er talið að þær séu sendar beint til Siglingastofnunar Íslands, enda hafa tillögurnar verið sendar þangað til umsagnar. Önnur ákvæði greinarinnar eru til þess að gefa tillögunum meira vægi, en nefndin hefur engin úrræði til þess að þvinga fram sjónarmið sín.

Þá er hér sagt fyrir um birtingu á skýrslum, en samkvæmt greininni er ekki gert ráð fyrir að allar skýrslur verði birtar. Þá er það jafnframt lagt í vald nefndarinnar að ákveða hvaða skýrslur hún birtir og hvernig. Hins vegar eru skýrslurnar opinber gögn sem almenningur hefur aðgang að eftir upplýsingalögum. Gert er ráð fyrir að skýrslurnar verði jafnframt aðgengilegar almenningi á netinu.

Um 15.–16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Með hliðsjón af mikilvægi þess að skýrslur sé gefnar og nefndin fái tafarlaust tilkynningar um slys er lagt til að brot á slíku geti varðað sektum.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar. Rétt er að taka fram að ekki er gert ráð fyrir að núgildandi ákvæði um sjópróf breytist, enda rétt að vinna nefndarinnar við þau sé óbreytt meðan þau standa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir sjóslysa.

Frumvarp þetta kemur í stað 230. og 231. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, en þar er kveðið á um rannsóknarnefnd sjóslysa.

Í fylgiskjali með frumvarpinu er birt kostnaðaráætlun ásamt skýringum. Fjármálaráðuneytið hefur farið yfir hana og gerir ekki athugasemdir við forsendur og niðurstöður áætlunarinnar. Samkvæmt áætlun samgönguráðuneytis mun frumvarpið hafa í för með sér 4,5 m.kr. einskiptisútgjöld á fyrsta starfsári rannsóknarnefndar sjóslysa samkvæmt nýjum lögum. Talið er að árlegur rekstrarkostnaður muni nema um 21,5 m.kr. en það er 4,6 m.kr. hækkun frá fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999.

332. Frumvarp til laga [284. mál]

um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

219. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 220. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sjópróf fyrir héraðsdómi skal haldið ef Siglingastofnun Íslands, rannsóknarnefnd sjóslysa, eigandi, útgerðarmaður, leigutaki skips eða skipstjóri fyrir þeirra hönd, farmeigandi eða vátryggjandi skips, áhafnar, farþega eða farms eða lögreglustjóri, yfirvélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stéttarfélög viðkomandi sjómanna óska þess sérstaklega. Nú hlýst tjón af siglingu skips eða útgerð skips og getur þá tjónþoli á sama hátt óskað eftir sjóprófi.

b. Í stað orðanna „landhelgi, sbr. 1. gr. l. nr. 41/1979“ kemur: efnahagslögsögu, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1979.

c. Í stað orðanna „getur þá Siglingastofnun Íslands og rannsóknarnefnd sjóslysa“ í 3. mgr. kemur: geta þá sömu aðilar og greinir í 1. mgr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 221. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.

b. Á eftir orðinu „lögregluyfirvöld“ í 3. mgr. kemur: og rannsóknarnefnd sjóslysa.

c. 5. mgr. fellur brott.

4. gr.

Lokamálsliður 222. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

223. og 224. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 226. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar sjópróf fer fram gefur dómari sjóprófsbeiðanda kost á að leiða og spyrja vitni. Aðrir þeir sem óskað geta sjóprófs, sbr. 220. gr., geta á sama hátt leitt og spurt vitni, kynnt sér málsskjöl og gert þær bókanir sem þeir telja nauðsynlegar. Vitnaskýrslur skal bóka eða samandregin skýrsla dómara um framburð vitna hljóðrituð og síðan vélrituð nema dómari telji nauðsyn bera til að milliliðalaus hljóðritun sé notuð.

b. 3. mgr. fellur brott.

c. Í stað orðanna „við sjópróf skal“ og „jafnframt skal“ í 4. mgr. kemur: við sjópróf getur, og: jafnframt getur.

d. 5. mgr. orðast svo:

Þegar halda skal sjópróf ber sjóprófsbeiðanda að tilkynna Siglingastofnun Íslands, rannsóknarnefnd sjóslysa og lögreglustjóra þar sem sjópróf er haldið þar um.

e. 6. og 7. mgr. falla brott.

f. Á eftir orðinu „senda“ í 8. mgr. kemur: viðkomandi lögreglustjóra.

7. gr.

Í stað orðanna „getur þá Siglingastofnun Íslands, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri“ í 228. gr. laganna kemur: geta þá þeir sem sjóprófs geta beiðst, sbr. 1. mgr. 220. gr.

8. gr.

229.–231. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um rannsóknir sjóslysa sem lagt er fram samhliða þessu kemur fram að ekki er lagt til að leggja sjópróf af, enda geta þau verið nauðsynleg af öðrum ástæðum en vegna sjóslysarannsókna sem fara eiga fram sjálfstætt. Af þessum sökum þarf að gera nokkrar breytingar á kaflanum um sjópróf í siglingalögum. Annars vegar falla greinarnar um rannsóknarnefnd sjóslysa brott, og jafnframt er ákvæðið um skyldu skipstjóra til að skrá slys haft í frumvarpinu um rannsóknir sjóslysa, en hins vegar hafa ákvæðin um sjópróf verið endurskoðuð með hliðsjón af breytingum sem gerðar hafa verið á réttarfari landsins. Meginbreytingin er þó sú að ekki verður lengur skylda að halda sjópróf.

Samkvæmt 1. mgr. 221. gr. siglingalaga er tilgangur sjóprófs „að leiða í ljós, svo sem framast má verða, orsakir viðkomandi atburðar og aðrar staðreyndir sem máli skipta í því sambandi, þ.m.t. upplýsingar um allt það er varðar mat á haffærni skips eða öryggi á siglingu, svo og um allt er leitt gæti til aukins öryggis sjófarenda eða refsi- eða skaðabótaábyrgðar útgerðarmanns, skipstjóra, skipverja eða annarra manna“.

Þar sem sjóslysarannsóknir fjalla einungis um öryggi sjófarenda er undanskilið það hlutverk sjóprófa að leiða í ljós refsi- eða skaðabótaábyrgð. Nú er skylt að halda sjópróf ef skipverji eða farþegi deyr eða slasast alvarlega, svo og ef skip hefur farist, árekstur hefur orðið með skipum, ásigling eða strand átt sér stað, skip hefur laskast að mun eða valdið umtalsverðu tjóni á verðmætum utan skips, svo og þegar skip hefur verið yfirgefið í hafi eða lent í bráðri hættu svo sem þegar sprenging eða eldsvoði verður um borð, þegar farmur hefur færst verulega úr stað eða aðrar sambærilegar hættur ber að. Þá ber að halda sjópróf ef Siglingastofnun Íslands, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri fyrir hans hönd óska þess sérstaklega, enda þótt um sé að ræða önnur tilvik en að framan greinir.

Siglingastofnun Íslands eða rannsóknarnefnd sjóslysa geta auk þess krafist þess að sjópróf séu haldin vegna slysa eða tjóna sem verða á erlendum skipum ef slys verður í íslenskri landhelgi eða þau snerta verulega íslenska hagsmuni, enda komi skipið eða áhöfn þess í íslenska höfn. Loks geta yfirvélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stéttarfélög viðkomandi sjómanna farið fram á að haldið verði sjópróf og skal þá leggja fram skriflega og rökstudda beiðni þar um.

Sjópróf eru í eðli sínu hliðstæð þinghöldum sem haldin eru skv. 77. gr. einkamálalaga, og má færa rök fyrir því að þau ákvæði ein séu nægjanlegar heimildir til þess að taka sjóferðarskýrslu fyrir dómi. Ríkissaksóknari og hagsmunaaðilar telja hins vegar nauðsynlegt með hliðsjón af sérstöðu siglinga og útgerðar að hægt sé að halda sjópróf eins og verið hefur þótt þau verði ekki skylda. Í frumvarpinu er lagt til að sjópróf verði ekki skylda, en hins vegar geti þeir sem getið er í 2. gr. frumvarpsins óskað eftir sjóprófum. Gera má ráð fyrir að sjóprófum fækki heldur, enda eru flest tilvikin rannsökuð af öðrum aðilum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem ekki verður lengur skylda að halda sjópróf er greinin óþörf, sbr. almennar athugasemdir.

Um 2. gr.

Hér eru taldir upp þeir aðilar sem geta krafist sjóprófs og þeim fjölgað til samræmis við frumvarp sem Guðmundur Hallvarðsson og fleiri þingmenn hafa flutt. Þá er talið eðlilegt að farmeigendur og vátryggjendur farms, áhafnar, farþega og skips geti krafist sjóprófs, svo og lögreglustjórar. Jafnframt þykir rétt að yfirvélstjóri, meiri hluti áhafnar og stéttarfélög hafi þennan rétt. Þótt rannsóknarnefnd sjóslysa hafi sjálfstæðar rannsóknarheimildir er ekki talið rétt að útiloka þann möguleika að nefndin geti krafist sjóprófs.

Um 3. gr.

Breytingin er gerð með hliðsjón af réttarfarslögum, og er hún sú að frumkvæðisskyldan er hjá sjóprófsbeiðanda. Dómari stjórnar réttarhaldinu. Fellt er brott ákvæði um að dómari geti fyrirskipað lögregluranns6kn, en óbreytt eru ákvæði um skyldu skipstjóra til að láta lögreglu vita um mannskaða eða meiri háttar líkamstjón. Síðasta málsgrein 221. gr. fellur brott, en samsvarandi ákvæði er í frumvarpi um rannsóknarnefnd sjóslysa.

Um 4.–9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Breytingar í frumvarpinu eru afleiðing af breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um rannsóknir sjóslysa það tekur m.a. til rannsóknarnefndar sjóslysa. Einnig eru gerðar breytingar á ákvæðum um sjópróf með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á réttarfari.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér breytingar á kostnaði ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

333. Frumvarp til laga [285. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og hækka útlánaramma vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja aukningu á hlutafé Norræna fjárfestingarbankans um 1.191.445.142 ECU, úr 2.808.554.858 í 4.000.000.000 ECU. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum um 11.914.451 ECU og greiða jafnvirði 321.538 ECU á árunum 1999–2001, auk 678.462 ECU úr hlut Íslands í afskriftasjóði bankans.

2. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja hækkun á útlánarömmum Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL) úr 2.000.000.000 í 3.300.000.000 ECU frá 1. janúar 1999.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja breytingar á 2., 3. og 6. gr. samþykkta bankans í samræmi við þær breytingar sem kveðið er á um í 1. og 2. gr. laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ráðherranefnd Norðurlanda, efnahags- og fjármálaráðherrarnir sem fara með málefni Norræna fjárfestingarbankans á norrænum vettvangi, samþykkti á fundi sínum 24. júní sl. tillögu bankastjórnar Norræna fjárfestingarbankans um að hækka hlutaféð úr tæplega 2.809 milljónum ECU í 4.000 milljónir ECU. Jafnframt var samþykkt að heimila bankanum að hækka útlánaramma vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlandanna úr 2.000 milljónum ECU í 3.300 milljónir ECU. Að undanförnu hefur eftirspurn eftir lánum frá bankanum aukist verulega, ekki síst til verkefna í Austur- og Mið-Evrópu, en einnig innan Norðurlandanna. Til þess að geta mætt þessari auknu eftirspurn er nauðsynlegt að treysta eiginfjárstöðu bankans.

Jafnframt er talið nauðsynlegt að hækka útlánaramma vegna svonefndra PIL-lána, þ.e. lána til fjárfestingarverkefna utan Norðurlandanna. Hins vegar er ekki talið nauðsynlegt að auka ábyrgðir einstakra Norðurlanda vegna þessarar hækkunar þar eð bankinn mun sjálfur auka framlag sitt til afskriftasjóðs vegna þessara lána. Enda þótt þessi lán hafi farið til norrænna verkefna í ríkjum þar sem lánsáhætta er meiri en gengur og gerist hafa til þessa engin afföll orðið, þótt dregist hafi að inna greiðslur af hendi tímanlega í fáeinum tilvikum. Ástæðan er meðal annars sú að Norræni fjárfestingarbankinn gerir afar strangar kröfur til lántakenda og arðsemi verkefna. Jafnframt hefur bankinn í samræmi við reglur lagt sérstaka fjárhæð í afskriftasjóð til að mæta hugsanlegum útlánatöpum. Samkvæmt upplýsingum frá Nor-

ræna fjárfestingarbankanum verða engar breytingar á starfsháttum bankans hvað þetta varðar og áfram verða gerðar sömu kröfur til lántakenda. Áhættan verður því óbreytt.

Samþykkt ráðherranefndarinnar var kynnt á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs 24. október sl. sem lýsti yfir stuðningi við málið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs verði heimilað að samþykkja aukningu á hlutafé Norræna fjárfestingarbankans um 1.191.445.142 ECU, úr 2.808.554.858 í 4.000.000.000 ECU. Gert er ráð fyrir að af þessari fjárhæð verði 100.000.000 ECU fjármagnaðar með framlögum frá Norðurlöndunum, en afgangurinn felist í auknum ábyrgðum landanna. Af þessum 100.000.000 ECU komi 70.000.000 ECU úr afskriftasjóði bankans en afgangurinn með beinum fjárframlögum frá löndunum. Í samræmi við þetta er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilað að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum um 11.914.451 ECU og greiða jafnvirði 321.538 ECU á árunum 1999–2001 auk 678.462 ECU úr hlut Íslands í afskriftasjóði bankans. Gert er ráð fyrir að framlögin falli jafnt á árin 1999–2001 og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir greiðslu vegna þess árs.

Um 2. gr.

Hér er óskað eftir að ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, sé heimilað að samþykkja hækkun á útlánarömmum Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL) úr 2.000.000.000 í 3.300.000.000 ECU frá 1. janúar 1999. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á ábyrgðum landanna við þessa hækkun heldur muni bankinn sjálfur auka framlag sitt í afskriftasjóði vegna þessara lána. Heildarábyrgð landanna verði því áfram 1.800.000.000 ECU og hlutur Íslands hinn sami og áður.

Um 3. gr.

Hér er leitað eftir heimild til ríkisstjórnarinnar til að samþykkja breytingar á 2., 3. og 6. gr. samþykkta bankans í samræmi við þær breytingar sem kveðið er á um í 1. og 2. gr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og hækka útlánaramma vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að veita ríkisstjórninni heimild til að samþykkja aukningu á hlutafé í Norræna fjárfestingarbankanum að heildarfjárhæð um 1.191.445.142

ECU, úr 2.808.554.858 ECU í 4.000.000.000 ECU. Gert er ráð fyrir að 1.091.445.142 ECU verði fjármögnuð með aukinni ábyrgð landanna en framlög þeirra nemi 100.000.000 ECU. Þar af komi 70.000.000 ECU úr afskriftasjóði landanna en 30.000.000 ECU greiðist með beinum fjárframlögum á árunum 1999–2001. Fyrir hlutafjáraukningu Íslands, 11.914.451 ECU, sem nemur einum hundraðasta af heildarhlutafjáraukningunni, eru greidd 1.000.000 ECU og eru 678.462 ECU fjármögnuð með hlut Íslands í afskriftasjóði bankans, en 321.538 ECU eru greidd með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að framlögin falli jafnt á árin 1999–2001 og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir stofnframlagi vegna þess árs að fjárhæð 107.179 ECU, eða um 8,8 m.kr.

Ekki er gert ráð fyrir að önnur ákvæði frumvarpsins hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

334. Skýrsla [286. mál]

menntamálaráðherra um framfærslukostnað og lögheimilisflutninga íslenskra námsmanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Eitt af megineinkennum íslenska skólakerfisins er að hér hefur ríkt meira jafnrétti til náms en víða annars staðar, hvort sem litið er til kynferðis, efnahags, búsetu eða annarra þátta. Liður í þessari stefnu er úthlutun dreifbýlisstyrkja til nemenda af landsbyggðinni sem sækja nám fjarri heimabyggð. Á árabilinu 1988–97 var varið um 900 millj. kr. í þessum tilgangi en fjárveitingin hefur hækkað jafnt og þétt frá 1990. Í fjárlagafrumvarpi ársins 1999 er gert ráð fyrir að rúmlega 163 millj. kr. verði varið til jöfnunar á námskostnaði.

Ýmsar tækninýjungar hafa enn aukið jafnrétti til náms hér á landi. Má þar fyrst og fremst nefna upplýsingatæknina en með henni hefur fjarnám eflst mjög verulega. Tæknin bætir ekki síst hag nemenda sem búa fjarri þéttbýli og þeirra geta ekki sótt hefðbundna skóla, til dæmis vegna fötlunar.

Skýrsla þessi er unnin af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í samræmi við ályktun sem Alþingi samþykkti í febrúar 1995. Með henni var menntamálaráðherra falið að láta gera úttekt á kjörum og stöðu námsmanna er stunda nám fjarri heimabyggð. Niðurstöður skýrslunnar sýna m.a. að viðbótarkostnaður við að hafa nemanda á framhaldsskólastigi eða háskólastigi í skóla fjarri heimabyggð er á bilinu 130–375 þús. kr. að teknu tilliti til dreifbýlisstyrks. Einnig kemur fram að lítill munur er á upphæðum lána eða tíðni lántöku hjá lánþegum LÍN eftir búsetu. Sú niðurstaða bendir til þess að ekki sé teljandi munur á lánsfjárþörf nemenda í sérskólum og háskólum eftir búsetu.

Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands fer hér á eftir.

Samandregin niðurstaða.

Skýrsla þessi er unnin að beiðni menntamálaráðuneytis í framhaldi af þingsályktun þar sem menntamálaráðherra var falið að gera úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð.

Í skýrslu þessari er fjallað um lögheimilisflutninga og framfærslukostnað námsmanna við framhaldsskóla, sérskóla og háskóla á Íslandi. Einnig er fjallað um lántökur námsmanna hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Viðbótarframfærslukostnaður fjölskyldna námsmanna er stunda nám fjarri heimabyggð hefur veruleg áhrif á kjör og stöðu þeirra. Sé viðbótarframfærslukostnaður fjölskyldna námsmanna er stunda nám fjarri heimabyggð meiri en viðbótarframfærslukostnaður fjölskyldna námsmanna er stunda nám í eða skammt frá heimabyggð má ætla að þess sjái stað í mismunandi lántökutíðni og/eða mismunandi lántökuupphæð námsmanna hjá LÍN eftir búsetu.

Meginniðurstaða skýrslunnar er að námsmenn á framhaldsskóla- og háskólastigi séu síður líklegir til að flytja lögheimili sitt en jafngamalt fólk sem ekki er í námi. Það er því talið ólíklegt að námsmenn er stunda nám fjarri heimabyggð geti bætt stöðu sína fjárhagslega með því að breyta lögheimili sínu.

Önnur niðurstaða skýrslunnar er að viðbótarkostnaður við að hafa nemanda á framhaldsskóla eða háskólastigi í skóla fjarri heimabyggð leiki á bilinu 130–375 þús. kr. að teknu tilliti til dreifbýlisstyrks. Þessi upphæð svarar til 4–14% af neysluútgjöldum 3–6 manna fjölskyldu.

Þriðja niðurstaða skýrslunnar er að lítill munur sé á upphæðum lána eða tíðni lántöku hjá lánþegum Lánasjóðs íslenskra námsmanna eftir búsetu. Sú niðurstaða bendir til þess að ekki sé teljandi munur á lánsfjárþörf nemenda í sérskólum og háskólum eftir búsetu.

1. Inngangur.

Hinn 24. febrúar 1995 samþykkti Alþingi þingsályktun þar sem menntamálaráðherra var falið að láta fara fram úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð. Tekið var fram að kannað skyldi sérstaklega „hvort námsfólk, er stundar nám fjarri heimabyggð, verði af réttindum og félagslegri þjónustu ef það heldur lögheimili í heimabyggð og Lánasjóður íslenskra námsmanna taki sérstaklega tillit til slíkra aðstæðna“.

Í öðru lagi skyldi kannað „hvaða kostnaður hlýst af dvöl nemenda sem stunda nám í grunn- og framhaldsskólum og búa í heimavistum eða leiguhúsnæði fjarri heimabyggð“.

Menntamálaráðuneytið fór þess á leit við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands með bréfi í febrúar á þessu ári að stofnunin tæki að sér framkvæmd umræddrar könnunar og samþykkti Hagfræðistofnun þá málaleitan.

Hagfræðistofnun hefur hagað könnun sinni þannig að gagna hefur verið aflað frá félagsmálaráðuneyti og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Einnig hafa Lánasjóður íslenskra námsmanna og Hagstofa Íslands staðið að sérstökum úrvinnslum úr eigin gagnagrunnum að beiðni Hagfræðistofnunar. Skólameistarar nokkurra framhaldsskóla hafa einnig veitt upplýsingar um heimavistarkostnað og mötuneytisgjöld.

Á grundvelli þeirra gagna sem Hagfræðistofnun hefur aflað sér telur stofnunin að námsfólk sem stundar nám fjarri heimabyggð verði ekki af réttindum og félagslegri þjónustu í umtalsverðum mæli þótt það haldi lögheimili í heimabyggð meðan á náminu stendur. Þá er það skoðun stofnunarinnar að á grundvelli þeirra gagna sem hún hefur haft tök á að afla sé líklegt að viðbótarkostnaður sem hlýst af dvöl nemenda sem stunda nám í grunn- og framhaldsskólum og búa á heimavistum eða í leiguhúsnæði fjarri heimabyggð sé á bilinu 190–475 þús. kr. á ári.

Efnistök í skýrslu þessari eru á þann veg að í upphafi er gerð grein fyrir því hvernig hagfræðingar skilja og skýra ákvarðanir manna um menntun og búsetu. Spurt er hvort sveitarfélög hafi tök á að hafa áhrif á búsetuákvörðun. Þá eru tölulegar upplýsingar um flutninga ungs fólks milli sveitarfélaga og milli landsvæða á árunum 1994–96 skoðaðar. Einnig er gerð

grein fyrir hvernig sá viðbótarkostnaður er sem hlýst af dvöl ungmennis í skóla fjarri heimabyggð er metinn. Loks eru helstu niðurstöður dregnar saman í lokakafla.

2. Menntun og búseta, tvær aðskildar ákvarðanir.

Hagfræðingar skýra ákvarðanir einstaklinga varðandi umfang og lengd menntunar með svipuðum greiningartækjum og þeir skýra ákvarðanir þessara sömu einstaklinga um búsetu. Í báðum tilvikum er litið til þess að sá sem flytur eða sá sem menntar sig leggur í nokkurn kostnað í upphafi til að auka tekjuöflunarmöguleika sína síðar.

Sá sem menntar sig formlega og sækir skóla verður af vinnutekjum sem ella stæðu honum til boða auk þess sem hann verður fyrir nokkrum beinum kostnaði vegna skólasóknar sinnar. Sá sem flytur þarf að eyða fé og tíma til að leita að húsnæði og atvinnu við aðstæður sem kunna að vera honum framandi auk þess sem nokkur beinn kostnaður hlýst ávallt af flutningi hvort heldur sem flutningsvegalengdin er löng eða stutt.

Sá sem sækir menntun hefur von um betur launuð störf að menntun lokinni en hann átti kost á áður en menntunar var aflað. Sá sem flytur gerir það oft vegna þess að laun duga betur til framfærslu á staðnum sem flutt er til en þeim sem flutt er frá. Ekki er gefið að kaupmáttaraukningin sem vænst er komi fram strax að flutningi afstöðnum heldur er einnig mögulegt að launþegi taki mið af væntri kaupmáttarþróun í gömlu og nýju starfi yfir lengra tímabil.


Hagfræðingar líta því á báðar ákvarðanirnar sem fjárfestingarákvarðanir með útlögðum kostnaði í upphafi ferilsins og ávinningi sem er lengi að tínast til. Stundum eru þessar ákvarðanir teknar samtímis. Það er þó ekki algilt og kemur þar margt til. Það er til í dæminu að ungt fólk kjósi sér búsetu og starf og velji skólastofnun í samræmi við það. En oft er þessu öfugt farið, starfsákvörðun kemur eftir að námi er lokið eða á síðustu stigum náms. Það er því eðlilegt að líta á ákvarðanirnar tvær um menntun og búsetu sem aðskildar ákvarðanir. Einnig er eðlilegt að ganga út frá því að upplýsingar sem einstaklingurinn safnar og notar við ákvarðanirnar séu af ólíkum toga. Þegar einstaklingur ákveður hve umfangsmikla skólagöngu hann leggur út í er honum nægjanlegt að vita hvaða áhrif aukin menntun hefur á væntar framtíðartekjur hans óháð búsetu. Þegar einstaklingurinn ákveður búsetu þarf hann að bera saman tekjur sem einstaklingur með hans menntun getur haft á mismunandi stöðum. Setjum sem svo að einstaklingur einskorði sig við búsetu á Íslandi. Þá mun hann í menntunarákvörðun sinni einskorða sig við að skoða hvaða áhrif aukin menntun hefur á meðaltekjur fólks sem búsett er á Íslandi. Þegar kemur að því að velja milli staða á Íslandi er hins vegar skynsamlegt fyrir einstakling sem hefur áunnið sér gefið menntunarstig (sem við skulum kalla S til hægðarauka) að líta til sundurgreindari upplýsinga: Hver er líkleg tekjuþróun aðila með menntunarstig S á stað A samanborið við líklega tekjuþróun á stað B eða stað C eða stað D? Búsetuvalið fer eftir því hvar líklegast er að einstaklingur með menntunarstig S finni vel launað starf.

3. Menntunarákvörðunin.

Eins og þegar hefur verið bent á má líta á ákvörðun um menntun eins og ákvarðanir um fjárfestingu. Lengd menntunar ræðst þá af ávinningsauka sem einstaklingur hefur af að bæta við menntun sína annars vegar og kostnaði sem af menntuninni hlýst hins vegar. Gerum ráð fyrir að grunnmenntun sem veitt er í öllum sveitarfélögum sé jafngild. Þá er eðlilegt að gera ráð fyrir að ávinningur af framhaldsmenntun fyrir dæmigerðan einstakling sé óháður fæðingar- og uppeldissveitarfélagi. Hins vegar getur verið misdýrt fyrir einstaklinga frá ólíkum sveitarfélögum að afla sér viðbótarmenntunar. Þessi kostnaðarójöfnuður getur verið af marg-


víslegum toga. Ferða-og dvalarkostnaður á námsstað er þó augljósasta uppspretta kostnaðarójafnaðar. Líklegt verður að telja að dýrara sé að leggja stund á framhaldsnám fjarri heimabyggð en í heimabyggð. Ætla verður að ólíklegra sé að einstaklingur sem þarf að leggja í mikinn kostnað við viðbótarmenntun sæki sér slíka menntun en annar jafnhæfur og jafngamall einstaklingur sem getur aflað sér viðbótarmenntunarinnar með lægri tilkostnaði.

Nokkur munur hefur verið á skólagöngu ungmenna af landsbyggðinni og ungmenna á höfuðborgarsvæðinu. Þessi munur kemur ágætlega fram á mynd 3.1.




Myndin ber með sér að árið 1980 var verulega lægra hlutfall 16 ára ungmenna og eldri sem heimilisfesti áttu í Norðurlandskjördæmi eystra innritað í skóla en tilfellið var með jafnaldra þeirra með heimilisfesti í Reykjavík. Munurinn er mestur á aldursbilinu 16–19 ára, en minnkar nokkuð eftir það.

Á síðustu árum hefur dregið verulega úr þeim mun sem fram kemur milli Reykjavíkur og landsbyggðar hvað þetta áhrærir, sbr. mynd 3.2:



Fjarlægðin milli ferlanna tveggja er mun minni á mynd 3.2 en mynd 3.1. Því má fullyrða að árið 1992 sé minni munur en var árið 1980 á árgangaskiptri menntunartíðni milli Reykjavíkur annars vegar og Norðurlands eystra hins vegar. Efalítið eru margar orsakir fyrir þeirri þróun sem myndirnar sýna. Þannig hefur það vafalaust sitt að segja að framboð á framhaldsskólamenntun hefur aukist á Norðurlandi eystra. Þá hefur það sjálfsagt einnig sitt að segja að fólk með grunnmenntun á nú færri kosta völ í atvinnulífinu en áður. Þannig er líklegt að eftirspurn ungmenna á Norðurlandi eystra eftir menntun hafi aukist samfara auknu framboði.



Á mynd 3.3 er litið til stöðunnar í upphafi skólaársins 1996–97. Þá kemur í ljós að aftur hefur dregið nokkuð sundur með legu ferlanna tveggja sem sýna tíðni skólasóknar ungmenna með heimilisfesti í Reykjavík annars vegar og á Norðurlandi eystra hins vegar. Nánari skoðun sýnir að ferillinn sem sýnir skólasókn reykvískrar æsku hefur breyst meira frá árinu 1992 en ferillinn sem sýnir skólasókn æskufólks með heimilisfesti á Norðurlandi eystra. Reykvískt æskufólk sem er eldra en 21 árs sækir nú skóla í ríkari mæli en áður. Þessi aukning skólasóknar eldri ungmenna hefur ekki náð til Norðurlands eystra í þeim mæli sem orðið hefur í Reykjavík enn sem komið er, hvað svo sem síðar verður.

Tafla 3.1 sýnir hlutfall árgangs sem hefur nám á háskólastigi og lýkur því hér á landi og í nokkrum öðrum löndum.

Tafla 3.1. Hlutfall árgangs sem hefur og lýkur námi á háskólastigi í aðildarlöndum OECD.

Land	(1) Hlutfall árgangs sem hefur nám á háskólastigi	(2) Hlutfall árgangs sem lýkur stuttri fyrstu gráðu	(3) Hlutfall árgangs sem lýkur langri fyrstu gráðu	(4) Námslokanemar sem hlutfall af nemum sem hefja nám = [(2)+(3)]/(1)
Bandaríkin	52	m	m	m
Kanada	48	29	x	0,6
Stóra-Bretland	43	30	x	0,7
Ástralía	m	34	x	m
Nýja-Sjáland	40	m	m	m
Austurríki	26	x	9	0,35
Danmörk	31	21	7	0,9
Finnland	m	7	12	m
Frakkland	33	m	m	m
Þýskaland	27	a	m	m
Holland	34	m	m	m
Svíþjóð	m	9	10	m
Noregur	25	17	5	0,9
Sviss	15	a	m	m
Tyrkland	16	7	x	0,4
Ísland	39	14	10	0,62

m = upplýsingar vantar; x = á ekki við
Heimild: Gagnagrunnur OECD, töflur C4.1 og G2.2.

Taflan sýnir að töluvert hátt hlutfall íslenskra ungmenna hefur háskólanám en að tiltölulega miklu lægra hlutfall árgangs lýkur formlegu námi. Þessi skýrsla er ekki vettvangur til að gera brottfall íslenskra háskólastúdenta að umtalsefni, aðeins skal bent á að nokkuð hefur verið um það málefni fjallað af Guðmundi B. Arnkelssyni og Friðriki H. Jónssyni (1995). Þó má draga þá ályktun að nemendur hafi ekki skýra mynd af þeim beina og óbeina kostnaði sem lok háskólanáms hefur í för með sér. Tölur OECD benda einnig til þess að dæmigerður útskriftarnemi á Íslandi sé nokkuð eldri en dæmigerður útskriftarnemi annars staðar í OECD löndunum.

4. Búsetuákvörðunin.

Setjum sem svo að einstaklingar og fjölskyldur kjósi sér heimilisfesti þar sem vænt summa afvaxtaðra framtíðartekna fjölskyldunnar að teknu tilliti til kostnaðar við að breyta um heimilisfesti sé hæst. Séu tekjuöflunarmöguleikar allra fjölskyldna svipaðir ætti ekki að líðast meiri tekjumunur milli landsvæða en svarar til flutningskostnaðarins (reiknaðs til árskostnaðar), því komi upp sú staða að tekjur á gefnu landsvæði hækki mundi aðstreymi fólks til þess landsvæðis fljótlega skapa offramboð vinnuafls með tilheyrandi áhrifum á launaþróun. Samkvæmt þessu líkani væru flutningar tiltölulega handahófskenndir og tekjumunur milli landsvæða tiltölulega lítill. Þessi forspá líkansins stenst illa gagnvart þeim raunveruleika sem er í flestum nálægum samfélögum: Fólk bæði flytur til og frá gefnum landsvæðum og vart hefur orðið viðvarandi munar meðaltekna milli landsvæða. Þess eru meira að segja

dæmi hér á landi að fólksflutningar séu frá því landsvæði þar sem meðaltekjur virðast hvað hæstar, sbr. töflu 4.1.

Tafla 4.1. Meðallaun á ársverk á árinu 1995 og fjölgun íbúa eftir landsvæðum á Íslandi árið 1995 og á ársgrundvelli á árabilinu 1971–97.


Landsvæði	Meðallaun á ársverk í þús. kr., 1995*	Hlutfallsleg fjölgun íbúa árið 1995	Árleg hlutfallsleg fjölgun íbúa á árabilinu 1971–97
Vestfirðir	1.860	-4,6%	-0,5%
Reykjanes	1.821	-0,1%	1,4%
Austurland	1.775	-1,0%	0,4%
Norðurland vestra	1.767	-0,8%	0,0%
Höfuðborgarsvæðið	1.747	1,3%	1,5%
Norðurland eystra	1.725	-0,4%	0,7%
Suðurland	1.687	-0,6%	0,4%
Vesturland	1.679	-0,9%	0,2%
Landsmeðaltal	1.748	0,4%	1,1%

* Störf og tekjur í landbúnaði ekki meðtalin.

Heimild: Byggðastofnun.

Tafla 4.1 sýnir að meðallaun á ársverk (að landbúnaði undanskildum) í Vestfjarðakjördæmi árið 1995 voru 1.860 þús. kr., en 1.747 þús. kr. á höfuðborgarsvæðinu. Meðallaun á ársverk eru hvergi hærri en á Vestfjörðum, en þrátt fyrir það er fólksfækkun þar meiri en á öðrum svæðum bæði árið 1995 og eins ef litið er til lengra tímabils. Þá er eftirtektarvert að meðallaun á ársverk á höfuðborgarsvæðinu eru nánast þau sömu og meðallaun á ársverk sé litið til landsins alls.


Bandaríski hagfræðingurinn George Borjas og samstarfsmenn hans hafa þróað líkan sem fyrst var sett fram af enska hagfræðingnum Andrew D. Roy á sjötta áratugnum. Samkvæmt því líkani má skipta launagreiðslum í tvennt, annars vegar þátt sem stjórnast af getu starfsmanna til að leysa starfstengd verkefni af hendi, hins vegar þátt sem er ótengdur þessari færni starfsmannanna. Starfsmenn, launþegar, geta ekki breytt getu sinni (nema hugsanlega á löngum tíma, t.d. með skólagöngu). Það ræðst svo af eðli og uppbyggingu atvinnulífs á hverju landsvæði hvernig færum starfsmönnum er umbunað. Þannig er hugsanlegt að viðbótarfærni og geta séu verðlaunaðar á ólíkan hátt á mismunandi stöðum og að tekjur óháðar skólagöngu séu einnig mismunandi eftir landsvæðum. Víkjum nú lítils háttar frá líkani Roys/Borjas og gerum ráð fyrir að færni ráðist af skólagöngu einvörðungu (en að einstaklingar geti verið misafkastamiklir námsmenn). Gerum einnig ráð fyrir að engin óvissa ríki um það meðal vinnuveitenda eða launþega hvernig skólaganga nýtist í framleiðslunni á hverju landsvæði fyrir sig. Mynd 4.1 lýsir samhengi búsetu, skólagöngu og tekna þar sem landsvæði eru tvö og flutningur milli landsvæða er tiltölulega útgjaldalítill.



Á landsvæði 1 eru tekjur óháðar skólagöngu hlutfallslega háar en lítið er borgað fyrir viðbótarskólagöngu. Á landsvæði 2 er þessu öfugt farið, tekjur óháðar skólagöngu eru tiltölulega lágar en ríflega er greitt fyrir viðbótarskólagöngu.

Allir þeir sem hafa skemmri skólagöngu en S* ár munu setjast að á landsvæði 1, enda eru tekjur þeirra þar hærri en þær væru á landsvæði 2. Allir þeir sem hafa lengri skólagöngu en S* ár munu setjast að á landsvæði 2 enda eru tekjur þeirra hærri en tekjur á landsvæði 1.

Samkvæmt því líkani sem hér er lýst er fullkomlega mögulegt að fólk bæði flytji til landsvæðanna og frá þeim. Líkanið gerir hins vegar ráð fyrir fullkominni flokkun eftir skólagöngu milli landsvæðanna. Það er nokkuð óhefluð forsenda. Á næstu mynd er því lýst hvernig ferlar geta litið út ef nokkur óvissa ríkir um hvernig greitt er fyrir skólagöngu á landsvæði 1. Ástæða óvissunnar gæti t.d. verið einhæft atvinnulíf á landsvæði 1 sem yrði til þess að einstaklingur með mikla menntun gæti ekki gengið að því vísu að tilboð um vinnu sem gerði kröfu í samræmi við skólagöngu hans og gæti því orðið að sætta sig við lægra kauptilboð en sækti hann vinnu á landsvæði 2 þar sem atvinnulíf væri fjölbreyttara.



Áfram mundi borga sig fyrir alla sem væru með menntun undir S* að setjast að á landsvæði 1. Einnig mundi borga sig fyrir alla með menntun yfir S** að setjast að á landsvæði 2. Það færi hins vegar eftir vinnutilboðum hverju sinni hvort mundi heldur borga sig fyrir einstakling með menntun á bilinu S* til S** að setjast að á landsvæði 1 eða landsvæði 2. Þó

má fullyrða að dreifist vinnutilboð á landsvæði 1 jafnt milli efri og neðri markanna muni líkindin á að einstaklingur fái betra tilboð frá landsvæði 2 en landsvæði 1 aukast eftir því sem menntun hans er meiri.

Líkan Roys/Borjas getur því skýrt þá þverstæðukenndu staðreynd að launamunur milli landsvæða getur viðhaldist þrátt fyrir stöðuga flutninga fólks til og frá landsvæðunum. Samkvæmt líkaninu er grundvallarástæða þessa launamunar sú að viðbótarmenntun gefur minni og ótryggari tekjur á landsvæði 1 en landsvæði 2. Líkaninu er ekki ætlað að skýra hvers vegna viðbótarmenntun hefur svo ólík áhrif á tekjuöflunarmöguleika, en einhæfni atvinnulífs er augljós skýring, þótt ekki sé útilokað að aðrar og staðbundnari skýringar kunni einnig að koma til.

Gylfi Magnússon (1998) notar þær hugmyndir sem hér hafa verið tíundaðar til að byggja tölulegt líkan sem skýrir flutninga milli staða á Íslandi á árabilinu 1960–94. Stefán Ólafsson (1997) gefur ágætt yfirlit yfir niðurstöður eigin rannsókna og annarra um fólksflutninga á Íslandi. Þær niðurstöður má draga saman í eftirfarandi: Ungir flytja fremur en þeir sem eldri eru, menntaðir flytja fremur en þeir sem minni menntun hafa, sterkar líkur eru á að þeir sem flytja flytji til höfuðborgarsvæðisins. Þessar niðurstöður falla vel að líkani Roys/Borjas sé ráð fyrir því gert að höfuðborgarsvæðið sé landsvæði 2 og önnur landsvæði séu landsvæði 1.

5. Áhrif sveitarfélaga á búsetuákvörðun.

Í 1. gr. laga nr. 21/1990, lögheimilislögum, segir: „Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. Dvöl í gistihúsi, fangelsi, vinnuhæli, sjúkrahúsi, athvarfi, heimavistarskóla, verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnæði, sem jafna má til þessa, er ekki ígildi fastrar búsetu.“ Nokkrar undantekningar eru gefnar frá ákvæðum 1. gr. lögheimilislaga. Mikilvægasta undantekningin er í 4. gr. laganna þar sem m.a. segir: „Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst getur hann átt lögheimili þar áfram enda hafi hann þar bækistöð í leyfum og taki ekki upp fasta búsetu annars staðar.“

Þeir sem eiga lögheimili í sveitarfélagi greiða útsvar til þess sveitarfélags. Útgjöld sveitarfélaga ráðast hins vegar bæði af fjölda þeirra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og af fjölda þeirra sem raunverulega nota mannvirki og þjónustu sem sveitarfélagið byggir og býður. Í sumum tilvikum getur sveitarfélag ekki með góðu móti takmarkað notkun fólks utan sveitarfélagsins á þjónustu þess. Þetta á t.d. við um þann hluta samgöngukerfis sveitarfélagsins sem sveitarfélagið á og rekur. Í öðrum tilvikum getur sveitarfélag takmarkað þjónustu við þá sem þar eiga lögheimili. Þetta á t.d. við um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Ljóst er að sveitarsjóðir geta haft nokkurn hag af að fleiri séu skráðir með heimilisfesti en í raun búa í sveitarfélaginu því að með skráningunni fylgja hugsanlega nokkrar útsvarstekjur auk þess sem framlög úr jöfnunarsjóðum félagsmálaráðuneytisins ráðast af fjölda skráðra íbúa.

Verulegar líkur eru á að nemandi sem á rétt á að halda lögheimili í öðru sveitarfélagi en því sem hann sækir skóla í dvelji í Reykjavík eða nágrannasveitarfélagi Reykjavíkur þar sem stór hluti námsframboðs á sérskóla- og háskólastigi er á höfuðborgarsvæðinu. Svo virðist að það sé fyrst og fremst aðgangur að húsaleigubótum og dagvistarplássum sem skipti máli fyrir námsmanninn annars vegar og skólasveitarfélagið hins vegar. Í 4. gr. laga nr. 138/97

er kveðið á um að leigjendur eigi rétt á húsaleigubótum vegna íbúðarhúsnæðis sem þeir leigi, enda eigi þeir þar lögheimili. Frá þessu er undantekning sem einnig er tilgreind í 4. gr. laganna. Þar segir: „Dvelji maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst og á þar skráð aðsetur getur viðkomandi átt rétt til húsaleigubóta þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um lögheimili í leiguíbúð. Umsókn um bætur skal send því sveitarfélagi þar sem námsmaðurinn á lögheimili óháð aðsetri.“ Hagfræðistofnun fékk þær upplýsingar hjá félagsmálaráðuneytinu að nú greiddu öll sveitarfélög húsaleigubætur til nemenda óháð staðsetningu hins leigða húsnæðis, enda séu önnur skilyrði fyrir bótum uppfyllt.

Hjá Reykjavíkurborg fékkst upplýst að börn sem eiga lögheimili í Reykjavík eigi forgang að dagvistarrýmum á dagvistarstofnunum sem borgin rekur. Hins vegar eru nokkur dæmi um að samningur sé á milli borgarsjóðs Reykjavíkur og sveitarsjóða úti á landi um að sveitarsjóðurinn taki þátt í kostnaði sem borgarsjóður hefur af dvöl barna frá viðkomandi sveitarfélagi á dagvistarstofnun í Reykjavík. Á móti hafa nemendur með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi rýmri rétt til dagvistarrýma í Reykjavík en ella hefði orðið. Þá hefur Stúdentaráð Háskóla Íslands samið um aðgengi barna stúdenta að dagvistarrýmum á vegum borgarinnar.

Ekki verður séð að sveitarfélög eigi mörg almenn bein úrræði til að hafa áhrif á ákvörðun þeirra sem lögum samkvæmt geta valið milli tveggja sveitarfélaga um lögheimilisskráningu. Húsaleigubótakerfið hefði getað orðið áhrifamikið stjórntæki í þá veru, auk þess sem dagvistarmál geta haft áhrif á nokkurn hóp eldri nema sem þegar hafa stofnað fjölskyldu. Eins og rakið er hér að ofan eru ákvæði laga um húsaleigubætur skýr og ýta ekki undir að nemendur flytji lögheimili sitt. Sömuleiðis hafa samningar milli Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga, t.d. um dagvistun, dregið úr þeim ávinningi sem nemendur gætu hugsanlega haft af að flytja lögheimili sitt.

Á það skal bent að ákvæði laga um húsaleigubætur og frjálsir samningar sveitarfélaga um þátttöku lögheimilissveitarfélags í dagvistarkostnaði í aðsetursveitarfélagi hefur dregið úr þeim ávinningi sem lögheimilissveitarfélag getur hugsanlega haft af því að hafa fleiri skráða með lögheimili en þar hafa aðsetur.

Hér að framan hefur verið nokkuð einblínt á hag sveitarsjóða. Grunsemdir hafa verið uppi um að nemendur gætu fengið bætta þjónustu frá aðsetursveitarfélagi með því að breyta lögheimilisskráningu sinni. Umræðan hér að framan bendir til þess að slíkur ávinningur sé takmarkaður. En því hefur ekki verið gefinn gaumur hvort nemendur kunni að hafa fjárhagslegan hag af að halda sem lengst í lögheimilisskráningu þótt raunverulegt aðsetur hafi verið flutt. Um þetta eru dæmi en fjárhæðir eru ekki háar. Þannig borgar ungur ökumaður allt að 25% minna fyrir að tryggja meðalstóran bíl ef hann á lögheimili utan Reykjavíkursvæðisins en ef hann ætti lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Sparnaður fyrir eldri ökumann væri minni, eða um 20%. Sparnaðurinn er lítill í fjárhæðum talinn, eða um 19 þús. kr. fyrir unga ökumanninn og um 6 þús. kr. fyrir þann eldri. Tryggingafélag sem haft var samband við sagðist ekki hafa upplýsingar um umfang „hentiskráningar“ af því tagi sem hér er gerð að umtalsefni en viðmælandi Hagfræðistofnunar taldi að finna megi dæmi um atferli af þessu tagi.

6. Flutningur ungs fólks í námi milli sveitarfélaga.

Hagstofa Íslands heldur skrá yfir alla nemendur í framhaldsskólum og sérskólum og skólastofnunum á háskólastigi hér á landi. Hagstofa Íslands vistar einnig lögheimilisskrá, Þjóðskrá. Samkvæmt lögum nr. 73/1952, með síðari breytingum, skulu tilkynningar um aðsetursskipti sendar bæjarstjórum eða oddvitum eða Manntalsskrifstofunni í Reykjavík eftir

því sem við á. Þessir aðilar koma tilkynningum síðan áleiðis til Hagstofu Íslands (sbr. 11. gr. framangreindra laga).

Að beiðni Hagfræðistofnunar hefur Hagstofa Íslands borið saman tilkynningar um aðsetursskipti annars vegar og nemendaskrá hins vegar fyrir árin 1994–96. Hafa ber í huga að sami einstaklingur getur flutt lögheimili sitt oftar en einu sinni á hverju ári. Því eru tilkynningar um lögheimilisflutninga fleiri en fjöldi einstaklinga sem flytur lögheimili. Í töflu 6.1 kemur fram fjöldi lögheimilisflutninga námsmanna annars vegar og fjöldi námsmanna sem flytur lögheimili á þessum árum hins vegar, ásamt upplýsingum um fjölda námsmanna innan lands.

Tafla 6.1. Lögheimilisflutningar námsmanna og fjöldi námsmanna 1994–96.


Ár	Fjöldi tilkynninga um lögheimilisflutning námsmanna innan lands	Fjöldi námsmanna sem flytur lögheimili	Fjöldi námsmanna innan lands
1994	4.743	4.167	24.402
1995	5.083	4.399	24.710
1996	5.665	4.885	25.649

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 6.1 ber með sér að hver námsmaður sem flytur lögheimili flytji lögheimili sitt 1,14–1,16 sinnum á ári að jafnaði. Þá kemur einnig í ljós að 17–19% námsmanna flytur lögheimili sitt á hverju ári. Tíðni lögheimilisflutninga er á bilinu 19–22%. Til samanburðar má nefna að á árinu 1996 var tíðni lögheimilisflutninga innan lands 18,2% fyrir karla en 18,3% fyrir konur. Tíðni lögheimilisflutninga námsmanna er því ívið meiri en meðaltíðni fyrir mannfjöldann í heild. Sé litið á tengsl aldurs og tíðni lögheimilisflutninga á árinu 1996 kemur í ljós að á því ári er tíðni lögheimilisflutninga 15–19 ára um 19%, tíðni lögheimilisflutninga 20–24 ára var um 39% og tíðni lögheimilisflutninga 25–29 ára var um 34%. Það er því ljóst að námsmenn eru síður líklegir til að flytja lögheimili sitt en annað ungt fólk og virðist þar muna verulegu. Í þessu sambandi er rétt að minna á að námsmenn njóta undanþágu frá ákvæðum lögheimilislaga, sbr. 4. gr. Um marga námsmenn gildir því að þeir þurfa ekki að flytja lögheimili sitt meðan þeir eru í námi nema í tengslum við flutning foreldra eða núverandi eða fyrrverandi forráðamanna. Flutningatíðni fellur hratt með aldri eftir að 30 ára aldri er náð. Þannig er tíðni lögheimilisflutninga þeirra sem eru 40–49 ára á bilinu 11–13%.


Með hliðsjón af lögheimilislögum má ætla að flutningatíðni námsmanna sé líkari flutningatíðni fólks á miðjum aldri en flutningatíðni ungs fólks. Ekki verður annað séð en að sú tilgáta falli vel að þeim tölulegu staðreyndum sem hér hafa verið settar fram.

Að beiðni Hagfræðistofnunar hefur Hagstofan tekið saman upplýsingar um flutninga námsmanna til og frá svæðum þar sem framhaldsskóla-, sérskóla- og háskólastofnanir eru. Á grundvelli þeirra upplýsinga hefur Hagfræðistofnun metið aldurs- og kynbundna flutninga ungmenna í námi árið 1996 og borið saman við aldurs- og kynbundna flutninga ungmenna almennt. Niðurstöðurnar koma fram á myndum 6.1–6.4.




Mynd 6.1 sýnir aldursbundna flutninga karla. Fyrsta súlan sýnir að tíðni lögheimilisflutninga karla á aldrinum 15–19 ára innan sveitarfélags sé ríflega 8%. Næsta súla sýnir að tæplega 4% líkur voru til þess að karlar á þessum aldri tilkynntu flutning milli sveitarfélaga innan kjördæmis. Þriðja súlan sýnir að 4% líkur voru til þess að karlar á þessum tiltekna aldri flyttu lögheimili sitt milli kjördæma árið 1996. Næstu þrjár súlur sýna sömu upplýsingar fyrir nemendur sem eru 17 ára og yngri árið 1996. Þriðji súluhópurinn sýnir upplýsingarnar fyrir nemendur sem eru 18–19 ára árið 1996. Takið eftir að flutningatíðni karlkynsnemenda á þessum aldri er lægri en gerist meðal „jafnaldra" þeirra í þjóðfélaginu almennt. Síðustu tvær súluþrenningarnar má nota til að bera saman flutningatíðni karlkynsnemenda í framhaldsskólum á aldrinum 20–22 ára og flutningatíðni ungmenna á þeim aldri almennt í þjóðfélaginu. Enn virðist niðurstaðan sú sama: Minni líkur eru á að karlar á aldrinum 20–22 ára flytji lögheimili sitt innan sveitarfélags, milli sveitarfélaga eða milli landsvæða ef hann er í námi í framhaldsskóla en almennt gengur og gerist með þá sem eru á bilinu 20–24 ára.

Munur sá sem fram kemur á flutningatíðni karlkyns framhaldsskólanema annars vegar og flutningatíðni karla á aldrinum 15–19 ára og 20–24 ára hins vegar þegar litið er til flutninga milli sveitarfélaga innan sama landsvæðis og milli landsvæða kann að hluta til að skýrast af því að þegar flutningar framhaldsskólanema eru kannaðir er höfuðborgarsvæðið allt talið eitt landsvæði, en skiptist milli Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmis þegar flutningur milli landsvæða er skráður fyrir ungmennin almennt. Munstur flutningatíðninnar innan landsvæða er þó hið sama og kemur fram í flutningi innan sveitarfélaga (en þar eru skilgreiningar sambærilegar), auk þess sem tölulegur munur er það mikill að hann virðist réttlæta niðurstöðurnar sem hér eru settar fram.




Mynd 6.2 sýnir sömu upplýsingar og mynd 6.1 nema hvað nú er litið á aldursbundna flutningatíðni kvenna. Tölurnar virðast segja sömu sögu hér og tilfellið var með flutningatíðni karla í framhaldsskólum. Konur í framhaldsskóla virðast síður líklegar til að flytja lögheimili sitt en almennt gildir um jafngamlar konur í þjóðfélaginu.



Mynd 6.3 sýnir sömu upplýsingar og fyrri myndir nema hvað nú er litið til karla í háskóla eða sérskólanámi. Fyrstu þrjár súlurnar sýna líkur þess að karlar í háskólanámi á aldrinum 20–22 ára flytji lögheimili innan sveitarfélags, milli sveitarfélaga í sama kjördæmi og milli kjördæma árið 1996. Næstu þrjár súlur sýna sömu líkindi fyrir karla almennt á aldrinum 20–24 ára. Þar næstu þrjár súlur sýna líkindi þess að karlar í háskólanámi á aldursbilinu 23–25 ára breyti lögheimili á árinu 1996. Fjórða súluþyrpingin sýnir líkur þess að karlar á aldrinum 25–29 ára breyti lögheimili sínu, en síðasta súluþyrpingin sýnir líkur þess að karlar í háskólanámi eldri en 26 ára breyti lögheimili sínu.

Í öllum tilvikum virðist sem karlar sem jafnframt eru háskólanemar séu síður líklegir til að breyta lögheimili sínu en gildir um jafnaldra þeirra almennt. Eina undantekningin gæti falist í að eldri háskólanemar flytji fremur innan sveitarfélags en jafnaldrar þeirra.



Mynd 6.4 sýnir flutningatíðni kvenna í háskólanámi með sama hætti og mynd 6.3 sýnir flutningatíðni karla. Niðurstaðan er nánast sú sama og átti við um karlana. Það virðist ólíklegra að konur í háskólanámi flytji lögheimili sitt en gildir um jafnöldrur þeirra almennt. Þó gildir um konurnar eins og karlana að flutningatíðni eldri kvenna í háskólanámi gæti verið svipuð eða ívið meiri en flutningatíðni jafnaldra þeirra almennt. Þessi munur virðist þó ekki mikill. Þannig væri óvarlegt að halda því fram að eini munurinn sé sá að nemar flytji seinna en aðrir. Það má reyndar fá staðfest með því að skoða heildarflutninga nema óháð aldri eins og gert er í töflum 6.2 og 6.3.

Tafla 6.2. Flutningatíðni framhaldsskólanema og karla og kvenna á aldrinum 15–24 ára á árunum 1994–96 í prósentum.

Eðli flutnings	Ár			Landið allt 1996			
				Karlar		Konur	
	1994	1995	1996	15–19 ára	20–24 ára	15–19 ára	20–24 ára
Innan sveitarfélags	8,1	8,5	8,7	8,5	18,5	12,5	24,3
Innan landsvæðis	2,9	3,0	3,3	3,4	6,8	5,3	8,8
Milli landsvæða	2,6	2,9	2,9	4,0	8,6	5,0	10,3

Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar Hagfræðistofnunar.

Tafla 6.2 sýnir skýrt að framhaldsskólanemar eru síður líklegir til að flytja lögheimili sitt innan sveitarfélaga eða milli sveitarfélaga en gengur og gerist með aðra Íslendinga á svipuðu reki. Árið 1994 flytja 8,1% framhaldsskólanema lögheimili sitt milli heimilisfanga innan sama sveitarfélags. Þetta hlutfall er ívið hærra árin 1995–96. Árið 1996 flytja hins vegar 8,5% karla og 12,5% kvenna lögheimili sitt milli heimilisfanga innan sama sveitarfélags. Þannig virðast um 10,5% ungmenna almennt á aldrinum 15–19 ára flytja milli heimila innan

sama sveitarfélags árið 1996 og um 21,5% ungmenna á aldrinum 20–24 ára, en aðeins 8,7% framhaldsskólanema. Sé litið til flutnings lögheimilis framhaldsskólanema og annarra ungmenna milli sveitarfélaga og milli landsvæða verður munurinn meiri. Árið 1996 flytja 3,3% framhaldsskólanema lögheimili milli sveitarfélaga en innan sama landsvæðis, en um 4,5% ungmenna á aldrinum 15–19 ára og tæp 8% ungmenna á aldrinum 20–24 ára. Eins og fyrr hefur verið bent á kann munurinn að hluta til að skýrast af því að þegar flutningar framhaldsskólanema eru kannaðir er höfuðborgarsvæðið allt talið eitt landsvæði, en skiptist milli Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmis þegar flutningur milli landsvæða er skráður fyrir ungmennin almennt. Munstur flutningatíðninnar innan landsvæða er þó hið sama og kemur fram í flutningi innan sveitarfélaga (en þar eru skilgreiningar sambærilegar).

Tafla 6.3. Flutningatíðni háskólanema og karla og kvenna á aldrinum 20–29 ára á árunum 1994–96 í prósentum.

				Landið allt 1996			
	Ár			Karlar		Konur	
Eðli flutnings	**1994**	**1995**	**1996**	**20–24 ára**	**25–29 ára**	**20–24 ára**	**25–29 ára**
Innan sveitarfélags	14,7	15,6	18,0	18,5	20,5	24,3	19,9
Innan landsvæðis	5,9	6,1	6,1	6,8	6,9	8,8	6,2
Milli landsvæða	5,3	7,4	7,4	8,6	7,2	10,3	6,6

Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar Hagfræðistofnunar.

Tafla 6.3 sýnir (með sömu fyrirvörum og fyrr voru nefndir) að flutningatíðni háskólanema á árunum 1994–96 er í flestum tilvikum minni og í sumum tilvikum mun minni en gildir um samsvarandi aldurshópa meðal mannfjöldans almennt.

Þá er og að nefna að flutningatíðni háskólanema og framhaldsskólanema er meiri árið 1995 en árið 1994 og sömuleiðis meiri árið 1996 en árið 1995. Rétt er að minna á að á árinu 1994 voru sveitarstjórnarkosningar og Alþingiskosningar 1995. Nemar í framhaldsskólum og háskólum sem búið hafa í öðru sveitarfélagi en þar sem skóli sem þeir sækja er hafa nokkra sérstöðu gagnvart lögheimilislögum eins og þegar hefur verið nefnt. Þeir geta haldið gamla lögheimilinu sínu eða, ef þannig verkast og skilyrði eru að öðru leyti uppfyllt, flutt lögheimili sitt á nýja dvalarstaðinn. Það er freistandi að setja fram þá tilgátu að kosningar hafi áhrif á ákvarðanir um lögheimilisfesti þeirra sem svo er ástatt um. Ekki er þó fyrirliggjandi talnaefni til að staðfesta eða hrekja slíka tilgátu.

Hitt ber að taka fram að sú niðurstaða að nemar flytji lögheimili síður en önnur ungmenni er ekki óeðlileg í ljósi þess valfrelsis sem ákveðinn hópur námsmanna hefur varðandi lögheimilisskráningar. Fólk sem flyst milli húsa og ekki er í námi verður að tilkynna aðsetursskipti og fær nýtt lögheimili. Sams konar flutningur einstaklings í námi þarf ekki að valda lögheimilisbreytingu.

7. Kostnaður sem hlýst af dvöl nemenda sem stunda nám í framhaldsskólum.

Neyslukönnun Hagstofunnar bendir til þess að nokkurrar stórrekstrarhagkvæmni gæti í rekstri fjöldskyldu. Tafla 7.1 ber með sér að fjölgun heimilismanna bæti tiltölulega litlu við kostnað við heimilishaldið.

Tafla 7.1. Kostnaður við heimilishald einhleypinga og sambýlisfólks eða hjóna eftir fjölda barna, kr. á ári.

	Hjón/samb. með 1 barn	**Hjón/samb. með 2 börn**	**Hjón/samb. með 3 börn**	**Hjón/samb. með 4 börn**	**Einhleypur 18–34 ára**
Matur og drykkjarvörur	446.470	536.922	627.074	623.853	170.429
Áfengi og tóbak	89.720	77.505	87.023	61.687	63.659
Föt og skór	169.714	199.779	204.707	278.658	89.322
Hiti og rafmagn	435.552	478.385	511.570	511.987	223.604
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	118.334	240.975	183.549	180.103	34.054
Heilsugæsla	122.628	87.886	86.452	107.480	29.547
Ferðir og flutningar	499.916	312.372	367.551	534.571	248.839
Póstur og sími	37.771	30.132	32.588	37.128	27.969
Tómstundir og menning	373.235	443.266	379.136	368.089	150.768
Menntun	42.195	29.243	31.339	24.112	4.325
Hótel og veitingastaðir	148.623	139.065	141.046	176.787	130.972
Ýmsar vörur og þjónusta	320.497	289.031	320.465	323.755	118.875
Alls	2.804.655	2.864.561	2.972.500	3.228.210	1.292.363

Heimild: Neyslukönnun Hagstofunnar.

Tafla 7.2 ber saman neysluútgjöld fjölskyldna með eitt og tvö börn, tvö og þrjú börn og þrjú og fjögur börn. Það kemur glögglega í ljós að neyslusamsetning er ólík fyrir mismunandi fjölskyldustærðir, og einnig að neysluútgjöld stórrar fjölskyldu á fjölskyldumeðlim eru lægri en neysluútgjöld minni fjölskyldu á fjölskyldumeðlim.

Tafla 7.2. Samanburður á kostnaði við heimilishald hjóna eða sambýlisfólks eftir fjölda barna í heimili, kr. á ári.

	Viðbótarkostnaður ef börn eru 2 en ekki 1	**Viðbótarkostnaður ef börn eru 3 en ekki 2**	**Viðbótarkostnaður ef börn eru 4 en ekki 3**
Matur og drykkjarvörur	90.452	90.152	-3.221
Áfengi og tóbak	-12.215	9.518	-25.336
Föt og skór	30.065	4.928	73.951
Hiti og rafmagn	42.833	33.185	417
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	122.641	-57.426	-3.446
Heilsugæsla	-34.742	-1.434	21.028
Ferðir og flutningar	-187.544	55.179	167.020
Póstur og sími	-7.639	2.456	4.540
Tómstundir og menning	70.031	-64.130	-11.047
Menntun	-12.952	2.096	-7.227
Hótel og veitingastaðir	-9.558	1.981	35.741
Ýmsar vörur og þjónusta	-31.466	31.434	3.290
Alls	59.906	107.939	255.710

Heimild: Neyslukönnun Hagstofunnar, útreikningar Hagfræðistofnunar.

Hagfræðistofnun hafði samband við skólameistara og skólastjóra nokkurra framhaldsskóla til að afla upplýsinga um heimavistargjöld og mötuneytisgjöld. Upplýsingar bárust frá Menntaskólanum á Akureyri, Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þeim upplýsingum er safnað í töflu 7.3.

Tafla 7.3. Kostnaður nemenda er búa á heimavistum nokkurra framhaldsskóla, kr.

	Akranes	MA	Sauðárkrókur	Ísafjörður	VMA
Heimavist, heill vetur, án þvottagjalds	42.000	36.000	30.000	8.000	20.000
Mötuneyti, heill vetur, allar máltíðir	130.200	160.000	150.000	184.000	142.560
Mötuneyti, heill vetur, hádegisverður (hálft fæði)	75.600				49.760
Mötuneyti, fimm dagar vikunnar			130.000	146.000	
Þvottagjald		18.000			
Fjöldi nema á vist	64	140	140	15	20
Fjöldi nema í skóla	600	600	450	240	

Heimild: Upplýsingar frá skólameisturum.

Þórir Ólafsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands, upplýsir jafnframt að algengt sé að nemendur sem leigja herbergi utan vistar greiði 15–20 þús. kr. á mánuði í leigu. Það samsvarar 135–180 þús. kr. á starfstíma skóla.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í töflum 7.1–7.3 má gera sér hugmynd um viðbótarkostnað við að halda heimili fyrir fjölskyldumeðlim sem sækir skóla fjarri heimili fjölskyldu. Í töflu 7.4 eru sýnd dæmi um þennan kostnað eftir því hvort nemandinn dvelur á heimavist eða ekki. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður við fatnað, rekstur húsnæðis á aðaldvalarstað fjölskyldu og ferðir annarra fjölskyldumeðlima breytist við það að einn fjölskyldumeðlimur dvelji annars staðar.

Tafla 7.4. Áætlaður viðbótarkostnaður vegna skólagöngu fjarri heimabyggð, kr.

	Heimavist		Utan heimavistar	
	Lág áætlun	Há áætlun	Lág áætlun	Há áætlun
Mötuneyti	130.000	184.000		
Máltíðir utan mötuneytis	30.000	10.000	140.000	200.000
Frá dregst sparnaður fjölskyldu	60.000	60.000	60.000	60.000
Húsnæði	36.000	42.000	90.000	180.000
Ferðir	25.000	100.000	25.000	100.000
Póstur og sími	9.000	18.000	9.000	18.000
Tómstundir	18.000	36.000	18.000	36.000
Alls	188.000	330.000	222.000	474.000
Frá dregst dreifbýlisstyrkur	56.000	80.000	78.000	100.000
Mismunur	132.000	250.000	144.000	374.000

Heimild: Áætlun Hagfræðistofnunar, upplýsingar menntamálaráðuneytis.

Áætlunin í töflu 7.4 byggist á upplýsingum skólameistaranna um heimavistar- og mötuneytisgjöld. Sparnaður „stórfjölskyldu“ er til kominn vegna áætlaðs sparnaðar í matvæla-

innkaupum á níu mánaða tímabili. Ekki er gert ráð fyrir að um teljandi sparnað af öðrum toga sé að ræða í rekstri húsnæðis, bifreiðar, við kaup fatnaðar o.s.frv. Áætlað er sérstaklega fyrir húsnæðiskostnaði ungmennisins sem dvelur í skóla fjarri heimili. Þá er áætlað sérstaklega fyrir ferðum og gert ráð fyrir að símakostnaður aukist um 1–2 þús. kr. á mánuði. Loks er áætlað að afþreying ungmennis sem dvelur í skóla fjarri heimili sé dýrari en afþreying ungmennis sem dvelur heima. Frá kostnaði dregst síðan dreifbýlisstyrkur sem svo er kallaður. Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins er grunnstyrkur 56.000 kr. á ári, en við geta bæst 22.000 kr. hjá þeim sem leigja af vandalausum og allt að 25.000 kr. í ferðastyrk til þeirra sem lengst eiga til næsta framhaldsskóla.

Þegar allt er dregið saman má ráða af töflu 7.4 að viðbótarkostnaður fjölskyldu vegna skólagöngu ungmennis fjarri heimabyggð sé á bilinu 130–250 þús. kr. á ári dvelji nemandinn á heimavist, en á bilinu 140–375 þús. kr. dvelji nemandinn utan heimavistar. Heildarkostnaður nema í framhaldsskóla á fjögurra ára tímabili gæti því verið á bilinu 500–1.500 þús. kr. Þessi kostnaður nemur 4–14% af neysluútgjöldum þriggja til sex manna fjölskyldu (hjóna/sambýlisfólks með eitt til fjögur börn).

Nemendur sem uppfylla skilyrði til háskólanáms hafa yfirleitt náð þeim aldri að þeir vilja stofna til sjálfstæðs heimilishalds. Ekki er gefið að búseta foreldra/fyrrum forráðamanna hafi áhrif á kostnað við það heimilishald. Þó verður að gera ráð fyrir að búseta foreldris/fyrrum forráðamanns fjarri námsstað geti flýtt fyrir að nemandi á háskólastigi stofni til sjálfstæðs heimilishalds. Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir lán til náms á háskólastigi. Lánsupphæð fer eftir hvort námsmaður býr í foreldrahúsum eða á eigin vegum. Því má fá nokkrar upplýsingar með því að skoða skrár LÍN.

Tafla 7.5. Meðallán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, skólaárið 1993–94, kr.

	Lán til nemenda við skóla á Íslandi		
Lögheimili lántaka	**Skólar aðrir en HÍ**	**Nemendur við HÍ**	**Nemar erlendis**
Austurland	331.361	374.762	655.768
Norðurland eystra	386.547	358.024	614.591
Norðurland vestra	400.975	294.082	628.719
Reykjanes	357.176	300.863	756.936
Reykjavík	372.929	308.575	748.664
Suðurland	351.091	334.348	740.569
Vestfirðir	355.713	318.131	759.926
Vesturland	391.280	318.712	691.300
Annað	370.594	316.522	609.357
Meðaltal	369.405	311.831	711.961

Heimild: Upplýsingar frá LÍN.

Meðallán nema við skóla aðra en Háskóla Íslands eru tæpar 370 þús. kr. á skólaárinu 1993–94. Meðallán nema við Háskóla Íslands eru tæpar 312 þús. kr. og meðallán nema er stunda nám erlendis eru 400 þús. kr. hærri. Sé litið til innlendra skóla annarra en Háskóla Íslands kemur í ljós að nemar sem eiga lögheimili í Norðurlandskjördæmi vestra taka hæstu lánin en nemar af Austurlandi taka lægstu lánin. Lán lánþega með lögheimili í Reykjavík er lítillega yfir meðaltalinu. Sé litið til lánþega sem stunda nám við Háskóla Íslands sést að

nemar með lögheimili í Austfjarðakjördæmi taka hæstu lánin, en nemar með lögheimili í Norðurlandi vestra taka lægstu lánin. Loks er þess að geta að nemar erlendis með lögheimili í Vestfjarðakjördæmi taka hæstu lánin, en nemar erlendis með lögheimili í Norðurlandskjördæmi eystra taka þau lægstu. Tekið skal fram að í sumum tilvikum eru fá lán að baki meðaltölum. Þess vegna má ætla að einstaklingsbundnar aðstæður móti meðaltalstölur fyrir fámennustu kjördæmin óeðlilega mikið.

Athygli vekur að ekki verður fullyrt með hliðsjón af þeim tölum sem hér eru sýndar að lántökur nemenda í dreifbýliskjördæmunum til náms innan lands séu almennt hærri en lántökur nemenda úr þéttbýliskjördæmunum tveimur. Þessi niðurstaða verður enn fest í sessi með því að skoða tölur næstu þriggja skólaára eins og þær koma fram í töflum 7.6–7.8.

Tafla 7.6. Meðallán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, skólaárið 1994–95, kr.

	Lán til nemenda við skóla á Íslandi		
Lögheimili lántaka	**Skólar aðrir en HÍ**	**Nemendur við HÍ**	**Nemar erlendis**
Austurland	352.770	384.524	650.972
Norðurland eystra	386.965	303.242	629.186
Norðurland vestra	414.136	354.791	698.082
Reykjanes	386.722	356.818	559.552
Reykjavík	365.835	307.555	735.991
Suðurland	388.952	305.833	676.649
Vestfirðir	358.860	336.552	699.078
Vesturland	378.240	333.846	928.293
Annað	400.780	355.835	697.929
Meðaltal	384.186	311.994	680.827

Heimild: Lánasjóður íslenskra námsmanna, útreikningar Hagfræðistofnunar.

Samkvæmt töflu 7.6 var meðallán lánþega hjá LÍN sem stundaði nám við skóla á Íslandi, annan en Háskóla Íslands 384 þús. kr. rúmar á skólaárinu 1994–95. Meðallán lánþega við nám við HÍ var um 312 þús. kr. og meðallán lánþega við nám erlendis rúmlega 680 þús. kr. Sé litið til lánþega við nám innan lands kemur í ljós að lánþegar sem eiga lögheimili í Norðurlandskjördæmi vestra og stunda nám í skóla öðrum en HÍ taka hæst lán, 414 þús. kr. að meðaltali á skólaárinu 1994–95. Lánþegar sem eiga lögheimili í Norðurlandskjördæmi eystra og stunda nám við Háskóla Íslands taka lægst meðallán, 303 þús. kr. Annars vekur athygli að munur á hæsta og lægsta láni milli kjördæma innan sama skólastigs er tiltölulega lítill, sérstaklega þegar tekið er tillit til að tiltölulega fáir lántakar standa að baki meðaltölunum í fámennustu kjördæmunum, sem aftur verður til þess að þau meðaltöl kunna að mótast mjög af persónubundnum aðstæðum þeirra einstaklinga sem í hlut eiga. Þannig er meðallán lánþega sem stundar nám í HÍ í því kjördæmi þar sem meðallán er lægst um 3% lægra en meðallán HÍ-lánþega almennt. Meðallán í því kjördæmi þar sem meðallán er hæst er um 23% hærra en meðallán HÍ-lánþega almennt.

Tafla 7.7. Meðallán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, skólaárið 1995–96, kr.

Lögheimili lántaka	Lán til nemenda við skóla á Íslandi		Nemar erlendis
	Skólar aðrir en HÍ	Nemendur við HÍ	
Austurland	352.247	360.443	492.338
Norðurland eystra	366.449	330.343	638.101
Norðurland vestra	427.739	347.715	725.323
Reykjanes	426.873	345.353	555.268
Reykjavík	366.970	310.334	768.191
Suðurland	382.578	309.016	712.655
Vestfirðir	322.242	319.613	517.787
Vesturland	345.713	345.818	815.925
Annað	401.955	307.481	711.203
Meðaltal	380.181	313.971	700.565

Heimild: Lánasjóður íslenskra námsmanna, útreikningar Hagfræðistofnunar.

Tafla 7.7 sýnir sömu upplýsingar og tafla 7.6 fyrir skólaárið 1995–96. Sé litið til lánþega er stunda nám við innlendar skólastofnanir kemur í ljós að meðallán er um 4 þús. kr. lægra hjá lánþega við skóla aðra en HÍ og 2 þús. kr. hærra hjá lánþegum er stunda nám við HÍ. Enn eru það nemar frá Norðurlandi vestra sem stunda nám við skóla aðra en HÍ sem taka hæst meðallán lánþega við innlenda skóla. Nú eru það hins vegar ekki nemar við HÍ frá Norðurlandi eystra sem taka lægst lán lánþega við innlenda skóla heldur nemar við HÍ sem eiga lögheimili í Suðurlandskjördæmi. Að öðru leyti gildir að munur meðalláns eftir kjördæmum er tiltölulega lítill.

Tafla 7.8. Meðallán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, skólaárið 1996–97, kr.

Lögheimili lántaka	Lán til nemenda við skóla á Íslandi		Nemar erlendis
	Skólar aðrir en HÍ	Nemendur við HÍ	
Austurland	376.659	380.012	625.833
Norðurland eystra	405.151	319.481	627.080
Norðurland vestra	408.076	378.305	760.023
Reykjanes	404.475	360.215	651.021
Reykjavík	365.925	328.143	784.544
Suðurland	414.174	348.057	807.985
Vestfirðir	370.693	357.391	561.747
Vesturland	339.565	381.564	776.569
Annað	409.175	347.353	559.211
Meðaltal	397.618	345.909	727.563

Heimild: Lánasjóður íslenskra námsmanna, útreikningar Hagfræðistofnunar.

Tafla 7.8 sýnir sömu upplýsingar og töflur 7.6 og 7.7 fyrir skólaárið 1996–97. Meðallán til nemenda innan lands er ívið hærra á því skólaári en skólaárin tvö næst á undan, en að öðru leyti má sjá svipað munstur og kom fram í fyrri töflum.

Setjum svo að lánþegar LÍN réðu sjálfir heildarlánsfjárhæð á hverju ári. Þá mætti fullyrða út frá upplýsingunum sem hér hafa verið settar fram að ekki sé mikill munur á fjárþörf lánþega eftir kjördæmum. Nú eru hins vegar efri mörk á því hversu mikið lánþegi getur tekið að láni á ári hverju. Hugsanlegt er að niðurstöður hér að framan mótist af því að lánþegar telji að taki þeir lán á annað borð borgi sig að taka fullt lán. Það er því forvitnilegt að skoða hversu stór hluti námsmanna í hverju kjördæmi fyrir sig tekur lán á hverjum tíma. Það er gert í töflu 7.9.

Tafla 7.9. Hlutfall námsmanna (í prósentum) sem taka lán, skipt eftir kjördæmum á skólaárunum 1993–94 til 1996–97.

	Skólaár				
Kjördæmi	**1993–94**	**1994–95**	**1995–96**	**1996–97**	**Meðaltal**
Reykjavík	55,8	58,7	56,6	51,2	55,4
Reykjanes	49,2	50,4	48,6	44,6	48,2
Vesturland	44,0	49,6	57,2	58,3	52,1
Vestfirðir	50,4	37,6	51,2	48,1	46,6
Norðurland vestra	46,4	41,9	52,8	67,3	51,3
Norðurland eystra	51,4	56,0	57,6	55,4	55,0
Austurland	54,9	55,6	62,4	59,1	58,0
Suðurland	44,4	49,0	53,8	52,5	49,7
Meðaltal	52,5	54,9	54,7	50,7	53,2

Heimild: Upplýsingar frá LÍN, Landshagir Hagstofu Íslands og útreikningar skýrsluhöfundar.

Tafla 7.9 er fengin með því að bera saman fjölda námsmanna sem tekur lán til náms innan lands í hverju kjördæmi annars vegar og fjölda námsmanna sem eru skráðir í námi á sérskóla- og háskólastigi samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands. Hópurinn sem á rétt á að sækja um lán frá LÍN er nokkuð stærri en hér er sýnt, en ólíklegt verður að telja að sú staðreynd breyti niðurstöðum svo nokkru nemi.

Tafla 7.9 ber með sér að tiltölulega lítill munur sé á líkindum þess að nemandi í dreifbýliskjördæmi taki lán hjá LÍN og að nemandi í þéttbýliskjördæmi taki lán hjá LÍN.

Heildarniðurstaða af skoðun á gögnum LÍN eru því þessi: Lítill munur er á meðalláni til lánþega LÍN eftir búsetu. Búseta hefur lítil áhrif á það hvort nemendur taka lán. Þessar upplýsingar benda því ekki til þess að lánsfjárþörf nemenda sé mjög ójöfn eftir búsetu.

8. Kostnaður sem hlýst af dvöl nemenda sem stunda nám í grunnskóla.

Í þingsályktuninni frá 24. febrúar 1995 er farið fram á að auk þess sem kannað verði hvaða kostnaður hlýst af dvöl framhaldsskólanema er búa í heimavistum eða í leiguhúsnæði fjarri heimabyggð verði einnig kannað hvaða kostnaður hlýst af dvöl grunnskólanemenda er búa í heimavistum eða í leiguhúsnæði fjarri heimabyggð. Samkvæmt upplýsingum Sambands íslenskra sveitarfélaga í maí 1998 heyrir það nánast sögunni til að grunnskólanemar dvelji í heimavist. Slíku sé aðeins til að dreifa í einum eða tveimur *mjög* fámennum skólum nú orðið. Það er því ekki auðvelt að gera sér grein fyrir hver viðbótarkostnaður aðstandenda grunnskólanema sem byggi fjarri heimabyggð væri ef algengara væri að grunnskólanemendur sæktu fjarlæga skóla. Með hliðsjón af töflu 7.4 má gera því skóna að kostnaður sem af slíkri

dvöl grunnskólanema hlytist væri nú á bilinu 150–250 þús. kr. á ári. Í þeirri ágiskun er kostnaður vegna máltíða utan mötuneytis, ferða og tómstunda lækkaður nokkuð frá því sem áætlað var fyrir framhaldsskólanema.

9. Niðurstöður.

Sé vilji fyrir hendi má lesa milli lína í áðurgreindri þingsályktun ótta um að landsbyggðarnemendur flytji lögheimili sitt til skólasveitarfélags, og þá sérstaklega til Reykjavíkursvæðisins. Sömuleiðis má sjá vilja Alþingis til að komast að því hver er viðbótarkostnaður foreldra sem þurfa að senda börn sín í skóla fjarri heimili. Sú athugun sem hér hefur verið gerð á flutningstilkynningum skólanema til Þjóðskrár bendir eindregið til þess að nemar séu síður líklegir til þess að flytja lögheimili sitt en annað ungt fólk. Það er því afar ólíklegt að nemar geti bætt fjárhag sinn svo nokkru nemi með því að breyta lögheimilisskráningu sinni. Lögheimilisflutningur er það fyrirhafnarlítil aðgerð að ætla verður að nemendur gripu til hennar í ríkari mæli en raun virðist vera væri af því hagræði í tekjulegu tilliti.

Viðbótarkostnaður af að senda ungmenni til náms fjarri heimabyggð leikur á nokkuð breiðu bili samkvæmt þeirri áætlun Hagfræðistofnunar sem hér er birt. Þetta helgast meðal annars af því að kostnaður af því tagi sem hér er til umræðu er afar afstæður. Það sem einum þykir eðlilegt að unglingur hafi til umráða af fé og aðstöðu kann öðrum að þykja bruðl og enn öðrum naumt skorið. Því þykir Hagfræðistofnun rétt að gefa þessi útgjöld upp á breiðu bili fremur en að taka afstöðu til þess hvort unglingum skuli naumt eða rúmt skammtað.

Þá er loks rétt að vekja athygli á þeim litla mun sem er á lántökuupphæðum og lántökutíðni eftir lögheimiliskjördæmum sem fram kemur þegar upplýsingarnar frá Lánasjóði íslenskra námsmanna eru skoðaðar. Þessar upplýsingar virðast ekki benda til þess að námsmenn sem eiga lögheimili á höfuðborgarsvæðinu séu líklegri eða ólíklegri til að taka námslán en námsmenn sem lögheimili eiga annars staðar. Upplýsingarnar benda heldur ekki til þess að námsmenn sem eiga lögheimili á höfuðborgarsvæðinu taki teljandi lægri námslán á ári hverju en námsmenn sem eiga lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.

Heimildir.

Borjas, George. „Self-Selection and the Earnings of Immigrants." *American Economic Review* 77 (September 1987): 551–553.

Borjas, George. „The Economics of Immigration." *Journal of Economic Literature* XXXII (December 1994): 1667–1717.

Borjas, George. *Labor Economics*. New York: McGraw-Hill, 1996.

Guðmundur Bjarni Arnkelsson og Friðrik H. Jónsson. *Námsframmistaða við Háskóla Íslands*. Háskóli Íslands, kennslusvið, 1995.

Gylfi Magnússon. *Internal and External Migration in Iceland 1960–94: A Structural Model, Governmental Policies and Welfare Implications*. Institute of Economic Studies, Reykjavík, 1998.

Hicks, John R. *The Theory of Wages*. London: McMillan, 1932.

Roy, Andrew D. „Some Thoughts on the Distribution of Earnings." *Oxford Economic Papers* 3 (September 1951): 135–146.

Sjaastad, Larry A. „The Costs and Returns of Human Migration." *Journal of Political Economy* 70 (October 1962): 80–93.

Stark, Oded. *The Migration of Labor.* Oxford: Basil Blackwell, 1991.
Stefán Ólafsson. *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.* Reykjavík: Byggðastofnun, 1997.
Tryggvi Þór Herbertsson. *Menntun, mannauður og framleiðni.* Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 1997. Skýrsla nr. C97:02.

Töfluviðauki.

Tafla V1.1. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1993–94, lánþegar í skóla á Íslandi öðrum en Háskóla Íslands.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	67	22.201.209
Annað	180	66.706.908
Norðurland eystra	200	77.309.435
Norðurland vestra	48	19.246.778
Reykjanes	371	132.512.307
Reykjavík	786	293.122.001
Suðurland	105	36.864.564
Vestfirðir	44	15.651.358
Vesturland	77	30.128.591
Samtals	**1.878**	**693.743.151**

Tafla V1.2. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1993–94, lánþegar í skóla erlendis.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	14	9.180.748
Annað	394	240.086.481
Norðurland eystra	80	49.167.319
Norðurland vestra	17	10.688.221
Reykjanes	424	320.940.870
Reykjavík	831	622.140.155
Suðurland	35	25.919.925
Vestfirðir	11	8.359.183
Vesturland	33	22.812.884
Samtals	**1.839**	**1.309.295.786**

Tafla V1.3. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1993–94, lánþegar í Háskóla Íslands.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	34	12.741.910
Annað	207	65.520.140
Norðurland eystra	103	36.876.508
Norðurland vestra	36	10.586.944
Reykjanes	435	130.875.591
Reykjavík	1.266	390.656.303
Suðurland	57	19.057.849
Vestfirðir	21	6.680.742
Vesturland	36	11.473.615
Samtals	**2.195**	**684.469.602**

Tafla V1.4. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1994–95, lánþegar í skóla á Íslandi öðrum en Háskóla Íslands.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	63	22.224.507
Annað	161	62.301.361
Norðurland eystra	230	95.251.263
Norðurland vestra	46	17.789.231
Reykjanes	408	149.260.844
Reykjavík	833	323.996.813
Suðurland	123	44.139.820
Vestfirðir	31	11.725.430
Vesturland	81	32.463.156
Samtals	**1.976**	**759.152.425**

Tafla V1.5. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1994–95, lánþegar við nám erlendis.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	15	9.764.586
Annað	409	257.336.905
Norðurland eystra	76	53.054.228
Norðurland vestra	21	11.750.599
Reykjanes	388	285.564.445
Reykjavík	750	507.486.505
Suðurland	31	21.671.418
Vestfirðir	13	12.067.810
Vesturland	44	30.708.893
Samtals	**1.747**	**1.189.405.389**

Tafla V1.6. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1994–95, lánþegar í Háskóla Íslands.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	41	15.765.467
Annað	174	52.764.080
Norðurland eystra	107	37.962.672
Norðurland vestra	29	10.347.712
Reykjanes	439	135.016.674
Reykjavík	1.399	427.860.758
Suðurland	56	18.846.906
Vestfirðir	19	6.343.067
Vesturland	33	11.742.565
Samtals	**2.297**	**716.649.901**

Tafla V1.7. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1995–96, lánþegar í skóla á Íslandi öðrum en Háskóla Íslands.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	65	22.896.071
Annað	115	42.141.650
Norðurland eystra	229	97.952.325
Norðurland vestra	52	22.197.413
Reykjanes	426	156.329.342
Reykjavík	876	335.138.294
Suðurland	118	38.024.590
Vestfirðir	39	13.482.806
Vesturland	82	32.960.280
Samtals	**2.002**	**761.122.771**

Tafla V1.8. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1995–96, lánþegar í skóla erlendis.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	12	5.908.059
Annað	491	313.307.610
Norðurland eystra	89	64.553.717
Norðurland vestra	22	12.215.897
Reykjanes	410	314.958.437
Reykjavík	686	488.881.593
Suðurland	25	12.944.680
Vestfirðir	21	17.134.425
Vesturland	27	19.202.484
Samtals	**1.783**	**1.249.106.902**

Tafla V1.9. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1995–96, lánþegar í Háskóla Íslands.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	48	17.301.265
Annað	118	38.980.442
Norðurland eystra	79	27.469.450
Norðurland vestra	34	11.741.993
Reykjanes	391	121.340.775
Reykjavík	1451	448.382.776
Suðurland	58	18.537.539
Vestfirðir	23	7.953.823
Vesturland	53	16.296.472
Samtals	**2.255**	**708.004.535**

Tafla V1.10. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1996–97, lánþegar í skóla á Íslandi öðrum en Háskóla Íslands.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	72	27.119.436
Annað	48	19.447.259
Norðurland eystra	210	85.696.053
Norðurland vestra	53	21.437.183
Reykjanes	397	145.272.072
Reykjavík	906	375.242.093
Suðurland	111	41.146.976
Vestfirðir	32	10.866.077
Vesturland	88	36.007.392
Samtals	**1.917**	**762.234.541**

Tafla V1.11. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1996–97, lánþegar í skóla erlendis.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	12	7.509.999
Annað	626	392.552.056
Norðurland eystra	93	70.682.150
Norðurland vestra	17	11.067.365
Reykjanes	383	300.480.279
Reykjavík	611	493.678.677
Suðurland	26	14.605.431
Vestfirðir	13	10.095.402
Vesturland	29	16.217.108
Samtals	**1.810**	**1.316.888.467**

Tafla V1.12. Fjöldi lána og heildarlánveitingar LÍN eftir kjördæmum á skólaárinu 1996–97, lánþegar í Háskóla Íslands.

Kjördæmi	Fjöldi lána	Heildarlánsupphæð, kr.
Austurland	35	13.300.414
Annað	66	21.085.729
Norðurland eystra	64	24.211.544
Norðurland vestra	46	16.569.896
Reykjanes	378	124.038.153
Reykjavík	1.449	504.334.874
Suðurland	56	20.013.886
Vestfirðir	20	7.631.272
Vesturland	45	15.630.906
Samtals	**2.159**	**746.816.674**

335. Svar [69. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um íbúð Búnaðarbankans í Lundúnum.

Svarið er byggt á upplýsingum frá Búnaðarbanka Íslands hf., Löggiltum endurskoðendum hf., sem fara með endurskoðun Búnaðarbanka Íslands hf. í umboði ríkisendurskoðanda, og frá ríkisendurskoðanda, en hann fór einnig með endurskoðun á ríkisviðskiptabankanum.

1. *Hversu margir hafa fengið afnot af íbúð Búnaðarbankans í Lundúnum frá því að hún var tekin á leigu?*

Samkvæmt upplýsingum Búnaðarbanka Íslands hf. var íbúð í Lundúnum fyrst tekin á leigu skömmu eftir að bankinn öðlaðist réttindi til viðskipta með erlendan gjaldeyri, enda var talin þörf á því á þeim tíma. Stjórnendur og aðrir starfsmenn bankans nýttu slíka íbúð í tengslum við umfangsmikil samskipti bankans við erlenda banka með aðsetur í Lundúnum og vegna námskeiða sem starfsfólk sótti þar. Þegar íbúðin var ekki nýtt á þennan hátt var sömu aðilum heimilað að gista í henni. Einnig höfðu stjórnendur hlutdeildarfélaga bankans afnot af íbúðinni þegar þeir áttu erindi til Lundúna og íbúðin var laus. Þá eru þess dæmi að íbúðin hafi verið nýtt í opinbera þágu.

Einnig kemur fram að skrifstofa bankastjórnar hafi haft umsjón með ráðstöfun leiguíbúðarinnar á hverjum tíma og hafi minnispunktar um komu- og brottfarardaga einstakra notenda verið handfærðir í minnisbók fyrir viðkomandi ár. Ekki hafi þó verið skráð full nöfn, enda sé um að ræða minnispunkta en ekki formlegar skrár.

Samkvæmt upplýsingunum eru nú í vörslu bankans minnisbækur fyrir árin 1996 og 1997, en öðrum minnisbókum hefur verið fargað. Þá hefur komið fram að til sé tölvuskrá um þá sem gistu í íbúðinni árin 1994 og 1995. Sú skrá var byggð á minnisbókum þessara ára, en samkvæmt upplýsingum endurskoðanda bankans liggur ekki fyrir að skráin hafi verið yfirfarin eða staðfest.

Rétt er að taka fram að bankinn hefur staðfest sérstaklega að engar gestabækur úr íbúðinni séu til í fórum bankans.

Samkvæmt framangreindu liggja ekki fyrir upplýsingar um hversu margir hafi fengið afnot af íbúð bankans í Lundúnum frá því að hún var tekin á leigu.

2. *Hversu margir þeirra voru:*
   a. almennir starfsmenn bankans,
   b. yfirmenn í bankanum aðrir en bankastjórar,
   c. bankastjórar,
   d. bankaráðsmenn,
   e. ráðherrar,
   f. alþingismenn,
   g. ættingjar starfsmanna,
   h. ættingjar bankastjóra,
   i. ættingjar bankaráðsmanna,
   j. aðrir?

Eins og áður sagði liggja ekki fyrir upplýsingar um afnot af íbúðinni, að öðru leyti en því að til eru minnisbækur frá árunum 1996 og 1997 og tölvuskrá um þá sem gistu í íbúðinni árin 1994 og 1995. Gera verður þann fyrirvara að ekki er hægt að fullyrða að upplýsingar sem fram koma í umræddum minnisbókum eða tölvuskrá séu tæmandi um þá sem höfðu íbúðina til afnota hin tilgreindu ár. Samkvæmt fyrrgreindum upplýsingum hefur Búnaðarbankinn flokkað þá sem höfðu afnot af íbúðinni þannig:

a.	Almennir starfsmenn	7
b.	Yfirmenn aðrir en bankastjórar	19
c.	Bankastjórar	3
d.	Bankaráðsmenn	4
e.	Aðrir	7
	Samtals	**40**

336. Svar [70. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um samninga við bankastjóra Búnaðarbanka Íslands.

Svarið er byggt á upplýsingum frá Búnaðarbanka Íslands hf. Þá hefur ráðuneytið leitað staðfestingar ríkisendurskoðanda á þeim upplýsingum sem fram koma, en hann er og var endurskoðandi bankans og hafði auk þess með höndum yfirumsjón með lokauppgjöri ríkisviðskiptabankanna.

1. *Voru gerðir samningar við starfandi bankastjóra Búnaðarbanka Íslands þegar honum var breytt í hlutafélag?*

Litið er svo á að hér sé átt við hvort sérstakir starfslokasamningar hafi verið gerðir við bankastjóra ríkisviðskiptabankans þegar hann var lagður niður. Samkvæmt upplýsingum Búnaðarbanka Íslands hf. undirritaði hver bankastjóranna, ásamt formanni og varaformanni bankaráðs f.h. Búnaðarbanka Íslands, yfirlýsingu undir fyrirsögninni „starfslokasamningur" þar sem fram kemur að aðilar séu sammála um að engar kvaðir eða kröfur séu uppi eða muni koma fram að hálfu þessara aðila sem tengjast starfslokum bankastjóra ríkisviðskiptabankans. Í starfslokasamningunum er ekki kveðið á um neinar starfslokagreiðslur, hlunnindagreiðslur eða aðrar greiðslur. Hins vegar var samið við bankastjóra um uppgjör áunninna lífeyrisréttinda sem byggðust á eldri samningum. (Sjá nánar svar við 2. lið.)

2. *Ef svo var, í hverju voru þeir fólgnir? Var kveðið á um lífeyrismál, starfslokagreiðslur eða hlunnindi í þessum samningum?*

Eins og áður segir var ekki kveðið á um sérstakar starfsloka- eða hlunnindagreiðslur í fyrrgreindum starfslokasamningum. Rétt er hins vegar að taka fram að bankaráð ríkisviðskiptabankans samdi við bankastjórana um frágang lífeyrisskuldbindinga sem fól í sér rétt þeirra til að flytja 60% réttinda sinna í séreignarsjóð. Bankaráðið hafði raunar áður samið um rétt til handa bankastjórum til að varðveita öll réttindi sín í séreignarsjóði, en ákveðið var að endurskoða þær ákvarðanir, m.a. með hliðsjón af breytingum á reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Búnaðarbankans sem þá voru í undirbúningi, en samkvæmt þeim var starfsmönnum ríkisviðskiptabankans boðið að flytja réttindi sín yfir í nýtt kerfi sem fól meðal annars í sér flutning u.þ.b. 40% réttinda yfir í séreignarlífeyrissjóð að eigin vali starfsmanns. Breytingar á reglugerðinni og lokauppgjör ríkisviðskiptabankanna fól einnig í sér að áunnin lífeyrisréttindi allra starfsmanna Búnaðarbanka Íslands voru gerð upp um áramótin síðustu með skuldaviðurkenningum. Sama gilti um bankastjórana.

Óuppgerðar lífeyrisskuldbindingar allra starfsmanna í lok árs 1997 námu samtals 2.719 millj. kr., en þar af höfðu 1.994 millj. kr. áður verið færðar til skuldar í reikningum bankans. Hækkuðu hinar óuppgerðu skuldbindingar á árinu 1997 um 725 millj. kr. Þar af tengdust 308 millj. kr. uppgjöri milli bankans og starfsmannafélaga vegna svokallaðrar 95 ára reglu sem var til viðbótar við fyrri útreikninga. Það sem eftir stendur er vegna endurmats á reiknuðum lífeyrisréttindum. Hlutur starfandi bankastjóra nam 224 millj. kr. af fyrrgreindum 2.719 millj. kr. og var uppgjör lífeyrisréttinda þeirra aðila grundvallað á ákvæðum gildandi samninga milli þeirra og bankaráðs. Þeir samningar voru frá fyrri tíð og tengdust ekki uppgjöri við breytingar á rekstrarformi bankans.

3. *Hversu mikið munu þessir samningar við bankastjórana kosta bankann á ári?*

Þar sem uppgjör á lífeyrisskuldbindingum allra starfsmanna Búnaðarbanka Íslands fór fram fyrir árslok 1997 leggst enginn kostnaður á Búnaðarbanka Íslands hf. í framtíðinni vegna þess uppgjörs.

337. Svar [71. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um samninga við bankastjóra Landsbanka Íslands.

Svarið er byggt á upplýsingum frá Landsbanka Íslands hf. Þá hefur ráðuneytið leitað staðfestingar ríkisendurskoðanda á þeim upplýsingum sem fram koma, en hann er og var endurskoðandi bankans og hafði auk þess með höndum yfirumsjón með lokauppgjöri ríkisviðskiptabankanna.

1. *Voru gerðir samningar við starfandi bankastjóra Landsbanka Íslands þegar honum var breytt í hlutafélag?*

Litið er svo á að hér sé átt við hvort sérstakir starfslokasamningar hafi verið gerðir við bankastjóra ríkisviðskiptabankans þegar hann var lagður niður. Samkvæmt upplýsingum Landsbanka Íslands hf. gerði bankaráð starfslokasamning við hvern bankastjóranna þriggja þar sem kemur fram að aðilar séu sammála um að engar kvaðir eða kröfur séu uppi eða muni koma fram vegna starfsloka hjá ríkisviðskiptabankanum. Í starfslokasamningunum er ekki kveðið á um neinar starfslokagreiðslur, hlunnindagreiðslur eða aðrar greiðslur. Hins vegar var samið við bankastjóra um uppgjör áunninna lífeyrisréttinda sem byggðust á eldri samningum. (Sjá nánar svar við 2. lið.)

2. *Ef svo er, í hverju voru þeir fólgnir? Var kveðið á um lífeyrismál, starfslokagreiðslur eða hlunnindi í þessum samningum?*

Eins og áður segir var ekki kveðið á um sérstakar starfsloka- eða hlunnindagreiðslur í fyrrgreindum starfslokasamningum. Rétt er hins vegar að taka fram að í tengslum við breytingar á reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka og Seðlabanka og við lokauppgjör á ríkisviðskiptabankanum voru áunnin lífeyrisréttindi allra starfsmanna Landsbanka Íslands gerð upp um síðustu áramót. Jafnframt var starfsmönnum ríkisviðskiptabankans boðið að flytja réttindi sín yfir í nýtt kerfi sem fól meðal annars í sér flutning u.þ.b. 40% réttinda yfir í séreignarlífeyrissjóð að eigin vali starfsmanns. Gengið var frá skuldbindingum bankans vegna áunninna lífeyrisréttinda bankastjóra á sama tíma og ákvað bankaráð að sami réttur til að varðveita réttindi í séreignarsjóði tæki einnig til bankastjóra bankans.

Óuppgerðar lífeyrisskuldbindingar allra starfsmanna í lok árs 1997 námu samtals 5.093 millj. kr., en af þeim höfðu 4.007 millj. kr. áður verið færðar til skuldar í reikningum bankans. Skuldbindingarnar hækkuðu á árinu 1997 um 1.086 millj. kr. Þar af tengdust 546 millj. kr. uppgjöri milli bankans og starfsmannafélaga vegna svokallaðrar 95 ára reglu sem var viðbót við fyrri útreikninga. Það sem eftir stendur er vegna endurmats á reiknuðum lífeyrisréttindum. Hlutur starfandi bankastjóra nam 240 millj. kr. af fyrrgreindum 5.093 millj. kr. og var uppgjör lífeyrisréttinda þeirra aðila grundvallað á ákvæðum gildandi samninga milli þeirra og bankaráðs. Þeir samningar voru frá fyrri tíð og tengdust ekki uppgjöri við breytingar á rekstrarformi bankans. Rétt er þó að fram komi að við samninga um uppgjör lífeyrisskuldbindinga vegna bankastjóra var samið um tiltekna fjárhæð viðmiðunarlauna sem lögð var til grundvallar við útreikning skuldbindinganna og tók hún m.a. mið af launum bankastjóra með framreikningi samkvæmt umsömdum verðbreytingum.

3. Hversu mikið munu þessir samningar við bankastjórana kosta bankann á ári?

Þar sem uppgjör á lífeyrisskuldbindingum allra starfsmanna Landsbanka Íslands fór fram fyrir árslok 1997 leggst enginn kostnaður á Landsbanka Íslands hf. í framtíðinni vegna þess uppgjörs.

338. Fyrirspurn [287. mál]

til landbúnaðarráðherra um lausagöngu búfjár.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hverjar eru tillögur nefndar sem skipuð var í sumar í þeim tilgangi að gera tillögur til úrbóta vegna lausagöngu búfjár og ætlað var að ljúka störfum 1. október sl.?
2. Hyggst ráðherra leggja fyrir yfirstandandi þing frumvarp til laga um lausagöngu búfjár í landinu?

339. Fyrirspurn [288. mál]

til dómsmálaráðherra um takmarkanir á notkun nagladekkja.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir takmörkunum á notkun nagladekkja á bifreiðum?

340. Fyrirspurn [289. mál]

til menntamálaráðherra um opnunartíma Þjóðarbókhlöðu.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum fjárveitingum til rekstrar Þjóðarbókhlöðu þannig að unnt sé að lengja opnunartíma safnsins og bæta vinnuaðstæður námsmanna?
2. Hvað kostar að auka þjónustu safnsins til samræmis við óskir námsmanna?

341. Fyrirspurn [290. mál]

til menntamálaráðherra um nám í arkitektúr og skipulagsfræði.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hve margir Íslendingar stunda nú nám í arkitektúr og skipulagsfræði og er fjöldi þeirra nægur til þess að eðlileg endurnýjun verði í stéttinni á næstu árum?
2. Telur ráðherra tímabært að hefja kennslu í arkitektúr og skipulagsfræðum hér á landi og þá hvenær?
3. Hvort ætti slíkt nám heima í Háskóla Íslands eða Listaháskólanum?

Skriflegt svar óskast.

342. Svar [220. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um sektaraðgerðir við vegaeftirlit.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu oft hefur sektaraðgerðum verið beitt við vegaeftirlit sl. þrjú ár? Hver er sektarfjárhæðin alls, sundurgreint eftir árum? Svar óskast sundurliðað eftir bifreiðaflokkum og notkunarsviði.*
2. *Hve oft hefur sektarákvæðum verið beitt vegna of langs viðverutíma ökumanna við akstur sl. þrjú ár? Hve há er sektarfjárhæðin samtals? Á hvaða landsvæðum hefur sektaraðgerðum verið beitt? (Fjöldi tilvika sundurliðaður eftir umdæmum.)*

Í tilefni af fyrirspurninni var óskað eftir upplýsingum frá öllum lögreglustjórum um heildarfjölda mála vegna brota á ákvæðum X. kafla umferðarlaga (flutningur, hleðsla, þyngd og stærð ökutækja) og brota á reglum um akstur á hvíldartíma ökumanna. Upplýsingum þessum er ekki haldið til haga eftir bifreiðaflokkum eða notkunarsviði. Eftirfarandi tafla hefur að geyma upplýsingar um heildarfjölda mála, skipt eftir umdæmum lögreglustjóra, á árunum 1996 og 1997 og það sem af er þessu ári. Hvað varðar fjárhæðir sekta í þessum málaflokkum eru þær upplýsingar ekki til tölvutækar og verður þeirra ekki aflað nema með því að athuga hvert og eitt mál en til þess gafst ekki tími innan þess frests sem svari við fyrirspurninni var gefinn.

	Brot gegn X. kafla umferðarlaga			Brot gegn reglum um akstur og hvíldartíma		
EMBÆTTI	1996	1997	1998	1996	1997	1998
Sýslumaðurinn á Akranesi *			7			4
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	vantar					
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	10	6	5	1	5	7
Sýslumaðurinn í Búðardal *			0			0
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	5	12	1	0	1	0
Sýslumaðurinn í Bolungarvík *			1			0
Sýslumaðurinn á Ísafirði *			69			8
Sýslumaðurinn á Hólmavík *			4			3
Sýslumaðurinn á Blönduósi	3	13	3	4	7	1
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	3	2	6	1	2	2
Sýslumaðurinn á Siglufirði *			0			0
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	0	1	2	0	2	3
Sýslumaðurinn á Akureyri	vantar	143	137	vantar	7	26
Sýslumaðurinn á Húsavík *			3			0
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	vantar					
Sýslumaðurinn í Neskaupstað *			1			0
Sýslumaðurinn á Eskifirði	5	8	7	0	0	0
Sýslumaðurinn á Höfn	2	0	0	0	0	0
Sýslumaðurinn í Vík	0	1	0	0	0	0
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum *			18	0	0	0
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	10	3	0	0	5	1
Sýslumaðurinn á Selfossi	17	15	11			3
Sýslumaðurinn í Keflavík *			115			29
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	13	24	32	0	0	2
Sýslumaðurinn í Kópavogi *			134			38
Lögreglustjórinn í Reykjavík	166	183	299	4	53	114

* Hér er um að ræða heildarfjölda mála í báðum flokkum árin 1996–98.

343. Tillaga til þingsályktunar [291. mál]

um hafnaáætlun 1999–2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Alþingi ályktar skv. 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, að árin 1999–2002 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun.

I. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs.

Upphæðir í milljónum króna. Tölur í svigum tákna að til er ónotuð fjárveiting.

Kjördæmi / Höfn	1999			2000			2001			2002			Samtals
	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	1999–2002
Vesturland													
Grundartangi	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Akranes	14,3	0,0	14,3	0,0	6,7	6,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	21,0
Snæfellsbær	2,2	(2,2)	0,0	4,1	(1,2)	2,9	3,8	0,0	3,8	45,8	0,0	45,8	52,5
Grundarfjörður	21,0	0,0	21,0	29,6	0,0	29,6	19,0	0,0	19,0	7,4	0,0	7,4	77,0
Stykkishólmur	6,2	3,3	9,5	0,0	0,0	0,0	1,3	0,0	1,3	12,4	0,0	12,4	23,2
Búðardalur	0,0	0,0	0,0	4,0	0,0	4,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,0
	43,7	**1,1**	**44,8**	**37,7**	**5,5**	**43,2**	**24,1**	**0,0**	**24,1**	**65,6**	**0,0**	**65,6**	**177,7**
Vestfirðir													
Reykhólahöfn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Vesturbyggð	0,0	4,1	4,1	0,0	3,6	3,6	0,0	0,0	0,0	15,0	0,0	15,0	22,7
Tálknafjörður	4,3	(2,1)	2,2	0,0	0,0	0,0	1,9	0,0	1,9	0,0	0,0	0,0	4,1
Bolungarvík	4,4	(4,4)	0,0	19,2	(6,6)	12,6	0,0	0,0	0,0	1,9	0,0	1,9	14,5
Ísafjarðarbær	74,8	(15,5)	59,3	59,8	0,0	59,8	39,3	0,0	39,3	9,5	0,0	9,5	167,9
Súðavík	0,0	0,0	0,0	8,0	0,0	8,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	8,0
Norðurfjörður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Drangsnes	12,2	(0,1)	12,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,7	0,0	3,7	15,8
Hólmavík	7,7	(0,4)	7,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	7,3
	103,4	**(18,4)**	**85,0**	**87,0**	**(3,0)**	**84,0**	**41,2**	**0,0**	**41,2**	**30,1**	**0,0**	**30,1**	**240,3**
Norðurland vestra													
Hvammstangi	0,0	0,0	0,0	11,5	(3,4)	8,1	0,0	0,0	0,0	2,5	0,0	2,5	10,6
Blönduós	0,0	0,9	0,9	4,9	0,0	4,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,8
Skagaströnd	0,0	7,5	7,5	4,3	0,0	4,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	11,8
Skagafjörður	14,0	(14,0)	0,0	0,0	0,0	0,0	14,3	0,0	14,3	48,7	0,0	48,7	63,0
Siglufjörður	30,8	(1,9)	28,9	38,4	0,0	38,4	13,6	0,0	13,6	0,0	0,0	0,0	80,9
	44,8	**(7,5)**	**37,3**	**59,1**	**(3,4)**	**55,7**	**27,9**	**0,0**	**27,9**	**51,2**	**0,0**	**51,2**	**172,1**
Norðurland eystra													
Hafnasamlag Eyjafjarðar	37,6	10,7	48,3	10,5	0,0	10,5	0,0	10,1	10,1	100,4	3,0	103,4	172,3
Hafnasamlag Norðurlands	51,6	43,3	94,9	27,6	36,5	64,1	61,8	1,9	63,7	21,6	0,0	21,6	244,3
Grímsey	0,0	2,5	2,5	0,0	0,0	0,0	6,2	0,0	6,2	6,1	0,0	6,1	14,8
Húsavík	2,3	8,4	10,7	105,0	0,0	105,0	105,0	0,0	105,0	83,3	0,0	83,3	304,0

Kjördæmi	1999			2000			2001			2002			Samtals
Höfn	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	1999–2002
Tjörneshöfn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kópasker	2,2	1,2	3,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,8	0,0	3,8	7,2
Raufarhöfn	29,8	10,4	40,2	1,2	10,0	11,2	7,4	0,0	7,4	5,3	0,0	5,3	64,1
Þórshöfn	0,0	0,0	0,0	13,6	0,0	13,6	42,2	0,0	42,2	48,1	0,0	48,1	103,9
	123,5	**76,5**	**200,0**	**157,9**	**46,5**	**204,4**	**222,6**	**12,0**	**234,6**	**268,6**	**3,0**	**271,6**	**910,6**
Austurland													
Bakkafjörður	2,0	(1,6)	0,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	9,3	0,0	9,3	9,7
Vopnafjörður	44,8	(1,5)	43,3	42,2	0,0	42,2	11,8	0,0	11,8	82,3	0,0	82,3	179,6
Borgarfjörður eystri	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,0	0,0	5,0	5,0
Seyðisfjörður	1,6	4,8	6,4	3,2	0,0	3,2	38,7	0,0	38,7	0,0	0,0	0,0	48,3
Nesk./Eskifj./ Reyðarfj.	23,5	4,9	28,4	22,0	8,5	30,5	65,1	0,0	65,1	35,3	0,0	35,3	159,3
Fáskrúðsfjörður	2,2	5,2	7,4	0,0	0,0	0,0	17,9	0,0	17,9	26,8	0,0	26,8	52,1
Stöðvarfjörður	2,4	2,0	4,4	2,5	0,0	2,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	6,9
Breiðdalsvík	0,0	0,0	0,0	5,3	(4,6)	0,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,7
Djúpivogur	0,0	0,0	0,0	55,9	0,0	55,9	23,4	0,0	23,4	8,8	0,0	8,8	88,1
Hornafjörður	40,7	5,3	46,0	61,5	0,0	61,5	93,5	0,0	93,5	39,3	0,0	39,3	240,3
	117,2	**19,1**	**136,3**	**192,6**	**3,9**	**196,5**	**250,4**	**0,0**	**250,4**	**206,8**	**0,0**	**206,8**	**790,0**
Suðurland													
Vestmannaeyjar	68,5	11,6	80,1	76,2	0,0	76,2	75,7	4,0	79,7	71,8	22,4	94,2	330,2
Þorlákshöfn	0,0	8,5	8,5	0,0	8,5	8,5	0,0	0,0	0,0	46,2	0,0	46,2	63,2
	68,5	**20,1**	**88,6**	**76,2**	**8,5**	**84,7**	**75,7**	**4,0**	**79,7**	**118,0**	**22,4**	**140,4**	**393,4**
Reykjanes													
Grindavík	32,9	61,1	94,0	73,0	70,0	143,0	46,3	90,7	137,0	84,8	35,0	119,8	493,8
Sandgerði	0,0	61,6	61,6	4,2	28,4	32,6	86,0	0,0	86,0	17,1	0,0	17,1	197,3
Hafnasamlag Suðurnesja	0,0	34,0	34,0	2,1	33,3	35,4	0,0	3,0	3,0	12,9	0,0	12,9	85,3
Hafnarfjörður	0,0	6,0	6,0	0,0	9,0	9,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	15,0
Garðabær	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kópavogur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
	32,9	**162,7**	**195,6**	**79,3**	**140,7**	**220,0**	**132,3**	**93,7**	**226,0**	**114,8**	**35,0**	**149,8**	**791,4**
Reykjavík			**0,0**			**0,0**			**0,0**			**0,0**	**0,0**
Óskipt	5,5	0,0	5,5	4,5	0,0	4,5	9,1	0,0	9,1	7,5	0,0	7,5	26,6
Samtals allt landið	**539,5**	**253,5**	**793,0**	**694,3**	**198,7**	**893,0**	**783,3**	**109,7**	**893,0**	**862,6**	**60,4**	**923,0**	**3.502,0**

II. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum.

Skýringar við töflu:

Áætlanatölur byggjast á kostnaðarútreikningum Siglingastofnunar yfir heildarkostnað. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs.

Verðlag miðast við áætlun um mitt ár 1999 (byggingarvísitala 237 stig).

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
VESTURLAND					
Grundartangi					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Akranes					
Aðalhafnargarður, styrking á brimvörn (100 m kafli næst enda)	19,0				75%
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Viðhaldsdýpkun (700–900 m³ á ári)	0,6		0,6	0,6	75%
Lenging viðlegu (sprengingar og dýpkun)		5,5			75%
Rifshöfn:					
Slitlag á tengibraut að Trébryggju (300 m² malbik)			0,9		60%
Breikkun þekju við stálþil í 20 m á 100 m kafla (500 m² malbik)			1,4		60%
Endurbygging og lenging Staurakista um 10 m, stálþil (35 m)				21,6	60%
Dýpkun til að viðhalda dýpi í innsiglingu og höfn (u.þ.b. 6.000 m³)				3,0	75%
Lenging stálþils, 1. áfangi – þil með kanti (80 m, dýpi 6 m)				46,2	60%
Ólafsvík:					
Endurnýjun innsiglingarbauju	2,2				75%
Bátabryggjan, nýir björgunarstigar með ljósi (18 stk.) og vatnslögn (6 úttök)			3,3		60%
Dýpkun til að viðhalda dýpi í innsiglingu og höfn (u.þ.b. 6.000 m³)				3,0	75%
Grundarfjörður					
Lenging Stórubryggju, stálþil (100 m dýpi 8 m), lagnir, lýsing og þekja (1.800 m²)	35,0	49,3	27,1		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)			3,1		60%
Lýsing og vatns- og raflögn við smábátahöfn			1,5		60%
Smábátaaðstaða, dýpkun (u.þ.b. 3.000 m³)				3,1	75%
Smábátaaðstaða, flotbryggja (40 m), fylling og grjótvörn fláa				8,5	60%
Stykkishólmur					
Stykkishöfn hafskipabryggja, styrking landgangs (stöplar og handrið á brú)	7,2				60%
Steinbryggjan, frágangur, rafmagn og vatnslögn	3,1				60%
Skipavík, ljósamasturs- og vatnshús			2,1		60%
Stálþil næst brúarbás Súgandisey (áætl. 20 m þil) og þekja við þilið				14,7	60%
Dráttarbraut Skipavík, endurbygging – hönnun og undirbúningur				6,0	60%
Búðardalur					
Smábátaaðstaða		5,3			75%
	67,1	**60,1**	**40,0**	**106,7**	

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
VESTFIRÐIR					
Reykhólar					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Vesturbyggð					
Brjánslækur:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Patreksfjörður:					
Innsigling lagfærð, stauravirki við enda Hafskipabryggju				25,0	60%
Bíldudalur:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Tálknafjörður					
Þekja við stálþil, lagnir og lýsing (steypt 300 m², klæðning 900 m²)	7,2				60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)			3,1		60%
Ísafjarðarbær					
Þingeyri:					
Tengibraut að flotbryggju smábátahöfn (klæðning u.þ.b. 700 m²)			1,2		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)			3,1		60%
Flateyri:					
Grjótvörn og steyptur kantur á 70 m þil við Hafnarkant (lokið verki frá 1998)	16,4				60%
Endurbygging Hafnarkants, frágangur, lagnir og steypt þekja (1.100 m²)		12,3			60%
Suðureyri:					
Grjótvörn við Brjótinn og á Norðurgarði, endurröðun og styrking (2.500 m³)	8,2				75%
Ísafjörður:					
Lenging Sundabakka (efni 1998), þilrekstur, kantur (70 m), lagnir og þekja (1.400 m³)	27,9	17,9			60%
Dýpkun í 7,5 m í Sundahöfn, Rennu og við Suðurtanga (110.000 m³)	56,1				75%
Bátahöfn við Olíumúla, endurbygging, 1. áfangi		24,0			60%
Dýpkun við Olíumúla og Viðgerðarbryggju (24.000 m³ – gröftur)		36,4			75%
Ferjubryggja Sundahöfn, lenging, staurabryggja úr harðviði (17 m)			11,2		60%
Ásgeirsbakki, endurbygging, 1. áfangi, stálþil (90 m, dýpi 8 m)			50,0		60%
Ásgeirsbakki, endurbygging, 1. áfangi, lagnir og þekja (1.400 m²)				15,9	60%
Bolungarvík					
Bætt aðstaða smábáta (flotbryggja 40 m)	7,4				60%
Grundargarður, breikkun og grjótvörn á u.þ.b. 300 m kafla (24.000 m³)		25,6			75%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)				3,1	60%
Súðavík					
Viðlegubryggja við Suðurgarð (20 m léttbyggð furubryggja – dýpi 3 m)		5,8			60%
Dýpkun hafnar – gröftur (u.þ.b. 3.000 m³)		6,0			75%
Norðurfjörður					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Drangsnes					
Dýpkun í innsiglingu og höfn í 4–5 m (sprengja boða og grafa u.þ.b. 5.000 m³)	16,2				75%
Drangsnesbryggja, hækkun efri hluta bryggju, steypt þekja (400 m²) og veggur (18 m)				6,2	60%
Hólmavík					
Viðlegubryggja úr timbri við Norðurgarð, síðari áfangi (20 m)	12,9				60%
	152,3	**128,0**	**68,6**	**50,2**	

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐURLAND VESTRA					
Hvammstangi					
Dýpkun hafnar í 5–6 m og innsiglingin í 7 m, sprengt að hluta (5.000 m³)		15,3			75%
Endurbygging vestur- og miðhluta Suðurbryggju, nýtt dekk og kantur (260 m²)				4,2	60%
Blönduós					
Dýpkun innan hafnar, hreinsað laust efni og grjót ofan af klöpp (2.000 m³)		5,6			75%
Hækkun kants sunnan á bryggju (100 m)		1,2			60%
Skagaströnd					
Skúffugarður, steyptur kantur 44 m, lýsing og þekja (1.500 m² malbik)		7,2			60%
Skagafjörður					
Sauðárkrókur:					
Tengibraut Hafnargarður – Sandeyri (800 m²)	3,0				60%
Stálþil Norðurgarði, endurbygging fremsta hluta og lenging 40 m (110 m dýpi 8,5 m)			23,9	38,9	60%
Dýpkun, snúningssvæði og innsigling í 8 m, við þil í 8,5 m (75.000 m³)	16,2			13,2	75%
Stálþil við Norðurgarð, lagnir, lýsing og steypt þekja (2.200 m²)				25,9	60%
Hofsós:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Haganesvík:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Siglufjörður					
Skjólgarður frá enda Brjótsins (33.000 m³)	41,1				75%
Bæjarbryggja, endurbygging, 1. áfangi, stálþil (100 m dýpi 8 m)		64,0			60%
Bæjarbryggja, endurbygging, lagnir og steypt þekja (u.þ.b. 1.800 m²)			22,6		60%
	60,3	**93,3**	**46,5**	**82,2**	
NORÐURLAND EYSTRA					
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Ólafsfjörður:					
Norðurgarður, styrking ysta hluta (grjótgarður 32.000 m³)				71,0	75%
Loðnulöndunarkantur, endurbygging, harðviðarbryggja (84 m, dýpi 6 m)				58,0	60%
Dalvík:					
Norðurgarður stálþil, endurbygging fremsta hluta (53 m, dýpi 8 m)	30,4				60%
Suðurgarður, þekja (600 m²)		4,5			60%
Norðurgarður, stálþil, þekja og lagnir (u.þ.b. 1.000 m²)		13,0			60%
Suðurgarður, styrking og endurröðun grjótvarnar (u.þ.b. 260 m x 30 m³/m)				16,4	75%
Árskógssandur/Hauganes:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Hrísey:					
Lenging Norðurgarðs (16.000 m³)	25,7				75%
Hafnasamlag Norðurlands					
Hjalteyri:					
Viðhaldsdýpkun	0,2		0,2		55%
Akureyri:					
Fiskihöfn Vesturbakki, 1. áfangi, stálþil (120 m, dýpi 9 m, þekja 2.400 m²)	85,8	30,6			60%
Fiskihöfn, dýpkun, 2. áfangi (91.000 m³)			41,0		55%

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Fiskihöfn Vesturbakki, 2. áfangi, stálþil (70 m, dýpi 9 m, þekja 1.400 m²)			45,1	17,9	40%
Oddeyrarbryggja, lenging, stálþil (60 m, dýpi 9 m, þekja 1.200)			45,7	15,4	40%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)			2,0		40%
Tangabryggja, lenging (30 m dýpi 8 m), Sverrisbryggja rifin			5,0	20,4	40%
Svalbarðseyri:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Grenivík:					
Smábátaaðstaða, flotbryggja – öldubrjótur (40 m)		13,4			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)		2,0			60%
Grímsey					
Styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (500 m³)			8,2		75%
Endurbygging fremsta hluta hafnargarðs, þekja (u.þ.b. 300 m²) og skvettmúr				10,1	60%
Húsavík					
Innsiglingarmerki, leiðarmerki færð og garðsendaljós	3,1				75%
Brimvarnargarður við Böku (300.000 m³ – grjót á lager 30.000 m³)		237,0	237,0		75%
Bökubakki, stálþil (150 m, dýpi 10 m)				132,3	60%
Bökubakki, frágangur, lagnir og steypt þekja fyrri áfangi (1.800 m²)				22,2	60%
Tjörneshöfn					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Kópasker					
Viðlegubryggja smábáta (15 m flotbryggja)	3,7				60%
Dýpkun hafnar (10.000 m³ dæling)				5,1	75%
Raufarhöfn					
Löndunarbryggja við Bræðslu, stálþil (50 m, dýpi 9 m), lokið verki frá 1998	39,1				60%
Fiskavíkurbryggja rifin	1,5				60%
Grjótgarður við Bátahöfn (4.000 m³)	7,2				75%
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur		1,6			75%
Löndunarbryggja við Bræðslu, lagnir, lýsing og steypt þekja (1.000 m²)			12,3		60%
Dýpkun innsiglingar, undirbúningsframkvæmd				7,0	75%
Þórshöfn					
Tengibraut að Hafskipabryggju, grjótflái (37 m) og steypt þekja (600 m²)		7,2			60%
Hafskipakantur, lenging, stálþil (15 m, dýpi 7 m)		11,7			60%
Hafskipakantur, lagnir, lýsing og steypt þekja (300 m²)		3,8			60%
Stálþil, II. og III. áfangi, stálþil (105 m dýpi 8 m), Olíubryggja rifin			70,3		60%
Stálþil, II. og III. áfangi, lagnir, lýsing og steypt þekja (u.þ.b. 1800 m²)				23,1	60%
Dýpkun við stálþil og snúningssvæði (u.þ.b. 30.000 m³)				45,6	75%
	196,7	**324,8**	**466,8**	**444,5**	
AUSTURLAND					
Bakkafjörður					
Vatnslögn á hafnarsvæði að Sjafnarbryggju (200 m)	3,3				60%
Lenging Löndunarbryggju, harðviðarbryggja (20 m, dýpi 3 m)				10,3	60%
Lenging Sjafnarbryggju, léttbyggð furubryggja (20 m, dýpi 2,5 m)				5,1	60%
Vopnafjörður					
Löndunarbryggja, stálþil (80 m, dýpi 8 m) samkvæmt líkantilraunum	11,0	70,3	19,6		60%
Dýpkun að löndunarbryggju (23.000 m³ sprengdir, 1.000 m²)	46,9				75%
Smábátahöfn, lýsing og raflögn (stofnlögn, hús og mastur)	5,0				60%

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Skjólgarður (u.þ.b. 210 m, 81.000 m³) samkvæmt líkantilraunum				106,0	75%
Tengibraut, Miðbryggja – Lýsisbryggja (u.þ.b. 1.800 m² klæðning og lýsing)				4,7	60%
Borgarfjörður eystri					
Dýpkun sunnan gömlu bryggju og í bátakví (u.þ.b. 3.600 m³)				6,7	75%
Seyðisfjörður					
Stormpolli við vesturenda Fjarðarhafnar	2,6				60%
Smábátahöfn og Mjölhúsbryggja, lagnir og lýsing		3,9			60%
Dráttarbraut, lokafrágangur		1,5			60%
Dýpkun rennu í Fjarðarhöfn í 8 m dýpi (85.000 m³)			42,1		75%
Fjarðarhöfn, landgangur fyrir ferju			9,4		75%
Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður					
Neskaupstaður:					
Lenging Togarabryggju, stálþil, 1. áfangi – þil með kanti (70 m, dýpi 8 m)			44,7		60%
Dýpkun vegna tilfærslu á flotbryggju (15.000 m³)			11,3		75%
Stækkun togarahafnar, færsla skjólgarðs (u.þ.b. 30.000 m³)			10,2	37,3	75%
Eskifjörður:					
Stálþil austan Bæjarbryggju, 1. áfangi (80 m, dýpi 10 m, þekja 1.600 m²)	39,1	19,6			60%
Dýpkun við stálþil (9.000 m³)		6,7			75%
Lenging Bræðslubryggju, lagnir, kantur (66 m) og þekja (520 m²)		8,7	4,1		60%
Stálþil austan Bæjarbryggju, 2. áfangi (50 m, dýpi 10 m, þekja 1.000 m²)			32,7	12,2	60%
Reyðarfjörður:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Fáskrúðsfjörður					
Hafskipabryggja, raflögn frágangur	3,6				60%
Stækkun Loðnulöndunarbryggju (harðviðarbryggja 40 m, dýpi 7 m)			29,8		60%
Endurbygging Bæjarbryggju, 1. áfangi (50 m, dýpi 7 m)				32,4	60%
Endurbygging Bæjarbryggju, lagnir, lýsing og þekja (1.000 m³)				12,4	60%
Stöðvarfjörður					
Smábátahöfn, flotbryggja (20 m)	3,9				60%
Smábátahöfn, lagnir, lýsing og slitlag á tengibraut (1.500 m²)		4,1			60%
Breiðdalsvík					
Gengið frá lögnum og lokið við þekju (1.080 m²)		8,9			60%
Djúpivogur					
Skjólgarður í Gleðivík (u.þ.b. 45.000 m³)		74,5			75%
Löndunarkantur í Gleðivík, stálþil (60 m, dýpi 8 m, þekja 1.200 m²)			39,0	14,7	60%
Hornafjörður					
Dýpkun hafnar, viðhaldsdæling í höfn og innsiglingu (15.000 m³ árlega)	6,3	6,3	6,3	6,3	75%
Þinganesgarður milli Austurfjöru og Þinganesskerja (30.000 m³)	48,0				75%
Faxeyrarhöfn, skjólgarður (u.þ.b. 15.000 m³)		24,3			75%
Faxeyrarhöfn, dýpkun í höfn og innsiglingarrennu (u.þ.b. 400.000 m³)		51,4	56,5		75%
Leiðigarður sunnan hafnarmynnis (u.þ.b. 2.500 m³)			4,1		75%
Faxeyrarhöfn, stálþilsbryggja (100 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja 2.000 m²)			72,1	24,5	60%
Endurbygging bryggju við vogarhús, harðviðarbryggja (45 m, dýpi 5 m)				33,1	60%
	169,7	**280,2**	**381,9**	**305,7**	

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
SUÐURLAND					
Vestmannaeyjar					
Friðarhafnarkantur, austurendi, nýbygging, lagnir, lýsing og steypt þekja (1.400 m²)	18,5				60%
Friðarhafnarkantur, endurbygging, stálþil (210 m, dýpi 9 m, þekja 4.000 m² malbik)	57,9	28,9			60%
Friðarhöfn Ískantur, endurbygging, stálþil (74 m, dýpi 8 m, þekja 1.700 m² malbik)	37,8	11,0			60%
Nausthamarsbryggja, endurbygging, efniskaup og sprengdur skurður		85,4			60%
Smábátahöfn innan Nausthamars, dýpkun í 2 m (u.þ.b. 4.000 m³)		2,0			55%
Smábátaaðstaða, landstöplar (3 stk.), færðar flotbryggjur, lýsing og frágangur			6,2		40%
Nausthamarsbryggja, endurbygging, stálþil (300 m dýpi 9 og 5 m, þekja 3.800 m² malbik)			82,2	26,7	40%
Friðarhöfn, endurbygging suðurkants, stálþil (86 m, dýpi 7 m, þekja 1.400 m² malbik)			44,0	11,2	40%
Dýpkun að Friðarhafnarkanti og Suðurkanti (u.þ.b. 30.000 m³, að hluta klapparsprenging)				14,4	55%
Dýpkun snúningssvæðis og siglingarleiðar innan hafnar í 7,5 m (u.þ.b. 20.000 m³)				9,3	55%
Dýpkun norðan Nausthamarsbryggju í 9 m (u.þ.b. 15.000 m³, 6.000 m²)				20,5	55%
Dýpkun í innsiglingu (viðhaldsdýpkun, u.þ.b. 40.000 m³ dæling)				20,6	55%
Friðarhöfn, endurbygging norðurkants, stálþil (100 m, dýpi 7 m)				52,6	40%
Þorlákshöfn					
Dýpkun innan hafnar (u.þ.b. 30.000 m³ sprengt og grafið)				61,6	75%
	114,2	**127,3**	**132,4**	**216,9**	
REYKJANES					
Grindavík					
Dýpkun innsiglingarleiðar, ytri hluti (540x70 m, dýpi 9,5 m)	228,5	228,5			75%
Merking siglingarleiðar, tveir staurar við rennu og ný leiðarmerki í landi		7,2			75%
Skjólgarður vestan innsiglingar (80.000 m³)			92,4		75%
Skjólgarður austan innsiglingar (100.000 m³)				113,0	75%
Sandgerði					
Flotbryggja (40 m)		7,0			60%
Dýpkun milli Norðurgarðs og Suðurbryggju (u.þ.b. 37.000 m³, spr.10.000 m²)			154,0		75%
Norðurgarður, lenging, stálþil (50 m, dýpi 8, þekja 1.000 m²)			39,7	12,3	60%
Suðurbryggja norðurhlið, stálþil (80 m, dýpi 7m)			61,1	6,8	60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)				3,0	60%
Löndunarbryggja við Fiskmarkað, harðviðarbryggja (30 m, dýpi 5 m)				23,0	60%
Hafnasamlag Suðurnesja					
Garður:					
Endurbætt lýsing og innsiglingarljós á bryggjuhaus		3,5			60%
Reykjanesbær:					
Öldudempari Helguvík, sprengt berg við suðurhluta hafnar				15,4	75%
Festipollar við vestur- og austurenda viðlegu í Helguvík (2 stk. 100 t pollar)				2,1	60%
Vogar:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Hafnarfjörður					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Garðabær					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Kópavogur					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
	228,5	**246,2**	**347,2**	**175,6**	
REYKJAVÍK					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
ALLT LANDIÐ					
Kostnaður alls við ríkisstyrktar framkvæmdir:	988,8	1259,9	1483,4	1381,8	
Óskipt:	8,2	6,7	13,6	11,2	
Heildarkostnaður hvert ár:	**997,0**	**1.266,6**	**1.497,0**	**1.393,0**	
Samtals árin 1999–2002:				**5.153,6**	
Þar af hlutur ríkisins:				3.400,0	
Hlutur hafnarsjóða:				1.753,6	

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Þingsályktun um hafnaáætlun 1997–2000 var samþykkt á Alþingi 17. maí 1997.

Undirbúningur að gerð hafnaáætlunar fyrir árin 1999–2002 hófst með því að sent var bréf til hafnarstjórna í febrúar 1998. Óskað var eftir að þær gerðu grein fyrir framkvæmdaþörf og æskilegri forgangsröðun verkefna. Svör bárust frá 44 aðilum af þeim 50 sem fengu send gögn. Lauslega áætlað var heildarkostnaður við framkvæmdir, sem sveitarfélögin töldu þörf á að lokið yrði á áætlunartímabilinu, rúmir 10,7 milljarðar kr. (verðlag maí 1998).

Að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 1998 var öllum sem sent höfðu inn óskir sendur verkefnalisti fráfarandi hafnarstjórnar og nýjum aðilum í sveitarstjórnum gefinn þriggja vikna frestur til að leggja fram breytingartillögur við þann lista. Svör bárust frá 14 höfnum og fólu aðallega í sér óskir um að færa til verkefni milli ára eða aukin verkefni.

Verkefni voru valin þannig inn á hafnaáætlun að stuðst var við reiknilíkan sem raðaði framkvæmdum í forgangsröð á grundvelli þarfagreiningar. Vinnan við þarfagreiningu fólst í að meta viðlegu- og löndunarálag á höfnum, flokka hafnirnar eftir stærð og ákvarða staðalkröfur sem hver flokkur átti að uppfylla. Þarfagreiningin var að mestu unnin á árunum 1994–1996 og voru niðurstöður birtar í skýrslunni „Hafnalýsing“ sem gefin var út af Vita- og hafnamálastofnun í september 1996.

Forgangsröðunin byggðist á því sem fram kemur í skýrslunni, en stuðst var við nýjar tölur úr opinberum gögnum frá Fiskistofu, Hagstofu, Byggðastofnun og Fiskifélagi Íslands. Mat á viðlegu- og löndunarálagi var einnig endurskoðað hjá allmörgum höfnum til að tryggja að forsendur forgangsröðunar yrðu sem raunhæfastar.

Áður en áætlunin var lögð fram voru stjórn hverrar hafnar sendar tillögur Siglingastofnunar um framkvæmdir við þá höfn til umsagnar eins og kveðið er á um í hafnalögum.

2. Meginþættir hafnaáætlunar.

Samkvæmt hafnaáætlun eru eftirfarandi framkvæmdir áformaðar:

Árið 1999 er áætlað að framkvæma fyrir 997,0 m.kr. hjá 25 hafnarsjóðum.

Árið 2000 er áætlað að framkvæma fyrir 1.266,6 m.kr. hjá 26 hafnarsjóðum.

Árið 2001 er áætlað að framkvæma fyrir 1.497,0 m.kr. hjá 21 hafnarsjóði.

Árið 2002 er áætlað að framkvæma fyrir 1.393,0 m.kr. hjá 27 hafnarsjóðum.

Samtals er kostnaður við ríkisstyrktar hafnargerðir áætlaður 5.153 m.kr. á árunum 1999–2002. Hlutur sveitarfélaganna í þessum framkvæmdum er 1.753,6 m.kr. en hlutur ríkissjóðs 3.400,0 m.kr. Áætlað er að skuld ríkissjóðs við hafnarsjóðina í árslok 1998 verði 688,5 m.kr. en jafnframt var til ónotuð fjárveiting frá fyrri árum, 125,6 m.kr. Þá er áætlað að hlutur ríkissjóðs í styrkhæfum fjármagnskostnaði nemi 3,7 m.kr. Gert er ráð fyrir að skuld ríkissjóðs við hafnarsjóðina frá fyrri árum verði gerð upp á áætlunartímabilinu, en jafnframt verði frestað fram yfir lok áætlunartímabilsins uppgjöri á 464,6 m.kr (Húsavík 155,0 m.kr, Grindavík 209,6 m.kr. og Sandgerði 100 m.kr). Samkvæmt hafnaáætlun þessari er því áformað að framlög ríkissjóðs til hafnarmannvirkja á árunum 1999–2002 nemi samtals 3.502,0 m.kr.

Fjárveiting á fjárlögum 1999 til hafnarmannvirkja er áætluð 793,0 m.kr. og enn fremur verða nýttar 43,7 m.kr. af geymdri fjárveitingu. Samtals verða því 836,7 m.kr. til ráðstöfunar á næsta ári. Af þessari upphæð fara 539,5 m.kr. til framkvæmda við ný hafnarmannvirki, en 297,2 m.kr. til uppgjörs við hafnarsjóðina. Ríkisframlag að upphæð 138,5 m.kr. vegna framkvæmda ársins verður gert upp síðar.

Nánari sundurliðun á kostnaði og kostnaðarskiptingu við einstakar hafnir er að finna í I. og II. kafli áætlunarinnar. Í I. kafla er yfirlit yfir áætlaða fjárveitingaþörf, þ.e. framlag til nýframkvæmda og uppgjörs hvert ár. Í II. kafla er sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum ásamt kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélags.

Allar kostnaðartölur í áætluninni eru á áætluðu verðlagi um mitt ár 1999 (byggingarvísitala 237,0 stig).

3. Uppgjör eldri framkvæmda.

Óuppgerður hluti ríkissjóðs vegna framkvæmda á árinu 1998 eða fyrr, sem kemur til greiðslu af fjárveitingum 1999 eða síðar, er áætlaður 688,5 m.kr. Ónotuð fjárveiting frá fyrri árum er 125,6 m.kr. Þessar tölur byggjast á bráðabirgðauppgjöri Siglingastofnunar frá í október 1998. Miðað er við að gera upp þessar skuldir við hafnarsjóðina á áætlunartímabilinu. Lagt er til að 66,1 m.kr. af ónotaðri fjárveitingu renni til að gera upp skuldir, en eftirstöðvarnar, 59,5 m.kr., renni til nýrra framkvæmda. Áætlunin gerir ráð fyrir að heimila framkvæmdir umfram fjárveitingar á Húsavík, í Grindavík og Sandgerði. Skuld ríkisins vegna framkvæmda á þessum stöðum er samtals áætluð 464,6 m.kr. í lok tímabilsins. Að öðru leyti er gert ráð fyrir fjárveitingum fyrir öllum nýjum framkvæmdum á tímabilinu.

Óuppgerður hlutur ríkissjóðs í framkvæmdum 1998 eða fyrr hefur að hluta verið fjármagnaður með lánum þar sem fyrir liggur samþykkt um að fjármagnskostnaður sé styrkhæfur. Hætt var að veita slík lán árið 1997. Höfuðstóll lána með styrkhæfum fjármagnskostnaði verður uppgreiddur í árslok 1999. Hlutur ríkisins í fjármagnskostnaði er áætlaður 3,7 m.kr. árið 1999. Á áætlunartímabilinu þarf því til uppgjörs eldri framkvæmda að meðtöldum ríkishluta í fjármagnskostnaði 626,1 m.kr. Í I. kafla er fjármagnskostnaður innifalinn í tölum um uppgjör skulda hjá einstökum höfnum.

Fjármagnskostnaður vegna láns sem tekið var vegna dýpkunar í Sandgerði er á sérstökum fjárlagalið. Áætlað er að hann nemi 11,3 m.kr. árið 1999.

4. Um áætlanir.

Í tæpa fjóra áratugi hefur Siglingastofnun (áður Vita- og hafnamálastofnun) unnið fjögurra ára áætlun, hafnaáætlun, um framkvæmdir í höfnum. Áætlun þessi sem er endurskoðuð á tveggja ára fresti hefur í senn verið undirstaða fjárveitinga ríkisins og grunnur fyrir framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna á þessu sviði. Þetta á þó sérstaklega við um síðustu áætlun, sem samþykkt var á Alþingi vorið 1997, en fram að því hafði hafnaáætlun aðeins verið lögð fram sem þingskjal.

Áætlunin byggist á óskum hafnarstjórna um framkvæmdir sem nema töluvert hærri fjárhæð en til ráðstöfunar er. Vinna við áætlunargerðina felst aðallega í því að vinna úr óskalistanum og finna brýnustu verkefnin þannig að framkvæmdir verði í samræmi við fjárveitingar til málaflokksins. Fram til þessa hafa ekki ríkt neinar fastmótaðar reglur við val verkefna á hafnaáætlun. Lagt hefur verið huglægt mat á hvaða framkvæmdir ríkið ætti helst að taka þátt í að fjármagna.

Gagnrýni á þessi vinnubrögð hefur farið vaxandi á síðari árum. Bent hefur verið á hættu á offjárfestingu í einstökum höfnum þegar ekki liggur fyrir samræmt mat á framkvæmdaþörf. Hafnirnar keppa um það fjármagn sem ríkið veitir til hafnarframkvæmda og eru jafnframt oft í baráttu um sömu viðskiptavini. Til að bregðast við þessari gagnrýni hefur Siglingastofnun á undanförnum árum lagt mikla vinnu í söfnun grunnupplýsinga og gerð reiknilíkans til forgangsröðunar á verkefnum.

Vinna við þetta var langt komin við undirbúning síðustu áætlunar og við það var miðað að áætlun fyrir árin 1999–2002 yrði unnin samkvæmt forgangsröðun á grundvelli þarfagreiningar. Hagfræðistofnun Háskólans var á síðastliðnu sumri fengin til að yfirfara þá vinnu sem þá lá fyrir og til að aðstoða á lokastigum við gerð reiknilíkansins.

Í stuttu máli felst forgangsröðunin í að reiknuð eru stig fyrir hverja framkvæmd og þær framkvæmdir sem fá nægjanlega mörg stig komast inn á hafnaáætlun. Stigagjöfin er samsett úr tveimur aðalþáttum.

Fyrri aðalþátturinn er umsvif hafnanna. Umsvifin skiptast í eftirtalda þrjá undirþætti sem hverjum um sig er gefið ákveðið vægi:

Kostnaðarviðmið	(50%)	*⅓ x fjöldi ársverka í fiskveiðum/kostnaði við framkvæmd, ⅓ x aflaverðmæti/ kostnaði og ⅓ x aflamagn/kostnaði.*
Atvinnusjónarmið	(25%)	*⅖ x fjöldi ársverka í fiskveiðum og vinnslu, ⅖ x aflamagn og ⅕ x fiskkaup fiskvinnslu á staðnum.*
Byggðasjónarmið	(25%)	*½ x fjöldi ársverka í fiskveiðum/fjölda ársverka alls á staðnum og ½ x samgöngur. Eyjar og staðir háðir samgöngum á sjó fá hér mest.*

Síðari aðalþátturinn felst í að meta þær hafnarbætur sem viðkomandi framkvæmd leiðir af sér. Í reiknilíkanið eru skráðar upplýsingar um núverandi ástand hafnanna. Jafnframt er skráð hvaða stærðarflokki viðkomandi höfn tilheyrir. Staðalkröfur sem snerta dýpi og stærð snúningssvæða eru breytilegar eftir því hvort um er að ræða stóra fiskihöfn, meðalstóra fiskihöfn, bátahöfn eða smábátahöfn. Hafnarbætur eru flokkaðar í sex undirþætti. Hverjum þætti er gefið vægi líkt og áður. Úrbætur, sem hver einstök framkvæmd leiðir af sér á einum

eða fleiri þessara þátta, eru reiknaðar og niðurstöður settar inn í líkanið. Undirþættir hafnarbóta og vogtölur eru eftirfarandi:

Innsigling/dýpi	(25%)	*Reiknast ef dýpi og aðstæður uppfylla ekki staðalkröfur.*
Stækkun viðlegurýmis	(15%)	*Reiknast aðeins ef núverandi nýting er yfir 80%.*
Stækkun löndunarrýmis	(25%)	*Reiknast aðeins ef núverandi nýting er yfir 80%.*
Snúningssvæði	(10%)	*Reiknast ef rými innan hafnar uppfyllir ekki staðalkröfur.*
Endurbygging	(15%)	*Reiknast ef metin er þörf á endurbyggingu.*
Frágangur mannvirkja og staðalbúnaður	(10%)	*Ljúka framkvæmdum, siglingamerki, slysavarnir, aðstaða til þjónustu við skip o.fl.*

Eftir að stig fyrir umsvif og hafnarbætur hafa verið reiknuð eru þau margfölduð saman og fæst þannig heildareinkunn fyrir hverja framkvæmd. Það að margfalda saman stigin þýðir að framkvæmd fær því aðeins einkunn að þarfagreining hafi leitt í ljós að hún feli í sér tilteknar hafnarbætur.

Ný verkefni á hafnaáætlun voru valin eftir forgangsröðun samkvæmt því sem að framan er lýst. Verkefni sem voru á áður samþykktri hafnaáætlun 1997–2000 og enn er ólokið voru tekin inn að nýju, ef fyrir lá ósk viðkomandi hafnarstjórnar þar að lútandi. Meginreglan er að þessi verkefni fari inn á árunum 1999–2000.

5. Kostnaðarskipting milli ríkis og hafnarsjóða.

Í II. kafla hafnaáætlunar, sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum, er auk heildarkostnaðar gerð grein fyrir hluta ríkissjóðs í hverri framkvæmd.

Í 22. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, segir að greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skuli ákveðin um leið og verk eru tekin inn á hafnaáætlun og skuli tekin til endurmats á tveggja ára fresti við endurskoðun hafnaáætlunar. Jafnframt segir að við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs skuli tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 21. gr. laganna. Á grundvelli þessara ákvæða og hliðstæðra ákvæða í eldri lögum hafa framlög til framkvæmda í fáeinum höfnum verið skert um lengri eða skemmri tíma á undanförnum árum. Í nokkrum sveitarfélögum er ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður styrki hafnarframkvæmdir á áætlunartímabilinu. Í öðrum sveitarfélögum verða einungis þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í áætluninni metnar styrkhæfar.

Við gerð þessarar hafnaáætlunar er fylgt sömu meginreglu við ákvörðun á greiðsluþátttöku ríkissjóðs og í fyrri áætlun. Ríkissjóður greiðir þannig 75% í hafnargörðum (öldubrjótum), dýpkunum og siglingamerkjum (skv. 21. gr. hafnalaga er hámarkið 90%). Í bryggjum og öðrum innri mannvirkjum hafna sem styrkhæf eru samkvæmt hafnalögum greiðir ríkið 60% (hámark skv. 21. gr. hafnalaga). Í samræmi við ákvæði í 28. gr. hafnalaga er gert ráð fyrir að Hafnabótasjóður veiti styrk sem nemur 15% af heildarframkvæmdakostnaði til tekjulágra hafna í fámennum sveitarfélögum. Hlutur þessara minni sveitarfélaga í hafnargörðum og dýpkunum getur því áfram náð því hámarki sem kveðið er á um í hafnalögum.

Með vísun í 3. mgr. 22. gr. hafnalaga er ákveðið að hjá hafnarsjóðum sem höfðu yfir 100 m.kr. í tekjur á árinu 1997 lækki greiðsluþátttaka ríkissjóðs um 20 prósentustig frá því sem að framan greinir (þ.e. úr 75% í 55% og 60% í 40%). Þetta á við um Hafnasamlag Norður-

lands og Vestmannaeyjar. Lækkunin nær þó eingöngu til nýrra verkefna, þ.e. greiðsluþátttaka í þeim verkefnum sem voru á fyrri áætlun og ekki er lokið helst óbreytt.

Við sameiningu Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar varð til hafnarsjóður sem væntanlega mun einnig fara yfir 100 m.kr. tekjumarkið. Þar sem hér er um nýjan hafnarsjóð að ræða og einhvern tíma mun taka að ná fram hagræðingu í kjölfar sameiningar er ekki gert ráð fyrir að framlag ríkisins verði skert á áætlunartímabilinu.

344. Svar [157. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um störf í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

1. *Hversu mörg stöðugildi eru í Flugstöð Leifs Eiríkssonar?*
Í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eru 576 störf.

2. *Hvernig deilast þau á einstök svið?*
Stöðugildi deilast þannig á einstök svið:
   a. verslunar-, banka- og veitingastarfsemi ..... 303 störf
   b. ræsting, þrif og viðhald ..... 21 starf
   c. bílaleigur ..... 10 störf
   d. flugstöð Leifs Eiríkssonar og Flugmálastjórn ..... 13 störf
   e. Flugleiðir hf., önnur störf ..... 229 störf

3. *Hversu mörg ný störf urðu til við breytingar á verslunarrekstri í flugstöðinni?*
Stöðugildi árið 1997 í þjónustu og verslun voru 195, en eru 303 núna. Við breytingar á verslunar-, banka- og þjónustustarfsemi fjölgaði starfsmönnum um 108.

4. *Hversu mörg ný störf er áætlað að skapist við stækkun stöðvarinnar?*
Áætlað er að fyrsti áfangi í stækkun flugstöðvarinnar, þ.e. suðurbygging, skapi 70–80 störf.

345. Svar [208. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ólafs Hannibalssonar um vöxt fiskstofna og stjórnkerfi fiskveiða.

1. *Verður vöxtur og viðgangur einstakra tegunda innan fiskveiðilögsögunnar rakinn til þeirrar breytingar að kerfi aðskilinna, framseljanlegra aflaheimilda var tekið upp, sbr. orð ráðherra í ræðu hans á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nýlega?*
Í ræðunni hjá Sameinuðu þjóðunum nú á haustdögum var fjallað um mikilvægi þess að hafa yrði stjórn á fiskveiðum í heiminum. Það var megininntak ræðunnar. Lögð var áhersla á að stjórn og takmörkun á sókn í íslenska fiskstofna hefði tvímælalaust stuðlað að vexti þeirra og viðgangi. Samspil lífríkis og umhverfisþátta í hafinu er hins vegar svo flókið og

margslungið fyrirbæri að hæpið er að fullyrða að einn þáttur eða tveir ráði þar úrslitum. Til þess eru hafrannsóknir og fiskrannsóknir ekki nógu fullkomin vísindi.

Reynslan sýnir að með aflamarki er auðveldara að takmarka veiðarnar en með sóknarmarki. Framseljanlegar aflaheimildir stuðla að hagkvæmni í rekstri sjávarútvegs og auknum arði fyrir þjóðarbúið.

2. *Hver hefur vöxtur og viðgangur eftirfarandi tegunda verið síðan kerfi framseljanlegra aflaheimilda var tekið upp: Þorskur, ýsa, gullkarfi, djúpkarfi, úthafskarfi, ufsi, steinbítur, grálúða, skarkoli, sandkoli, langlúra, skrápflúra, innfjarðarrækja, hafrækja, humar, hörpudiskur, loðna, sumargotssíld, norsk-íslensk síld?*

Nákvæmar upplýsingar um vöxt og viðgang einstakra fiskstofna eru ekki fyrirliggjandi hjá utanríkisráðuneytinu, hvorki frá því fyrir eða eftir þann tíma að kerfi framseljanlegra aflaheimilda var tekið upp. Ljóst er að aflamarkskerfið hefur leitt til betri stjórnunar og takmarkana en sóknarmarkskerfið hefði skilað.

3. *Geta íslenskir vísindamenn á þessu sviði staðfest áðurgreind ummæli ráðherra? Ef ekki, finnst ráðherra þá ástæða til að senda allsherjarþinginu frekari skýringu á ummælunum?*

Margítrekað hefur komið fram hjá virtum vísindamönnum innan hafrannsókna og hagfræði að fiskveiðistjórnunarkerfi Íslendinga hefur stuðlað að betri nýtingu sjávarfangs og auknum vexti fiskstofna.

346. Tillaga til þingsályktunar [292. mál]

um mat á áhrifum lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggðaþróun.

Flm.: Magnús Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristinn H. Gunnarsson, Egill Jónsson, Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason.

Alþingi ályktar að með stjórnarfrumvörpum sem lögð eru fyrir Alþingi fylgi mat á því hvaða áhrif lögfesting kann að hafa á byggðaþróun í landinu.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur byggðaþróun í landinu verið sú að þúsundir Íslendinga hafa flutt af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins umfram þá sem hafa flutt til landsbyggðarinnar.

Ljóst er að lögfesting einstakra lagafrumvarpa getur haft bein áhrif á byggðaþróun. Sem dæmi má nefna að fjárlög hvers árs eru stefnumótandi um það hvernig nýta á fjármagn ríkissjóðs til ýmissa hluta. Ákvæði fjárlaga um útgjöld í einstökum málaflokkum geta haft einföld og bein áhrif á byggðaþróun, til lengri og skemmri tíma. Þannig geta fjárlög jafnt stuðlað að sterkari stöðu byggðanna úti um landið sem veikt stöðu þeirra. Lögfesting stjórnarfrumvarpa í ýmsum málaflokkum hefur einnig bein áhrif. Því er afar mikilvægt að eins ljóst liggi fyrir og kostur er hvaða áhrif lagasetningin hefur á byggðaþróun, bæði við frumvarpssmíðina og við umfjöllun Alþingis.

Þegar stjórnarfrumvörp eru í smíðum eru þau unnin að frumkvæði viðkomandi ráðuneyta. Oftast koma hagsmunaaðilar að þeirri vinnu, samráð er haft milli pólitískra samherja og í einstaka tilfellum vinna þingmenn að málum. Áður en lokið er við að semja stjórnarfrumvarp gefur fjármálaráðuneytið umsögn um hvaða áhrif lögfesting þess komi til með að hafa á tekjur eða gjöld ríkissjóðs. Á sama hátt hlýtur að vera nauðsynlegt að skoðað verði hvaða áhrif lögfesting frumvarpa getur haft á byggðaþróun í landinu, ekki síst í ljósi þess hve alvarleg og neikvæð byggðaþróunin hefur verið á Íslandi mörg undanfarin ár.

Þegar lagafrumvörp eru samin er mörkuð stefna um það á hverju viðkomandi lög skuli taka. Á því stigi málsins er mikilvægt að þeir sem semja lagafrumvörp geri sér sem besta grein fyrir áhrifum þeirra eftir að þau verða að lögum. Því er nauðsynlegt fyrir framkvæmdarvaldið og stjórnsýsluna að leitast við að gera sér grein fyrir því hvaða áhrif lögfesting lagafrumvarpa kemur til með að hafa á byggðaþróun. Færa má rök fyrir því að hagsmunir íbúa landsbyggðarinnar hafi verið látnir víkja fyrir öðrum hagsmunum. Í því sambandi má nefna fjárhagslega hagsmuni varðandi útgjöld ríkissjóðs sem lúta tölulegum lögmálum en í slíkum tilfellum skortir oft á að hugað sé að heildarhagsmunum þjóðarinnar. Leiða má líkur að því að í slíkum tilfellum hafi áhrif lagasetninga ýtt undir byggðaþróun undanfarinna ára.

Stjórnsýslan og framkvæmdarvaldið hefur að langmestu leyti aðsetur á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn þess og embættismenn eru langflestir búsettir á því svæði og hafa takmörkuð tengsl og skilning á aðstæðum og hagsmunum annarra Íslendinga sem búa á landsbyggðinni. Þessir aðilar, sem hafa mikið um útfærslu lagafrumvarpa að segja, hafa hagsmuni byggðanna úti um landið eðlilega ekki efst í huga við frumvarpsgerðina eða þegar þeir fjalla um ýmis atriði á sviði framkvæmdarvaldsins. Ekki er fullyrt hér að þetta sé algilt en leiða má líkur að því að svona hafi málum verið háttað.

Þegar leggja á mat á afleiðingar lögfestingar lagafrumvarpa á byggðaþróun í landinu má telja eðlilegt að Byggðastofnun sé falið að vinna slík verkefni. Stofnunin býr yfir alhliða þekkingu á málefnum og hagsmunum landsbyggðarinnar og því væri rökrétt að stofnunin ynni að slíkum verkefnum.

347. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til leiklistarlaga.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Frumvarp til leiklistarlaga var lagt fram á 122. þingi en var ekki afgreitt þá vegna mikillar gagnrýni sem fram kom á ákveðna efnisþætti málsins. Frumvarp sama efnis var lagt fram í upphafi þessa þings og hefur nú verið til meðferðar í menntamálanefnd. Nokkrar breytingar urðu á málinu milli þinga og víðtækara samráð var haft um meðferð þess en áður. Gagnrýnisatriðum hefur því fækkað. Þó standa enn eftir atriði sem minni hlutinn telur ástæðu til að vekja athygli á eða gagnrýna og flytja breytingartillögur við.

Minni hlutinn telur að ekki hafi verið rökstutt nægjanlega að lög um Þjóðleikhús og leiklistarlög skuli felld saman í ein leiklistarlög. Það er í mótsögn við þá aðferð sem viðhöfð er við t.d. löggjöf um háskóla þar sem sett eru almenn lög um háskóla og síðan sérlög um hvern skóla eftir því sem við á. Sama virðist eiga við um útvarp. Með einungis einum leiklistarlögum fær Þjóðleikhúsið nýjan ramma um starfsemi sína í þrettán greinum, en öll önnur leik-

listarstarfsemi í landinu verður sett undir sama hatt í þremur greinum. Samkvæmt því verður einungis eitt leikhús í landinu viðurkennt í leiklistarlögum, Þjóðleikhúsið.

Aðalgagnrýnin á frumvarpið sjálft hefur hins vegar beinst að 6. og 16. gr. þess. Í 6. gr. er fjallað um ráðningu þjóðleikhússtjóra og sú breyting gerð frá gildandi lögum að gert er mögulegt að þjóðleikhússtjóri sitji lengur en tvö ráðningartímabil. Minni hlutinn hefur farið yfir álitaefni sem þessu tengjast og skilur þá gagnrýni sem fram er sett, enda var það lengi baráttumál leiklistarfólks að sett yrði í lög að ráðningartími þjóðleikhússtjóra yrði takmarkaður við tvö tímabil. Minni hlutinn vill hins vegar líta til þess að umræða og vinnubrögð hafa breyst þannig á undanförnum árum að rétt er að láta reyna á ákvæði frumvarpsins. Umræða og gagnrýni er mun opnari nú en áður og í ljósi þess má ætla að þjóðleikhússtjóra verði ekki sætt frekar en öðrum sem ekki standast væntingar eða kröfur samtímans. Minni hlutinn styður hins vegar breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar um kröfur um listmenntun þjóðleikhússtjóra.

Sú gagnrýni sem sett hefur verið fram á 16. gr. frumvarpsins beinist að því annars vegar að grónar leiklistarstofnanir skuli ekki áfram eiga sess í leiklistarlögum og hins vegar að ekki skuli vera gert ráð fyrir faglegu mati þegar gerðir eru samningar við rekstraraðila leiklistarstofnana eða félaga. Við þessari gagnrýni bregst minni hlutinn með breytingartillögu við greinina þar sem ríkisvaldið er skuldbundið ákveðnum listastofnunum og kveðið er á um að fram fari faglegt mat þegar menntamálaráðherra gerir samninga við rekstraraðila annarra leiklistarstofnana. Í gildandi lögum segir að Alþingi veiti árlega fé til stuðnings tiltekinnar leiklistarstarfsemi. Minni hlutinn telur að vilji Alþingis standi enn til að styðja við grónar og mikilvægar stofnanir eins og Leikfélag Akureyrar, Leikfélag Reykjavíkur, Bandalag íslenskra leikfélaga, Íslenska dansflokkinn og Íslensku óperuna og að sá vilji eigi að koma fram í leiklistarlögum en ekki vera kominn undir geðþótta framkvæmdarvaldsins hverju sinni.

Svavar Gestsson áheyrnarfulltrúi í menntamálanefnd er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 25. nóv. 1998.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Guðný Guðbjörnsdóttir.

348. Breytingartillögur [146. mál]

við frv. til leiklistarlaga.

Frá minni hluta menntamálanefndar (SvanJ, GGuðbj).

Við 16. gr.

1. Við bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:
   Alþingi veitir árlega fé í fjárlögum til eftirtalinna stofnana: Leikfélags Reykjavíkur, Leikfélags Akureyrar, Bandalags íslenskra leikfélaga, Íslensku óperunnar og Íslenska dansflokksins.

2. 2. mgr., er verði 3. mgr., orðist svo:
   Menntamálaráðherra skal gera samninga við aðila skv. 1. mgr. Samningar við aðra aðila skulu gerðir að fengnum tillögum leiklistarráðs.

349. Svar [49. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um virðisaukaskatt.

1. *Hvert hefur hlutfall virðisaukaskatts af innlendri starfsemi verið í heildarinnheimtu virðisaukaskattsins árlega sl. átta ár?*

Taflan hér að neðan sýnir virðisaukaskatt sem greiddur var við innflutning, virðisaukaskatt sem lagður var á innan lands og virðisaukaskatt samtals, svo og virðisaukaskatt sem lagður var á innan lands sem hlutfall af heildarálagningunni.

Virðisaukaskattur í millj. kr.

Ár	Innflutningur	Innan lands	Samtals	Innan lands, %
1990	20.349	19.070	39.419	48,38
1991	24.027	20.521	44.548	46,06
1992	22.092	23.415	45.507	51,45
1993	21.894	23.790	45.684	52,08
1994	23.331	22.614	45.945	49,22
1995	26.253	20.123	46.376	43,39
1996	31.235	18.523	49.758	37,23
1997	33.691	21.842	55.533	39,33

2. *Hvaða skýringu hefur fjármálaráðherra á lækkandi hlutfalli virðisaukaskatts af innlendri starfsemi? Eru áform um að bregðast við þeirri þróun?*

Hlutfallið sem fram kemur í svari við 1. lið endurspeglar þau tengsl sem eru á milli virðisaukaskatts sem greiddur er við innflutning og virðisaukaskatts sem skilað er samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum innan lands. Virðisaukaskattur við innflutning kemur að verulegu leyti fram sem innskattur á virðisaukaskattsskýrslum og dregur þar með úr skilum á virðisaukaskatti innan lands. Árin 1992 og 1993 var innflutningur lægri en árið á undan og þá hækkaði hlutfall innlendra skila. Frá og með árinu 1994 fór innflutningur aftur vaxandi ár frá ári og lækkaði þá hlutfall innlendra skýrsluskila. Á árinu 1996 varð mesta aukning á virðisaukaskatti í innflutningi á þessu tímabili en þá hækkaði hann um tæpa 5 milljarða kr. Hlutfall skila innan lands lækkaði það ár um rúm 6%.

Skipting virðisaukaskatts eftir skilum við innflutning og samkvæmt skýrslum innan lands er ekki góð vísbending um þróun álagningar virðisaukaskatts af ýmsum ástæðum. Helsta ástæðan er eins og áður getur að langstærstur hluti þess virðisaukaskatts sem greiddur er við innflutning verður að innskatti við innlenda álagningu. Önnur ástæða er að lagabreytingar geta skekkt hlutfallið, svo sem var árið 1994 þegar tekið var upp sérstakt þrep virðisaukaskatts á matvæli. Matvæli eru að stórum hluta innlendar framleiðsluvörur þannig að áhrif þeirrar lagabreytingar hafa m.a. verið að meira dró úr skattskilum innan lands en við inn-

flutning. Þá er ljóst að þróun útflutnings hefur áhrif á þetta hlutfall þar sem aukinn innflutningur sem fer til framleiðslu útflutningsafurða leiðir til lækkandi hlutfalls innlendrar álagningar. Sama á við um aukinn innflutning til fjárfestinga og birgðasöfnunar.

3. *Er ætlunin að herða eftirlit með virðisaukaskattsskilum gjaldskyldra aðila, m.a. til að sporna við innskattssvikum? Ef svo er, hvernig?*

Eins og fram kemur í svari við 6. lið hefur verið ákveðið að fram fari viðamikil athugun á sem flestum þáttum virðisaukaskattskerfisins. Sérstaklega verður tekið fyrir eftirlit með skilum. Í því sambandi verður lagt mat á núverandi eftirlit, skipulag þess og mannaflaþörf. Þá verður skoðað eftirlit með tekjuskráningu, svartri atvinnustarfsemi, ólöglegri innsköttun, rafrænum viðskiptum og flokkun í skattþrep.

4. *Er ástæða til að ætla að um aukin virðisaukaskattssvik sé að ræða? Eru áform um að gera könnun á því hvort svo sé og hvers vegna?*

Engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um þróun virðisaukaskattssvika frá ári til árs. Í raun eru ekki til áreiðanlegar aðferðir til meta umfang skattsvika. Þó hefur verið reynt að leggja mat á umfang skattsvika hér á landi og eru niðurstöður birtar í skýrslum tveggja skattsvikanefnda. Fyrri skýrslan kom út árið 1986 en sú síðari árið 1993. Niðurstöðurnar bentu til þess að umfang skattsvika væri svipað þau ár sem metin voru. Ekki virðist ástæða til að ætla að skattsvik hafi minnkað.

5. *Er ráðherra sammála því mati sem fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar í maí sl. að fjölgun starfsmanna við skatteftirlit muni fljótt skila sér í aukinni og bættri innheimtu? Ef svo er, er það ætlunin að fjölga í starfsliði við skatteftirlit og skattrannsóknir?*

Úttekt Ríkisendurskoðunar byggist m.a. á viðtölum við starfsmenn hjá ríkisskattstjóra, Ríkisbókhaldi, fjármálaráðuneyti, skattstofum, skattrannsóknarstjóra ríkisins o.fl. og er full ástæða til að taka ályktanir sem fram koma í skýrslunni alvarlega, m.a. um fjölgun starfsmanna við skatteftirlit og skattrannsóknir. Góður og vel þjálfaður starfsmaður í skatteftirliti mun örugglega stuðla að aukinni og bættri innheimtu. Í væntanlegri úttekt á virðisaukaskattskerfinu verður eins og áður segir sérstaklega athugað hver mannaflaþörfin er við núverandi aðstæður, m.a. við skatteftirlit.

6. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við þeim ábendingum um virðisaukaskattskerfið sem fram komu í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá maí 1998?*

Ákveðið hefur verið í ljósi reynslu sem fengist hefur af rekstri virðisaukaskattskerfisins í átta ár, þar á meðal því sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að hrinda af stað viðamikilli athugun á sem flestum þáttum sem skattinn varðar. Í þeirri athugun verður m.a. gerð úttekt á:

— upplýsinga- og vinnslukerfum virðisaukaskattskerfisins, m.a. kannaðir möguleikar og kostir á rafrænum skilum á skilagreinum og greiðslum, svo og að skilagreinar tengist stöðluðu tekjuskattsframtali,
— eftirliti með skilum virðisaukaskatts, núverandi eftirlit verði skoðað og gerðar tillögur til úrbóta, meðal annars verði athugað eftirlit með tekjuskráningu, svartri atvinnustarfsemi, ólöglegri innsköttun, rafrænum viðskiptum og flokkun í skattþrep,

— hvernig tekjur af virðisaukaskatti hafa þróast frá upphafi í samanburði við aðrar hagstærðir,
— hvort æskilegt sé að breyta lögum um virðisaukaskatt í þeim tilgangi að gera skattframkvæmd einfaldari og markvissari,
— mannaflaþörf virðisaukaskattskerfisins við framkvæmd og eftirlit.

350. Fyrirspurn [293. mál]

til forsætisráðherra um Handverk og hönnun, ráðgjafarþjónustu heimilis- og listiðnaðar.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvert er eðli verkefnisins Handverk og hönnun sem ráðuneytið hefur staðið fyrir á undanförnum fimm árum?
2. Hvaða árangur hefur orðið af verkefninu?
3. Hvert verður framhald þess?

351. Fyrirspurn [294. mál]

til fjármálaráðherra um byggingarframkvæmdir á vegum ríkisins.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Að hvaða byggingarframkvæmdum er unnið á vegum ríkisins í ár, sundurgreint eftir kjördæmum?
2. Hvaða samningar hafa verið gerðir um nýbyggingar árin 1996–98?
3. Hverjar eru fjárskuldbindingar ríkissjóðs samkvæmt þeim samningum, sundurliðaðar eftir samningum?
4. Hver er áætlaður byggingartími Náttúrufræðihúss í Vatnsmýrinni? Hverjar eru fjárskuldbindingar ríkissjóðs sérstaklega vegna byggingarinnar?

Skriflegt svar óskast.

352. Fyrirspurn [295. mál]

til dómsmálaráðherra um þjónustu Neyðarlínunnar hf.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hvaða fjárhæð hefur ríkissjóður lagt fram á hverju ári þau ár sem þjónustusamningur milli Neyðarlínunnar hf. og dómsmálaráðherra um neyðarþjónustu hefur verið í gildi? Hvernig sér ráðherra fyrir sér framhald samstarfs ríkisins og Neyðarlínunnar hf.?

353. Tillaga til þingsályktunar [296. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999 sem gerðir voru í Reykjavík 7. október 1998:

1. sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1999;
2. bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999;
3. samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999;
4. samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1999; og
5. samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1999.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999 sem gerðir voru í Reykjavík 7. október 1998: 1. sameiginlegri bókun milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1999; 2. bókun milli Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999; 3. samningi milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999; 4. samkomulagi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1999; og 5. samkomulagi milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1999. Sameiginlega bókunin er prentuð sem fylgiskjal I með þingsálykt-

unartillögu þessari, bókunin um sérstakar verndunarráðstafanir sem fylgiskjal II, samningurinn við Færeyjar sem fylgiskjal III, samkomulagið við Noreg sem fylgiskjal IV og samkomulagið við Rússneska sambandsríkið sem fylgiskjal V.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur: Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma. Önnur langtímamarkmið koma fram í bókuninni. Samkvæmt lið 6.2. skulu aðilar í viðræðum sínum um skiptingu aflaheimilda á komandi árum taka mið af breytingum sem verða á dreifingu stofnsins. Á grundvelli þessa ákvæðis var komið á fót vinnuhópi vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun og dreifingu stofnsins í þessu skyni. Kveðið var á um skiptingu heildarafla samningsaðila fyrir árið 1996. Hins vegar náðist ekki samkomulag við Evrópubandalagið um takmarkanir á veiðum þess á árinu 1996 og ákvarðaði það sér einhliða 150 þúsund lesta kvóta.

Brýnt var talið að ná samkomulagi allra aðila sem stunda veiðar úr stofninum. Eftir tvær samningalotur tókust í Ósló hinn 14. desember 1996 samningar strandríkjanna fjögurra og Evrópubandalagsins um veiðar á árinu 1997. Samkvæmt samningunum var heildarafli aðilanna á árinu 1997 1.498 þúsund lestir en samkvæmt sérstakri bókun var Rússland skuldbundið til þess að veiða ekki 12 þúsund lestir af þeim kvóta sem í þess hlut kom. Aflinn skiptist þannig að í hlut Íslands og Færeyja komu 315 þúsund lestir (þar af fékk Ísland 233 þúsund lestir), í hlut Evrópubandalagsins 125 þúsund lestir, í hlut Noregs 854 þúsund lestir og í hlut Rússlands 192 þúsund lestir.

Samkomulag náðist milli sömu aðila vegna veiða á árinu 1998 eftir viðræður í Ósló hinn 28. október 1997. Niðurstaða viðræðnanna var í megindráttum sú sama og í samningunum fyrir árið 1997, að því undanskildu að heildaraflamarkið árið 1998 var ákveðið 1.300 þúsund lestir í stað 1.498 þúsund lesta árið 1997. Skipting afla var hlutfallslega sú sama og það ár.

Á fundi sömu aðila í Reykjavík 6. og 7. október 1998 náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999. Er það óbreytt frá samkomulaginu fyrir árið 1998. Heildaraflamarkið árið 1999 verður því 1.300 þúsund lestir, sbr. sameiginlega bókun aðila, fylgiskjal I. Samkvæmt sérstakri bókun er Rússland skuldbundið til þess að veiða ekki 10.400 lestir af þeim kvóta sem í þess hlut kemur, sbr. fylgiskjal II. Aflaskiptingin er óbreytt og koma í hlut Íslands og Færeyja 273 þúsund lestir, í hlut Evrópubandalagsins 109 þúsund lestir, í hlut Noregs 741 þúsund lestir og í hlut Rússlands 177 þúsund lestir.

Eins og fyrr er í sameiginlegu bókuninni gert ráð fyrir að aðilar komi sér í sérstökum tvíhliða samningum saman um frekara fyrirkomulag veiða, meðal annars um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars. Samkvæmt samningi milli Íslands og Færeyja er framangreindum kvóta þeirra áfram skipt þannig að í hlut Íslands koma 202 þúsund lestir en 71 þúsund lestir í hlut Færeyja. Samningurinn kveður á um að skipum hvors aðila verði heimilt að veiða í lögsögu hins með sama hætti og á undanförnum árum, sbr. fylgiskjal III.

Enn fremur var gengið frá tvíhliða samningi milli Íslands og Noregs og er hann einnig óbreyttur. Samkvæmt honum fá íslensk skip ótakmarkaðan aðgang að lögsögunni við Jan Mayen og mega veiða 9 þúsund lestir af kvóta Íslands í efnahagslögsögu við meginland Noregs. Norsk skip fá heimild til að veiða allt að 144 þúsund lestir í íslenskri lögsögu á árinu 1999, sbr. fylgiskjal IV. Jafnframt var gerður samningur milli Íslands og Rússlands þar sem

rússneskum skipum er áfram veitt heimild til að veiða allt að 5.600 lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta efnahagslögsögu Íslands, sbr. fylgiskjal V.

Aðilar voru sammála um að halda áfram vinnu að þróun framtíðarnýtingarstefnu til að tryggja skynsamlega nýtingu norsk-íslenska síldarstofnsins. Vinnuhópur aðila vinnur að tillögugerð að höfðu nánu samráði við sérfræðinga Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Sameiginlegu bókuninni og öðrum samningum skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 1999. Bókunin og samningarnir öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið.

Fylgiskjal I.

SAMEIGINLEG BÓKUN
um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1999.

1. Sendinefnd Evrópubandalagsins undir forystu Ole Tougaard, sendinefnd Færeyja undir forystu Kaj P. Mortensen, sendinefnd Íslands undir forystu Eiðs Guðnasonar, sendinefnd Noregs undir forystu Dag Erling Stai og sendinefnd Rússneska sambandsríkisins undir forystu Vladimir V. Sokolov hittust í Reykjavík 6. og 7. október 1998 til að eiga viðræður um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999.

2. Formenn sendinefndanna komu sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, að því fyrirkomulagi um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999, sem greinir í viðauka við bókun þessa, verði komið á.

3. Bókun þessari, ásamt tvíhliða samningum sem tengjast framkvæmd hennar, skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 1999 og öðlast bókunin og samningarnir gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

Gjört í Reykjavík 7. október 1998 í fimm frumeintökum á ensku. Aðilar skulu koma sér saman um opinbera texta bókunar þessarar á ensku, færeysku, íslensku, norsku og rússnesku.

AGREED RECORD
of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) Stock in the Northeast Atlantic for 1999

1. A Delegation of the European Community headed by Mr. Ole Tougaard, a Delegation of the Faroe Islands headed by Mr. Kaj P. Mortensen, a Delegation of Iceland headed by Mr. Eiður Guðnason, a Delegation of Norway headed by Mr. Dag Erling Stai and a Delegation of the Russian Federation headed by Mr. Vladimir V. Sokolov met in Reykjavík 6–7 October 1998 to consult on the management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock for 1999.

2. The Heads of Delegations agreed to recommend to their respective authorities the arrangements for the regulation of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock in 1999 set out in the Annex to this Agreed Record.

3. This Agreed Record, including the bilateral arrangements related to the implementation of this Agreed Record, shall be applied provisionally from 1 January 1999 and enter into force when all Parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.

Done at Reykjavík on 7 October 1998 in five originals in English. The Parties shall agree on official texts of this Agreed Record in English, Faroese, Icelandic, Norwegian and Russian.

Ole Tougaard
Fyrir sendinefnd Evrópubandalagsins

Kaj P. Mortensen
Fyrir sendinefnd Færeyja

Eiður Guðnason
Fyrir sendinefnd Íslands

Dag Erling Stai
Fyrir sendinefnd Noregs

Vladimir V. Sokolov
Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins

Ole Tougaard
For the Community Delegation

Kaj P. Mortensen
For the Delegation of the Faroe Islands

Eiður Guðnason
For the Delegation of Iceland

Dag Erling Stai
For the Delegation of Norway

Vladimir V. Sokolov
For the Delegation of the Russian Federation

VIÐAUKI

1. Aðilar voru sammála um að leggja til grundvallar að leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum sé 1.302.000 lestir á árinu 1999.

2. Samkvæmt framantöldu voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999 við 1.300.000 lestir á grundvelli eftirfarandi kvóta:

Evrópubandalagið	109.000 lestir*
Færeyjar og Ísland	273.000 lestir*
Noregur	741.000 lestir
Rússneska sambandsríkið	177.000 lestir

3. Aðilar koma sér tvíhliða saman um aðrar ráðstafanir, m.a. um heimildir til veiða í fiskveiðilögsögu hvers annars og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

4. Aðilar komu sér saman um að senda eftirfarandi beiðni til ICES:

Þess er óskað að ICES leggi mat á afla árið 2000 og byggi á fiskveiðidánarstuðlum sem samsvara F=0,100, F=0,125, F=0,150 og F=0,175.

Miðað við þær forsendur að nýtingin sé stöðug samkvæmt framangreindum fiskveiðidánarstuðlum og að sett verði þak á afla á bilinu 1,0 til 1,5 milljón lestir er þess óskað að ICES meti afleiðingar til meðaltíma að því er varðar afrakstur, jafnvægi í afrakstri frá ári til árs og hættu á að hrygningarstofn falli niður fyrir B_{pa} sem er 5,0 milljón lestir og B_{lim} sem er 2,5 milljón lestir. Slíkt mat verði gert fyrir 5 og 10 ára tímabil.

Þess er óskað að ICES láti þessar upplýsingar í té á fundi sínum í maí 1999.

ANNEX

1. The Parties agreed to take as a basis a TAC (total allowable catch) for the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock, hereinafter referred to as herring, of 1,302,000 tonnes in 1999.

2. In keeping with the above, the Parties agreed to restrict their fishing on the herring stock in 1999 to a maximum limit of 1,300,000 tonnes on the basis of the following quotas:

The European Community	109,000 tonnes*
The Faroe Islands and Iceland	273,000 tonnes*
Norway	741,000 tonnes
The Russian Federation	177,000 tonnes

3. Further arrangements, including arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties, are regulated by bilateral arrangements.

4. The Parties agreed to submit the following request to ICES:

ICES is requested to provide catch options for the year 2000 based on fishing mortality in the range of F 0.1, F 0.125, F 0.15, and F 0.175.

Keeping these exploitation rates constant and introducing catch ceilings in the range of 1.0–1.5 m.t., ICES is requested to provide medium term consequences in terms of yield, year-to-year stability in yield and the risk that SSB should fall below a B_{pa} of 5.0 m.t. and B_{lim} of 2.5 m.t. Such consequences should be evaluated in a 5 and 10 year period.

ICES is requested to provide this information at its meeting in May 1999.

5. Aðilar komu sér saman um að vinnunefnd um könnun á viðeigandi nýtingarstefnum til meðal- og langtímaveiðistjórnunar á stofninum ætti að koma saman að nýju og taka með í reikninginn, eftir því sem við á, efnahagslega þætti og önnur atriði sem hafa þýðingu fyrir niðurstöður ICES vegna beiðninnar sem að framan greinir.

Skýrsla vinnunefndarinnar skal liggja fyrir eigi síðar en 15. september 1999. Taka skal mið af svari ICES við beiðninni skv. 4. tölul. við val á meðal- og langtímanýtingarstefnu í viðræðum um stjórn veiða úr stofninum.

6. Í tengslum við ákvörðun um leyfilegan heildarafla fyrir árið 1999 komu aðilar sér saman um að grípa til viðeigandi ráðstafana á komandi árum ef mat á afla til meðaltíma litið er talið verulega lægra en núverandi leyfilegur heildarafli.

* Færeyjar og Evrópubandalagið munu í tvíhliða samningi skiptast á 4.000 lestum.

5. The Parties agreed that the Working Group to study appropriate harvest strategies for medium and long-term management of the stock should reconvene in order to incorporate, as appropriate, economic and other relevant considerations to the results of the ICES request stipulated above.

The report of the Working Group shall be submitted before September 15th 1999. The ICES response to the request under point 4 shall be taken into account for the purpose of applying medium and long term strategies in the consultations on the management of the stock.

6. In conjunction with the TAC fixed for 1999 the Parties agreed to take appropriate action in future years if projected catch levels in the medium term are presumed to be considerably lower than the current TAC.

* Within the bilateral arrangements, the Faroe Islands and the European Community will exchange 4,000 tonnes.

Fylgiskjal II.

BÓKUN
um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999.

Með vísan til liðar 2.1 í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi og sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1999 sem undirrituð var í dag.

Rússneska sambandsríkið skal láta 10.400 lestir af kvóta sínum á árinu 1999 í efnahagslögsögu sinni í Barentshafi óveiddar í verndunarskyni.

UNDERSTANDING
on Special Conservation Measures with Respect to Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) Stock in 1999

With reference to Article 2.1 of the Protocol on the Conservation, Rational Utilisation and Management of Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) in the Northeast Atlantic and with reference to the Agreed Record of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock in the North-East Atlantic for 1999 signed today.

The Russian Federation shall reserve for conservation purposes 10,400 tonnes of its quota for 1999 in its Exclusive Economic Zone in the Barents Sea.

Gjört í Reykjavík 7. október 1998 í fjórum frumeintökum á ensku.

Kaj P. Mortensen
Fyrir sendinefnd Færeyja

Eiður Guðnason
Fyrir sendinefnd Íslands

Dag Erling Stai
Fyrir sendinefnd Noregs

Vladimir V. Sokolov
Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins

Done at Reykjavík on 7 October 1998 in four originals in English.

Kaj P. Mortensen
For the Delegation of the Faroe Islands

Eiður Guðnason
For the Delegation of Iceland

Dag Erling Stai
For the Delegation of Norway

Vladimir V. Sokolov
For the Delegation of the Russian Federation

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999.

Ísland og Færeyjar

vísa til niðurstöðu samningaviðræðna um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999 milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússlands í Reykjavík 7. október 1998

og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Aflahlutdeild Íslands í norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999 skal vera 202.000 lestir og aflahlutdeild Færeyja 71.000 lestir.

2. gr.

Ísland heimilar færeyskum veiðiskipum veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan efnahagslögsögu Íslands samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

Færeyjar heimila íslenskum veiðiskipum veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan fiskveiðilögsögu Færeyja samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

3. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan lögsögu hins aðilans. Veiðiskip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

SEMJA
millum Ísland og Føroyar um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini í 1999

Ísland og Føroyar,

vísa til niðurstøðu í samráðingunum, sum hava verið um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini millum Europeiska Felagsskapin, Føroyar, Ísland, Noreg og Russland í Reykjavík 7. oktober 1998,

hava gjørt semju um fylgjandi:

1. gr.

Íslendska veiðinøgdin av várgýtandi norðurhavssild í 1999 skal verða 202.000 tons og føroyska veiðinøgdin 71.000 tons.

2. gr.

Ísland loyvir føroyskum fiskiførum at veiða várgýtandi norðurhavssild á íslendska búskaparliga økinum undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

Føroyar loyva íslendskum fiskiførum at veiða várgýtandi norðurhavssild á føroyskum fiskiøki undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

3. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða norðurhavssild á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Skip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn.

4. gr.

Til að tryggja skipulegar veiðar getur landsstjórn Færeyja takmarkað fjölda íslenskra skipa sem stunda samtímis veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja við 25 skip og íslensk stjórnvöld takmarkað fjölda færeyskra skipa sem stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Íslands við 8 skip.

5. gr.

Samningur þessi hefur ekki fordæmisgildi gagnvart samningum milli aðila í framtíðinni.

Gjört í Reykjavík 7. október 1998 í tveimur eintökum, öðru á íslensku og hinu á færeysku.

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:	Fyrir hönd færeysku sendinefndarinnar:
Eiður Guðnason	Kaj P. Mortensen

Áðrenn fiskiskapurin byrjar skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týdningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøki, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd áðrenn komu á økið og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp.

4. gr.

Til tess at tryggja skipaða veiðu kunnu føroyskir myndugleikar avmarka talið av íslendskum skipum sum veiða í senn í føroyskum sjógvi til 25 skip og íslendskir myndugleikar avmarka talið av føroyskum skipum sum veiða í senn á íslendska búskaparøkinum til 8 skip.

5. gr.

Henda avtala hevur ikki fordømisgildi fyri semjur partanna millum í framtíðini.

Gjørd í Reykjavík 7. oktober 1998 í tveimum eintøkum, onnur á íslendskum og hin á føroyskum.

Vegna íslendsku sendinevndina:	Vegna føroysku sendinevndina:
Eiður Guðnason	Kaj P. Mortensen

Fylgiskjal IV.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1999.

Í samræmi við 3. tölul. viðauka við sameiginlega bókun frá 7. október 1998 um niðurstöður fiskveiðiviðræðna milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1999 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

ARRANGEMENT
between Iceland and Norway on Access to the Icelandic Economic Zone and the Norwegian Economic Zone and the Fishery Zone around Jan Mayen in 1999

In accordance with paragraph 3 of the Annex to Agreed Record dated 7 October 1998 of conclusions of fisheries consultations between the European Community, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation on the management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock in the Northeast Atlantic for 1999, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 1999 heimilt að veiða allt að 202 þúsund lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 9 þúsund lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er heimilt að veiða allt að 144 þúsund lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands á árinu 1999.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í Reykjavík 7. október 1998

Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:
Dag Erling Stai

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:
Eiður Guðnason

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 1999 to fish 202,000 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62° N of which a maximum of 9,000 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62° N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 1999 to fish 144,000 tonnes of herring in the Icelandic Economic Zone.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at Reykjavík, 7 October 1998

For the Norwegian delegation:
Dag Erling Stai

For the Icelandic delegation:
Eiður Guðnason

Fylgiskjal V.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1999.

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1999, sem undirrituð var í dag af Íslandi, Færeyjum, Noregi, Rússneska sambandsríkinu og Evrópubandalaginu, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 1999 allt að 5.600 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands utan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:

A. 64°00'N–09°00'V
B. 67°00'N–09°00'V
C. 69°25'N–13°00'V

2. Rússnesk yfirvöld skulu tilkynna Fiskistofu Íslands fyrir fram um hvaða fiskiskip hyggjast stunda fiskveiðar innan efnahagslögsögu Íslands og hvaða gerð veiðarfæra verði notuð. Fjöldi þeirra fiskiskipa, sem tilkynnt eru, skal ekki vera meiri en 20. Þeim er ekki heimilað að hefja fiskveiðar fyrr en Fiskistofa

ARRANGEMENT
between Iceland and the Russian Federation on Access to the Icelandic Economic Zone in 1999

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between Iceland, the Faroe Islands, Norway, the Russian Federation and the European Community on the Management of the Norwegian Spring Spawning herring (Atlanto-Scandian herring) stock in the Northeast Atlantic for 1999, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels be granted access in 1999 to take up to 5,600 tonnes of herring within the Icelandic Economic Zone outside a line drawn between the following points:

A. 64°00'N–09°00'W
B. 67°00'N–09°00'W
C. 69°25'N–13°00'W

2. Russian authorities shall notify the Directorate of Fisheries in Iceland in advance as to which fishing vessels intend to engage in fisheries within the Icelandic Economic Zone and the type of fishing gear to be used. The total number of fishing vessels notified shall not exceed 20. They are not authorised to com-

Íslands hefur veitt samþykki sitt fyrir veiðum þeirra.

3. Eftirfarandi reglur gilda um tilkynningar til Landhelgisgæslu Íslands um veru rússneskra skipa innan efnahagslögsögu Íslands og veiðar þeirra þar:

A. Öll fiskiskip skulu tilkynna, með mest 12 klukkustunda fyrirvara en minnst 6 klukkustunda fyrirvara, um komu sína inn í efnahagslögsögu Íslands og láta í té upplýsingar um aflann um borð.

B. Öll fiskiskip skulu tilkynna daglega, milli klukkan tíu fyrir hádegi og tólf á hádegi á meðan þau eru innan efnahagslögsögu Íslands, um staðsetningu sína og láta í té upplýsingar um aflann undangengnar 24 klukkustundir.

C. Þegar skip siglir út úr efnahagslögsögu Íslands ber að tilkynna það og láta í té upplýsingar um allan afla um borð.

4. Fara skal að með sérstakri gát ef skip eru þétt saman að veiðum á fiskveiðisvæði. Sýna ber hringnótaskipum sérstaka tillitssemi.

Reykjavík, 7. október 1998

Fyrir hönd sendinefndar Íslands:
Eiður Guðnason

Fyrir hönd sendinefndar Rússneska sambandsríkisins:
Vladimir V. Sokolov

mence fishing until the Directorate of Fisheries in Iceland has agreed to their fishing.

3. Regarding notification to the Icelandic Coast Guard on the presence and fishing of Russian vessels within the Icelandic Economic Zone, the following rules shall apply:

A. Each fishing vessel shall, at a notice of 12 hours maximum but 6 hours minimum, notify of its arrival into the Icelandic Economic Zone and provide information on the catch onboard.

B. Each fishing vessel shall notify daily between 10 a.m. and 12 noon, while within the Icelandic Economic Zone, of the vessel's position and provide information on the last 24 hours' catch.

C. A notification shall be given when a vessel sails out of the Icelandic Economic Zone and information shall be provided on the total catch onboard.

4. In case of high density of fishing vessels in a fishing area, the fishing operations shall be carried out with particular caution. Special consideration shall be shown towards purse seine fishing vessels.

Reykjavík, 7 October 1998

For the delegation of Iceland:
Eiður Guðnason

For the delegation of the Russian Federation:
Vladimir V. Sokolov

354. Tillaga til þingsályktunar [297. mál]

um fullgildingu samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann sem gerður var í Ósló 23. október 1998.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að fullgilda samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann sem gerður var í Ósló 23. október 1998. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

1. Inngangur.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) var stofnaður árið 1975 sem sameiginleg alþjóðleg fjármálastofnun Norðurlanda til að styrkja norræna samvinnu og efnahag landanna með því að veita lán og ábyrgðir með bankakjörum til að örva fjárfestingar á Norðurlöndum og efla útflutning. Til grundvallar lá samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfestingarbankans sem gerður var í Kaupmannahöfn 4. desember 1975. Samningurinn öðlaðist gildi 1. júní 1976, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 12/1976, og fengu ákvæði hans þá jafnframt lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. laga nr. 26/1976 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda samninginn.

Með aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífs á Norðurlöndum og stuðningi eigenda hans hefur starfsemi bankans orðið alþjóðlegri. Lán og ábyrgðir eru nú ekki aðeins veittar til verkefna á Norðurlöndum heldur og utan þeirra. Þannig er hlutverk bankans nú að nýta traust lánshæfi á alþjóðamarkaði til að veita lán á almennum bankakjörum til fjárfestingarverkefna einkaaðila og opinberra aðila, bæði í þágu Norðurlanda og þeirra ríkja utan Norðurlanda sem fá lán eða ábyrgðir frá bankanum. Í ljósi aukinnar alþjóðlegrar starfsemi bankans og þeirrar auknu áhættu sem því fylgir hefur verið talið mikilvægt að treysta með formlegum hætti alþjóðlega stöðu bankans.

2. Nýr samningur.

Nýr samningur um Norræna fjárfestingarbankann, sem hefur þetta meginmarkmið að leiðarljósi og leysa á eldri samninginn af hólmi, var undirritaður í Ósló 23. október 1998 af fulltrúum stjórnvalda allra norrænu ríkjanna með fyrirvara um fullgildingu. Samningurinn verður lagður fyrir þjóðþing allra ríkjanna og er stefnt að því að hann öðlist gildi í upphafi ársins 1999. Þegar samningurinn hefur öðlast gildi verða samþykktir bankans endurskoðaðar og lagðar fyrir norrænu ráðherranefndina til samþykktar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 98/1992, um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, njóta þær og tilgreindir aðilar þeim tengdir þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar. Í ljósi þessa er ekki þörf á að lögfesta hinn nýja samning eins og gert var með áðurnefndum lögum nr. 26/1976 að því er eldri samninginn varðar. Síðarnefndi samningurinn fellur úr gildi við gildistöku nýja samningsins og þarf þá að fella lög nr. 26/1976 úr gildi.

Samning þennan má rekja til ákvörðunar á fundi fjármála- og efnahagsráðherra Norðurlanda í Helsinki 10. nóvember 1997 um að styrkja alþjóðlega stöðu bankans, einkum með því að skilgreina með skýrari hætti en áður samskipti bankans og gistilandsins, Finnlands, á sviði skatta-, lífeyris- og starfsmannamála.

Ákveðið var á fundinum:

a. Að núgildandi reglur um beina skatta starfsmanna bankans verði óbreyttar gegn því að Finnland endurgreiði bankanum árlega skatttekjur af launum starfsmanna hans. Tekjurnar nema nú 17,6 milljónum finnskra marka.
b. Að fela embættismannanefnd fjármálaráðherranna að endurmeta þessa fjárhæð reglulega þannig að hún nemi sem svarar beinum skattgreiðslum starfsmanna bankans til finnska ríkisins.
c. Að lífeyrisskuldir vegna starfsmanna bankans við finnska ríkið, sem námu 7,8 milljónum finnskra marka hinn 31. desember 1997, komi til frádráttar fyrrnefndri endurgreiðslu.

d. Að bankinn og finnska ríkið komi sér saman um tilhögun lífeyrismála, atvinnuleysis- og almannatrygginga frá og með árinu 1998, en að önnur norræn ríki verði upplýst um gang mála.
e. Að bankinn verði undanþeginn greiðslu óbeinna skatta (virðisaukaskatts, fasteigna- og stimpilgjalda). Undanþágan tekur einnig til tolla. Þetta verði einnig viðmiðun hvað varðar aðra hliðstæða óbeina skatta, gjöld og tolla sem kunna að verða lagðir á síðar.
f. Að starfsmenn á vegum bankans njóti ákveðinnar friðhelgi. Finnland gerði ákveðinn fyrirvara um endanlegt orðalag þessara breytinga á samþykktum bankans.
g. Að bankinn og Finnland geri með sér gistilandssamning þar sem nánar verði kveðið á um samskipti bankans og finnska ríkisins í samræmi við þessar ákvarðanir. Önnur norræn ríki verði upplýst um þessa samningsgerð og geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.
h. Að fela embættismannanefnd fjármálaráðherranna að útfæra nýjan samning um Norræna fjárfestingarbankann á grundvelli þessara ákvarðana til að treysta stöðu bankans sem alþjóðlegrar fjármálastofnunar.
i. Að embættismannanefndin greini norrænu samstarfsnefndinni og embættismannanefnd umhverfisráðherra frá framvindu mála þannig að unnt verði að gera hliðstæðar breytingar á samningunum um Norræna þróunarsjóðinn (NDF) og Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar (NEFCO).

Framangreindar ákvarðanir lágu til grundvallar við gerð hins nýja samnings um Norræna fjárfestingarbankann. Sem fyrr segir er meginmarkmið samningsins að skýra og treysta réttarstöðu bankans sem alþjóðlegrar fjármálastofnunar, meðal annars hvað varðar friðhelgi, undanþágu frá tollum og óbeinum sköttum, svo og tiltekin ferðafríðindi. Með þessu móti verður bankanum gert kleift að starfa sem alþjóðleg fjármálastofnun, innan Norðurlanda sem utan, með sömu stöðu og aðrar sambærilegar alþjóðlegar stofnanir sem bankinn starfar með. Með samningnum er réttarstaða bankans treyst, bæði út á við gagnvart lánveitendum og lánþegum og inn á við gagnvart stjórnvöldum og löggjöf í hverju norrænu ríkjanna.

3. Einstök ákvæði samningsins.

Samningurinn hefur að geyma ýmist óbreytt, endurskoðuð eða ný ákvæði.

Í 1. gr. samningsins er fjallað um hlutverk og alþjóðlega stöðu bankans.

Samkvæmt 2. gr. skal starfsemi bankans fara fram í samræmi við samþykktir hans.

3. gr. lýtur að stofnfé bankans.

Samkvæmt 4. gr. skulu höfuðstöðvar bankans áfram vera í Helsinki.

Í 5. gr. er fjallað um málshöfðun á hendur bankanum o.fl.

Í 6.–8. gr. samningsins er kveðið á um friðhelgi eigna bankans og opinber samskipti hans. Þessi ákvæði samsvara þeim reglum sem gilda almennt um alþjóðlegar fjármálastofnanir. Í gistilandssamningnum eru nánari ákvæði um undanþágu frá friðhelgi ef nauðsynlegt reynist til að halda uppi röð og reglu.

9. gr. fjallar um skatta og gjöld. Ein af grundvallarforsendum hins nýja samnings er að það land, sem hýsir höfuðstöðvar bankans, skuli ekki njóta sérstakra skatttekna af bankanum. Af þessum sökum, svo og vegna styrktrar réttarstöðu bankans sem fullgildrar alþjóðlegrar fjármálastofnunar, skulu hann, eignir hans og tekjur vera undanþegin allri skattlagningu. Reglurnar um skatta og gjöld gilda ekki aðeins gagnvart gistilandinu heldur einnig öðrum aðildarríkjum á sama hátt. Nánari ákvæði um þetta efni er að finna í gistilandssamningnum.

Í 10. gr. er kveðið á um friðhelgi starfsmanna bankans.

11. gr. fjallar um undanþágu frá innflytjendatakmörkunum og ferðafríðindi starfsmanna bankans. Undanþága frá innflytjendatakmörkunum felur í sér að viðkomandi einstaklingar fá dvalarleyfi og/eða atvinnuleyfi án þess að beitt sé innflytjenda- eða flóttamannakvótum eða athugun á vinnuaflsþörf. Undanþágan nær þó ekki til kröfu um vegabréfsáritun.

Í 12. og 13. gr. samningsins er kveðið á um rétt bankans hvað varðar eign á peningum og gjaldeyri, yfirfærslur og gjaldeyrisskipti.

Í 14. gr. er mælt fyrir um heimild stjórnar bankans til að afnema friðhelgi og sérréttindi.

15. gr. lýtur að ákvörðun um starfslok bankans.

16. gr. hefur að geyma ákvæði um gildistöku samningsins og skyld efni.

Í 17. gr. er loks kveðið á um uppsögn samningsins og réttaráhrif hennar.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem vilja efla og þróa frekar norræna samvinnu með Norræna fjárfestingarbankann sem sameiginlega alþjóðlega fjármögnunarstofnun með sömu stöðu og aðrar lögpersónur er stunda sambærilega starfsemi á Norðurlöndum eða utan þeirra, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Norræni fjárfestingarbankinn, hér á eftir nefndur „bankinn“, hefur það hlutverk að veita lán og ábyrgðir með bankakjörum og í samræmi við þjóðhagsleg sjónarmið til að hrinda í framkvæmd fjárfestingaráformum í þágu bæði Norðurlanda og þeirra ríkja utan Norðurlanda sem fá lán eða ábyrgðir.

Bankinn skal vera alþjóðleg lögpersóna með fullt gerhæfi, einkum rétt til að gera samninga, kaupa og selja fasteignir og lausafjármuni sem og að skjóta málum til dómstóla eða annarra yfirvalda.

2. gr.

Starfsemi bankans skal fara fram í samræmi við samþykktir hans sem Norræna ráðherranefndin hefur staðfest. Norræna ráðherranefndin getur með ákvörðun breytt þessum samþykktum að tillögu eða að fengnu áliti bankastjórnarinnar. Tillögur til breytinga á samþykktum, sem skipta meginmáli fyrir hlutverk, starfsemi og rekstur bankans, skulu lagðar fyrir Norðurlandaráð til umsagnar.

3. gr.

Samningsaðilar leggja fram stofnfé bankans. Norræna ráðherranefndin tekur ákvörðun um hækkun stofnfjár að fengnum tillögum stjórnar bankans.

Í samþykktum bankans er greint frá upphæð stofnfjár, mögulegri hækkun þess og skiptingu þess á milli samningsaðila.

4. gr.

Höfuðstöðvar bankans skulu vera í Helsinki.

5. gr.

Aðeins má höfða mál gegn bankanum fyrir bærum dómstóli í landi þar sem bankinn hefur skrifstofu eða þar sem hann hefur skipað umboðsmann til að taka við stefnu eða sem bankinn hefur samþykkt berum orðum. Aðeins er þó unnt að höfða mál af hálfu samningsaðila eða einstaklinga sem eru fulltrúar samningsaðila eða eiga kröfur sem eiga rætur að rekja til samningsaðila að því tilskildu að bankinn hafi samþykkt það berum orðum.

Ekki má framfylgja ákvörðun dómsvalds eða stjórnsýsluvalds varðandi eignir bankans fyrr en ákvörðunin hefur tekið gildi að lögum.

6. gr.

Eignir bankans skulu vera undanþegnar húsleit, upptöku heryfirvalda, eignaupptöku og eignarnámi.

Ekki er unnt að beita bráðabirgðatryggingaráðstöfunum, svo sem kyrrsetningu, gegn bankanum.

7. gr.

Húsnæði bankans og skjalasafn, svo og þau gögn sem tilheyra bankanum eða hann á, skulu njóta friðhelgi.

8. gr.

Sérhver samningsaðili skal veita opinberum samskiptum bankans sömu meðferð og hann veitir opinberum samskiptum annars samningsaðila.

9. gr.

Bankinn, tekjur hans og eignir skulu vera undanþegin allri skattlagningu eins og nánar er kveðið á um í þessari grein.

Bankinn skal vera undanþeginn skattlagningu vegna kaupa og framsals fasteigna og verðbréfa þegar um er að ræða opinbera notkun bankans.

Lántaka og útlán bankans, svo og lántaka hjá bankanum og hækkun stofnfjár hans, skulu undanþegin allri skattlagningu og gjöldum skattalegs eðlis.

Þegar bankinn, eða sjóðir sem eru beint tengdir starfsemi bankans og bankinn rekur beint, kaupa vöru eða þjónustu, sem er nauðsynleg vegna opinberrar starfsemi bankans, fyrir umtalsverða fjárhæð og skattur eða tollur er innifalinn í verðinu skal sá samningsaðili, sem lagði á skattinn eða tollinn, gera viðeigandi ráðstafanir til að veita undanþágu frá þeim eða sjá til þess að þeir séu endurgreiddir, ef unnt er að ákvarða upphæðina.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til skatta og gjalda sem eru eingöngu greiðsla vegna þjónustu sem hið opinbera veitir.

10. gr.

Allir stjórnarmenn, varamenn þeirra, starfsmenn bankans og sérfræðingar skipaðir af honum skulu, án tillits til þjóðernis, undanþegnir málsókn vegna starfa sinna á vegum bankans. Bankinn getur þó aflétt þessari friðhelgi skv. 14. gr. Friðhelgi gildir þó ekki ef um er að ræða einkaréttarlega ábyrgð á tjóni sem áðurnefndir einstaklingar valda í umferðarslysi.

11. gr.

Allir stjórnarmenn, varamenn þeirra, starfsmenn bankans og sérfræðingar skipaðir af honum sem sinna opinberum verkefnum á vegum bankans

1. skulu vera undanþegnir innflytjendatakmörkunum og gildir það einnig um maka þessara einstaklinga og ættingja þeim háðum,
2. geta, ef sérstök þörf krefur, notið ferðafríðinda í samræmi við alþjóðavenju hjá stofnunum með sambærilega starfsemi.

12. gr.

Bankinn getur tekið við og átt fé í öllum tegundum gjaldmiðla og átt reikninga í öllum tegundum gjaldmiðla. Bankanum er og frjálst að flytja fé sitt, þ.m.t. erlendan gjaldmiðil, til og frá ríki samningsaðila, innan þess og skipta sérhverjum gjaldmiðli sem hann á í hvaða annan gjaldmiðil sem er.

13. gr.

Bankinn skal vera undanþeginn greiðsluhöftum og aðgerðum í lánamálum sem á einhvern hátt hindra eða torvelda bankanum að standa við skuldbindingar sínar, lántöku eða útlán.

14. gr.

Sérréttindi og friðhelgi samkvæmt samningi þessum eru einungis til þess ætluð að gera bankanum kleift að sinna hlutverki sínu en ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila.

Þegar stjórn bankans telur það bankanum fyrir bestu getur hún, í þeim mæli og með þeim skilyrðum sem hún setur, aflétt þeirri friðhelgi og afnumið þau sérréttindi sem samningur þessi felur í sér.

15. gr.

Norræna ráðherranefndin getur ákveðið að bankinn hætti störfum samkvæmt þeim reglum sem samþykktir hans kveða á um.

16. gr.

Samningur þessi skal fullgiltur og öðlast hann gildi 30 dögum eftir að allir samningsaðilar hafa komið fullgildingarskjölum sínum í vörslu hjá norska utanríkisráðuneytinu, þó þannig að ákvæðum 9. gr. er beitt frá 1. janúar 1998. Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsaðilunum um afhendingu fullgildingarskjala og gildistöku samningsins.

Samningurinn skal vera í vörslu norska utanríkisráðuneytisins sem skal senda staðfest eftirrit til allra samningsaðila.

Samningurinn frá 4. desember 1975 um stofnun Norræna fjárfestingarbankans fellur úr gildi um leið og samningur þessi tekur gildi.

17. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt samningnum upp með yfirlýsingu þar að lútandi til norsku ríkisstjórnarinnar sem tilkynnir hinum samningsaðilunum, Norrænu ráðherranefndinni og stjórn bankans umsvifalaust um uppsögnina.

Uppsögnin tekur gildi í fyrsta lagi í lok næsta reikningsárs eftir að hún var tilkynnt.

Taki Norræna ráðherranefndin, að fenginni uppsögninni, ekki ákvörðun um að bankinn skuli hætta störfum skal hún áður en uppsögnin tekur gildi taka ákvörðun um hvernig haga

skuli uppgjöri bankans og þess samningsaðila sem sagði samningnum upp. Í því sambandi skal tryggt að það ríki, sem hættir aðild, beri áfram ábyrgð eins og aðrir samningsaðilar á þeim skuldbindingum bankans sem eru fyrir hendi þegar viðkomandi ríki hættir aðild.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar samningsaðilanna fimm, sem til þess hafa fullgilt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í Ósló 23. október 1998 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

355. Svar [167. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um aðstoð við smábátaútgerð.

1. *Hyggst ráðuneytið kanna hvaða áhrif það mun hafa á afkomu þeirra fjölmörgu byggðarlaga sem hafa beinlínis þrifist á útgerð dagabáta ef ekkert verður að gert, í ljósi þess t.d. að þriðji hver þorskur sem landað var á Vestfjörðum síðasta sumar var úr smábátum?*

Samkvæmt meðfylgjandi tveimur töflum var sjöundi hver þorskur sem landað var á Vestfjörðum á síðasta fiskveiðiári úr dagabátum, eða um 3.000 lestir af um 21.400 lestum alls. Af lönduðum þorskafla áttu aflamarksskip um 14.000 lestir (úthlutað aflamark var um 17.300 lestir) og smábátar á þorskaflahámarki um 4.400 lestir, sem er örlitlu hærra en úthlutað þorskaflahámark þeirra. Af töflunum sést enn fremur að þorskaflahámarksbátum fjölgaði um 19 á svæðinu frá 1. september 1997 til 1. september 1998 og eru nú 78 með meira en 6.600 lesta þorskaflahámark. Dagabátum hefur hins vegar fækkað um fimm og eru nú 63.

Ljóst er því að ekki er ástæða til að ætla að landaður þorskafli úr krókabátum verði minni á Vestfjörðum á þessu fiskveiðiári en því síðasta þótt miðað væri við meðaltalsveiðiheimild á hvern dagabát, sem er um 9 lestir, en fyrirkomulag á veiðum þeirra hefur verið til umræðu milli ráðuneytis og Landssambands smábátaeigenda, eins og kunnugt er. Úthlutað aflamark til aflamarksskipa á svæðinu hækkar um 500 lestir milli þessara tveggja ára.

2. *Hvort telur ráðherra vænlegra að hverfa til fyrri aðferða með svokallaðri „Vestfjarðaaðstoð“ í formi hundruða milljóna króna beinna styrkja úr ríkissjóði eða gera þessum bátum kleift að vera byggðarlögunum sú lyftistöng sem þeir hafa verið?*

Eins og fram kemur í svari við 1. lið eru ekki efni til að ætla að landaður þorskafli úr smábátum á Vestfjörðum verði minni á yfirstandandi fiskveiðiári heldur en á því síðasta.

	Aflamarksskip					Jöfnunarsjóður		Þorskaflahámarksbátar			Sóknardagabátar	
	Fjöldi skipa										Fjöldi báta	
	Án hlutdeildar	Ekki þorskur	Þorsk-hlutdeild	Hlutdeild í þorski	Aflamark í kg	Fjöldi skipa	Aflamark í kg	Fjöldi báta	Hlutdeild í þorski	Hámark í kg	Lína og handfæri	Handfæri eingöngu
1. sept. 1997												
Brjánslækur	3	2	1	0,0089855	13.790			2		101.977		6
Patreksfjörður	2		16	1,6124128	2.474.511	15	120.667	6		647.697	12	12
Tálknafjörður		1	6	0,8533531	1.309.609	7	60.137	12		1.037.918	4	3
Bíldudalur	2	2	9	0,3234380	496.369	3	22.902	2		147.879	2	1
Þingeyri			8	0,7195719	1.104.302	7	24.442	4		84.699	2	6
Flateyri			5	0,9910761	1.520.968	5	48.727	1		30.044	2	3
Suðureyri			3	0,3040591	466.629	3	29.766	11		1.011.350	3	1
Bolungarvík	1	1	18	1,8125533	2.781.659	17	112.723	15		946.340		6
Hnífsdalur			1	0,0127549	19.574	1	3.405					
Ísafjörður	2	3	24	4,3162450	6.623.985	19	144.394	6		324.508	3	2
Súðavík	1	1	3	0,2978386	457.082	3	17.874					
Samtals	11	10	94	11,2522883	17.268.478	80	585.037	59		4.332.412	28	40
						Úthlutað þorskaflahámark				24.641.724		
1. sept. 1998												
Brjánslækur	3	2	1	0,0001231	218	1	5	3	0,4485234	101.977		4
Patreksfjörður	6		13	1,3400466	2.370.877	13	89.844	12	3,1818581	647.697	1	12
Tálknafjörður		1	6	0,8370409	1.480.935	7	66.280	17	5,2538005	1.037.918	2	6
Bíldudalur	4	1	11	0,3187135	563.882	12	108.637	2	0,3510085	147.879	1	4
Þingeyri			8	0,7477702	1.322.992	7	28.272	6	0,6269316	84.699		6
Flateyri	2		1	0,2850836	504.384	1	10.000	2	0,2531020	30.044		2
Suðureyri	2		1	0,0808474	143.039	2	20.000	10	3,1797261	1.011.350		3
Bolungarvík	1	3	15	0,6987354	1.236.238	16	125.151	17	5,2548809	946.340	1	15
Hnífsdalur			1	1,3038525	2.306.841	1	10.000					
Ísafjörður	4	3	19	4,1317743	7.310.142	19	169.640	8	2,2364930	324.508		5
Súðavík			5	0,3516073	622.080	3	30.000	1	0,2732185			1
Samtals	22	10	81	10,0955948	17.861.628	82	657.824	78	21,0595426	4.332.412	5	58

Fiskveiðiárið 1997/1998. **Þorskafli, slægður (kg)**

Staður	Aflamarksskip			Þorskaflahámarksbátar			Sóknardagabátar		
	Landað á Vestfjörðum	Landað innan lands	Gámar, siglingar	Landað á Vestfjörðum	Landað innan lands	Gámar, siglingar	Landað á Vestfjörðum	Landað innan lands	Gámar, siglingar
Brjánslækur				55.729	84.258		192.711	203.687	
Patreksfjörður	3.349.525	4.386.155	3.061	771.463	801.283		663.616	688.465	
Tálknafjörður	1.444.695	1.542.871		1.001.581	1.110.076		491.496	495.357	
Bíldudalur	563.802	989.394	20	187.531	275.830		196.124	199.906	
Þingeyri	1.001.090	1.017.711		99.689	120.506	3.015	252.789	286.760	
Flateyri	131.768	1.060.765		47.421	47.421		125.746	137.892	3.870
Suðureyri	130.812	359.414		842.518	963.344		121.740	129.107	
Bolungarvík	1.488.447	1.684.814		1.063.403	1.202.542		746.135	753.234	
Hnífsdalur	2.133.628	2.139.960							
Ísafjörður	3.520.807	3.891.555	10	357.097	359.641		165.069	165.069	
Súðavík	193.572	194.979		18.608	18.608		52.064	52.064	
Samtals	13.958.146	17.267.618	3.091	4.445.040	4.983.509	3.015	3.007.490	3.111.541	3.870

Flokkurinn „Gámar, siglingar“ er ekki inni í „Landað innan lands“.

356. Svar [201. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um farþjónustu sérfræðilækna.

1. *Hvenær verður farþjónusta sérfræðilækna komin til framkvæmda með skipulögðum hætti á landsbyggðinni, eins og gert er ráð fyrir í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, og íslenskri heilbrigðisáætlun?*

Það er yfirlýst stefna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að efla og skipuleggja farandþjónustu sérfræðinga til að mæta betur þörf fyrir sérfræðiþjónustu á landsbyggðinni. Ráðuneytið vill þannig stuðla að því að bæta sérfræðiþjónustu á þeim stöðum þar sem fjarlægðir valda því að íbúarnir eiga erfitt með að sækja slíka þjónustu.

Löng hefð er fyrir þjónustu augnlækna og háls-, nef- og eyrnalækna í héruðum landsins. Hún er undir umsjón landlæknis og byggst á lögum um lækningaferðir, nr. 21/1955. Hefur þessi þjónusta verið í nokkuð föstum skorðum en þó verður að telja tímabært að endurskoða reglur sem um hana gilda.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu segir að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veita sérfræðiþjónustu eftir því sem við á, sbr. 19. gr. þeirra laga. Þjónusta þessi hefur þróast á ýmsa vegu víða um land, oftast að frumkvæði heilbrigðisstarfsmanna og stjórnenda á hverjum stað, og er öflugust þar sem heilsugæslustöðvar og sjúkrahús eru í sama byggðarlagi. Á sumum stöðum verður því að telja að hún sé framkvæmd skipulega en annars staðar er þörf á aukinni þjónustu.

2. *Hafa verið mótaðar reglur um framkvæmd farþjónustunnar og ef svo er, hvernig á að starfrækja hana?*

Í ráðuneytinu er unnið að mótun reglna um farþjónustu sérfræðilækna með það að markmiði að auka formfestu hennar. Hefur ráðuneytið meðal annars leitað ráðgjafar heilbrigðisstjórnenda úti um land við þessa vinnu, ekki síst héraðslækna. Endanlegar tillögur hafa ekki verið mótaðar um þessa framkvæmd en þegar hefur verið haft samráð við félög sérgreinalækna um samstarf við gerð þessara reglna.

3. *Hvers konar læknisþjónustu er fyrirhugað að veita með farþjónustu sérfræðilækna?*

Þörf fyrir farþjónustu sérfræðilækna hefur reynst breytileg eftir heilsugæslusvæðum. Mótast hún meðal annars af menntun lækna sem fyrir eru á staðnum, en þeir geta haft ólíkar þarfir fyrir sérfræðiaðstoð vegna mismunandi starfsferils síns og þjálfunar. Þróunin hefur verið sú að stóru sjúkrahúsin í Reykjavík og á Akureyri hafa í auknum mæli stutt við sérfræðiþjónustu sem minni sjúkrahúsin veita, bæði hvað varðar afleysingar og viðhaldsmenntun, þannig að sérfræðingar af stóru sjúkrahúsunum hafa leyst af á þeim minni þegar læknar hafa þurft að komast frá. Ráðuneytið vinnur að því að styrkja þessa samvinnu sjúkrahúsanna og tengist hún einnig beint annarri sérfræðiþjónustu sem veitt er á minni sjúkrahúsunum á landinu. Mörg þeirra fá sérfræðinga í ýmsum greinum til sín til starfa í lengri eða skemmri tíma og hefur þetta einnig nýst nálægum heilsugæslustöðvum.

Ráðuneytið hefur því fyrst og fremst í hyggju að vinna að framkvæmdareglum sem ekki verða bundnar ákveðnum sérgreinum. Hver og ein stofnun verður að meta þörfina fyrir ýmsar sérgreinar. Stórar og öflugar heilbrigðisstofnanir geta leyst þessi mál án íhlutunar ráðuneytisins og hefur það því unnið markvisst að því að stækka og styrkja stofnanir úti um land, m.a. í þeim tilgangi að þær ráði sjálfar við að verða sér úti um þessa þjónustu telji þær þörf á henni.

357. Svar [47. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um greiðsluþátttöku sjúklinga vegna hjálpartækja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hafa orðið breytingar á síðustu tveimur árum á reglum um greiðsluþátttöku sjúklinga vegna hjálpartækja? Ef svo er, í hverju eru þær breytingar fólgnar, hvenær voru þær gerðar og hver eru heildaráhrif þeirra og áhrif á einstaka greiðsluflokka?

Breytingar hafa verið gerðar á síðustu tveimur árum á greiðsluþátttöku sjúklinga vegna hjálpartækja. Eftirfarandi töflur sýna hverja breytingu fyrir sig og hvenær hún var gerð og sett er fram yfirlit yfir útgjaldabreytingar í hverjum flokki hjálpartækja undanfarin fjögur ár. Við Tryggingastofnun ríkisins starfar hjálpartækjanefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með þróun tæknilegra framfara á sviði hjálpartækja, útgjaldabreytingum vegna hjálpartækja og síðast en ekki síst verðlagi þeirra á markaði. Það hefur sýnt sig að greiðslureglur Tryggingastofnunar geta haft veruleg áhrif á endanlegt verð hjálpartækja þannig að það getur verið vandasamt að breyta reglunum. Oftast tekur þó markaðurinn við sér og lækkar verðið þegar slíkt er mögulegt. Hjálpartækjanefnd tekur engar sjálfstæðar ákvarðanir heldur beinir tillögum sínum til tryggingaráðs, sem ákveður endanlega hver hin nýja greiðslutilhögun á viðkomandi hjálpartæki verður. Á meðfylgjandi yfirliti sést að tryggingaráð hefur, fyrir utan útboð á nokkrum tegundum hjálpartækja, beitt þeirri aðferð í auknum mæli að setja hámark á þátttöku sína auk greiðsluhlutdeildar. Svo virðist að það sé einna virkasta aðferðin til að hafa áhrif á markaðsverð hjálpartækja. Á undanförnum fjórum árum hafa útgjöld vegna hjálpartækja aukist um rúmar 68 millj. kr., úr 554 millj. kr. í 622 millj. kr. á ári. Útgjaldaaukning Tryggingastofnunar ríkisins hefur því orðið rúm 12%.

Eftirfarandi eru dæmi um greiðslutilhögun stofnunarinnar fyrir stómavörur ásamt verðbili á markaði:

	Verðbil í smásölu, kr.	**Hámarksverð TR, kr.**
Flokkur		
Flokkur 091804		
Stómapoki samfelldur, lokaður poki (allar stærðir)	227–560	440
Flokkur 091805		
Stómapoki samsettur, lokaður poki (allar stærðir)	107–233	225
Flokkur 091807		
Þvagstómapokar samfelldir (allar stærðir)	704–1.705	705–1.540
Flokkur 091808		
Þvagstómapokar samsettir (allar stærðir)	468–645	470
Flokkur 091814		
Stómaplötur, álímdar	486–1.922	560–910–1.660
Flokkur 091839		
Stómapokar samfelldir, tæmanlegir (allar stærðir)	316–2.645	405–1.305–2.645
Flokkur 091842 dto samsettir	230–1.047	230–1.005

Breytingar á kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðra í hjálpartækjum 1. janúar 1993 til 1. október 1998.

Tæki	Almennt	Lífeyrisþegar	Börn
Þrýstibúnaður			*Viðbót nóvember 1995:* Hlutdeild TR 90% (áður 50/70% fyrir alla).
Framleistaspelkur	*Nýtt í mars 1997:* Hlutdeild TR 70%, hámark 4.500 kr. fyrir parið.		
Gervibaðfætur frá kálfa/læri	*Nýtt í janúar1996:* Hlutdeild TR 50%, hámark 57.000/ 83.000 kr.		
Gervibrjóst	*Breyting 1. ágúst 1998:* Hlutdeild TR 100% fyrir gervibrjóst og eða sérstök brjóstahöld fyrir gervibrjóst, hámark 35.000 kr. á ári (70.000 vegna missis beggja brjósta), gildir að hámarki fyrir eitt gervibrjóst á ári (tvö ef bæði hafa verið fjarlægð), tvö brjóstahöld á ári. Áður breytt í ágúst 1993 og var þá hlutdeild TR 100%, hámark 19.000 kr. á stykki.		
Brjóstahöld vegna gervibrjósts	*Breyting 1. ágúst 1998:* Sjá undir gervibrjóst hér að ofan. Áður breytt í ágúst 1993 og var þá hlutdeild TR 70%, hámark 3.500 kr. á stykki.		
Bæklunarskór	*Breyting 1. janúar 1998:* TR veitir fasta styrki 21.000/23.000 kr. fyrir tilbúna bæklunarskó, 85.000/90.000 kr. fyrir sérsmíðaða skó (tvö pör á ári fyrsta árið, síðan eitt eða tvö pör á ári).		*Breyting 1. janúar 1998:* TR veitir fasta styrki 21.000/23.000 kr. fyrir tilbúna bæklunarskó, 55.000/ 60.000 kr. fyrir sérsmíðaða skó. Tvö pör á ári.
	Áður breyting í mars 1997: Hlutdeild umsækjanda 9.000 kr. á par, eitt par á ári.	Áður breyting í mars 1997: Hlutdeild umsækjanda 4.500 kr. á par, eitt par á ári.	Áður breyting í mars 1997: Hlutdeild umsækjanda 4.500 kr. á par, tvö pör á ári.
	Fyrir mars 1997 var hlutdeild umsækjanda 5.000 kr. á par, eitt par á ári.		Fyrir mars 1997 var hlutdeild umsækjanda 3.500 kr. á par, tvö pör á ári.

Tæki	Almennt	Lífeyrisþegar	Börn
Stómahjálpartæki	*Breyting 1. september 1998:* Hlutdeild TR 100%. Hlutdeild TR 100% í stómapokum og stómaplötum þó með hámarksupphæð á ákveðnar vörur (mismunandi verð eftir flokkum).		
	Áður var breyting í janúar 1992: hlutdeild TR 90% fyrir aðra en lífeyrisþega og börn yngri en 16 ára.	Fyrir september 1998 var hlutdeild TR 100% fyrir lífeyrisþega án takmörkunar á hámarksupphæð á vöru.	Fyrir september 1998 var hlutdeild TR 100% fyrir þá sem eru yngri en 16 ára án takmörkunar á hámarksupphæð á vöru.
Húðverjandi krem	*Breyting 1. september 1998:* Hlutdeild TR 100%. Áður var breyting í janúar 1992: Hlutdeild TR 90% fyrir aðra en lífeyrisþega og börn yngri en 16 ára.		
Skiptiborð fyrir fjölfötluð börn			*Breyting í september 1994:* Hlutdeild TR 90% (áður var hlutdeild TR 60%).
Miðstýrð læsing bíla, rafmagnsrúðuopnarar, rafbúnaður á bílspegla		*Niðurfelling í september 1996:* TR hættir að taka þátt í greiðslu á þessum búnaði.	
Tvíhjól og tvímenningshjól	*Niðurfelling í september 1996:* TR hættir að taka þátt í greiðslu á þessum hjólum.		
Þríhjól	*Breyting í september 1996:* Hlutdeild TR 90% (var áður 50/100%).		
Fylgihlutir á þríhjól (stuðningshjól o.fl.)	*Breyting í september 1996:* Hlutdeild TR 100% (var áður 50%).		
Rafmagnshjólastólar	Hlutdeild TR er og hefur verið 100% í rafmagnshjólastólum.		*Viðbót í maí 1997:* TR tekur þátt í að styrkja kaup á öflugri útivistarrafmagnshjólastólum með 95% greiðsluþátttöku, en hlutdeild notanda er þó hámark 100.000 kr.
Tölvuvogir	*Nýtt í júlí 1996:* Hlutdeild TR 50%, hámark 5.000 kr. vegna efnaskiptagalla.		
Rúmdýnur	*Breyting í júní 1997:* Hlutdeild TR 70/100% (var áður 50/70%).		

Tæki	Almennt	Lífeyrisþegar	Börn
Rúm			*Viðbót í júní 1997:* Hlutdeild TR í rúmgrind 70% og í rúmdýnu 70/100% (til jafns við aðra). Áður tók TR einungis þátt í kaupum á sérútbúnaði í rúm, svo sem rúmlyftu, hliðargrindum og rúmbotni.
Talgervlar	*Nýtt í september 1995:* Hlutdeild TR 100%.		
Farsímar	*Nýtt í febrúar 1993:* Hlutdeild TR 70%, hámark 40.000 kr.		
Símboðar	*Nýtt í júlí 1996:* Hlutdeild TR 100% fyrir þá sem bíða fyrirhugaðrar líffæraígræðslu.		
Neyðarkallkerfi		*Breyting í október 1996 í kjölfar nýrra samninga:* Hlutdeild TR 100% í stofnkostnaði eða 5.000 kr. (nú 5.150 kr.) og 3.500 kr. í mánaðargjaldi (nú 3.700 kr.), hlutdeild notanda 950/1.474 kr. í mánaðargjaldi. (Réttur til þjónustunnar er víðtækari en áður, nær til einkaheimila, þjónustuíbúða fyrir aldraða og íbúða fyrir fatlaða sem ekki eru á vegum sveitarfélaga eða stofnana.) Áður var hlutdeild TR 90% í stofngjaldi, 77.699 kr., og hlutdeild notanda 10%, 8.633 kr., og hlutdeild TR í mánaðargjaldi 80%, 5.886 kr., og hlutdeild notanda í mánaðargjaldi 20%, 1.471 kr. (Réttur til þjónustunnar tók til einkaheimila.)	
Næringarefni og sérfæði	*Nýtt í janúar 1997 í kjölfar breytinga á lögum um almannatryggingar:* Hlutdeild TR 100% í amínósýrublöndu vegna efnaskiptagalla. Hlutdeild TR að hluta í næringu um slöngu eða næringardrykkjum. TR veitir fasta mánaðarlega fjárstyrki vegna próteinsskerts fæðis eða sérfæðis vegna ofnæmis og óþols barna.		

Tæki	Almennt	Lífeyrisþegar	Börn
Hjálpartæki á öldrunarstofnanir	*Breyting 1. janúar 1993:* TR hættir að taka þátt í greiðslu á hjálpartækjum til þeirra er vistast á öldrunarstofnunum, samkvæmt reglugerð nr. 422/1992, að hjólastólum undanskildum.		
Hjálpartæki fyrir sjónskerta	*Breyting 1. janúar 1993:* TR hættir að veita styrki til kaupa á hjálpartækjum fyrir sjónskerta, en sú úthlutun er á ábyrgð Sjónstöðvar Íslands frá og með 1. janúar 1993.		
Hjálpartæki fyrir heyrnarskerta	*Breyting 1. janúar 1993:* TR hættir að veita styrki til kaupa á hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta, en sú úthlutun er á ábyrgð Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands frá og með 1. janúar 1993.		

	1994 kr.	1995 kr.	1996 kr.	1997 kr.	Breyting milli 1996 og 1997 kr.	%	Athugasemdir
Súrefnisþjónusta	10.097.912	13.838.791	17.461.132	15.878.718	-1.582.414	-9,1	
Augnlinsur	2.029.951	2.181.614	2.648.607	6.474.689	3.826.082	144,5	
Hjálpartæki til meðferðar og þjálfunar	7.720.177	3.051.290	5.858.236	9.161.269	3.303.033	56,4	
Sprautu- og rannsóknarbúnaður	29.092.587	34.807.276	33.970.939	38.665.791	4.694.852	13,8	
Spelkur og bæklunarskór	143.974.647	116.651.123	143.761.764	136.401.031	-7.360.733	-5,1	**Útboðssamningar frá janúar 1995.**
Gervilimir og gervihlutar	44.463.783	53.732.126	53.374.438	52.336.066	-1.038.372	-1,9	**Útboðssamningar frá janúar 1995.**
Hjálpartæki við persónulega aðhlynningu			4.649.142	6.909.000	2.259.858	48,6	
Einnota vörur	46.116.424	55.643.866	62.617.388	70.435.786	7.818.398	12,5	
Bleiur	25.185.967	25.693.627	29.282.532	31.113.858	1.831.326	6,3	Útboðssamningar frá september 1995, greiðslur fram til 1996.
Hjálpartæki við flutning	59.109.058	66.138.167	65.849.886	91.521.116	25.671.230	39,0	Að hluta útboðssamningar frá maí 1996.
Hjálpartæki við heimilishald			1.321.997	808.119	-513.878	-38,9	
Hjálpartæki til heimilis			20.159.169	19.811.769	-347.400	-1,7	Að hluta útboðssamningar frá apríl 1997.
Hjálpartæki til tjáskipta, upplýsinga og viðvörunar	2.297.518	6.573.333	5.600.773	4.471.899	-1.128.874	-20,2	(Eldri liðir nr. 60025 og 27.)
Öryggisþjónusta	61.794.826	62.587.147	58.399.982	36.160.412	-22.239.570	-38,1	Útboðssamningar frá október 1996.
Hjálpartæki til að létta notkun annarra tækja			1.395.552	965.244	-430.308	-30,8	
Hjálpartæki til leikja og frístunda			1.491	2.094	603	40,4	
Hjálpartækjamiðstöð	38.108.102	39.566.680	55.972.092	57.011.336	1.039.244	1,9	Yfirtaka hluta af starfsemi læknad. frá nóvember 1995.
Bílakaupastyrkir	19.121.976	33.770.000	24.250.760	18.396.481	-5.854.279	-24,1	Reglur þrengdar frá 1996.
Önnur hjálpartæki (1994–95)	9.125.991	5.722.293					(Eldri liðir nr. 60024, 26, 32 og 35).
Færnistæki (1994–95)	17.159.193	26.066.070					(Samsvarar nú liðum 60025, 29, 30, og 33).
Ýmis hjálpartæki, önnur (1994–95)	23.984.599	3.244.679					(Eldri liðir nr. 53525, 591, 594, 595 og 596).
Næringarefni og áhöld (1994–96)	14.493.259	15.961.262	24.255.015		1.556.376	6,4	Rýmkun framkvæmdar á reglum 1994 og nýjar afturvirkar 1996.
Næring og fylgihlutir				18.610.784			Nýjar reglur frá 1. janúar 1997.
Sérfæði				7.200.607			Nýjar reglur frá 1. janúar 1997.
Samtals	**553.875.970**	**565.229.344**	**610.830.895**	**622.336.069**	**11.505.174**	**1,9**	

358. Tillaga til þingsályktunar [298. mál]

um kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni Johnsen, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að semja um kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar með öllum rétti.

Greinargerð.

Ekki leikur nokkur vafi á því að Óskar Gíslason var einn helsti brautryðjandi íslenskrar kvikmyndagerðar. Eftir hann liggur fjöldi kvikmynda sem varðveita ómetanlegar heimildir fyrir íslenska menningu. Mikil eftirspurn er eftir efni úr myndum Óskars til notkunar í heimildarmyndir. Frá því að Óskar féll frá hefur Kvikmyndasafn Íslands haft kvikmyndir hans til varðveislu. Hins vegar hefur ekki verið gengið frá samningum við erfingja hans um að Kvikmyndasafn Íslands eignist kvikmyndirnar með öllum rétti og hefur það valdið ýmsum óþægindum, m.a. fyrir Kvikmyndasafnið og þá skiptir ekki síst máli að ekki hefur verið hægt að endurgera myndirnar og koma þeim þannig til varanlegrar geymslu.

Safn kvikmynda Óskars Gíslasonar skiptist í þrjú tímabil, svo sem fram kemur í meðfylgjandi umsögn Erlends Sveinssonar frá 9. maí 1995:

„Fyrsta tímabilið spannar árin 1944–49 og var helgað gerð heimildarmynda eingöngu. Meðal mikilvægustu kvikmynda Óskars sem urðu til á þessu tímabili eru heimildarkvikmyndirnar *Lýðveldisstofnunin 1944, Reykjavík vorra daga* (1947–48) í tveimur hlutum og *Björgunarafrekið við Látrabjarg* (1949), sem óhætt er að fullyrða að sé ein merkasta heimildarkvikmynd sem gerð hefur verið á Íslandi fyrr og síðar.

Annað tímabilið nær frá 1949 til 1954 en á þeim árum leggur Óskar Gíslason höfuðáherslu á gerð leikinna kvikmynda og helgar sig kvikmyndagerð einvörðungu. Á þessu tímabili verða til myndir eins og *Síðasti bærinn í dalnum* (1950), *Reykjavíkurævintýri Bakkabræðra* (1951) og *Nýtt hlutverk* (1954), allt kvikmyndir í fullri lengd til sýningar í kvikmyndahúsi. Undirritaður hefur tekið undir þá skoðun Óskars Gíslasonar sjálfs að kvikmyndin Síðasti bærinn í dalnum sé sígilt verk enda sýnd með hléum í rúm 30 ár fyrir fullu húsi en því má svo bæta hér við að það er skoðun undirritaðs að enn sem komið er hafi ekki verið búin til önnur kvikmynd á Íslandi sem standi undir þeirri flokkun að geta talist sígilt verk.

Þriðja tímabilið nær frá 1954 og fram undir 1960. Á þessu tímabili stóð til að færa út kvíarnar og efla kvikmyndagerðina enn frekar, m.a. með stofnun kvikmyndavers og framleiðslufyrirtækisins *Íslenzkar kvikmyndir hf.* Nú var ætlunin að efla gerð fræðslumynda, heimildarkvikmynda og auglýsinga ásamt með gerð leikinna kvikmynda. Öllu var hætt til á tímum þegar engum opinberum stuðningi var til að dreifa á þessu sviði. Auglýsingakvikmyndagerðin, sem var nýjung á Íslandi á þessum árum, komst á allnokkurn skrið, svo og gerð heimildarkvikmynda en ekki varð framhald á gerð leikinna mynda enda komu brátt upp erfiðleikar í rekstri sem leiddu síðan til þess að Óskar varð gjaldþrota og missti aleiguna. Auk fjölda auglýsinga sem búnar voru til á þessum tíma er ástæða til að minna á heimildarkvikmyndina *Heimsókn dönsku konungshjónanna* (1956) sem hefur mikið heimildargildi.“

24. febrúar 1992 samdi Erlendur Sveinsson eftirfarandi álitsgerð:

„Eftirfarandi álitsgerð er samin að beiðni barna Óskars Gíslasonar og með vilja og vitund Kvikmyndasafns Íslands en undirritaður gegndi starfi forstöðumanns Kvikmyndasafnsins frá

upphafi fram til ársins 1986 og átti á þeim tíma og raunar allt aftur til ársins 1970 náið samstarf við Óskar Gíslason í sambandi við kynningu á kvikmyndum hans í sjónvarpi og ráðstafanir sem nauðsynlegt var að gera vegna varðveislu þeirra í framtíðinni. Sú hugmynd hefur komið fram hjá erfingjum Óskars að réttast myndi vera að íslenska þjóðin eignaðist kvikmyndir Óskars með því að samið yrði við erfingjana um eina fullnaðargreiðslu fyrir kvikmyndasafnið og annan útgáfurétt þess í framtíðinni og kvikmyndir Óskars faldar Kvikmyndasafni Íslands til varðveislu og allrar meðferðar í framtíðinni. Mér er bæði ljúft og skylt að styðja þessa hugmynd og mætti færa fyrir henni ítarleg rök í löngu máli en þar sem Óskar Gíslason á í hlut ættu langar röksemdafærslur að vera með öllu óþarfar.

Óskar Gíslason er einn helsti brautryðjandi íslenskrar kvikmyndagerðar og löngu þjóðkunnur fyrir kvikmyndir sínar. Kvikmyndagerð Óskars spannar yfir tímabilið frá stofnun lýðveldisins árið 1944 fram undir 1960. Á þessu tímabili framleiddi Óskar mikinn fjölda kvikmynda, bæði heimildarmynda og leikinna kvikmynda og sýndi í kvikmyndahúsum landsins. Benda má á að heimildarkvikmyndin *Björgunarafrekið við Látrabjarg* og leikna ævintýra- og þjóðsagnamyndin *Síðasti bærinn í dalnum* teljast til sígildra verka í íslenskri kvikmyndasögu. *Björgunarafrekið* hafði ómetanlega þýðingu fyrir uppbyggingu Slysavarnafélags Íslands og var henni dreift erlendis. *Síðasti bærinn í dalnum* naut mikillar hyggli og var tekin til endursýninga með reglulegu millibili um aldarfjórðungs skeið. Heimildarkvikmyndirnar um lýðveldisstofnunina 1944 og Reykjavík á árunum 1946 til 1950 eru óumdeildanlegar undirstöðuheimildir í kvikmyndaformi um mikilvæga þætti í sögu íslensku þjóðarinnar og höfuðborgar landsins. Sífellt er leitað í þessar heimildir þegar tímabilið sem þær spanna er til umfjöllunar, hvort heldur er í sjónvarpsdagskrám eða nýjum heimildarkvikmydum.

Óhætt er að fullyrða að æviverk Óskars Gíslasonar á sviði kvikmyndagerðar sé svo verðmætt menningu þjóðarinnar að líta megi á það sem snaran þátt í menningararfi hennar. Á efri árum sínum afhenti Óskar Gíslason kvikmyndasafn sitt Kvikmyndasafni Íslands til varðveislu en eins og fram hefur komið verða kvikmyndir eyðileggingunni auðveldlega að bráð sé þeirra ekki gætt á þann veg, sem gert er í kvikmyndasöfnum. Kvikmyndasöfn hafa yfir geymslubúnaði og þeirri tækniþekkingu að ráða, sem best tryggir varðveislu kvikmynda fyrir komandi kynslóðir.

Óskar Gíslason er einn helsti brautryðjandi íslenskrar kvikmyndagerðar og löngu þjóðkunnur fyrir kvikmyndir sínar, sem framleiddar voru á árunum 1944 til 1956. Heimildarkvikmyndin *Björgunarafrekið við Látrabjarg* og leikna ævintýra- og þjóðsagnamyndin *Síðasti bærinn í dalnum* teljast til sígildra verka í íslenskri kvikmyndasögu. Heimildarkvikmyndirnar um lýðveldisstofnunina 1944 og Reykjavík á árunum 1946 til 1950 eru óumdeilanlegar undirstöðuheimildir í kvikmyndaformi um mikilvæga þætti í sögu þjóðarinnar og höfuðborgar hennar. Sífellt er leitað í þessar heimildir, þegar tímabilið sem þær spanna er til umfjöllunar hvort heldur er í sjónvarpsdagskrám eða nýjum heimildarkvikmyndum.

Æviverk Óskars Gíslasonar á sviði kvikmyndagerðar er þeirrar gerðar að hiklaust verður að telja það til þeirra verðmæta sem við kjósum að nefna einu nafni menningararf. Á efri árum sínum afhenti Óskar Gíslason kvikmyndasafn sitt Kvikmyndasafni Íslands til varðveislu en eins og fram hefur komið verða kvikmyndir eyðileggingunni auðveld bráð sé þeirra ekki gætt á þann veg sem einungis er á færi kvikmyndasafna, sem hafa yfir tæknilega vel útbúnum geymslum að ráða.

Nú þegar Óskar Gíslason er fallinn frá er það bæði æskilegt og eðlilegt að íslenska ríkið fyrir hönd Kvikmyndasafns Íslands og íslensku þjóðarinnar kaupi útgáfu- og birtingarrétt á kvikmyndasafni Óskars sem nú hefur skipst niður á erfingja hans og semji við erfingjana

um eina greiðslu fyrir safnið. Benda má á að Óskar kostaði sjálfur gerð kvikmynda sinna án nokkurs stuðnings opinberra aðila. Og þar sem hér er um tekjuskapandi verðmæti að ræða, sem safnið þarf auk þess að kosta nokkru til til að varðveisla þess sé tryggð í framtíðinni er ekki nema eðlilegt að greiðsla komi fyrir og mun af því hljótast mikið hagræði fyrir alla aðila í framtíðinni, Kvikmyndasafnið, sjónvarpsstöðvarnar og kvikmyndagerðarmenn auk erfingjanna sjálfra.

Erfingjar Óskars Gíslasonar hafa þegar afhent Kvikmyndasafninu til eignar alla þá muni sem tengjast kvikmyndagerð Óskars svo og heimildir og margvísleg gögn sem varða kvikmyndaferil hans. Vonandi ber íslenska ríkið gæfu til að skilja sinn vitjunartíma í þessu máli þótt tímarnir séu erfiðir því að hér þarf fyrst og fremst vilja til að votta höfundi ómetanlegs æviverks tilhlýðilega virðingu og þakklæti fyrir óeigingjarnt starf í þágu þjóðarinnar og menningar hennar."

Guðmundur Karl Björnsson, safnvörður við Kvikmyndasafn Íslands, sendi 2. mars 1992 svohljóðandi bréf frá sér:

„Erfingjar Óskars Gíslasonar hafa nú afhent Kvikmyndasafni Íslands allt kvikmyndaefni sem Óskar heitinn Gíslason tók á löngum ferli. Hér er um að ræða mjög mikið og verðmætt safn. Auk þeirra mynda sem hann fullgerði og flestir kannast við eru margar ómetanlegar myndir sem hann komst mislangt með að ljúka. Óskar hefur einnig haldið flestum afgöngum og aukaefni úr myndum sínum til haga.

Ekki þarf að fjölyrða um gildi kvikmynda Óskars Gíslasonar. Nægir þar að benda á að þær eru ótvírætt ómetanlegar minjar um sögu lands og þjóðar vegna þess hve lítið var tekið af kvikmyndum mestan hluta þess tímabils sem hann starfaði. Á það jafnt við um heimildarmyndir og leiknar myndir.

Kvikmyndasafn Íslands hefur þegar gert margt til að stuðla að varðveislu þessara ómetanlegu minja og kostað til þess umtalsverðum fjármunum. Enn er þó mikið starf óunnið. Flokkun og skráningu er enn ekki lokið og fyrirsjáanlegt er að viðgerðir og endurgerðir koma til með að verða mjög kostnaðarsamar. Það væri mikill stuðningur við Kvikmyndasafn Íslands ef því yrði gert kleift að eignast þetta safn með öllum rétti (sýningarrétti). Mikil eftirspurn er eftir þessu efni til notkunar í heimildarkvikmyndir og safnið gæti haft nokkrar tekjur af efninu, þ.e. sölu á einstökum hlutum í nýjar heimildarmyndir, og með þeim hætti staðið að nokkru leyti undir viðgerðarkostnaði."

Svo sem sjá má af umsögnunum leikur ekki nokkur vafi á því að kvikmyndir Óskars Gíslasonar eru afskaplega verðmætar fyrir íslenska menningarsögu. Þingsályktunartillagan er flutt í þeirri von að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum að gengið verði til samninga við erfingja hans um að Kvikmyndasafn Íslands fái fullan eignarrétt yfir þessum dýrmætu kvikmyndum.

359. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]

um stefnumótun stofnana í eigu ríkisins varðandi vistvæn ökutæki.

Flm.: Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að mótuð verði sú stefna hjá stofnunum í eigu ríkisins að innan fimm ára skuli þriðjungur þjónustubifreiða í eigu ríkisstofnana vera knúinn vistvænum orkugjöfum.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur orðið ör þróun á sviði vistvænna ökutækja, þ.e. bifreiða sem knúnar eru vistvænum orkugjöfum. Ástæður þessa eru þær m.a. að mengun af völdum bifreiða er orðin eitt stærsta umhverfisvandamál veraldar. Farið hefur fjölgandi hörðum aðgerðum af hálfu yfirvalda ýmissa borga og ríkja til að sporna við þessari vá. Nægir þar að benda á tímabundið bann við bifreiðaumferð í nokkrum borgum, t.d. í Frakklandi, Noregi, Grikklandi, Japan og víðar. Í sumum borgum hefur verið settur á sérstakur mengunarskattur í því skyni að draga úr umferð. Þá taka senn gildi lög í Bandaríkjunum sem kveða á um að 2% nýrra bifreiða skuli knúnar vistvænum orkugjöfum. Samkvæmt opinberri skýrslu til breskra yfirvalda er áætlað að um 24.000 Bretar látist árlega af völdum umferðarmengunar. Í Danmörku er áætlað að árlega látist um 500 manns af sömu ástæðu eða jafnmargir og látast þar í landi af völdum umferðarslysa.

Þessar aðstæður hafa leitt til þess að bifreiðaframleiðendur í heiminum, sem og fleiri, kappkosta nú að þróa nýja tækni fyrir bifreiðar í stað hefðbundinnar sprengivélar með olíu eða bensín sem orkugjafa. Á síðustu missirum má segja að hafi byrjað kapphlaup á þessu sviði þar sem milljörðum króna er varið til rannsókna og þróunarstarfa. Þannig mun hefjast þegar árið 2005 fjöldaframleiðsla vetnisknúinna farartækja. Margir bílaframleiðendur eru þegar farnir að kynna nýjar útgáfur af rafbílum. Svonefndur blendingur (blanda af bensín- og rafbíl) er þegar kominn á markað, í Svíþjóð og víðar er vaxandi fjöldi bifreiða knúinn metangasi og þannig má áfram telja. Vistvæn ökutæki virðast vera að hasla sér völl á markaðnum.

Íslendingar fara ekki varhluta af mengun frá umferð. Um 60% þjóðarinnar býr á höfuðborgarsvæðinu. Reglulega má sjá mengunarský liggja yfir svæðinu og finna lyktina. Sú mengun verður rakin beint til útblásturs frá þungri umferð.

Að undanförnu hafa ýmis þekkt erlend fyrirtæki átt í viðræðum við Íslendinga þess efnis að landið verði gert að vettvangi tilrauna með þessa nýju tækni. Íslendingar stigu merkileg skref með hitaveitunum þegar horfið var til þess að nota heitt vatn sem orkugjafa í stað olíuafurða. Nú getur íslenska þjóðin stigið næstu skref með því að taka á næstu árum upp vistvæna orkugjafa fyrir bílaflota sinn.

Með vistvænum orkugjöfum á bifreiðar er hér einkum átt við rafmagn, vetni, metangas og metanól. Þessa orkugjafa (orkubera) er alla hægt að framleiða hérlendis, þá sem ekki eru nú þegar framleiddir hér með vistvænni orku. Auk rafveitna má benda á Áburðarverksmiðju ríkisins, sem framleitt hefur hreint vetni í tæp 50 ár, hugmyndir forsvarsmanna Sorpu um nýtingu metangass sem orkugjafa og útreikninga Braga Árnasonar prófessors á metanólframleiðslu þar sem m.a. er notast við útblástur íslenskrar stóriðju. Ýmsar tegundir bifreiða sem nýta þessa orkugjafa (orkubera) eru þegar framleiddar eða verða það á allra næstu árum. Þess vegna er brýnt fyrir okkur Íslendinga að sýna vilja í verki með því að taka slík ökutæki í notkun. Ekki er óeðlilegt að hið opinbera ríði á vaðið í þessum efnum með skýrri stefnumörkun í stofnunum sínum. Þegar hefur Reykjavíkurborg mótað stefnu sína og stefnir að því að kaupa 36 bifreiðar, knúnar vistvænum orkugjöfum, á næstu þremur árum. Í greinargerð frá stjórn Veitustofnana Reykjavíkur segir m.a.:

„Það er nú viðurkennt að útblástur frá bifreiðum er langstærsta orsök loftmengunar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Hér er bifreiðaeign hlutfallslega ein sú mesta í heiminum og af u.þ.b. 140 þús. bifreiðum í landinu eru rúmlega 63 þús. í Reykjavík, þar af um 52 þús. fólksbílar. Fram til þessa hefur ekki verið reglulegt eða markvisst eftirlit með loftmeng-

un á höfuðborgarsvæðinu, en á nokkrum stöðum hefur mengun vegna útblásturs bifreiða (CO_2) mælst yfir viðmiðunarmörkum.

Fyrir liggur að ef 50 þús. fólksbifreiðar með hefðbundnu eldsneyti mundu aka 15 þús. km á ári, væri orkuþörf þeirra 150 gWh á ári. Ef sami fjöldi bifreiða væri knúinn vistvænu eldsneyti mundi heildarútstreymi CO_2, koltvíoxíðs, minnka um 150 þús. tonn eða sem svarar 10% af heildarlosun hérlendis af þessu mengandi efni.

Víða erlendis hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana til að draga úr loftmengun frá útblæstri bifreiða, m.a. með ýmiss konar takmörkunum á umferð í bæjarkjörnum, með hagkvæmri nýtingu vistvænna bifreiða innan tiltekinna borgarmarka og með margs konar frumkvæði á vegum borga og sveitarfélaga. Eins er víða haldið uppi virkri upplýsingastarfsemi fyrir borgara og bifreiðaeigendur.

Almennt séð er nýting bifreiða sem knúnar eru vistvænni orku komin mjög skammt en einna lengst mun þróunin vera komin í Svíþjóð, Frakklandi og Kaliforníuríki en þar hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana, sem hafa bæði táknrænt og hagnýtt gildi, til að hefta útblástur mengandi efna. Það er til dæmis markmið borgaryfirvalda í Stokkhólmi að þegar á árinu 2001 verði helmingur þjónustubifreiða borgarinnar knúinn vistvænu eldsneyti.

Starfshópurinn telur einsýnt að borgaryfirvöld taki mið af ströngustu kröfum í mótun og framkvæmd nýrrar samgöngustefnu – jafnvel þó að ýmis staðbundin mengun, t.d. frá útblæstri bifreiða, sé ekki komin að hættumörkum. Það hlýtur að vera verðugt takmark að höfuðborgin beri með réttu þá eftirsóttu ímynd að hún sé hrein og ómenguð og að því stefnt að Reykjavík verði vistvænasta höfuðborg Norðursins – eins og segir í yfirlýstri umhverfisstefnu hennar.

Því er lagt til í fyrstu áfangaskýrslu starfshópsins að borgin eigi hér myndarlegt frumkvæði í vistvænni samgöngustefnu og taki ákvörðun um kaup 36 bifreiða, sem knúnar yrðu vistvænni orku á næstu þremur árum – eða á árunum 1999, 2000 og 2001, eða 12 slíkar bifreiðar á ári. Má áætla að á þremur árum næði þessi breyting til um 20–30% af bifreiðaflota borgarinnar en þá er ekki tekið tillit til bifreiða í almenningssamgöngum og sjúkra- eða slökkviliðsbifreiða. Telja má líklegt að aðrir aðilar muni fylgja hér á eftir, svo sem ríkisvaldið og önnur sveitarfélög, t.d. á höfuðborgarsvæðinu."

Svo sem fram kemur í greinargerðinni er ávinningur af slíkri stefnu margþættur. Fyrst skal nefna umhverfisþáttinn en á lengri tíma gæti minnkun koltvíildis í andrúmsloftinu orðið um 10%. Annar mikilvægur þáttur er mun minni hljóðmengun en nýja tæknin veldur litlum sem engum hávaða. Orkan fyrir umrædd ökutæki verður framleidd innan lands og næst þannig verulegur gjaldeyrissparnaður fyrir þjóðina. Líkt og erlendis má hér á landi rekja ýmsa sjúkdóma til mengunar frá bifreiðum. Með minni mengun ætti því að sparast töluvert í útgjöldum til heilbrigðismála.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir því að hjá stofnunum í eigu ríkisins verði mótuð sú stefna að eftir fimm ár skuli a.m.k. þriðjungur bifreiða þeirra knúinn vistvænum orkugjöfum. Þar með framfylgir ríkisvaldið yfirlýstri stefnu sinni um að auka nýtingu innlendra, vistvænna orkugjafa og sýnir þannig fordæmi sem gæti ýtt undir að almenningur og einkafyrirtæki gerðu slíkt hið sama. Huganlega mætti ná góðri hagkvæmni með því að efna til almenns útboðs fyrir allar stofnanir ríkisins meðal framleiðenda vistvænna faratækja.

360. Frumvarp til laga [300. mál]

um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 94/1962, með síðari breytingum.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ólafur Örn Haraldsson, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Í ráðinu eiga sæti forstjóri Landhelgisgæslunnar, landlæknir, ríkislögreglustjóri, forstjóri Landssíma Íslands hf., vegamálastjóri, fulltrúi Landsbjargar, fulltrúi Rauða kross Íslands, fulltrúi Slysavarnafélags Íslands og fulltrúi menntamálaráðuneytis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meginhlutverk almannavarnaráðs er að hafa yfirumsjón með björgunaraðgerðum þegar alvarlega vá ber að höndum, svo sem náttúruhamfarir eins og jarðskjálfta og snjóflóð. Á slíkum örlagastundum hefur samkennd þjóðarinnar verið afar styrk. Þáttur sjálfboðaliðasamtaka á borð við Landsbjörg (Landssamband björgunarsveita), Slysavarnafélag Íslands og Rauða krossinn hefur verið ómetanlegur hvað varðar björgun mannslífa og mannvirkja, oft við ótrúlega erfið skilyrði.

Á fjórða landsþingi Landsbjargar var eftirfarandi ályktun samþykkt: „Landsþingið fer þess á leit við Alþingi Íslendinga að lögum um Almannavarnir ríkisins verði breytt á þann veg að fulltrúar frá Landsbjörg, Slysavarnafélagi Íslands og Rauða krossi Íslands fái fulla aðild að almannavarnaráði.“ Ályktunin getur vart talist annað en sanngjörn þar sem sjálfboðaliðasamtökin gegna lykilhlutverki við björgunaraðgerðir og eru í raun eina aflið hérlendis sem hefur á að skipa fjölda sérþjálfaðra og hæfra einstaklinga til að sinna þessum mikilvæga þætti. Spyrja má hvernig þjóðin væri sett við náttúruhamfarir ef ekki nyti hjálpar fyrrgreindra samtaka. Þess vegna hlýtur í alla staði að teljast rökrétt að fulltrúar þeirra fái fulla aðild að almannavarnaráði. Með þeirri skipan væri verið að viðurkenna í reynd gildi samtakanna fyrir þjóðfélagið og öryggi þess, ásamt því að tryggja samskipti og samráð þeirra sem almannavarnir mæða á.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að fulltrúi menntamálaráðuneytis eigi einnig sæti í almannavarnaráði. Rökin fyrir því eru einföld. Reynslan sýnir að fátt er mikilvægara byggðum sem illa hafa orðið úti af völdum náttúruhamfara en að koma daglegu lífi sem fyrst í eðlilegt horf. Hvað flestar fjölskyldur snertir skiptir starf skólanna þar miklu máli, þ.e. að börn geti aftur komið saman í skóla og tekist áfram á við lífið þrátt fyrir undangengnar hörmungar. Þess vegna er mikilvægt að fulltrúi menntamálaráðuneytis eigi sæti í almannavarnaráði. Fulltrúi þess þarf að geta haft aðgang að menntuðu fólki til að byggja upp skólastarf að nýju sem fyrst svo að líf skólabarna og fjölskyldna geti fljótt tekið á sig eðlilega mynd.

Samhliða þessum viðbótum í almannavarnaráð er lögð til sú breyting að forstjóri Landssíma Íslands hf. sitji í ráðinu í stað póst- og símamálastjóra, enda er sú staða ekki lengur til.

361. Frumvarp til laga [301. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Flm.: Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 22. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Með hugtakinu slys er í lögum þessum átt við skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, er meðal annars ætlað að tryggja launafólki bætur í vinnuslysum. Hugtakið slys er ekki skilgreint í lögunum sjálfum, en hins vegar er í 22. gr. þeirra að finna skýringar á hvenær viðkomandi er í vinnu. Þar segir að maður sé í vinnu þegar hann er á vinnustað á þeim tíma sem honum er ætlað að vera að störfum, svo og í matar- og kaffitímum, í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildi um lengri ferðir af þessu tagi ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni. Slys telst ekki verða við vinnu ef það hlýst af athöfnum slasaða sjálfs sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Tryggingin tekur þó til allra slysa á sjómanni sem verða um borð í skipi hans eða þegar hann ásamt skipinu er staddur utan heimahafnar skips eða útgerðarstaðar.

Atvinnusjúkdómar eru einnig lagðir að jöfnu við vinnuslys í greininni. Eins og af þessu má sjá er greininni ætlað að ná til fleiri tilvika en vinnuslysa í þrengstu merkingu þess orðs samkvæmt skilgreiningum í tryggingaskilmálum tryggingafélaga.

Þegar reynt hefur á túlkun á hugtakinu vinnuslys samkvæmt almannatryggingalögunum hefur tryggingaráð hins vegar stuðst við þrönga skilgreiningu í skilmálum tryggingafélaga og því hvernig dómstólar hafa skilgreint hugtakið slys gagnvart þeim skilmálum. Hefur tryggingaráð í því sambandi vísað til þess hvað sé almenn málvenja og eðli máls og vísað til þeirrar skilgreiningar Arnljóts Björnssonar að með orðinu slys í merkingu almannatryggingalaga sé fyrst og fremst átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama. Tryggingaráð hefur einnig vísað til túlkunar á slysahugtakinu í dönsku atvinnuslysatryggingalöggjöfinni. Hún getur ekki haft neitt fordæmi hér á landi þar sem tryggingamál í Danmörku eru gerólík því sem hér er.

Þessi túlkun tryggingaráðs leiðir til þess að maður, sem lyftir 100 kg byrði í vinnu sinni og hlýtur af því brjósklos og varanlegan skaða á baki, á ekki rétt á vinnuslysabótum. Slíkt telst ekki utanaðkomandi atburður og því ekki slys í merkingu almannatryggingalaga. (Úrskurður tryggingaráðs í málinu nr. 340/1997 frá 3. apríl 1998.) Þessi túlkun leiðir einnig til þess að kona sem annast umönnun aldraðra fær ekki bætur á grundvelli þessa ákvæðis við það að sjúklingur sem hún annast dettur á hana og hún hlýtur varanlegan bakskaða. Tryggingaráð telur að slíkt sé eðlilegur hluti af starfi konunnar, en ekki „skyndilegur utanaðkomandi atburður“. (Sjá einnig úrskurði ráðsins í málunum nr. 150/1996, 31/1997 og 77/1997.)

Þar sem telja má að þröng lagatúlkun Tryggingaráðs sé ekki í samræmi við vilja löggjafans sem virðist augljóslega vera að bæta slys og atvinnusjúkdóma sem tengjast vinnu er lögð til framangreind breyting á 22. gr. almannatryggingalaga. Með því að skilgreina hugtakið slys þannig í almannatryggingalögum að slys sé skyndilegur atburður sem veldur meiðslum á líkama er tekið út úr skilgreiningu tryggingafélaganna hugtakið „utanaðkomandi“ sem virðist gefa tryggingaráði tilefni til þröngrar túlkunar sinnar.

Betra er að ganga hreint til verks og breyta almannatryggingalögum í stað þess að láta reyna á túlkun hugtaksins „slys“ fyrir dómstólum. Sú leið er tímafrek og kostnaðarsöm og kann jafnframt að leiða til sömu niðurstöðu og Tryggingaráð hefur komist að þar sem lögskýringargögn eru óljós.

362. Tillaga til þingsályktunar [302. mál]

um réttarstöðu ríkisstarfsmanna samkvæmt starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar.

Flm.: Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja hið fyrsta fram frumvarp til laga sem jafna réttarstöðu þeirra starfsmanna sem falla undir lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo að náð verði þeim markmiðum ríkisstjórnarinnar sem sett voru fram með starfsmannastefnu sem ákveðin var 1995 og stefnt var að með setningu laga nr. 70/1996.

Greinargerð.

Þegar lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, voru í undirbúningi var það yfirlýstur megintilgangur þeirra að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði, meðal annars í ljósi þeirrar þróunar sem átt hafði sér stað á vinnumarkaði frá árinu 1954 þegar eldri lög voru sett.

Nú, tveimur árum síðar, bólar ekkert á þeim lagabreytingum sem lofað var í kjölfar setningar laganna til að jafna stöðuna. Nægir hér að nefna veikindarétt, rétt til fæðingarorlofs og lífeyrisréttindi.

Í greinargerð með frumvarpinu sem lagt var fram á Alþingi 1996 sagði m.a. að ríkisstarfsmenn hefðu nú flestir fengið samnings- og verkfallsrétt auk þess sem margir þeirra væru ráðnir samkvæmt ráðningarsamningum með gagnkvæmum fresti til uppsagnar. Þrátt fyrir þetta væri enn á því byggt að lögin tækju einvörðungu til þeirra sem væru félagsmenn í félögum innan vébanda BSRB og BHMR. Sá skilningur samrýmdist tæplega ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnrétti né heldur ákvæði 74. gr. hennar um félagafrelsi, sbr. stjórnarskipunarlög, nr. 97/1995. Frumvarpinu væri ætlað að ráða bót á þessu misrétti auk þess sem stefnt væri að því að réttindi hvers starfsmanns samsvaraði þeim skyldum sem honum væru lagðar á herðar á sama hátt og gert hefði verið á sínum tíma þegar lög nr. 38/1954 hefðu verið sett. Samkvæmt því væri í frumvarpinu gert ráð fyrir að mismunandi reglur giltu um starfsmenn ríkisins eftir því hver réttarstaða þeirra væri. Þannig væri lagt til að starfsöryggi þeirra starfsmanna er nytu hvorki samnings- né verkfallsréttar yrði tryggt nokkru betur en venja væri en aðrir starfsmenn ríksins er nytu almennt samnings- og verkfallsréttar byggju við svipað öryggi í starfi og launþegar á almenna vinnumarkaðinum.

Þegar lögin voru sett árið 1996 þurfti að taka afstöðu til þess hvernig ætti að samræma rétt þeirra starfsmanna sem ekki hefðu notið réttar skv. lögum nr. 38/1954 og hinna sem þess réttar hefðu notið.

Í 12. gr. laganna segir að starfsmenn skuli eiga rétt til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi eftir því sem mælt sé fyrir í lögum og eftir atvikum ákveðið eða um samið á sama hátt og laun (þ.e. í kjarasamningum, Kjaradómi eða kjaranefnd).

Sú ákvörun var tekin að hrófla ekki á því stigi við réttarstöðu opinberra starfsmanna sem nutu réttar samkvæmt lögum nr. 38/1954. Í bráðabirgðaákvæði var mælt svo fyrir að þeir starfsmenn ríkisins sem skipaðir hefðu verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna héldu áunnum stjórnarskrárvörðum réttindum sínum og tekið af skarið um það að réttur til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi yrði sá sami og verið hafði hjá þeim starfsmönnum sem skipaðir hefðu verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna. Sama skyldi eiga við um þá sem ráðnir yrðu í sömu eða sambærileg störf á þessu tímabili á grundvelli þessara laga.

Með lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, var gerð sú breyting á réttarstöðu starfsmanna í almennum stéttarfélögum í störfum hjá ríkinu að þeir voru gerðir að ríkisstarfsmönnum, þ.e. lögin ná til þeirra sem og opinberra starfsmanna. Þessu fylgdu viðbótarskyldur fyrir þessa starfsmenn, svo sem varðandi trúnaðarskyldu, skyldu til að vinna yfirvinnu og skyldu til að biðja um leyfi til að gegna launuðu starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi hjá ríkinu. Í tengslum við þessa lagabreytingu var rætt um þann megintilgang laganna að bæta réttarstöðu starfsmanna sem væru ekki félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna. Þessir starfsmenn mundu jafnframt öðlast þau réttindi sem lögin fela í sér og ríkið sem atvinnurekandi mundi virða ákvæði stjórnsýslulaga um að gæta jafnræðis gagnvart starfsmönnum sínum. Lög yrðu sett um veikindarétt og fæðingarorlofsrétt eða samið við aðila þannig að jafnræði næðist.

Fjöldi félagsmanna starfsmannafélagsins Sóknar varð við þessa breytingu að ríkisstarfsmönnum. Í þeim kjarasamningaviðræðum sem Sókn hefur átt við samninganefnd ríkisins eftir að lögin tóku gildi árið 1997 hefur Sókn lagt ríka áherslu á bættan rétt félagsmanna sinna hvað þetta varðar og gert þær kröfur að viðurkenndur sé réttur þeirra til sama fæðingarorlofs og aðrir ríkisstarfsmenn fá. Því hefur alfarið verið hafnað af hálfu ríkisins. Félagið hefur líka bent á að ríkinu sé óheimilt að mismuna fólki í starfi hjá sér með vísan til mismunandi kjarasamninga. Samningamenn ríkisins hafa svarað því til að Sókn verði þá að fara með þau mál eftir venjulegum réttarfarsleiðum.

Með bréfi til umboðsmanns Alþingis 25. júlí 1997 var kvartað yfir misrétti sem kona í Sókn varð fyrir vegna greiðslna í fæðingarorlofi á Landspítalanum í Kópavogi, þar sem hún fékk greitt fæðingarorlof á grundvelli almannatryggingalaga en aðrar konur í nákvæmlega sömu störfum á sama vinnustað fá greitt samkvæmt reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi opinberra starfsmanna. Félagið hélt því fram að þessi mismunun væri skýrt brot á 11. gr. stjórnsýslulaga. Félagið vildi fá úr því skorið hvort það stæðist samkvæmt stjórnsýslurétti að ríkið sem atvinnurekandi gæti mismunað tveimur jafnsettum einstaklingum með því að greiða öðrum laun í fæðingarorlofi á grundvelli reglugerðar nr. 410/1989 en vísa hinum á bætur Tryggingastofnunar ríkisins á grundvelli laga nr. 117/1993. Umboðsmaður taldi ekki tilefni fyrir sig til afskipta af málinu þar sem ákvæði laga nr. 70/1996 hefðu eftirlátið stéttarfélögum og samtökum starfsmanna að semja um rétt þeirra til greiðslna í fæðingarorlofi og lögunum hefði ekki verið ætlað að breyta réttarstöðu starfsmanna í störfum hjá ríkinu að þessu leyti. Hann tjáði sig að öðru leyti ekkert um ákvæði stjórnsýslulaga eða brot á jafnræðisreglum.

Með þessari niðurstöðu virðist svo sem stéttarfélögum séu allar bjargir bannaðar. Þegar leita á leiðréttingar á grundvelli stjórnsýslulaga vísar umboðsmaður til þess að aðilar vinnumarkaðarins eigi að semja um þessa þætti. Þegar reynt er að semja um bætta stöðu í kjarasamningum er vísað til réttarúrræða. Það er að verða öllum ljóst að með lagabreytingunni frá 1996 hafa þessir starfsmenn einungis tekið á sig viðbótarskyldur en ekki fengið nein viðbótarréttindi.

Lífeyrisrétturinn er hluti þessa máls. Þar sem félagsfólk í almennu stéttarfélögunum er í lífeyrissjóði viðkomandi félags er lífeyrissjóður opinberra starfsmanna ekki þess sjóður. Hins vegar er ljóslega brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að vinnuveitandi, ekki síst ríkið, mismuni starfsmönnum. Mótframlag í lífeyrissjóð er 5,5 % hærra hjá starfsmanni innan stéttarfélags opinberra starfsmanna en á almenna vinnumarkaðinum. Þannig geta tveir starfsmenn á sama stað unnið með fatlað fólk, unnið nákvæmlega sömu störfin en verið hvor í sínu stéttarfélaginu og kjör þeirra þess vegna verið gerólík hvað réttindi varðar.

Þetta á einnig við um tryggingar starfsfólks og veikindaréttindi.

Jafnræði eins og stefnt var að með setningu laga nr. 70/1996 og lýst var fjálglega í greinargerð með frumvarpinu með tilvísun til stjórnarskrár er enn víðs fjarri.

363. Frumvarp til laga [303. mál]

um breytingu á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Gísli S. Einarsson

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í þeim reglum skal kveðið skýrt á um að þeim sem ekki hafa leyfi til grásleppuveiða sé óheimilt að koma með grásleppu veidda í net eða önnur veiðarfæri að landi sem meðafla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á liðnum árum hefur því ekki verið gefinn gaumur að grásleppu hefur verið landað sem meðafla án afskipta. Magnið sem boðið hefur verið á fiskmörkuðum skiptir tonnum á hverjum degi. Mikil breyting hefur orðið á stærð möskva þorskaneta, riðill hefur stækkað úr 7½ tommu í 9–10 tommur sem hefur þær afleiðingar að mun meira af grásleppu veiðist í þessi net en áður. Grásleppa er sennilega eini fiskurinn sem þolir að vera dreginn af miklu dýpi og unnt er að sleppa ósködduðum, jafnvel eftir að hafa legið á dekki í allt að hálfa klukkustund. Hrognkelsi úr netum eru oftast ósködduð eftir allt að fjórar nætur hvort sem um er að ræða grunnsævi eða dýpi þannig að unnt er að sleppa þessum fiskum lifandi í sjó aftur við ólíklegustu aðstæður. Í mörgum tilvikum er grásleppan einnig vel lifandi og unnt að sleppa henni í sjó aftur úr trolli og dragnót. Miðað við ástandið í markaðsmálum grásleppuhrogna er ástæða til að herða eftirlit og setja ótvíræðar reglur um grásleppu sem meðafla án veiðiheimildar. Sérstakt veiðileyfi þarf að kaupa til grásleppuveiða.

364. Fyrirspurn [304. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um bifreiðakaupastyrki til fatlaðra.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve há fjárhæð hefur verið veitt árlega í fjárlögum í bifreiðakaupastyrki til fatlaðra árin 1993–98 samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við heimild í lögum um almannatryggingar?
2. Hve háir eru þessir styrkir á hvern einstakling og hvernig skiptast þeir eftir fötlun eða aðstæðum árin 1993–98?
3. Hve margir hafa sótt um styrk árlega á þessu tímabili og hve margir þeirra hafa fengið úthlutað?
4. Hve mörgum hefur verið synjað um styrk þó að þeir hafi fallið undir samþykktar reglur?
5. Hvernig hafa úthlutunarreglur breyst frá árinu 1993?
6. Eru fyrirhugaðar breytingar á reglum um úthlutun bifreiðakaupastyrkja til fatlaðra, og þá hverjar?

Skriflegt svar óskast.

365. Fyrirspurn [305. mál]

til sjávarútvegsráðherra um tilraunaveiðar á túnfiski.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hver er árangur tilraunaveiða á túnfiski á þessu ári miðað við fyrri ár?
2. Er fyrirhugað að breyta úreldingarreglum fiskiskipa svo að íslenskir útgerðarmenn geti leigt sér túnfiskveiðiskip til veiða í íslensku fiskveiðilögsögunni án þess að kaupa sér úreldingu á móti?
3. Hafa verið teknar upp viðræður við Færeyinga um samnýtingu lögsögu ríkjanna til túnfiskveiða?
4. Hafa einhverjar viðræður farið fram um inngöngu í Alþjóðatúnfiskráðið?

366. Fyrirspurn [306. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um málefni aldraða.

Frá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur.

1. Hvað líður vinnu við endurskoðun laga um málefni aldraða?

2. Er það framtíðarsýn ráðherra að nota framkvæmdasjóð aldraðra til annarra verkefna en honum var upphaflega ætlað?

367. Fyrirspurn [307. mál]

til umhverfisráðherra um sérstakar rannsóknir á rjúpnastofninum á Suðvesturlandi.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að rjúpnastofninn á Suðvesturlandi verði rannsakaður sérstaklega vegna fækkunar rjúpunnar á því svæði og leitað verði að ástæðum þess að stofnstærðarbreytingar þar fylgja ekki breytingum í öðrum landshlutum?
2. Er fyrirhugað að verja fé til rannsókna á villtum fuglum sem leyft er að veiða umfram það sem innheimtist árlega með veiðikortagjaldi?
3. Hvaða rannsóknir fara nú fram eða eru fyrirhugaðar á villtum fuglum og dýrum sem leyft er að veiða?

368. Fyrirspurn [308. mál]

til viðskiptaráðherra um ráðstöfun fasteigna í eigu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margar fasteignir hafa Landsbanki annars vegar og Búnaðarbanki hins vegar eignast árlega á uppboðum vegna vangoldinna krafna á einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar og hvert er sundurliðað verðmæti þeirra, skipt eftir síðustu átta árum?
2. Hvaða reglur gilda um endursölu fasteigna, sbr. 1. lið, eða leigu þeirra sé um það að ræða og eru þær auglýstar sérstaklega þegar um er að ræða sölu eða leigu?
3. Hver hefur verið mismunur á uppboðsverði og söluverði fasteigna í eigu hvors banka um sig á árunum 1995–97 og til 1. desember 1998, sundurliðað eftir eignum, lögaðilum og einstaklingum, og hverjar hafa leigutekjur verið, sundurliðað á sama hátt?
4. Hve oft var um að ræða fjárnámsaðgerðir vegna vanskila síðastliðin þrjú ár, annars vegar hjá einstaklingum og hins vegar lögaðilum?

Skriflegt svar óskast.

369. Frumvarp til laga [309. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Rannveig Guðmundsdóttir, Árni M. Mathiesen, Kristín Halldórsdóttir, Magnús Stefánsson, Svavar Gestsson.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, er skylt að hafa gripi sína í vörslu allt árið og sjá til þess að þeir gangi ekki lausir á eða við þjóðvegi. Ákvæði þetta skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem tryggt þykir að af því hljótist engin hætta fyrir umferð, svo sem í heimalöndum eða afréttum sem liggja hvergi að alfaraleiðum. Viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir skulu setja í samþykktir sínar um búfjárhald, sbr. 3.–4. gr., nauðsynleg ákvæði í þessu sambandi að höfðu samráði við lögreglustjóra. Engin slík ákvæði, sem heimila hagagöngu stórgripa utan girðinga, sbr. 2. málsl. þessarar málsgreinar, öðlast þó gildi nema landbúnaðarráðherra staðfesti þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2000.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og einnig tvívegis á síðasta kjörtímabili en varð þá ekki útrætt. Því miður hefur sá vandi sem því er ætlað að leysa, þ.e. umferðaróhöpp og slys sem tengjast lausagöngu stórgripa, síst minnkað.

Til marks um það er ný samantekt á umferðaróhöppum sem tengjast búfé úr ritgerð Huga Hreiðarssonar um þau efni (fskj. II) og blaðagrein hans um málið (fskj. I).

Tíðni alvarlegra umferðaróhappa og slysa, sem rekja má til lausagöngu stórgripa á og við þjóðvegi víða um landið, er alvarlegt áhyggjuefni. Á árinu 1989 starfaði nefnd að því að kanna til hvaða ráðstafana væri unnt að grípa í því skyni að minnka umferð vörslulauss búfjár á þjóðvegum og gera tillögur til úrbóta. Nefndin var m.a. skipuð fulltrúum frá Vegagerð, Búnaðarfélagi og Umferðarráði, auk þess sem í henni sat einn bóndi, landgræðslustjóri og deildarstjóri umhverfisdeildar landbúnaðarráðuneytisins.

Ein meginniðurstaða nefndarinnar var að leggja til að lausaganga stórgripa yrði endanlega aflögð. Einn nefndarmanna hafði þó fyrirvara á um þá tillögu, sbr. skýrslu nefndarinnar sem birt er sem fskj. V með frumvarpi þessu.

Þessi tillaga nefndarinnar náði ekki fram að ganga í sinni upphaflegu mynd heldur varð niðurstaðan sú með setningu nýrra laga um búfjárhald vorið 1991 að gefa sveitarstjórnum afdráttarlausar heimildir til að fyrirskipa vörslu á sínu svæði. Þótt fjölmargar sveitarstjórnir hafi brugðist við í framhaldi af setningu laganna vorið 1991, sbr. fskj. IV, tíðkast lausaganga stórgripa enn á nokkrum svæðum við meiri háttar umferðaræðar og bólar ekki á aðgerðum af hálfu viðkomandi sveitarstjórna. Þetta ástand er, eins og dæmin sanna, með öllu óviðunandi og því þykir flutningsmönnum tímabært að taka af skarið.

Í áðurnefndri skýrslu færa nefndarmenn m.a. fram eftirfarandi rök fyrir þeirri tillögu sinni að banna lausagöngu stórgripa:

„Hrossum landsmanna hefur fjölgað á undanförnum árum. Víða eru þau í vörslu allt árið og mikið hefur dregið úr hrossabeit á afréttum. Töluvert er samt um að hross séu í lausagöngu í heimahögum og eiga þá oft greiðan aðgang að þjóðvegum.

Staðfestar skýrslur sýna að alvarlegustu umferðarslysin, þar sem búfé á hlut að máli, eru árekstrar ökutækja og hrossa.

Í skýrslum frá lögreglustjóraembættum er getið um 130 umferðarslys á árunum 1986–1988, þar sem ekið hefur verið á hross og lögregla kölluð á vettvang. Óhætt er að fullyrða að töluvert fleiri óhöpp hafi orðið þar sem lögreglan er ekki alltaf kölluð á staðinn og skýrslur því ekki gerðar.

Slys hafa orðið á mönnum, ökutæki stórskemmst eða eyðilagst og gripir drepist.

Bótakröfur eru miklar og í flestum tilvikum eru bifreiðaeigendur gerðir ábyrgir.

Hvað nautgripi varðar eru þeir nær undantekningarlaust í vörslu allt árið og slys af þeirra völdum eru mjög sjaldgæf. Nefndin telur hins vegar að með tilliti til búskaparhátta sé eðlilegt að um þá gildi sömu reglur og um hross.

Mun auðveldara og ódýrara er að girða griphelda girðingu fyrir hross og nautgripi en fyrir sauðfé.

Með hliðsjón af ofangreindu leggur nefndin til að eigendum eða umráðamönnum nautgripa og hrossa verði gert skylt að hafa gripina í vörslu allt árið, þ.e. að koma í veg fyrir lausagöngu þeirra."

Enn fremur segir í skýrslunni um þetta:

„Fjölmargar sveitarstjórnir hafa notfært sér framangreindar heimildir [heimildir laga til að takmarka búfjárhald, áður búfjárræktarlög og lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, nú lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl.] til takmörkunar á búfjárhaldi, en samræmingu skortir og framkvæmd reglnanna er ekki alls staðar sem skyldi. Hér er því lagt til að eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, verði gert skylt að hafa þá í vörslu allt árið en áfram verði í gildi ákvæði sem heimili sveitarstjórnarmönnum að takmarka eða banna lausagöngu annars búfjár.

Er þá til þess að líta að tjón af völdum stórgripa í umferðinni eru mun alvarlegri en tjón af völdum annars búfjár og bann við lausagöngu hrossa er nú mun víðar í gildi, bæði á afréttum og heimalöndum, en bann við lausagöngu sauðfjár. Þykir nefndinni því tímabært að stíga það skref að banna alla lausagöngu stórgripa með lögum."

Þessar niðurstöður nefndarinnar og rökstuðningur eru enn í fullu gildi. Þó svo að fjölmargar sveitarstjórnir hafi á síðustu árum tekið á þessum málum og margar bannað lausagöngu hrossa eða stórgripa, sbr. fskj. IV, tíðkast lausaganga enn á mörgum stöðum, jafnvel þar sem þjóðvegir með miklum umferðarþunga liggja eftir endilöngum sveitarfélögum.

Á ákveðnum leiðum er það þannig að sjaldan líður svo mánuður að ekki komi til óhappa sem tengjast lausagöngu stórgripa. Er í því sambandi óhjákvæmilegt að nefna Húnavatnssýslur og Skagafjörð en þar eru óhöpp af þessu tagi hvað tíðust.

Skylt er að geta þess að mikið hefur verið gert undanfarin ár til að ráða bót á þessu ástandi. Þannig hefur lögreglan, bæði á Sauðárkróki og Blönduósi, lagt sig fram um að fá bændur og sveitarstjórnir til samstarfs um að taka á þessum málum.

Upplýsingar um fjölda óhappa sem tengjast búfé á landinu öllu eru fengnar frá Vegagerð ríkisins sem hefur unnið þær upp úr lögregluskýrslum. Allar þessar upplýsingar og töflur eru birtar í fskj. III.

Ljóst er að í framhaldi af lagabreytingu af þessu tagi verða væntanlega breytingar á ábyrgð málsaðila ef umferðaróhöpp verða eftir sem áður vegna þess að stórgripir sleppa úr

vörslu eða vörsluskylda er með öllu vanrækt. Reynir þá væntanlega á heimildir gildandi laga til að skipta tjóni, þ.e. lækka eða fella niður bætur, ef sá sem fyrir tjóninu verður, í þessu tilviki eigandi stórgripsins eða gripanna, er meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Með vísan til þessarar heimildar er það niðurstaða flutningsmanna að leggja ekki til breytingar á umferðarlögum að svo stöddu. Meginregla 88. gr. um að sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu á vélknúnu ökutæki skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess mun að sjálfsögðu haldast. Aðeins í þeim tilvikum að vörsluskylda væri vanrækt eða hún gáleysislega framkvæmd er líklegt að heimild 3. mgr. sömu greinar umferðarlaga um að lækka eða fella niður bætur yrði virk. Einnig er rétt að hafa í huga að lögð er til nokkur aðlögun að gildistöku laganna (1. september 2000) sem m.a. mætti nota til að meta hvort þörf væri á að breyta öðrum lagaákvæðum í kjölfar þess að Alþingi samþykkti almenna vörsluskyldu stórgripa. Núverandi staða er óviðunandi, bæði vegna þeirrar hættu á alvarlegum slysum sem lausaganga stórgripa skapar, en einnig vegna hins að staðan er mismunandi eftir sveitarfélögum. Það tekur einnig til mögulegrar meðábyrgðar eiganda gripanna á slysi í þeim sveitarfélögum þar sem lausaganga er bönnuð, sbr. t.d. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá í október 1993. Í kjölfar hans hefur þess aðeins orðið vart að lausagöngubann sé fellt úr gildi í sveitarfélögum þar sem búið var að koma því á. Er slíkt auðvitað óþolandi afturför.

Loks er rétt að geta þess að í ákvæðum vegalaga er að finna það nýmæli í 56. gr. að lausaganga alls búfjár er bönnuð á vegsvæðum þar sem girt er beggja megin vegar. Slíkt lausagöngubann á þeim vegsvæðum, sem þegar eru lokuð af með girðingum, kemur þó engan veginn í stað vörsluskyldu stórgripa, óháð ástandi girðinga meðfram vegum, eins og hér er lagt til.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. september 2000 þannig að eigendum stórgripa, sveitarstjórnum og öðrum málsaðilum gefist nokkur aðlögunartími að gildistöku þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ótvíræð vörsluskylda verði lögð á eigendur stórgripa, þ.e. í þessu sambandi nautgripa og hrossa, og sérstaklega tekið fram að þeim, þ.e. eigendunum, beri að sjá til þess að slíkir gripir gangi ekki lausir á þjóðvegum eða við þá. Þessi vörsluskylda skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem þannig háttar til að fullvíst og tryggt má telja að af því geti ekki stafað hætta fyrir umferð. Hægt er að hugsa sér þær aðstæður að beitarlönd liggi þannig úr alfaraleið að ekki sé nein hætta á að gripirnir komist á þjóðvegi eða í umferð sem máli skipti. Um slík tilvik skulu þá gilda sérstök ákvæði í samþykktum viðkomandi sveitarstjórna og um þau haft samráð við lögreglustjóra. Þá skal samþykki landbúnaðarráðherra koma til, en sveitarstjórnir hafa hins vegar, sbr. 5. gr. laganna, sjálfstæða heimild til að fyrirskipa vörslu. Ekki þykir rétt að á grundvelli hennar megi nýta hið undanþæga ákvæði um hagagöngu stórgripa utan girðinga án þess að samþykki landbúnaðarráðuneytis komi til.

Um 2. gr.

Rétt þykir að gefa nokkuð rúman aðlögunartíma bæði sveitarstjórnum og eigendum stórgripa sem kunna að þurfa að gera tilteknar ráðstafanir til að geta uppfyllt ákvæði frumvarpsins.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Hugi Hreiðarsson: Búfjárslysum fjölgar. Á annað hundrað slys á ári. (Mbl. 4. janúar 1998.)
II. Hugi Hreiðarsson: Könnun á árekstrum við búfé á árunum 1994–96.
III. Upplýsingar um umferðaróhöpp sem tengjast búfé.
IV. Samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald og bann eða takmörkun á lausagöngu búfjár. (Samantekt 27. janúar 1998.)
V. Skýrsla nefndar um búfé á vegsvæðum. (Desember 1989.)

Fylgiskjöl II og III eru samhljóða fylgiskjölum I og II í þskj. 736 (415. mál 122. löggjafarþings). Sjá A-deild Alþt. 1997–98, bls. 3035–3043.

370. Fyrirspurn [310. mál]

til dómsmálaráðherra um fækkun umferðarslysa á árinu 1997.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hvernig skiptist sú fækkun umferðarslysa sem sagt er í skýrslu ráðherra um stöðu umferðaröryggismála að hafi orðið árið 1997, eftir umdæmum, þ.e.:
   a. Reykjavík,
   b. öðrum umdæmum?
2. Hvernig er skiptingin á milli þessara umdæma eftir:
   a. fjölda dauðaslysa,
   b. fjölda alvarlegra slysa,
   c. fjölda slasaðra?

Skriflegt svar óskast.

371. Svar [237. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndal um sjómannaafslátt.

1. *Hver er fullur mánaðarlegur sjómannaafsláttur einstaklings og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að njóta hans?*

Samkvæmt 4. mgr. B-liðar 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skal sjómannaafsláttur vera 656 kr. fyrir hvern dag, tekjuárið 1998, sbr. a-lið 5. gr. laga nr. 65/1997. Sjómannaafslátturinn er ávallt ákvarðaður miðað við dagafjölda, en ekki miðað við tímabil talin í vikum eða mánuðum. Ef afslátturinn er 656 kr. á dag er fullur mánaðarlegur sjómannaafsláttur einstaklings því 19.953 kr. á þessu ári. Við staðgreiðslu

tekjuársins 1999 verður sjómannaafslátturinn 655 kr., eða 19.923 kr. á mánuði. Við staðgreiðslu tekjuársins 1997 var sjómannaafslátturinn hins vegar 671 kr., eða 20.410 kr. á mánuði.

Skilyrði um rétt til sjómannaafsláttar byggjast á ákvæðum B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og eru útfærð nánar í reglugerð nr. 10/1992, um persónuafslátt og sjómannaafslátt, sbr. 12. og 13. gr.

a. Rétt til sjómannaafsláttar eiga þeir sem stunda sjómannsstörf og skylt er að lögskrá í skipsrúm fiskiskips. Sama rétt eiga þeir menn sem ráðnir eru sem fiskimenn á fiskiskip undir 12 rúmlestum brúttó eða stunda fiskveiðar á eigin fari, þó að ekki sé skylt að lögskrá þá. Í því tilviki skal miða við almenna vinnudaga (mánudaga til föstudaga) á úthaldstímabili í stað lögskráningardaga. Úthaldstímabil telst samfellt tímabil sem skipi er haldið úti við veiðar miðað við löndun samkvæmt kvótaskýrslum og vigtarskýrslum. Réttur þessara manna er þó háður því að laun fyrir sjómennsku séu a.m.k. 30% af tekjuskattsstofni þeirra. Þetta á bæði við eigendur skipa sem sjálfir stunda fiskveiðar á eigin fari og launþega á skipum undir 12 rúmlestum brúttó.
b. Enn fremur eiga rétt til sjómannaafsláttar sjómenn sem skylt er að lögskrá á varðskip, rannsóknarskip, sanddæluskip sem taka efni utan hafna og flytja það á land, ferju eða farskip sem er í förum milli landa eða í strandsiglingum hér við land. Til viðbótar við þessa sjómenn hefur yfirskattanefnd úrskurðað að sama rétt eigi sjómenn á björgunarskipum (úrskurður nr. 386/1995) og hafnsögubátum (úrskurður nr. 377/1995), þótt ekki sé kveðið á um það í ákvæðum laganna né reglugerðarinnar. Hæstiréttur hefur í dómi sínum frá árinu 1994, bls. 2912, staðfest rétt hafnsögumanna til sjómannaafsláttar. Þar kemur fram að leiðsögn skipa hljóti að teljast til sjómannsstarfa í almennri merkingu, hvort sem leiðsögumaður er aðfenginn eða í skipsrúmi um borð, og krefjist bæði kunnáttu og reynslu á sviði siglinga. Þótt hafnsaga eins og í Reykjavík sé stunduð frá landi girðir það eitt ekki fyrir að umrædd ákvæði nái til hennar, eins og efni þeirra í heild er varið. Starfið er áhættusamt og oft unnið við erfið skilyrði, þótt það varði ekki langar siglingar. Dómurinn tók jafnframt fram að hafnsögumaðurinn var lögskráður á báta hafnarinnar vegna starfa síns og að útköll til hafnsögu máttu heita daglegur viðburður. Allt þetta styður tilkall hafnsögumannsins til hins umdeilda afsláttar.
c. Jafnframt eiga hlutaráðnir beitningarmenn í fullu starfi, sem ráðnir eru samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti, rétt á sjómannaafslætti. Beitningarmaður í hlutastarfi eða ákvæðisvinnu á ekki rétt á sjómannaafslætti. Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal við ákvörðun dagafjölda sem veitir rétt til sjómannaafsláttar miða við þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti, þó mest þann dagafjölda sem reiknaður er til afsláttar hjá sjómönnum á viðkomandi línubáti.

Dagafjöldi sjómannaafsláttar ákvarðast af:

1. fjölda lögskráðra daga sjómanna á skipum yfir 12 rúmlestum brúttó að viðbættum þeim dögum sem þeir geta ekki sinnt störfum vegna veikinda eða slysa,
2. fjölda úthaldsdaga á skipum undir 12 rúmlestum brúttó,
3. fjölda daga sem maður er hlutaráðinn til beitningarstarfa.

Ákvarðaðan fjölda daga sjómannaafsláttar samkvæmt framanrituðu skal reikna með margfeldinu 1,49 sem er hámark fjölda sjómannaafsláttardaga án tillits til ráðningartíma, en sjómannaafsláttardagar geta þó aldrei orðið fleiri en ráðningardagar og ekki fleiri en dagar ársins.

2. *Hversu margir njóta sjómannaafsláttar? Hve stór hluti er konur? Hvað er tekjutap ríkissjóðs mikið?*

Á tekjuárinu 1997 nutu 8.565 menn sjómannaafsláttar. Þar af voru 327 konur. Viðurkenndur dagafjöldi sem gaf rétt til sjómannaafsláttar ársins 1997 var 2.020.964. Sjómannaafsláttur fyrir hvern dag ársins 1997 var 671 kr. Reiknaður sjómannaafsláttur ársins 1997 var því 1.356 millj. kr. Taka skal fram að þegar búið er að ákvarða fjölda daga sem veita rétt til sjómannaafsláttar er afslátturinn reiknaður. Hann er föst fjárhæð fyrir hvern dag, og kemur til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af launum sem greidd eru fyrir sjómannsstörf. Þar af leiðir að aldrei verður til „ónýttur sjómannaafsláttur" og ekki er um að ræða millifærslu til maka. Því er hugsanlegt að lækkun tekna ríkissjóðs sé ekki sú fjárhæð sem reiknuðum sjómannaafslætti nemur miðað við fjölda daga þar sem hann er í einhverjum tilvikum ekki nýttur að fullu.

3. *Geta menn fengið sjómannaafslátt á meðan þeir vinna hluta dags eða allan daginn:*
   a. í landi,
   b. í höfnum eða
   c. eru ekki á sjó um nætur, t.d. dagróðramenn, ferjusjómenn, útgerðarstjórar, hafnsögumenn, starfsmenn hafna?

   Geta menn fengið sjómannaafslátt þá daga sem þeir eru ekki við vinnu?

a. Eins og fram kemur í 4. mgr. B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eiga hlutaráðnir beitningarmenn rétt á sjómannaafslætti þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti.
b. Sjómenn geta átt rétt á sjómannaafslætti í höfnum ef um er að ræða eðlilegar tafir frá veiðum, svo sem viðgerð á skipi, ógæftir o.s.frv. Skilyrði er að menn séu ráðnir til skips og lögskráðir eða að úthaldstímabil sé samfellt.
c. Dagróðramenn, ferjusjómenn og hafnsögumenn eiga rétt til sjómannaafsláttar þó að þeir séu ekki á sjó um nætur, enda eru þeir lögskráðir eða stunda sjómennsku á fiskiskipum undir 12 brúttólestum, sem ekki er skylt að lögskrá á. Þá skal þó miðað við almenna vinnudaga. Útgerðarstjórar og starfsmenn hafna eiga ekki rétt á sjómannaafslætti.

Meginregla sjómannaafsláttarins er að menn fái notið hans meðan unnið er við sjómannsstörf, en það byggist á lögskráningu eða úthaldstímbilum. Þó eru til dæmi um að menn fái sjómannaafslátt þótt sjómennska sé ekki stunduð, svo sem vegna veikinda, fæðingarorlofs, orlofs og ráðningartíma í skipsrúm. Vegna ákvæða um ráðningartíma í skipsrúm hefur sú regla verið sett, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 10/1992, að menn sem skylt er að lögskrá á tiltekið skip skulu á hverju launatímabili njóta sjómannaafsláttar sem miðast við fjölda daga með margfeldinu 1,49 fyrir hvern lögskráðan dag að viðbættum veikinda- og slysadögum. Samkvæmt þessu geta menn notið sjómannaafsláttar fyrir einhverja daga sem þeir eru ekki á sjó.

4. *Hver er skipting framteljenda sem njóta sjómannaafsláttar eftir flokkum a–c-liðar í 3. tölul. og svo þeirra sem eru á sjó um nætur?*

Ekki liggur fyrir í fjármálaráðuneytinu skipting framteljenda eftir störfum, skv. a–c-lið 3. tölul. Ekki eru heldur fyrirliggjandi upplýsingar um fjölda þeirra sem ekki eru á sjó um nætur.

5. *Hvernig er eftirliti með framkvæmd sjómannaafsláttar háttað? Er haft eftirlit með lögskráningu á skip? Er tekið á brotum á skattalögum gagnvart sjómannaafslætti á sama hátt og öðrum brotum á skattalögum?*

Eftirlit með sjómannaafslætti er eins og annað skatteftirlit. Skattstjórar annast það hver í sínu umdæmi. Eftir föngum er aflað gagna frá Fiskistofu og öðrum opinberum aðilum, svo sem upplýsingar um úthaldstímabil, landanir, vigtarskýrslur, skýrslur um móttekinn afla frá kaupendum og afladagbækur. Auk þess skoða skattstjórar reglulega skrá um lögskráningu sjómanna.

Um eftirlit með lögskráningu gilda ákvæði laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna. Í 3. gr. kemur fram að tollstjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar tollstjóra skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til tollstjóra um lögskráningar í umdæmum sínum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Verði þeir varir við að ekki er farið eftir fyrirmælum laga um lögskráningu sjómanna skulu þeir tafarlaust tilkynna meint brot með símskeyti til hlutaðeigandi skipstjóra og tollstjóra. Tollstjóri skal hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmi sínu. Það eru því tollstjórar sem annast eftirlit með lögskráningu sjómanna og fylgja því eftir að lögskráning sé rétt. Skattyfirvöld eru því nokkurn vegin bundin af þeim upplýsingum sem fram koma í skránni um lögskráningu.

Með brot á skattalögum gagnvart sjómannaafslætti er farið eins og önnur brot í skattalegu tilliti. Engar sérreglur gilda um þetta efni.

6. *Telur ráðherra að sjómannaafsláttur sé niðurgreiðsla til útgerðar frá sjónarmiði hagfræðinnar?*

Já, það er skoðun fjármálaráðherra að sjómannaafslátturinn sé í eðli sínu niðurgreiðsla á launakostnaði útgerðar og að uppruni afsláttarins og saga hans beri það með sér.

7. *Njóta aðrar stéttir, hópar manna eða einstaklingar sértækra skattfríðinda? Ef svo er, hverjir og hvaða skattfríðinda?*

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er að finna sérreglu fyrir sendimenn íslenska ríkisins. Samkvæmt 2. tölul. A-liðar 30. gr. þeirra má draga frá tekjum, skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að. Staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis er einnig frádráttarbær frá tekjum. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.

Að auki njóta forseti Íslands og maki hans skattfrelsis.

8. *Telur ráðherra sjómannaafsláttinn samrýmast jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar?*

Tilgangur skattalaga er m.a. að jafna samfélagslegan kostnað á borgarana eftir þeim reglum sem þau kveða á um. Í því efni verður að sjálfsögðu að gæta jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, þannig að sama gildi fyrir alla sem eins er ástatt um. Innan þess ramma gera skattalögin mismun í skattlagningu eftir fjölskyldugerð, fjölskyldustærð, húsnæðisaðstöðu, búsetu o.fl. Sjómannaafslátturinn hefur verið talinn ein tegund mismununar í skattalegu tilliti. Með skírskotun til grundvallarreglna um jafnræði verða sérhverjar ívilnanir eða skatt-

undanþágur að vera byggðar á efnislegum rökum, og ber að skýra þær þröngt. Við þá skýringu er óhjákvæmilegt að hafa hliðsjón af forsögu undanþáguákvæða í löggjöfinni. Upphaf sjómannaafsláttar verður rakið til ákvæða í lögum nr. 41/1954 um svonefndan hlífðarfatafrádrátt og fæðisfrádrátt. Bæði þá og síðar, þegar sjómannafrádráttur var útfærður með ýmsum hætti í lögum, aðallega í tengslum við gerð kjarasamninga sjómanna, er augljóslega byggt á þeirri sérstöðu sjómannsstarfsins að það er að jafnaði unnið við erfiðar aðstæður fjarri heimilum og fjölskyldum sjómannanna, sérstaklega fiskimanna, á annan hátt en þeirra sem starfa í landi. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 85/1991 þar sem sjómannaafslættinum var breytt í það horf sem hann er nú, koma fram ýmis rök gegn sjómannaafslætti. Samt sem áður var talið að tilvist hans væri svo veigamikið atriði hvað varðar kjör sjómanna og hag útgerðar að ekki væri unnt að afnema hann án fyrirvara. Með hliðsjón af framansögðu verður ekki talið að sú mismunun sem felst í sjómannaafslætti gangi gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

372. Frumvarp til laga [311. mál]

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Hjálmar Jónsson.

1. gr.

2. málsl. 36. gr. laganna orðast svo: Ráðningartími héraðspresta skal vera fimm ár í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að héraðsprestar íslensku þjóðkirkjunnar séu ráðnir til fimm ára í senn til samræmis við það sem gildir um sóknarpresta og presta, sbr. 36. og 40. gr. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Ekki verður séð að sérstök rök hnígi til þess að hafa aðrar reglur um héraðspresta, en skv. 2. málsl. 36. gr. laganna er ráðningartími þeirra allt að þremur árum í senn. Á kirkjuþingi árið 1997 var samþykkt að leggja til að ráðningartími héraðspresta væri allt að fimm árum í senn, en hér er lagt til að hann skuli vera fimm ár í senn til samræmis við 2. mgr. 40. gr. laganna.

373. Svar [243. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Tómasar Inga Olrich um samskipti smásala og framleiðenda á neytendavörumarkaði.

1. *Hefur ráðherra eða Samkeppnisstofnun látið kanna hvaða áhrif samþjöppun á smásölumarkaði neytendavöru, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, hefur á samband og viðskiptakjör framleiðenda og smásala? Hafi það verið gert, hverjar eru helstu niður-*

stöður hennar? Hafi slík könnun ekki verið gerð, hyggst ráðherra beita sér fyrir henni?

Árið 1994 gerði Samkeppnisstofnun athugun á samkeppnisháttum á matvörumarkaðnum. Meginniðurstaðan var sú að ekki var talin ástæða til íhlutunar af hálfu samkeppnisyfirvalda.

2. *Fylgjast samkeppnisyfirvöld sérstaklega með háttsemi markaðsráðandi verslanakeðja til þess að koma í veg fyrir að þær misbeiti ráðandi markaðsstöðu sinni?*

Samkeppnisyfirvöld hafa fylgst með þróun á matvörumarkaði og þar á meðal þróun vöruverðs og hafa til þessa ekki talið ástæðu til sérstakra aðgerða.

3. *Er ráðherra kunnugt um að fyrir liggi upplýsingar hjá Samkeppnisstofnun um að markaðsráðandi fyrirtæki selji vörur um lengri eða skemmri tíma án álagningar og í sumum tilfellum langt undir kostnaðarverði? Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að markaðsráðandi fyrirtækjum verði bannað að selja vörur undir kostnaðarverði?*

Í athugun sem Samkeppnisstofnun gerði árið 1994 og fyrr er vitnað til kom fram að ýmsar vörur voru seldar með lágri álagningu, án álagningar eða jafnvel undir innkaupsverði. Það átti ekki sérstaklega við um markaðsráðandi fyrirtæki. Það var mat samkeppnisyfirvalda þá að þessir viðskiptahættir sköðuðu ekki samkeppni á þessum markaði.

Engin áform eru um að banna markaðsráðandi fyrirtækjum að selja vörur undir kostnaðarverði. Þó má benda á að samkvæmt samkeppnislögum er mögulegt að setja á slíkt bann sé sala undir kostnaðarverði talin skaðleg samkeppni og til skaða fyrir neytendur. Mat á því hvenær sala undir kostnaðarverði er skaðleg fyrir samkeppnina er mjög erfitt og eins og að framan greinir hafa samkeppnisyfirvöld a.m.k. ekki enn sem komið er talið næg tilefni til beinnar íhlutunar.

4. *Hefur verið kannað hvernig afsláttur framleiðenda til smásala skilar sér til neytenda?*

Eftir því sem best er vitað hefur ekki verið kannað sérstaklega hvernig afsláttur framleiðenda til smásala skilar sér til neytenda að öðru leyti en því að fylgjast með því hvernig verðlag á þessum markaði hefur þróast í gegnum tíðina. Sú þróun gefur fyllsta tilefni til að ætla að neytendur hafi í ríkum mæli notið þeirrar samkeppni sem ríkt hefur á þessum markaði.

5. *Hefur verið kannað hvort álagning á íslenskar framleiðsluvörur er að jafnaði hærri hjá smásölum en á innfluttar vörur?*

Ekki hefur farið fram sérstök könnun á því hvort álagning á íslenskar framleiðsluvörur er að jafnaði hærri hjá smásölum en á innfluttum vörum.

6. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurskoðun samkeppnislaga sem eru orðin fimm ára? Ef svo er, verður í þeirri endurskoðun hugað sérstaklega að því að herða eftirlit með háttsemi markaðsráðandi fyrirtækja?*

Liðlega fimm ár eru liðin frá setningu samkeppnislaga en þau tóku gildi 1. mars 1993. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á viðskiptaumhverfi íslensks atvinnulífs síðan lögin tóku gildi hefur verið skipuð nefnd sem ætlað er að meta hvort þessar breytingar kalli á endurskoðun á samkeppnisákvæðum laganna.

374. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Guðjónsdóttur og Tómas Njál Möller frá fjármálaráðuneyti, Gísla Tryggvason og Pál Halldórsson frá Bandalagi háskólamanna, Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða og Þorstein Geirsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Landssambandi lífeyrissjóða, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Sambandi íslenskra bankamanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Vátryggingaeftirlitinu og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heildarlög um starfsemi Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Er þeim ætlað að laga starfsemi sjóðsins að ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að skipan stjórnar sjóðsins verði óbreytt frá gildandi lögum. Samtök opinberra starfsmanna hafa með aðild sinni að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins haft óbeina tilnefningaraðild að stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Nefndin telur rök mæla með því að það fyrirkomulag verði óbreytt.
2. Lögð er til breyting á tímamörkum 12. gr. frumvarpsins til samræmis við núgildandi 16. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að 12. gr. sé ætlað að vera í samræmi við ákvæði þeirrar greinar.
3. Þá er lagt til að fjármálaráðherra skuli leita eftir umsögn Fjármálaeftirlitisins áður en hann staðfestir samþykktir fyrir Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Einnig er lagt til í samræmi við 28. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, að tilkynna skuli Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi sjóðsins.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 26. nóv. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Svavar Gestsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

375. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EOK, ÁE, SvG, SJS, SP, VS).

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „og þrír án tilnefningar og skal einn þeirra“ í 2. málsl. komi: einn eftir tilnefningu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra.
   b. Á eftir 2. málsl. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaráðherra ákvarðar þóknun stjórnarmanna.
2. Við 12. gr. Í stað orðanna „sex mánuði á undanförnum tólf mánuðum“ í 1. mgr. komi: 24 mánuði á undanförnum 36 mánuðum.
3. Við 15. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist: að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

376. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 70 1. júlí 1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Arason frá fjármálaráðuneyti, Sigurgeir Jónsson frá Lánasýslu ríkisins og Inga K. Magnússon og Guðna Geir Jónsson frá Ríkisendurskoðun. Málið var ekki sent út til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að starfsemi Framkvæmdasjóðs Íslands sé lögð niður og að ríkissjóður yfirtaki eignir hans og skuldir. Frá árinu 1992 hefur dregið umtalsvert úr umsvifum Framkvæmdasjóðs Íslands og hefur hann t.d. ekki veitt lán frá árinu 1992. Í ljósi þess og með vísan til athugasemda við frumvarpið er nefndin samhuga um að leggja beri sjóðinn niður.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Einar Oddur Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 19. nóv. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.		Steingrímur J. Sigfússon.

377. Fyrirspurn [312. mál]

til heilbrigðisráðherra um rannsóknir Margrétar Guðnadóttur.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hyggst ráðuneytið gera til að tryggja að Margrét Guðnadóttir prófessor geti áfram unnið að visnurannsóknum, en hún virðist hafa náð tímamótaáfanga í baráttunni við hægfara veirusýkingar?

378. Fyrirspurn [313. mál]

til utanríkisráðherra um útboð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Er ætlunin að bjóða út fleiri hluta starfseminnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo sem bankaþjónustu og rekstrarþætti Fríhafnarinnar, í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af breytingum á rekstri verslunar og þjónustu í Flugstöðinni?

379. Fyrirspurn [314. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fiskveiðistjórnarkerfi og stöðu fiskstofna.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið þróunin í stofnstærð helstu nytjastofna hér við land frá því að kerfi framseljanlegra aflaheimilda var tekið upp?

2. Verður staða þessara fiskstofna rakin til fiskveiðistjórnarkerfisins og hefur það náð því meginmarkmiði að byggja upp fiskstofna í hagkvæma stærð?

Skriflegt svar óskast.

380. Fyrirspurn [315. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hefur af hálfu stjórnvalda verið gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlun í samræmi við markmiðin sem sett voru í umferðaröryggisáætlun fyrir árin 1997–2000?
2. Ef svo er, hvernig hljóðar sú áætlun með tilliti til einstakra verkefna og fjárframlaga til þeirra?

Skriflegt svar óskast.

381. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36 8. september 1931.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zóphóníasson, Benedikt Bogason og Sólmund Má Jónsson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá hefur nefndinni borist umsögn um málið frá biskupsstofu.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðum um embættiskostnað presta verði breytt á þann veg að kirkjuþing setji reglur og ákveði rekstrarkostnað prestsembætta, en verkefni þetta hefur hingað til verið í höndum kirkjumálaráðherra. Breyting þessi er afleiðing af samningi um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju frá 10. janúar 1997, en samið var um að kirkjan léti af hendi kirkjujarðir, að frátöldum prestssetrum, og að andvirði seldra kirkjujarða rynni í ríkissjóð. Á móti greiði ríkissjóður laun biskups Íslands, vígslubiskupa og 138 starfandi presta og prófasta kirkjunnar. Var samkomulagið lögfest með 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997. Þar sem um rammasamkomulag var að ræða er talið nauðsynlegt að kveða nánar á um launagjöld, embættiskostnað vegna prestsembætta, rekstrargjöld biskupsstofu o.fl. svo að unnt sé að ákveða fjárframlög á fjárlögum eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Hjálmar Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson og Kristín Halldórsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara. Byggist fyrirvarinn á því að mjög er óljóst hvað átt er við með rekstrarkostnaði í frumvarpinu, en samkvæmt því á að miða rekstrarkostnað við reglur sem kirkjuþing setur. Í fylgiskjali með frumvarpinu um samning ríkisins og þjóðkirkjunnar koma einnig fram ýmsir kostnaðarliðir sem virðast vera umfram það samkomulag sem gert var milli ríkis og kirkju.

Alþingi, 25. nóv. 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Siv Friðleifsdóttir.	Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Kristján Pálsson.		Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

382. Frumvarp til laga [316. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Kristinn H. Gunnarsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Landssamband eldri borgara tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi. Það var ekki útrætt og er nú endurflutt.

Með samþykkt þessa frumvarps er tryggð aðild eldri borgara og öryrkja að tryggingaráði Tryggingastofnunar ríkisins. Þessir hópar eru meðal helstu lífeyris- og bótaþega Tryggingastofnunar og eðlilegt að þeir fái beina aðild að stjórn hennar.

Nú er tryggingaráð skipað þannig að Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Verkefni Tryggingastofnunar og tryggingaráðs.

Verkefni Tryggingastofnunar samkvæmt lögum eru þrenns konar, þ.e. að annast lífeyristryggingar, sem skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri, tekjutryggingu, örorkustyrki, barnalífeyri og bætur í fæðingarorlofi, og sjá um slysa- og sjúkratryggingar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur umsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs. Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum og reglugerðum.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Endurskoðunardeild skal starfa við stofnunina undir eftirliti þess. Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar,
b. ársreikningum stofnunarinnar,
c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir,
d. öllum heimildarsamningum við heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstofnanir,
e. meginreglum um notkun heimildarákvæða,
f. öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og -sölum,
g. öðrum þeim atriðum sem lög um almannatryggingar ákveða.

Önnur mál skulu borin undir tryggingaráð ef ráðið óskar þess eða forstjóra finnst ástæða til. Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Máli skal skjóta til úrskurðar tryggingaráðs eigi síðar en þremur mánuðum eftir að ákvörðun liggur fyrir í málinu. Tryggingaráði er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá þriggja mánaða frestinum.

Í framangreindri lýsingu á verksviði tryggingaráðs og Tryggingastofnunar er skýrt að valdsvið tryggingaráðs er verulegt og það starfar í nánu samstarfi við forstjóra. Að mati flutningsmanna er brýnt að tryggja betur hagsmuni eldri borgara og öryrkja í Tryggingastofnun. Þessir hópar eiga flest sitt undir þessari stofnun og margir allt fjárhagslega. Því er nauðsynlegt að sjónarmið þeirra komist skýrt til skila í starfi stofnunarinnar.

Sjónarmið eldri borgara og öryrkja.

Undanfarin ár hefur þess ekki verið gætt að hlusta af nægri athygli á skoðanir eldri borgara og öryrkja. Þessir hópar hafa reynt að sækja rétt sinn með miðlun upplýsinga til samfélagsins og þrýst á stjórnmálamenn að breyta um stefnu. Þessi barátta hefur oft borið nokkurn árangur en er þó langt frá því að vera fullnægjandi. Eldri borgarar starfa í fjölmörgum samtökum. Til að mynda eru starfandi 45 félög eldri borgara víða um landið. Stærst þeirra er Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Þessi félög starfa innan heildarsamtakanna Landssamband eldri borgara. Einnig er starfandi mjög virkur hópur eldri borgara, Aðgerðahópur aldraðra.

Í hugum jafnaðarmanna er grundvallaratriði að samfélagið búi vel að öldruðum og öryrkjum. Margir þeirra eiga ekki í önnur hús að venda. Það er algerlega óviðunandi að eldri borgarar og öryrkjar verði að sætta sig við geðþóttaákvarðanir ríkisstjórnar hvers tíma og vera í óvissu um kjör sín. Núverandi ríkisstjórn hefur tekið minna tillit til hagsmuna þessa fólks en áður hefur þekkst. Þess vegna er mjög mikilvægt að formleg þátttaka eldri borgara og öryrkja sé tryggð í stjórn þessara mála eins og lagt er til í frumvarpinu. Þess má geta að áður hafa verið fluttar tillögur á Alþingi af þingmönnum Alþýðuflokks og Alþýðubandalags um að fjölga í tryggingaráði á svipaðan hátt og hér er lagt til.

Ef frumvarpið verður að lögum verður tryggingaráð skipað sjö mönnum. Í frumvarpinu er lagt til að heildarsamtök aldraðra, Landssamband eldri borgara, tilnefni einn fulltrúa í tryggingaráð og annan til vara. Gert er ráð fyrir að tilnefningin gildi til tveggja ára. Jafnframt er lagt til að Öryrkjabandalag Íslands, sem er heildarsamtök öryrkja hérlendis, tilnefni einn fulltrúa í tryggingaráð og annan til vara, sömuleiðis til tveggja ára. Flutningsmenn telja að hæfilegt sé að tilnefnt sé til tveggja ára í senn þótt hinir fulltrúarnir séu kosnir af Alþingi til fjögurra ára.

Umsagnir um frumvarpið.

Eins og fyrr er getið var frumvarpið lagt fram á síðasta þingi (271. mál, þskj. 341). Það var sent ýmsum aðilum til umsagnar og flutningsmönnum þykir rétt að fella inn í þessa greinargerð tilvitnanir í umsagnir þeirra helstu.

Landssamband eldri borgara sem eru heildarsamtök eldri borgara hérlendis segja m.a í umsögn sinni: „Um frumvarpið á þingskjali 341, um breytingar á skipan tryggingaráðs, vill Landssambandið upplýsa og árétta, að sú tillaga sem þarna er til umfjöllunar samræmist mjög vel áður kynntum samþykktum Landssambands eldri borgara, um að umboðsaðilar hinna tryggðu hefðu nokkurn umfjöllunarrétt um málefni þeirra í tryggingakerfinu. Þessi skoðun og krafa landssambandsins hefur áður verið kynnt bæði forsætis- og heilbrigðis- og tryggingaráðherra. Landssambandið hefur auk þess bent þessum ráðherrum og fleirum í stjórnkerfinu á að brýna nauðsyn beri til að koma hið fyrsta á fastri samráðsnefnd samtaka aldraðra og stjórnvalda. Í grannlöndum okkar hafa slíkar samráðsnefndir verið starfandi í mörg ár og starf þeirra þótt gefa góða raun, ekki bara fyrir hina öldruðu, heldur ekki síður fyrir stjórn og samskiptakerfið í heild. Landssambandið hefur einnig bent á að vegna þess hve mikil skörun er orðin á kerfi almannatrygginga og bótakerfis lífeyrissjóðanna og væntanlega vaxandi í framtíðinni, þá væri einnig æskilegt að lífeyrissjóðasamböndin sameiginlega, tilnefndu einnig mann í tryggingaráð. Um það hefur að undanförnu verið mikil umræða, m.a. af hálfu fjármála- og tryggingaráðherra, svo og af hálfu forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins á ársfundi stofnunarinnar sl. sumar, að nánara samstarf lífeyrissjóðanna og almannatrygginga þyrfti að verða. Lífeyrissjóðirnir jafnvel að taka við einhverjum hluta verkefna almannatrygginga. En Landssambandið leggur til að frumvarp þetta verði samþykkt hið fyrsta."

Í umsögn Aðgerðahóps aldraðra segir m.a.: „Aðgerðahópur aldraðra fagnar þessu frumvarpi sem tekur undir ósk sem lengi hefur verið baráttumál samtaka aldraðra og felur í sér tvímælalausa réttarbót fyrir þennan aldurshóp."

Félag aldraðra á Akureyri leggur sérstaka áherslu á að frumvarp þetta nái fram að ganga. Félag eldri borgara í Borgarnesi og nágrenni vill vekja sérstaka athygli á þingskjali 341, 271. máli, um tilnefningu Landssambands eldri borgara á einum aðalfulltrúa og öðrum vara í tryggingaráð. Það telur „til stórbóta ef sú breyting næði fram að ganga".

Á fundi stjórnar Félags aldraðra á Höfn, sem haldinn var 27. febrúar sl., var tekið til afgreiðslu frumvarp til laga um almannatryggingar, 271. mál, tryggingaráð. Eftirfarandi var bókað: „Stjórnin fagnar framkomnu frumvarpi og skorar á hæstv. alþingismenn að samþykkja það."

Félag eldri borgara Álftanesi mælir sérstaklega með frumvarpinu og vísar til samþykktar Landssambands eldri borgara.

Stjórn Félags aldraðra í Eyjafirði segir m.a. í umsögn sinni: „Sérstaklega er mikils virði að tillaga um að Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalagið fái fulltrúa í trygginga-

ráði. Það er í hæsta máta undarlegt að aldraðir og öryrkjar hafi ekki átt aðild að stjórn Tryggingastofnunar hingað til. Það er því von okkar að þessi tillaga verði samþykkt."

Félag eldri borgara á Akranesi og nágrenni segir m.a. í umsögn sinni: „Með bréfi þessu viljum við þakka heilbrigðis- og trygginganefnd fyrir að senda okkur til umsagnar frumvörp til laga um almannatryggingar. Það er mikil nýbreytni að leita álits okkar um þau mál sem varða lífsafkomu okkar.

Við tökum undir með þeim þingmönnum sem hafa lagt fram þessar breytingar á lögum um almannatryggingar og munum fylgjast með framgangi þeirra á þingi."

Félag eldri borgara í Vestur-Húnavatnssýslu „fagnar frumvarpi um að eldri borgarar eigi fulltrúa í tryggingaráði. Slíkur fulltrúi ætti að geta gætt hagsmuna aldraðra og komið sjónarmiðum þeirra á framfæri í tryggingaráði."

Stjórn Félags aldraðra í Borgarfjarðardölum mælir sérstaklega með frumvarpi um skipan tryggingaráðs.

Félag aldraðra Dalvík og nágrenni „lýsir sérstakri ánægju með þskj. 341, 271. mál, nái það fram að ganga".

Stjórnarfundur Félags eldri borgara á Egilsstöðum 6. mars 1998 leggur „sérstaka áherslu á það baráttumál Landssambands aldraðra að eiga fulltrúa í tryggingaráði".

Félag eldri borgara á Norðfirði tekur undir þær samþykktir sem Landssamband eldri borgara hefur sent frá sér um frumvarp til laga um almannatryggingar, 271. mál.

Félag aldraðra á Djúpavogi lýsir sig samþykkt frumvarpinu.

Í umsögn Félags eldri borgara á Eskifirði segir m.a.: „Með því að tryggja eldri borgurum og öryrkjum sæti í tryggingaráði Tryggingastofnunar ríkisins, er stigið ákjósanlegt og kærkomið skref í þá átt að þessir hópar, með aðild sinni að ráðinu, geti fylgst með málum sem þá varðar og haft áhrif þar á, en þeir eru meðal helstu lífeyris- og bótaþega Tryggingastofnunar. Þarna er tekin stefna sem Félag eldri borgara á Eskifirði telur rétta og bindur vonir við að verði að lögum."

Í umsögn Öryrkjabandalags Íslands segir m.a.: „Öryrkjabandalag Íslands hefur á aðalfundum sínum ályktað eindregið í þá veru að eðlilegt og raunar sjálfsagt sé að fulltrúi þess sitji í tryggingaráði með fullum réttindum. Þessar ályktanir hafa verið sendar til allra þingflokka. Öryrkjabandalag Íslands á virka aðild að stjórnarnefnd um málefni fatlaðra á vegum félagsmálaráðuneytis og ekki síður er því réttlætanleg aðild þess að tryggingaráði."

Landssamtökin Þroskahjálp „þakka fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar, 271. mál, tryggingaráð, og lýsa sig sammála þeirri meginhugsun sem fram kemur í frumvarpinu þ.e. að hagsmunasamtökum bótaþega sé tryggð bein aðild að tryggingaráði. Landssamtökin Þroskahjálp, sem önnur af tveimur heildarsamtökum fatlaðra á Íslandi, geta hins vegar ekki fallist á frumvarpið óbreytt. Samtökin leggja til að síðasta setning 1. greinar orðist svo: Öryrkjabandalag Íslands og Landsamtökin Þorskahjálp tilnefna sameiginlega til tveggja ára einn aðalmann og annan til vara.

Landssamtökin Þroskahjálp eru samtök 27 félaga sem flest eru foreldrafélög fatlaðra barna með mismunandi fatlanir, eða fullorðinna þroskaheftra auk Átaks félags þroskaheftra. Þroskahjálp telur að nauðsyn beri til að í tryggingaráði sé einnig að finna fulltrúa sem þekkir vel til aðstæðna og gætir hagsmuna fjölskyldna fatlaðra barna. Landssamtökin Þroskahjálp álíta að ekki þurfi að vera nein vandkvæði á að tilnefna einn fulltrúa og annan til vara sameiginlega með Öryrkjabandalagi Íslands, enda hafa þessi samtök margoft áður skipt með sér verkum með hliðstæðum hætti."

Félag heyrnarlausra „fagnar nýju lagafrumvarpi um breytingu á lögum um almannatryggingar þar sem lagt er til að fulltrúar eldri borgara og öryrkja fái sæti í tryggingaráði. Lífskjör öryrkja á Íslandi hafa farið versnandi á sl. árum og hafa þeir orðið fyrir mikilli tekjuskerðingu. Ein af mörgum ástæðum fyrir þessari staðreynd er að öryrkjar hafa ekki haft tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum áleiðis. Þeir sem taka ákvarðanir um kjör öryrkja eru háttsettir menn innan stjórnkerfisins sem oftar en ekki eru í engum tengslum við öryrkja og þeirra lífskjör. Með því að tryggja öryrkjum sæti í tryggingaráði er þeim gert kleift að koma hagsmunamálum sínum á framfæri og hafa áhrif á lífskjör öryrkja.“

Í umsögn Öldrunarfræðafélags Íslands segir m.a.: „Samþykkt er að styðja erindið. Eðlilegt er að stærstu hópar bótaþega eigi fulltrúa í tryggingaráði, enda er um að ræða „regnhlífarsamtök“.“

Stjórn Alnæmissamtakanna á Íslandi lýsir ánægju sinni með frumvarpið.

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, „tekur undir nauðsyn þess að helstu hagsmunaaðilar eigi sæti í tryggingaráði og telur að málinu væri vel fyrir komið ef Öryrkjabandalag Íslands og Landssamband eldri borgara fengju fulltrúa í ráðinu“.

Eins og sést á framangreindum umsögnum fær málið mjög góðar undirtektir. Flutningsmenn eru þess fullvissir að lögfesting þessa frumvarps yrði mikilvæg réttarbót fyrir eldra fólk og öryrkja.

383. Svar [240. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um viðskiptahætti Landssímans.

1. *Hvernig getur Landssíminn hf. boðið viðskiptavinum í GSM-farsímaþjónustu að velja sér símanúmer í almenna talsímakerfinu og NMT-kerfinu sem hægt er að hringja í á lægra gjaldi í þjónustuflokknum „Vinir og vandamenn“ án þess að brjóta gegn ákvörðunarorðum samkeppnisráðs nr. 41/1997, um að óheimilt sé að tvinna saman viðskipti fjarskiptaþjónustu og aðra þjónustu félagsins?*

Hér verður að hafa í huga að samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga annast Samkeppnisstofnun, samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin taka til. Viðskiptaráðherra er þannig ekki ætlað beint hlutverk við framkvæmd laganna. Sökum þessa er ekki eðlilegt að viðskiptaráðherra tjái sig um hvort framgreind háttsemi Landssímans kunni að brjóta í bága við umrædda ákvörðun samkeppnisráðs. Það hlutverk hafa samkeppnisyfirvöld með höndum. Hins vegar er rétt að geta þess að samkvæmt upplýsingum frá Samkeppnisstofnun hefur ekki reynt á það hvort að tilvik það sem nefnt er í fyrirspurninni sé samþýðanlegt samkeppnislögum.

2. *Hversu mörg erindi hafa borist Samkeppnisstofnun um meint brot Landssímans hf. og forvera hans (P&S) á samkeppnislögum?*
3. *Hve mörg erindi um meint brot Landssímans hf. eru í meðferð hjá Samkeppnisstofnun nú?*
4. *Hversu langan tíma hefur tekið að afgreiða hvert þeirra erinda sem Samkeppnisstofnun hefur afgreitt og varða meint brot Landssímans hf. og forvera hans?*

Frá gildistöku samkeppnislaga hafa samkeppnisyfirvöld afgreitt 12 ákvarðanir vegna starfsemi Landssíma Íslands eða forvera hans:

1. *Ákvörðun nr. 30/1994:* Erindi Radiomiðunar hf. um meinta misnotkun Póst- og símamálastofnunar á einkaleyfisstöðu stofnunarinnar. Málsmeðferð tók fimm mánuði.
2. *Ákvörðun nr. 8/1995:* Erindi Póstdreifingar hf. um fjárhagslegan aðskilnað tiltekinna þátta í starfsemi Póst- og símamálastofnunar. Málsmeðferð tók sex mánuði.
3. *Ákvörðun nr. 9/1995:* Kvörtun vegna mismununar Póst- og símamálastofnunar við innritun blaða og tímarita. Málsmeðferð tók fimm og hálfan mánuð.
4. *Ákvörðun nr. 20/1996:* Erindi Nýherja hf. og Öryggisþjónustunnar hf. um notkun Securifon-búnaðar á símstöðvum Pósts og síma. Málsmeðferð tók þrjá mánuði.
5. *Ákvörðun nr. 42/1996:* Erindi Póstdreifingar ehf. um meinta misnotkun Póst- og símamálastofnunar á markaðsráðandi stöðu sinni. Málsmeðferð tók 11 mánuði.
6. *Ákvörðun nr. 11/1997:* Internetsþjónusta Pósts og síma. Málsmeðferð tók níu mánuði.
7. *Ákvörðun nr. 30/1997:* Kvörtun Alnets yfir synjun um aðgang að gagnagrunni símaskrár Pósts og síma hf. Málsmeðferð tók fjóra og hálfan mánuð.
8. *Ákvörðun nr. 33/1997:* Mál Fjölmiðlunar hf. vegna breiðbands Pósts og síma hf. Málsmeðferð tók fjóra og hálfan mánuð.
9. *Ákvörðun nr. 41/1997:* Tilboð Pósts og síma hf. á farsímum og farsímaþjónustu til félaga í FÍB. Málsmeðferð tók einn mánuð.
10. *Ákvörðun nr. 49/1997:* Staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 2/1997 frá 18. nóvember 1997. Nýtt tímabundið tilboð Pósts og síma hf. á farsímum til félaga í FÍB. Málsmeðferð tók einn mánuð.
11. *Ákvörðun nr. 4/1998:* GSM tilboð Landssíma Íslands hf. Málsmeðferð tók einn mánuð.
12. *Ákvörðun 21/1998:* Breiðbandið. Málsmeðferð tók sjö og hálfan mánuð.

Þá hefur samkeppnisráð birt þrjú álit er varða Landssímann:

1. *Álit nr. 1/1995:* Álit um ákvæði póstlaga er varðar skilgreiningu á einkarétti Póst- og símamálastofnunar. Málsmeðferð tók sex mánuði.
2. *Álit nr. 2/1995:* Kvörtun vegna mismununar Póst- og símamálastofnunar við innritun blaða og tímarita. Málsmeðferð tók fimm og hálfan mánuð.
3. *Álit nr. 8/1995:* Erindi Samtaka seljenda fjarskiptabúnaðar og fleiri aðila vegna reglugerðar um Póst- og símamálastofnun. Málsmeðferð tók sjö mánuði.

Auk framangreindra formlegra úrlausna samkeppnisráðs hefur Samkeppnisstofnun afgreitt ýmis erindi og fyrirspurnir sem varða Landssímann með óformlegum hætti.

Þá eru 11 erindi er varða Landssíma Íslands hf. í meðferð hjá Samkeppnisstofnun.

384. Frumvarp til laga [317. mál]

um breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Guðni Ágústsson, Ólafur Örn Haraldsson.

1. gr.

Við B-lið 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Fella skal niður þungaskatt innheimtan samkvæmt ökumæli (kílómetragjaldi) sem fellur á akstur sérútbúinnar bifreiðar í eigu fatlaðra einstaklinga, sem fá örorkulífeyri eða ökustyrk. Sama gildir um sérútbúnar bifreiðar foreldra eða framfærenda barna sem fá umönnunargreiðslur.

2. gr.

Við 3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Fella skal niður eða endurgreiða þungaskatt af sérútbúnum bifreiðum í eigu fatlaðra einstaklinga sem fá örorkulífeyri eða örorkustyrk. Sama gildir um sérútbúnar bifreiðar foreldra eða framfærenda barna sem fá umönnunargreiðslur.

3. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Greinargerð.

Á vegum Reykjavíkurborgar er rekin ferðaþjónusta fyrir fatlaða samhliða rekstri Strætisvagna Reykjavíkur. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir en hefur þó þá annmarka að panta þarf far með dags fyrirvara auk þess sem þjónustan er lokuð frá kl. 23.00 til kl. 9.00 á morgnana. Enn fremur reka sameiginlega þessa þjónustu Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur og Mosfellsbær annars vegar og hins vegar Kópavogur og Garðabær. Nokkrir fatlaðir einstaklingar, sem áður hafa notið þessarar þjónustu, hafa með ýtrasta sparnaði og ráðdeildarsemi fest kaup á eigin bifreið og þannig létt ákveðnu álagi af ferðaþjónustunni. Í nokkrum tilfellum, þegar um mikið fatlaða einstaklinga er að ræða, hafa þeir þurft að kaupa sér sendiferðabifreið sérinnréttaða með lyftu fyrir hjólastól.

Það er ljóst að fatlaðir einstaklingar og foreldrar eða framfærendur barna, sem fá umönnunargreiðslur, geta af illri nauðsyn þurft á stærri bifreiðum að halda og velja því í sumum tilfellum dísilbifreiðar í sparnaðarskyni, þrátt fyrir að þær séu oftast dýrari í innkaupum. Sparnaður sem næst með notkun dísilbifreiðar yrði að engu ef þeir sem hér um ræðir þyrftu að greiða þennan skatt. En sem kunnugt er þarf mikinn akstur til að ná sparnaði með rekstri dísilbifreiðar þegar nefndur skattur er greiddur.

Þessir einstaklingar þurfa að greiða geysiháan þungaskatt af bifreiðum sínum þar sem fjárhæð skattsins miðast við þyngd hvort sem greitt er kílómetragjald samkvæmt ökumæli eða árlegt fastagjald, sbr. lög um fjáröflun til vegagerðar.

Hér er lagt til að fella niður fyrrnefndan skatt af bifreiðum í eigu þessara einstaklinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um hvenær og hvernig niðurfellingu þungaskatts skuli háttað. Jafnframt eru sett fram tiltekin skilyrði um það hverjir geti notið niðurfellingarinnar. Eru þau til samræmis við ákvæði laga um félagslega aðstoð þar sem m.a. er fjallað um hverjir eiga rétt á að fá styrk til bifreiðakaupa.

Um 2. gr.

Lagt er til að fatlaðir einstaklingar sem eiga þungaskattsskyldar bifreiðar á föstu gjaldi eigi sama rétt á niðurfellingu og þeir einstaklingar sem eiga bifreiðar með ökumæli. Er þetta

lagt til svo gætt sé jafnræðis, hvort sem gjaldskyldan miðast við fast árgjald eða gjald samkvæmt eknum kílómetrum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

385. Fyrirspurn [318. mál]

til menntamálaráðherra um námskrárgerð.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvernig miðar gerð nýrra námskráa fyrir framhaldsskóla og hvenær er gert ráð fyrir að þær taki gildi?
2. Er miðað við styttingu framhaldsskólans í þrjú ár við gerð nýrra námskráa?
3. Hefur verið lagt mat á hvernig kostnaður við rekstur framhaldsskóla breytist við styttingu skólans í þrjú ár? Ef svo er, hver er meginniðurstaðan?

386. Fyrirspurn [319. mál]

til fjármálaráðherra um verkefni verkfræðistofa.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvaða verkfræðistofur hafa unnið fyrir opinberar stofnanir frá árinu 1991? Hvaða verkefnum hafa þær sinnt?
2. Hverjar voru heildargreiðslur til verkfræðistofa á fyrrnefndu tímabili? Hvernig skiptist sú fjárhæð á milli verkfræðistofa:
   a. eftir einstökum verkefnum,
   b. eftir ráðuneytum?

Skriflegt svar óskast.

387. Fyrirspurn [320. mál]

til iðnaðarráðherra um iðnfyrirtæki í matvælaframleiðslu, hreinlætisvöru- og plastiðnaði.

Frá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur.

1. Hvernig hefur samkeppnisstaða íslenskrar matvælaframleiðslu þróast á síðustu missirum í samanburði við iðnaðinn í heild og aðrar greinar?
2. Hefur orðið samdráttur hjá iðnfyrirtækjum í matvælaframleiðslu, hreinlætisvöru- og plastiðnaði á þessum tíma með tilliti til tekna og afkomu? Ef svo er, er það lýsandi fyrir iðnaðinn í heild?
3. Hvað hefur störfum í þessum fyrirtækjum fækkað mikið á sama tíma?
4. Mun ráðherra bregðast á einhvern hátt við samdrætti í fyrrnefndum greinum?

388. Frumvarp til laga [321. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingu.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 154/1995, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 462 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

Um breytingu á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laganna skulu ákvæði 1. og 5. mgr. 2. gr., 4. mgr. 5. gr., 6., 8. og 9. gr. laga nr. 77/1981, um dýralækna, með síðari breytingum, halda gildi sínu til 1. janúar 2000 og gildistöku 4. mgr. 9. gr., 11. og 12. gr. laga nr. 66/1998 frestað til sama tíma.

Um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1999 umfram 235 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingu.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 161/1996, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1999 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. laganna.

Um breytingu á lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, með síðari breytingu.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 15/1997, skulu tekjur af brunavarnagjaldi umfram 89 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að venju byggir frumvarp til fjárlaga á ákveðnum forsendum um að lögum verði breytt til að markmið þeirra nái fram að ganga. Í samræmi við þann hátt sem hafður hefur verið á, hefur öllum slíkum ákvæðum verið safnað í eitt frumvarp. Ákvæði þessa frumvarps eru þó miklu færri en oft áður. Það stafar einkum af því að á undanförnum árum hefur verið unnið að því að afnema þá tilhögun, sem fest hafði rætur alltof víða og fólst í því, að framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna voru bundin í lög, ýmist með eða án sérstakra tekjustofna. Með slíkum ákvæðum er fjárveitingarvald Alþingis í raun fyrirfram bundið þegar að fjárlagagerðinni kemur, en það dregur um leið úr þeim áhrifum sem fjárstjórnarvaldi Alþingis er með fjárlögum ætlað að hafa á hagstjórn ríkisins, til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap. Ákvæði um lögmælt framlög er þó enn víða að finna og kunna að vera réttlætanleg og jafnvel æskileg að nokkru marki í ákveðnum tilvikum. Slík framlög verða þó að sæta þeim skerðingum sem markmið fjárlagafrumvarpsins setja, enda þótt þörf fyrir sérstakar aðgerðir sé minni nú en oft áður. Af þeim sökum eru í 1. gr. og 3. til 5. gr. frumvarpsins lagðar til tímabundnar skerðingar á ráðstöfun nokkurra lögbundinna gjalda og tekna, en þær hafa þegar verið kynntar í 6. gr. frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999, eins og 23. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, gerir reyndar ráð fyrir. Í ljósi þess hvern áskilnað 1. mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar gerir um efni fjárlaga þykir hins vegar verða að leita eftir heimild til þessara skerðinga í almennum lögum jafnframt.

Að auki er gert ráð fyrir að fresta gildistöku nokkurra ákvæða laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, sbr. nánar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur, sem lagður er á samkvæmt lögunum, í sérstakan sjóð sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Á árinu 1999 er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 542 m.kr. Hér er lagt til að af þessum tekjum renni 80 m.kr. í ríkissjóð.

Um 2. gr.

Lagt er til að frestað verði gildistöku nokkurra ákvæða laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, þar sem ákveðnir óvissuþættir eru enn um hvernig eigi að hrinda þeim í framkvæmd. Í 12. gr. laga nr. 66/1998 er gert ráð fyrir að fjármálaráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið semji við Dýralæknafélag Íslands um greiðslur fyrir vaktþjónustu. Samningaviðræður hafa farið fram en samningar ekki tekist. Því ríkir veruleg óvissa um framkvæmd vaktþjónustunnar og þann kostnað sem af henni kann að hljótast. Jafnframt hefur ekki unnist nægur tími til að ganga frá nýrri gjaldskrá fyrir eftirlitsstörf héraðsdýralækna skv. 7. mgr. 11. gr. laganna en nauðsynlegt er að vandað sé til gerðar hennar. Órjúfanleg tengsl eru milli vaktþjónustu dýralækna og breytinga sem verða á umdæmamörkum héraðsdýralækna og starfsskyldum þeirra. Er því lagt til að frestað verði í eitt ár gildistöku ákvæða laga nr. 66/1998 um vaktþjónustu dýralækna, gerð gjaldskrár fyrir eftirlitsstörf héraðsdýralækna, umdæmamörk og starfsskyldur héraðsdýralækna til að unnt verði að ljúka samningum um greiðslur fyrir vaktþjónustu og gerð gjaldskrár fyrir eftirlitsstörf héraðsdýralækna áður en framangreind ákvæði laganna koma að fullu til framkvæmda. Jafnframt er lagt til að samsvarandi ákvæði eldri laga nr. 77/1981 haldi gildi sínu í sama tíma.

Um 3.–4. gr.

Hér er lagt til að tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra af erfðafjárskatti verði 235 m.kr. á árinu 1999 og 245 m.kr. af skattinum renni í ríkissjóð. Þá er lagt til að sjóðurinn standi undir kostnaði við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnaði við starfsemi stjórnarnefndar á árinu 1999 eins og undanfarin ár.

Um 5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skal verja tekjum af brunavarnagjaldi til Brunamálastofnunar ríkisins. Tekjur af gjaldinu árið 1999 eru áætlaðar 100 m.kr. Hér er lagt til að tekjur af brunavarnagjaldi umfram 89 m.kr. renni í ríkissjóð á árinu 1999.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

Í frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar til að áform í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 nái fram að ganga. Verður fjallað um greinar frumvarpsins og lagt mat á áhrif þeirra á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

1. gr. Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur í sjóð sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Á árinu 1999 er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 542 m.kr. Í frumvarpinu er lagt til að tekjur umfram 462 m.kr. af skattinum, eða um 80 m.kr., renni í ríkissjóð.

2. gr. Lagt er til að gildistöku ákvæða um framkvæmd vaktþjónustu dýralækna og breytinga á umdæmismörkum héraðsdýralækna verði frestað. Áætlað er að kostnaður við vaktþjónustu dýralækna samkvæmt gildandi lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr sé um 31 m.kr. á ári. Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarp til laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr sem samþykkt voru sem lög og ganga í gildi 1. janúar 1999 kemur fram að ekki séu forsendur til að meta áhrif breytinga á vaktþjónustunni til kostnaðar. Því er gengið út frá að kostnaður á hverja vakt verði sambærilegur við það sem hafði verið. Fulltrúar Dýralæknafélags Íslands hafa síðan sett fram tillögur um fyrirkomulag vakta sem ekki hefur náðst samkomulag um.

3.–4. gr. Lagt er til að tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra af erfðafjárskatti verði 235 m.kr. á árinu 1999 og það sem fer umfram það renni í ríkissjóð, eða 245 m.kr. miðað við áætlaðar tekjur árið 1999. Þá er lagt til að sjóðurinn standi undir kostnaði við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnaði við starfsemi stjórnarnefndar á árinu 1999 eins og undanfarin ár.

5. gr. Samkvæmt lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skal verja tekjum af brunavarnagjaldi til Brunamálastofnunar ríkisins. Tekjur af gjaldinu árið 1999 eru áætlaðar 100 m.kr. Lagt er til að tekjur af brunavarnagjaldi umfram 89 m.kr. renni í ríkissjóð á árinu 1999.

Samanlagt hefur frumvarpið þau áhrif að greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1999 verða 336 m.kr. lægri en annars hefði orðið. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður vegna 2. gr. aukist umfram þær 31 m.kr. sem þegar er áætlað fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999.

389. Frumvarp til laga [322. mál]

um afnám laga nr. 62/1984, um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Lög um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar, nr. 62 15. maí 1984, falla úr gildi 1. apríl 1999.

Hagstofa Íslands skal reikna og tilkynna um verðbótahækkun húsaleigu skv. 5. gr. laganna í síðasta sinn frá og með 1. janúar 1999 miðað við breytingar meðallauna á síðasta fjórðungi ársins 1998, sbr. 2. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um húsaleigu, sem fylgir breytingu vísitölu húsnæðiskostnaðar, voru upphaflega gefin út sem bráðabirgðalög, nr. 48 22. apríl 1983. Tilgangurinn með setningu bráðabirgðalaganna var að koma í veg fyrir að óeðlilega mikil hækkun á svonefndri vísitölu húsnæðiskostnaðar ylli samsvarandi hækkun á húsaleigu í þeirri miklu verðbólgu sem þá var ríkjandi. Aðfaraorð bráðabirgðalaganna voru svohljóðandi: „Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög, sem komi í veg fyrir, að ójöfn dreifing hækkunar vísitölu húsnæðiskostnaðar á greiðslutímabil frá apríl 1982 til jafnlengdar 1983 leiði til óeðlilega mikillar hækkunar á húsaleigu frá 1. apríl 1983 að því er varðar leigusamninga, sem tengdir eru þessari vísitölu og gerðir voru á nefndu tímabili."

Forsaga málsins var sú (sjá Alþt. 1983–84, bls. 2869–71) að kauplagsnefnd, sem reiknaði og birti vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt þágildandi lögum, ákvað í tengslum við upptöku nýrrar framfærsluvísitölu 1. janúar 1968 að reikna sérstaklega vísitölu er sýndi breytingar á rekstrarkostnaði íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Skyldi húsnæðisliður hinnar nýju framfærsluvísitölu fylgja breytingum á vísitölu húsnæðiskostnaðar. Kauplagsnefnd og Hagstofa Íslands ákváðu enn fremur að birta þessa vísitölu í Hagtíðindum, ekki síst til þess að leigusalar og leigutakar gætu notað hana til að verðtryggja húsaleigu. Ekki voru sett lög um þessa vísitölu og útreikningur hennar og birting byggðist einvörðungu á ákvörðunum kauplagsnefndar þar að lútandi.

Þessi vísitala húsnæðiskostnaðar hafði þann ágalla að í upphafi hafði verið ákveðið að öll árleg hækkun fjármagnskostnaðar og fasteignagjalda skyldi ganga inn í hana einu sinni á ári, í mars. Þessir tveir liðir námu um 80% af heildarútgjöldum vísitölugrunnsins og því þýddi þetta í reynd að um 80% af árshækkun vísitölunnar kom fram í einu lagi í marsvísitölu. Þessi annmarki var ekki talinn koma mikið að sök meðan verðbólga var tiltölulega lítil á mælikvarða þeirra tíma. Hann fór hins vegar að verða tilfinnanlegur með vaxandi verðbólgu á áttunda áratugnum og um þverbak þótti keyra í þeirri miklu verðbólguöldu sem reis árið 1983. Þá hækkaði vísitala húsnæðiskostnaðar um 51% en hafði næstliðna þrjá ársfjórðunga hækkað um 14% í heild, 4,5% að meðaltali hvern ársfjórðung. Þessi mismikla hækkun á húsaleigu, sem þetta olli eftir því hvenær húsaleigusamningur hafði verið gerður, varð þess valdandi að talið var nauðsynlegt að lögfesta ákvæði um hámarkshækkun húsaleigu 1. maí 1983 sem komu í stað sjálfvirkrar hækkunar í samræmi við breytingu vísitölu húsnæðiskostnaðar í marsbyrjun. Enn fremur var talið einsýnt að vísitala húsnæðiskostnaðar frá 1968 „væri orðin ónothæf sem mælikvarði til ákvörðunar verðbóta á húsaleigu" (Alþt. 1983–84, bls. 2870). Því væri rétt annars vegar að hætta útreikningi hennar og hins vegar að koma á fót „nýju kerfi" til að gegna þessu hlutverki, þ.e. til verðtryggingar húsaleigu. Var talið „eðlilegt að húsaleiga samkvæmt leigusamningum, er lögin tækju til, skyldi fylgja hlutfallslegum breytingum meðallauna á næstliðnum þremur mánuðum og [breytast] eins og verið hafði ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna júlí, október, janúar og apríl."

Ákvæði bráðabirgðalaganna, nr. 48/1983, voru í meginatriðum ferns konar:

1. Í 1. gr. voru ákvæði um hámarkshækkun húsaleigu þegar samið hafði verið um að leigan fylgdi vísitölu húsnæðiskostnaðar. Hámarkshækkunin var mismikil eftir því hvenær samningur hafði verið gerður. Í samningum, sem gerðir höfðu verið fyrir 1. apríl 1982 og höfðu að geyma ákvæði um að leigan skyldi fylgja vísitölu húsnæðiskostnaðar, var kveðið á um að leigan skyldi hækka 1. apríl eins og vísitalan hafði hækkað í mars, þ.e. um 51,04%.

2. Kveðið var á um hækkun húsaleigu fyrir atvinnuhúsnæði 1. apríl 1983 (1. málsl. 3. gr.).
3. Kveðið var á um að frá 3. ársfjórðungi 1983 skyldi húsaleiga fyrir íbúðarhúsnæði, sem fylgt hafði vísitölu húsnæðiskostnaðar, fylgja breytingum meðallauna, samkvæmt tilkynningu Hagstofu Íslands, á næstliðnum þremur mánuðum og breytast ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna júlí, október, janúar og apríl (2. gr.). Sams konar regla var einnig sett um leigu fyrir atvinnuhúsnæði (2. málsl. 3. gr.). Skyldu tilkynningar Hagstofunnar um „verðbótahækkun húsaleigu“ koma í stað vísitölu húsnæðiskostnaðar enda skyldi hún ekki reiknuð framvegis.
4. Auk þessa var kveðið á um (2. mgr. 2. gr.) að frjálst væri að ákveða í leigusamningum um íbúðarhúsnæði að leiga skyldi fylgja breytingu meðallauna samkvæmt tilkynningu Hagstofunnar.

Bráðabirgðalögin, nr. 48/1983, voru staðfest óbreytt með samhljóða samþykkt Alþingis og gefin út sem lög nr. 62/1984.

Setning bráðabirgðalaganna fól í sér viðbrögð við þeirri miklu verðbólguöldu sem reis vorið 1983. Lagasetningin stuðlaði augljóslega að því að bægja frá bráðum vanda við ákaflega óstöðugt verðfar á þessum tíma. Jafnframt hafa þau ákvæði laganna, sem lutu að tengingu leigu við laun, vafalaust eytt óvissu um breytingar leigu og skapað festu um leigu íbúðarhúsnæðis og gerð leigusamninga. Lög þessi eiga hins vegar ekki við lengur. Annars vegar voru ákvæði þeirra um hámarkshækkun húsaleigu tímabundin, bæði hvað snertir hámarkshækkun húsaleigu og þá tilhögun sem leysti af hólmi tengingu leigu við vísitölu húsnæðiskostnaðar sem var reiknuð síðast í mars 1983. Hins vegar verður að telja að lögin hafi fyrir löngu lokið því hlutverki sínu að verja leigjendur gegn misgengi verðlags og launa og skapa festu um húsaleigu og leigusamninga.

Lögin nr. 62/1984 hafa síðustu missirin komið til umræðu á vettvangi ráðgjafarnefndar (áður kauplagsnefnd) sem starfar á vegum Hagstofu Íslands samkvæmt lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995. Hafa fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands í nefndinni verið sammála um að þessi tilhögun verðtryggingar sé verðbólguhvetjandi. Í sameiginlegu bréfi ASÍ og VSÍ til félagsmálaráðherra 27. apríl 1998 eru færð rök fyrir þessu sjónarmiði. Jafnframt er bent á að vísitölubindingu húsaleigu megi rekja til verðbólguþjóðfélags sem tilheyri liðinni tíð. Þessari vísitölubindingu sé nú haldið við á tvennan hátt, annars vegar með lögum nr. 62/1984 og hins vegar með eyðublaði því fyrir húsaleigusamninga sem Húsnæðisstofnun ríkisins gefur út í samræmi við húsaleigulög, nr. 36/1994. Samtökin beina því til ráðherra að hann beiti sér fyrir því að lögin nr. 62/1984 verði felld úr gildi og eyðublaði því sem Húsnæðisstofnun ríkisins gefur út verði breytt.

Hagstofa Íslands álítur að lögin nr. 62/1984 séu að öllu leyti úrelt. Samningsfrelsi ríkir nú um húsaleigu svo og um það hvort og þá hvernig hún skuli breytast á leigutímanum, sbr. 37. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994. Lögin fela hins vegar í sér hvatningu til verðtryggingar og jafnframt til tengingar við einn tiltekinn mælikvarða, meðallaun, sem nú verður að telja að henti illa til þessa. Þessi ákvæði koma því engan veginn heim og saman við núverandi stöðu mála hvað snertir verðtryggingu í íslensku efnahagslífi. Ætla má að sú tenging húsaleigu við laun, sem lögin kveða á um, sé verðbólguhvetjandi auk þess sem lögin samrýmast ekki gildandi tilhögun verðtryggingar yfirleitt. Því þykir rétt að leggja til að þau falli úr gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. er megintillaga þessa frumvarps, að lögin nr. 62/1984 falli úr gildi frá og með 1. apríl 1999.

Í 2. mgr. er lagt til að Hagstofan skuli reikna breytingu meðallauna, sem ræður verðbótahækkun húsaleigu, í síðasta sinn miðað við mánuðina október – desember 1998 og tilkynna í síðasta sinn um verðbótahækkun húsaleigu frá og með 1. janúar 1999.

Þessi tillaga er við það miðuð að þeim leigusölum og leigutökum, sem hafa um þetta ákvæði í samningum sínum, gefist ráðrúm til að endurskoða þau.

Verði frumvarp þetta að lögum er brýnt að leigusalar og leigutakar, sem hafa um það samið að leiga skuli breytast samkvæmt tilkynningu Hagstofu Íslands um verðbótahækkun húsaleigu, komi sér saman um hvort og þá hvernig leigufjárhæð breytist frá og með 2. ársfjórðungi 1999. Samkvæmt þessu frumvarpi verður staðan þá sú að lögin nr. 62/1984 verða fallin úr gildi og Hagstofan hætt að tilkynna um verðbótahækkun húsaleigu. Síðasta tilkynning Hagstofunnar mun gilda um leigu á 1. fjórðungi ársins 1999. Eftir það verða umrædd ákvæði húsaleigusamninga óvirk og getur þá skapast óvissa nema sérstaklega sé samið um hvað taki við.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum ríkir samningsfrelsi um húsaleigu. Því þykir eðlilegast að aðilar að húsaleigusamningi taki til endurskoðunar verðtryggingarákvæði samnings síns án þess að þeim séu í löggjöf settar sérstakar skorður þar að lútandi. Slíkar skorður brjóta enn fremur beinlínis í bága við 37. gr. húsaleigulaga.

Tekið skal fram að ekki er vitað í hvaða mæli húsaleigusamningar kveða á um tengingu leigu við „verðbótahækkun húsaleigu“. Víst er að svo er í allmörgum samningum en enn fremur er algengt að leiga sé tengd öðrum verðmæli, sérstaklega byggingar- eða neysluverðsvísitölu. Verði frumvarp þetta að lögum er nauðsynlegt að ákvæði þess séu kynnt á skýran hátt og í tæka tíð. Hagstofa Íslands mun annast þessa kynningu, bæði með auglýsingum í fjölmiðlum og með upplýsingaþjónustu við almenning.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga nr. 62/1984 um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

Tilgangur frumvarpsins er að lög nr. 62/1984 falli úr gildi. Kostnaður við útreikning á vísitölu húsnæðiskostnaðar hefur verið óverulegur. Vísitalan hefur meðal annars verið notuð til verðtryggingar á samningum um húsnæði sem ríkisaðilar leigja. Nú eru í gildi 67 samningar að fjárhæð 106 m.kr. á ári sem fjármálaráðuneytið hefur staðfest með leigufjárhæð bundna við vísitölu húsnæðiskostnaðar. Talið er að breytingin hafi lítil áhrif á kostnað ríkissjóðs.

390. Frumvarp til laga [323. mál]

um Lífeyrissjóð bænda.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Heiti, hlutverk, aðild, iðgjöld og stjórn.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður bænda. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Sjóðurinn starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum þessum og samþykktum sjóðsins.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga og samþykkta sjóðsins.

2. gr.

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá sjóðsaðild að Lífeyrissjóði bænda. Bóndi í þessu sambandi, þar með talinn aðili að félagsbúi, einkahlutafélagi eða öðru lögformlegu búrekstrarformi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02, enda hafi hann náð sextán ára aldri. Búi bóndi í óvígðri sambúð skulu bæði vera sjóðfélagar ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og sambúðin hefur skriflega verið tilkynnt Hagstofu Íslands eða sjóðstjórn, sbr. þó 2. málsl.

Launþegar, er starfa við landbúnað, skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð sextán ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem stunda búrekstur utan lögbýla, svo og bændum sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda sé um að ræða verulegan búrekstur, sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum og sambúðaraðilum, sbr. 1. mgr., þeirra aðila sem um ræðir í þessari málsgrein.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Iðgjaldsstofn bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun heldur þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa vegna búrekstrar.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal vera 50% hærra en ið-

gjald skv. 1. málsl. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim hjá sjóðfélögum, sem beingreiðslna njóta, iðgjaldi þessara sjóðfélaga fyrir það tímabil og skila því til sjóðsins. Nú nýtur bóndi ekki beingreiðslna og skal þá iðgjald innheimt samtímis og með búnaðargjaldi. Stofn til greiðslu upp í iðgjald skal vera reiknuð laun samkvæmt greinargerð um reiknað endurgjald í ársbyrjun eða áætlun um greidd laun yfirstandandi árs vegna búrekstrar. Liggi ekki fyrir upplýsingar um reiknuð laun eða áætlun um greidd laun yfirstandandi árs skal miðað við laun næstliðins tekjuárs. Iðgjöldum, sem innheimt eru skv. 1. og 2. málsl., skal skilað til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að þau eru greidd og skulu þau sundurliðuð eftir sjóðfélögum.

Greiðsla upp í iðgjald skv. 2. málsl. 3. mgr. skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum, mánuðina ágúst til desember á tekjuárinu. Gjalddagar iðgjaldagreiðslna skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember.

Frá greiðsluskyldu iðgjaldi skv. 2. mgr. skal draga þá fjárhæð sem greidd hefur verið upp í iðgjald skv. 3. mgr., sbr. 4. mgr. Ef iðgjald er hærra en greiðsla upp í iðgjald skal því sem á vantar haldið eftir af beingreiðslu eða innheimt samhliða búnaðargjaldi, eftir því sem við á, og skal innheimtunni dreift á þá fimm gjalddaga sem eftir eru af tekjuárinu, sbr. 4. mgr. Sé iðgjaldið lægra en greitt hefur verið upp í iðgjald skulu vextir reiknaðir á endurgreiðslu samkvæmt vaxtalögum.

Greiði sjóðfélagi ekki greiðslu upp í iðgjald innan 30 daga frá gjalddaga skv. 4. mgr. eða sé hún vangreidd skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga, sbr. 4. mgr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtuþóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

4. gr.

Nú hefur sjóðfélagi sem greiðir iðgjald skv. 1. mgr. 3. gr. atvinnutekjur af öðru en búrekstri og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og er honum þá heimilt að greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum eða greiddum launum, þ.e. 4% iðgjald sjóðfélaga en 6% mótframlag vinnuveitanda.

Iðgjöld launþega sem eru sjóðfélagar skv. 2. mgr. 2. gr. laga þessara skulu vera 10% af heildarlaunum, þ.e. 4% iðgjald sjóðfélaga en 6% mótframlag vinnuveitanda.

Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin mótframlagi.

Gjalddagi iðgjalda og framlaga skv. 1. og 2. mgr. er tíundi dagur næsta mánaðar og eindagi 30 dögum síðar. Dragist greiðsla fram yfir eindaga skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga til greiðsludags.

Launagreiðanda og sjálfstæðum atvinnurekanda ber að tilkynna sjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á iðgjöldum og framlögum til sjóðsins þar sem þeir hafi hætt starfsemi eða launþegar þeirra látið af störfum.

5. gr.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til 70 ára aldurs.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

6. gr.

Iðgjöld bónda og maka hans eða sambúðaraðila vegna búrekstrar, sbr. 3. gr., skulu skiptast jafnt milli þeirra. Hafi annað hvort þeirra atvinnutekjur af öðru en búrekstri, sem skapa ótvíræðan rétt til lífeyris í öðrum lífeyrissjóði, getur sjóðstjórn fallist á skriflega umsókn aðila um aðra skiptingu iðgjalda. Ef annar aðilinn er undanþeginn sjóðsaðild, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 2. gr., skal iðgjöldum ekki skipt.

Iðgjöld skv. 3. og 4. gr. skulu hvert almanaksár umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda.

Til grundvallar stigaútreikningi er tiltekin fjárhæð fyrir hvern almanaksmánuð, í janúar 1998 51.110 kr. og skal hún breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 181,4 stigum miðað við janúar 1998.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í 25-föld ársiðgjöld sjóðfélaga með grundvallarlaunum ársins skv. 3. mgr. og skulu stig reiknast með þremur aukastöfum. Ekki skal reikna stig lengur en til loka þess mánaðar er 70 ára aldri er náð. Séu iðgjaldaár fleiri en 30 skal við framreikning vegna örorku- og makalífeyris reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða.

7. gr.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt er umfram iðgjald skv. 3. og 4. gr. og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá sjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum.

8. gr.

Fjármálaráðherra skal skipa stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórnin skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af landbúnaðarráðherra, tveir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

II. KAFLI
Lífeyrisréttindi.

9. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris, sbr. 1. mgr., um tiltekið hlutfall, í samræmi við tryggingafræðilegt mat, fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt, ef forsendur skapast, að undangenginni tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðsins, að setja í samþykktir ákvæði um heimild til sjóðfélaga til að hefja töku lífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um tiltekið hlutfall, í samræmi við tryggingafræðilegt mat, fyrir hvern mánuð sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst.

10. gr.

Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 50% eða meira og hefur greitt til sjóðsins í a.m.k. tvö ár á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Heimilt er að fela tryggingayfirlækni mat á örorku fyrir sjóðinn og skal það nánar ákveðið í samþykktum sjóðsins.

Örorkulífeyrir skal framreiknaður skv. 5. mgr., enda uppfylli sjóðfélaginn öll eftirtalin skilyrði:

a. hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. þrjú af undanförnum fjórum almanaksárum fyrir orkutap og áunnið sér a.m.k. 0,4 stig hvert þessara þriggja ára,
b. hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanförnum tólf mánuðum fyrir orkutap,
c. hafi ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til notkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

Hundraðshluta orkutaps og upphaf þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda, svo og áliti trúnaðarlæknis sjóðsins, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. Örorkumat skal fyrstu þrjú árin miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur óskertum þeim tekjum er hann hafði áður, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 12. gr. verða hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Hafi sjóðfélagi verið öryrki áður en hann hóf greiðslur í sjóðinn er ekki um örorkulífeyrisrétt úr þessum sjóði að ræða vegna þeirrar örorku.

Þegar skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma skv. 2. mgr. eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt að viðbættum lífeyri er svarar til þeirra réttinda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess mánaðar, er hann nær 67 ára aldri, sbr. þó 3. málsl. 4. mgr. 6. gr., samkvæmt reglum sem nánar skal kveðið á um í samþykktum. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Eigi sjóðfélagi ekki rétt á framreikningi miðast hámark örorkulífeyris við áunnin stig.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Sé um tímabundna örorku að ræða í skemmri tíma en sex mánuði skal ekki greiða örorkulífeyri.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að meta rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði á þeim tíma er örorkan óx.

Örorkulífeyrir fellur niður við lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 67 ára aldri. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn í samræmi við áunnin réttindi. Sé um framreikningsrétt skv. 5. mgr. að ræða skal ellilífeyrir ákveðinn þannig að áætluðum réttindum skv. 5. mgr. skal bætt við áunnin réttindi. Hafi örorkulífeyrisþegi verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í þessum eða öðrum sjóði eftir að honum var úrskurðaður örorkulífeyrir í þessum sjóði skulu þau lífeyrisréttindi koma til frádráttar áætluðum réttindum við framreikning.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjöld til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanförnum 36 mánuðum eða öðlast rétt til framreiknings skv. 2. og 5. mgr. 10. gr., og á þá eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum í a.m.k. 24 mánuði eftir andlátið. Hafi makinn barn yngra en átján ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Nú andast sjóðfélagi, sem orðinn var sjóðfélagi fyrir árslok 1983 og skipti ekki réttindum sínum í árslok 1983 með maka sínum, og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum að loknum þeim greiðslutíma sem kveðið er á um í 1. mgr. til æviloka. Slíkur réttur miðast þó einungis við áunnin réttindi í sjóðnum í árslok 1983 án framreiknings.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1. og 2. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um árabil.

Hámark makalífeyris miðast við 50% af hámarksörorkulífeyri, sbr. 5. mgr. 10. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til loka þess mánaðar er hann hefði náð 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 10. mgr. 10. gr. Veiti dauðsfall eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði, vegna ókomins tíma, að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, en gengur aftur í gildi ef hjúskapnum, sambúðinni eða staðfestu samvistinni er slitið án réttar til lífeyris.

12. gr.

Andist sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreiknings skv. 2. og 5. mgr. 10. gr. skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en átján ára eiga rétt á lífeyri til átján ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris skv. 2. og 5. mgr. 10. gr. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 5. mgr. 10. gr., eru a.m.k. eitt stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5 stig. Heimilt er að setja nánari ákvæði um upphæðir barnalífeyris í samþykktir sjóðsins.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga sama rétt og börn eða kjörbörn sjóðfélga til barnalífeyris. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera þær sömu og ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13. gr.

Grundvallarlaun lífeyris skv. 9., 10. og 11. gr. eru 51.110 kr. í janúar 1998, sbr. 3. mgr. 6. gr. Fjárhæðin breytist 1. janúar og 1. júlí ár hvert í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 181,4 stig.

Upphæðir elli- og örorkulífeyris skv. 9. og 10. gr. er hundraðshluti af grundvallarlaunum, sbr. 1. mgr., og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með margföldunarstuðli að lágmarki 1,4, samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Upphæðir makalífeyris skv. 11. gr. skulu reiknaðar á sama hátt en með margföldunarstuðli sem er 50% lægri.

14. gr.

Verði breytingar gerðar á útreikningi lífeyrishlutfalls í samþykktum skal hlutfall lífeyris sem úrskurðaður hefur verið samkvæmt þessum lögum og I. kafla eldri laga breytast að sama skapi.

III. KAFLI
Eftirlaun til aldraðra í Lífeyrissjóði bænda.

15. gr.

Þeim, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 16. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

a. Hafi náð 70 ára aldri.
b. Hafi látið af búskap. Bóndi, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á ellilífeyri án tillits til þess hvort hann hefur látið af búskap eða ekki.
c. Eigi að baki a.m.k. tíu ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann, sem látið hefur af búskap á árunum 1964–1969, brot úr ári til að ná fullum tíu árum veldur það þó ekki réttindamissi, ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum tíu árum.

Nú andast maður, sem öðlast hafði rétt til lífeyris skv. 1. mgr. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði c-liðar 1. mgr. með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris skv. 16. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a.m.k. fimm ára réttindi, sbr. 3. mgr. Það er enn fremur skilyrði að hjónabandið hafi staðið a.m.k. í fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Sambúð veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi hún verið tilkynnt sjóðnum skriflega fyrir andlátið. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita aðila sem sannanlega annaðist heimili bónda, hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum, en aldrei skal hann reiknast lengri en 20 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum 1. mgr. um lögheimili, ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðinu um lögbýli, ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbýlis er afgreidd skal leita álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á því hvaða býlum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbýla.

16. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er skv. 15. gr., miðast við réttindatíma, sbr. 3. mgr. 15. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við 100% grundvallarlaun skv. 1. mgr. 14. gr., og sama gildir um ellilífeyri, ef skilyrðum 2. mgr. 15. gr. um hjúskap eða sambúð er fullnægt, en að öðrum kosti skal lífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,923% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár, en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5,341%, að viðbættu 1,068% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum eldri laga um Lífeyrissjóð bænda einstök réttindaár skal þó miðað við þann rétt þau ár, og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunnin rétt hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu áranna, ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins lauk.

Hafi bóndi stundað búskap þar til hann lést og verið yngri en 67 ára skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris, auk réttindatíma skv. 3. mgr. 15. gr., taka tillit til þess tíma sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Lífeyrir skv. 9.–11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein. Verði lífeyrir hærri kv. 9. og 11. gr. en elli- og makalífeyrir samkvæmt þessari grein, verður ekki um lífeyrisgreiðslur að ræða samkvæmt þessari grein.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt þessari grein. Hafi hlutaðeigandi gengið úr lífeyrissjóði eftir árslok 1969 og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignarskipulagi skuli metin til frádráttar.

Eigi maður, auk réttindatíma sem bóndi, jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð sem hvor aðili hefði greitt ef réttindatími hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurð og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrir samkvæmt þessari grein skerðist, ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu sem nemur $^{1}/_{4}$ af grundvallarlaunum eða meira á almanaksári, sbr. 3. mgr. 6. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um $^{1}/_{12}$ fyrir hvern $^{1}/_{12}$ hluta viðmiðunarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en $^{3}/_{4}$ skal hann felldur niður með öllu.

17. gr.

Útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum 15. og 16. gr. skulu borin af ríkissjóði.

18. gr.

Þeir bændur, sem telja sig eiga rétt til lífeyris skv. 16. gr., skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar sem sjóðstjórnin telur sig þurfa að fá. Stjórn sjóðsins úrskurðar lífeyri skv. 16. gr.

Skylt er þeim er nýtur lífeyris skv. 16. gr. sem kvæntur bóndi að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðaraðili fellur frá ellegar hjúskap eða óvígðri sambúð er slitið. Í síðarnefnda tilvikinu skal ellilífeyri skipt að jöfnu.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

20. gr.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar, sem tilkynnt var til sjóðsins samkvæmt eldri lögum, skal áunnum stigum sjóðfélaga, þau ár sem hjónabandið eða sambúðin stóð fram til ársloka 1983, skipt að jöfnu, hafi þeim ekki áður verið skipt samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1984.

21. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir heildarskuldbindingum skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, lækka lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta hag sjóðsins.

22. gr.

Setja skal nánari reglur um skipulag sjóðsins og starfsemi auk frekari ákvæða um lífeyri, svo sem fjárhæðir og útreikning lífeyris og skilyrði fyrir greiðslum í samþykktir, sem fjármálaráðherra staðfestir að fenginni umsögn fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn skal tilkynna fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

23. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1999 og frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Grundvallarlaun lífeyris sem úrskurðaður hefur verið skv. I. kafla laga nr. 50/1984 skulu frá 1. janúar 1999 breytast í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr. Hlutfall þess lífeyris skal frá 1. janúar 1999 lækkað hlutfallslega í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr. og nánari ákvæði í samþykktum sjóðsins.

Grundvallarlaun lífeyris sem úrskurðaður hefur verið skv. II. kafla laga nr. 50/1984 skulu frá 1. janúar 1999 breytast í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr. Hlutfall þess lífeyris skal frá 1. janúar 1999 lækkað um 19,88%.

Lífeyrir samkvæmt eldri lögum skal eigi verða lægri en hann er nú.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um Lífeyrissjóð bænda var fyrst samþykkt á Alþingi 28. desember 1970, sem lög nr. 101/1970. Þau tóku gildi 1. janúar 1971 og hóf þá sjóðurinn starfsemi sína. Þessum lögum hefur verið breytt alloft síðan. Í júní árið 1984 voru sett ný heildarlög um sjóðinn, nr. 50/1984. Þau fólu m.a. í sér þá meginbreytingu að makar bænda urðu sjóðfélagar og fengu lífeyrisrétt. Nokkrar breytingar hafa síðan verið gerðar á þeim lögum, einkum

framlenging greiðsluákvæða II. kafla, um eftirlaun til aldraðra. Er líða tók á tíunda áratuginn var orðið ljóst að breyta þyrfti ýmsum ákvæðum gildandi laga og skipaði fjármálaráðherra 28. febrúar 1995 vinnuhóp sem m.a. var falið að gera tillögur að nýju frumvarpi til laga um starfsemi sjóðsins. Meginverkefni hans var að finna heppilegt framtíðarfyrirkomulag iðgjalda og mótframlaga, en jafnframt að taka tillit til breytinga í lífeyrismálum almennt sem orðið höfðu frá stofnun sjóðsins. Starfshópurinn skilaði í nóvember 1997 af sér tillögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum sjóðsins sem samþykkt var sem lög nr. 122/1997. Með þeim lögum var einkum breytt skilgreiningu sjóðfélaga, iðgjaldsstofni og innheimtufyrirkomulagi sem brýnt var orðið að finna viðunandi lausn á, en ekki vannst tími til heildarendurskoðunar á lögum sjóðsins. Á sama tíma og frumvarp þetta var afgreitt sem lög frá Alþingi voru samþykkt lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Ýmis ákvæði í gildandi lögum um Lífeyrissjóð bænda, sem ekki var breytt með lögum nr. 122/1997, eru ekki í samræmi við hin nýju lög.

Megintilgangur þessa frumvarps, sem felur í sér heildarendurskoðun á lögum um sjóðinn, er að breyta þeim til samræmis við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og aðlaga reglur um Lífeyrissjóð bænda að reglum annarra lífeyrissjóða eftir því sem föng eru á, en slík samræming auðveldar mjög samskipti lífeyrissjóða, sem fara vaxandi.

Rétt þykir að í lögunum sé tekið á grundvallaratriðum í starfsemi sjóðsins, svo sem sjóðsaðild, iðgjaldsstofni, iðgjöldum, lífeyrisréttindum, lágmarksákvæðum varðandi útreikning lífeyris og ákvæðum um innheimtu iðgjalda en hún er með nokkuð öðrum hætti en hjá öðrum sjóðum. Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði um starfsemi sjóðsins og nánari ákvæði um útreikning lífeyris verði í samþykktum sjóðsins.

Athugsemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

2. mgr. er efnislega óbreytt frá 1. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er lagt til að heimilt verði að skipta sjóðnum í deildir eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign. Stofnun séreignardeildar var til umræðu hjá stjórn sjóðsins á þessu ári. Ákveðið var að semja við starfandi lífeyrissjóð, sem hefur öfluga séreignardeild, um séreignarsparnað fyrir bændur sem hóp. Þótt ekki sé gert ráð fyrir að heimild til stofnunar séreignardeildar verði nýtt í náinni framtíð þykir rétt að hafa hana í lögum sjóðsins.

4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru samhljóða ákvæðum 1. mgr. 2. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að aðild að sjóðnum er nú miðuð við sextán ára aldur í stað þess að miða við næstu áramót eftir að sextán ára aldri er náð.

2. og 3. mgr. eru efnislega eins og 2. og 3. mgr. 2. gr. gildandi laga.

4. mgr. er samhljóða 4. mgr. 2. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

1. og 2. mgr. eru efnislega óbreyttar frá 1. og 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

3. mgr. er efnislega óbreytt frá 3. mgr. 7. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að reglum um stofn til greiðslu upp í iðgjald verði breytt í þá veru að miðað verði við reiknað endurgjald samkvæmt greinargerð í ársbyrjun, en ekki tekjur næstliðins tekjuárs og

enn fremur verði miðað við áætlun um greidd laun ársins hjá þeim aðilum sem þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila. Þá er lagt til að til vara megi miða við laun næstliðins tekjuárs. Gert er ráð fyrir að þessi tilhögun muni leiða til þess að minna verði um ofgreiðslur og vangreiðslur iðgjalda.

4. mgr. er óbreytt frá 4. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Lagt er til að heimild í 5. mgr. 7. gr. gildandi laga til að sækja um breytingu á iðgjaldagreiðslu verði felld niður þar sem gert er ráð fyrir að breytingar sem gerðar eru á reiknuðu endurgjaldi ársins hjá skattyfirvöldum skili sér sjálfkrafa til innheimtuaðila.

5. mgr. er óbreytt frá 6. mgr. 7. gr. gildandi laga.

6. mgr. er samhljóða 1. málsl. 10. mgr. 7. gr. gildandi laga.

7. mgr. er samhljóða 13. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

1. mgr. er efnislega eins og 7. mgr. 7. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að í 2. málsl. 1. mgr. er gert ráð fyrir að bætt verði inn orðunum „greiddum launum“ til viðbótar tryggðum tekjum. Er það gert til þess að taka af allan vafa.

2. mgr. er efnislega samhljóða 1. og 2. málsl. 8. mgr. 7. gr. gildandi laga. Lagt er til að 3. málsl. 8. mgr. 7. gr. gildandi laga falli niður enda er hann úreltur þar sem iðgjald er nú miðað við laun einstaklinga.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir nýju ákvæði um skyldur launagreiðenda um að halda eftir iðgjöldum af launum starfsmanna og standa skil á þeim til sjóðsins og er það í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. málsl. 4. mgr. er efnislega samhljóða 1. málsl. 9. mgr. 7. gr. gildandi laga og 2. málsl. er efnislega óbreyttur frá 2. málsl. 10. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Lagt er til að 2. málsl. 9. mgr. 7. gr. gildandi laga um skil launagreiðanda í einu lagi fyrir sumarfólk verði felldur niður þar sem það ákvæði samræmist ekki 1. mgr. 7. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

5. mgr. er ný og fjallar um tilkynningarskyldu launagreiðenda og er hún efnislega eins og 4. mgr. 7. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um 5. gr.

Ákvæði um lok iðgjaldagreiðslutíma er nú í 11. mgr. 7. gr. gildandi laga. Lögð er til sú breyting í 1. mgr. að greiðsluskylda verði lengd til 70 ára aldurs í stað til loka þess almanaksárs þegar sjóðfélaginn nær 69 ára aldri eða eftir að taka ellilífeyris hefst, eins og það var orðað í eldri lögum. Er sú breyting í samræmi við 4. mgr. 1. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. mgr. er samhljóða 12. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um skiptingu iðgjalda milli hjóna og sambýlisfólks sem tekin eru úr 1. mgr. 8. gr. gildandi laga. Lagt er til að greininni verði breytt í samræmi við þá breytingu sem gerð var á lögum sjóðsins með lögum nr. 122/1997. Ákvæði um hámarksiðgjald bænda ár hvert var fellt niður með þeim lögum og því eiga ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1984 sem taka mið af hámarksiðgjaldi ekki lengur við. Gert er ráð fyrir að iðgjöldum verði ekki skipt ef annar aðilinn er undanþeginn sjóðsaðild. Lagt er til að önnur ákvæði 1. mgr. 8. gr. gildandi laga, svo sem um breytta skiptingu vegna aldurs, fráfalls eða örorku, verði sett í samþykktir sjóðsins.

2. mgr. er efnislega eins og 2. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er lagt til að ákveðinn verði nýr grundvöllur stigaútreiknings í samræmi við grundvöll lífeyrissjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða.

4. mgr. kemur í stað 4.–7. mgr. 8. gr. gildandi laga. Þar er lögð til sú breyting að reiknað verði með 25-földum ársiðgjöldum sjóðfélaga, en í gildandi lögum er reiknað með 24-földum iðgjöldum. Stjórn sjóðsins hefur fengið tryggingafræðilegt álit á áhrifum þessara breytinga. Forsendur álitsins er tryggingafræðilegt uppgjör miðað við árslok 1995 framreiknað til ársloka 1997. Álit tryggingafræðingsins er á þá leið að framtíðarskuldbindingar sjóðsins hækki um 3,9% og heildarskuldbindingar um 1,2%. Breytingar í 3. og 4. mgr. hafa það í för með sér að grundvöllur stigaútreiknings verður sá sami hjá Lífeyrissjóði bænda og hjá lífeyrissjóðum innan Sambands almennra lífeyrissjóða og mun það auðvelda mjög samskipti sjóðanna. Í 2. málsl. er lagt til að stig verði nú reiknuð til loka þess mánaðar er 70 ára aldri er náð í stað loka þess almanaksárs er 69 ára aldri er náð eða eftir að taka ellilífeyris hefst, en það er í samræmi við 4. mgr. 1. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lagt er til að stig ára umfram 30 bestu árin verði reiknuð að hálfu einungis við framreikning örorku- og makalífeyris. Breytingin hefur í för með sér að áunnin réttindi til ellilífeyris verða reiknuð að fullu og er það í samræmi við ákvæði 13. og 14. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um 7. gr.

Þessi grein er ný og gerir ráð fyrir að stjórn sjóðsins fái heimild til að kveða á um viðbótariðgjald til séreignarsparnaðar í samþykktum sjóðsins ef til stofnunar séreignardeildar kemur.

Um 8. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 3. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Lagt er til að ákvæði 1. mgr. 9. gr. gildandi laga um rétt til ellilífeyris verði breytt þannig að skilyrði um lágmarksgreiðslutíma og áunnin stig verði fellt niður. Er þetta gert til samræmis við reglur annarra lífeyrissjóða. Stefnt er að því að í samþykktum sjóðsins verði sett ákvæði um eingreiðslu réttinda ef um mjög lág réttindi er að ræða.

Lagt er til að 2. mgr. 9. gr. gildandi laga um útreikning og upphæð ellilífeyris verði felld niður en í staðinn verði í 13. gr. sett ákvæði um grundvallarlaun lífeyris og lágmarksmargföldunarstuðul við útreikning lífeyris. Gert er ráð fyrir að ákvæði um endurskoðun ellilífeyris eftir 70 ára aldur verði sett í samþykktir, en enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til 70 ára aldurs, sbr. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Samkvæmt gildandi lögum greiðir enginn iðgjöld til sjóðsins eftir að hann hefur töku ellilífeyris og því hefur engin endurskoðun lífeyris farið fram.

Í 2. mgr. er fjallað um áhrif ákvörðunar um frestun á töku lífeyris. Samsvarandi ákvæði eru nú í 3. mgr. 9. gr. gildandi laga en gert er ráð fyrir að hlutfall hækkunar verði sett í samþykktir.

3. mgr. er ný en með henni er lagt til að heimila töku ellilífeyris allt að tveimur árum fyrr en nú er ef fjárhagsleg staða sjóðsins leyfir.

Um 10. gr.

Töluverðar breytingar eru lagðar til á ákvæðum um örorkulífeyri.

Í 1. mgr. er lagt til að lágmarksorkutap verði nú miðað við 50% í stað 40% áður og að auki verði sjóðfélagi að hafa greitt í sjóðinn í a.m.k. tvö ár. Bæði skilyrðin eru í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé að fela tryggingayfirlækni að meta örorku fyrir sjóðinn og að kveðið skuli nánar á um það í samþykktum sjóðsins.

Í 2. mgr. er lagt til að felldur verði niður réttur til framreiknings hjá þeim sjóðfélögum, sem hafa einungis greitt iðgjöld undanfarna átján mánuði, þriggja ára greiðsluskyldu verði breytt í a.m.k. þrjú ár af undanförnum fjórum árum og lágmark verði sett á árleg stig hvert þessara þriggja ára, þegar metinn er réttur til framreiknings. Einnig er lagt til að sett verði inn ný ákvæði um orsök örorku, sem upphefja rétt til framreiknings, ef rekja má orkutap til notkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna. Með þessum breytingum yrði 2. mgr. í samræmi við 2. mgr. 15. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og ákvæði um lágmark árlegra stiga í samræmi við reglur annarra lífeyrissjóða.

Í 3. mgr. er ákvæði samhljóða 3. mgr. 15. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í 4. mgr. eru tekin upp ákvæði 1. mgr. 10. gr. gildandi laga með breyttu orðalagi. Í lokamálslið er lagt til að sett verði inn nýtt ákvæði um þá sem eru öryrkjar við upphaf aðildar að sjóðnum, en þeir geti ekki öðlast örorkulífeyrisrétt í sjóðnum vegna þeirrar örorku.

Ákvæði 5. mgr. eru að mestu óbreytt frá ákvæðum 2. mgr. 10. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að réttindi verði framreiknuð til loka þess mánaðar er sjóðfélaginn nær 67 ára aldri, í stað loka þess almanaksárs. Er breyting þessi í samræmi við reglur annarra lífeyrissjóða, en framreikningur miðast almennt við brot úr almanaksári ef því er að skipta. Gert er ráð fyrir að reglur um framreikning og útreikning örorkulífeyris verði að öðru leyti settar í samþykktir. Einnig er hér lagt til að sett verði inn ákvæði um sjóðfélaga sem eiga jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði. Í núgildandi lögum vantar þetta ákvæði varðandi örorkulífeyri, en slík ákvæði eru í greinum varðandi maka- og barnalífeyri. Við mat á framreikningsrétti milli sjóða er farið eftir ákvæðum „Samkomulags um samskipti lífeyrissjóða“ sem gildir frá 1. júní 1998. Enn fremur er lagt til að lögfest verði sú framkvæmd að þegar réttur til framreiknings er ekki fyrir hendi miðist greiðsla örorkulífeyris við geymd áunnin stig og er það í samræmi við ákvæði 4. mgr. 15. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

6. mgr. er samhljóða 3. mgr. 10. gr. gildandi laga.

Í 7. mgr. er lagt til að ekki skuli greiða örorkulífeyri fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap og enn fremur að ekki skuli greiða örorkulífeyri fyrir tímabundna örorku sem varir skemur en sex mánuði. Er þetta ákvæði í samræmi við heimild í 5. mgr. 15. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

8. mgr. er efnislega óbreytt frá 4. mgr. 10. gr. gildandi laga.

9. mgr. er efnislegaa óbreytt frá 5. mgr. 10. gr. gildandi laga.

10. mgr. kemur í stað 6. mgr. 10. gr. gildandi laga. Sú breyting er lögð til að lok örorkulífeyrisgreiðslna miðist nú við lok þess mánaðar, þegar 67 ára aldri er náð. Þessi breyting er gerð til að samræma upphaf greiðslutíma ellilífeyris öryrkja og annarra sjóðfélaga. Við útreikning ellilífeyris þeirra sem notið hafa framreikningsréttar er lögð til sú breyting að réttindi, sem örorkulífeyrisþeginn hefur áunnið sér vegna starfa eftir að honum var úrskurðaður örorkulífeyrir í þessum sjóði, verði dregin frá áætluðum stigum við framreikning. Þannig er komið í veg fyrir tvítryggingu réttinda.

Um 11. gr.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á reglum um makalífeyri og þá einkum til samræmis við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við 1. og 2. mgr. 16. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lagt er til að greiðslutími makalífeyris verði að lágmarki 24 mánuðir en í gildandi lögum er hann þrjú ár. Hins vegar er gert ráð fyrir að ákvæði um 36 mánaða greiðslutíma verði sett í samþykktir sjóðsins. Þessi breyting gæfi hins vegar svigrúm til að stytta greiðslutíma í allt að 24 mánuði án lagabreytingar, ef ástæða þætti til.

Í 2. mgr. er ákvæði sem er fjallað um í 4. og 5. mgr. 26. gr. gildandi laga. Við gildistöku þeirra var sjóðfélögum gefinn kostur á að skipta þeim réttindum sem þeir höfðu áunnið sér í árslok 1983 með maka sínum. Ef það var ekki gert var eftirlifandi mökum tryggður réttur til makalífeyris ævilangt út á áunnin réttindi sjóðfélagans í árslok 1983 án framreiknings.

3. mgr. kemur í stað 2. málsl. 2. mgr. 11. gr gildandi laga, en felld er niður sú takmörkun að ákvæðið taki einungis til sambúðarkonu, sambúðarmanns eða systkinis.

Lagt er til að felld verði niður heimild í 3. mgr. 11. gr. gildandi laga til þess að greiða makalífeyri eftir 67 ára aldur hins eftirlifandi maka ef greiðslutími makalífeyris er liðinn. Enn fremur að fellt verði niður 40 stiga hámark við greiðslu maka- og ellilífeyris eftirlifandi maka að teknu tilliti til réttinda í öðrum sjóðum, sbr. ákvæði 3. mgr. 11. gr. gildandi laga. Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

4. mgr. kemur í stað 4. mgr. 11. gr. gildandi laga. Í samræmi við breytingu á framreikningsreglum örorkulífeyris er nú lagt til að stig vegna makalífeyris verði einnig áætluð til loka þess mánaðar er sjóðfélaginn hefði náð 67 ára aldri. Enn fremur er lagt til að hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum breytist útreikningur makalífeyris í samræmi við ákvörðun ellilífeyris í 10. mgr. 10. gr.

Í 5. mgr. er lagt til að sett verði nýtt ákvæði um skilgreiningu á eftirlifandi maka í samræmi við skilgreiningu 3. mgr. 16. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í tengslum við þessa breytingu er lagt til að 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. gildandi laga verði felldur niður þar sem hann á ekki lengur við.

6. mgr. er efnislega eins og 5. mgr. 11. gr. gildandi laga en orðalagi breytt til samræmis við orðalag 5. mgr. þessarar greinar.

Um 12. gr.

Varðandi barnalífeyri er lagt til að felld verði niður 2. mgr. 12. gr. gildandi laga og þar með tengsl barnalífeyris sjóðsins við barnalífeyri almannatrygginga.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 17. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að því undanskildu að 4. málsl. er samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. gildandi laga.

2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir að fullur barnalífeyrir greiðist þegar árleg áunnin stig samkvæmt reglum um örorkulífeyri eru a.m.k. eitt stig og er það breyting frá 3. málsl. 2. mgr. 12. gr. núgildandi laga, en þar er miðað við a.m.k. 0,5 stiga árlega ávinnslu. Þá er í lokamálslið þessarar málsgreinar gert ráð fyrir heimild til að setja nánari ákvæði um upphæðir barnalífeyris í samþykktir sjóðsins. Fullur barnalífeyrir vegna örorku foreldris samkvæmt gildandi lögum nemur nú 6.103 kr. á mánuði og gert er ráð fyrir að hann lækki ekki.

3. mgr. er sama efnis og 4. mgr. 12. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Hér er um að ræða nýja grein þar sem lagt er til að sett verði ákvæði um fjárhæðir og útreikning lífeyris.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um grundvallarlaun lífeyris en samsvarandi ákvæði eru í 24. og 25. gr. gildandi laga. Lagt er til að miða lífeyrisgreiðslur í framtíðinni við 100% grundvallarlaun í stað 80,1% eins og kveðið er á um í gildandi lögum.

Til samræmis við hækkun grundvallarlauna, sbr. 1. mgr., er lagt til í 2. mgr. að margföldunarstuðull verði lækkaður úr 1,8 í gildandi lögum í 1,4 að lágmarki. Margföldunarstuðull vegna makalífeyris verði 50% af því eins og verið hefur. Gert er ráð fyrir að í samþykktir verði síðan sett ákvæði um margföldunarstuðul sem kemst næst lífeyrisgreiðslum sem nú eru greiddar vegna áunninna réttinda hjá sjóðnum. Samkvæmt framreikningi tryggingafræðilegrar úttektar 1995 miðað við árslok 1997 er halli sjóðsins miðað við heildarskuldbindingar 8,6% og 0,1% miðað við endurmetna hreina eign miðað við 3,5% ávöxtun samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands. Því hafa ekki enn skapast forsendur til þess að hækka upphæðir lífeyrisgreiðslna til samræmis við greiðslur hjá lífeyrissjóðum innan Sambands almennra lífeyrissjóða en vonir standa til að svigrúm til þess geti skapast í fyrirsjáanlegri framtíð. Stefnt er að því að gera tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum í árslok 1998.

Um 14. gr.

Með greininni er lagt til að tengja þegar úrskurðaðan lífeyri þeim breytingum sem kunna að verða gerðar á útreikningi lífeyris í samþykktum sjóðsins.

Um III. KAFLA

III. kafli í heild er að mestu óbreyttur frá II. kafla gildandi laga.

Um 15. gr.

Ákvæðið er samhljóða 17. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að 4. mgr. sem fjallar um ákvörðun örorkulífeyris verði felld niður, enda á hún ekki lengur við.

Um 16. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 18. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að þær breytingar verði gerðar sem nauðsynlegar eru til þess að lífeyrisréttur haldist óbreyttur frá því sem kveðið er á um í II. kafla gildandi laga. Í 24. gr. þeirra laga eru ákvæði um að greiðslur skuli miðast við 80,1% af viðmiðunarlaunum og í 18. gr. að réttindahlutfall skuli vera 1,8% fyrir hvert ár fyrir ellilífeyri og 5%, að viðbættu 1%, fyrir hvert ár vegna makalífeyris. Þessi hlutföll eru síðar hækkuð um 33,33% í samræmi við ákvæði 1. mgr. 26. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessum kafla haldist óbreyttar frá því sem er í gildandi lögum.

Í 1. mgr. er lagt til að nú verði miðað við 100% grundvallarlaun í stað meðaltals viðmiðunarlauna næstu fimm almanaksár áður en taka lífeyris hefst. Lagt er til að réttindahlutfall vegna ellilífeyris verði 1,923 fyrir hvert ár, makalífeyrir miðist við 5,341%, að viðbættu 1,068% fyrir hvert réttindaár, og ákvæði um hækkun í 1. mgr. 26. gr. gildandi laga verði fellt niður. Þessi hlutföll leiða af sér samsvarandi lífeyrisgreiðslur og nú eru í gildi.

2. mgr. er óbreytt frá 2. mgr. 18. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er lagt til að tekið verði upp að nýju ákvæði sem var í 3. mgr. 18. gr. gildandi laga en var fellt niður með lögum nr. 89/1991. Með þeirri breytingu var Lífeyrissjóði bænda gert að greiða þann hluta lífeyris sem bóndi hefur áunnið sér með greiðslu iðgjalds skv. I.

kafla gildandi laga, sbr. 19. gr. gildandi laga. Í þessu fólst að sjóðnum var gert að greiða fullan lífeyri vegna þessara réttinda, sem annars hefði ekki verið. Með breytingu á grundvallarlaunum nú er tryggt að sjóðurinn muni greiða fullan lífeyri vegna þessara réttinda og því þykir rétt að þetta ákvæði verði aftur sett inn í þessa grein en hitt ákvæðið úr 19. gr. jafnframt fellt niður.

4., 5. og 6. mgr. eru í samræmi við 3., 4. og 5. mgr. 18. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Samkvæmt 19. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 89/1991 og lög nr. 125/1996, skal ríkissjóður og Stofnlánadeild landbúnaðarins (nú Lánasjóður landbúnaðarins) greiða lífeyri skv. II. kafla gildandi laga um Lífeyrissjóð bænda, utan þess hluta er sjóðurinn greiðir sjálfur. Lánasjóðurinn á síðan rétt á að fá sinn hluta endurgreiddan frá ríkissjóði. Lagt er til að nú verði kveðið á um að ríkissjóður greiði útgjöld vegna þessa lífeyris og er það í samræmi við núverandi framkvæmd. Hlutur Lífeyrissjóðs bænda kemur til frádráttar greiðslum samkvæmt þessum kafla, sbr. umfjöllun um 3. mgr. 16. gr.

Um 18. gr.

Ákvæðið er samhljóða 20. gr. gildandi laga. Sjaldgæft er orðið að sjóðnum berist umsóknir um ellilífeyri frá bændum sem eiga rétt á lífeyri samkvæmt þessum kafla, en töluvert er um umsóknir um makalífeyri.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 22. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 26. gr. gildandi laga en lagt til að hún verði nákvæmar orðuð þar sem ekki er lagt til að ákvæði sem vísað er til þar verði tekið upp.

Um 21. gr.

Í 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er kveðið á um skyldu lífeyrissjóða til að grípa til ráðstafana verði munur á eignum og heildarskuldbindingum meiri en 10% eða meiri en 5% fimm ár í röð. Þetta ákvæði er sett með hliðsjón af þeirri grein til að undirstrika þá skyldu að lækka lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur dugi eignir sjóðsins ekki fyrir heildarskuldbindingum.

Um 22. gr.

Hér er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins semji reglur um skipulag og starfsemi sjóðsins. Þar skulu m.a. vera nánari ákvæði um útreikning lífeyrisréttinda.

Sjóðurinn hefur til þessa starfað samkvæmt lögum nr. 50/1984, með síðari breytingum og hafa öll ákvæði um skipulag hans og starfsemi verið lögbundin.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Greinin gerir ráð fyrir að samþykktir skv. 22. gr. verði staðfestar af fjármálaráðherra með gildistöku frá sama tíma, enda er það forsenda þess að gildandi lög sjóðsins verði felld úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að sett verði bráðabirgðaákvæði sem tryggja þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að áður úrskurðaður lífeyrir samkvæmt eldri lögum sjóðsins haldist því sem næst óbreyttur og verði í samræmi við ákvæði þessara laga.

Í 1. mgr. er lagt til að grundvallarlaun lífeyris vegna áunninna réttinda, sem þegar hefur verið úrskurðaður samkvæmt gildandi lögum, verði þau sömu og kveðið er á um í 1. mgr. 13. gr., en ekki 80,1% eins og 24. gr. gildandi laga kveður á um. Þá er enn fremur lagt til að hlutfall þessa lífeyris verði lækkað sem nemur lækkun margföldunarstuðuls úr 1,8 í gildandi lögum í 1,4, sbr. 2. mgr. 13. gr., eða í samræmi við nánari reglur í samþykktum sjóðsins.

Í 2. mgr. eru lögð til samsvarandi ákvæði til tryggingar því að greiðslur til þeirra sem njóta lífeyris skv. II. kafla gildandi laga haldist því sem næst óbreyttar.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir ákvæði til tryggingar því að ekki verði um lækkun lífeyris sem úrskurðaður hefur verið samkvæmt eldri lögum að ræða við gildistöku þessara laga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð bænda.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Markmið frumvarpsins er að samræma starfsemi sjóðsins við nýleg lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, m.a. til að auðvelda fjárhagsleg samskipti við aðra lífeyrissjóði í landinu.

Greiðslur úr ríkissjóði í Lífeyrissjóð bænda eru á tveimur liðum fjárlaga. Annars vegar eru framlög af fjárlagaliðunum 04-801 og 04-805 hjá landbúnaðarráðuneyti í tengslum við greiðslur vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu. Ekki er gert ráð fyrir að þau útgjöld ríkissjóðs hækki verði frumvarpið að lögum jafnvel þótt skuldbindingar lífeyrissjóðsins kynnu að aukast því iðgjöld til sjóðsins eru dregin af beingreiðslum til starfandi bænda eða af búnaðargjaldi. Hins vegar eru framlög til sjóðsins af liðnum 09-999 Ýmislegt hjá fjármálaráðuneyti vegna ellilífeyris bænda sem fæddir voru fyrir árið 1915 og maka þeirra. Þau útgjöld eru einnig talin verða óbreytt þar sem breyting á gildandi ákvæðum um lífeyri úr sjóðnum felur í sér að á móti hækkun á viðmiðunarlaunum kemur lækkun á áunnu réttindahlutfalli á hverjum tíma þannig að greiðslur verða þær sömu eftir sem áður.

391. Frumvarp til laga [324. mál]

um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Heiti sjóðsins, hlutverk, aðild og iðgjald.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði sem kveðið er á um í lögum þessum og samþykktum sjóðsins.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir fjárfestingarstefnu, eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykkta sjóðsins.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir en starfa að viðhaldi og viðgerð skips eða öðrum störfum í þágu útgerðar.

Yfirmönnum á skipum ríkissjóðs sem við gildistöku laga þessara greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilt að vera sjóðfélagar í þeim sjóði. Um heimildina að öðru leyti fer eftir lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Sjómönnum sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hafði veitt undanþágu frá aðild að þessum sjóði, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingarskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi byggðarlags.

Sjóðfélögum sem hætta störfum á sjó skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. fimm ár og áunnið sér a.m.k. þrjú stig.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna er aðild eiga að sjóðnum að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þeim sökum. Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa íslenskum sjómönnum sem starfa á erlendum skipum að greiða iðgjöld til sjóðsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa átta menn, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands sem tilnefnir tvo stjórnarmenn. Sömu aðilar skipa varamenn í stjórnina. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár. Sjóðstjórn skiptir með sér verkum þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

5. gr.

Iðgjald til sjóðsins skal nema 10% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 6%.

Launagreiðanda ber að halda eftir 4% iðgjöldum af launum starfsmanna sinna og standa sjóðnum skil á þeim ásamt eigin iðgjaldshluta. Á þeim skipum þar sem hver mánuður telst sérstakt launatímabil er gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar 15. dagur næsta mánaðar. Á þeim skipum þar sem hver veiðiferð telst sérstakt kauptryggingartímabil er gjalddagi iðgjalds 15. dagur eftir að veiðiferð lýkur. Verði vanskil á greiðslu iðgjalds lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga skal innheimta dráttarvexti.

6. gr.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt er umfram iðgjald skv. 5. gr. og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá sjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum. Jafnframt er heimilt að kveða á um í samþykktum að hluta iðgjalds skv. 5. gr. sé varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

7. gr.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim ásamt eigin iðgjaldshluta. Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip ef krafa kemur um það frá sjóðnum.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á viðkomandi skipi án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

II. KAFLI
Lífeyrisréttindi.

8. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera 49.084 kr. og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í tíföld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr. Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30 skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,472.

Heimilt er sjóðfélaga sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslensk skip í 180 daga að meðaltali á ári, þó ekki skemur en 120 daga hvert ár, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um 0,4% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.

Taki sjóðfélagi ellilífeyri á aldrinum 60–65 ára og greiði á sama tíma iðgjöld til sjóðsins ávinnur hann sér réttindi að hálfu vegna þeirra iðgjalda. Skulu réttindi reiknuð á ný við 65 ára aldur.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir 65 ára aldur og hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 70 ára aldri.

10. gr.

Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 40% eða meira, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en eitt stig hvert þessara þriggja ára,
b. greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
c. orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a- og b-lið 1. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum heilsufar og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og áliti trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingayfirlæknis. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu.

Heimilt er að fengnu áliti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 9. gr. að viðbættum lífeyri sem svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 60 ára aldurs, reiknað skv. 6. mgr. þessarar greinar. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna skal ekki reikna réttindi vegna

ókomins tíma. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast hámark örorkulífeyris í samræmi við áunnin geymd stig.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 60 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera sem hér segir:

a. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu fimm almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn þetta fimm ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.
b. Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. a-lið meira en fjórum stigum skal reikna með meðaltalinu allt að tíu árum en síðan til 60 ára aldurs reiknað með fjórum stigum á ári.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap hefur varað skemur en í sex mánuði.

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan eykst til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan jókst ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta er hundraðshluti örorku segir til um stig sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum til 60 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í stétt eða starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á hinn eftirlifandi maki þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið staðið í a.m.k. fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan nítján ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og eftirlifandi maka. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Nú andast sjóðfélagi sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. 10. gr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri skv. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar., eða greiðsla skv. 2. mgr. stendur skemur en 24 mánuði, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans. Ef eftirlifandi maki er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt

lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,779. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 60 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 5. mgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir til 60 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir að lágmarki vera 7.500 kr. með hverju barni. Fjárhæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins er ótryggur og ætla má að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á lögum sjóðsins.

14. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skulu sett í samþykktir sem stjórn sjóðsins semur og staðfestar eru af fjármálaráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 94/1994, um Lífeyrissjóð sjómanna, og reglugerð um starfsemi sjóðsins frá 1. september 1994. Þó skulu ákvæði reglugerðarinnar um lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga halda gildi sínu til 30. júní 1999. Frá 1. júlí 1999 gilda ákvæði laga þessara og samþykkta sjóðsins sem settar verða á grundvelli laga um lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur sjóðfélaga. Ný stjórn sjóðsins skv. 3. gr. skal taka við eftir fyrsta ársfund sjóðsins sem haldinn skal fyrir lok júní 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til þess að samræma reglur um Lífeyrissjóð sjómanna lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (slsl.) ásamt því að breyta reglum sjóðsins þannig að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Þá er breytingin einnig nauðsynleg vegna dóms Hæstaréttar frá 28. maí 1998, en samkvæmt honum var breyting á reglum sjóðsins sem gerð var á árinu 1994 talin ólögmæt þar sem hún var gerð með reglugerð en ekki lögum.

Lög nr. 129/1997 gilda um lögbundna lífeyrissjóði með þeim undanþágum sem tilgreindar eru í 50. gr. þeirra laga. Það á t.d. við um V. kafla sem fjallar um útgáfu starfsleyfa og III. kafla sem fjallar um lífeyrisréttindin, að undanskildu ákvæðinu sem fjallar um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka hans, og 3. gr. sem fjallar um iðgjaldsstofninn. Þrátt fyrir að sett hafi verið ítarleg ákvæði í lög nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða þykir rétt að fjalla um helstu atriði er varða starfsemi Lífeyrissjóðs sjómanna í lögum um hann, svo sem um aðild, stjórn, iðgjald, iðgjaldsstofn og lögveð. Jafnframt eru ákvæði um lífeyrisréttindi sett í lög að nýju vegna dóms Hæstaréttar frá 28. maí 1998 þar sem talið var að breytingar á reglum sjóðsins um lífeyrisréttindi sem gerðar voru með reglugerð yrði að gera með lögum. Gert er ráð fyrir að í samþykktum sjóðsins verði sett frekari ákvæði um starfsemi hans t.d. um skipulag, ársfund, fjárfestingarstefnu, gerðardóm, upplýsingaskyldu og endurskoðun.

Nauðsynlegt er að gera breytingar á réttindum sjóðfélaga vegna stöðu sjóðsins. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem gerð var miðað við stöðu sjóðsins í árslok 1997 vantaði 8.246 milljónir króna á að sjóðurinn ætti fyrir heildarskuldbindingum. Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skulu samþykktir lífeyrissjóðs við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar. Munur á milli eigna og skuldbindinga má ekki vera meiri en 10% á einu ári og ekki meira en 5% samfellt í fimm ár. Hallinn á Lífeyrissjóði sjómanna nam í árslok 1997 13,3% af heildarskuldbindingum og hafði verið nánast hinn sami í árslok 1996 og 1995. Til þess að rétta af stöðu sjóðsins er lagt til í frumvarpi þessu að öll réttindi sjóðfélaga verði lækkuð um 13,4% enda er það mat stjórnar sjóðsins að brýna nauðsyn beri til þessarar skerðingar og að fyllsta jafnræðis sé gætt meðal sjóðfélaga. Þó er barnalífeyrir undanskilinn þar sem lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, setja reglur um lágmarksfjárhæðir barnalífeyris. Ef barnalífeyrir yrði lækkaður um 13,4% næðu fjárhæðir ekki þeim lágmörkum sem gert er ráð fyrir í þeim lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um heiti sjóðsins og hlutverk. Sjóðurinn starfar nú í einni deild en nauðsynlegt þykir að heimila stjórn sjóðsins að skipta honum í deildir eftir fjárfestingarstefnu, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, svo og að stofna séreignadeild við sjóðinn vegna mót-

töku lífeyrissparnaðar í séreign. Þá þykir nauðsynlegt að heimila stjórn sjóðsins að taka upp aldurstengda réttindaávinnslu vegna iðgjalda í sameign en slík iðgjöld yrðu varðveitt í sérstakri deild. Nokkrir lífeyrissjóðir hafa ákveðið að taka upp aldurstengt réttindaávinnslukerfi og haldi sú þróun áfram getur verið nauðsynlegt að taka upp slíkt kerfi hjá Lífeyrissjóði sjómanna.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um aðild að sjóðnum og er ákvæðið sambærilegt við 2. gr. núgildandi laga um sjóðinn.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um skipan stjórnar sjóðsins. Lagt er til að stjórnina skipi átta menn í stað sex eins og núgildandi reglur kveða á um. Því verði bætt við tveimur stjórnarmönnum, öðrum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands og hinum tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands. Rétt þykir að Vélstjórafélagið eigi aðild að stjórninni vegna hins stóra hóps félagsmanna þess sem greiðir lífeyrisiðgjöld til sjóðsins, og til þess að halda jafnvægi í stjórn á milli atvinnurekenda og launþega er lagt til að Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni tvo stjórnarmenn í stað eins áður.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um helstu hlutverk stjórnar en ákvæðið er í samræmi við 29. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Um hlutverk stjórnar að öðru leyti, hlutverk framkvæmdastjóra, hæfi stjórnarmanna og ársfund fer skv. VI. kafla þeirra laga.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um iðgjaldsstofn og er hann sá sami og verið hefur hjá sjóðnum. Vísað er til 50. gr. slsl. í þessu sambandi. Þá eru settar reglur um gjalddaga og eindaga iðgjalds og eru þær í samræmi við núgildandi reglur sjóðsins. Nauðsynlegt þykir að setja í lög sjóðsins slíkar reglur en hjá sjóðnum gilda sérstakar reglur í þessu sambandi vegna kjarasamninga atvinnurekenda og sjómanna þar sem launatímabil getur verið lengra en mánuður.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um heimild sjóðsins til móttöku viðbótariðgjalds og heimild til þess að ákveða í samþykktum að hluta af 10% iðgjaldinu sé varið í séreign en um slíka samþættingu sameignar og séreignar gilda 4. og 5. gr. slsl. Sjóðfélagi gæti þannig ráðstafað annað séreignarhluta iðgjaldsins. Jafnframt yrði sjóðurinn að tryggja að samþætting séreignar og sameignar nægði til þess að standa undir lágmarkstryggingaverndinni sem sjóðnum er skylt að veita skv. 4. gr.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um skyldu launagreiðenda til þess að standa skil á iðgjöldum, svo og um lögveð í skipum til tryggingar iðgjaldagreiðslum til sjóðsins. Ákvæðið er samhljóða ákvæði í núgildandi lögum sjóðsins.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um grundvöll lífeyrisréttinda, grundvallarlaun og stigaútreikning. Ákvæðið er í samræmi við núgildandi reglur.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um ellilífeyri. Greinin er samhljóða núgildandi ákvæði um ellilífeyri í reglugerð sjóðsins að öðru leyti en því að stuðull við útreikning á lífeyri hefur verið lækkaður um 13,4% til þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar.

Um 10. gr.

Í þessari grein er fjallað um örorkulífeyri og er greinin að mestu leyti í samræmi við þær reglur sem nú gilda hjá sjóðnum. Bætt er við ákvæði sem heimilar sjóðstjórn að fengnu áliti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans (4. mgr.). Felld eru niður ákvæði þess efnis að til að eiga rétt á framreikningi réttinda verði sjóðfélagi að vera metinn til almennrar örorku að lágmarki 20% og hafa greitt til sjóðsins í a.m.k. 100 daga á síðustu tólf mánuðum. Þá er útreikningsstuðull lækkaður um 13,4% til þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um makalífeyri. Ákvæðið er í samræmi við núgildandi ákvæði í reglugerð sjóðsins, en réttur til makalífeyris er mun víðtækari hjá sjóðnum en lágmarksskilyrði eru samkvæmt lögunum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hugtakið maki er skilgreint í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og stuðull við útreikning lífeyris er lækkaður um 13,4%.

Um 12. gr.

Í þessari grein er fjallað um rétt til barnalífeyris vegna andláts eða örorku sjóðfélaga. Helsta breytingin frá núgildandi reglum er að grunnfjárhæðir barnalífeyris eru tilgreindar og eiga þær að taka breytingum í samræmi við þróun vísitölu neysluverðs. Í núgildandi reglum er hins vegar tekið mið af barnalífeyri almannatrygginga. Fjárhæðir barnalífeyris í grein þessari eru í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu stjórnar til þess að grípa til ráðstafana vegna stöðu sjóðsins. Skv. 2. mgr. 39. gr. slsl. er skylt að gera breytingar á reglum sjóðsins ef meira en 10% munur verður á milli eigna og skuldbindinga og einnig ef munurinn hefur verið meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að ítarlegri ákvæði verði sett um starfsemi sjóðsins í samþykktir sem stjórn sjóðsins semur en ráðherra staðfestir.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að lög þessi öðlist gildi 1. janúar 1999 og jafnframt samþykktir sjóðsins. Þó er gert ráð fyrir að ákvæði laganna sem gera ráð fyrir breytingu á réttindum sjóðfélaga komi til framkvæmda 1. júlí 1999. Fram að þeim tíma gildi ákvæði núgildandi reglugerðar sjóðsins varðandi lífeyrisréttindi. Einnig er gert ráð fyrir að ný stjórn taki við að loknum fyrsta ársfundi sjóðsins sem halda skal fyrir júnílok 1999, en í frumvarpinu er lagt til að stjórnarmönnum verði fjölgað um tvo.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frumvarp þetta miðar að því að samræma reglur um Lífeyrissjóð sjómanna við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og tryggja að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Ríkissjóður ber enga ábyrgð á skuldbindingum lífeyrissjóðsins og veitir ekki fé til hans. Verði frumvarpið að lögum hefur það því engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

392. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Markmiðið um hallalaus fjárlög næst ekki á þessu ári sem margir vilja kenna við góðæri og margt bendir til að hallinn verði jafnvel meiri en við blasir í frumvarpinu. Í því sambandi bendir minni hlutinn á eftirfarandi atriði:

— Með tilliti til þróunar síðustu mánaða er líklegt að tekjur af virðisaukaskatti séu ofáætlaðar sem nemur 1,5–2,0 milljörðum kr.
— Launahækkanir milli ára virðast vanmetnar og munu að öllum líkindum verða um 2% umfram það sem gert var ráð fyrir.
— Líkur eru einnig á að lífeyrisskuldbindingar verði hærri en reiknað er með í þessu frumvarpi.
— Ljóst er að fjárhagsvandi sjúkrahúsanna í Reykjavík er ekki leystur nema að hluta til í frumvarpinu.

Fjárlög ársins 1998 gerðu ráð fyrir tekjuafgangi að fjárhæð 133 millj. kr. Heildartekjur voru áætlaðar 165.810 millj. kr. en gjöld 165.677 millj. kr. Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og í framkomnum breytingartillögum hafa það í för með sér að í stað tekjuafgangs í fjárlögunum má nú reikna með tekjuhalla í árslok að fjárhæð 3.396 millj. kr. Tekjur aukast um 9.090 millj. kr. en gjöldin aukast um 12.626 millj. kr.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs komust fulltrúar minni hlutans að þeirri niðurstöðu að tekjur ríkissjóðs væru verulega vanáætlaðar. Minni hlutinn bendir á að efnahagsforsendur fjárlaga 1997 reyndust fjarri lagi. Sama er uppi á teningnum nú. Tekjur og útgjöld reynast verulega vanáætluð. Það er áhyggjuefni hversu ónákvæmar spár um helstu þjóðhagsstærðir hafa reynst síðustu ár og er ástæða til þess að athuga sérstaklega hvernig á því stendur og hvað er til úrbóta.

Með tilvísun í nefndarálit minni hluta fjárlaganefndar vegna sl. ára allt frá 1995 staðfestist ónákvæmni og ómarkviss vinnubrögð í þessum efnum. Þar kemur í ljós að mjög margar veigamiklar forsendur voru öll árin verulega vanáætlaðar eða ofáætlaðar. Þannig má nefna sem dæmi að einkaneyslan var öll þessi ár miklu meiri en spáð var og gert ráð fyrir í forsend-

um fjárlaga. Árið 1995 var gert ráð fyrir að einkaneysla mundi aukast um 2,5% en reyndin varð 4,2% eða 68% hærri tala. Árið 1996 var gert ráð fyrir við gerð fjárlaga að einkaneyslan mundi aukast um 4,2% en reyndin varð 6,4% eða 52% hærri tala. Árið 1997, eða á síðastliðnu ári, var spáin 3,5% en reyndin varð 5% eða 42% frávik. Árið 1998 var spáð að einkaneyslan mundi aukast um 5% en niðurstaðan er 10% aukning eða 100% meiri en áætlað var.

Minni hlutinn gagnrýndi harðlega ýmsar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis á gjaldahlið fjárlaga 1997, sérstaklega handahófskennd vinnubrögð við fjárveitingar og niðurskurð í heilbrigðismálum. Það var deginum ljósara að afgreiðsla fjárlaga þess árs jók aðeins vandann í heilbrigðiskerfinu og öll varnaðarorð minni hlutans í þeim efnum hafa reynst rétt. Sparnaðarhugmyndir voru fullkomlega óraunhæfar og að mestu óútfærðar eins og niðurstöður þessa frumvarps sýna. Vandanum var aðeins vísað til framtíðar. Með vísun til umsagnar Ríkisendurskoðunar um fjáraukalagafrumvarpið staðfestist réttmæti gagnrýni minni hluta fjárlaganefndar í þessum efnum. Mestur er vandi stærstu sjúkrahúsanna. Staðreyndir eru þessar: Uppsafnaður fjárhagsvandi í árslok 1997 á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Ríkisspítölum nam 677 millj. kr. hjá báðum sjúkrahúsunum og áætlaður vandi að óbreyttum rekstrarumsvifum nemur 800 millj. kr. Samtals er fjárhagsvandinn því 1.477 millj. kr. Í frumvarpinu er lagt til að bæta sjúkrahúsunum 459 millj. kr. vegna uppsafnaðs halla fyrri ára, en 1.000 millj. kr. fjárhagsvandi er látinn óleystur. Gert er ráð fyrir að sjúkrahúsin geti dregið með sér mánaðarveltu sem nemur samtals um 400 millj. kr., en óraunhæfar hagræðingar- og sparnaðarkröfur ríkisstjórnarinnar hafa leitt til óviðunandi ástands á þessum stofnunum. Starfsfólk býr við sífellda óvissu og aukið vinnuálag sem leiðir til örðugleika í samskiptum stjórnenda og starfsfólks.

Minni hlutinn hefur ýmislegt við frumvarpið að athuga og ekki síst hvernig aukaframlög eru ákveðin. Í flestum tilvikum eru þær ákvarðanir teknar við ríkisstjórnarborðið og ekki beðið eftir samþykki Alþingis án þess að séð verði að það hefði ekki verið gerlegt. Fjárveitingavaldið er hjá Alþingi, en framkvæmdarvaldið hefur heimild til að ráðstafa fé ef sérstaklega stendur á. Ráðherrum ber tvímælalaust að fara sparlega með heimildir til aukafjárveitinga. Reyndin er talsvert önnur eins og margsinnis hefur verið gagnrýnt og um það má nefna mörg dæmi í frumvarpinu.

Minni hlutinn átelur harðlega að ekki skuli vera gerð tilraun til að rétta hlut þeirra sem eingöngu hafa framfærslu af grunnlífeyri með tekjutryggingu vegna elli eða örorku. Samkvæmt útreikningum fagmanna á þróun launa og lífeyris á síðastliðnum fjórum árum vantar 1.842 millj. kr. upp á að greiðslur til þessa fólks jafnist á við lægstu umsamin laun. Á þessu ári skortir 148 millj. kr. til þess að jöfnuði sé náð miðað við meðaltalsvísitölu launa. Því leggur minni hlutinn til að þessum hópum verði bættur tekjumissir sem svarar þeirri upphæð. Einnig leggur minni hlutinn til aukin framlög til Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur til að minnka rekstrarhallann svo að við hann megi una.

Minni hlutinn áskilur sér rétt til að styðja einstakar breytingartillögur meiri hlutans og fylgja öðrum sem fram kunna að koma en situr að öðru leyti hjá við afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 3. des. 1998.

Sigríður Jóhannesdóttir, frsm. | Gísli S. Einarsson. | Kristinn H. Gunnarsson.

Kristín Halldórsdóttir.

393. Fyrirspurn [325. mál]

til umhverfisráðherra um mengunaráhrif af notkun nagladekkja og harðkornadekkja.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hefur farið fram á vegum umhverfisráðuneytis eða annarra aðila athugun á áhrifum notkunar nagladekkja og/eða harðkornadekkja með tilliti til mengunar í andrúmslofti?

394. Frumvarp til laga [326. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Á eftir 6. gr. a laganna kemur ný grein, 6. gr. b, svohljóðandi :

Maður sem verið hefur sjómaður á íslensku fiskiskipi í 20 ár samtals og náð hefur 50 ára aldri á rétt á að stunda veiðar með handfærum eingöngu samkvæmt ákvæðum 6. gr. og skal honum veitt veiðileyfi á bát minni en 6 brl. sem hann eignast í því skyni, hafi báturinn ekki veiðileyfi fyrir. Veiðileyfið er óframseljanlegt og veiðar einvörðungu heimilar viðkomandi sjómanni. Ráðherra setur nánari reglur um starfsaldur sjómanns skv. þessari málsgrein.

Sameiginlegur hámarksþorskafli báta sem velja að stunda veiðar með handfærum eingöngu skal hækka fyrir hvern bát sem þannig bætist við um meðalhlutdeild báta í þessum útgerðarflokki í sameiginlegum hámarksþorskafla hans skv. 9. mgr. 6. gr. Á sama hátt skal sameiginlegur hámarksþorskafli lækka eftir sömu reglu fyrir hvern bát sem fellur brott og hafði áður fengið veiðileyfi samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Við 1. tölul. 3. mgr. 7. gr. bætist: og áætlaðan afla báta skv. 6 gr. a.

3.gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það nýmæli er í frumvarpinu að sjómönnum er veittur sjálfstæður réttur til veiða í fiskveiðilögsögunni sem þeir geta nýtt sér með því að eiga smábát og halda honum til veiða. Rétturinn er bundinn manninum og starfi hans en ekki einvörðungu eignarhaldi á báti. Þá er sett skilyrði um starfsaldur og lífaldur og er gert ráð fyrir að sjómaðurinn hafi stundað fiskveiðar á íslensku fiskiskipi í a.m.k. 20 ár samtals og að hann hafi náð 50 ára aldri. Enn fremur er kveðið á um að leyfið sé óframseljanlegt og bundið viðkomandi sjómanni auk þess að það nær aðeins til handfæraveiða.

Með þessari tillögu er viðurkennt að starf á sjó veiti rétt til sjósóknar og þannig rétt til þess að nýta fiskimiðin. Einnig er viðurkennt að sjómenn eiga oft erfitt að finna starf í landi

þegar þeir fara að huga að því að hætta til sjós. Samkvæmt þessu frumvarpi geta þeir stundað handfæraveiðar hluta ársins og aflað sér þannig tekna og er því gert auðveldara að framfleyta sér þegar þeir draga úr starfi á sjó eða hætta alveg. Loks ber að hafa í huga að býsna margir sjómenn búa við takmarkaðan lífeyrisrétt og fyrirsjáanlegt að svo muni verða í náinni framtíð. Til þess að koma í veg fyrir að afli báta sem fá veiðileyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins fækki sóknardögum þeirra báta sem fyrir eru er gert ráð fyrir að sameiginlegur hámarksþorskafli útgerðarflokksins hækki fyrir hvern bát sem þannig bætist við. Á sama hátt lækkar sameiginlegur hámarksþorskafli flokksins ef umræddum bátum fækkar.

395. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Jafnframt leitaði nefndin eftir áliti Ríkisendurskoðunar.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir 46 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 619,9 m.kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

101 Embætti forseta Íslands. Farið er fram á 3,5 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta rekstrarhalla frá árinu 1997 sem embættið nær ekki að gera upp á yfirstandandi ári.

201 Alþingi. Lagt er til að framlag til Alþingis hækki um 8,5 m.kr. til að mæta útgjaldaauka í tengslum við óvenjulangt þinghald sl. vor og kostnaði við sérstakt átak til að flýta frágangi á ræðum og birtingu þeirra á vefnum. Yfirvinna fyrri hluta ársins og ræðuvinnsla var mun meiri en á sama tíma árið áður. Auk þess var prentkostnaður hærri en verið hafði.

01 Forsætisráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Alls er lagt til að framlag til fjárlagaliðarins hækki um 51,5 m.kr. Farið er fram á að viðfangsefnið 1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni hækki um 49,5 m.kr. vegna kostnaðar við sölu hlutabréfa ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., sem ekki var gert ráð fyrir í fjárveitingum til útboðs- og einkavæðingarverkefna í fjárlögum 1998. Fyrir gildistöku laga um fjárreiður ríkisins gilti sú regla að kostnaður af hlutabréfasölu var dreginn frá söluandvirði hlutabréfa en eftir gildistöku laganna ber að gjaldfæra kostnaðinn. Nafnvirði hlutabréfa í Fjárfestingarbankanum sem seld voru í haust var 3.332 m.kr. og nam söluandvirði þeirra 4.665 m.kr. Gerður var 45 m.kr. samningur við Fjárfestingarbanka atvinnulífsins um umsjón með sölunni og samdi hann síðan við öll innlend verðbréfafyrirtæki og banka um þátttöku í sölunni. Að auki er 4,5 m.kr. kostnaður við mat á verðmæti bankans sem endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki annað-

ist. Samtals er því óskað eftir 49,5 m.kr. viðbótarfjárheimild. Lagt er til að viðfangsefni 1.90 Ýmis verkefni hækki um 2 m.kr. Annars vegar er farið fram á 1 m.kr. aukafjárveitingu vegna starfa nefndar til að fjalla um áhrif breyttrar kjördæmaskipunar á byggða- og félagsmál í samræmi við tillögu kjördæmanefndar til forsætisráðherra í haust. Hins vegar er gerð tillaga um 1 m.kr. hækkun fjárveitingar til auðlindanefndar á þessum lið. Í frumvarpi til fjáraukalaga er gert ráð fyrir 3 m.kr. vegna kostnaðar við starf nefndarinnar sem kosin var á Alþingi sl. vor. Sýnt þykir að kostnaður við kaup á sérfræðiráðgjöf fyrir nefndina verði meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

02 Menntamálaráðuneyti

201 *Háskóli Íslands.* Óskað er eftir 25 m.kr. framlagi til þess að bæta tjón sem varð í bruna á kennslustofu sem notuð var til eðlis- og efnafræðikennslu. Fjárhæðin tekur mið af kostnaði við að endurnýja kennslutæki sem eyðilögðust og brunatrygging bætir ekki, en hún bætir tjón á húsnæði og föstum innréttingum.

203 *Raunvísindastofnun Háskólans.* Óskað er eftir 3,8 m.kr. framlagi til kaupa á jeppabifreið í stað þeirrar sem eyðilagðist í óhappi á Vatnajökli fyrr á þessu ári.

319 *Framhaldsskólar, almennt.* Framlag til viðfangsefnisins 1.40 Framhaldsskólar, óskipt, hækkar alls um 113,9 m.kr. Annars vegar er óskað er eftir 9,5 m.kr. hækkun á framlögum vegna kostnaðar af kjarasamningum. Um er að ræða kostnað af prófum sem svarar til 2,3% af heildarlaunakostnaði og af deildarstjórn um 1,3% eða samtals 129,5 m.kr. Í frumvörpum til fjáraukalaga fyrir árið 1998 og fjárlaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir 120 m.kr. til þess að mæta þessum útgjöldum, en eftir stendur 9,5 m.kr. kostnaður sem ekki hefur verið fjármagnaður. Hins vegar er óskað eftir 104,4 m.kr. hækkun á framlögum vegna launakostnaðar í framhaldsskólum. Komið hefur í ljós að við skiptingu menntamálaráðuneytisins á fjárveitingum til framhaldsskóla í fjárlögum 1998 var stuðst við forsendur sem leiddu til þess að launakostnaður í skólunum var vanmetinn um 3,5%.

902 *Þjóðminjasafn Íslands.* Gerð er tillaga um að veittar verði 3 m.kr. til safnsins sem varið verði til verkefna sem útiminjasvið safnsins réðst í fyrr á þessu ári. Annars vegar er um að ræða viðgerð á Silfurgarði í Flatey á Breiðafirði sem er líklega elsta sjóvarnarmannvirki hér á landi, og hins vegar fornleifarannsókn á Eiríksstöðum í Haukadal.

905 *Landsbókasafn Íslands — Háskólabókasafn.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á þessum lið til að mæta auknum launakostnaði Landsbókasafns Íslands — Háskólabókasafns vegna kjarasamninga.

907 *Listasafn Íslands.* Lögð er til 3 m.kr. hækkun á framlagi til Listasafns Íslands vegna rekstrarhalla safnsins 1997, m.a. vegna lægri sértekna en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

974 *Sinfóníuhljómsveit Íslands.* Óskað er eftir 2,2 m.kr. hækkun vegna kostnaðar við kjarasamninga sem hljómsveitinni hefur ekki verið bættur.

982 *Listir, framlög.* Lögð er til 2 m.kr. hækkun á óskiptu framlagi fjárlagaliðarins.

03 Utanríkisráðuneyti

190 *Ýmis verkefni.* Lagt er til að framlag til Mannréttindaskrifstofu Íslands verði hækkað um 4 m.kr. en þar af eru 2 m.kr. ætlaðar í verkefni til að minnast Árs mannréttinda. Mannréttindaskrifstofan fellur undir dómsmálaráðuneytið en nú er lagt til að hluti opinbers framlags til stofnunarinnar verði á fjárlagalið hjá utanríkisráðuneytinu. Lögð er aukin áhersla á mannréttindi og mannréttindastarf og hefur í því skyni verið gerður samstarfssamningur milli Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands.

04 Landbúnaðarráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að Sambandi íslenskra loðdýraræktenda verði veittur 1,5 m.kr. styrkur til að standa undir hluta af rekstrarkostnaði félagsins árið 1996. Félagið varð af tekjum það ár þar sem búnaðargjald, sem renna átti til búgreinarinnar, hækkaði ekki úr 0,075% í 0,7% eins og áformað var.

221 Veiðimálastofnun. Lagt er til að Veiðimálastofnun fái 6 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla, m.a. vegna fiskeldisdeildar, en verkefni hennar hafa verið færð til Stofnfisks hf.

271 Bændaskólinn á Hólum. Alls er lagt til að framlag til skólans hækki um 9 m.kr. Lögð er til 2 m.kr. hækkun á liðnum til að mæta tímabundinni hækkun launagjalda. Í annan stað er lagt til að skólanum verði veitt 7 m.kr. framlag til verkefnis við kynbætur á bleikju. Heildarkostnaður við rekstur verkefnisins er um 14 m.kr. á ári. Framleiðnisjóður landbúnaðarins og fleiri hafa styrkt verkefnið á undanförnum árum. Stuðningurinn hefur ekki nægt og er uppsafnaður rekstrarhalli árin 1997 og 1998 um 14 m.kr.

293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Óskað er eftir að Hagþjónusta landbúnaðarins fái 1 m.kr. framlag á fjáraukalögum fyrir árið 1998 vegna áhrifa kjarasamninga og rekstrarkostnaðar.

331 Héraðsskógar. Gerð er tillaga um að framlag til skógræktarátaks á Fljótsdalshéraði hækki um 3,5 m.kr. og er skýringin tvíþætt. Annars vegar er óskað eftir 2 m.kr. viðbótarframlagi til að mæta halla sem hefur myndast hjá Héraðsskógum á síðustu árum. Hins vegar er lagt er til að veitt verði 1,5 m.kr. til að gera upp við Héraðsskóga kostnað af umfangsmikilli söfnun á lerkifræi árið 1995.

343 Suðurlandsskógar. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. fjárveitingu til Suðurlandsskóga sem starfa samkvæmt lögum frá maí 1997. Þeir eru fjármagnaðir með „átakspeningum til bindingar kolefnis" þrjú fyrstu árin og er því fjármagni varið til að auka gróður landsins. Hins vegar hefur nokkur kostnaður fallið til sem rakinn er til annarra þátta en gróðursetningar og munar þar mestu um þann kostnað sem varð við upphaf verkefnisins í fyrra.

811 Bændasamtök Íslands. Lagt er til að Bændasamtök Íslands fái 9,6 m.kr. aukafjárveitingu vegna hækkunar á lífeyrisskuldbindingum. Einnig er farið fram á 4,6 m.kr. vegna aukinna greiðslna í lífeyrissjóð af launum starfsmanna héraðsbúnaðarsambanda. Fjárveiting í fjárlögum tekur ekki tillit til nýrra reglna um greiðslur í Lífeyrissjóð starfsmanna sem tóku gildi í ársbyrjun 1998. Farið er fram á sömu hækkun í fjárlögum fyrir árið 1999.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

201 Hæstiréttur. Óskað er eftir 5,4 m.kr. hækkun á þessum lið. Þegar nýtt húsnæði Hæstaréttar var tekið í notkun láðist að gera ráð fyrir hækkun vegna meiri hita- og rafmagnskostnaðar, 1,5 m.kr., fasteigna- og tryggingagjalda, 2,5 m.kr., og öryggisgæslu, 0,4 m.kr. Meðan framkvæmdir stóðu yfir var beðið með nauðsynlegar tengingar við tölvupóst og internet en rekstrarkostnaður við tölvuskrár og afnotagjöld nam um 1 m.kr. árið 1997. Samtals er því óskað eftir hækkun fjárveitinga sem nemur 5,4 m.kr.

235 Bætur brotaþola. Óskað er eftir að fjárveiting vegna bóta til brotaþola verði lækkuð um 5 m.kr. en ljóst er að nokkur afgangur verður á fjárveitingu þessa árs. Þegar fjárveiting var ákveðin í fjárlögum 1996 var óvíst hver heildarbótafjárhæð á ári yrði.

303 Ríkislögreglustjóri. Farið er fram á 15 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar ríkislögreglustjóraembættisins við innheimtu sekta á landsvísu. Í byrjun ársins var tekið í notkun nýtt

samræmt kerfi við innheimtu sekta og fellur allur kostnaður við prentun gíróseðla, útsendingu og ítrekanir á sektarboðum á embættið. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999 er samsvarandi fjárveiting á lið ríkislögreglustjóraembættisins.

390 *Ýmis löggæslukostnaður.* Farið er fram á fjárheimild til kaupa á nauðsynlegum tækjakosti til útgáfu á nýjum tölvulesanlegum vegabréfum. Heildarkostnaður nemur um 42 m.kr. Um er að ræða tölvubúnað, hugbúnað og 100.000 tölvulesanleg vegabréf. Í fjárlögum 1997 voru 13,3 m.kr. ætlaðar til undirbúnings þessa verkefnis. Á þeim lið eru eftir um 11 m.kr. og er því óskað eftir fjárveitingu sem nemur 31 m.kr. Fyrirhugað er að gengið verði frá kaupsamningi í desember 1998.

412 *Sýslumaðurinn á Akranesi.* Óskað er eftir aukafjárveitingu að fjárhæð 12 m.kr. vegna hallareksturs embættisins síðustu árin. Uppsafnaður halli í lok árs 1997 var 26,1 m.kr. Á árinu 1998 bætist enn við hallann, einkum vegna áfalla og veikinda sem nokkrir starfsmenn embættisins hafa átt í, og stefnir í að uppsafnaður halli í árslok 1998 verði 35,8 m.kr. en miðað er við að ráðið verði fram úr honum á nokkrum árum samhliða hagræðingaraðgerðum hjá embættinu.

490 *Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.* Farið er fram á að fjárveiting til að mæta kostnaði samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs verði lækkuð um 10 m.kr. með hliðsjón af áætlaðri útkomu þessa árs.

501 *Fangelsismálastofnun ríkisins.* Launakostnaður hækkar sem nemur um 18 m.kr. á árinu 1998 vegna kjarasamnings við fangaverði. Í ljósi styrkrar fjárhagsstöðu Fangelsismálastofnunar ber stofnunin 10 m.kr. af kostnaðinum en óskað er eftir 8 m.kr. fjárveitingu fyrir því sem á vantar.

07 Félagsmálaráðuneyti

331 *Vinnueftirlit ríkisins.* Farið er fram á 16 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar en sú fjárhæð svarar til inneignar stofnunarinnar á mörkuðum tekjum af vinnueftirlitsgjaldi.

400 *Málefni barna og ungmenna.* Gerð er tillaga um að Götusmiðjan — Virkið fái 5 m.kr. framlag til reksturs meðferðarheimilis fyrir tímabilið frá júní til áramóta 1998. Þar eru veitt sérhæfð meðferðarúrræði fyrir unga fíkla á aldrinum 16–20 ára og er markhópurinn ungmenni sem önnur meðferðarúrræði hafa ekki hentað. Framlagið er háð því að gerður verði þjónustusamningur við rekstraraðila meðferðarheimilisins.

700 *Málefni fatlaðra.* Farið er fram á 54 m.kr. hækkun til að mæta áhrifum kjarasamninga á stofnunum fyrir fatlaða. Starfsmenn þessara stofnana taka langflestir laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR. Í síðasta samningi þessara aðila var samið um launakerfi sem byggist m.a. á starfaflokkun. Í mati á áhrifum kjarasamningsins var ekki tekið nægilegt tillit til þeirra áhrifa sem þau hafa á launaútgjöld stofnananna.

999 *Félagsmál, ýmis starfsemi.* Farið er fram á 1,4 m.kr. hækkun á framlagi til móttöku flóttamanna á Blönduósi. Um er að ræða greiðslu viðbótarkostnaðar vegna barnabóta, tölvunámskeiða og ferðakostnaðar.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101 *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Óskað er eftir 6 m.kr. aukafjárveitingu til aðalskrifstofu ráðuneytisins þar sem útgjöld vegna undirbúningsvinnu við frumvarp til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði og frumvarp til laga um lífsýni verða mun hærri en ráð var fyrir gert. Útgjöld ráðuneytisins eru m.a. vegna skýrslugerðar, sérfræðiaðstoðar, þýðinga og prentunar.

379 *Sjúkrahús, óskipt.* Farið er fram á 80 m.kr. framlag og er það ætlað til að mæta rekstrarvanda á fimm sjúkrastofnunum. Í vinnu faghóps á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra voru óleyst vandamál hjá nokkrum stofnunum og ljóst að þar þyrfti viðbótarfjármuni. Lagt er til að fjárveitingin verði notuð til að gera upp rekstrarhalla vegna sameiningar heilbrigðisstofnana á Austurlandi og renni einnig til heilbrigðisstofnana á Suðurnesjum og á Selfossi. Þá er lagt til að af fjárveitingunni verði greiddur rekstrarhalli hjá St. Fransiskusspítala í Stykkishólmi og Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi. Gert er ráð fyrir að framlögin verði greidd til framangreindra stofnana þegar gerðir hafa verið þjónustusamningar um rekstur þeirra.

381 *Sjúkrahús og læknisbústaðir.* Lagt er til að framlag til viðfangsefnisins 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækki um 7,1 m.kr. Framlagið er ætlað til Hjúkrunarheimilisins Hulduhlíðar og er lokagreiðsla á skuld ríkisins við Eskifjörð vegna stofnkostnaðar þess.

399 *Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.* Lagt er til Krýsuvíkursamtökunum verði veittar 5 m.kr. til fjárhagslegrar endurskipulagningar Krýsuvíkurskólans. Unnið hefur verið að endurskipulagningu starfseminnar á yfirstandandi ári.

568 *Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði.* Í samræmi við ákvæði í samningi um reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði er farið fram á 11 m.kr. fjárveitingu til að kosta þrjú sjúkrarými í stað hjúkrunarrúma. Farið verður fram á sömu fjárhæð til hækkunar á framlögum í fjárlögum fyrir árið 1999.

725 *Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.* Farið er fram á 9,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að ganga frá uppgjöri í tengslum við sameiningu heilsugæslustöðvar og sjúkraskýlis Þingeyrar við Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar. Ríkisendurskoðun hefur farið yfir óuppgerðar kröfur vegna heilsugæslustöðvar og sjúkraskýlisins á Þingeyri og nema þær 9,5 m.kr. Kröfuhafar eru Verkalýðsfélagið Skjöldur, Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Ísafjarðarbær, Sparisjóður Önundarfjarðar og Sparisjóður Þingeyrarhrepps.

09 Fjármálaráðuneyti

999 *Ýmislegt.* Alls er lagt til að framlag hækki um 68,7 m.kr. og er breytingin þríþætt. Í fyrsta lagi gengu 5. nóvember sl. endanlegir dómar í fimm völdum fordæmismálum af fjörutíu sambærilegum varðandi ágreining um rétt fyrrum starfsmanna Lyfjaverslunar ríkisins til biðlauna í tengslum við yfirtöku Lyfjaverslunar Íslands hf. á starfsemi stofnunarinnar 1. júlí 1994. Niðurstaða Hæstaréttar er sú að starfsmennirnir eiga rétt til fullra biðlauna auk dráttarvaxta frá 10. janúar 1997 til greiðsludags. Þess er farið á leit að veitt verði 34,5 m.kr. framlag til greiðslu biðlauna og dráttarvaxta. Í öðru lagi er farið fram á 25 m.kr. fjárveitingu til greiðslu bóta vegna mistaka lækna á Ríkisspítölum sem leiddu til 100% örorku. Náðst hefur samkomulag milli ríkislögmanns f.h. ríkissjóðs og lögmanns stefnanda um greiðslu skaðabóta að upphæð 25 m.kr. Að lokum er gerð tillaga um 9,5 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna lokauppgjörs framkvæmda í kjölfar snjóflóðs í Súðavík. Um er að ræða kostnað af flutningi atvinnuhúsnæðis, kostnað sem tengist uppbyggingu nýrrar byggðar og ýmsa eftirmála hreinsunar.

12 Viðskiptaráðuneyti

902 *Samkeppnisstofnun.* Óskað er eftir 1,0 m.kr. aukafjárveitingu vegna ákvörðunar um hækkun þóknunar til samkeppnisráðs.

14 Umhverfisráðuneyti

210 Veiðistjóri. Óskað er eftir að framlag til embættisins hækki um 9,2 m.kr. og er skýringar að rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi er fram á 1,2 m. kr. fjárveitingu vegna ófyrirséðra launaútgjalda. Þá er farið fram á 5 m.kr. fjárveitingu vegna aukinnar minkaveiði. Um er að ræða endurgreiðslur til sveitarfélaga en í ár og síðasta ár hefur minkaveiði verið meiri en reiknað var með í fjárlögum. Veiðin í ár stefnir í að verða 6.500 dýr í stað 6.000 samkvæmt áætlun. Í samræmi við 13. gr. laga nr. 64/1994 endurgreiðir ríkissjóður allt að helmingi kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Að lokum er óskað eftir 3 m.kr. framlagi til reksturs minkahundabús stofnunarinnar. Gert hafði verið ráð fyrir öðru fyrirkomulagi á rekstrinum sem leiddi til sparnaðar. Af því varð ekki en fyrirhugað er að ná fram hagræðingu í rekstri búsins árið 1999.

221 Hollustuvernd ríkisins. Farið er fram á 7 m.kr. aukafjárveitingu vegna átaks stofnunarinnar til að ljúka við löggildingu tilskipana ESB um flokkun og merkingar hættulegra efna og efnasambanda.

310 Landmælingar Íslands. Farið er fram á 12,3 m.kr. fjárveitingu til að mæta fyrirsjáanlegri lækkun á sértekjum stofnunarinnar.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Gerð er tillaga um að framlag til stofnunarinnar hækki alls um 3,2 m.kr. Annars vegar er lögð til 2,2 m.kr. aukafjárveiting til setursins í Reykjavík til reksturs á viðbótarhúsnæði. Heimild fékkst fyrir viðbótarhúsnæði vegna aukinnar starfsemi sem m.a. stafar af flutningi gróðurkortagerðar frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins til Náttúrufræðistofnunar og eflingu rannsókna á veiðifuglum. Hins vegar er lagt til að Náttúrufræðistofnun Íslands fái 1 m.kr. til að mæta auknum leigugjöldum á Akureyrarsetri stofnunarinnar.

Nú er í fyrsta sinn til umfjöllunar frumvarp til fjáraukalaga sem byggist á þeirri framsetningu fjárlaga sem tekin var upp í fyrra, sbr. ákvæði laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Því þykir rétt að gera grein fyrir uppbyggingu breytingartillagna við sundurliðun 2 við frumvarpið. Meginregla við gerð breytingartillagna á Alþingi er sú að einungis eru gerðar tillögur um efnisbreytingar en ekki afleiðubreytingar. Þannig hefur sú breyting á framlögum til viðfangsefnis sem gerð er tillaga um í breytingartillögu við sundurliðun 2 þær afleiðingar að samsvarandi breytingar verða á fjármögnun fjárlagaliðarins ef fjármögnun er aðeins af einni tegund. Þannig tekur Alþingi ákvörðun í einu lagi um breytingu á framlagi og fjármögnun þess. Hins vegar í þeim tilvikum að um tvær eða fleiri fjármögnunarleiðir er að ræða eða bein tillaga er gerð um breytingu á fjármögnun er þess getið sérstaklega í breytingartillögu. Samkvæmt venju liggur síðan fyrir stöðuskjal eftir 2. umræðu þar sem allar tölur eru uppfærðar og aðrar breytingar gerðar í samræmi við úrslit atkvæðagreiðslu en er að öðru leyti framsett á nákvæmlega sama hátt og frumvarpið sjálft.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. des. 1998.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Árni M. Mathiesen.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Hjálmar Jónsson.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

396. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-101 Embætti forseta Íslands			
1.01 Yfirstjórn	0,0	3,5	3,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,5*	*3,5*
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-201 Alþingi			
1.06 Almennur rekstur	0,0	8,5	8,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*8,5*	*8,5*
3. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	0,0	49,5	49,5
b. 1.90 Ýmis verkefni	5,5	2,0	7,5
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
01-211 Þjóðhagsstofnun			
1.01 Þjóðhagsstofnun	0,0	4,5	4,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*4,5*	*4,5*
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-201 Háskóli Íslands			
1.03 Rekstur fasteigna	0,0	25,0	25,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*25,0*	*25,0*
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-203 Raunvísindastofnun Háskólans			
6.11 Bifreiðar	0,0	3,8	3,8
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,8*	*3,8*
7. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.40 Framhaldsskólar, óskipt	155,0	113,9	268,9
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-902 Þjóðminjasafn Íslands			
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	0,0	3,0	3,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,0*	*3,0*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn			
1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	0,0	10,0	10,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*10,0*	*10,0*

10.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	02-907 Listasafn Íslands			
	Sértekjur	0,0	3,0	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,0*	*3,0*
11.	Við **02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**			
	1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	9,5	2,2	11,7
12.	Við **02-982 Listir, framlög**			
	1.90 Listir	0,0	2,0	2,0
13.	Við **03-190 Ýmis verkefni**			
	1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	0,0	4,0	4,0
14.	Við **04-190 Ýmis verkefni**			
	1.90 Ýmis verkefni	20,0	1,5	21,5
15.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	04-221 Veiðimálastofnun			
	1.01 Veiðimálastofnun	0,0	6,0	6,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*6,0*	*6,0*
16.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	04-271 Bændaskólinn á Hólum			
	1.01 Bændaskólinn á Hólum	0,0	9,0	9,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*9,0*	*9,0*
17.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins			
	1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins	0,0	1,0	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*1,0*	*1,0*
18.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	04-331 Héraðsskógar			
	1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	0,0	3,5	3,5
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,5*	*3,5*
19.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	04-343 Suðurlandsskógar			
	1.10 Suðurlandsskógar	0,0	1,5	1,5
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*1,5*	*1,5*
20.	Við **04-811 Bændasamtök Íslands**			
a.	1.10 Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri	0,0	9,6	9,6
b.	1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri	0,0	4,6	4,6
21.	Við **06-201 Hæstiréttur**			
	1.01 Yfirstjórn	4,7	5,4	10,1
22.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	06-235 Bætur brotaþola			
	1.10 Bætur brotaþola	0,0	-5,0	-5,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-5,0*	*-5,0*

23.	Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
a.	1.01 Ríkislögreglustjóri	2,0	15,0	17,0
b.	*Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*15,0*	*15,0*
24.	Við **06-390 Ýmis löggæslukostnaður**			
	6.01 Tæki og búnaður	0,0	31,0	31,0
25.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi			
	1.01 Yfirstjórn	0,0	12,0	12,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*12,0*	*12,0*
26.	Við **06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumanns-embætta**			
	1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	0,0	-10,0	-10,0
27.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins			
	1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	0,0	8,0	8,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*8,0*	*8,0*
28.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	07-331 Vinnueftirlit ríkisins			
	1.01 Vinnueftirlit ríkisins	0,0	16,0	16,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	*0,0*	*16,0*	*16,0*
29.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	07-400 Málefni barna og ungmenna			
	1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	0,0	5,0	5,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,0*	*5,0*
30.	Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
	1.90 Ýmis verkefni	38,3	54,0	92,3
31.	Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
	1.90 Ýmis framlög	41,0	1,4	42,4
32.	Við **08-101 Heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	1.01 Yfirstjórn	8,5	6,0	14,5
33.	Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
	1.11 Ellilífeyrir	0,0	-67,0	-67,0
	Greitt úr ríkissjóði	*-803,0*	*-67,0*	*-870,0*
34.	Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
	1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	-296,0	80,0	-216,0
35.	Við **08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**			
	6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	22,0	7,1	29,1
36.	Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
	1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	0,0	5,0	5,0

37.	Við **08-495 Daggjaldastofnanir**			
	1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	0,0	67,0	67,0
38.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-568 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði			
	1.01 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	0,0	11,0	11,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*11,0*	*11,0*
39.	Við **08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**			
	1.01 Heilsugæslusvið	4,4	9,5	13,9
40.	Við **09-999 Ýmislegt**			
a.	1.60 Dómkröfur	0,0	59,5	59,5
b.	1.70 Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	0,0	9,2	9,2
41.	Við **12-902 Samkeppnisstofnun**			
	1.01 Samkeppnisstofnun	2,0	1,0	3,0
42.	Við **14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	1.01 Yfirstjórn	16,0	-4,5	11,5
43.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	14-210 Veiðistjóri			
	1.01 Veiðistjóri	0,0	9,2	9,2
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*9,2*	*9,2*
44.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	14-221 Hollustuvernd ríkisins			
	1.01 Hollustuvernd ríkisins	0,0	7,0	7,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*7,0*	*7,0*
45.	Við **14-310 Landmælingar Íslands**			
	Sértekjur	0,0	12,3	12,3
	Greitt úr ríkissjóði	*16,0*	*12,3*	*28,3*
46.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands			
a.	1.02 Setur í Reykjavík	0,0	2,2	2,2
b.	1.03 Setur á Akureyri	0,0	1,0	1,0
c.	*Greitt úr ríkissjóði, sbr. a- og b-lið*	*0,0*	*3,2*	*3,2*

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárveiting á viðfangsefninu 02-319-1.40 skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
02-301-101	Menntaskólinn í Reykjavík	5,4
02-301-109	Menntaskólinn í Reykjavík	0,0
02-302-101	Menntaskólinn á Akureyri	3,4

02-302-109	Menntaskólinn á Akureyri	0,0
02-303-101	Menntaskólinn á Laugarvatni	1,2
02-303-109	Menntaskólinn á Laugarvatni	0,0
02-304-101	Menntaskólinn við Hamrahlíð	5,5
02-304-109	Menntaskólinn við Hamrahlíð	0,9
02-305-101	Menntaskólinn við Sund	4,9
02-305-109	Menntaskólinn við Sund	0,0
02-306-101	Framhaldsskóli Vestfjarða	1,4
02-306-109	Framhaldsskóli Vestfjarða	0,0
02-307-101	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1,7
02-307-109	Menntaskólinn á Egilsstöðum	0,0
02-308-101	Menntaskólinn í Kópavogi	5,4
02-308-109	Menntaskólinn í Kópavogi	0,2
02-309-101	Kvennaskólinn í Reykjavík	2,9
02-309-109	Kvennaskólinn í Reykjavík	0,0
02-350-101	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	8,2
02-350-109	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1,6
02-351-101	Fjölbrautaskólinn Ármúla	4,2
02-351-109	Fjölbrautaskólinn Ármúla	0,0
02-352-101	Flensborgarskóli	3,5
02-352-109	Flensborgarskóli	0,5
02-353-101	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,9
02-353-109	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	0,2
02-354-101	Fjölbrautaskóli Vesturlands	4,2
02-354-109	Fjölbrautaskóli Vesturlands	0,0
02-355-101	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1,5
02-355-109	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	0,0
02-356-101	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	2,5
02-356-109	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	0,0
02-357-101	Fjölbrautaskóli Suðurlands	4,4
02-357-109	Fjölbrautaskóli Suðurlands	0,2
02-358-101	Verkmenntaskóli Austurlands	1,0
02-358-109	Verkmenntaskóli Austurlands	0,0
02-359-101	Verkmenntaskólinn á Akureyri	7,5
02-359-109	Verkmenntaskólinn á Akureyri	0,4
02-360-101	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	3,1
02-360-109	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	0,0
02-361-101	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	0,6
02-361-109	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	0,0
02-362-101	Framhaldsskólinn á Húsavík	0,9
02-362-109	Framhaldsskólinn á Húsavík	0,0
02-363-101	Framhaldsskólinn á Laugum	0,7
02-363-109	Framhaldsskólinn á Laugum	0,0
02-365-101	Borgarholtsskóli	3,8
02-365-109	Borgarholtsskóli	0,1
02-506-101	Vélskóli Íslands	1,9
02-506-109	Vélskóli Íslands	0,0

02-507-101	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1,0
02-507-109	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	0,0
02-514-101	Iðnskólinn í Reykjavík	11,2
02-514-109	Iðnskólinn í Reykjavík	0,8
02-516-101	Iðnskólinn í Hafnarfirði	2,5
02-516-109	Iðnskólinn í Hafnarfirði	0,0
02-571-109	Sjómannaskólahúsið	0,0

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárveiting á viðfangsefninu 07-700-1.90 skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
07-701-101	Svæðisskrifstofa	0,6
07-701-120	Sambýli	8,9
07-701-126	Sambýli Stigahlíð 71	0,5
07-701-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,9
07-701-160	Dagvistun	1,7
07-701-170	Heimili einhverfra	2,7
07-701-177	Vistheimili fyrir börn	0,6
07-702-101	Svæðisskrifstofa	0,3
07-702-120	Sambýli	3,8
07-702-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,6
07-702-130	Verndaður vinnustaður, Örvi	0,6
07-702-160	Skammtímavistun	0,8
07-702-161	Dagvistun Keflavík	0,2
07-702-164	Hæfingarstöðvar	0,9
07-702-172	Gistiheimili Kópavogi	0,2
07-702-173	Vistheimili fyrir börn	1,7
07-703-101	Svæðisskrifstofa	0,4
07-703-120	Sambýli Akranesi	1,0
07-703-121	Sambýli Borgarnesi	0,3
07-703-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,2
07-703-130	Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	1,3
07-703-140	Leikfangasöfn Vesturlandi	0,1
07-703-161	Skammtímavistun	0,5
07-704-101	Svæðisskrifstofa	0,4
07-704-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-704-131	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	1,0
07-705-101	Svæðisskrifstofa	0,6
07-705-120	Sambýli	1,8
07-705-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-705-140	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	0,2
07-705-160	Skammtímavistun	0,2

07-705-161 Dagvistun	0,7
07-706-120 Sambýli	0,8
07-706-186 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	3,2
07-707-101 Svæðisskrifstofa	0,2
07-707-120 Sambýli Egilsstöðum	0,6
07-707-129 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,3
07-708-101 Svæðisskrifstofa	0,5
07-708-120 Sambýli Selfossi	1,7
07-708-129 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,2
07-708-130 Verndaður vinnustaður Selfossi	0,4
07-708-150 Vistheimili fyrir börn	0,9
07-708-170 Lambhagi	0,4
07-708-186 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	1,4
07-711-120 Sambýli	3,1
07-711-130 Vinnustofan Ás	0,6
07-711-160 Dagvistun Lækjarási	1,0
07-711-161 Dagvistun Bjarkarási	1,0
07-711-162 Dagvistun Lyngási	1,8
07-711-163 Skammtímavistun Víðihlíð 9	0,6
07-711-164 Skammtímavistun Hólabergi	0,5
07-720-170 Vistheimilið Skálatúni	0,9

397. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (SJóh, GE, KHG, KH).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-200	146	-54
Greitt úr ríkissjóði	*-803*	*146*	*-657*
2. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
1.01 Ríkisspítalar	352	300	652
3. Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	373	300	673

398. Nefndarálit [176. mál]

við frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Sjóðfélagar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda eru launþegar og þeir sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki hafa fullnægt tryggingaskyldu sinni með aðild að viðurkenndum lífeyrissjóðum skv. 7. gr. gildandi laga, annaðhvort vegna þess að þetta fólk átti ekki sjálfsagðan rétt til að greiða í einhvern annan lífeyrissjóð eða það vildi það ekki. Þetta fólk er ekki í stéttarfélagi því að þá bæri því að greiða í lífeyrissjóð þess stéttarfélags. Það greiðir ekki heldur í aðra lífeyrissjóði vegna þess starfs sem veitir því aðild að Söfnunarsjóðnum. Oft er um einyrkja að ræða sem greiða allt iðgjaldið sjálfir. Í kjölfar gildistöku laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, má búast við að sjóðsfélögum fjölgi mjög í Söfnunarsjóðnum. Þetta fólk kemur alls staðar frá. Núverandi ákvæði um skipun stjórnar eru ekki í neinum tengslum við núverandi sjóðfélaga né þá sem koma nýir inn eða þá hagsmuni sem þeir hafa af ávöxtun og rekstri sjóðsins.

Hver á Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda? Það er hafið yfir vafa að sjóðfélagarnir eiga réttindi hjá sjóðnum, enn fremur makar og börn sjóðfélaga ef þeir falla frá sem og makar og börn látinna sjóðfélaga. Eingöngu þetta fólk á rétt til greiðslna úr sjóðnum. Samtök sjóðfélaga, samtök launagreiðenda eða launagreiðendur eiga engan rétt til greiðslna úr sjóðnum sem slík. Hætti launþegi sem greiðir iðgjald til sjóðsins starfi hjá launagreiðanda rofnar allt samband launagreiðandans við sjóðinn vegna þess sjóðfélaga. Sjóðfélaginn á áfram geymdan rétt til greiðslna úr sjóðnum ef hann verður öryrki eða gamall. Maki hans og börn eignast rétt til greiðslna úr sjóðnum ef hann fellur frá.

Til lúkningar skuldbindingum sjóðsins vegna þeirra réttinda sem sjóðfélagar og nánustu aðstandendur þeirra eiga á sjóðurinn eignir í formi peninga, verðbréfa og fasteigna. Þessar eignir standa á móti þeim réttindum sem sjóðurinn hefur lofað framangreindum hópi sjóðfélaga og nánustu aðstandendum þeirra. Réttindi og skuldbindingar eiga að standast á, sbr. 14. gr. Eignir sjóðsins eiga því að vera jafngildar réttindunum sem sjóðfélagarnir og nánustu aðstandendur þeirra eiga. Þeir hljóta því að eiga þessar eignir sem standa til tryggingar réttindunum og þar með allan lífeyrissjóðinn, enda er vandséð hver annar eigi að eiga þessar eignir. Hrein eign Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda til greiðslu lífeyris nam 13,2 milljörðum kr. í árslok 1997 og um 6.000 sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 1977.

Rétt er að nefna þá lífssýn sem margt fólk hefur að eignir séu betur geymdar í höndum einstaklinga en í höndum opinberra aðila eða aðila sem enga persónulega hagsmuni hafi af eignunum. Í samræmi við þessa lífssýn er óeðlilegt að þetta mikla fé sé án formlegs eiganda og því er lagt til að sjóðfélagarnir verði formlega lýstir eigendur þessa fjár.

Hver á að kjósa stjórn sjóðsins? Núna skipar fjármálaráðherra sjö manna stjórn sjóðsins þannig: Tvo án tilnefningar, tvo samkvæmt tilnefningu Landssamband lífeyrissjóða, tvo samkvæmt tilnefningu Sambands almennra lífeyrissjóða og einn samkvæmt tilnefningu BSRB. Allir þessir aðilar eru án nokkurra tengsla við sjóðfélaga eins og áður var rakið. Auk þess er ekki loku fyrir það skotið að þessir aðilar geti verið í beinni samkeppni við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda sem þeir eiga að stýra, t.d. varðandi góð fjárfestingartækifæri. Þar sem sjóðfélagarnir eiga sjóðinn eins og rakið er hér að framan og sjóðfélagarnir eiga afkomu sína í ellinni alfarið undir því hvernig til tekst með rekstur sjóðsins og ávöxtun fjármuna hans er mjög brýnt að þeir komi að vali á stjórn sjóðsins.

Margir hafa þá lífssýn að fullveðja einstaklingar eigi og séu færir um að taka ákvarðanir um helstu mál sem þá varða. Þær breytingartillögur, sem hér eru lagðar til, taka mið af þessari trú á einstaklinginn.

Minni hluti nefndarinnar getur ekki tekið undir það sjónarmið meiri hlutans að skipan stjórnar skuli vera óbreytt frá því sem nú er. Hann telur til bóta að ráðherra ákvarði laun stjórnarinnar en ekki stjórnin sjálf eins og verið hefur ef ekki verður fallist á að sjóðfélagar komi að stjórn og rekstri sjóðsins.

Minni hlutinn getur tekið undir breytingar meiri hlutans sem koma fram í 2. og og 3. tölul. breytingartillagna hans.

Alþingi, 26. nóv. 1998.

Pétur H. Blöndal, frsm. Gunnlaugur M. Sigmundsson.

399. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, GMS).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sjóðurinn er eign sjóðfélaga sinna og lífeyrisþega. Innstæða eða réttindi samkvæmt samningi um tryggingavernd eru eign rétthafa.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins. Heimild til að sitja félagsfund hafa sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra. Stjórn lífeyrissjóðs boðar til félagsfundar. Henni ber að boða félagsfund innan viku ef sjóðfélagar með $^1/_{10}$ atkvæðavægis eða endurskoðendur sjóðsins krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Til félagsfundar skal boðað með dagskrá í auglýsingu í fjölmiðlum með minnst fjögurra vikna og mest sjö vikna fyrirvara.
   Atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fer eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum þeirra eftir nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins, sbr. 15. gr. Sjóðfélagi getur veitt öðrum skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði sitt á félagsfundi. Slíkt umboð gildir aldrei lengur en tvö ár og það má afturkalla hvenær sem er.
   Árlega skal halda félagsfund, ársfund, í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Í fundarboði skal auglýst eftir framboðum til stjórnar og gefa tveggja vikna framboðsfrest. Á ársfundi skal taka fyrir skýrslu stjórnar, ársreikninga, tryggingafræðilega úttekt, fjárfestingarstefnu, laun stjórnar og tillögu stjórnar eða félagsmanna um breytingar á samþykktum sjóðsins. Til breytinga á samþykktum sjóðsins þarf $^2/_3$ hluta atkvæða.
   Stjórn sjóðsins og endurskoðanda skal kjósa beint á aðalfundi eða með almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu fyrir ársfund.

3. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skulu sett í samþykktir sjóðsins, sbr. 3. mgr. 3. gr. Þar komi m.a. fram að hver sjóðfélagi verði reglulega upplýstur um eign sína í sjóðnum sem er hlutdeild hans í hreinni eign til greiðslu lífeyris.
4. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Stjórn sjóðsins sem situr við gildistöku laga þessara skal sitja þar til ný stjórn hefur verið kjörin á fyrsta ársfundi eftir gildistöku laga þessara, sbr. 3. gr.
   Ákvæði laga nr. 95/1980 um skipulag og starfsemi sjóðsins skulu gilda eftir því sem við á þar til nýjar reglur hafa verið settar á fyrsta ársfundi, sbr. 15. gr.

400. Svar [131. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Árna Steinars Jóhannssonar um nefndir og ráð á vegum ríkisins.

Leitað var til allra ráðuneyta og óskað eftir upplýsingum til að undirbúa svar við fyrirspurninni. Í ljós kom að skilja mátti fyrirspurnina með ýmsum hætti hvað varðaði nefndir og ráð sem telja átti með í svari. Var einstökum ráðuneytum eftirlátið að ákveða nákvæmlega hvaða nefndir og ráð voru taldar með, en þó reynt að samræma eins og kostur var. Segja má að allar nefndir og ráð ríkisins séu meðtaldar, utan nefnda Alþingis. Þá var ákveðið að telja ekki með stjórnir heilsugæslustöðva vegna þess að stjórnarmenn í hverri stjórn koma allir úr sama kjördæmi og kostnaður vegna þeirra er bókaður hjá heilsugæslustöðvunum en ekki hjá Ríkisbókhaldi. Stjórnir hlutafélaga sem ríkið á aðild að eru einnig undanskildar.

1. Hversu margar nefndir og ráð starfa nú á vegum ríkisins?

Á árinu hafa verið starfandi 665 nefndir á vegum ráðuneytanna. Ekki liggur fyrir hversu margar þeirra hafa lokið störfum.

2. Hversu margir eru í þeim, sundurliðað eftir kjördæmum?

Alls voru 3.512 nefndarmenn í þessum nefndum og skiptast þeir þannig milli kjördæma: Reykjavík 2.075, Reykjanes 869, Vesturland 100, Vestfirðir 38, Norðurland vestra 56, Norðurland eystra 148, Austurland 69 og Suðurland 157.

Miðað var við lögheimili nefndarmanna við flokkun þeirra í kjördæmi nema hvað þingmenn voru skráðir í kjördæmi sitt óháð því hvar þeir áttu lögheimili.

3. Hver er heildarkostnaður ríkisins við nefndir og ráð það sem af er þessu ári?

Samkvæmt svörum ráðuneytanna hefur kostnaður við nefndir og ráð það sem af er árinu verið um 237 millj. kr. Rétt er að geta þess að í mörgum tilfellum er erfitt að ákvarða nákvæmlega hver kostnaður er við nefndarstarf. Nokkuð ljóst er að nefndaþóknun, ferðakostnaður nefndarmanna og ýmis sérfræðivinna telst með. Hins vegar er í mörgum tilfellum um að ræða kostnað sem hlýst af ákvörðunum nefnda og er þá matsatriði hverju sinni hvað talið er með af þeim kostnaði.

401. Svar [214. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um ný störf á vinnumarkaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg ný störf (raunaukning) hafa orðið til á vinnumarkaðinum hérlendis á kjörtímabilinu, sundurliðað eftir kjördæmum og atvinnugreinum (opinber störf, framleiðslustörf, þjónusta o.s.frv.)?

Hver hefur orðið heildartilfærsla vinnuafls eftir kjördæmum og atvinnugreinum á sama tíma?

Nákvæmustu upplýsingar um atvinnugreinaskiptingu eftir svæðum eru unnar upp úr upplýsingum af launamiðum sem fylgja skattframtölum. Nýjustu upplýsingar af þeim toga eru fyrir árið 1996. Upplýsinga um ný störf á vinnumarkaði þar sem hægt væri að greina þau eftir atvinnugreinum og landsvæðum er ekki aflað sérstaklega. Nýrri upplýsingar byggja á könnunum Þjóðhagsstofnunar á ástandi vinnumarkaðarins. Allar upplýsingar um vinnumarkað á Íslandi eru að einhverju leyti ófullkomnar og því verður að taka þeim upplýsingum sem hér eru veittar með fyrirvara.

Í töflu 1 er sýnd breyting á fjölda starfa milli áranna 1994 og 1996 eftir atvinnugreinum og landsvæðum. Samkvæmt þessum upplýsingum fjölgaði störfum á tveimur fyrstu árum kjörtímabilsins um rúmlega 3.900 eða 3,2%. Fjölgun starfa á höfuðborgarsvæðinu, sem myndar einn vinnumarkað og er því talið í einu lagi, er 3.247. Störfum fækkar á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi á tímabilinu.

Ef tafla 1 er skoðuð nánar sést að í vissum atvinnugreinum og landsvæðum hefur orðið fjölgun en annars staðar fækkun. Sums staðar er ástæðan raunar ónákvæmni gagnanna, eins og þegar hefur verið bent á. Í tveimur neðstu línum töflunnar hafa verið lagðar saman annars vegar þær atvinnugreinar sem hafa vaxið í hverjum landshluta og hins vegar þær sem hafa dregist saman. Á sama hátt eru tveir dálkar töflunnar lengst til hægri gerðir þannig í hverri atvinnugrein hafa verið tekin saman þau landsvæði þar sem vöxtur eða samdráttur hefur orðið. Samkvæmt þessum útreikningum er fjöldi nýrra starfa á tímabilinu rúmlega 6.000 en rúmlega 2.000 störf hafa horfið. Það skal tekið fram að þessi mæling er mjög háð atvinnugreina- og svæðaskiptingu.

Í töflu 2 er sýnd þróun á fjölda ársverka frá 1994 til 1998. Tvö seinni ár tímabilsins eru áætluð. Er það gert á grundvelli athugana Þjóðhagsstofnunar á ástandi á vinnumarkaðinum. Þessi áætlun er ekki til með landfræðilegri skiptingu. Samkvæmt þessum upplýsingum hefur störfum fjölgað frá 1994 til 1998 um 9.670 eða 7,9%. Samdráttur er í fjórum greinum: landbúnaði, fiskveiðum, fiskiðnaði og störfum í þjónustu varnarliðsins, samtals um rúmlega 2.000 störf. Vaxtargreinarnar hafa því vaxið samtals um rúmlega 11.700 ársverk frá 1994. Til viðbótar kemur að sumar greinar sem vaxið hafa frá 1994 náðu lágmarki í mannaflanotkun á tímabilinu. Munar þar rúmlega 750 störfum. Samtals teljast þannig hafa orðið til tæplega 12.500 ný störf frá 1994 til 1998.

Ekki eru tiltækar upplýsingar um hvernig breyting á fjölda starfa skiptist eftir landshlutum fyrir sama tímabil. Sé hins vegar horft til þess að þær greinar sem dregist hafa saman eru hlutfallslega mikilvægar í landsbyggðarkjördæmunum er hægt að álykta að þar hafi orðið samdráttur í atvinnu en að vöxturinn sé að mestu bundinn við höfuðborgarsvæðið.

Tafla 1. Breyting á fjölda ársverka milli 1994 og 1996 eftir landsvæðum (Þjóðhagsstofnun).

	Höfuð-borgar-svæðið	Suður-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Landið allt	Vöxtur vaxtar-svæða	Samdráttur samdráttar-svæða
11 Landbúnaður	9	-2	-68	-62	-14	-92	-13	-30	-272	9	-280
13 Fiskveiðar	120	-34	-12	-76	-86	24	-22	-8	-94	145	-239
30 Fiskiðnaður	120	54	53	164	-33	122	-82	-35	363	512	-150
31 Annar matvælaiðnaður	130	-3	63	-45	3	-37	3	4	119	204	-84
32 Vefjariðnaður, skó- og fatagerð, sútun og verkun skinna	59	0	0	1	5	42	12	33	153	153	0
33 Trjávöruiðnaður	14	13	1	-2	10	5	9	1	51	53	-2
34 Pappírsiðnaður	177	0	-2	4	-4	33	3	-2	208	216	-8
35 Efnaiðnaður	59	3	1	-2	-2	-7	4	-5	52	67	-15
36 Steinefnaiðnaður	-46	-7	-6	1	0	2	7	4	-45	14	-59
37 Ál- og kísiljárnframleiðsla	-8	0	6	0	-1	1	-1	0	-1	8	-10
38 Málmsmíði og vélaviðgerðir, skipasmíði og skipaviðgerðir	175	33	94	24	-12	52	27	38	431	443	-12
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	109	18	3	2	-1	7	2	3	144	145	-1
41 Rekstur rafmagns- og hitaveitna	23	8	24	0	10	18	16	1	100	100	0
42 Rekstur vatnsveitna	18	-4	0	0	0	4	0	0	18	22	-4
50 Byggingarstarfsemi	-358	-61	18	-46	-56	93	-40	-106	-554	112	-666
61 Heildverslun	362	-1	10	5	2	55	22	53	509	510	-1
62 Smásöluverslun	295	24	-20	7	40	55	-51	50	400	471	-71
63 Veitinga- og hótelrekstur	93	21	0	7	-1	47	44	6	216	217	-1
71 Samgöngur	353	64	19	-9	0	39	22	23	512	521	-9
72 Rekstur pósts og síma	45	0	0	2	-2	12	-7	-3	49	60	-11
81 Peningastofnanir	24	-6	-4	5	-3	-4	7	-6	12	36	-24
82 Tryggingar	37	0	-4	1	-3	-3	4	3	35	45	-10
83 Fasteignarekstur og þjónusta við atvinnurekstur	395	-10	10	13	-4	26	14	20	465	479	-14
93 Heilbrigðisþjónusta á vegum einkaaðila	64	1	1	1	0	-10	-1	-2	55	68	-13
94 Menningarmál	-87	-17	-7	-2	-12	-22	-6	-13	-166	0	-166
95 Persónuleg þjónusta	30	-22	-35	27	18	-68	26	-47	-71	100	-172
96 Varnarliðið og íslenskt starfslið erl. sendiráða hérlendis	-2	-17	1	0	0	0	0	3	-15	4	-19
Starfsemi hins opinbera	493	44	-26	-48	-25	185	-18	63	666	784	-118
Önnur starfsemi	430	-27	12	8	28	-32	3	7	428	487	-59
Atvinnugrein ótilgreind	116	6	8	0	7	9	4	19	167	168	0
Samtals	3.247	79	140	-18	-134	556	-13	76	3.932	6.152	-2.220
Vöxtur í vaxtargreinum	3.749	290	324	272	124	832	229	331	6.152		
Samdráttur í samdráttargreinum	-502	-211	-185	-291	-259	-276	-242	-255	-2.220		

Skýringar:

Landshlutaskipting miðast við lögheimili launþega í árslok hvors árs fyrir sig

Höfuðborgarsvæðið: Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

Tafla 2. Fjöldi ársverka á vinnumarkaði 1994–98, skipt eftir atvinnugreinum (Þjóðhagsstofnun).

	1994	1995	1996	Áætl. 1997	Áætl. 1998	Breyting 1994–98
11 Landbúnaður	5.621	5.596	5.349	5.310	4.810	-811
13 Fiskveiðar	6.556	6.396	6.462	6.015	5.840	-716
30 Fiskiðnaður	7.183	7.339	7.546	6.957	6.678	-505
31 Annar matvælaiðnaður	3.715	3.666	3.830	3.797	4.003	288
32 Vefjar-,skó- og fataiðnaður	1.205	1.266	1.357	1.361	1.363	159
33 Trjávöruiðnaður	1.092	1.090	1.143	1.171	1.303	211
34 Pappírsiðnaður	2.080	2.210	2.288	2.385	2.357	277
35 Efnaiðnaður	1.058	1.088	1.110	1.182	1.260	201
36 Steinefnaiðnaður	790	817	745	946	1.034	245
37 Ál- og kísiljárnframleiðsla	691	673	689	803	862	171
38 Málmsmíði og viðgerðir	2.356	2.513	2.787	3.084	3.148	792
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	624	699	767	828	950	326
4 Rafmagns- og vatnsveitur	1.297	1.364	1.415	1.449	1.511	214
50 Byggingarstarfsemi	10.364	9.783	9.810	11.671	11.758	1.394
6 Verslun	14.299	14.760	15.207	15.945	16.280	1.980
63 Veitinga- og hótelrekstur	3.618	3.592	3.834	3.681	3.951	333
71 Samgöngur	5.976	6.186	6.488	6.690	7.193	1.216
72 Póstur og sími	2.208	2.242	2.257	2.280	2.229	21
81 Peningastofnanir og tryggingar	4.798	4.777	4.845	4.753	4.913	115
83 Fasteignarekstur og þjónusta	5.735	5.826	6.200	6.120	6.206	470
96 Varnarliðið	923	912	908	868	875	-49
Ýmis þjónusta einkaaðila	8.635	8.703	8.453	8.621	8.501	-134
Starfsemi fyrirtækja alls	90.826	91.496	93.490	95.917	97.025	6.200
Starfsemi hins opinbera	24.351	24.499	25.018	25.595	26.861	2.509
Önnur starfsemi	6.976	7.132	7.404	7.584	7.740	764
Atvinnugrein ótilgreind	507	589	674	560	705	198
Starfandi alls	**122.660**	**123.716**	**126.586**	**129.656**	**132.330**	**9.670**

402. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Guðríði Þorsteinsdóttur skrifstofustjóra, Þóri Haraldsson aðstoðarmann heilbrigðisráðherra, Ragnheiði Haraldsdóttur skrifstofustjóra og Guðmund Sigurðsson heilsugæslulækni, frá tölvunefnd komu Þorgeir Örlygsson, Haukur Oddsson, Valtýr Sigurðsson, Jón Ólafsson, Haraldur Briem og Sigrún Jóhannesdóttir, frá Íslenskri erfðagreiningu Kári Stefánsson læknir og Hákon Guðbjartsson og frá vísindasiðanefnd Einar Arnarsson, Auðna Ágústsdóttir, Reynir Tómas Geirsson og Tómas Helgason. Einnig komu Ástríður Stefánsdóttir læknir og Matthías Halldórsson, aðstoðarmaður landlæknis. Þá fékk nefndin á sinn

fund Heimi Örn Herbertsson lögfræðing og Ásgeir Einarsson deildarstjóra frá Samkeppnisstofnun, Ástu Valdimarsdóttur og Aðalstein Emilsson frá Einkaleyfastofu, Birgi Ármannsson lögfræðing og Guðjón Rúnarsson lögfræðing frá Verslunarráði Íslands og Tryggva Pétursson og Bernharð Pálsson frá Urði Verðandi Skuld. Einnig komu á fund nefndarinnar Júlíus Ólafsson forstjóri, Guðmundur I. Guðmundsson lögfræðingur og Jón H. Ásbjörnsson deildarstjóri frá Ríkiskaupum, Davíð Þór Björgvinsson prófessor, Viðar Már Matthíasson prófessor og Oddný Mjöll Arnardóttir lögfræðing frá Lagastofnun Háskóla Íslands, Guðmundur Björnsson læknir og Sigurbjörn Sveinsson læknir frá Læknafélagi Íslands, Ásta Möller og Lilja Þorsteinsdóttir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Gunnar Sigurðsson læknir frá Hjartavernd, Sveinn Guðmundsson forstöðumaður frá Blóðbankanum og Högni Óskarsson geðlæknir. Þá komu Tómas Zoëga læknir og Örn Bjarnason læknir frá siðfræðiráði Læknafélags Íslands, Óskar Norðmann og Björn Ástmundsson frá Landssambandi sjúkrahúsa, Elísabet Á. Möller og Jón Ólafsson frá Geðverndarfélagi Íslands, dr. Jóhann Pétur Malmquist, Einar Árnason og Guðmundur Eggertsson frá Raunvísindadeild Háskóla Íslands, Jórunn Eyfjörð erfðafræðingur frá rannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands, Sigmundur Guðbjarnason prófessor, Pétur Hauksson læknir og Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur frá Mannvernd og Guðrún Agnarsdóttir læknir, Sigurður Björnsson læknir og Hrafn Tulinius læknir frá Krabbameinsfélagi Íslands. Loks komu til fundar við nefndina Ernir Snorrason geðlæknir, Einar Stefánsson prófessor, Bjarni Þjóðleifsson dósent og Helgi Valdimarsson prófessor, Kristín Einarsdóttir stjórnarformaður og Torfi Magnússon frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Jón H. Arnalds hrl., Ingvar Kristinsson, Guðmundur Ásmundsson og Ágúst Guðmundsson frá Samtökum íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, Reynir Arngrímsson læknir og Ólafur Þór Ævarsson, geðlæknir og formaður Læknafélags Reykjavíkur.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, vísindasiðanefnd, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, tölvunefnd, héraðslækninum í Vestfjarðahéraði, Einari Stefánssyni prófessor (umsagnir 15 prófessora og dósenta við Háskóla Íslands), siðfræðiráði Læknafélags Íslands, erfðafræðinefnd Háskóla Íslands, rannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands, Samtökum íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, Geðverndarfélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, tannlæknadeild Háskóla Íslands, námsbraut í lyfjafræði við Háskóla Íslands, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, Slysavarnaráði Íslands, Rannsóknarráði Íslands, Krabbameinsfélagi Íslands, Hjartavernd, Miðstöð í erfðafræði við Háskóla Íslands, MS-félagi Íslands, Félagi fótaaðgerðafræðinga, Mannvernd, Þroskahjálp, Högna Óskarssyni geðlækni, Blóðbankanum í Reykjavík, stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur, dr. Jóhanni Pétri Malmquist, Geðhjálp, læknaráði Landspítalans, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Ríkiskaupum, Erni Snorrasyni geðlækni, Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands, læknaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur, Samkeppnisstofnun, Neytendasamtökunum, Félagi íslenskra læknaritara, siðaráði landlæknis, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Landssamtökum heilsugæslustöðva, Boga Andersen prófessor, Læknafélagi Reykjavíkur, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Ríkisspítölum og ASÍ.

Frumvarp þetta var lagt fram á 122. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Það var síðan lagt fram nokkuð breytt nú í haust og hefur heilbrigðis- og tryggingnefnd fjallað ítarlega um málið á fundum sínum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt verði að setja saman og starfrækja miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði með heilsufarsupplýsingum einstaklinga. Gert er ráð fyrir að starfræktur verði einn gagnagrunnur samkvæmt sérstöku rekstrarleyfi sem gefið er út af heilbrigðisráðherra að fenginni umsókn um rekstrarleyfi. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði er sér-

stakur gagnagrunnur til viðbótar þeim gagnagrunnum sem fyrir eru í landinu sem geyma upplýsingar um einstaka sjúkdóma eða sjúkdómaflokka. Aðgangur vísindamanna að heilsufarsupplýsingum á heilbrigðisstofnunum verður óbreyttur frá því sem verið hefur. Gerð og starfræksla eins miðlægs gagnagrunns með heilsufarsupplýsingum mun því ekki hafa áhrif á möguleika vísindamanna til að hagnýta sér gögn sem skráð eru og kunna að verða skráð í dreifða gagnagrunna heilbrigðisstofnana.

Meiri hlutinn vekur athygli á að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og landlæknir eiga alltaf rétt á upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði án endurgjalds til að nota við gerð heilbrigðisskýrslna, áætlana og annarra verkefna. Jafnframt er gert ráð fyrir að upplýsingarnar verði veittar í því formi sem henti stofnununum og að það sé gert án ástæðulausrar tafar. Jafnframt eiga vísindamenn, sem starfa hjá heilbrigðisstofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sem leggja til upplýsingar í gagnagrunn á heilbrigðissviði, aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum gegn lægri þóknun en venjulegt markaðsverð er á hverjum tíma. Litið er svo á að hluti af endurgjaldi rekstrarleyfishafa til ríkisins fyrir afnot af heilsufarsupplýsingum þjóðarinnar sé að veita heilbrigðisstofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sem leggja til efni aðgang að upplýsingum á hagstæðari kjörum en þeir geta fengið sem ekki hafa lagt til neinar upplýsingar.

Í 9. gr er gert ráð fyrir aðgangsnefnd sem á að fjalla um umsóknir vísindamanna um aðgang að gagnagrunninum. Töluverðar umræður spunnust um hvaða upplýsingar vísindamenn verði að leggja fyrir aðgangsnefndina en í 5. mgr. 9. gr. er meðal annars lagt fyrir ráðherra að mæla nánar fyrir um í reglugerð hvaða gögn vísindamenn þurfi að leggja fram. Meiri hlutinn bendir á að gert er ráð fyrir að vísindamenn sem óska eftir upplýsingum úr gagnagrunninum þurfi ekki að leggja meiri upplýsingar fyrir nefndina en nauðsynlegt er til þess að nefndarmenn geti metið hvort viðkomandi rannsókn skerði viðskiptahagsmuni rekstrarleyfishafa.

Fjallað var um kostnað af skráningu upplýsinga í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði og vill meiri hlutinn benda á að skv. 7. tölul. 5. gr. frumvarpsins er rekstrarleyfishafa gert að kosta nauðsynlega úrvinnslu heilbrigðisupplýsinga á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum fyrir flutning í gagnagrunninn. Í þessu felst meðal annars að rekstrarleyfishafi þarf að greiða allan vélbúnað og hugbúnað til að annast samræmda skráningu heilsufarsupplýsinga og allan kostnað við þá vinnu. Gert er ráð fyrir að upplýsingakerfin séu hluti af endurgjaldi fyrir heilsufarsupplýsingarnar og verði eign heilbrigðisstofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns.

Meiri hlutinn vekur athygli á því að hver og einn getur hvenær sem er hafnað því að upplýsingar sem kunna að verða skráðar um hann verði fluttar í gagnagrunninn og á það einnig við um þá sem engin sjúkraskrá er til um. Heilbrigðisstarfsmenn fá ekki upplýsingar um þá sjúklinga sem hafna þátttöku í gagnagrunninum heldur sér tölvunefnd um flutning upplýsinga í gagnagrunninn og notar dulkóðaða skrá frá landlækni til að eyða upplýsingum um þá sem hafa hafnað flutningi gagna svo þær verði ekki fluttar í gagnagrunninn. Þá getur sjúklingur ákveðið þátttöku í gagnagrunninum þótt heilbrigðisstofnun eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmaður sem varðveitir sjúkraskrá hans semji ekki um flutning upplýsinga í gagnagrunninn. Gert er ráð fyrir að almennar reglur lögræðislaga gildi um þá sjúklinga sem ekki geta veitt samþykki sitt, t.d. börn og ólögráða menn. Í því sambandi vill meiri hlutinn vekja athygli á ákvæðum barnalaga, nr. 20/1992, en í 5. mgr. 29. gr. laganna er mælt fyrir um að foreldar skuli, eftir því sem gerlegt er, hafa samráð við börn sín áður en persónulegum högum þeirra er ráðið til lykta.

Þá leggur meiri hlutinn til að komið verði á fót þverfaglegri siðanefnd sem hafi það hlutverk að meta fyrir fram hvort vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd

tiltekinna rannsókna eða vinnslu fyrirspurna. Lögð er áhersla á að mikilvægt er að málsmeðferð verði einföld og skilvirk og gangi greiðlega fyrir sig.

Samkvæmt 13. gr. getur ráðherra afturkallað rekstrarleyfi ef rekstrarleyfishafi eða starfsmenn hans gerast brotlegir við lögin, rekstrarleyfishafi uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fyrir rekstrarleyfi eða verður ófær um að starfrækja gagnagrunninn. Ráðherra gæti til dæmis afturkallað rekstrarleyfi ef rekstrarleyfishafi verður gjaldþrota þar sem hann væri þá ekki lengur fær um að starfrækja gagnagrunninn. Það ætti einnig við ef rekstrarleyfishafi hætti starfrækslu gagnagrunnsins af öðrum ástæðum.

Meiri hlutinn vekur athygli á nýju ákvæði um skaðabætur sem lagt er til að bætt verði inn í frumvarpið. Samkvæmt því skal rekstrarleyfishafi bæta einstaklingi fjárhagstjón ef brotið er gegn ákvæðum um vernd persónuupplýsinga í frumvarpinu eða skilmálum sem tölvunefnd setur rekstrarleyfishafanum nema rekstrarleyfishafi geti sannað að ekki hafi verið um að ræða mistök eða vanrækslu af hans hálfu, starfsmanna hans eða þess sem hann felur vinnslu upplýsinga.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á skilgreiningu hugtaksins erfðaupplýsingar í 7. tölul. 3. gr. þannig að hún sé í samræmi við 1. gr. tilmæla Evrópuráðsins um vernd heilsufarsupplýsinga nr. R(97)5.
2. Þá er lögð til viðbót við 4. gr. þar sem ráðherra er veitt heimild til að semja við rekstrarleyfishafa um frekari greiðslur en mælt er fyrir um í frumvarpinu. Ætlunin með breytingunni er að unnt sé t.d. að semja um hlutdeild ríkisins í ágóða af rekstri gagnagrunnsins þar sem ríkið hefur lagt til frumupplýsingarnar sem gagnagrunnurinn byggist á. Hér er ekki um skattlagningu að ræða heldur heimild ráðherra til að semja við rekstrarleyfishafann um frekara endurgjald.
3. Lagt er til að nýjum tölulið verði bætt við 5. gr. Í honum er kveðið á um að rekstrarleyfishafi skuli aðgreina rekstur gagnagrunnsins fjárhagslega frá öðrum rekstri fyrirtækis síns og er breytingin lögð til í samræmi við samkeppnislög.
4. Lagðar eru til tvær efnisbreytingar á 7. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að orðalagi 1. mgr. verði breytt á þann veg að í stað þess að rekstrarleyfishafa verði heimilt að fá upplýsingar úr sjúkraskrám verði ákvæðið orðað þannig að heilbrigðisstarfsmönnum verði heimilt að afhenda rekstrarleyfishafa upplýsingar úr sjúkraskrám. Þessi breyting er lögð til til að taka af tvímæli um að heilbrigðisstarfsmönnum verði heimilt að afhenda upplýsingarnar. Í öðru lagi er lagt til að orðalag varðandi dulkóðun verði breytt þannig að skýrt sé að persónuauðkenni skuli dulkóðuð á heilbrigðisstofnun og af tölvunefnd. Heilsufarsupplýsingar skulu hins vegar dulkóðaðar á heilbrigðisstofnun og fluttar í dulkóðuðu formi í gagnagrunninn til að tryggja öryggi þeirra. Þessi breyting er lögð til vegna þess að orðalag frumvarpsins var villandi að þessu leyti og mátti skilja það svo að rekstrarleyfishafi hefði einungis dulkóðaðar heilsufarsupplýsingar í gagnagrunninum. Tekin eru af tvímæli um það að persónuauðkenni sjúklinga eru alltaf dulkóðuð en heilsufarsupplýsingar eru það aðeins meðan á flutningi þeirra stendur.
5. Þá er lagt til að tekið verði fram í 1. mgr. 8. gr. að sjúklingur geti hvenær sem er neitað flutningi upplýsinga í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.
6. Með breytingu á 9. gr. leggur meiri hlutinn áherslu á að hluti af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir sérleyfið sé fólginn í því að veita vísindamönnum heilbrigðisstofnana

og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sem leggja til frumgögn í gagnagrunninn aðgang á öðrum kjörum en markaðsverði á hverjum tíma.

7. Lögð er til viðbót við 10. gr. en nauðsynlegt þykir að kveða nánar á um hlutverk tölvunefndar við samtengingu ættfræðiupplýsinga við heilsufarsupplýsingar í gagnagrunninum. Gert er ráð fyrir því að ættfræðiupplýsingar verði í miðlægum gagnagrunni en þær verði geymdar í aðskildu gagnasafni og við samtengingu þeirra við heilsufarsupplýsingar í gagnagrunninum þarf að gæta sérstaks vinnuferlis sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar. Við samtengingu upplýsinga við aðra gagnagrunna fer eftir almennum lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.
8. Lagt er til að við 12. gr. bætist ný málsgrein um þverfaglega siðanefnd. Lagt er til að ráðherra verði gert skylt að setja reglugerð um siðanefnd sem hafi það hlutverk að meta rannsóknir sem gerðar eru innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem gerðar eru í gagnagrunninum. Ráðherra kveður nánar á um í reglugerð hvernig nefndin skuli skipuð og um starfshætti hennar að öðru leyti.
9. Lagt er til að orðalag 14. gr. verði einfaldað án þess að um efnisbreytingu sé að ræða.
10. Lagt er til að felld verði brott vísun 15. gr. til 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um opinbera starfsmenn. Þykir tilvísunin ekki eiga við um rekstrarleyfishafa sem er lögaðili og telst ekki falla undir skilgreiningu á opinberum starfsmanni.
11. Lagt er til að við frumvarpið verði bætt nýju ákvæði, sem verður 17. gr., um skaðabótaskyldu rekstrarleyfishafa gagnvart einstaklingum vegna brota á ákvæðum laganna, reglum settum samkvæmt þeim eða skilyrðum sem tölvunefnd setur rekstrarleyfishafa vegna starfseminnar. Rekstrarleyfishafa er skylt að bæta einstaklingnum fjárhagslegt tjón sem hann hefur orðið fyrir en bætur vegna ófjárhagslegs tjóns koma ekki til álita. Rekstrarleyfishafi ber ábyrgð á grundvelli sakar gagnvart einstaklingnum en ber þó hlutlæga ábyrgð á brotum starfsmanna sinna eða þeim sem hann felur vinnslu upplýsinga. Tekið er fram að rekstrarleyfishafi getur firrt sig ábyrgð ef hann sannar að tjónið verði ekki rakið til sakar hans eða aðila sem hann ber ábyrgð á.
12. Lagt er til að tekið verði fram í 2. mgr. 17. gr., sem verður 18. gr., að ráðherra skuli setja nánari fyrirmæli í reglugerð um aðgangstakmarkanir sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr.
13. Loks er lagt til að leiðrétt verði tilvísun í ákvæði til bráðabirgða I, en þar er ranglega vísað til 4. mgr. 4. gr. í stað 3. mgr. 4. gr.

Alþingi, 27. nóv. 1998.

Siv Friðleifsdóttir, frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Guðni Ágústsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.

403. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (SF, LMR, GHall, SP, GÁ, SAÞ).

1. Við 3. gr. 7. tölul. orðist svo: *Erfðafræðilegar upplýsingar:* Hvers kyns upplýsingar sem varða erfanlega eiginleika einstaklings eða erfðamynstur slíkra eiginleika innan hóps skyldra einstaklinga, enn fremur allar upplýsingar sem varða flutning erfðaupplýsinga (erfðavísa) er lúta að eiginleikum sem ákvarða sjúkdóma og heilsu einstaklings og hóps skyldra einstaklinga án tillits til þess hvort unnt er að greina þessa eiginleika eða ekki.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „er einungis heimil“ í 1. mgr. komi: eru einungis heimilar.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ráðherra og rekstrarleyfishafa er heimilt að semja um frekari greiðslur í ríkissjóð og skal þeim varið til eflingar heilbrigðisþjónustu, rannsókna og þróunar.
3. Við 5. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 6. tölul., svohljóðandi: Starfræksla gagnagrunnsins sé fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa.
   b. Síðari málsliður 7. tölul. (er verði 8. tölul.) orðist svo: Upplýsingarnar skulu unnar þannig að þær uppfylli þarfir viðkomandi stofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns fyrir samræmt upplýsingakerfi, þarfir sérgreina og þarfir heilbrigðisyfirvalda, sbr. 7. tölul., og að þær nýtist við vísindarannsóknir.
4. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „grunninn“ í 4. málsl. 2. mgr. komi: gagnagrunninn.
   b. 5. mgr. orðist svo:
      Nefndin skal eigi síðar en 1. mars ár hvert skila ráðherra skýrslu um starfrækslu gagnagrunnsins undangengið ár.
5. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „er rekstrarleyfishafa heimilt að fá“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: er heimilt að afhenda rekstrarleyfishafa.
   b. Í stað orðanna „Upplýsingar skulu dulkóðaðar“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Persónuauðkenni skulu dulkóðuð.
   c. 4. málsl. 2. mgr. orðist svo: Heilsufarsupplýsingar skal flytja í dulkóðuðu formi til að tryggja öryggi þeirra.
   d. Orðin „og heilsufarsupplýsinga“ í 6. málsl. 2. mgr. falli brott.
6. Við 8. gr. Á eftir orðinu „getur“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: hvenær sem er.
7. Við 9. gr. Síðari málsliður 4. mgr. orðist svo: Aðgangur fyrrgreindra vísindamanna er hluti af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir aðgang að upplýsingum heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og skulu þeir einungis greiða kostnaðarauka leyfishafa við þá gagnaöflun og vinnslu sem þeir óska eftir.
8. Við 10. gr. Á eftir fyrri málslið 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Rekstrarleyfishafi skal móta verklag og vinnuferli sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar til að tryggja persónuvernd við samtengingu ættfræðiupplýsinga við aðrar upplýsingar í gagnagrunninum. Um samtengingu upplýsinga í gagnagrunninum við aðra gagnagrunna fer samkvæmt ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

9. Við 12. gr.
   a. Í stað orðsins „berast“ í lokamálslið 2. mgr. komi: gerðar eru í.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ráðherra skal setja reglugerð um þverfaglega siðanefnd sem meta skal rannsóknir sem gerðar eru innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem berast. Mat nefndarinnar verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd rannsókna eða vinnslu fyrirspurna.
10. Við 14. gr.
   a. Í stað orðsins „reglugerða“ í 2. mgr. komi: reglugerðum.
   b. Í stað 3. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Dæma má lögaðila til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til sakar starfsmanna hans.
   Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.
11. Við 15. gr. Síðari málsliður 1. mgr. falli brott.
12. Við VI. kafla bætist ný grein, 17. gr., með fyrirsögninni *Bætur*, svohljóðandi:
   Hafi rekstrarleyfishafi, starfsmaður hans eða sá sem hann hefur falið vinnslu upplýsinga brotið gegn ákvæðum um vernd persónuupplýsinga í lögum þessum, reglum sem settar eru samkvæmt þeim, eða skilmálum tölvunefndar, skal rekstrarleyfishafi bæta hinum skráða fjárhagslegt tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Rekstraraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu, starfsmanna hans eða vinnsluaðila.
13. Við 17. gr. (er verði 18. gr.). 2. mgr. orðist svo:
   Ráðherra skal setja reglugerð um starfsemi nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sbr. 6. gr., um aðgangstakmarkanir skv. 2. mgr. 10. gr. og um starfsemi nefndar um aðgengi að upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði, sbr. 9. gr.
14. Við ákvæði til bráðabirgða I. Í stað orðanna „4. mgr.“ komi: 3. mgr.

404. Tillaga til þingsályktunar [327. mál]

um kortlagningu ósnortinna víðerna á Íslandi.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kortleggja ósnortin víðerni á Íslandi. Gerð verði áætlun um verkefnið, umfang þess og kostnað, og nauðsynleg framlög mörkuð í fjárlögum.

Greinargerð.

Vaxandi skilningur er nú hér á landi sem og um allan heim á þeirri staðreynd að ósnortið land og villt náttúra er auðlind sem virða ber og varðveita. Í mörgum löndum er nú unnið að verndun slíkra svæða, en fáar þjóðir eiga jafnmikla möguleika og við Íslendingar í þeim efnum. Sérstaða Íslands felst fyrst og fremst í einstæðri náttúru og því hve strjálbýlt landið er og stórir hlutar þess enn óbyggðir og lausir við mannvirki og rask. Þessi sérstaða er stærsti

þátturinn í þeirri ímynd sem flestir vilja að landið hafi og sem er í æ ríkari mæli notuð sem grunnur undir uppbyggingu og eflingu atvinnuvega. Má þar nefna bæði ferðaþjónustu og matvælavinnslu, en í rauninni mætti nýta þessa sérstöðu á miklu víðtækari og markvissari hátt. Rétt er að leggja áherslu á að hér er alls ekki verið að tala um að fylla þessi ósnortnu svæði af ferðamönnum heldur að benda á þann stóra þátt sem þau eiga í ímynd lands og þjóðar. Nýlegar rannsóknir benda til að þessir möguleikar séu vannýttir, og helsta ástæðan er væntanlega sú að ímyndin er ekki nægilega afmörkuð og skilgreind. Stórbrotið landslag, sérstæð náttúra og hreinleiki er engan veginn jafneinfalt og augljóst ímyndarmerki og t.d. Frelsisstyttan í New York eða Eiffelturninn í París sem allir tengja umsvifalaust við viðkomandi lönd. Öðru máli gegndi t.d. um „stærsta ósnortna víðerni í Evrópu“ sem flestir telja að sé að finna hér á landi. Hins vegar skortir skjalfestan grunn undir slíka fullyrðingu og er tillagan leið til þess að bæta úr því.

Vorið 1997 ályktaði Alþingi að fela umhverfisráðherra að móta stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna landsins og að stofnaður yrði starfshópur sem fengi það hlutverk að skilgreina hugtakið ósnortið víðerni. Starfshópurinn skilaði niðurstöðu í febrúar 1998 og er hún birt hér sem fylgiskjal ásamt greinargerð og nánari skýringum. Starfshópinn skipuðu dr. Jón Gunnar Ottósson, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, dr. Kristján Geirsson, tilnefndur af Náttúruvernd ríkisins, Kristján Guðjónsson, tilnefndur af Landmælingum Íslands, Þóroddur Fr. Þóroddsson, tilnefndur af Skipulagi ríkisins, og Kristín Halldórsdóttir alþingiskona sem var formaður. Verkefnið bauð upp á miklar athuganir og umræður, enda ljóst að í raun er vart lófastór blettur á landinu sem talist gæti ósnortinn nema helst þegar hann er hulinn nýföllnum snjó. Óhugsandi er því að nota orðið „ósnortið“ bókstaflega í þessu samhengi heldur verður að taka tillit til núverandi ástands landsins þar sem beinna og óbeinna áhrifa meira en 1100 ára byggðar gætir um allt land. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Í tillögunni um varðveislu ósnortinna víðerna sem fyrrgreind ályktun Alþingis byggðist á var ekki aðeins kveðið á um skilgreiningu hugtaksins og mótun stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna heldur var þar einnig gert ráð fyrir að slík svæði yrðu kortlögð. Sá þáttur tillögunnar var felldur brott í meðförum þingnefndar, fyrst og fremst vegna kostnaðar við slíkt verk. Þess skal getið að í tengslum við störf skilgreiningarhópsins var unnið gróft yfirlitskort sem gefur vísbendingar um þau svæði sem talist gætu ósnortin víðerni samkvæmt tillögu starfshópsins. Ljóst er hins vegar að ekki verður hjá því komist að kortleggja þessi svæði nákvæmlega til þess að styrkja varðveislu þeirra og leggja grunn að nýtingu þeirra sem mikilvægs þáttar í ímynd Íslands.

Fylgiskjal.

Niðurstaða starfshóps um hugtakið ósnortið víðerni.

Skilgreining hugtaksins ósnortið víðerni:

Ósnortið víðerni er landsvæði

— þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa,

— sem er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum (sbr. vegalög),

— sem er a.m.k. 25 km^2 að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu.

Greinargerð og nánari skýringar.

Meginmarkmið með skilgreiningu og afmörkun ósnortinna víðerna er að varðveita svæði þar sem náttúran ræður ríkjum og maðurinn kemur þangað eingöngu sem gestur. Í þeim tilgangi er nauðsynlegt að draga úr ummerkjum um mannvist eins og kostur er. Takmarka þarf vélknúna umferð og stefna markvisst að fækkun slóða og skála á svæðinu. Til að byrja með telur þó starfshópurinn að slóðar og skálar eigi ekki að koma í veg fyrir að svæði verði lýst ósnortið víðerni. Hins vegar er lagt til að gerð verði áætlun um fækkun slóða og skála, þegar svæði verða nánar afmörkuð og settar reglur um umgengni þar.

Ljóst er að ósnortin víðerni þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði og tilgangur með svæðunum og stýring þeirra verða að falla að ákveðnum markmiðum.

Skilyrði:

— Maðurinn hefur ekki bein áhrif á ásýnd lands eða lífríki, býr ekki þar eða nytjar beint.
— Dreifing plantna og lífvera er óheft og ræðst ekki af athöfnum mannsins.
— Umferð er haldið innan þeirra marka að skaðleg áhrif verði sem minnst, t.d. með einfaldri merkingu göngu-, reið- og/eða akleiða — eftir eðli, stærð og staðsetningu svæða.
— Framkvæmdum og/eða mannvirkjum er haldið utan svæða, nema hugsanlega í þeim tilgangi að halda áhrifum umferðar í lágmarki.

Markmið með varðveislu ósnortinna víðerna:

— Að taka frá samfelld ósnortin svæði fyrir komandi kynslóðir.
— Að tryggja óhefta þróun náttúru samkvæmt eigin lögmálum um ókomin ár.
— Að viðhalda samfelldum og ósnortnum svæðum til útivistar, rannsókna og fræðslu.
— Að tryggja og treysta ímynd Íslands sem óspillts lands með óspillta náttúru.

Starfshópurinn bendir á eftirfarandi leiðir sem næstu skref í afmörkun og verndun ósnortinna víðerna:

Leiðir:

— Afmörkuð verði landsvæði, sem eru einkennandi fyrir íslenskt landslag og náttúrufar og eru enn lítt snortin eða óröskuð, sbr. skilyrði hér að ofan.
— Settar verði reglur um verndun þeirra, er miða að stýringu í átt að settum markmiðum.
— Aflað verði upplýsinga um svæðin, jarðfræði, lífríki og núverandi nýtingu, og þær upplýsingar nýttar til stýringar, rannsókna og fræðslu.

Nánari skýringar um hvað má og hvað ekki innan ósnortins víðernis:

1. Mannvirki, sem leyfð eru innan ósnortinna víðerna, skulu vera þannig gerð að mögulegt sé að fjarlægja þau og afmá ummerki eftir þau. Rústir og fornminjar, þar sem mjög lítil ummerki eru um mannvist, þurfa ekki að koma í veg fyrir að svæði sé skilgreint sem ósnortið víðerni. Gangnamannakofar og sæluhús, sem eru innan svæðis þegar það er lýst ósnortið víðerni, geta fengið að vera, en slík hús ber að mála í jarðlitum. Skálar í einkaeign, sem heimild er fyrir, eiga heldur ekki að koma í veg fyrir að svæði verði skilgreint sem ósnortið víðerni, en eigendur þeirra verða skilyrðislaust að lúta reglum um stærð,

útlit, umgengni og umferð. Ekki á að leyfa nýja skála nema þá sæluhús fyrir göngufólk og þá ekki á áberandi stöðum eða þar sem um sérstakar náttúruperlur er að ræða.

2. Akstur verði takmarkaður um ósnortin víðerni eins og frekast er kostur. Gangnamönnum verði heimill akstur að sæluhúsum og gangnamannakofum meðan á göngum stendur. Heimilt verði að veita undanþágur vegna viðhaldsverkefna og rannsókna, ef flytja þarf efnivið og tæki á vettvang. Sérstakar reglur verður að setja um akstur á snjó. Umferð vegna veiðiskapar skal miðuð við brýnustu nauðsyn vegna flutninga með afla eða bráð, t.d. við hreindýraveiðar.
3. Fara ber varlega í að merkja göngustíga. Leggja skal áherslu á útgáfu góðra korta um svæðin og hafa vegvísa einfalda og lítt áberandi. Skilti með upplýsingum skulu vera einföld og á vel völdum stöðum.
4. Ef nauðsynlegt er vegna öryggis að hafa göngubrýr skal hafa þær eins einfaldar og kostur er.
5. Girðingar verði fjarlægðar.
6. Raflínur mega ekki sjást og fjarlægja ber leifar af símalínum.
7. Fjarskiptaloftnet á fjöllum verður að leyfa vegna öryggismála, en þau á að hafa eins lítið áberandi og frekast er kostur.
8. Lendingarstaðir flugvéla eiga ekki að vera merktir eða valtaðir innan þessara svæða. Af öryggisástæðum þurfa þeir þó að vera kunnir flugmönnum og leyfilegt að lenda, ef nauðsyn ber til.
9. Gamlir reiðvegir fá að halda sér, en gæta skal varúðar ef þörf er talin á mörkun nýrra leiða.
10. Sérstækar reglur í anda sjálfbærrar þróunar eiga að gilda um hvers konar nytjar, svo sem beit eða veiðiskap.
11. Fiskirækt í ám og vötnum er óheimil innan ósnortinna víðerna.
12. Landgræðsla og gróðursetning eiga ekki heima innan ósnortinna víðerna. Þó er heimilt að veita undanþágu vegna aðgerða sem miða að því að hefta jarðvegseyðingu.

405. Frumvarp til laga [328. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna og er til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti forstjóri Landhelgisgæslunnar, landlæknir, ríkislögreglustjóri, forstjóri Landssímans, vegamálastjóri og einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna samtaka: Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera almannavarnanefnd. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarlæknir, borgarstjóri, borgarverkfræðingur, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri, tveir menn sem borgarstjórn velur og einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna samtaka: Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Í öðrum kaupstöðum skal almannavarnanefnd skipuð bæjarstjóra, bæjarverkfræðingi eða bæjartæknifræðingi, héraðs- eða heilsugæslulækni, lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra, tveimur mönnum sem bæjarstjórn velur og einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka: Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita.

Í sýslum skal almannavarnanefnd skipuð lögreglustjóra, svo og byggingarfulltrúa, héraðs- eða heilsugæslulækni og slökkviliðsstjóra, sem sýslumaður tilnefnir, þremur mönnum tilnefndum af hreppsnefndum í þremur fjölmennustu hreppum sýslunnar og einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka: Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Skipa má fleiri en eina almannavarnanefnd í sýslu í samræmi við samstarf um almannavarnir skv. 2. mgr. 7. gr.

Í Reykjavík ræður borgarstjóri framkvæmdastjóra almannavarnanefndar. Á öðrum stöðum, þar sem eru fleiri en 5.000 íbúar, skal ráðinn framkvæmdastjóri, eftir atvikum í hlutastarf, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt óbreytt.

Hlutverk almannavarna er samkvæmt lögum að sjá um ráðstafanir sem koma í veg fyrir að almenningur verði fyrir tjóni af völdum hamfara eða annarrar vár.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu frá núgildandi lögum um almannavarnir að fjölgað er í almannavarnaráði um þrjá fulltrúa, þ.e. frá Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Jafnframt er fjölgað í einstökum almannavarnanefndum um þrjá fulltrúa, þ.e. frá Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita.

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulag og stýrir starfsemi almannavarna og er ásamt ráðherra æðsta yfirstjórn almannavarna hérlendis. Almannavarnaráð stýrir framkvæmdum á ýmsum sviðum, þar á meðal eru:

1. Fjarskipti milli umdæma.
2. Gagna- og upplýsingasöfnun um hættu.
3. Mælingar á geislavirkni.
4. Viðvörun og viðvörunarkerfi.
5. Leiðbeiningar og almenningsfræðsla.
6. Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda.
7. Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana ríkisins.
8. Söfnun birgða og varsla þeirra.
9. Skipulagning og yfirstjórn flutnings fólks af hættusvæðum.

10. Yfirstjórn aðstoðar milli umdæma og aðstoðar ríkisstofnana.
11. Umsjón með almannavörnum í héraði.

Almannavarnaráð skal einnig stuðla að athugunum á hættu, m.a. af ísalögum, eldgosum, jarðskjálftum, flóðum, snjóflóðum og skriðuföllum.

Auk almannavarnaráðs eru starfandi í hverju lögsagnarumdæmi almannavarnanefndir. Í almannavarnanefndum eru nú helstu embættismenn viðkomandi sveitarfélags auk tveggja til þriggja annarra einstaklinga.

Hlutverk almannavarnanefnda er samkvæmt lögum að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast hefur af náttúruhamförum eða annarri vá. Almannavarnanefndum er þannig falin skipulagning og framkvæmd ýmissa ráðstafana innan umdæma þeirra samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur, þar á meðal eru:

1. Skipulagning og samræming hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun og búnaður.
2. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum.
3. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja.
4. Stjórnstöðvar.
5. Fjarskiptakerfi.
6. Birgðasöfnun og rekstur birgðastöðva.
7. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings fólks og móttöku fólks af hættusvæði.
8. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

Það er ljóst að mikilvægt er að vel takist til um skipulagningu starfs almannavarna. Mjög oft hefur reynt á almannavarnaráð og almannavarnanefndir hérlendis. Mikilvægir samstarfsaðilar almannavarnaráðs og almannavarnanefnda þegar háska ber að höndum eru Slysavarnafélagið, Rauði krossinn og hjálparsveitirnar. Þessi þrenn samtök vinna að björgun mannslífa og verðmæta í náttúruhamförum og búa yfir mjög yfirgripsmikilli þekkingu á sviði almannavarna og forvarnastarfs. Nú er kveðið á um það í reglugerð fyrir almannavarnaráð að þessi samtök eigi sameiginlega einn áheyrnarfulltrúa á fundum almannavarnaráðs. Að mati flutningsmanns er slíkt fyrirkomulag alls ekki nægjanlegt heldur er brýnt að þessir aðilar fái fulla aðild að almannavarnaráði og almannavarnanefndum. Fulltrúar þeirra geta gert mikið gagn með formlegri aðild að þessu stjórnkerfi auk þess sem slík skipun svarar betur til nútímans en fyrra fyrirkomulag.

Slysavarnafélag Íslands, Rauði kross Íslands og Landsbjörg – landssamband björgunarsveita starfa um allt land þannig að vandalaust er að standa að tilnefningum í almannavarnanefndir eins og hér er lagt til. Einnig er algengt að þeir aðilar sem sveitarstjórnir kjósa sérstaklega í almannavarnanefnd komi úr röðum einhverra þessara samtaka. Samtökin hafa nána samvinnu sín á milli og árangursríkt samstarf þeirra hefur bjargað fjölmörgum mannslífum.

Samræming aðgerða er mjög mikilvæg. Slysavarnafélag Íslands, Rauði kross Íslands og Landsbjörg – landssamband björgunarsveita vinna einstaklega mikilvægt starf á sviði almannavarna og því er þessi skipulagsbreyting nauðsynleg eins og samtökin hafa oft ályktað um á þingum sínum.

Þess ber að geta að í frumvarpinu er lagt til að forstjóri Landssímans komi í stað póst- og símamálastjóra, en það embætti er ekki lengur til. Af samsetningu almannavarnaráðs er ljóst hvernig löggjafinn hugsar sér yfirstjórn almannavarna, þ.e. með þátttöku æðstu embættismanna á sviðum sem snerta almannavarnir. Það sama á við Slysavarnafélag Íslands, Rauða kross Íslands og Landsbjörg – landssamband björgunarsveita. Þessi samtök, félagsmenn þeirra og starfslið, eru óaðskiljanlegur þáttur í starfi almannavarna. Ekki eru lagðar til aðrar

efnisbreytingar á lögum um almannavarnir en að kveða á um aðild fulltrúa þessara samtaka í stjórnkerfi almannavarna.

Breytingin, sem hér er lögð til, mun efla og styrkja almannavarnir, er í takt við breyttar aðstæður og tryggir enn betur vönduð vinnubrögð við almannavarnir.

406. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og tryggingaNefndar.

Heilbrigðis- og tryggingaNefnd hefur fjallað rækilega um frumvarp til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Ekkert annað mál hefur fengið jafnmikla umfjöllun í tíð núverandi nefndar. Á sjötta tug umsagna var leitað og engum sem óskaði eftir að tjá viðhorf sín til málsins var synjað fundar með nefndinni.

Mikil umræða hefur þegar farið fram um persónuvernd í tengslum við frumvarpið og viðhorf þeirra sem standa að þessu nefndaráliti hafa þegar komið fram við 1. umræðu málsins og verða ítrekuð við 2. umræðu. Rök gegn veitingu einkaréttar til nýtingar heilsufarsupplýsinga hafa hins vegar fengið mun minni athygli. Í þessu nefndaráliti er því megináherslan lögð á að lýsa þeim rökum, auk þess sem fjallað er um breytingartillögur og varpað ljósi á nokkur mikilvæg atriði sem samstaða var um innan nefndarinnar.

Fyrsti minni hluti vill þó lýsa þeirri skoðun að fræðilega eru allar upplýsingar í miðlægum gagnagrunni persónugreinanlegar. Sömuleiðis telja þeir sem að áliti þessu standa að í umræðunni um miðlægan gagnagrunn hafi persónuverndargildi dulkóðunar verið ofmetið og vernd persónulegra upplýsinga sem fluttar eru í miðlægan gagnagrunn ráðist ekki síst af annars konar öryggiskerfum sem og eftirliti tölvunefndar.

Mikilvægar breytingar.

Um flestar breytingartillögur sem meiri hlutinn gerir við frumvarpið er samstaða um í nefndinni. Sérstaklega er vakin athygli á eftirfarandi fjórum breytingartillögum sem telja verður mikilvægastar:

1. Við 4. gr. er bætt ákvæði sem heimilar ráðherra að semja við rekstrarleyfishafa um sérstakar greiðslur í ríkissjóð sem endurgjald fyrir nýtingu heilsufarsupplýsinga úr sjúkraskrám. Með tilliti til þess að meiri hlutinn leggst alfarið gegn því að afnema einkarétt rekstrarleyfishafa telur 1. minni hluti að mikilvægt sé að ákvæði um gjaldtöku fyrir einkaréttinn komi inn í frumvarpið
2. Við 5. gr. er bætt ákvæði um að rekstur gagnagrunnsins verði fjárhagslega aðskilinn frá öðrum samkeppnisrekstri rekstrarleyfishafa. Þetta er í samræmi við úrskurði Samkeppnisstofnunar og er mjög til bóta.
3. Við 12. gr. er bætt ákvæði um þverfaglega siðanefnd sem á að meta allar fyrirspurnir og rannsóknir sem gerðar eru í krafti gagnagrunnsins. Gildir þá einu hvort um er að ræða rannsóknir eða fyrirspurnir á vegum rekstrarleyfishafans sjálfs eða annarra fyrirtækja eða vísindamanna. Áður en rannsóknir eru unnar eða fyrirspurnum svarað verður mat nefndarinnar að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd rannsóknarinnar. Þetta er að mati 1. minni hluta langmikilvægasta

breytingin í þeim tillögum sem meiri hlutinn flytur. Á sjúkrahúsum þar sem rannsóknir eru stundaðar eru starfræktar svokallaðar „innanhússnefndir“ sem gegna vísindasiðfræðilegu hlutverki og eru skipaðar af viðkomandi stofnunum. Við umfjöllun í nefndinni var m.a. ræddur sá möguleiki að setja ákvæði um slíka „innanhússnefnd“ til að svara viðtækri gagnrýni á að ekkert ákvæði skuli vera í frumvarpinu um vísindasiðfræðilegt mat á tillögum að rannsóknum sem gerðar skulu í gagnagrunninum. Nefndin komst þó sameiginlega að þeirri niðurstöðu að ganga lengra og leggja til þverfaglega siðanefnd sem ráðherra skipar. Æskilegra hefði verið að í frumvarpinu yrði gerð tillaga um hvaða stofnanir ættu fulltrúa í siðanefndinni, en 1. minni hluti telur eigi að síður að með breytingartillögu meiri hlutans sé stigið stórt skref til móts við þá hörðu gagnrýni sem kom fram nær alls staðar í vísindasamfélaginu á þennan ágalla frumvarpsins.

4. Lögð er til breyting á 10. gr. varðandi meðferð ættfræðiupplýsinga og samkeyrslur gagnagrunns á heilbrigðissviði við aðra gagnagrunna. Mjög margir, þar á meðal tölvunefnd, Lagastofnun Háskóla Íslands og landlæknir töldu nauðsynlegt að kveða mun skýrar á um meðferð ættfræðiupplýsinga og samkeyrslur þeirra við gagnagrunninn. Sömuleiðis töldu margir umsagnaraðilar að nauðsynlegt væri að setja skýr fyrirmæli um hvaða aðrar upplýsingar mætti samkeyra við miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Einhugur varð um að breyta frumvarpinu þannig að ljóst væri að rekstrarleyfishafi mætti einungis samkeyra ættfræðiupplýsingar við miðlæga gagnagrunninn eftir sérstöku vinnuferli sem hlotið hefði samþykki tölvunefndar. Í sömu breytingartillögu felast jafnframt skýr fyrirmæli um að um allar samkeyrslur hans við aðrar upplýsingar sem ekki koma úr sjúkraskrám skuli fara samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Í reynd merkja þessar breytingar eftirfarandi:

1. Ættfræðigrunn verður heimilt að samkeyra við gagnagrunn á heilbrigðissviði eftir sérstökum reglum sem tölvunefnd hefur lagt blessun sína yfir. Í því sambandi er mikilvægt að benda einnig á að samkvæmt frumvarpinu er hlutverk tölvunefndar útvíkkað frá þeim lögum sem um hana gilda og henni gert að hafa eftirlit með upplýsingum í miðlæga gagnagrunninum á öllum vinnslustigum. Tölvunefnd mun því einnig hafa eftirlit með því hvernig samtengingu hans við ættfræðigrunninn verður háttað í daglegum rekstri.
2. Engar aðrar samkeyrslur við miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði verða heimilaðar nema þær uppfylli skilyrði gildandi laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Í því felst m.a. að tölvunefnd þarf að samþykkja slíkar samkeyrslur.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að þetta merkir einnig að erfðafræðilegar upplýsingar sem rekstrarleyfishafi vinnur í krafti rannsókna sem gerðar eru með upplýstu samþykki verða heldur ekki samkeyrðar við gagnagrunn á heilbrigðissviði nema uppfyllt séu skilyrði fyrrnefndra laga og heimild tölvunefndar liggi fyrir. Þetta er einnig skýrt tekið fram í 2. mgr. athugasemda um 7. gr. í greinargerð með frumvarpinu en þar segir fortakslaust að ekki sé heimilt að flytja aðrar upplýsingar í gagnagrunninn en þær sem koma úr sjúkraskrám. Jafnframt segir þar að aðrar upplýsingar verði einungis samtengdar heilbrigðisupplýsingum í gagnagrunninum ef uppfyllt eru skilyrði í lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Af þessu leiðir einnig annað mikilvægt atriði sem varðar tengsl ættfræðiupplýsinga og gagnagrunnsins. Augljóst var af máli margra sem komu til fundar við nefndina og mörgum umsögnum, þar á meðal Lagastofnunar, að sá skilningur var útbreiddur að ættfræðiupplýsingar yrðu hluti af miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði. Þessi misskilningur á rót sína að rekja til þess að samkvæmt tilmælum Evrópuráðsins um vernd heilsufarsupplýsinga geta

fjölskyldugögn (family data) talist erfðafræðilegar upplýsingar, en samkvæmt frumvarpinu eru þær skilgreindar sem heilsufarsupplýsingar. Sums staðar, m.a. í áliti Lagastofnunar, er álitið að „family data“ feli í sér ættfræðiupplýsingar þó að í fyrrnefndum tilmælum Evróputáðsins bendi ekkert sérstaklega til að svo sé. Í meðferð heilbrigðis- og trygginganefndar kom hins vegar skýrt fram að nefndin lítur svo á að ættfræðiupplýsingar séu ekki hluti af miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði heldur séu þær staðsettar í sérstökum grunni sem nefndin leggur til, eins og fyrr segir, að verði aðeins samkeyrður við gagnagrunn á heilbrigðissviði eftir reglum sem hafa hlotið viðurkenningu tölvunefndar. Þessum skilningi til staðfestu ber að upplýsa að nefndin var einhuga um að hafna því að orðinu „ættfræðiupplýsingar“ yrði bætt framan við þá skilgreiningu á erfðafræðilegum upplýsingum sem er að finna í sérstakri breytingartillögu meiri hlutans og 1. minni hluti styður. Þetta er nauðsynlegt að taka fram til að skilgreina til hlítar stöðu ættfræðiupplýsinga í frumvarpinu.

Breytingartillögur 1. minni hluta.

Áður en breytingartillögur 1. minni hluta eru reifaðar er rétt að geta þess að víða í umsögnum kom fram ótti vísindamanna við að samþykkt frumvarpsins um miðlægan gagnagrunn mundi skerða möguleika þeirra til sjálfstæðra rannsókna með frumgögn úr sjúkraskrám og dreifðum gagnagrunnum. Í umfjöllun nefndarinnar var því skoðað sérstaklega hvaða áhrif samþykkt frumvarpsins hefði á svigrúm vísindamanna til að nýta sér slíkar heilsufarsupplýsingar.

Alger samstaða var um eftirfarandi skilning: Vísindamenn hafa óbreyttan aðgang að frumupplýsingum sjúkraskráa. Þeir munu sömuleiðis hafa fullan aðgang að dreifðum gagnagrunnum sem verða til á heilbrigðisstofnunum í krafti laganna svo fremi uppfyllt séu gildandi lög um meðferð persónuupplýsinga. Rekstrarleyfishafi miðlægs gagnagrunns mun sömuleiðis engin áhrif hafa á samtengingar eða samkeyrslur upplýsinga úr slíkum grunnum, enda lúti meðferð gagna úr þeim ákvæðum fyrrnefndra laga um meðferð persónuupplýsinga. 1. minni hluti taldi því ekki þörf á að gera sérstakar breytingartillögur um þetta efni.

Fyrsti minni hluti telur rétt að skilgreina frekar þær heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám sem mega, og mega ekki, fara inn í miðlægan gagnagrunn.

Í lögum um réttindi sjúklinga er sérstakt ákvæði um að hafa börn með í ráðum þegar meðferð þeirra er ákveðin. Það er í samræmi við viðleitni löggjafans á Íslandi og víðar til að auka réttindi barna. 1. minni hluti leggur því til að í 8. gr., þar sem fjallað er um réttindi sjúklings, komi ákvæði um að foreldrar skuli eftir því sem kostur er hafa börn sín með í ráðum þegar þeir ákveða hvort leyfa skuli flutning heilsufarsupplýsinga um þau í miðlægan gagnagrunn og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri. Þetta er efnislega samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laga um réttindi sjúklinga.

Í vísindarannsóknum sem tengjast mönnum er algild regla að einstaklingar sem leggja til upplýsingar við rannsókn geta hætt þátttöku hvenær sem þeir vilja. 1. minni hluti telur eðlilegt að svo sé einnig um rannsóknir sem gerðar eru í krafti miðlægs gagnagrunns og leggur til að í 8. gr. komi skýr heimild til sjúklings um að krefjast þess hvenær sem hann vill að öllum upplýsingum um hann sem fluttar hafa verið í miðlægan gagnagrunn verði eytt.

Fyrsti minni hluti leggur einnig til að í sérstöku bráðabirgðaákvæði verði landlækni falið að standa fyrir upplýsingaherferð til að kynna almenningi rétt hans til að hafna þátttöku í miðlægum gagnagrunni.

Andmæli 1. minni hluta við ákvæði sem mælir fyrir um veitingu einkaréttar á nýtingu heilsufarsupplýsinga eru reifuð í mjög ítarlegu máli síðar í þessu áliti. Í samræmi við það leggur hann til að orðalagi 1. og 2. gr., 1. tölul. 3. gr. og 1.mgr. 4. gr. verði breytt þannig að

skýrt sé að fleiri en einn geti fengið leyfi til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Fyrsti minni hluti leggur ekki fram að svo stöddu breytingartillögu um að tryggja öllum vísindamönnum aðgang að rannsóknum í gagnagrunninum, en síðar í nefndarálitinu eru tvær leiðir reifaðar. 1. minni hluti telur báðar leiðirnar koma til greina en sökum mikilvægis málsins telur hann rétt að freista samkomulags um málið og hefur því afráðið að fresta um sinn að leggja fram formlega breytingartillögu um aðra hvora leiðina.

Aðgangur vísindamanna.

Ákvæði frumvarpsins um aðgengi vísindamanna á kostnaðarverði að hinum miðlæga grunni hafa verið harðlega gagnrýnd, en á ólíkum forsendum. Vísindasamfélagið gagnrýndi að aðgengisákvæðin mismunuðu vísindamönnum. Samkeppnisstofnun og Lagastofnun gagnrýndu sömu ákvæði á þeim forsendum að þau brytu gegn samkeppnislögum og reglum EES. Hér á eftir er gagnrýni þessara aðila reifuð.

Gagnrýni úr röðum vísindamanna á ákvæði frumvarpsins um aðgengi þeirra að gagnagrunninum er einkum tvenns konar:

Í fyrsta lagi er gagnrýnt að einungis þeir sem leggja til upplýsingar í grunninn eiga samkvæmt frumvarpinu að fá heimild til að nota hann til rannsókna. Að mati þeirra fulltrúa úr vísindasamfélaginu sem reifað hafa málið opinberlega eða við heilbrigðis- og tryggingarnefnd brýtur þetta í bága við siðferðilegan grunn frjálsra rannsókna. 1. minni hluti er sammála því viðhorfi. Þar að auki er bent á að ekki eiga allir vísindamenn sem tengjast heilbrigðisgeiranum kost á að leggja upplýsingar inn í grunninn, en gætu eigi að síður notað hann við rannsóknir sem væru þjóðfélaginu og læknavísindunum almennt til heilla. Dæmi um þetta eru ýmsir vísindamenn við Háskóla Íslands sem samkvæmt frumvarpinu eru útilokaðir frá því að geta notað grunninn.

Í öðru lagi er gríðarleg andstaða í röðum vísindamanna við setu fulltrúa rekstrarleyfishafa í sérstakri aðgengisnefnd sem á að gæta viðskiptahagsmuna hans, en forsenda aðgengis vísindamanna hefur verið skilgreind þannig að ekki megi heimila vísindamönnum rannsóknir í krafti miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði sem gætu verið í beinni samkeppni, vísindalegri og viðskiptalegri, við rekstrarleyfishafann. Vísindamenn hafa bent á að þetta feli í sér hættu á hugmyndastuldi sem ekki sé hægt að búa við. Efnislega hefur Samkeppnisstofnun tekið undir þá skoðun, eins og síðar verður rakið. 1. minni hluti er sammála þessu viðhorfi og telur bæði af siðfræðilegum og samkeppnislegum ástæðum útilokað að samþykkja frumvarpið með þessu ákvæði.

Meiri hlutinn er þessari gagnrýni ósammála og heldur setu rekstrarleyfishafa í aðgengisnefndinni til streitu í breytingartillögum sínum við frumvarpið. Hann hefur svarað gagnrýni vísindamanna með því að staðhæfa að tiltölulega léttvæga takmörkun á aðgangi þeirra að miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði sé ekki hægt að kalla skerðingu á rannsóknarfrelsi manna sem áður höfðu engan aðgang að gagnagrunni. Af því tilefni vill 1. minni hluti taka fram eftirfarandi: Þegar hugmyndin að miðlægum gagnagrunni var kynnt nefndinni í vor var það ein af frumforsendum málsins að með miðlægum gagnagrunni væri verið að smíða vísindatæki sem ætti að verða til þess að bæta aðstöðu allra íslenskra vísindamanna á heilbrigðissviði til rannsókna. Þetta var loforð af hálfu bæði stjórnvalda og frumkvöðla hugmyndarinnar og margítrekað af hálfu þeirra síðarnefndu.

Innan nefndarinnar var raunar einhugur um að reyna að haga frumvarpinu svo að vísindamönnum væri tryggður eins mikill aðgangur að grunninum og frekast væri unnt. Sama viðhorf virtist ríkja hjá væntanlegum rekstrarleyfishafa. Ágreiningur þeirra við 1. minni hluta

um það efni birtist helst í mismunandi afstöðu til hinnar umdeildu setu fulltrúa rekstrarleyfishafa í aðgengisnefndinni. Miklir annmarkar komu þó í ljós varðandi frjálst aðgengi vísindamanna að grunninum. Ástæðan er eftirfarandi:

Bæði Lagastofnun og Samkeppnisstofnun töldu þau ákvæði 9. gr. frumvarpsins sem fjölluðu um notkun vísindamanna á gagnagrunninum brjóta svo harkalega gegn EES-reglum að þær lögðu báðar til að ákvæðin um aðgengi vísindamanna féllu brott. Tillögur þeirra þýddu því í raun að eini möguleiki íslenskra vísindamanna til að fá aðgang að rannsóknum fyrir tilstilli gagnagrunnsins væri að þeir keyptu hann fullu verði. Í reynd mundi slíkt útiloka íslenska vísindasamfélagið frá því að nota íslenskar upplýsingar í miðlægum gagnagrunni til rannsókna.

Allmargar leiðir voru skoðaðar til að reyna að finna aðferð sem tryggði aðgang íslenskra vísindamanna á kostnaðarverði. Ekkert einstakt atriði fékk eins mikla umfjöllun í vinnu nefndarinnar við frumvarpið. Innan nefndarinnar skildu þó leiðir að lokum.

Meiri hlutinn leggur til að ákvæði 9. gr. um aðgengi vísindamanna verði efnislega óbreytt en inn komi þó nýtt ákvæði um að aðgangur þeirra sé hluti af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir afnot af heilsufarsupplýsingum. Af hálfu meiri hlutans eru því hvorki lagðar til breytingar á ákvæðum um setu rekstrarleyfishafa í nefnd þeirri sem fjallar um aðgengi vísindamanna né aðgang þeirra sem ekki starfa beinlínis á þeim heilbrigðisstofnunum sem láta upplýsingar í té.

Fyrsti minni hluti getur alls ekki fallist á þessa afgreiðslu, m.a. vegna þess að þau tvö atriði sem hér eru nefnd fela í sér fjórfalt brot á reglum EES. Til að skýra það þarf fyrst að lýsa eftirfarandi: Ótvíræð dæmi um misnotkun einkaréttarhafa á markaðsráðandi aðstöðu þurfa ekki að liggja fyrir til að veiting einkaréttar feli í sér brot á EES-reglum (1. mgr. 59. gr., sbr. 54. gr.) heldur nægir að einkarétturinn skapi aðstöðu sem líklegt er að leiði til þess að einkaréttarhafinn misnoti stöðu sína. Með hliðsjón af þessu komst Samkeppnisstofnun að eftirfarandi niðurstöðum varðandi framangreind tvö atriði:

1. Einokun á upplýsingum. Í áliti Samkeppnisstofnunar segir að með 9. gr. sé girt fyrir að vísindamenn geti fengið aðgang að upplýsingum úr miðlægum gagnagrunni til notkunar í vísindarannsóknum svo fremi þær geti skert viðskiptahagsmuni einkaréttarhafa. Mögulegum keppinautum sé þ.a.l. haldið frá markaðnum og með þessu sé því verið að útvíkka eða efla hina markaðsráðandi stöðu einkaréttarhafa þannig að farið sé í gegn 54. gr. EES-samningsins.

2. Samkeppnishamlandi hagsmunaárekstrar. Þar sem fulltrúi einkaréttarhafans á sæti í aðgengisnefndinni og nefndinni er bersýnilega ætlað að vernda viðskiptahagsmuni hans er viðbúið að fulltrúinn „reyni eftir föngum að gæta hagsmuna hans". Samkeppnisstofnun vísar í svipuð dæmi sem komu fyrir EB-dómstólinn þar sem dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að aðstaða af þessu tagi færi gegn 1. mgr. 90. gr. Rómarsáttmálans, auk 86. gr., og skipti ekki máli þótt ekki hafi verið bent á einstök atvik þar sem einkaréttarhafi misnotaði slíka stöðu. Samspil einkaréttar og setu einkaréttarhafa í aðgangsnefnd af umræddu tagi er að mati stofnunarinnar nægilegt til að líklegt sé að það leiði til slíkra hagsmunaárekstra að brjóti gegn 1. mgr. 59. gr. og 54. gr. EES-samningsins.

3. Aðgangur að viðskiptaleyndarmálum. Með setu fulltrúa síns í aðgangsnefndinni getur einkaréttarhafinn augljóslega komist að mikilvægum upplýsingum um áform vísindamanna. Samkeppnisráð hefur áður úrskurðað að það fari gegn markmiðum samkeppnislaga EES ef málsaðili þarf að leggja upplýsingar af viðskiptalegum toga fyrir nefnd sem keppinautar hans sitja í. Í því ljósi er ekki hægt að komast hjá því að draga þá ályktun að aðgengisnefnd, þar sem rekstrarleyfishafi á fulltrúa, stríði gegn EES-rétti.

4. Samkeppnishamlandi mismunun. Stofnunin bendir einnig á að þar sem einungis þeir vísindamenn sem starfa hjá stofnunum sem leggja til upplýsingar í miðlægan gagnagrunn geti notið upplýsinga úr honum feli það að öllum líkindum í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu í skilningi 54. gr. EES-samningsins.

Tillaga meiri hlutans felur því án nokkurs vafa í sér margfalt brot á reglum EES eins og bæði Samkeppnisstofnun og Lagastofnun hafa bent á. Það ber því ekki aðeins vott um ófagleg vinnubrögð sem óneitanlega eru fallin til þess að skaða álit og virðingu Alþingis að samþykkja slík ákvæði heldur felur það í sér fullkomið ábyrgðarleysi af hálfu kjörinna fulltrúa þjóðarinnar á löggjafarsamkundunni. Ekki síst af þeim ástæðum leggst 1. minni hluti alfarið gegn 9. gr. frumvarpsins.

Að mati 1. minni hluta koma tvær leiðir til álita til að tryggja aðgang vísindamanna. Önnur felst í því að mæla svo fyrir í lögum að sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn, starfsmenn heilbrigðisstofnana og vísindamenn í samstarfi við þær skuli hafa aðgang að upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði sem líta ber á sem hluta af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir afhendingu heilbrigðisupplýsinga. Jafnframt verði í lögum tekið fram að um aðgang þessara aðila skuli rekstrarleyfishafi, heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn semja skv. 1. mgr. 7. gr.

Þessi aðferð felur ekki í sér þá annmarka sem lýst er í 1.–3.tölul. að framan þar sem ekki er gert ráð fyrir neinni aðgangsnefnd og skilmálar fyrir aðgengi vísindamanna eru algerlega háðir frjálsum samningum milli rekstrarleyfishafa og þeirra sem láta honum í té upplýsingar. Hins vegar er álitamál hvort hún gengur nógu langt til að hægt sé að fullyrða að hún feli ekki í sér samkeppnishamlandi mismunun eins og lýst er í 4. tölul. Augljóslega eru þó miklu minni líkur á því en samkvæmt tillögu meiri hlutans þar sem kveðið er á um að notkun gagnagrunnsins sé ekki aðeins heimil þeim sem starfa við heilbrigðisstofnanir heldur einnig vísindamönnum sem séu í einhvers konar samstarfi við þær. Gera má ráð fyrir að allir sem stundi rannsóknir á heilbrigðissviði séu annaðhvort starfandi hjá heilbrigðisstofnunum eða geti án fyrirstöðu komið á samstarfi við þær. Það er því tæpast efa blandið að þessi tillaga 1. minni hluta er mun líklegri en tillaga meiri hlutans til að tryggja til frambúðar aðgang vísindamanna að upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði.

Hin leiðin, sem 1. minni hluti telur einnig færa, byggist á því að samkvæmt upplýsingum tilvonandi rekstrarleyfishafa, Íslenskrar erfðagreiningar, er fyrirhugað að selja áskrift að gagnagrunninum og handhafar áskriftar geta þá gert ótakmarkaðar rannsóknir án frekara gjalds, svo fremi þær uppfylli skilyrði laganna. Í lögum væri því hægt að kveða á um að ríkið fái sem hluta endurgjalds fyrir afnot af heilsufarsupplýsingum árlega áskrift að miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissvði þangað til einkarétti rekstrarleyfishafa sleppir og starfræksla gagnagrunns færist í hendur ríkisins eða þess sem ráðherra ákveður. Menntamálaráðherra færi fyrir hönd ríkisins með áskriftina, inn í lögin komi jafnframt ákvæði um að honum sé skylt að setja sérstakar reglur um hvernig megi nota hana og að öllum starfsmönnum ríkisins verði gert mögulegt að stunda rannsóknir svo fremi þeir uppfylli reglur menntamálaráðherra.

Eðlilegt er að æðsta stjórnvald vísinda í landinu fari með áskrift ríkisins að gagnagrunninum. Menntamálaráðherra hefur þar að auki ekki tekið þátt í þeim hörðu deilum sem sprottið hafa milli heilbrigðisráðuneytisins og læknasamfélagsins og á þar að auki eðli málsins samkvæmt að halda fram hagsmunum vísindamanna. Þessi málsmeðferð er því vel fallin til að eyða tortryggni þeirra sem telja að heilbrigðisráðuneytið dragi um of taum tilvonandi rekstrarleyfishafa. Hún er þar að auki einföld og virðist hafa þann kost að brjóta ekki í bága við EES-reglur.

Hér er um svo mikilvægt atriði að ræða að 1. minni hluti telur rétt að leita eftir hvort unnt sé að ná samstöðu um aðra hvora framangreindra leiða og leggur því ekki fram sérstaka breytingartillögu að svo stöddu.

Viðskiptaleg rök gegn einkarétti.

Mörg rök, vísindaleg og viðskiptaleg, er hægt að færa gegn því að einkaréttur verði veittur einu fyrirtæki til að fénýta heilsufarsupplýsingar allra landsmanna sem heilbrigðisráðherra skilgreinir sem „þjóðarauð". Í nútímavísindum er þróunin hvergi jafnhröð og á sviði erfðagreiningar þar sem ný tækni og gríðarlegar fjárfestingar hafa á síðustu árum stuðlað að ótrúlegum framförum. Engin grein vísindanna er heldur jafnsamofin viðskiptaheiminum og erfðagreiningin. Hörð samkeppni hefur leitt til undraverðra uppfinninga sem nábýli greinarinnar við stórfyrirtæki á sviði lyfjaiðnaðar hefur gert kleift að hagnýta á örskömmum tíma. Fyrir vikið hefur skapast umhverfi þar sem viðskipti og vísindi erfðafræðinnar eru samofin. Drifkraftur hinnar hröðu þróunar í greinni er samkeppni.

Einokunin sem lögð er til í frumvarpinu er líkleg til að stuðla skamma hríð að þróun í erfðatengdum iðnaði hér á landi, en til langs tíma verður hún fjötur sem leiðir til þess að greinin mun eiga erfitt með að þróast jafnörugglega hér á landi og annars staðar. Í þessu samhengi verður að leggja áherslu á að Ísland er ekki eina landið þar sem öflug fyrirtæki á sviði erfðagreiningar hafa verið stofnuð. Svipuð þróun er að verða í flestum löndum á vesturhvelinu. Erfðagreiningin er sólrisuiðnaður sem einskorðast ekki við Ísland þótt sérislenskar aðstæður, öflugt frumkvæði stofnenda Íslenskrar erfðagreiningar og sérlega gott innlent og erlent starfslið fyrirtækisins hafi skapað Íslandi tímabundið forskot miðað við mörg önnur lönd.

Reynslan sýnir að samkeppni stuðlar jafnan að nýjum og snjallari tæknilegum lausnum en raunin er þegar einum aðila er veitt einokun. Samkeppni mundi þ.a.l. stuðla að enn vandaðri úrlausn þess flókna viðfangsefnis sem miðlægur gagnagrunnur er og til lengri tíma leiða til enn meiri vísindalegs ávinnings og verðmætasköpunar.

Það orkar jafnframt tvímælis miðað við reynslu á samkeppnismarkaði að erfiðara yrði að markaðssetja afurðir gagnagrunnsins nyti einkaréttar ekki við, eins og væntanlegur rekstrarleyfishafi heldur fram. Af einkarétti leiðir oftlega að farið er á mis við tækifæri til viðskipta sem einkaréttarhafi hefur annaðhvort ekki áhuga á eða kemur einfaldlega ekki auga á. Það er þekkt regla úr heimi viðskipta að fleiri markaðir vinnast og fleiri viðskiptatækifæri nýtast þegar vara er markaðssett af fleiri fyrirtækjum í beinni eða óbeini innbyrðis samkeppni með tilheyrandi ávinningi fyrir hagkerfið í heild. Þetta voru rökin að baki því að einkaréttur á sviði útflutnings tiltekinna sjávarafurða var afnuminn með augljósum ávinning bæði fyrir sjávarútveginn og íslensku þjóðina í heild. Þannig má halda því fram með vísan til reynslu af samkeppnisviðskiptum að fyrir Íslendinga yrði betra að fleiri en eitt fyrirtæki kepptu um að markaðssetja þá vöru sem hægt er að vinna úr íslenskum heilsufarsupplýsingum. Markaðurinn nýttist betur, fleiri störf mundu skapast og þegar upp er staðið er líklegt að afraksturinn í formi verðmæta sem rynnu inn í þjóðarbúið vegna viðskiptanna yrði meiri.

Með því að veita einkarétt á rekstri miðlægs gagnagrunns er því verið að valda óbeinum skaða með því að útiloka slíka þróun. Í tengslum við framangreinda röksemdafærslu er tilhlýðilegt að geta þess að 1. minni hluti hafnar algerlega þeim rökum sem tengjast miklum fjárfestingarkostnaði við gerð grunnsins og óvissu um markaðssetningu. Ástæður þess eru raktar í næsta kafla.

Þó að æskilegt væri að fella einkaréttinn algerlega brott úr frumvarpinu kæmi til álita, í því skyni að ná víðtækara samkomulagi um frumvarpið, að veita einkaréttinn í styttri tíma

en 12 ár, t.d. þau fimm ár sem Íslensk erfðagreining kvað á fundum með heilbrigðis- og tryggingaganefnd að tæki að koma afurðum grunnsins í seljanlegt horf. Að þeim tíma loknum hefði fyrirtækið augljóslega forskot og frumkvæðisréttur stofnanda Íslenskrar erfðagreiningar, sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir að réttlæti m.a. einkaréttinn, yrði virtur. Að þeim tíma liðnum gætu þá önnur fyrirtæki jafnframt unnið upplýsingar úr grunninum með því að greiða rekstrarleyfishafa eðlilegan hluta stofnkostnaðar.

Einkaréttur þverbrýtur EES-reglur.

Hér á eftir eru reifuð rök fyrir því að veiting einkaréttar brýtur ótvírætt gegn skuldbindingum Íslendinga gagnvart EES-reglum. Það eitt ætti að nægja til að hafna einkarétti að rekstri miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Efnislega segir í 1. mgr. 59. gr. EES-samningsins að þegar um sé að ræða fyrirtæki sem ríki hafi veitt sérstök réttindi eða einkarétt skuli aðildarríki gæta þess að ekki séu í gildi reglur sem fari gegn ákvæðum samningsins. Í frumvarpinu er að sönnu hvergi fjallað um einkarétt og ekki heldur staðhæft að einungis eitt fyrirtæki muni fá rekstrarleyfi til að starfrækja gagnagrunn á heilbrigðissviði. Í greinargerð með frumvarpinu kemur eigi að síður fram að af hálfu ríkisstjórnarinnar er stefnt að því að veita einu fyrirtæki einkarétt. Forsætisráðherra hefur staðfest þetta opinberlega fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og gengið enn lengra með því að lýsa yfir fyrir hennar hönd að einkarétturinn muni falla í skaut Íslenskri erfðagreiningu. Sá einkaréttur jafngildir einokun að mati Samkeppnisstofnunar. Í vönduðu áliti hennar segir: „einkaréttarhafa verður í raun veitt einokun til að stunda rannsóknir í ágóða- eða atvinnuskyni sem byggjast á upplýsingum úr gagnagrunninum."

Lagastofnun lýsir í áliti sínu nauðsyn þess að óhjákvæmilegt sé að skilgreina nauðsyn einkaréttarins: „Sönnunarbyrðin fyrir því að einkaréttur sé nauðsynlegur og óheft samkeppni muni koma í veg fyrir að fyrirtæki fái þjónað hlutverki sínu hvílir á einkarétthafanum og eftir atvikum því ríki sem veitir einkaréttinn. Sýna verður fram á að takmörkun sú sem felst í einkaréttinum eða eftir atvikum takmörkun á gildissviði samkeppnisreglna sé nauðsynleg til þess að fyrirtæki fái gegnt hlutverki sínu."

Rökin fyrir nauðsyn einkaréttar hafa þó hvergi verið skilgreind ítarlega. Þannig bendir Lagastofnun á að „rökin fyrir einkarétti í sjálfu frumvarpinu koma ekki skýrt fram". Í framsöguræðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með frumvarpinu, grein Kristleifs Kristjánssonar, forstöðumanns samvinnusviðs Íslenskrar erfðagreiningar ehf., og Hannesar Smárasonar, framkvæmdastjóra fjármála- og þróunarsviðs fyrirtækisins, í Lyfjatíðindum og ræðu sem Kári Stefánsson forstjóri flutti á kynningarfundi með læknum í september sl. komu þó fram röksemdir sem hníga að nauðsyn þess að einkaréttur verði veittur til að nýta heilsufarsupplýsingar í miðlægum gagnagrunni.

Efnislega eru rökin þessi: Stofnkostnaður við gerð gagnagrunnsins er hár og líklegur til að verða umtalsvert hærri fyrir þann sem fer fyrstur af stað með slíkan grunn. Mikil óvissa ríkir jafnframt um hagnýtingarmöguleika, gagnagrunnur af þessu tagi hafi aldrei áður verið markaðssettur og yrði einkaréttur ekki veittur gæti það leitt til samkeppni sem ylli því að heildarverðmæti sem rynnu inn í landið vegna viðskipta með upplýsingar úr grunninum yrðu minni en ella. Engin önnur rök hafa verið sett fram af talsmönnum ríkisstjórnarinnar til stuðnings einkaréttinum.

Það er því athyglisvert að þessum rökum er hafnað bæði af Samkeppnisstofnun og Lagastofnun Háskóla Íslands. Samkeppnisstofnun segir skýrt að það sé vafasamt að rök um mikinn stofnkostnað réttlæti einkarétt. Hún bendir á að slík rök mætti þá nota í mörgum tilvikum til að komast hjá eftirliti á grundvelli samkeppnisreglna EES-samningsins og bendir sérstak-

lega á stóriðju sem dæmi um fyrirtæki þar sem stofnkostnaður er gríðarlega hár og mikil óvissa ríkir oft um markaðssetningu.

Í áliti Lagastofnunar er að finna nákvæmlega sama viðhorf. Hún rekur að einkarétturinn sé rökstuddur í frumvarpinu m.a. með tilvísun til þess að hann kosti allt að 19,3 milljarða króna og áhætta þess sem ræðst í smíði hans sé því veruleg. Þessum rökum frumvarpsins er hins vegar hafnað í áliti Lagastofnunar. Hún segir hreint út að frá sjónarhóli EES-réttar geti þau tæpast réttlætt einkarétt, „enda eru það þá rök sem eiga alltaf við þegar fjárfesting er mikil, óháð því hvers konar atvinnustarfsemi á í hlut".

Þar með liggur fyrir að einu rökunum fyrir einkaréttinum sem komið hafa fram af hálfu meiri hlutans í umfjöllun heilbrigðis- og tryggingarnefndar er hafnað bæði af Lagastofnun Háskóla Íslands og Samkeppnisstofnun.

Lagastofnun treystir sér ekki einu sinni til að fullyrða að einkarétturinn standist EES-reglur. Höfundar álits stofnunarinnar telja upp fjölmörg atriði og segja að með tilliti til þeirra allra sé það skoðun þeirra að einkarétturinn „geti samrýmst" þeim. Þeir fullyrða hins vegar að með því að samþykkja heimild til einkaréttar taki löggjafinn áhættu gagnvart EES-réttinum. Sú afstaða birtist með skýrum hætti í eftirfarandi yfirlýsingu undir lok umfjöllunar stofnunarinnar um einkaréttinn: „Með því að fela einum aðila einkarétt til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns er því tekin nokkur áhætta." Í umfjöllun um einkaréttinn klykkir Lagastofnun svo út með því að ítreka að einkarétturinn nái þó aðeins til þess hluta af starfsemi einkaréttarhafans sem fullnægi undanþáguskilyrðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

Þetta ákvæði EES-samningsins er því lykilgrein varðandi mat á því hvort hægt er að fella starfrækslu gagnagrunns undir leyfilegar undanþágur samningsins. Umrætt ákvæði felur í sér a.m.k. þrenns konar skilyrði sem fyrirtæki verður að uppfylla til að hægt sé að víkja frá reglum 1. mgr. 59. gr. Hið mikilvægasta, sem einkum er fjallað um í álitum Lagastofnunar og Samkeppnisstofnunar, varðar það hvort einkaréttur sé óhjákvæmilegur til að fyrirtæki geti veitt þjónustu sem hafi „almenna efnahagslega þýðingu". Þannig segir Lagastofnun að „veiting einkaréttar sé því aðeins lögmæt að EB-rétti að slíkur einkaréttur sé nauðsynlegur til þess að fyrirtækið geti veitt þjónustu sem hafi almenna efnahagslega þýðingu".

Við þetta er þrennt að athuga:

1. Í öllum öðrum málum sem tengjast einkarétti og EB-dómstóllinn hefur fjallað um er um að ræða fyrirtæki sem láta borgurunum sjálfum í té beina þjónustu. Sú „þjónusta" gagnagrunnsins sem Lagastofnun færir sem rök fyrir skoðun sinni er hins vegar ekki innt af hendi beint gagnvart borgurunum heldur ríkinu. Þetta viðurkennir stofnunin sjálf í áliti sínu.
2. Allsendis óvíst er hversu mikið gildi upplýsingar úr grunninum hafa fyrir heilbrigðisyfirvöld. Ástæða þess er tvíþætt: Í fyrsta lagi benda skoðanakannanir til að meira en þriðjungur landsmanna hyggist nýta synjunarheimild 8. gr. frumvarpsins til að koma í veg fyrir að upplýsingar um hann verði fluttar í grunninn. Í öðru lagi hafa einstök samtök sjúklinga lýst yfir opinberlega að þau hyggist hvetja félaga sína til að beita synjunarheimilidinni þannig að líklegt er að hlutfall þeirra sem ekki verða þátttakendur í gagnagrunninum kunni að hækka umtalsvert. Þessi tvö atriði valda því að nytsemd grunnsins fyrir heilbrigðisyfirvöld verður snöggtum minni en látið er í veðri vaka og mun þar að auki alls ekki koma í ljós fyrr en töluverður tími er liðinn frá afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi. Lagastofnun hefur því enga raunhæfa forsendu fyrir framangreindri fullyrðingu sinni.
3. Uppsetning upplýsingakerfa fyrir staðbundna dreifða gagnagrunna á heilbrigðisstofnunum sem veita upplýsingar í gagnagrunninn er forsenda þess að rekstrarleyfishafinn geti

safnað upplýsingum. Án þeirra gæti hann ekki smíðað miðlægan grunn. Meðal annars af þeim sökum er hæpið að telja að þau hafi svo sterka „almenna efnahagslega þýðingu" að réttlæti frávik frá samkeppnisreglum EES. Álit Lagastofnunar um þetta atriði styðst því við afar veik rök enda hafnar Samkeppnisstofnun þeim algerlega. Hún fjallar um sama atriði í ítarlegu máli og kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að fullyrða að starfsemi gagnagrunns hafi „almenna efnahagslega þýðingu" og á því leiki „verulegur vafi". Meginniðurstaða Samkeppnisstofnunar er því að stofnunin telur „ólíklegt að veiting einkaréttar til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði falli undir undanþágu 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins". Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á að Samkeppnisstofnun bendir m.a. á leiðbeiningarreglur um það hvenær fyrirtæki veiti þjónustu sem hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ein forsendan sem gefin er í reglunum er að eðli slíkrar þjónustu feli í sér að væri hún ekki veitt af viðkomandi fyrirtæki „þá mundi hið opinbera trúlega sjálft veita hana þar sem þjónusta væri nauðsynleg til að mæta mikilvægum þörfum almennings". Þetta er sérlega athyglisverð ábending í ljósi forsögunnar. Þótt Samkeppnisstofnun bendi ekki á það liggur eigi að síður fyrir að áður en forvígismenn Íslenskrar erfðagreiningar komu með hugmynd sína um miðlægan gagnagrunn til ríkisstjórnarinnar hafði heilbrigðisráðuneytið gefið út vandaða stefnu í upplýsingamálum heilbrigðisþjónustunnar. Þar kom beinlínis fram að ráðuneytið hafði tekið ákvörðun um að ráðast ekki í gerð miðlægs gagnagrunns heldur einbeita sér að þróun dreifðra, staðbundinna gagnagrunna. Þar með liggur fyrir skrifleg yfirlýsing hins opinbera um að það mundi ekki ráðast í gerð miðlægs gagnagrunns þó að slíkur grunnur yrði ekki smíðaður af einkafyrirtæki. Þetta fellir því mikilvæga stoð undan því að hægt sé að líta svo á að gagnagrunnurinn hafi „almenna efnahagslega þýðingu" og megi því undanþiggja samkeppnisreglum EES.

Helstu niðurstöður Samkeppnisstofnunar um einkaréttarþátt frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Veiting einkaréttar til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði er ekki í samræmi við þá þróun sem á sér stað innan Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Veiting slíks einkaréttar mun skapa markaðsráðandi stöðu á verulegum hluta Evrópska efnahagssvæðisins.
3. Líklegt er að sú staða verði misnotuð og misnotkunin hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.
4. Ólíklegt er að veiting einkaréttarins falli undir undanþágu 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.
5. Samkeppnisstofnun lítur því svo á að veiting einkaréttarins muni fara gegn 1. mgr. 59. gr. EES-samningsins.
6. Að auki er það álit stofnunarinnar að veiting einkaréttarins stríði gegn markmiði samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun færir því sterk rök fyrir því að frumvarpið brjóti gegn ákvæðum EES-reglna og Lagastofnun segir auk þess að veitingu einkaréttar fylgi nokkur áhætta.

Rök fyrir útboði.

Fyrsti minni hluti telur jafnframt að óhjákvæmilegt sé að bjóða út gerð gagnagrunnsins. Ástæður þess eru eftirfarandi:

Þegar einkarétti sleppir mun upphaflegur rekstrarleyfishafi verða að afhenda ríkinu afrit af gagnagrunninum og öllum hugbúnaði sem þarf til að reka hann og bæta við nýjum upplýsingum og auk þess afsala sér öllum réttindum sem hann hefur áunnið sér, þar á meðal höfundarrétti og réttindum samkvæmt tilskipun um lögverndun gagnagrunna. Hann getur hvorki

selt gagnagrunninn, framselt notkun hans til þriðja aðila né haldið sjálfkrafa áfram að nýta hann með því að bæta við nýjum upplýsingum.

Í reynd þýðir þetta að ríkið er á tólf ára tímabili að kaupa af rekstrarleyfishafa ótímabundinn ráðstöfunarrétt að miðlægum gagnagrunni með öllum gögnum og gæðum. Að þeim tíma loknum getur ríkið selt nýju fyrirtæki rekstrarleyfi gegn gjaldi, opnað grunninn fyrir vísindamönnum með því að stofna sjálfseignarstofnun um reksturinn, afhent hann Háskóla Íslands eða rekið grunninn á eigin vegum. Hér er því um mikla eign að ræða sem ríkið fær til umráða. Þótt hún hafi ekki verið metin til fjár er verðmæti eignarinnar tæpast minna en þeir tæplega 20 milljarðar króna sem gerð gagnagrunnsins kostar. Auk þess fær ríkið upplýsingakerfi á allar heilbrigðisstofnanir landsins sem miðla upplýsingum í grunninn og einnig full afnot af grunninum til að gera hvers kyns heilbrigðisskýrslur.

Greiðsla ríkisins fyrir framangreind verðmæti er tólf ára einkaréttur rekstrarleyfishafans til að nýta heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám landsmanna. Augljóslega er því ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að ríkið er í reynd að kaupa tiltekna þjónustu af rekstrarleyfishafanum.

Samkvæmt reglum EES ber íslenska ríkinu skylda til að bjóða út þjónustu sem þessa, þ.e. gerð miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði. Fari verðmæti viðskiptanna yfir 16,3 millj. kr. ber því jafnframt skylda til að auglýsa útboðið á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að svo verði ekki gert. Hér er því bersýnilega um enn eitt brotið á reglum EES að ræða.

Ólögmæt ríkisaðstoð.

Það samrýmist ekki EES-samningnum (61.–64. gr.) að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja í viðskiptum milli ríkja með því að veita þeim ríkisaðstoð. Þótt hugtakið „ríkisaðstoð" sé ekki skýrt afmarkað í EES-réttinum telur m.a. Lagastofnun að ríkisaðstoð verði að meta með sama hætti og önnur frávik frá samkeppnisreglunum. Samkvæmt því verður ekki dregin önnur ályktun en að ríkisaðstoð sé því aðeins lögleg samkvæmt EES-samningnum að hún sé nauðsynleg til að viðkomandi geti veitt þá þjónustu sem hann á að veita og lýst var m.a. í síðasta kafla. Þar voru færð rök fyrir því að verðmætin sem ríkið lætur rekstrarleyfishafanum í té jafngildi allt að tæplega 20 milljörðum króna. Fallist ríkisstjórnin ekki á þau rök að réttur til að nýta heilsufarsupplýsingar feli í sér endurgjald fyrir tiltekna þjónustu er augljóst að hið opinbera lítur svo á að það sé að afhenda upplýsingarnar endurgjaldslaust. Í því felst viðurkenning á því að verið sé að styrkja rekstrarleyfishafann með verðmæti sem nemur fémæti upplýsinganna, þ.e. nálægt 20 milljörðum króna.

Engin rök hafa komið fram sem benda til að ríkisaðstoð af þessu tagi sé nauðsynleg til að rekstrarleyfishafinn geti veitt þá þjónustu sem honum ber samkvæmt frumvarpinu og rakin er í kaflanum um útboð. Hún er því ólögmæt samkvæmt EES-samningnum.

Niðurstaða.

Í ljósi þeirra staðreynda og viðhorfa sem hér hafa verið rakin geta þeir sem standa að þessu áliti ekki stutt samþykkt frumvarpsins um gagnagrunn á heilbrigðissviði í núverandi formi.

Alþingi, 27. nóv. 1998.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.

Ásta R. Jóhannesdóttir.

407. Fyrirspurn [329. mál]

til sjávarútvegsráðherra um færslu aflaheimilda.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hve mikið var flutt af aflaheimildum milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1997 til 31. ágúst 1998:

a. heildarmagn hverrar fisktegundar,
b. flutningur til og frá hverri verstöð?

Skriflegt svar óskast.

408. Fyrirspurn [330. mál]

til heilbrigðisráðherra um starfsmannavanda sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við því að 30 starfsmenn vantar í ræstingar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur?
2. Verður hægt að halda uppi starfsemi eldhúss Landspítala þó að tæplega 10 stöðugildi séu ómönnuð?
3. Hyggst ráðherra láta gera úttekt á vanda stóru sjúkrahúsanna sem stafar af gífurlegum mannabreytingum?

409. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá 2. minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Fá þingmál hafa fengið jafnmikla umfjöllun á síðari árum, innan og utan Alþingis, og frumvarp til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Heilbrigðis- og tryggingaefnd hefur fengið tugi manna á sinn fund um málið, á sjötta tug hafa skilað skriflegum umsögnum um það og fjöldi funda hefur verið haldinn um málið víðs vegar í samfélaginu. Frá því að málið var lagt fyrir Alþingi á vordögum hefur því farið fram mikil umræða um persónuvernd og leikreglur á vísindasviðinu og er það af hinu góða. Þá ber að lofa framtak heilbrigðisráðuneytisins hvað varðar aðgang að gögnum og umsögnum á alnetinu, en sú kynning greiddi fyrir betri skilningi manna á málinu. Tekið skal fram hér í upphafi að málið hefur tekið miklum breytingum frá upphaflegri gerð þess og eru þær allar til bóta að áliti 2. minni hluta.

Þrátt fyrir alla þessa umræðu og allar þessar umsagnir er enn margt óljóst um þetta stóra mál. Stoðir þess eru ekki svo traustar sem skyldi og áhættan sem tekin er með samþykkt þess mun meiri fyrir land og þjóð en ásættanlegt er. Grundvöllur þeirrar niðurstöðu mun rakinn hér á eftir.

Aðdragandi málsins og kynning þess.

Áður en farið er ofan í efnisatriði gagnagrunnsmálsins verður ekki hjá því komist að rekja nokkuð þann sérkennilega aðdraganda sem mál þetta hafði áður en kom til kasta Alþingis. Hugmyndin sem birtist í frumvarpinu fæddist hjá fyrirtækinu Íslenskri erfðagreiningu og hefur legið fyrir frá upphafi að fyrirhugað er að það fyrirtæki fái rekstrarleyfið sem um er rætt í frumvarpinu þótt hvergi sé á það minnst í frumvarpstextanum. Í athugasemdum með frumvarpinu hefur fyrirtækið þó verið nefnt auk þess sem það og forstjóri þess hefur staðið í fremstu víglínu talsmanna málsins. Þótt það sé fullkomlega eðlilegt að kveikja þingmála sé víðs vegar úti í þjóðfélaginu skýtur það nokkuð skökku við að sjá þingmáli stýrt svo augljóslega frá ákveðnu atvinnufyrirtæki sem raunin var með þetta mál. Slík vinnubrögð eru hvorki þingi né þjóð til sóma.

Þá er rétt að vekja athygli á því að á vegum dómsmálaráðuneytisins hefur farið fram nokkur vinna að *lagafrumvarpi um persónuvernd* og liggja þegar fyrir drög að slíku frumvarpi. Margoft hefur þess verið farið á leit við ríkisstjórnina að þessi tvö frumvörp séu rædd samhliða í þinginu þar sem gagnagrunnsfrumvarpið snertir óneitanlega mjög persónuvernd. Ekki hefur verið fallist á þá kröfu og er það athyglisvert. Þá virðist sem gagnagrunnsfrumvarpið sé í andstöðu við þær hugmyndir sem persónuverndarfrumvarpsdrögin gera ráð fyrir hvað varðar skilgreiningu á persónugreinanlegum upplýsingum. Verður þá líklega að breyta þeim drögum í samræmi við gagnagrunnsfrumvarpið ef það á að verða að lögum, en enn hafa ekki fengist svör við því hvers vegna þetta ósamræmi er.

Fyrir Alþingi liggja auk þessa frumvarps *tvö þingmál sem snerta sama efni*, annars vegar þingsályktunartillaga um dreifða gagnagrunna og hins vegar frumvarp til laga um miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga. Þess hefur verið óskað af hálfu 2. minni hluta að þessi tvö mál verði tekin til umræðu um leið og gagnagrunnsfrumvarpið en ekki hefur verið fallist á það. 2. minni hluti átelur þessi vinnubrögð og telur þau sýna að tilgangurinn hafi ekki verið að leita bestu leiða varðandi gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði heldur hafi þegar verið ákveðið af hálfu meiri hlutans á hvern hátt skyldi gera þetta og jafnvel hver skyldi fá hið margumrædda rekstrarleyfi. Þvílík vinnubrögð eru óásættanleg í svo stóru máli og telur 2. minni hluti að aðrar hugmyndir, t.d. um dreifða gagnagrunna, hafi ekki fengið þá skoðun sem eðlileg og sanngjörn þykir.

Persónuvernd.

Miðlægur gagnagrunnur með heilsufarsupplýsingum heillar þjóðar er *án efa mikilvægt tæki* til framþróunar á sviði vísinda og rannsókna. Slíka framþróun ber þó að skoða í því ljósi að tryggt sé að ekki sé troðið á mannréttindum einstaklinganna sem þátt taka í slíkum rannsóknum og þarf því að tryggja lágmarkspersónuvernd og friðhelgi einkalífs. Í umsögn tölvunefndar um frumvarp til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði er því haldið fram að frumvarpið sé viðamesta málið sem komið hefur til kasta Alþingis síðustu áratugi og snertir skráningu og meðferð persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs. Bent er á að málið snúist um miðlæga skráningu og varðveislu upplýsinga um alla íslensku þjóðina nokkra áratugi aftur í tímann og hagnýtingu þeirra upplýsinga í margvíslegum tilgangi. Þá er vakin athygli á því að upplýsingarnar sem stendur til að skrá séu viðkvæmari en flest annað sem okkur mennina

varðar og m.a. af þeim ástæðum sé nauðsynlegt að tryggja stjórnarskrárvarinn rétt manna til að njóta friðhelgi um einkalíf sitt. Tölvunefnd bendir á þá staðreynd að lengi hefur verið meginmarkmið vestrænnar löggjafar um persónuvernd að sporna við því að hægt sé að ná fram heildarmynd af þjóðfélagsþegnunum, eins og þeirri sem frumvarpið mun hafa í för með sér, og að þetta sé gert með því að *banna í lögum samtengingu viðkvæmra persónuupplýsinga* nema í algjörum undantekningartilfellum og að undangengnu umfangsmiklu hagsmunamati. 2. minni hluti tekur undir þessi sjónarmið tölvunefndar og vekur athygli á því að frumvarpið snýst í raun og veru um að heimila frávik frá almennum reglum sem gilda um meðferð og skráningu persónuupplýsinga og um vísindarannsóknir sem tengjast mönnum. Þá vekur 2. minni hluti athygli á því að tölvunefnd, sem hefur á að skipa helstu sérfræðingum okkar á sviði persónuverndar, telur að upplýsingarnar í grunninum verði persónugreinanlegar. Nefndin er þannig ekki sammála því að upplýsingarnar séu ópersónugreinanlegar sem hlýtur að teljast alvarlegt mál í ljósi þess hlutverks sem tölvunefnd er ætlað við framkvæmd og starfrækslu gagnagrunnsins, auk þess sem öll lagasmíðin byggist á því að í grunninum séu ekki persónugreinanlegar upplýsingar.

Sá þáttur sem hvað mest hefur verið gagnrýndur í umræðunni um þetta mál er persónuverndin. Hún hefur af mörgum verið sögð standa á veikum grunni, ekki síst vegna þess að öll umgjörð frumvarpsins miðast við að í grunninum séu *ópersónugreinanlegar* upplýsingar. Á þeirri forsendu hefur því verið hafnað af hálfu stjórnvalda að leita þurfi samþykkis einstaklinga fyrir þátttöku í gagnagrunninum og á sama hátt var á þeirri forsendu ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu að vísindasiðanefnd færi yfir rannsóknir þar sem óskað er eftir aðgangi að grunninum. Það er frumskilyrði, áður en reglur um persónuvernd eru ákveðnar, að innihald og notkun grunnsins séu skýr. Þess vegna er brýnt að fyrir liggi áður en frumvarpið er samþykkt *hvaða upplýsingar eigi að fara í grunninn* og að tilgreint sé hvers kyns upplýsingar megi ekki fara í hann. Ekki hefur enn verið unnt að fá uppgefið á skýran og nákvæman hátt hjá heilbrigðisráðuneytinu hvaða upplýsingar eigi að vera þarna inni og gerir það umræðuna um persónuverndina enn flóknari en ella.

Annar minni hluti dregur stórlega í efa að í grunninum séu eingöngu upplýsingar sem ekki sé hægt að persónugreina og tekur undir álit fjölmargra aðila, m.a. tölvunefndar, um það. 2. minni hluti telur þess vegna óhjákvæmilegt að fara eftir bestu getu eftir þeim meginreglum sem um meðferð persónugreinanlegra upplýsinga gilda þegar rannsóknir eru gerðar á fólki. Það er algerlega óásættanlegt að heilsufarsupplýsingar séu fluttar í slíkan grunn án samráðs við þá einstaklinga sem í hlut eiga. Það er almenn regla þegar um vísindarannsóknir á fólki er að ræða að *leitað er samþykkis* fólks fyrir þátttöku í slíkum rannsóknum. Ekki er gert ráð fyrir slíku samþykki í frumvarpinu og hefur því verið hafnað af hálfu meiri hlutans, þrátt fyrir að ýmsar hugmyndir hafi verið nefndar í þá veru. Bent hefur verið á að ekki sé hægt að afla upplýsts og óþvingaðs samþykkis í heföbundnum skilningi þess hugtaks þar sem ekki liggi fyrir hvaða upplýsingar eigi að fara í grunninn og ekki sé heldur ljóst hvað eigi að gera við upplýsingarnar í framtíðinni. 2. minni hluti skilur þessi rök en leggur eigi að síður á það áherslu að þótt ekki séu forsendur fyrir því að leita upplýsts samþykkis sé ekki rétt að draga af því þá ályktun að ekki sé yfir höfuð hægt að leita eftir samþykki fyrir þátttöku. Slíkt samþykki mætti fá með því að krossa við á blaði sem fylgdi skattframtali og væri þá a.m.k. tryggara en ella að inn í grunninn færu aðeins þeir sem vildu fara þangað. Upplýst væri slíkt samþykki ekki miðað við núverandi mynd frumvarpsins, en óskýrleiki þess á ekki að hafa í för með sér svo mikla tilslökun sem reyndin er varðandi persónuverndina. Óskýrleiki frumvarpsins hvað varðar það hvað eigi að fara í grunninn á þvert á móti að vera til stuðnings því sjónarmiði að nauðsynlegt sé að upplýsa fólk um áhættuna og að nauðsynlegt sé að leita eftir

samþykki fyrir þátttöku. Rétt er að vekja athygli á því hér að mjög margir umsagnaraðilar frumvarpsins töldu í umsögnum sínum nauðsynlegt að leitað væri samþykkis fyrir þátttöku.

Í 8. gr. frumvarpsins hefur verið sett ákvæði sem heimilar sjúklingi að óska eftir að *upplýsingar verði ekki fluttar í grunninn* og getur slík beiðni varðað allar upplýsingar sem þegar liggja fyrir um hann í sjúkraskrám eða kunna að verða skráðar eða nánar tilteknar upplýsingar. Skylt er að verða við slíkri beiðni og landlæknir skal annast gerð eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggi frammi á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Þótt neitunarákvæði 8. gr. sé til bóta frá því sem var í fyrstu gerð frumvarpsins dugir það of skammt. Bent hefur verið á það, m.a. af Geðhjálp, að slíkt ákvæði dugi lítt til verndar þeim sem vegna geðveiki, ellihrumleika eða annarra sjúkdóma geta ekki tekið slíka ákvörðun. Ekki hefur verið fallist á þá kröfu minni hlutans í heilbrigðis- og tryggingaefnd að fólk sem vill hætta þátttöku í grunninum geti jafnframt fengið eytt þeim upplýsingum sem um það hafa farið í grunninn, sem þó verða að teljast lágmarksréttindi. Þá hefur einnig verið á það bent að á meðan unnt sé að keyra upplýsingar úr grunninum saman við ættfræðiupplýsingar sé lítill vandi að setja þá einstaklinga sem neita að vera með í grunninn með því að búa til genakort sem grundvölluð eru á ættingjum þeirra og þannig sé neitunin farin fyrir lítið. Þótt margt sé óljóst um möguleikana í þessum efnum er eitt víst að persónuverndina skal tryggja svo vel sem unnt er og ein leið til þess er að leita eftir samþykki fyrir þátttöku.

Börn eru hópur sem sérstaklega þarf að huga að í þessum efnum og telur 2. minni hluti að ekki sé nægilega vel tryggt í frumvarpinu að þau njóti nægilegrar verndar. Í áliti 1. minni hluta eru raktar sérstaklega hugmyndir til úrbóta hvað persónuvernd barna varðar og breytingartillögur lagðar fram þeim hugmyndum til stuðnings. Einnig er lagt til þar að heimilt sé að láta eyða upplýsingum eftir að þær hafa farið inn í grunninn. 2. minni hluti er sammála þeim breytingartillögum og telur að verði þær samþykktar sé nokkuð komið til móts við þá gagnrýni sem fram hefur komið á persónuverndina.

Í frumvarpinu er ekki sérstakt ákvæði um *látna* menn en eðli málsins samkvæmt geta þeir ekki nýtt sér rétt til að hafna þátttöku. Fjölmargir umsagnaraðilar hafa bent á nauðsyn þess að réttur látinna til friðhelgi einkalífs sé verndaður á einhvern hátt, en ein leið til að gera það er að setja ekki upplýsingar um látna einstaklinga í grunninn. Önnur leið gæti verið að leita samþykkis aðstandenda en sú leið gæti verið flókin í framkvæmd, einkum ef aðstandendur eru ekki sammála um hvað gera skuli. Mannvernd hefur m.a. bent á nauðsyn þess að hafa sérákvæði um látna einstaklinga og vernd þeirra og lagt til að um þá sé sett sérstök reglugerð. Viðkvæmar persónuupplýsingar geta áfram verið viðkvæmar eftir andlát viðkomandi og tjónið orðið mjög tilfinnanlegt ef þær leka út.

Hvað persónuverndina varðar skal það áréttað að hún er að mati 2. minni hluta mun *tryggari í dreifðum gagnagrunnum* en í einum miðlægum. Ef unnt yrði að persónugera fólk í grunninum og upplýsingar um það yrðu notaðar gegn því væri tjónið ómetanlegt og afsökunarbeiðnir dygðu þá skammt. Það er þetta stóra *ef* sem margir óttast og þeim mun meiri samkeyrsla sem á sér stað þeim mun meiri er hættan. Aldrei hafa þótt góðir búskaparhættir að hafa öll eggin í sömu körfunni og þar er kannski komin ástæða fyrir því að aðrar þjóðir velja þá leið að byggja upp kerfi dreifðra grunna í stað þess að gera einn miðlægan. Mögulegur vísindalegur ávinningur sem kynni að verða meiri af miðlægum grunni en dreifðum er þá látinn víkja vegna tryggari persónuverndar og slíkar varúðarráðstafanir eru skiljanlegar í ljósi þess tjóns sem getur orðið í kjölfar misnotkunar á upplýsingum sem þessum.

Frelsi til rannsókna — frjáls samkeppni.

Til þess að framþróun vísindanna geti orðið sem mest er mikilvægt að *rannsóknarfrelsið sé virt.* Auðvitað verður þó að setja því þau takmörk sem reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs krefjast, en að öðru leyti er mikilvægt að sem minnstar skorður séu settar við því. Á það hefur verið bent af fjölmörgum umsagnaraðilum að rekstrarleyfið sem frumvarpið geri ráð fyrir geti ógnað verulega nauðsynlegu frelsi til rannsókna. Nokkur atriði hafa verið tínd til máli þessu til stuðnings. Í fyrsta lagi má þar nefna veitingu sérleyfis sem slíka, þ.e. einkaréttinn í sjálfu sér. Hann skapi rekstrarleyfishafa óeðlilegt samkeppnisforskot en frjáls samkeppni sé hið eðlilega umhverfi í vísindaheiminum og án hennar geti vísindin ekki þrifist vel. Möguleikar annarra vísindamanna til fjármögnunar starfsemi sinnar geti verið minni ef á markaðnum er „stóri bróðir" sem nýtur sérstakrar lagaverndar og velvildar stjórnvalda, auk þess að hafa einn óheftan aðgang að öllum heilsufarsupplýsingum íslensku þjóðarinnar. Aðgengi annarra vísindamanna verði alltaf takmarkað út frá hagsmunum rekstrarleyfishafa og skipan aðgengisnefndarinnar svokölluðu sé einmitt dæmi þess, en gert er ráð fyrir að einn nefndarmanna sé fulltrúi rekstrarleyfishafa. Þannig sé öðrum vísindamönnum gert að leggja viðkvæmar rannsóknir sínar eða hugmyndir á borð samkeppnisaðila sem hlýtur að teljast óeðlilegt. 2. minni hluti tekur undir þessar áhyggjur og bendir á að kerfi dreifðra gagnagrunna er mun vænlegra til að tryggja rannsóknarfrelsið, auk þess sem einokun á borð við þá sem lögð er til í frumvarpinu á að heyra sögunni til. Frjáls samkeppni er nauðsynleg til framfara á þessu sviði sem flestum öðrum og sýnt er að hún leiðir til mun frekari landvinninga í vísindunum þegar til lengdar lætur.

Þá hefur verið á það bent að frumvarpið brýtur í bága við *samkeppnisreglur EES* og má fullyrða að það sé fyrirséð að framkvæmdin verði kærð við fyrsta tækifæri til samkeppnisyfirvalda. Samkeppnisstofnun telur ljóst að almennt séð sé veiting einkaréttar til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði ekki í samræmi við þá þróun sem hefur orðið innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá er á það bent í áliti Samkeppnisstofnunar að veiting einkaréttarins muni skapa markaðsráðandi stöðu á verulegum hluta Evrópska efnahagssvæðisins og líklegt sé að sú staða verði misnotuð, en sú misnotkun muni hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins. Stofnunin telur sýnt að veiting einkaréttarins brjóti í bága við 1. mgr. 59. gr., sbr. 54. gr. EES-samningsins, og að ólíklegt sé að hægt sé að heimfæra veitinguna undir undanþágu 2. mgr. 59. gr. hans um undanþágu frá samkeppni. Samkeppnisstofnun bendir á að þar sem þær reglur feli í sér undanþágu frá einhverjum þýðingarmestu ákvæðum EES-samningsins sé ljóst að reglan sæti þröngri skýringu og að ríkar kröfur séu gerðar til þess að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt. Þá er vakin athygli á því að fá dæmi eru fyrir því hjá dómstól EB að fallist hafi verið á undanþágu frá samkeppnisreglum sáttmálans á grundvelli ákvæðisins og hefur þróun dómsúrlausna verið á þann veg á undanförnum árum að möguleikar aðildarríkja ESB til að koma við einkarétti hafa verið þrengdir þar sem slíkt verður nú oftar talið brjóta gegn ákvæðum Rómarsáttmálans en áður. Nauðsynlegt er að nálgast álitaefni um undanþágu frá samkeppnisreglunum í ljósi þess að þar sem dómstóllinn hefur áður talið að opinber einokunarfyrirtæki og fyrirtæki er njóta einkaréttar væru leyfð nema þau væru sérstaklega bönnuð á tilteknum sviðum hefur dómstóllinn nú tekið þá stefnu að telja slík fyrirtæki bönnuð nema þau beri að leyfa af sérstökum ástæðum. Að auki telur Samkeppnisstofnun sýnt að veiting einkaréttarins stríði gegn markmiði samkeppnislaga og Lagastofnun Háskóla Íslands treystir sér ekki til að fullyrða að einkarétturinn standist EES-reglur heldur segja höfundar álitsins einungis að einkarétturinn geti samrýmst þeim þótt með því sé tekin nokkur áhætta, sbr. álit Lagastofnunar, 10. tölul., bls. 28.

Annar minni hluti er sammála mati Samkeppnisstofnunar og telur vandratað þá leið sem gæti orðið til sátta hvað þennan þátt varðar. Þá verður flókið að útfæra ákvæði 9. gr. um aðgang annarra vísindamanna að grunninum en af hálfu ríkisstjórnarinnar er ódýr aðgangur íslenskra vísindamanna að grunninum talinn vera mikilvæg rök fyrir því að koma honum upp. Nú liggur nokkuð ljóst fyrir að slíkur aðgangur íslenskra vísindamanna telst brot á EES-reglum ef erlendum vísindamönnum er seldur aðgangur að grunninum fullu verði. Ein af grundvallarstoðum EES-samningsins byggist á því að óheimilt er að mismuna mönnum innan svæðisins á grundvelli þjóðernis. Mismunun eins og núverandi gerð frumvarpsins gerir ráð fyrir á milli íslenskra vísindamanna og annarra stenst því ekki og telst ótvírætt brot á ákvæðum EES-samkomulagsins. Þá verður að telja það óeðlilegt að fulltrúi reksrarleyfishafa eigi sæti í aðgengisnefndinni eins og áður hefur verið rakið. 2. minni hluti tekur undir þær hugmyndir að breytingu á 9. gr. frumvarpsins sem raktar eru í áliti 1. minni hluta og telur mikilvægt að ef af samþykkt frumvarpsins verður verði reynt að koma til móts við þá gagnrýni sem fram hefur komið á greinina. Að óbreyttu er hún eins og tímasprengja sem springur fyrr en seinna.

Þá telur 2. minni hluti erfitt að sjá rökin gegn því að *útboð* sé haft um svo viðamikla framkvæmd sem gerð og starfræksla gagnagrunnsins er. Án tillits til þess hvort slíkt útboð kunni að vera lagaskylda eða ekki er það fullkomnlega óásættanlegt að farið sé út í svo dýra og viðkvæma framkvæmd án þess að leitað sé að besta kostinum í stöðunni fyrir land og þjóð, séð út frá vísindalegu og hagfræðilegu sjónarmiði, og án þess að öðrum en einu fyrirtæki sé í raun veittur möguleiki á því að vinna verkið.

Vegna þess sem hér hefur verið rakið og mun frekar verða skýrt við 2. umræðu málsins telur 2. minni hluti frumvarpið ótækt til afgreiðslu í þeim búningi sem það er í og getur því ekki stutt samþykkt þess. 2. minni hluti styður framkomnar breytingartillögur 1. minni hluta og þau rök sem eru færð fyrir þeim í áliti hans. Þá áskilur 2. minni hluti sér rétt til að leggja fram eða styðja aðrar breytingartillögur eftir atvikum.

Alþingi, 3. des. 1998.

Bryndís Hlöðversdóttir.

410. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni, Lúðvík Bergvinssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Markmið.

Markmið með lögum þessum er að heimila miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og gerð og starfrækslu tímabundinna miðlægra gagnagrunna með dulkóðuðum persónutengdum heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Gildissvið.

Lög þessi taka til miðlægrar úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og gerðar og starfrækslu tímabundinna miðlægra gagnagrunna á heilbrigðissviði í þeim tilgangi.

Lögin taka til miðlægrar úrvinnslu og samkeyrslu upplýsinga allra sjúkraskrárkerfa einstakra heilbrigðis- og rannsóknastofnana, gagnasafna vegna vísindarannsókna á einstökum sjúkdómum eða sjúkdómaflokkum og skráa sem stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og tryggingamála halda um notendur heilbrigðisþjónustu og rekstur heilbrigðiskerfisins. Lögin taka ekki til vörslu, meðferðar eða aðgangs að lífsýnum.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Gagnagrunnar á heilbrigðissviði:* Söfn gagna er hafa að geyma heilsufarsupplýsingar og aðrar upplýsingar þeim tengdar sem skráðar eru með samræmdum kerfisbundnum hætti í miðlæga gagnagrunna sem ætlaðir eru til tiltekinnar úrvinnslu og upplýsingamiðlunar.
2. *Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga:* Samkeyrsla upplýsinga úr tveimur eða fleiri frumgagnagrunnum.
3. *Tímabundnir afleiddir miðlægir gagnagrunnar á heilbrigðissviði:* Miðlægir gagnagrunnar sem ætlaðir eru til úrvinnslu tiltekinna verkefna og eytt er að verkefni loknu. Afleiddir merkir hér að upplýsingar í gagnagrunninum eru afrit af upplýsingum sem geymdar eru í frumgagnagrunni og fengnar þaðan.
4. *Persónuupplýsingar:* Upplýsingar er varða einkamálefni, þar með taldar heilsufarsupplýsingar, fjárhagsmálefni eða önnur málefni persónugreinds eða persónugreinanlegs einstaklings sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.
5. *Vörslumenn heilsufarsupplýsinga:* Einstakir læknar eða yfirlæknar deilda eða skora sem ábyrgir eru fyrir öryggi sjúkraskráa.
6. *Heilsufarsupplýsingar:* Upplýsingar er varða heilsu einstaklinga og hópa, þar með taldar erfðafræðilegar upplýsingar.
7. *Erfðafræðilegar upplýsingar:* Hvers kyns upplýsingar sem varða erfanlega eiginleika einstaklings.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Samræmd skráning heilsufarsupplýsinga, veiting rekstrarleyfis og greiðslur leyfishafa.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að kveða á um að allar heilbrigðisstofnanir í landinu, sem skrá heilsufarsupplýsingar í rafræna gagnagrunna, samræmi skráningu sína og noti sömu eða samræmd gagnagrunnsforrit.

Stefnt skal að því að allar heilbrigðisstofnanir fái tölvubúnað sem veiti aðgang að rafrænum gagnagrunnum þeirra í gegnum alnetið með samnets- eða breiðbandstengingu. Öryggiskröfur skulu vera þær sömu eða meiri en öryggiskröfur fjármálastofnana sem leyfa aðgang að tölvukerfum sínum í gegnum alnetið.

Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga og gerð og starfræksla tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði er einungis heimil þeim sem fengið hefur rekstrarleyfi heilbrigðisráðherra samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ráðherra er heimilt að veita rekstrarleyfi og semja um uppsetningu og rekstur búnaðar til miðlægrar úrvinnslu. Ráðherra er jafnframt heimilt að semja við sama aðila um langtímasamstarf og vinnslu einstakra verkefna.

Ráðherra skal leita álits tölvu- og vísindasiðanefnda, svo og nefndar um starfrækslu tímabundinna gagnagrunna, sbr. 6. gr., áður en leyfið er veitt.

Rekstrarleyfishafi skal greiða gjald fyrir veitingu leyfisins til þess að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess.

Leyfishafi skal jafnframt árlega greiða gjald sem nemur kostnaði af starfi nefnda skv. 6. og 9. gr. og öðrum kostnaði sem varðar eftirlit með starfrækslunni, þar með talið eftirlit tölvunefndar samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Rekstrarleyfishafi skal kosta vinnslu upplýsinga til flutnings í gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að ákveða að gjald komi fyrir nýtingu upplýsinga sem fást með miðlægri úrvinnslu.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Rekstrarleyfi.

Rekstrarleyfi til gerðar og starfrækslu tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Tímabundnir gagnagrunnar séu alfarið staðsettir hér á landi.
2. Tækni-, öryggis- og skipulagslýsing uppfylli kröfur tölvunefndar. Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga er því aðeins heimil að persónugreining sé einungis möguleg með notkun greiningarlykils sem sá aðili er hefur upplýsingar undir höndum hefur ekki aðgang að. Ekki má vera unnt að persónugreina einstaklinga án greiningarlykils nema verulegum tíma og mannafla þurfi að verja til þess að það takist. Notkun greiningarlykils til þess að persónugreina einstaklinga í tímabundnum miðlægum gagnagrunnum skal einungis fara fram undir stjórn landlæknis og með leyfi tölvu- og/eða vísindasiðanefndar.
3. Skráning og úrvinnsla heilsufarsupplýsinga sé framkvæmd og henni stjórnað af fólki með starfsréttindi á sviði heilbrigðisþjónustu.
4. Fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um starfssvið og verkefni rekstrarleyfishafa.
5. Fyrir liggi ítarleg verkáætlun rekstrarleyfishafa sem uppfyllir skilyrði og markmið laga þessara um verktilhögun og verkframvindu.
6. Heilbrigðisráðuneyti og landlæknir eigi ætíð óheftan aðgang að viðkomandi búnaði og upplýsingum úr gagnagrunnunum þannig að þær nýtist við gerð heilbrigðisskýrslna og aðra tölfræðilega úrvinnslu vegna áætlanagerðar, stefnumótunar og annarra verkefna þeirra.
7. Rekstrarleyfishafi kosti vinnslu upplýsinga heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna til flutnings í miðlæga gagnagrunna. Upplýsingarnar skulu unnar með þeim hætti að þær uppfylli þarfir viðkomandi stofnunar fyrir samræmt upplýsingakerfi og þarfir heilbrigðisyfirvalda, sbr. 6. tölul.

Ráðherra getur bundið rekstrarleyfi frekari skilyrðum. Rekstrarleyfi skal vera tímabundið.

Í rekstrarleyfi skal ákveðið með hvaða hætti megi miðla upplýsingum úr gagnagrunni.

Hvorki rekstrarleyfi né tímabundnir gagnagrunnar sem myndaðir eru samkvæmt lögum þessum eru framseljanlegir eða aðfararhæfir.

Óheimilt er að setja rekstrarleyfi eða tímabundna gagnagrunna á heilbrigðissviði til tryggingar fjárskuldbindingum.

Afrit af gagnagrunnum skulu ávallt geymd í bankahólfi eða á annan tryggilegan hátt samkvæmt nánari ákvörðun í rekstrarleyfi. Afrit skal afhenda nefnd um starfrækslu

gagnagrunna skv. 6. gr. til eyðingar þegar leyfistíma lýkur samkvæmt ákvæðum í rekstrarleyfi, og ef rekstrarleyfi er afturkallað eða leyfishafi er sviptur rekstrarleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Eftirlit með miðlægri úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og gerð og starfrækslu tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Ráðherra skal skipa nefnd sem skal hafa eftirlit með miðlægri úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og gerð og starfrækslu tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir skipaðir til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera lögfræðingur, annar heilbrigðisstarfsmaður með þekkingu á faraldsfræði og hinn þriðji skal hafa þekkingu á sviði upplýsingafræði. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og uppfylla sömu skilyrði.

Hlutverk nefndarinnar er að meta umsóknir um rekstrarleyfi og sjá um að öll starfsemi sé í samræmi við leyfið og ákvæði laga þessara og þeirra reglugerða sem settar verða á grundvelli þeirra að því leyti sem ekki er um að ræða lögbundið hlutverk tölvunefndar. Nefndin skal hafa umsjón með gerð samninga rekstrarleyfishafa annars vegar og heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna hins vegar. Nefndin skal veita heilbrigðisyfirvöldum ráðgjöf varðandi nýtingu upplýsinga úr gagnagrunnunum. Verði rekstrarleyfi afturkallað skal nefndin starfrækja búnað til miðlægrar úrvinnslu uns ráðherra hefur tekið ákvörðun um starfrækslu hans til frambúðar. Nefndin skal tafarlaust gera ráðherra viðvart ef hún telur að misfellur séu á starfrækslu tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um starfsemina undangengið ár eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Nefndinni skal séð fyrir starfsaðstöðu í samræmi við starfsemi á hverjum tíma. Nefndin skal afla sér sérfræðiaðstoðar eftir því sem þurfa þykir. Starfsemi nefndarinnar er kostuð af leyfisgjaldi sem rekstrarleyfishafi greiðir árlega, sbr. 7. mgr. 4. gr.

7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Aðgengi rekstrarleyfishafa og heilbrigðisyfirvalda að upplýsingum.

Rekstrarleyfishafa er, að fengnu samþykki viðkomandi vörslumanna og stjórnar viðkomandi stofnunar, heimilt að fá til miðlægrar úrvinnslu og flutnings í tímabundna gagnagrunna á heilbrigðissviði upplýsingar úr sjúkraskrám og aðrar heilsufarsupplýsingar sem skráðar hafa verið hjá þeim. Slík úrvinnsla er einungis heimil á stöðluðum upplýsingum en óheimilt er að flytja óstaðlaðar sjúkrasögur í afleidda miðlæga gagnagrunna.

Miðlæg úrvinnsla og flutningur gagna í tímabundna gagnagrunna á heilbrigðissviði er einungis heimil til tiltekinna fyrir fram skilgreindra verkefna sem samþykkt hafa verið af eftirlitsaðilum skv. 12. gr. og skal gagnagrunnum eytt að verkefni loknu. Breytingar á verkefnum skulu aðeins leyfðar með samþykki eftirlitsnefnda.

Við meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga skal fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Slíkar upplýsingar skulu dulkóðaðar við flutning í gagnagrunn þannig að tryggt sé að starfsmenn rekstrarleyfishafa vinni einungis með dulkóðaðar upplýsingar.

Starfsmenn viðkomandi heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skulu búa upplýsingar til flutnings í tímabundna gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Rekstrarleyfishafi skal kosta samræmda skráningu upplýsinga og flutning þeirra í gagnagrunninn.

Um aðgang annarra að upplýsingum úr sjúkraskrám fer samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga, læknalögum, lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Réttindi sjúklinga.

Sjúklingur getur óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í tímabundinn gagnagrunn á heilbrigðissviði. Beiðni sjúklings getur varðað allar upplýsingar sem þegar liggja fyrir um hann í sjúkraskrám, upplýsingar er kunna að verða skráðar síðar eða nánar tilteknar upplýsingar. Skylt er að verða við slíkri beiðni og skal athugasemd þess efnis þegar lögð með sjúkraskrá viðkomandi á heilbrigðisstofnun eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni.

Ákvæði þetta tekur ekki til upplýsinga sem nauðsynlegar eru við gerð heilbrigðisskýrslna og aðra tölfræðilega skráningu heilbrigðisyfirvalda. Slíkum upplýsingum mega einungis fylgja upplýsingar um kyn, aldur og eftir atvikum heilbrigðisstofnun.

9. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Aðgengi að upplýsingum í tímabundnum gagnagrunnum á heilbrigðissviði.

Heilbrigðisyfirvöld eiga ávallt rétt á upplýsingum úr tímabundnum gagnagrunnum á heilbrigðissviði við gerð heilbrigðisskýrslna og aðra tölfræðilega vinnu vegna áætlanagerðar, stefnumótunar og annarra verkefna heilbrigðisyfirvalda og skulu upplýsingarnar látnar í té án endurgjalds.

Ráðherra skal skipa nefnd um aðgang vísindamanna að upplýsingum úr miðlægum gagnagrunnum.

Nefndinni er heimilt að veita vísindamönnum aðgang að upplýsingum úr gagnagrunnum til notkunar í vísindarannsóknum nema um sé að ræða rannsókn sem fyrirsjáanlegt er að mati nefndarinnar að skarist við hagsmuni rekstrarleyfishafa eða annarra. Viðkomandi vísindamenn skulu einungis greiða kostnaðarauka leyfishafa við þá gagnaöflun og vinnslu sem þeir óska eftir.

Nefndin skal skipuð þremur mönnum til fjögurra ára. Læknadeild Háskóla Íslands og vísindasiðanefnd tilnefna einn fulltrúa hvor og ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Starf nefndarinnar er kostað af leyfisgjaldi sem rekstrarleyfishafi greiðir árlega, sbr. 7. mgr. 4. gr.

Nánar skal kveðið á um starfsemi nefndarinnar í reglugerð.

10. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Hagnýting tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Rekstrarleyfishafa skal heimil vinnsla í tímabundnum gagnagrunni á heilbrigðissviði úr þeim heilsufarsupplýsingum og öðrum upplýsingum sem þar eru skráðar, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu upplýsinga að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum án greiningarlykils sem hann hefur ekki aðgang að.

Upplýsingar, sem skráðar eru eða aflað er með úrvinnslu í tímabundnum gagnagrunnum á heilbrigðissviði, má nýta til þess að þróa nýjar eða bættar aðferðir við heilsueflingu, forspá, greiningu og meðferð sjúkdóma, til að leita hagkvæmustu leiða í rekstri heilbrigðiskerfa, í þágu skýrslugerðar á heilbrigðissviði eða í öðrum sambærilegum tilgangi á heilbrigðissviði.

Rekstrarleyfishafa er á leyfistíma heimil fjárhagsleg hagnýting upplýsinga úr gagnagrunnunum með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum og rekstrarleyfi.

Tímabundna gagnagrunna á heilbrigðissviði má eigi flytja úr landi og úrvinnsla úr þeim má einungis fara fram hér á landi.

11. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Eftirlit.

Tölvunefnd hefur eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunna á heilbrigðissviði að því er varðar skráningu og meðferð persónuupplýsinga og annast eftirlit með því að þeim skilmálum sem hún setur sé fylgt.

Nefnd um starfrækslu tímabundinna gagnagrunna, sbr. 6. gr., skal hafa umsjón með því að við starfsemi gagnagrunna á heilbrigðissviði sé í hvívetna fylgt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim sem og skilyrðum rekstrarleyfis.

12. Í stað ákvæða til bráðabirgða I–III komi nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Gjald rekstrarleyfishafa skv. 6. og 7. mgr. 4. gr. skal fyrsta árið byggt á áætluðum kostnaði við undirbúning og eftirlit með starfsemi tímabundinna gagnagrunna á heilbrigðissviði.

411. Frumvarp til leiklistarlaga. [146. mál]

(Eftir 2. umr., 4. des.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla íslenska leiklist og aðrar sviðslistir og búa þeim hagstæð skilyrði.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn leiklistarmála samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Þjóðleikhús.

3. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

4. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að glæða áhuga landsmanna á þessum listgreinum og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

5. gr.

Aðalverkefni Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra sjónleikja. Jafnframt skal það standa að flutningi á óperum og söngleikjum og listdanssýningum.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir til Íslands erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn, að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. Skipaður skal maður með menntun á sviði lista og staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Ætíð skal auglýsa embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og markar listræna stefnu þess í samráði við þjóðleikhúsráð. Hann stýrir leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð. Félag íslenskra leikara tilnefnir einn fulltrúa og Félag leikstjóra á Íslandi annan en þrír eru skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Ráðið skal skipað til fjögurra ára í senn, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkast við embættistíma ráðherrans sitji hann skemur. Fulltrúi starfsmanna leikhússins, kjörinn úr hópi þeirra til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, á sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið. Það vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir þjóðleikhúsráð til samþykktar og ráðið hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

8. gr.

Um innra starfsskipulag Þjóðleikhússins má kveða á í reglugerð að fengnum tillögum þjóðleikhúsráðs.

9. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður starfsmenn leikhússins og gerir við þá starfssamninga í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

10. gr.

Þjóðleikhúsið skal kosta kapps um hagkvæmt samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna leiklist og öðrum þeim listgreinum er starfi þess tengjast. Það skal eftir föngum veita leikfélögum áhugamanna lið og gera leiklistarnemendum kleift að fylgjast með leikhússtarfinu.

11. gr.

Þegar Þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til reglubundinnar starfsemi leikhússins samkvæmt þessum lögum má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

12. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og eigið aflafé leikhússins hrekkur ekki til.

13. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

III. KAFLI
Önnur leiklistarstarfsemi.

14. gr.

Auk framlaga til Þjóðleikhússins veitir Alþingi árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi, bæði atvinnumanna og áhugaleikfélaga. Slíkur fjárstuðningur getur auk almennrar leikstarfsemi tekið til barnaleikhúsa, brúðuleikhúsa, óperustarfsemi og listdans.

Að því leyti sem framlög til einstakra aðila eru ekki ákveðin í fjárlögum hverju sinni annast menntamálaráðuneytið úthlutun þess fjár sem veitt er samkvæmt þessari grein. Úthlutun styrkja til atvinnuleikhópa skal ákveðin að fengnum tillögum leiklistarráðs, sbr. 17.–18. gr., en til starfsemi áhugaleikfélaga að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undirbúning og tilhögun styrkveitinga.

Um veitingu starfslauna til leikhúslistafólks fer samkvæmt ákvæðum laga um listamannalaun, nr. 35/1991, með síðari breytingum.

15. gr.

Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið er í árlegri fjárhagsáætlun þeirra.

16. gr.

Heimilt er menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að gera tímabundinn samning við rekstraraðila atvinnuleikhúss og hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög um fjárstuðning við leikhúsið, með fyrirvara um fjárveitingar í fjárlögum á samningstímanum. Heimilt er einnig að gera slíka samninga við lögaðila, félög eða stofnanir á sviði listdans, óperu og annarra sviðslista.

Í þessum efnum skal taka sérstakt tillit til leiklistarstofnana og félaga sem lengi hafa notið fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði.

IV. KAFLI
Leiklistarráð.

17. gr.

Menntamálaráðherra skipar leiklistarráð til tveggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti þrír fulltrúar. Leiklistarsamband Íslands tilnefnir einn, Bandalag sjálfstæðra atvinnuleikhúsa einn en einn er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í leiklistarráði meira en tvö starfstímabil í röð.

18. gr.

Leiklistarráð gerir tillögu til menntamálaráðuneytisins um úthlutun fjár sem veitt er í fjárlögum til stuðnings atvinnuleikhópum, sbr. 14. gr.

Ráðið veitir umsögn um leiklistarerindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um leiklistarmálefni.

Þóknun fulltrúa í leiklistarráði og annar kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI
Önnur ákvæði.

19. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Heimilt er að ákvæði er taka til starfsemi Þjóðleikhússins séu sett í sérstakri reglugerð.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi leiklistarlög, nr. 33/1977, með síðari breytingum, og lög nr. 58/1978, um Þjóðleikhús, með síðari breytingum. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 35/1991, um listamannalaun, sbr. 9. gr. laga nr. 144/1996, breytist á þá lund að í stað orðanna „framkvæmdastjórn leiklistarráðs“ kemur: leiklistarráði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að loknum ráðningartíma núverandi þjóðleikhússtjóra skal miða upphaf skipunartíma þjóðleikhússtjóra samkvæmt þessum lögum við 1. janúar.

412. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (refsiábyrgð lögaðila).

(Eftir 2. umr., 4. des.)

1. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, II. kafli A, **Refsiábyrgð lögaðila,** með þremur nýjum greinum, 19. gr. a–19. gr. c, svohljóðandi:

a. (19. gr. a.)

Lögaðila verður gerð fésekt þegar lög mæla svo fyrir.

b. (19. gr. b.)

Ákvæði í lögum um refsiábyrgð lögaðila gilda, nema annað sé þar tekið fram, um sérhvern ópersónulegan aðila sem getur átt réttindi og borið skyldur að íslenskum rétti, þar með talin hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, sameignarfélög, samvinnufélög, almenn félög, sjálfseignarstofnanir, stjórnvöld, stofnanir og sveitarfélög.

c. (19. gr. c.)

Refsiábyrgð lögaðila er bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Refsiábyrgð stjórnvalda er bundin því skilyrði að unninn hafi verið refsinæmur og ólögmætur verknaður í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila.

2. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 101/1976, orðast svo:

Þegar fjárhæð sektar er ákveðin skal eftir því sem við á höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu, framfærsluskyldu, öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans og þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af brotinu eða stefnt var að með því.

3. gr.

Við 52. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sökunautur, sem gerð hefur verið sekt, getur ekki krafið aðra um endurgreiðslu eða bætur vegna greiðslu sektarinnar.

4. gr.

Við 53. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, bætist nýr málsliður er orðast svo: Nú er lögaðila gerð sekt og er vararefsing þá eigi ákveðin.

5. gr.

Við 4. mgr. 82. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1998, bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Nú rofnar fyrningarfrestur gagnvart fyrirsvarsmanni lögaðila, starfsmanni hans eða öðrum á hans vegum og rofnar þá fyrningarfrestur jafnframt gagnvart lögaðilanum. Rof fyrningarfrests gagnvart lögaðila leiðir ekki til rofs á fyrningarfresti gagnvart fyrirsvarsmanni, starfsmanni eða öðrum á vegum lögaðilans.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

413. Frumvarp til laga [331. mál]

um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. lög nr. 161/1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. málsl. 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Í svæðisráði sitja sjö fulltrúar skipaðir af ráðherra til þess tíma er yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga kemur til framkvæmda, þó eigi lengur en til fjögurra ára.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa, að fenginni umsögn svæðisráða, til þess tíma er yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga kemur til framkvæmda, þó eigi lengur en til fimm ára.

3. gr.

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III með lögunum, sbr. lög nr. 161/1996, orðast svo:

Áður en yfirfærsla málaflokksins kemur til framkvæmda hafi Alþingi m.a. samþykkt:

a. ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins,
b. breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
c. sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við breytingar á lögum um málefni fatlaðra, nr. 161 31. desember 1996, var sett bráðabirgðaákvæði við lögin sem fól í sér að gerðar skyldu ráðstafanir til að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Í ákvæðinu var tekið fram að yfirfærsla málaflokksins kæmi til framkvæmda 1. janúar 1999, enda hefði Alþingi þá samþykkt þrenn ný lög, þ.e. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tækju til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Fljótlega var á það bent af hálfu félagsmálaráðuneytis að nokkur hætta væri á að undirbúningur sveitarstjórnarkosninga vorið 1998 gæti truflað þá tímaáætlun sem upphaflega var sett varðandi yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna. Sérstaklega átti þetta við um samninga milli ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Ljóst þótti að það gæti orðið erfiðleikum háð fyrir sveitarstjórnir að ganga frá þeim samningum á sama tíma og kjörtímabil þeirra væri að renna út.

Í janúar 1998 barst beiðni frá borgarstjóranum í Reykjavík um að fresta yfirfærslunni. Svipaðar beiðnir bárust frá fleiri sveitarfélögum. Eftir samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og verkefnisstjórn, sem hefur yfirumsjón með yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga, var talið rétt að verða við áðurgreindri beiðni og fresta yfirfærslunni.

Frestunin breytir engu um það að unnið er markvisst að undirbúningi yfirfærslunnar sem er viðamikið og vandasamt verk. Aðalatriðið er að þjónusta við fatlaða verði sem best tryggð til frambúðar, en ekki hitt hvort yfirfærslan á sér stað árinu fyrr eða síðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í lögum nr. 161/1996 er kveðið á um að fulltrúa í svæðisráð málefna fatlaðra skuli skipa til 1. janúar 1999. Sú dagsetning var sett þar sem áætlað var að yfirfærsla málefna fatlaðra miðaðist við þá dagsetningu. Eftir að henni hefur verið frestað um óákveðinn tíma verður skipunartími svæðisráða að taka mið af því. Svæðisráð getur þó ekki verið skipað til lengri tíma en fjögurra ára sem er skipunartími svæðisráða samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Um 2. gr.

Skv. 2. gr. laga nr. 161/1996 skulu framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa skipaðir til 1. janúar 1999. Sú dagsetning á ekki við lengur eftir að yfirfærslu málefna fatlaðra var frestað

um óákveðinn tíma. Fimm ára viðmiðunin er sett með hliðsjón af lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Um 3. gr.

Fellt er brott ákvæði um að yfirfærsla málaflokksins komi til framkvæmda 1. janúar 1999. Að öðru leyti er efni ákvæðisins óbreytt.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. lög nr. 161/1996.

Við breytingar á lögum um málefni fatlaðra, nr. 161/1996, var gert ráð fyrir að samningum milli ríkis og sveitarfélaga um að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta eða öllu leyti yrði lokið fyrir 1. janúar 1999. Ljóst er að þessum markmiðum laganna verður ekki náð á tilskildum tíma. Samkvæmt núgildandi lögum miðast skipunartími svæðisráða og framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa við framangreind tímamörk en með frumvarpinu er tekið mið af frestun samninga við sveitarfélögin um óákveðinn tíma. Gert hefur verið ráð fyrir fyrrgreindum kostnaði í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999 eins og undanfarin ár. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi annan kostnað í för með sér, verði það óbreytt að lögum.

414. Frumvarp til laga [332. mál]

um byggingarsamvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt ásamt öðrum byggingum sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna sem þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis.
b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.

c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessara laga taka til, skal hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“ í nafni sínu og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

2. gr.

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, sjá þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Lágmarksfjöldi stofnenda sé 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarksfjöldi stofnenda vera 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum er miði m.a. að því að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda, verði sem skýrust.

Ef tvö eða fleiri byggingarsamvinnufélög óska að sameinast skal stjórnum hlutaðeigandi félaga skylt að kynna félagsmönnum á fullnægjandi hátt að tillaga um sameiningu liggi fyrir.

Tillagan skal rædd á tveimur almennum félagsfundum og skoðast samþykkt ef ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna á síðari fundinum samþykkja tillöguna, enda séu fundirnir lögmætir samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi félags. Nú næst ekki tilskilinn meiri hluti í öðru eða einu þeirra félaga sem í hlut á og er tillagan þá felld að því er það félag varðar.

3. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár á eftirfarandi hátt:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal í samþykktum þess og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
b. Með varasjóðstillagi er nemi allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær sem samkvæmt ákvæðum laga þessara renna í stofn- og rekstrarsjóð. Nánari ákvæði um ráðstöfun varasjóðs skulu sett í reglugerð.
c. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsu framlagi hvers félagsmanns í stofnsjóð sem nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann og færist á nafn hans og er séreign hans. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Íbúðalánasjóði eða innlánsstofnunum. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum innlánsstofnana á innstæðutímum. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna endurgreiðast að viðbættum vöxtum þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki sem þeir eiga aðild að og ganga þá ásamt vöxtunum upp í byggingarkostnað. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m.a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður skulu þeir sem aðild eiga að honum kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna og skal þá umsækjendum raðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði um stofnsjóðseign, þannig að þeir sem fyrr uppfylltu skilyrðið gangi fyrir hinum sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim sem fullnægt hafa settum skilyrðum koma þeir sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð en ekki enn eignast tilskilinn $\frac{1}{5}$ hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum, þannig að þeir sem eiga meiri stofnsjóðseign ganga fyrir hinum sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis sem fyrr gengu í félagið.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum eða þarf að selja íbúðina áður en fimm ár eru liðin frá lóðarúthlutun og yfirtekur þá félagið eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagsmaður sem næstur er á umsóknalista um íbúðir taka við byggingarréttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigendaskiptunum.

5. gr.

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareiganda í málum sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar uns íbúðirnar hafa verið afhentar og er henni heimilt að taka að sér málarekstur á síðara stigi ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði allt að þeirri fjárhæð sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

6. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags að enginn sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á fimm ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra heimilað eftir tillögu viðkomandi byggingarflokks og að fenginni umsögn stjórnar byggingarsamvinnufélags að byggingarflokkur sem

heild segi sig úr félaginu. Slík úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi getur þó aldrei átt sér stað fyrr en fimm árum eftir að byggingarsamvinnufélagið hefur lokið framkvæmdum, enda hafi uppgjör byggingarflokksins farið fram og allir byggjendur hans séu skuldlausir við félagið.

Enda þótt heimild skv. 3. mgr. verði veitt geta einstakir íbúðareigendur eftir sem áður verið félagar í byggingarsamvinnufélaginu, enda komi fram sérstök viljayfirlýsing þeirra þar að lútandi.

7. gr.

Íbúðalánasjóður skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra, enda komi gjald fyrir.

8. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga um húsnæðismál skal Íbúðalánasjóður taka við réttindum og skyldum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna samkvæmt lögum þessum.

II.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra láta kanna starfshætti byggingarsamvinnufélaga. Að slíkri könnun lokinni skal ráðherra vinna að endurskoðun löggjafar um byggingarsamvinnufélög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um húsnæðissamvinnufélög og fjallar um byggingarsamvinnufélög. Kemur það, ef að lögum verður, í stað VI. kafla núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum. Orðalagi hefur lítillega verið breytt með tilliti til stofnunar Íbúðalánasjóðs og sameiningar Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Byggingarsamvinnufélög eiga sér nokkra sögu hér á landi. Í almennum athugasemdum er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, er saga þeirra að nokkru rakin. Hin síðari ár hefur dregið verulega úr starfsemi slíkra félaga. Hefur byggingarsamvinnufélagsformið ekki verið nýtt sem neinu nemur til byggingar eignaríbúða. Með lögum nr. 47/1991 voru þær breytingar gerðar á lánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins að ekki var lengur gert ráð fyrir að byggingarsamvinnufélög ættu kost á framkvæmdalánum til byggingar húsnæðis fyrir félagsmenn sína. Með lögum nr. 61/1993 var sú breyting gerð á ákvæðum um fjáröflun byggingarsamvinnufélaga að þau ættu ekki lengur kost á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna.

Eðlismunur er á byggingarsamvinnufélögum og húsnæðissamvinnufélögum og þykir því betur fara á að um byggingarsamvinnufélög sé fjallað í sérstakri löggjöf. Þá hefur dregið verulega úr starfsemi Byggingarsamvinnufélaga hin síðari ár. Af þeim sökum er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að félagsmálaráðherra kanni umfang og starfsemi byggingarsamvinnufélaga og hlutist til um að fram fari endurskoðun löggjafar um slík félög.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um byggingarsamvinnufélög.

Frumvarpið fylgir frumvarpi til laga um húsnæðissamvinnufélög og er þeim ætlað að koma í stað VI. og VII. kafla núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum. Í þeim köflum er fjallað um byggingarsamvinnufélög, húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Þar sem þetta efni á ekki heima í frumvarpi til laga um húsnæðismál sem tekur til lánveitinga þykir rétt að kveða á um skyldur og réttindi byggingarsamvinnufélaga og húsnæðissamvinnufélaga í sérstökum lögum.

Meginkaflar frumvarpsins eru efnislega samhljóða VI. kafla laga nr. 97/1993 og af því leiðir að frumvarp þetta mun ekki leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð, verði það óbreytt að lögum.

415. Frumvarp til laga [333. mál]

um húsnæðissamvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til félaga sem rekin eru að hætti samvinnufélaga og hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem íbúðir með búseturétti sem tryggir þeim ótímabundin afnot af þeim, gegn greiðslu búseturéttargjalds.

Markmið félaga skv. 1. mgr. skal jafnframt vera:

a. að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna sem þeir hyggjast síðar nota til kaupa á búseturétti,
b. að eiga aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögum um samvinnufélög, og hlutafélögum, þar með töldum einkahlutafélögum, enda standi slík félög að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir starfsemi húsnæðissamvinnufélaga.

Félag sem ákvæði þessara laga taka til skal hafa orðið *húsnæðissamvinnufélag* sem skammstafa má *hsf.* í nafni sínu. Jafnframt er öðrum óheimilt að bera slíkt heiti.

2. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Búsetuíbúð* er íbúð í eigu húsnæðissamvinnufélags.

2. *Búseturéttur* er ótímabundinn afnotaréttur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi af búsetuíbúð.
3. *Búseturétthafi* er félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi sem öðlast hefur búseturétt.
4. *Búsetusamningur* er samningur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi við félagið um búseturétt.
5. *Búseturéttargjald* er það gjald sem félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi greiðir til þess að öðlast búseturétt.
6. *Búsetugjald* er það gjald, sem búseturétthafi greiðir vegna rekstrar-, viðhalds- og fjármagnskostnaðar af búsetuíbúð.
7. *Búsetufélag* er félag búseturétthafa í ákveðnum byggingaráfanga eða á ákveðnu svæði sem sér um rekstur búsetuíbúða og starfar innan húsnæðissamvinnufélagsins.
8. *Húsnæðissamvinnufélag* er samvinnufélag sem á og hefur yfirumsjón með rekstri íbúða sem það hefur byggt eða keypt til þess að veita félagsmönnum sínum búseturétt gegn greiðslu búseturéttargjalds.

II. KAFLI
Félagsstofnun og búseturéttur.

3. gr.
Félagsstofnun.

Um félagsstofnun, skráningu, félagsstjórn, endurskoðun og félagsslit húsnæðissamvinnufélags, svo og önnur atriði sem lög þessi kveða ekki sérstaklega á um, skal eftir því sem við getur átt fara eftir ákvæðum laga um samvinnufélög á hverjum tíma.

Áður en skráning húsnæðissamvinnufélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið skal gera fyrirmynd að samþykktum er miði meðal annars að því að tryggja réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og búsetufélaga. Í samþykktum þessum skulu einnig vera ákvæði sem stuðla að því að fjármál félagsins, tilhögun framkvæmda og rekstur verði sem skýrust.

4. gr.
Stofnun búseturéttar.

Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélagið, enda greiði þeir ákveðna fjárhæð í stofnsjóð félagsins, sbr. d-lið 16. gr.

Hafi húsnæðissamvinnufélagi verið veitt lán vegna viðkomandi íbúðar á grundvelli laga um húsnæðismál og reglugerða settra samkvæmt þeim skal félagsmaður jafnframt uppfylla skilyrði sem þar eru sett.

Þegar félagsmaður notfærir sér rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna búseturéttargjald af hendi, sbr. 5. gr. Geri hann það ekki innan tilskilins tíma gengur rétturinn til næsta félagsmanns, sbr. 1. mgr.

Búseturétt geta þeir einir eignast eða keypt sem eru orðnir fjárráða.

5. gr.
Búseturéttargjald.

Búseturéttargjald, vegna íbúðar sem ráðstafað er í fyrsta sinn, ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði hennar eða kaupverði og hins vegar af lánsfé til langs tíma.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags ákveður fjárhæð búseturéttargjalds, sbr. 1. mgr., og hvenær það skuli innt af hendi.

Gangi búseturéttur kaupum til annars félagsmanns skal miða búseturéttargjald við upprunalegt verð, að teknu tilliti til kostnaðar seljanda vegna endurbóta, en draga frá kostnað vegna vanrækslu á viðhaldi.

Húsnæðissamvinnufélagi er heimilt að kveða á í samþykktum sínum að við ákvörðun búseturéttargjalds við endursölu skv. 3. mgr. skuli taka mið af hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

6. gr.

Búseturéttur.

Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn afnotarétt yfir íbúð, enda standi hann skil á gjöldum til félagsins af íbúðinni. Brjóti félagsmaður gegn lögum, reglugerðum eða samþykktum um húsnæðissamvinnufélög eða búsetufélög má svipta hann afnotarétti yfir íbúðinni. Gefa skal félagsmanni eina skriflega viðvörun áður en til slíks kemur.

Enginn einstaklingur getur átt nema einn búseturétt og enginn getur átt búseturétt nema hann búi jafnframt í því íbúðarhúsnæði sem búseturéttinum fylgir, sbr. þó ákvæði 7. gr. um ráðstöfun búseturéttar og 14. gr. um framleigu samkvæmt sérstökum reglum. Eigandi búseturéttar er að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem hafa haft sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár.

Nú óskar ríki, sveitarfélag eða almannasamtök eftir að fá að ráðstafa búseturétti yfir einni eða fleiri íbúðum húsnæðissamvinnufélags og skal þá erindi um slíka ráðstöfun koma frá félagsmálaráðuneytinu og þess gætt að með þeim hætti verði ekki ráðstafað meira en 20% íbúða félagsins.

7. gr.

Ráðstöfun búseturéttar.

Réttur búseturétthafa til íbúðar er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Húsnæðissamvinnufélagið getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð færist yfir til maka við andlát félagsmanns, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi. Sá sem þannig eignast búseturétt eignast um leið aðild að húsnæðissamvinnufélaginu í stað fyrri búseturétthafa, enda notfæri hann sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu.

Hafi húsnæðissamvinnufélagi verið veitt lán vegna viðkomandi íbúðar á grundvelli laga um húsnæðismál og reglugerða settra samkvæmt þeim skal félagsmaður jafnframt uppfylla skilyrði sem þar eru sett.

8. gr.

Vanskil félagsmanns.

Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 10. gr. Búseturétthafa er óheimilt að veðsetja búseturétt sinn.

Komi til meiri háttar vanskila félagsmanns missir hann rétt sinn til húsnæðisins, enda hafi skil ekki borist þrátt fyrir ítrekaða viðvörun. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins tekur ákvörðun um að vísa félagsmanni úr húsnæðinu að fenginni tillögu frá búsetufélagi.

Nánari reglur um búseturétt skulu settar með reglugerð.

III. KAFLI
Búsetufélög.

9. gr.
Stofnun búsetufélags.

Þegar hafnar eru framkvæmdir við byggingu nýrra íbúða skal stjórn húsnæðissamvinnufélags sjá til þess að búseturétthafar geti fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi og verið með í ráðum.

Þegar lokið er framkvæmdum við byggingu íbúða á ákveðnu svæði skulu þeir sem þar hafa keypt sér búseturétt mynda með sér búsetufélag. Einnig er heimilt að stofna búsetufélag fyrr eða fljótlega eftir úthlutun óski búseturétthafar í tilteknu húsi eða á tilteknu svæði eftir því. Stjórn húsnæðissamvinnufélags skal fjalla um og taka afstöðu til slíkra óska.

Óski búseturétthafar í tilteknum byggingaráfanga, þar sem íbúðir eru tíu eða færri, ekki eftir að mynda sérstakt búsetufélag fer stjórn húsnæðissamvinnufélagsins með þau verkefni sem annars væru í höndum búsetufélagsins, en byggingaráfanginn skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Óski meiri hluti búseturétthafa í byggingaráfanganum eftir stofnun sérstaks búsetufélags skal stjórn húsnæðissamvinnufélags verða við því.

Búsetufélag hefur aðskilinn fjárhag og setur sér við stofnun samþykktir um réttindi, fjármál og ábyrgð, bæði gagnvart félagsmönnum þess og gagnvart húsnæðissamvinnufélaginu. Þessar samþykktir þarf húsnæðissamvinnufélag og félagsmálaráðuneytið að staðfesta. Félagsmálaráðuneytið setur reglur um form fyrir samþykktir búsetufélaga.

10. gr.
Ábyrgð búsetufélags og búsetugjald.

Búsetufélag ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja og innheimtir öll gjöld hjá félagsmönnum sínum vegna rekstrarkostnaðar, viðhalds og fjármagnskostnaðar. Þessir gjaldaliðir eru sameinaðir í eitt gjald, búsetugjald.

Fjárhæð búsetugjalds hverju sinni ákveður stjórn búsetufélagsins á grundvelli áætlunar um þá gjaldaliði sem nefndir eru í 1. mgr. Ákvörðun um fjárhæð búsetugjalds getur hver félagsmaður skotið til úrskurðar stjórnar húsnæðissamvinnufélags.

Búsetufélag ábyrgist full skil til húsnæðissamvinnufélags á fjármagnskostnaði af íbúðum þar sem húsnæðissamvinnufélagið er eigandi þeirra.

Búsetufélag skal skila staðfestum og samþykktum ársreikningum til húsnæðissamvinnufélags fyrir 1. júlí ár hvert.

11. gr.
Veðsetning íbúða.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur án samþykkis búsetufélags veðsett íbúðir fyrir lánum sem tekin eru til byggingar eða kaupa á þeim.

Óheimilt er að veðsetja íbúðirnar fyrr en áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs eða lán sem sjóðurinn hefur yfirtekið samkvæmt eldri lögum eru orðin lægri en 75% af uppfærðu verði þeirra.

Stjórn búsetufélags þarf að samþykkja veðsetningar vegna lána sem tekin kunna að verða síðar til endurbóta og viðhalds á fasteignum. Með reglugerð má takmarka þær veðsetningarheimildir.

IV. KAFLI
Réttindi og skyldur búseturétthafa.

12. gr.
Búsetusamningur.

Hver sá sem hefur fengið keyptan búseturétt skal gera búsetusamning við húsnæðissamvinnufélagið sem hann er félagsmaður í. Samningurinn er óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélagsins nema búseturétthafi geri sig sekan um grófar vanefndir á skyldum sínum, svo sem vegna áberandi vanhirðu eða endurtekinna vanskila. Uppsagnarfrestur af hálfu búseturétthafa er hins vegar sex mánuðir. Áður en sá tími er liðinn þarf að liggja fyrir nýr búsetusamningur við þann félagsmann sem næstur er í röðinni um endurúthlutun. Sé enginn slíkur félagsmaður hefur seljandi búseturéttar heimild til að benda á nýjan félagsmann sem fullnægir skilyrðum laganna. Takist hvorugt innan sex mánaða er húsnæðissamvinnufélaginu heimilt að fresta endurgreiðslu á andvirði búseturréttar í allt að sex mánuði frá lokum uppsagnarfrests og skal fullnaðargreiðsla til seljanda búseturéttar eiga sér stað í síðasta lagi innan tólf mánaða frá uppsögn búsetusamnings. Um endurgreiðslu andvirðis búseturéttar fer að öðru leyti eftir því sem segir í 13. gr. laga þessara.

Búsetusamningur skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim. Hann skal einnig samrýmast samþykktum búsetufélags sem félagsmaðurinn er í og húsnæðissamvinnufélagsins. Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir búsetusamninga.

Í búsetusamningi skal kveðið á um uppsögn og riftun, afhendingu íbúðar, viðhald og viðhaldssjóð, greiðslu rekstrarkostnaðar og fjármagnskostnaðar, umgengnisreglur og réttindi, tryggingu fyrir greiðslum, framleigu, ráðstöfun búseturéttar við andlát, hjúskaparslit o.fl. Í búsetusamningi skulu einnig vera ákvæði um úttekt og mat á íbúðinni.

13. gr.
Endurgreiðsla andvirðis búseturéttar.

Hætti búseturétthafi afnotum af íbúð skal andvirði búseturéttarins endurgreitt honum í samræmi við fyrirmæli 3. og 4. mgr. 5. gr. og að gættum ákvæðum 1. mgr. 12. gr.

Í samþykktum húsnæðissamvinnufélaga skal kveðið á um hvernig hagað skuli mati og úttektum á búsetuíbúðum, þar á meðal vegna endurbóta og vanrækts viðhalds. Nái aðilar búsetusamnings ekki samkomulagi á grundvelli þeirra reglna skal fara eftir ákvæðum gildandi húsaleigulaga um úttektir og mat á leiguhúsnæði, eftir því sem við getur átt.

Takist ekki að úthluta búseturétti til nýs félagsmanns innan þess tíma sem ákveðinn er í 1. mgr. 12. gr. getur félagið fengið kostnað sinn við að endurúthluta búseturéttinum bættan úr varasjóði, sbr. c-lið 16. gr. Á sama hátt getur húsnæðissamvinnufélag fengið greitt úr varasjóði kostnað við að endurákvarða búseturéttargjald til síðari félagsmanna.

Í samþykktum skal nánar mælt fyrir um rétt húsnæðissamvinnufélags til þess að fá tjón sitt bætt skv. 3. mgr.

14. gr.
Framleiga.

Ekki er heimilt að framleigja íbúð með búseturétti nema með samþykki stjórnar húsnæðissamvinnufélags. Óski búseturétthafi eftir því að íbúðin verði framleigð öðrum skal stjórn húsnæðissamvinnufélags gefa svar innan 30 daga. Framleiga er ekki heimil nema búseturétthafi hafi brýna þörf fyrir það, svo sem vegna tímabundins starfs eða náms annars staðar. Leigutími skal þá vera í mesta lagi eitt ár í einu. Leigusamningur, sem eigi er áritaður af hús-

næðissamvinnufélagi, er ógildur. Nú verður leigjandi fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Húsnæðissamvinnufélag getur rift leigusamningi sem er ógildur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og krafist útburðar leigjanda.

15. gr.

Viðhaldssjóður.

Félagsmenn í búsetufélagi skulu leggja reglulega fé í viðhaldssjóð sem aðalfundur búsetufélags ákveður gjöld til hverju sinni. Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags getur þó ákveðið lágmarksgjald í viðhaldssjóð. Framlag í viðhaldssjóð er hluti búsetugjalds skv. 10. gr.

Með viðhaldssjóði skal standa straum af viðhaldi fasteignar utan húss, sem búsetufélagið annast, og viðhaldi íbúða sem búseturétthafi hverrar íbúðar annast og ber ábyrgð á. Félagsmaður fær fé úr viðhaldssjóðnum til viðhalds íbúðar sinnar samkvæmt nánari reglum þar um sem aðalfundur búsetufélagsins setur.

V. KAFLI

Fjármál.

16. gr.

Fjáröflun.

Húsnæðissamvinnufélagi skal aflað fjár sem hér segir:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal á aðalfundi samkvæmt samþykktum þess. Sjóði þessum skal varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi.
b. Með lánum úr Íbúðalánasjóði samkvæmt lögum um húsnæðismál og með öðrum lánum á almennum markaði. Íbúðum, sem húsnæðissamvinnufélögum er veitt lán til samkvæmt þessum staflið, skal skila fullgerðum til félagsmanna.
c. Með framlagi í varasjóð sem nema skal 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Í varasjóð rennur enn fremur árlegt framlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
d. Með inntökugjöldum félagsmanna sem leggjast í stofnsjóð félagsins, sbr. 1. mgr. 4. gr. Stjórn félagsins getur ákveðið að framlög félagsmanna, eða hluti framlaga þeirra, til kaupa á búseturétti renni í stofnsjóð sem séreign hvers félagsmanns. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar á reikningi hjá viðurkenndri lánastofnun. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanns endurgreiðast að viðbættum vöxtum og verðbótum þegar búseturéttargjald er greitt. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu eða brottflutning af félagssvæðinu, enda hafi félagsmaður fullnægt öllum skuldbindingum við félagið.
e. Með gjöldum fyrir veitta þjónustu við félagsmenn og aðra sem renna í rekstrarsjóð samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar.

17. gr.

Kvaðir.

Húsnæðissamvinnufélögum er óheimilt að selja íbúðir sínar á meðan á þeim hvíla lán Íbúðalánasjóðs eða lán sem sjóðurinn hefur yfirtekið samkvæmt eldri lögum.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.
Setning reglugerðar.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.
Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

20. gr.
Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Samþykktir sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest fyrir húsnæðissamvinnufélög og einstök búsetufélög í tíð eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins halda gildi sínu.

Búsetusamningar sem gerðir hafa verið á grundvelli eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara skulu húsnæðissamvinnufélög endurskoða samþykktir sínar m.a. með hliðsjón af ákvæðum 5. gr. og 13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga um húsnæðismál skal Íbúðalánasjóður yfirtaka öll eldri lán sem Byggingarsjóður verkamanna og eftir atvikum Byggingarsjóður ríkisins hafa veitt til húsnæðissamvinnufélaga vegna búsetuíbúða, ásamt þeim réttindum og skyldum sem slíkum lánum fylgja.

II.

Við endurgreiðslu búseturéttargjalds til þeirra er gert hafa búsetusamning fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 13. gr., skal enn fremur gæta ákvæða 6. mgr. 76. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu. Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp til laga um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög. Var því frumvarpi ætlað að fylgja frumvarpi til laga um húsnæðismál er samþykkt var sem lög frá Alþingi 3. júní 1998. Við samningu frumvarpsins hefur verið litið til þeirra athugasemda sem komu fram við meðferð félagsmálanefndar á frumvarpinu, svo og síðari athugasemda húsnæðissamvinnufélagsins Búseta hsf. og athugasemda er bárust frá einstaklingum er staðið hafa að undirbúningi að stofnun húsnæðissamvinnufélagsins Búmenn.

Frumvarp það sem hér er lagt fram fjallar um húsnæðissamvinnufélög. Kemur það, ef að lögum verður, í stað VII. kafla gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum. Með lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, er sú stefna mörkuð að fjalla í sérstökum lögum um opinberar lánveitingar til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði. Er þar gert ráð fyrir að húsnæðissamvinnufélög geti líkt og önnur félög átt kost á lánveitingum skv. VIII. kafla laganna og enn fremur skv. 15. og 16. gr. þeirra laga. Ekki þykir fara vel á því að í sérlögum um húsnæðissamvinnufélög, sem geyma fyrirmæli um skipulag og starfs-

hætti slíkra félaga, sé jafnframt fjallað um lánveitingar Íbúðalánasjóðs. Nokkur eðlismunur er á byggingarsamvinnufélögum og húsnæðissamvinnufélögum og þykir betur fara á því að um byggingarsamvinnufélög sé fjallað í sérstakri löggjöf. Samhliða frumvarpi þessu er því lagt fram frumvarp til laga um byggingarsamvinnufélög.

Í frumvarpinu hefur orðalagi lítillega verið breytt, einkum með tilliti til stofnunar Íbúðalánasjóðs og sameiningar Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Þá þykir ekki ástæða til þess að hafa í frumvarpinu ákvæði er snerta umsóknir um lán og skilyrði lánveitinga, sbr. 115.–117. gr. gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í 2. gr. hafa verið teknar inn helstu skilgreiningar hugtaka til frekari skýrleika en slíkar skilgreiningar er ekki að finna í gildandi lögum. Helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá gildandi lögum koma fram í 5. og 13. gr. og fela í sér að kveðið er skýrar á um hvernig meta eigi ástand húsnæðis við endurgreiðslu búseturéttar og um heimildir húsnæðissamvinnufélaga til þess að endurákvarða búseturéttargjald við endurráðstöfun búseturéttar til annars félagsmanns. Um aðrar breytingar er vísað til skýringa við einstök ákvæði frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efni greinarinnar er að meginstefnu byggt á 101. gr. gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í greininni er fjallað um til hvaða félaga lögin taki og hver séu markmið þeirra. Lagðar eru til nokkrar breytingar á orðalagi gildandi ákvæðis er leiðir af breytingum á lánveitingum til húsnæðissamvinnufélaga samkvæmt lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál.

Ekki þykir ástæða til þess að taka sérstaklega fram að það skuli vera markmið húsnæðissamvinnufélags að útvega lán til byggingarframkvæmda og rekstrar sem slík félög annast.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök sem fram koma í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 102. gr. gildandi laga. Þó hefur orðalagi 1. mgr. verið breytt nokkuð til að taka af öll tvímæli um tengsl frumvarpsins og almennra laga um samvinnufélög.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru að efni til byggð á 1. mgr. 103. gr. gildandi laga. Bætt hefur verið við tilvísun til d-liðar 16. gr. frumvarpsins, til nánari skýringar. Í núgildandi ákvæði er enn fremur vísað til þess að félagsmaður skuli einnig fullnægja skilyrðum 64.–66. gr. um rétt einstaklinga til félagslegra íbúða. Þar sem nú er gert ráð fyrir að um lánveitingar til félaga og félagasamtaka, þar á meðal til húsnæðissamvinnufélaga, geti farið samkvæmt lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, á tilvísun þessi ekki lengur við. Er því lagt til í 2. mgr. að hafi húsnæðissamvinnufélagi verið veitt lán á grundvelli laga um húsnæðismál gildi jafnframt þau skilyrði sem þar eru sett um ráðstöfun íbúða, sbr. 1. mgr. 37. gr. þeirra laga.

3. og 4. mgr. er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 103. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Greinin er byggð á 104. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er kveðið á um að búseturéttargjald íbúðar sem ráðstafað er í fyrsta sinn ákvarðist annars vegar af byggingarkostnaði hennar eða kaupverði og hins vegar af lánsfé til langs tíma. Með hliðsjón af ákvæðum 36. gr. laga nr.

44/1998, um húsnæðismál, má ætla að gjaldið geti numið 10% af byggingarkostnaði eða kaupverði þegar um er að ræða lánveitingar til leiguíbúða skv. VIII. kafla laganna. Á sama hátt er gert ráð fyrir að fjárhæð búseturéttargjalds taki mið af því hlutfalli af byggingarkostnaði eða kaupverði sem húsnæðissamvinnufélag fær lánað til, enda þótt um annars konar lán sé að ræða.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 104. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er fjallað um ákvörðun búseturéttargjalds þegar búseturéttur gengur til annars félagsmanns, en þá er gert ráð fyrir að gjaldið miðist við upprunalegt kaupverð, en að teknu tilliti til ástands íbúðar.

Í 4. mgr. er vikið að heimild húsnæðissamvinnufélags til þess að ákveða í samþykktum sínum að ákvörðun búseturéttargjalds við endursölu skuli taka mið af vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Rétt þykir að hlutaðeigandi húsnæðissamvinnufélag taki sjálft ákvörðun um hvort taka skuli upp ákvæði um verðtryggingu.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 105. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er hugtakið afnotaréttur notað í staðinn fyrir umráðarétt til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er að finna efnislega samhljóða ákvæði því sem nú er í 106. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er að finna tilvísun til þess að húsnæðissamvinnufélag kann að vera bundið af ákvæðum laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sbr. einkum 1. mgr. 37. gr. þeirra laga um ráðstöfun íbúða. Þegar um slíkt er að ræða þarf hlutaðeigandi félagsmaður jafnframt að fullnægja þeim skilyrðum sem þar eru sett.

Um 8. og 9. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 107. og 108. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um ákvörðun búsetugjalds og um ábyrgð búsetufélags á rekstri félagsins. Ákvæði 1.–3. mgr. eru efnislega samhljóða 109. gr. gildandi laga. Stjórn búsetufélags ákveður búsetugjaldið óháð því hvort á viðkomandi íbúð hvílir lán til leiguíbúða, skv. VIII. kafla laga nr. 44/1998, annars konar lán Íbúðalánasjóðs eða önnur lán.

Í 4. mgr. er nýmæli þar sem kveðið er á um skyldu búsetufélags til að skila ársreikningum til húsnæðissamvinnufélags sem hafa verið endurskoðaðir í samræmi við samþykktir búsetufélagsins og staðfestir á aðalfundi þess.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 110. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er vísað almennt til lána sem húsnæðissamvinnufélag tekur til byggingar eða kaupa á íbúðum og kveðið á um að ekki þurfi samþykki búsetufélags í slíkum tilvikum. Þegar litið er til þess að húsnæðissamvinnufélög geta fjármagnað byggingar eða kaup á íbúðarhúsnæði á mismunandi hátt þykir ekki ástæða til þess að taka fram að í stað Byggingarsjóðs verkamanna í komi Íbúðalánasjóður.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 111. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Greinin er nýmæli. Í 111. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er við það miðað að um endurgreiðslu andvirðis búseturéttar fari eftir 6. mgr. 76. gr. þeirra laga, en þar er gert ráð fyrir að búseturéttargjald hlutaðeigandi verði endurgreitt honum með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, en án vaxta.

Ekki þykir rétt að svo stöddu að afnema skyldu húsnæðissamvinnufélaga til þess að leysa til sín búseturéttinn og annast um endurgreiðslu andvirðis hans. Slíkt fæli í sér grundvallarbreytingu á uppbyggingu og skipulagi húsnæðissamvinnufélaga frá því sem nú er og gæti haft í för með sér verulegar byrðar fyrir einstaka félagsmenn. Er í því sambandi rétt að benda á að hlutaðeigandi íbúðir eru í eigu húsnæðissamvinnufélagsins og hömlur eru lagðar á heimildir félagsmanna til þess að ráðstafa búseturéttinum, sbr. 7., 8. og 14. gr. Þá er fyrirsjáanlegt að ýmis vandkvæði geta komið upp, svo sem hvernig skuli gæta ákvæða 1. mgr. 37. gr. laga um húsnæðismál að því er snertir ráðstöfun leiguhúsnæðis.

Í 2. mgr. er fjallað um hvernig skuli meta ástand húsnæðis við endurgreiðslu andvirðis búseturéttarins. Ákvæðið hefur þýðingu við ákvörðun búseturéttargjaldsins, við endursölu búseturéttar, sbr. 3. mgr. 5. gr. Í niðurlagi 3. mgr. 104. gr. gildandi laga er tekið fram að um mat á ástandi húsnæðis fari eftir samkomulagi eða mati. Ekki er að finna leiðbeiningar um hvernig það skuli nánar gert. Gera verður ráð fyrir að í samþykktum hlutaðeigandi húsnæðissamvinnufélags komi fram eftir hvaða reglum skuli meta ástand íbúðar við endurgreiðslu búseturéttar. Lagt er til að verði ekki samkomulag um matið verði unnt að leysa ágreininginn á grundvelli ákvæða húsaleigulaga, nr. 36/1994, um úttektir og mat á leiguhúsnæði eftir því sem við getur átt.

Í 3. mgr. 5. gr. er rakið með hvaða hætti skuli ákveða búseturéttargjald þegar búseturétti er ráðstafað til annars félagsmanns. Rétt þykir í upphafi greinarinnar að vísa þangað um framkvæmdina. Takist ekki að ráðstafa búseturéttinum til annars félagsmanns þrátt fyrir heimildir 1. mgr. 12. gr. er ljóst að húsnæðissamvinnufélagið getur orðið fyrir fjárútlátum vegna þess, t.d. vegna verulegra viðgerða eða endurbóta. Upp getur komið sú staða að ógerningur reynist að ráðstafa búsetuíbúð. Getur slíkt komið upp þegar reiknað búseturéttargjald reynist orðið of hátt miðað við verðgildi húseignarinnar, en þá getur verið rétt að lækka búseturéttargjaldið til síðari félagsmanna. Undir slíkum kringumstæðum ætti félagið að geta fengið mismuninn bættan úr varasjóði samkvæmt nánari fyrirmælum í samþykktum þess.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 112. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 113. gr. gildandi laga nema að því er varðar nýmæli þess efnis að aðalfundur húsnæðissamvinnufélags geti ákveðið lágmarksframlag í viðhaldssjóð.

Um 16. gr.

Greinin er að efni til samhljóða a–d-lið 114. gr. gildandi laga og Íbúðalánasjóðs getið í stað Byggingarsjóðs verkamanna. Leggja verður áherslu á að í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, er almennt fjallað um lánveitingar, þar á meðal til húsnæðissamvinnufélaga en í frumvarpi þessu um uppbyggingu og einkenni slíkra félaga. Undirstrikað er í b-lið ákvæðisins að húsnæðissamvinnufélög geti einnig fjármagnað starfsemi sína með lánum á almennum markaði.

Þýðingarmikið er að húsnæðissamvinnufélög byggi upp öfluga varasjóði til þess að mæta óvæntum áföllum, svo sem vegna byggingargalla eða þegar ekki tekst að endurúthluta búseturétti, sbr. 3. mgr. 5. gr. og 13. gr.

Nýmæli er að finna í e-lið þar sem lagt er til að húsnæðissamvinnufélögum verði heimilað að taka gjald fyrir veitta þjónustu við félagsmenn og aðra sem renna skuli í rekstrarsjóð samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar. Hér er fyrst og fremst um að ræða gjöld fyrir ýmis verk sem tengjast skyldum húsnæðissamvinnufélaga samkvæmt frumvarpinu, t.d. við kaup og sölu búseturéttar. Gera verður ráð fyrir að aðalfundur ákveði fjárhæð gjaldsins, sem byggt verði á glöggum kostnaðargrundvelli þannig að það standi undir veittri þjónustu.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 117. gr. gildandi laga og kveðið á um Íbúðalánasjóð sem lánveitanda.

Um 18. og 19. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 118. og 119. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Í 4. mgr. lagt til að starfandi húsnæðissamvinnufélög hugi að breytingum á samþykktum sínum í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 5. og 13. gr. frumvarpsins. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er frumvarp þetta fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um húsnæðismál. Rétt er því að taka fram í frumvarpi þessu að Íbúðalánasjóður skuli yfirtaka öll eldri lán Byggingarsjóðs verkamanna sem veitt hafa verið til húsnæðissamvinnufélaga og eftir atvikum þau lán sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði ríkisins ásamt þeim réttindum og skyldum sem slíkum lánum fylgja.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er kveðið á um að við endurgreiðslu búseturéttar skuli einnig gæta ákvæða um verðtryggingu gagnvart þeim aðilum sem gert hafa búsetusamninga fyrir 1. janúar 1998. Ekki þykir rétt að slík ákvæði verði afnumin með afturvirkum hætti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðissamvinnufélög.

Frumvarpið fylgir frumvarpi til laga um byggingarsamvinnufélög og er þeim ætlað að koma í stað VI. og VII. kafla núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum. Í þeim köflum er fjallað um byggingarsamvinnufélög, húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Þar sem þetta efni á ekki heima í frumvarpi til laga um húsnæðismál sem tekur til lánveitinga þykir rétt að kveða á um skyldur og réttindi byggingarsamvinnufélaga og húsnæðissamvinnufélaga í sérstökum lögum.

Meginkaflar frumvarpsins eru efnislega samhljóða VII. kafla laga nr. 97/1993 og af því leiðir að frumvarp þetta mun ekki leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð, verði það óbreytt að lögum.

416. Frumvarp til laga [334. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Í stað orðanna „Þar til IV. og V. kafli laga þessara taka gildi“ í ákvæði til bráðabirgða með lögunum kemur: Til og með 31. desember 1999.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með 1. gr. laga nr. 89/1997, um breytingu á lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, var felld úr gildi 2. mgr. 6. gr. laga nr. 93/1992 þar sem kveðið var á um leyfisveitingu sjávarútvegsráðherra til innflutnings lifandi fiska, skrápdýra, liðdýra eða lindýra sem lifa í söltu vatni. Í athugasemdum með frumvarpinu kom fram að ákvæðum 2. mgr. 6. gr. um innflutning væri ofaukið þar sem samkvæmt frumvarpinu skyldi fjallað um innflutning í IV. og V. kafla laganna. Lög nr. 93/1992 voru leyst af hólmi með lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Þau ákvæði laga nr. 89/1997 sem breytt höfðu lögum nr. 93/1992 voru tekin að mestu óbreytt inn í lög nr. 55/1998. Í samræmi við það var lögfest bráðabirgðaákvæði þar sem gildistaka niðurfellingar á leyfisveitingu sjávarútvegsráðherra var bundin gildistöku IV. og V. kafla laganna sem er að mestu samhljóða IV. og V. kafla laga nr. 93/1992.

Tilskipun 90/425 EBE fjallar um eftirlit með heilbrigði lifandi dýra og dýraafurða frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Tilskipun 91/496 EBE fjallar um eftirlit með heilbrigði lifandi dýra og dýraafurða frá þriðju ríkjum. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 17. júlí 1998 um breytingu á viðauka I við EES-samninginn tekur Ísland þessar gerðir aðeins yfir að hluta. Í ákvörðuninni er að finna ákvæði þar sem segir að innflutningur lifandi dýra til og frá Íslandi skuli ekki heimilaður nema þegar um er að ræða tilteknar tegundir, þ.e. humar, lúðuseiði, barrahrogn og hrogn og svil Atlantshafslax, regnbogasilungs og bleikju. Samkvæmt ákvörðuninni átti að endurskoða þetta ákvæði fyrir 1. júlí 1998. ESB hefur nú farið óformlega fram á að ákvæðið verði endurskoðað. Ekkert liggur enn fyrir um að af endurskoðun verði og því er óljóst hvort eða hvernig framangreindu ákvæði verður breytt.

Þegar bráðabirgðaákvæði laga nr. 55/1998 fellur úr gildi verður IV. og V. kafla laganna beitt við innflutning þeirra lifandi dýra sem undir bráðabirgðaákvæðið falla. Í því felst að þessi dýr verða flutt inn til landsins frá öðrum ríkjum án þess að sækja þurfi um leyfi fyrir innflutningnum. Þegar dýrin koma frá öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins verður aðeins um skyndiskoðanir að ræða og ekki unnt að stöðva innflutninginn nema öryggisákvæði 24. gr. laganna eigi við. Telja verður að IV. og V. kafli laga nr. 55/1998 tryggi ekki

nægilegt eftirlit með innflutningi lifandi dýra sem nú falla undir bráðabirgðaákvæði laga nr. 55/1998, annarra en tegunda sem reglur Evrópska efnhagssvæðisins ná til samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Embætti yfirdýralæknis hefur lýst yfir áhyggjum vegna þessa. Þykir því rétt að framlengja gildistíma bráðabirgðaákvæðis laga nr. 55/1998 um eitt ár. Með því er tryggt að áfram verði unnt að viðhafa fullnægjandi eftirlit með innflutningi á þeim tegundum sem falla undir bráðabirgðaákvæði laga nr. 55/1998. Þá ætti að skýrast á gildistímanum hvort af að endurskoðun framangreinds ákvæðis viðaukans verður.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Með frumvarpinu er lagt til að framlengt verði ákvæði til bráðabirgða, um að leitað skuli leyfis sjávarútvegsráðherra til innflutnings á lifandi sjávardýrum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs, verði það að lögum.

417. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar (ÖS, ÁRJ).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „miðlægs gagnagrunns“ komi: miðlægra gagnagrunna.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „miðlægs gagnagrunns“ í 1. málsl. komi: miðlægra gagnagrunna.
3. Við 3. gr. Orðið „einn“ í 1. tölul. falli brott.
4. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Gerð og starfræksla gagnagrunns á heilbrigðissviði er heimil þeim sem fengið hafa rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum.
5. Við 6. gr. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Nefndin skal gæta hagsmuna heilbrigðisþjónustunnar við samningsgerðina og tryggja að ekki verði aðrar upplýsingar fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði en kveðið er á um í samningum við rekstrarleyfishafa.
6. Við 7. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í samningum heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna við rekstrarleyfishafa skal m.a. kveðið á um hvaða upplýsingar úr sjúkraskrám skuli fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði og settar þær takmarkanir sem heilbrigðisyfirvöld, heilbrigðisstofnanir og faglegir stjórnendur telja nauðsynlegar.
7. Við 8. gr.
   a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Foreldrar skulu eftir því sem kostur er hafa börn með í ráðum þegar þau ákveða hvort upplýsingar úr

sjúkraskrám þeirra verða fluttar í gagnagrunninn og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri. Óski sjúklingur að hætta þátttöku getur hann jafnframt krafist eyðingar allra upplýsinga um hann sem fluttar hafa verið í gagnagrunninn.

b. Í stað orðanna „slíkri beiðni“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: slíkum beiðnum.

8. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Óheimilt er að nota heilsufarsupplýsingar sem fluttar eru í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði eða vitneskju sem verður til vegna rannsókna eða fyrirspurna sem gerðar eru fyrir tilstilli hans til að skaða eða mismuna einstaklingum eða hópum, svo sem á vinnumarkaði, tryggingamarkaði eða með öðrum hætti.

9. Við bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (IV.)

Frá gildistöku laganna og þangað til flutningur upplýsinga hefst í gagnagrunn á heilbrigðissviði skal landlæknir standa fyrir rækilegri upplýsingaherferð til að kynna almenningi rétt hans til að synja þátttöku í miðlægum gagnagrunni, sbr. 8. gr.

b. (V.)

Alþingi skal eigi síðar en árið 2000 samþykkja lög um erfðapróf og erfðaskimun þar sem m.a. er bönnuð hvers kyns mismunun í krafti upplýsinga um arfgerð.

418. Frumvarp til fjáraukalaga [173. mál]

fyrir árið 1998.

(Eftir 2. umr., 7. des.)

Samhljóða þskj. 178 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1998, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**9.104,0**	**9.487,0**
Skattar á tekjur og hagnað	2.119,0	2.536,0
Tryggingagjöld	651,0	639,0
Eignarskattar	-16,0	-112,0
Skattar á vörur og þjónustu	6.350,0	6.424,0
Aðrar rekstrartekjur	107,0	57,0
Sala eigna	-121,0	-121,0
Tekjur samtals	**9.090,0**	**9.423,0**

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	12,0	12,0
Forsætisráðuneyti	204,8	204,8
Menntamálaráðuneyti	569,9	569,9
Utanríkisráðuneyti	340,6	340,6
Landbúnaðarráðuneyti	425,1	425,1
Sjávarútvegsráðuneyti	60,3	60,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	357,6	357,6
Félagsmálaráðuneyti	327,5	327,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	760,2	760,2
Fjármálaráðuneyti	10.667,7	1.475,7
Samgönguráðuneyti	415,4	446,4
Iðnaðarráðuneyti	53,0	53,0
Viðskiptaráðuneyti	15,8	15,8
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	121,0	121,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-400,0	-1.150,0
Gjöld samtals	**13.930,9**	**4.019,9**
Tekjujöfnuður	**-4.840,9**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-4.840,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	8.650,0
Fjárheimildir sem ekki leiða til gjaldfærslu í reikninga ársins	1.288,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	2.717,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	446,0
Handbært fé frá rekstri	**8.260,1**
Fjármunahreyfingar	
Veitt löng lán	2.275,0
Afborganir veittra lána	-290,0

	m.kr.
Sala hlutabréfa og eignarhluta	-1.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**985,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**9.245,1**
Fjármögnun	
Tekin löng lán	-2.750,0
Afborganir lána	-6.528,1
Fjármögnun samtals	-9.278,1
Breyting á handbæru fé	**-33,0**

Sundurliðun 2.

Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir breytast eða bætast við og hljóða svo:

00-101 Embætti forseta Íslands

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	3,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.06 Almennur rekstur	8,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,5

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	49,5
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	1,0
1.23 Hrafnseyri	3,0
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	4,0
1.53 Landafundanefnd	13,5

	m.kr.
1.90 Ýmis verkefni	7,5
1.91 Heimssýning í Lissabon	17,0
Almennur rekstur samtals	95,5
Gjöld samtals	**95,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	95,5

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðhagsstofnun	4,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,5

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.03 Rekstur fasteigna	25,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	3,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,8

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.14 Sérkennsla	20,0
1.40 Framhaldsskólar, óskipt	164,5
Almennur rekstur samtals	184,5
Gjöld samtals	**184,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 184,5

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Almennur rekstur:
1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur 3,0

Gjöld umfram tekjur **3,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 11,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,7

m.kr.

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.82 Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000	35,0
1.90 Listir	2,0
Almennur rekstur samtals	37,0
Gjöld samtals	**37,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,0

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0
1.90 Ýmis verkefni	2,5
Almennur rekstur samtals	6,5
Gjöld samtals	**6,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,5

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	4,8
1.90 Ýmis verkefni	21,5
Almennur rekstur samtals	26,3
Gjöld samtals	**26,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,3

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

m.kr.

04-271 Bændaskólinn á Hólum

Almennur rekstur:
1.01 Bændaskólinn á Hólum 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

04-343 Suðurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.10 Suðurlandsskógar 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Bændasamtök Íslands 9,6
1.10 Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri 9,6
1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri 4,6
Almennur rekstur samtals 23,8

Stofnkostnaður:
6.97 Jarðræktarframlög o.fl. 170,0

Gjöld samtals **193,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 193,8

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 10,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,1

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:
1.10 Bætur brotaþola ..... -5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -5,0

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri 17,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0
Hlutdeild í ríkistekjum 2,0

06-390 Ýmis löggæslukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 50,0
1.14 Löggæsla í Bosníu 1,7
Almennur rekstur samtals 51,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 31,0

Gjöld samtals **82,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 82,7

m.kr.

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 12,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,0

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður 11,7
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs . -10,0
Almennur rekstur samtals 1,7

Gjöld samtals **1,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,7

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 16,0
Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 16,0

07-400 Málefni barna og ungmenna

Almennur rekstur:
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

m.kr.

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 38,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,3

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 16,8
1.90 Ýmis framlög 42,4
Almennur rekstur samtals 59,2

Gjöld samtals **59,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 59,2

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 14,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:
1.11 Ellilífeyrir ..... -67,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega ..... -200,0
Almennur rekstur samtals ..... -267,0

Gjöld samtals ..... **-267,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -870,0
Hlutdeild í ríkistekjum 603,0

m.kr.

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa ..... -216,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -216,0

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Stofnkostnaður:
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða ... 29,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,1

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.53 Tóbaksvarnir 3,5
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili 5,0
Almennur rekstur samtals 8,5

Gjöld samtals **8,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,5

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ 21,5
1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum 67,0
Almennur rekstur samtals 88,5

Gjöld samtals **88,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,5

m.kr.

08-568 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði 11,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,0

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 13,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,9

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 13,0
1.60 Dómkröfur 59,5
1.70 Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík 9,2
Almennur rekstur samtals 81,7

Gjöld samtals 81,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,7

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppnisstofnun 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 11,5

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,8

Gjöld samtals **16,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,3

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðistjóri 9,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,2

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Hollustuvernd ríkisins 7,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 13,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,0

Gjöld samtals **16,0**

Sértekjur:
Sértekjur 12,3

Gjöld umfram tekjur **28,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,3

m.kr.

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.02 Setur í Reykjavík	2,2
1.03 Setur á Akureyri	1,0
Almennur rekstur samtals	3,2
Gjöld samtals	**3,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,2

Fjárveiting á viðfangsefninu 02-319-1.40, sbr. brtt. í þskj. 396, skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
02-301-101	Menntaskólinn í Reykjavík	5,4
02-302-101	Menntaskólinn á Akureyri	3,4
02-303-101	Menntaskólinn á Laugarvatni	1,2
02-304-101	Menntaskólinn við Hamrahlíð	5,5
02-304-109	Menntaskólinn við Hamrahlíð	0,9
02-305-101	Menntaskólinn við Sund	4,9
02-306-101	Framhaldsskóli Vestfjarða	1,4
02-307-101	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1,7
02-308-101	Menntaskólinn í Kópavogi	5,4
02-308-109	Menntaskólinn í Kópavogi	0,2
02-309-101	Kvennaskólinn í Reykjavík	2,9
02-350-101	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	8,2
02-350-109	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1,6
02-351-101	Fjölbrautaskólinn Ármúla	4,2
02-352-101	Flensborgarskóli	3,5
02-352-109	Flensborgarskóli	0,5
02-353-101	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,9
02-353-109	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	0,2
02-354-101	Fjölbrautaskóli Vesturlands	4,2
02-355-101	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1,5
02-356-101	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	2,5
02-357-101	Fjölbrautaskóli Suðurlands	4,4
02-357-109	Fjölbrautaskóli Suðurlands	0,2
02-358-101	Verkmenntaskóli Austurlands	1,0
02-359-101	Verkmenntaskólinn á Akureyri	7,5
02-359-109	Verkmenntaskólinn á Akureyri	0,4
02-360-101	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	3,1
02-361-101	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	0,6
02-362-101	Framhaldsskólinn á Húsavík	0,9

02-363-101	Framhaldsskólinn á Laugum	0,7
02-365-101	Borgarholtsskóli	3,8
02-365-109	Borgarholtsskóli	0,1
02-506-101	Vélskóli Íslands	1,9
02-507-101	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1,0
02-514-101	Iðnskólinn í Reykjavík	11,2
02-514-109	Iðnskólinn í Reykjavík	0,8
02-516-101	Iðnskólinn í Hafnarfirði	2,5

Fjárveiting á viðfangsefninu 07-700-1.90, sbr. brtt. í þskj. 396, skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
07-701-101	Sæðisskrifstofa	0,6
07-701-120	Sambýli	8,9
07-701-126	Sambýli Stigahlíð 71	0,5
07-701-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,9
07-701-160	Dagvistun	1,7
07-701-170	Heimili einhverfra	2,7
07-701-177	Vistheimili fyrir börn	0,6
07-702-101	Sæðisskrifstofa	0,3
07-702-120	Sambýli	3,8
07-702-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,6
07-702-130	Verndaður vinnustaður, Örvi	0,6
07-702-160	Skammtímavistun	0,8
07-702-161	Dagvistun Keflavík	0,2
07-702-164	Hæfingarstöðvar	0,9
07-702-172	Gistiheimili Kópavogi	0,2
07-702-173	Vistheimili fyrir börn	1,7
07-703-101	Sæðisskrifstofa	0,4
07-703-120	Sambýli Akranesi	1,0
07-703-121	Sambýli Borgarnesi	0,3
07-703-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,2
07-703-130	Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	1,3
07-703-140	Leikfangasöfn Vesturlandi	0,1
07-703-161	Skammtímavistun	0,5
07-704-101	Sæðisskrifstofa	0,4
07-704-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-704-131	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	1,0
07-705-101	Sæðisskrifstofa	0,6
07-705-120	Sambýli	1,8
07-705-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-705-140	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	0,2
07-705-160	Skammtímavistun	0,2
07-705-161	Dagvistun	0,7
07-706-120	Sambýli	0,8

07-706-186	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	3,2
07-707-101	Svæðisskrifstofa	0,2
07-707-120	Sambýli Egilsstöðum	0,6
07-707-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,3
07-708-101	Svæðisskrifstofa	0,5
07-708-120	Sambýli Selfossi	1,7
07-708-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,2
07-708-130	Verndaður vinnustaður Selfossi	0,4
07-708-150	Vistheimili fyrir börn	0,9
07-708-170	Lambhagi	0,4
07-708-186	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	1,4
07-711-120	Sambýli	3,1
07-711-130	Vinnustofan Ás	0,6
07-711-160	Dagvistun Lækjarási	1,0
07-711-161	Dagvistun Bjarkarási	1,0
07-711-162	Dagvistun Lyngási	1,8
07-711-163	Skammtímavistun Víðihlíð 9	0,6
07-711-164	Skammtímavistun Hólabergi	0,5
07-720-170	Vistheimilið Skálatúni	0,9

419. Frumvarp til laga [176. mál]

um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

(Eftir 2. umr., 7. des.)

I. KAFLI
Heiti, hlutverk, aðild, stjórn og iðgjald.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í lögum þessum og samþykktum sjóðsins.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir fjárfestingarstefnu, eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykkta sjóðsins.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Skylda til greiðslu iðgjalds nær til allra launþega og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi frá 16 ára til 70 ára aldurs og hafa ekki fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að öðrum lífeyrissjóði og greiðslu iðgjalds til hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

3. gr.

Fjármálaráðherra skipar sjö menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða, tveir eftir tilnefningu stjórnar Landssambands lífeyrissjóða, einn eftir tilnefningu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður sjóðstjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Fjármálaráðherra ákvarðar þóknun stjórnarmanna. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

5. gr.

Iðgjald til sjóðsins skal nema 10% af iðgjaldsstofni, sbr. 2. mgr. Sé um launþega að ræða skiptist iðgjald þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 6%.

Iðgjald skv. 1. mgr. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga.

6. gr.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt er umfram iðgjald skv. 5. gr. og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá sjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum. Jafnframt er heimilt að kveða á um í samþykktum að hluta iðgjalds skv. 1. mgr. 5. gr. sé varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

7. gr.

Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldshluta. Gjalddagi iðgjalds hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar og eindagi síðasta dag sama mánaðar. Hafi ekki verið greitt á eindaga skal innheimta hæstu vanskilavexti sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka frá gjalddaga til greiðsludags. Launagreiðanda og sjálfstæðum atvinnurekanda ber að tilkynna sjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra látið af störfum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta þóknun allt að 2% af iðgjaldi vegna innheimtu iðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta í samræmi við 6. gr. laga nr. 129/1997. Heimilt er að draga þóknunina frá iðgjaldi áður en það er fært í réttindabókhald.

II. KAFLI
Lífeyrisréttindi.

9. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélaga eftir því sem við á ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka og börnum lífeyri í samræmi við ákvæði þessa kafla og samþykkta sjóðsins.

10. gr.

Hver sjóðfélagi sem orðinn er fullra 67 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku lífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um tiltekið hlutfall í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem segir í 1. mgr. í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað.

11. gr.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira í samræmi við áunninn rétt fram að orkutapi, enda hafi hann greitt til sjóðsins í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Örorkulífeyrir skal framreiknaður samkvæmt reglum sem nánar er kveðið á um í samþykktum sjóðsins, enda hafi sjóðfélagi:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. í þrjú ár á undanfarandi fjórum árum,
b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs.

Hundraðshluta orkutapsins og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og að fengnu áliti trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.

Í samþykktir sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um örokulífeyrinn, svo sem örorkumat, fjárhæð hans, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. í 24 mánuði á undanförnum 36 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá maki hans rétt á lífeyri úr sjóðnum.

Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 19 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára, skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

Fullur makalífeyrir skal að lágmarki vera 50% af áunnum örorkulífeyri viðkomandi sjóðfélaga við andlátið miðað við 100% örorku.

Í samþykktum sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um makalífeyri, svo sem um fjárhæð hans, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

13. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið, og eiga þá börn hans eða kjörbörn, sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 19 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 19 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Í samþykktum sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um barnalífeyri, svo sem um útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum hans. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

15. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skulu sett í samþykktir sem stjórn sjóðsins semur og staðfestar eru af fjármálaráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

420. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um vegabréf.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Kolbein Árnason frá dómsmálaráðuneyti og Jóhann Jóhannsson frá útlendingaeftirliti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkislögreglustjóra, útlendingaeftirliti, lögreglustjóranum í Reykjavík og Sýslumannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um vegabréf í stað núgildandi laga sem eru frá árinu 1953. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum breytingum. Í fyrsta lagi er lagt til að útgáfa vegabréfa verði í höndum ríkislögreglustjóra og skal hann meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði til að fá útgefið vegabréf. Þó verður áfram unnt að sækja um vegabréf hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri komi á fót neyðarþjónustu þannig að breytingin leiði ekki til vandræða fyrir ferðamenn sem þurfa á vegabréfi að halda með litlum fyrirvara. Önnur breyting sem lögð er til í frumvarpinu felst í því að vegabréf gildi framvegis aðeins fyrir einn einstakling og er þar með lagt til að ekki verði lengur hægt að skrá barn yngra en 15 ára í vegabréf náins aðstandanda. Breytingin er m.a. lögð til í því skyni að fyrirbyggja að börn verði numin á brott eða fari úr landi ásamt foreldri sem ekki hefur forsjá barns en hefur nafn þess í vegabréfi sínu. Loks er lagt til að lögfestar verði reglur um afturköllun vegabréfa.

Nefndin fjallaði m.a. um kostnað og gjald fyrir útgáfu vegabréfa. Gjald fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda er ákveðið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs og er það nokkuð hærra en framleiðslu- og umsýslukostnaður. Með samþykkt frumvarpsins er þó ljóst að nokkur kostnaðarauki verður á næstu árum, m.a. vegna útgáfu tölvulesanlegra vegabréfa og uppsetningar skrár um vegabréf sem ríkislögreglustjóra er ætlað að halda.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi eru lagðar til orðalagsbreytingar á 2. mgr. 5. gr. Lagt er til að orðið refsivist verði fellt brott úr ákvæðinu og orðið fangelsisrefsing sett í staðinn. Breytingin er í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á almennum hegningarlögum og refsiákvæðum annarra laga á 122. þingi þar sem ákvæði um varðhaldsrefsingar og atriði tengd því voru felld brott úr lögunum.

2. Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar á 1. mgr. 6. gr. sem miða að því að gera ákvæðið skýrara.
3. Einnig er lagt til að gerðar verði breytingar á aldursviðmiði í 2. mgr. 6. gr. og því breytt úr 16 árum í 18 ár. Eðlilegt þykir að miða við sama aldur og í 4. gr. þar sem kveðið er á um að við útgáfu vegabréfs til barns undir 18 ára aldri skuli liggja fyrir samþykki þess eða þeirra sem fara með forsjá barns. Einnig er breytingin í samræmi við ákvæði lögræðislaga og þá almennu skilgreiningu að um börn sé að ræða til 18 ára aldurs.
4. Loks er lögð til breyting á ákvæðum 2. mgr. 6. gr. varðandi gildistíma vegabréfa barna. Þar er lagt til að vegabréf barna gildi í fimm ár eins og nú er í stað þriggja ára eins og lagt er til í frumvarpinu. Barst nefndinni ábending um að núgildandi regla hefði reynst vel og þykir því óþarft að breyta henni.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Kristján Pálsson.	Kristín Halldórsdóttir.	Jón Kristjánsson.
Árni R. Árnason.		Hjálmar Jónsson.

421. Breytingartillögur [231. mál]

við frv. til l. um vegabréf.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „refsivist“ í a-lið 2. mgr. komi: fangelsisrefsingu.
   b. Í stað orðsins „refsivistar“ í b-lið 2. mgr. komi: fangelsisrefsingar.
2. Við 6. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Vegabréf gildir aðeins fyrir einn einstakling.
   b. Í stað orðanna „16 ára vera þrjú ár“ í 2. mgr. komi: 18 ára vera fimm ár.

422. Tillaga til þingsályktunar [335. mál]

um kosningu sérstakrar nefndar eftir dóm Hæstaréttar nr. 145/1998.

Flm.: Svavar Gestsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa 11 manna nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að fjalla um viðbrögð Alþingis við dómi Hæstaréttar nr. 145/1998. Nefndin skili tillögum sínum um viðbrögð strax að loknu jólaleyfi í janúar 1999.

Greinargerð.

Fá mál hafa vakið meiri athygli en dómur Hæstaréttar í máli nr. 145/1998. Hér er lagt til að Alþingi kjósi sérstaka nefnd til að fjalla um málið.

Fylgiskjal.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 145/1998.

Ár 1998, fimmtudaginn 3. desember, var í Hæstarétti í málinu nr. 145/1998:

Valdimar Jóhannesson
(sjálfur)
gegn íslenska ríkinu.
(Guðrún M. Árnadóttir hrl.)

uppkveðinn svohljóðandi dómur:

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Málinu var skotið til Hæstaréttar 1. apríl 1998. Áfrýjandi krefst þess, að dæmd verði ógild sú ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins 10. desember 1996 að synja sér leyfis til veiða í atvinnuskyni og aflaheimilda í fiskveiðilandhelgi Íslands í þeim tegundum sjávarafurða, sem tilgreindar voru í umsókninni. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Með bréfi til sjávarútvegsráðuneytisins 9. desember 1996 sótti áfrýjandi um það, með vísun til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða „og þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laganna“, að sér yrði fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs veitt almennt veiðileyfi til að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni á því ári í fiskveiðlandhelgi Íslands. Þá var með vísun til 2. mgr. 4. gr. laganna jafnframt sótt um sérstakt leyfi til veiða á „500 tonnum af þorski, 100 tonnum af ýsu, 150 af ufsa, 50 tonnum af steinbít, 20 tonnum af grálúðu, 20 tonnum af skarkola, 50 tonnum af rækju, 10 tonnum af humri, 1.200 tonnum af síld og 5.000 tonnum af loðnu í landhelginni á sama tímabili.“

Sjávarútvegsráðuneytið hafnaði erindi áfrýjanda næsta dag með þeim rökum, að samkvæmt lögum nr. 38/1990 væru leyfi til veiða í atvinnuskyni „bundin við fiskiskip og verða ekki veitt einstaklingum eða lögpersónum.“ Í 5. gr. laganna væru tilgreind skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis og væru þau óundanþæg. Forsenda fyrir veitingu sérstakra leyfa samkvæmt 2. mgr. 4. gr. væri sú, að viðkomandi fiskiskip hefði jafnframt leyfi til veiða í atvinnuskyni.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 1997 var málinu vísað frá dómi. Hæstiréttur taldi hins vegar í dómi sínum 19. nóvember 1997, að sakarefnið væri nægilega afmarkað til þess, að dómstólar leystu úr því með efnisdómi, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Var því lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar úrlausnar.

II.

Í héraðsdómi er rakið, hvernig háttað hefur verið löggjöf hér á landi um takmarkanir á fiskveiðum. Með lögum nr. 82/1983 um breytingu á lögum nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38/1981, var í fyrsta skipti heimilað, að ráðherra gæti ákveðið skiptingu hámarksafla á árinu 1984 milli einstakra skipa, er hefðu stundað tilteknar veiðar eða væru af ákveðinni stærð. Á grundvelli þessara laga var gefin út reglugerð nr. 44/1984 um stjórn botnfiskveiða 1984, þar sem sagði í 3. gr., að við veitingu veiðileyfa samkvæmt þessum reglum kæmu til greina útgerðir þeirra skipa, sem stunduðu botnfiskveiðar á tímabilinu 1. nóvember 1982 til 31. október 1983 og ekki hefðu horfið varanlega úr rekstri. Auk þess kæmu til greina útgerðir nýrra eða nýkeyptra fiskiskipa, sem ekki hefðu verið að veiðum á framangreindu tímabili og búin væru til botnfiskveiða, enda hefðu samningar um kaupin verið gerðir milli hlutaðeigandi útgerðar og seljanda fyrir 31. desember 1983. Önnur skip kæmu því aðeins til greina, að í stað nýs eða nýkeypts skips hefði annað af svipaðri stærð verið tekið úr rekstri. Í 6. gr. reglugerðarinnar kom fram, að við ákvörðun aflamarks væri miðað við veiðireynslu á tímabilinu frá 1. nóvember 1980 til 31. október 1983.

Sú tilhögun að binda úthlutun veiðiheimilda við skip, sem þannig var tekin upp í árslok 1983, hefur síðan verið framlengd í fernum lögum, þ.e. lögum nr. 118/1984 um breytingu á lögum nr. 81/1976, sbr. lög nr. 38/1981, lögum nr. 97/1985 um stjórn fiskveiða 1986–1987, lögum nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990 og núgildandi lögum nr. 38/1990. Gildistími hinna síðastgreindu laga er ekki takmarkaður við ákveðin ár eða árabil eins og raun var á um fyrri lögin.

III.

Áfrýjandi ber ekki á það brigður, að sjávarútvegsráðuneytið hafi farið að lögum, er það synjaði hins umbeðna leyfis 10. desember 1996. Hann telur á hinn bóginn, að ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990 brjóti í bága við 65. gr. og 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 3. gr. og 13. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995.

Í 1. gr. laga nr. 38/1990 kemur fram sú almenna forsenda löggjafarinnar, að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Í 1. mgr. 5. gr. segir, að við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni komi til greina þau skip ein, sem fengið hafi veiðileyfi samkvæmt 4. gr. og 10. gr. laga nr. 3/1988 og ekki hafi horfið varanlega úr rekstri. Í 2. og 3. málslið þessa ákvæðis er svo sérstaklega fjallað um báta undir 6 brúttólestum að stærð.

Í 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um það, að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Jafnræðisregla þessi var áður meðal ólögfestra grundvallarreglna í íslenski stjórnskipun. Hún á sér nokkra hliðstæðu í 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966, sem Ísland er aðili að, sbr. auglýsingu nr. 10/1979 í C-deild Stjórnartíðinda.

Í 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar segir, að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu, sem þeir kjósi. Þessu frelsi megi þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess. Vernd atvinnufrelsis á Íslandi, sem hér er tryggð, á rætur að rekja til stjórnarskrárinnar frá 1874, er sótti um þetta fyrirmynd til dönsku grundvallarlaganna frá árinu 1849 og eldri stjórnskipunarlaga annarra ríkja.

IV.

Löggjafanum er rétt að takmarka fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ef uggvænt þykir, að fiskistofnar séu í hættu. Byggist það á almennum valdheimildum handhafa löggjafarvaldsins og fullveldisrétti ríkisins, sbr. 2.–4. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Ákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar standa því ekki í vegi, að í lögum sé mælt fyrir um slíkar takmarkanir, enda sé almannahagsmunum fyrir að fara. Af forsögu núgildandi fiskveiðistjórnunarlaga er ljóst, að löggjafinn hefur talið, að almannaheill ræki til takmörkunar veiðanna. Ekki eru efni til þess, að því mati verði haggað af dómstólum. Þær skorður, sem atvinnufrelsi á sviði fiskveiða við strendur Íslands eru þannig reistar með lögum, verða á hinn bóginn að samrýmast grundvallarreglum stjórnarskrárinnar. Dómstólar eiga úrskurðarvald um það, hvort löggjafinn hafi að því leyti gætt réttra sjónarmiða.

Eins og að framan greinir hefur sú regla verið við lýði frá setningu laga nr. 82/1983, að leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands væru bundin við skip, sem haldið hefði verið til veiða á ákveðnum tíma. Réttur þeirra, sem slík skip hafa átt, hefur frá öndverðu verið annar en hinna, sem ekki hafa haft yfir skipum af þessu tagi að ráða. Fram að setningu laga nr. 38/1990 var tilhögun úthlutunar veiðiheimilda ákveðin til eins eða tveggja ára í senn og hafði löggjafinn málefni þessi þannig til reglubundins endurmats um árabil. Í málflutningi áfrýjanda hefur verið fallist á, að ekki hafi verið óeðlilegt í upphafi að binda veiðar í fiskveiðilögsögunni við skip með tiltekna veiðireynslu, þegar nauðsyn þótti bera til að takmarka veiðarnar. Slíkt bráðabirgðafyrirkomulag hafi þó ekki mátt festa í sessi, eins og nú hafi verið gert.

Svigrúm löggjafans til að takmarka fiskveiðar og ákvarða tilhögun úthlutunar veiðiheimilda verður að meta í ljósi hinnar almennu stefnumörkunar 1. gr. laga nr. 38/1990 og þeirra ákvæða stjórnarskrárinnar, sem nefnd hafa verið. Skipan 5. gr. fiskveiðistjórnunarlaga horfir þannig við með tilliti til jafnræðis og atvinnufrelsis, að réttur til veiða er bundinn við eignarhald á skipum, sem haldið var úti á öndverðum níunda áratugnum eða hafa komið í stað slíkra skipa. Af því leiðir, að aðrir eiga þess ekki kost að stunda veiðar í atvinnuskyni en þeir, sem fengið hafa heimildir til þess í skjóli einkaeignarréttar, ýmist sjálfir eða fyrir kaup, erfðir eða önnur aðilaskipti. Þá eru í lögum nr. 38/1990 takmarkaðar heimildir til að framselja aflahlutdeild og færa til aflamark, en þær eru bundnar við skip á sama hátt og úthlutun veiðiheimildanna, sbr. 11. gr. og 12. gr. laganna.

Eins og áður getur taldi löggjafinn brýnt að grípa til sérstakra úrræða á árinu 1983 vegna þverrandi fiskistofna við Ísland. Var skipting hámarksafla þá felld í þann farveg, sem hún hefur síðan verið í, að úthlutun veiðiheimilda yrði bundin við skip. Er óhjákvæmilegt að líta svo á, að þessi tilhögun feli í sér mismunun milli þeirra, sem leiða rétt sinn til veiðiheimilda

til eignarhalds á skipum á tilteknum tíma, og hinna, sem hafa ekki átt og eiga þess ekki kost að komast í slíka aðstöðu. Þótt tímabundnar aðgerðir af þessu tagi til varnar hruni fiskistofna kunni að hafa verið réttlætanlegar, en um það er ekki dæmt í málinu, verður ekki séð, að rökbundin nauðsyn hnígi til þess að lögbinda um ókomna tíð þá mismunun, sem leiðir af reglu 5. gr. laga nr. 38/1990 um úthlutun veiðiheimilda. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að aðrar leiðir séu ekki færar til að ná því lögmæta markmiði að vernda fiskistofna við Ísland. Með þessu lagaákvæði er lögð fyrirfarandi tálmun við því, að drjúgur hluti landsmanna geti, að öðrum skilyrðum uppfylltum, notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru, og þeir tiltölulega fáu einstaklingar eða lögaðilar, sem höfðu yfir að ráða skipum við veiðar í upphafi umræddra takmarkana á fiskveiðum.

Þegar allt er virt verður ekki fallist á, að til frambúðar sé heimilt að gera þann greinarmun á mönnum, sem hér hefur verið lýst. Hið umdeilda ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990 er því að þessu leyti í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 65 gr. stjórnarskrárinnar og þau sjónarmið um jafnræði, sem gæta þarf við takmörkun á atvinnufrelsi samkvæmt 1. mgr. 75. gr. hennar.

Með hliðsjón af framansögðu verður ekki talið, að sjávarútvegsráðuneytinu hafi verið rétt að hafna umsókn áfrýjanda um almennt og sérstakt veiðileyfi á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar í bréfi þess 10. desember 1996. Verður synjun ráðuneytisins því felld úr gildi. Hins vegar er ekki í þessu dómsmáli tekin afstaða til þess, hvort ráðuneytinu hafi að svo búnu borið að verða við umsókn áfrýjanda, en málið er einungis höfðað til ógildingar á ákvörðun ráðuneytisins en ekki til viðurkenningar á rétti áfrýjanda til að fá tilteknar veiðiheimildir í sinn hlut.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins 10. desember 1996 í bréfi til áfrýjanda, Valdimars Jóhannessonar, er ógild.

Stefndi, íslenska ríkið, greiði áfrýjanda 500.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

423. Frumvarp til laga [336. mál]

um breyting á lögum nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir nemendur sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi og verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins. Skilyrði styrkveitingar er að ekki sé unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur

jafngildan. Eigi skulu þeir njóta styrks samkvæmt lögum þessum er nýta rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í núgildandi lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði sem sett voru árið 1989 er kveðið á um að þeir sem eiga rétt á láni úr Lánasjóði íslenskra námsmanna skuli ekki njóta styrks. Á undanförnum árum hefur þróunin orðið sú að úthlutunarreglur Lánasjóðsins hafa verið rýmkaðar á ýmsan hátt, m.a. hafa aldursmörk tengd sérnámi til starfsréttinda verið afnumin úr úthlutunarreglum sjóðsins, þannig að fleiri nemendur í framhaldsskólum eiga rétt til lána en áður var. Sá hópur sem ekki nýtur styrks samkvæmt lögum um jöfnun á námskostnaði hefur því stækkað á grundvelli framangreinds lagaákvæðis.

Óeðlilegt þykir að réttur til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna girði fyrir að nemendur á framhaldsskólastigi geti átt kost á þeim námsstyrkjum sem veittir eru til þess að jafna kostnað við nám sem óhjákvæmilegt er að stunda fjarri lögheimili og fjölskyldu. Tilgangur frumvarps þessa er að bæta stöðu nemenda í framhaldsskólum að þessu leyti.

Í ljós hefur komið að allmargir nemendur kjósa að nota ekki lánsréttinn hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og ekki þykir rétt að synja þeim um styrk af þeirri ástæðu. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að nemendur geti valið milli námsaðstoðar Lánasjóðsins og styrks til jöfnunar á námskostnaði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Frumvarpið felur í sér að framhaldsskólanemendur sem stunda sérnám til starfsréttinda fjarri lögheimili og fjölskyldu geti valið milli styrks til jöfnunar á námskostnaði og námsaðstoðar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að veita árlega jöfnunarstyrk til um 360 nemenda í starfsréttindanámi til viðbótar við þá sem til þessa hafa fengið styrk eða nýtt rétt sinn til að taka lán hjá Lánasjóðnum. Miðað við óbreytta meðalfjárhæð er áætlað að styrkur til þessa nýja hóps nemi samtals um 24 m.kr.

424. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, Áslaugu Guðjónsdóttur, Eggert J. Hilmarsson og Tómas N. Möller. Umsagnir um málið bárust frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi löggiltra endurskoðenda, ríkisskattstjóra, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Með breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, á 122. þingi og taka eiga gildi 1. janúar nk. voru rýmkaðar heimildir einstaklinga til skattfrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda. Launamönnum og þeim sem vinna við sjálfstæða starfsemi verður frá þeim tíma heimilt að lækka skattskyldar tekjur sínar um allt að 2% verji þeir fjárhæðinni til lífeyrissparnaðar samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þau skilyrði eru sett að iðgjöldin séu greidd reglulega til viðurkenndra aðila og að þeim sé varið til þess að auka lífeyrisréttindi. Þessi viðbótarlífeyrissparnaður er valkvæður og verða launþegar að hafa frumkvæði að honum og óska eftir samningi þar um.

Með frumvarpi þessu er lagt til að launagreiðendum verði skylt að leggja fram 10% mótframlag við viðbótarlífeyrissparnað þeirra starfsmanna sinna sem gera samning um aukinn lífeyrissparnað, sbr. framangreinda breytingu sem gerð var á síðasta þingi, þó ekki hærri fjárhæð en 0,2% af iðgjaldsstofni. Á móti geti launagreiðendur lækkað tryggingagjaldið um sömu fjárhæð. Sama regla gildir um sjálfstætt starfandi atvinnurekendur. Þeir geta, kjósi þeir að auka lífeyrissparnað sinn, lækkað greiðslu tryggingagjalds vegna sinna launa.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Gunnlaugur M. Sigmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk álitinu.

Alþingi, 3. des. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.

Ágúst Einarsson.

425. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Guðjónsdóttur og Tómas N. Möller frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að almenn heimild fjármálaráðherra til að ákvarða hvort ríkissjóður greiði stimpilgjald verði felld brott en í stað þess verði taldar tæmandi upp allar heimildir til undanþágu frá greiðslu stimpilgjalds.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 7. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. verði skýrt kveðið á um að ákvæðið taki einnig til umskráningar. Nefndin fékk ábendingu um að algengt væri að eigendaskipti verði á flugvélum sem erlendir aðilar leigja til Íslands á leigutímanum og til að gæta jafnræðis leigutaka taldi nefndin rétt að leggja til þessa breytingu.
2. Lagt er til að skilyrðið um þinglýsingu innan sex mánaða frá skráningu verði fellt brott bæði úr 8. og 9. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. Sú aðstaða getur komið upp að kaup séu endurfjármögnuð með nýjum lánum eða áhvílandi lánum skuldbreytt eftir að sex mánaða fresturinn er liðinn og yrðu slík skjöl stimpilskyld ef þessi takmörkun gilti. Taka ber fram að skjölin verða að bera það með sér að um fjárfestingarlán sé að ræða en ekki rekstrarlán til að stimpilfrelsi haldist. Þinglýsingarstjóri skal ganga úr skugga um að því skilyrði sé fullnægt. Jafnframt er lagt til að orðalag 8. tölul. verði einfaldað og einnig felld undir hann skip sem eru í verkefnabundnum siglingum.
3. Þá er lagt til að samningar um kaup á greiðslumarki verði einnig stimpilfrjálsir. Um er að ræða samninga sem landbúnaðarráðuneyti gerir við bændur og er eðlilegt að sama regla gildi um þá og samninga sem nefndir eru í 10. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 26. nóv. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Svavar Gestsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.

426. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. efnismgr.:

a. Á eftir orðinu „skráningu“ í 7. tölul. komi: umskráningu.
b. 8. tölul. orðast svo: Afsalsbréf og skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip sem einkum eru ætluð til farmflutninga og rekin af skipafélögum sem stunda siglingar innan lands, að og frá landinu eða milli hafna erlendis. Skilyrði stimpilfrelsisins er að skjalið sé gefið út vegna afhendingar á skipinu úr landi eða afhendingar á skipinu til landsins.
c. Orðin „og skjalinu sé þá þinglýst innan sex mánaða frá því að loftfarið er fyrst skráð hér á landi“ í 9. tölul. falli brott.
d. Á eftir orðinu „bændur“ í 10. tölul. komi: um kaup á greiðslumarki.

427. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Gunnar Pálsson og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti og Bjarna Ármannsson, framkvæmdastjóra Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Umsagnir um málið bárust frá bankaeftirliti Seðlabankans, Íslandsbanka hf., Landsbanka Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að heimiluð verði sala á öllu hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Nú þegar hafa verið seld 49% hlutafjár í bankanum í samræmi við núgildandi lagaheimildir.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 3. des. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.

428. Fyrirspurn [337. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fyrirkomulag sjúkraflutninga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur verið gengið frá samningum við Rauða kross Íslands um sjúkraflutninga á öllum heilsugæslusvæðum landsins? Ef ekki, um hvaða svæði er að ræða þar sem samið hefur verið við aðra aðila?
2. Eru einhver tilvik þar sem þetta verkefni var tekið frá aðilum á viðkomandi heilsugæslusvæði án samkomulags við þá aðila eða heimamenn? Ef svo er, um hvaða svæði er að ræða og hver er ástæða þess að það var gert?

429. Fyrirspurn [338. mál]

til dómsmálaráðherra um einangrunar- og gæsluvarðhaldsvistun.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda hvað varðar ákvörðun um lengd einangrunar- og/eða gæsluvarðhaldsvistunar fanga? Hversu lengi má halda einstaklingi í einangrun og/eða gæsluvarðhaldi?
2. Hverjir taka ákvörðun um framlengingu einangrunar og/eða gæsluvarðhalds?
3. Er um að ræða reglubundið eftirlit heilsugæslulæknis, geðlæknis eða annarra sérfræðinga á sviði heilsugæslu á meðan fangi dvelur í gæsluvarðhaldi eða einangrun? Ef svo er, hversu oft fer slíkt eftirlit fram?
4. Samrýmast gildandi reglur þeim alþjóðasamningum sem Íslendingar eru aðilar að og varða mannréttindi? Hefur ráðherra í hyggju að breyta reglum um gæsluvarðhald og/eða einangrun? Ef svo er, í hverju eru þær breytingar fólgnar?

430. Fyrirspurn [339. mál]

til fjármálaráðherra um vaxtabætur af húsnæðisláni.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvernig má gera ráð fyrir að vaxtabætur 1 millj. kr. húsbréfaláns þróist miðað við meðaltekjur og meðalfjölskyldustærð allt greiðslutímabil 25 ára húsbréfaláns? Í svarinu óskast hvert ár tilgreint fyrir sig miðað við breytingar á höfuðstól og afborgunum og að gert verði ráð fyrir 1,5% verðbólgu á ári allan lánstímann.

Skriflegt svar óskast.

431. Viðbótarsvar [191. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um SR-mjöl.

Í svari fjármálaráðherra í þskj. 316 við fyrirspurn Svavars Gestssonar um SR-mjöl gætir ónákvæmni. Til frekari skýringa er því lagt fram eftirfarandi viðbótarsvar.

Með lögum nr. 20/1993 sem samþykkt voru á Alþingi 5. apríl 1993 var ákveðið að stofna hlutafélag sem tæki við rekstri Síldarverksmiðja ríkisins. Hlutafélagið SR-mjöl var síðan stofnað 6. júlí 1993 á grundvelli þessara laga og tók við öllum rekstri, eignum og skuldum Síldarverksmiðja ríkisins 1. ágúst 1993. Í greinargerð með lagafrumvarpinu segir meðal annars að árin á undan hafi Síldarverksmiðjur ríkisins verið reknar með tapi og nemi uppsafnað tap hundruðum milljóna króna. Skuldir fyrirtækisins námu í árslok 1991 um 1.450 m.kr. Tekið skal fram að uppsafnað tap Síldarverksmiðja ríkisins var ekki fært yfir á SR-mjöl hf. þannig að hlutafélagið hefur ekki notið skattafrádráttar vegna þess.

Þá kemur fram í greinargerðinni að löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins hafi í bréfi, dags. 8. október 1991, varað við slæmri fjárhagsstöðu Síldarverksmiðjanna og telji að eins og fjárhag fyrirtækisins hafi verið komið yrði erfitt að breyta því í hlutafélag án verulegra fjárframlaga eiganda þess. Ríkisendurskoðun tók undir þessar viðvaranir. Með hliðsjón af framansögðu var leitað til Alþingis um heimild til handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að yfirtaka skuldir Síldarverksmiðja ríkisins að fjárhæð allt að 500 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 20/1993.

Áður en SR-mjöl hf. tók yfir rekstur Síldarverksmiðjanna ákvað ríkisjóður að nýta fyrrgreinda heimild með yfirtöku á 389,6 m.kr. af skuldum verksmiðjanna. Þar af var felld niður skuld við ríkissjóð að upphæð 21,5 m.kr. Yfirtaka skulda var því vegna langvarandi tapreksturs Síldarverksmiðja ríkisins.

Hið sama á við um lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs og kostnað vegna dómsniðurstöðu um biðlaunaréttindi. Kostnaðurinn var vegna þeirra starfsmanna ríkisins sem störfuðu hjá Síldarverksmiðjunum.

Ríkissjóður hefur því ekki greitt nein bein framlög til hlutafélagsins SR-mjöl, hvorki á meðan félagið var í eigu ríkisins né eftir að það var selt 1. febrúar 1994. Því getur ekki verið um neinar endurgreiðslur að ræða frá félaginu.

Fjármálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um í hve miklum mæli kaupendur hlutabréfanna í SR-mjöli hf. hafa selt þau aftur og getur ekki upplýst um skattgreiðslur af söluhagnaði vegna þess. Er vísað til almennra reglna sem um þau efni gilda og raktar voru í hinu upphaflega svari við fyrirspurninni.

432. Svar [250. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ólafs Hannibalssonar um samkomulag þjóðkirkju og kirkjumálaráðherra.

1. *Hvaða árlegar skuldbindingar tók ríkissjóður á sig með samningi þjóðkirkjunnar og ráðherra kirkjumála í ágúst sl. umfram það sem áður gilti?*

Samkvæmt meðfylgjandi samningi biskups Íslands, kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, sem undirritaður var 4. september 1998, skal

heildarframlag til þjóðkirkju Íslands og Kristnisjóðs á árinu 1999 vera 691,7 millj. kr. Árið 2000 skal framlag til fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands lækka um 8,1 millj. kr., sbr. skýringar við 9. gr. samningsins. Framlag til fjárlagaliðar Kristnisjóðs skal samkvæmt samningnum vera 36,4 millj. kr. á árinu 1999, en lækka sem nemur einum árslaunum prests árið 2006, sbr. 6. gr. samningsins. Fjárhæðir þessar skulu taka breytingum til samræmis við fjölgun eða fækkun meðlima þjóðkirkju Íslands og til samræmis við verðlag. Hækkun framlags milli áranna 1998 og 1999 til fjárlagaliðanna *701 Biskup Íslands* og *707 Kristnisjóður* nemur 69,4 millj. kr. Þar af er 22,2 millj. kr. hækkun vegna endurskoðaðra launa presta, sbr. úrskurð kjaranefndar, og 21,8 millj. kr. eru almennar launa- og verðlagshækkanir.

2. *Verða þær skuldbindingar færðar til gjalda á ríkisreikningi og við gerð fjárlaga?*

Samningur þessi er ótímabundin og verður heildarskuldbindingin ekki færð til gjalda í ríkisreikningi og fjárlögum heldur einungis árlegt framlag. Hafa þarf í huga að árlega geta tilteknir þættir sem áhrif hafa á útgjöld breyst, t.d. launabætur og fjöldi meðlima þjóðkirkjunnar.

3. *Mun þjóðkirkjan eftir gerð samkomulagsins gefa út afsal til ríkissjóðs fyrir öllum kirkjujörðum?*

Með lögum og umræddu samkomulagi er staðfest að kirkjujarðirnar flytjast til ríkisins en ríkið tryggir kirkjunni fjármuni til starfsemi sinnar. Í þessu felst að eignarhald og ráðstöfunarréttur ríkisins á jörðum er ótvíræður. Verði það upp á teningnum í einstökum tilvikum að efi leiki á um eignarhald eigna er litið svo á að dóms- og kirkjumálaráðuneytið muni ganga frá afsali þar að lútandi.

Fylgiskjal.

Íslenska ríkið og þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi

samning

um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar:

1. gr.

Samningur þessi er nánari útfærsla á samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, hér eftir nefnt kirkjujarðasamkomulagið, og nær jafnframt til rekstrarkostnaðar þjóðkirkjunnar sem fellur utan þess samkomulags, sbr. 3. gr. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Með samningi þessum eru þrjú fylgiskjöl nr. 1, 2 og 3. Um er að ræða skýringar við samning þennan (fskj. 1), yfirlit yfir fjárhæðir samningsins (fskj. 2) og framangreint samkomulag frá 10. janúar 1997 (fskj. 3).

2. gr.

Úr ríkissjóði skal greitt fjárframlag vegna launa og launatengdra gjalda biskups Íslands, vígslubiskupa og 138 presta og prófasta samkvæmt úrskurðum kjaranefndar, kjaradóms og gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Að auki skal árlega gera ráð fyrir fjárframlagi er svarar til launa og launatengdra gjalda í 70 mánuði vegna námsleyfa, veikinda og annarra launaútgjalda umfram greiðslur samkvæmt 1. mgr., þar með talið fæðingarorlof. Þau mánaðarlaun skal miða við meðalheildarlaun sóknarprests samkvæmt líkani sem tilgreint er í 4. mgr. þessarar greinar.

Fjölgi eða fækki prestum samkvæmt 2. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsinsskal framlag, sbr. 1. mgr., breytast sem því nemur. Fyrir hvert prestsembætti, sem þannig fjölgar eða fækkar um, skal fjölga eða fækka mánuðum vegna námsleyfa o.fl., sbr. 2. mgr., um hálfan mánuð.

Fjárframlag samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. skal áætlað í reiknilíkani sem biskupsstofa hefur umsjón með í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Líkanið skal sundurliða launin niður á embætti og launategundir. Við undirbúning frumvarps til fjárlaga hvers árs skal biskupsstofa endurskoða líkanið til samræmis við síðustu úrskurði kjaranefndar og kjaradóms. Niðurstaða líkansins skal lögð til grundvallar fjárframlagi í frumvarp til fjárlaga hvers árs enda staðfesti dóms- og kirkjumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti líkanið.

Ef nýir úrskurðir kjaranefndar og kjaradóms leiða til breytinga á kostnaði samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. sem ekki eru í samræmi við forsendur fjárlaga skal leiðrétta framlögin til samræmis.

3. gr.

Úr ríkissjóði skal árlega greitt fjárframlag að fjárhæð 89,5 m.kr. til rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófasta og annars kostnaðar en launa sem tilgreindur er í úrskurðum kjaranefndar. Kirkjuþing setur reglur um greiðslu rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófasta og skulu þær taka gildi 1. janúar 1999.

Fjölgi eða fækki prestum, samkvæmt 2. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins, breytist fjárframlag um 0,6 m.kr.

Samningsfjárhæðir, samkvæmt grein þessari, skulu verðbættar í fjárlögum ár hvert í samræmi við forsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa.

4. gr.

Úr ríkissjóði skal árlega greitt framlag að fjárhæð 52,7 m.kr. til greiðslu launa starfsmanna biskupsstofu. Biskupsembættið ákveður fjölda starfsmanna hverju sinni og ráðningarkjör þeirra.

Fjölgi eða fækki störfum á biskupsstofu samkvæmt 3. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag samkvæmt 1. mgr. breytast um 2,9 m.kr. fyrir hvert starf.

Samningsfjárhæðir samkvæmt grein þessari skulu hækka í samræmi við meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna samkvæmt mati Hagstofu Íslands. Verði breyting á þeim sem ekki er í samræmi við forsendur fjárlaga skal framlagið leiðrétt.

5. gr.

Árlega skal greitt úr ríkissjóði framlag að fjárhæð 30 m.kr. til annars kostnaðar biskupsstofu, vígslubiskupa og biskups Íslands, en að framan greinir. Fjárhæðin tekur til alls rekstrarkostnaðar annars en launa og launatengdra gjalda samkvæmt 2. og 4. gr., m.a. endurnýjunar á tækjum og búnaði, húsnæðiskostnaðar, ferðakostnaðar, risnu og kostnaðar vegna biskupskosninga.

Fjölgi eða fækki störfum á biskupsstofu samkvæmt 3. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag vegna reksturs breytast um 1,4 m.kr. fyrir hvert starf.

Samningsfjárhæðir samkvæmt grein þessari skulu verðbættar í fjárlögum ár hvert í samræmi við forsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa.

6. gr.

Árlegt framlag í fjárlögum til kristnisjóðs skal svara til 15 fastra árslauna presta í fámennustu prestaköllum samkvæmt úrskurði kjaranefndar. Auk þess skal árlega greiða úr ríkissjóði til ársloka 2005 sem nemur einum árslaunum samkvæmt 1. mgr.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt fjárlögum ár hvert sérframlög til þjóðkirkjunnar, sem samið er um sérstaklega, lög kveða á um eða Alþingi ákveður. Með sérframlögum er átt við styrki sem ekki falla innan 2.–6. gr. samnings þessa.

8. gr.

Þjóðkirkjan ber fulla ábyrgð á fjármálum sínum og hagar rekstri eins og þykir best hverju sinni. Í því felst m.a. að þjóðkirkjan fjármagnar án aðstoðar úr ríkissjóði útgjöld sem reynast umfram greiðsluskyldu ríkissjóðs. Framlag úr ríkissjóði er óháð öðrum tekjum sem þjóðkirkjan kann að afla, hlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins vegna presta er þjóna erlendis, þjónustugjöldum sjóða til biskupsstofu o.fl.

Ef kirkjan fjölgar eða fækkar prestum umfram það sem tilgreint er í 1. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins hefur það ekki áhrif á greiðsluskyldu ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Eins getur kirkjan fjölgað eða fækkað öðru starfsliði, breytt launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði án þess að það hafi áhrif á framlag úr ríkissjóði.

9. gr.

Hækka skal framlag í fjáraukalögum 1998 til fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands alls um 70,3 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 27,3 m.kr. vegna uppsafnaðs halla fyrri ára. Hækka skal framlag til kristnisjóðs í fjáraukalögum 1998 um 5,2 m.kr.

Heildarframlag til fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands árið 1999 skal vera 655,2 m.kr. Á árinu 2000 lækkar framlag um 8,1 m.kr. Framlag til fjárlagaliðar kristnisjóðs árið 1999 skal vera 36,4 m.kr. Í fjárlögum ársins 2006 lækkar framlag um sem nemur einum árslaunum prests, sbr. 6. gr.

Framlag samkvæmt 1. mgr. er á verðlagi fjárlaga 1998. Aðrar fjárhæðir samnings þessa eru á verðlagi frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999.

10. gr.

Samningsaðilar skulu í upphafi hvers árs sammælast um greiðsluáætlun fyrir einstaka mánuði innan þess fjárhagsramma sem fjárlög ársins setja á fjárlagalið þjóðkirkju Íslands. Laun til biskups Íslands, vígslubiskupa, presta, prófasta og starfsmanna biskupsstofu skulu greidd úr ríkissjóði til viðkomandi einstaklinga án atbeina biskupsstofu. Mánaðarlegt framlag til annars kostnaðar samkvæmt 3. og 5. gr. skal vera mismunur á heildarframlagi viðkomandi mánaðar og þeirra launa sem greidd hafa verið í þeim mánuði. Framlagið skal greiðast til biskupsstofu.

11. gr.

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningi þessum ef grundvallarbreyting verður á úrskurðum kjaradóms og/eða kjaranefndar og vegna verulegra breytinga á öðrum forsendum samningsins.

Verði verulegar vanefndir á skyldum af hálfu annars hvors samningsaðila getur hinn sagt samningi þessum upp. Tekur uppsögnin gildi frá og með næstu áramótum eftir að hún er tilkynnt.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samnings þessa skal honum vísað til þriggja manna nefndar sem gera skal út um ágreininginn. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af biskupi Íslands, einn sameiginlega af dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra og oddamaður skal tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Kostnaður sem hlýst af starfi nefndarinnar skal að hálfu greiddur úr ríkissjóði og að hálfu af þjóðkirkjunni.

12. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun á haustþingi 1998 leggja fram frumvarp til laga á Alþingi er felur í sér brottfall 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1931, um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun 31. desember 1998 fella úr gildi reglur um greiðslu embættiskostnaðar presta og prófasta settar 15. júní 1989, með síðari breytingum.

13. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 1999. Hann er gerður með fyrirvara um samþykki kirkjuþings og samþykki Alþingis á fjárframlögum.

Reykjavík, 4. september 1998

Karl Sigurbjörnsson	*Þorsteinn Pálsson*	*Geir H. Haarde*
biskup Íslands	dóms- og kirkjumálaráðherra	fjármálaráðherra

Fskj. 1.

Skýringar við einstakar greinar samningsins:

Um 1. gr.

Samningur þessi tengist samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, fskj. 3, um eignaafhendingu á móti skuldbindingu með fyrirvara um fækkun eða fjölgun á skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar miðað við þjóðskrá 1. desember 1996, sem var 244.060.

Um 2. gr.

Til viðbótar við framlag til launa og annars kostnaðar til samræmis við kirkjujarðasamkomulagið skal greitt framlag sem nemur 70 mánaðarlaunum til námsleyfa, veikinda o.fl. en það samsvarar um hálfum mánuði fyrir hvert prestsembætti.

Með staðfestingu ráðuneyta á launalíkani er átt við að samþykktar verði breytingar á talnaforsendum og gerð embætta. Núverandi skipting á 138 embættum er 16 prófastar, 112 sóknarprestar, 4 héraðsprestar og 6 sérþjónustuprestar.

Um 3. gr.

Til rekstrarkostnaðar embætta telst allur embættiskostnaður þar með talinn aksturskostnaður, svo og allur kostnaður vegna sérþjónustupresta að frátöldum almennum prestslaunum, sbr. 2. gr.

Kveðið er á um annan kostnað en laun og launatengd gjöld presta í úrskurði kjaranefndar. Samkvæmt úrskurði hennar frá 13. febrúar 1998 gilda reglur kjaranefndar dagsettar 16.

desember 1997, en í 4. lið III. kafla þess úrskurðar segir: Um greiðslur til búferlaflutninga og vegna starfa í þremur fastanefndum kirkjunnar skulu gilda óbreytt ákvæði síðasta kjarasamnings. Kostnaður þessi telst hluti af framlagi samkvæmt 3. gr. samnings þessa en er ekki áætlaður í reiknilíkani samkvæmt 2. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 3. gr. samningsins er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 138.

Um 4. gr.

Fjárhæðin nemur launum og launatengdum gjöldum 18 starfsmanna biskupsstofu samkvæmt 2. gr. kirkjujarðasamkomulagsins.

Að því er varðar 2. mgr. 4. gr. er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 18.

Um 5. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 5. gr. er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 21 (18 starfsmenn biskupsstofu, biskup Íslands og tveir vígslubiskupar).

Um 6. gr.

Viðmiðun um 15 föst árslaun presta tekur mið af b-lið 20. gr. laga nr. 35/1970, um kristnisjóð o.fl. sem felldur var niður með lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar en kirkjujarðasamkomulagið gerði ekki ráð fyrir að framangreindur b-liður félli niður. Ákvæðið var svohljóðandi: „Tekjur kristnisjóðs skulu vera] Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum". Tekið er mið af árslaunum prests í fámennustu prestaköllum, þ.e. mánaðarlaun með 5% álagi ásamt einingum, sbr. úrskurð kjaranefndar frá 13. febrúar 1998. Nema þau árslaun nú um 2,2 m.kr.

Samkvæmt 2. mgr. 62. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, skal næstu 8 ár frá samþykkt laganna greiða sem nemur einum árslaunum sóknarprests. Því er heildarviðmiðun 16 árslaun. Framlag þetta fellur niður í árslok 2005.

Um 7. gr.

Átt er við styrki samkvæmt ákvörðun Alþingis, samningsbundnar og lögboðnar greiðslur, ss. greiðslur til Skálholtsstaðar, Hallgrímskirkju, Hóladómkirkju, Kirkjumiðstöðvar Austurlands, Löngumýrar í Skagafirði og Skálholtsskóla. Auk þess innheimtir ríkissjóður eins og verið hefur sóknar- og kirkjugarðsgjöld fyrir þjóðkirkju Íslands og innir af hendi lögbundnar greiðslur í kirkjumálasjóð, jöfnunarsjóð sókna og kirkjugarðasjóð.

Ekki er gert ráð fyrir verðlagshækkun fjárframlaga samkvæmt þessari grein. Tekið er mið af almennum venjum við gerð og meðferð fjárlaga en við undirbúning frumvarps til fjárlaga hefur það ekki tíðkast að verðlagsbæta styrkjaliði heldur er tekin ákvörðun hverju sinni um styrkfjárhæð. Taki liður hækkun samkvæmt lögum eða samningi þar um, sbr. 7. gr., hækkar fjárframlag til samræmis við það.

Um 8. gr.

Niðurstaða þessa samnings er ákveðin fjárhæð fyrir hvert ár. Ef tekjur eða gjöld breytast á fjárlagalið þjóðkirkjunnar þarf að breyta samsvarandi þannig að greiðsla úr ríkissjóði standi óbreytt.

Um 9. gr.

Með orðunum „fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands“ er átt við viðfangsefnið *1.01 Þjóðkirkja Íslands* á fjárlagalið *06-701 Biskup Íslands*, eða sambærilegan lið, verði breyting á framsetningu fjárlaga frá frumvarpi til fjárlaga 1999.

Í fjárlögum 1998 var veitt tímabundið framlag til prestsembættis í Grafarvogsprestakalli. Dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði prestinn til tveggja ára frá 1. september 1997 og er því gert ráð fyrir framlagi á árinu 1999 sem svarar til 8 mánaða launa. Framlagið fellur niður í fjárlögum ársins 2000.

Í fjárlögum árið 2000 fellur niður tímabundið framlag til embættis sérþjónustuprests er þjónar meðal Íslendinga búsettra á meginlandi Evrópu.

Um 10. gr.

Með orðunum „fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands“ er átt við viðfangsefnið *1.01 Þjóðkirkja Íslands* á fjárlagalið *06-701 Biskup Íslands*, eða sambærilegan lið, verði breyting á framsetningu fjárlaga frá frumvarpi til fjárlaga 1999.

Um 11. gr.

Hér er einungis átt við meiri háttar breytingar, s.s. meiri háttar breytingar á efnisatriðum úrskurða kjaranefndar, dagsett 3. febrúar 1998, og úrskurða kjaradóms, dagsett 17. desember 1997.

Um 12. gr.

Lagaákvæði er svohljóðandi: Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fskj. 2.

Grein	*Kostnaðarliður*	*Frumvarp til fjárlaga 1999 Verðlag 1998*	*Frumvarp til fjárlaga 1999* [1] *Verðlag 1999*	*Frumvarp til fjárlaga 2000 Verðlag 1999*
2. gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi	461,5	477,7	477,7
	Grafarvogsprestur	2,4	2,5	0
	Evrópuprestur	5,4	5,6	0
3. gr.	Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófasta	87,7	89,5	89,5
4. gr.	Launakostnaður biskupsstofu	50,9	52,7	52,7
5. gr.	Annar rekstrarkostnaður biskupsstofu	29,4	30	30
7. gr.	Styrkjaliðir	23,7	23,7	23,7
8. gr.	Sértekjur	-26,3	-26,3	-26,3
	Alls	***634,7***	***655,2***	***647,2***
6. gr.	Framlag til Kristnisjóðs	35,2	36,4	36,4
	Samtals, framlag úr ríkissjóði	**669,9**	**691,7**	**683,6**
	Frumvarp til fjáraukalaga 1998			
2. gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi [2]	33		
3. gr.	Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófasta	6		
5. gr.	Annar rekstrarkostnaður biskupsstofu	4		
6. gr.	Framlag til Kristnisjóðs	5,2		
	Hækkun frá fjárlögum 1998	***48,2***		
	Halli frá fyrri árum	27,3		
	SAMTALS	**75,5**		

[1] Hækkun frá verðlagi 1998 til verðlags 1999 er í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga og er þá miðað við að kjaranefnd og kjaradómur muni úrskurða sömu hækkun launa í upphafi árs 1999 og almennt er kveðið á um í kjarasamningum.

[2] Alls hækkar framlag skv. 2. gr. um 33 m.kr. frá fjárlögum 1998. Af þeirri fjárhæð verður aflað 10,8 m.kr. viðbótarheimildar í frumvarpi til fjáraukalaga 1998 en 22,2 m.kr. verða fluttar af launa- og verðlagsmálalið fjármálaráðuneytis á árinu 1998.

Fskj. 3.

Frásögn af fundi nefnda ríkis og kirkju um kirkjujarðir í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 10. janúar 1997.

Mættir eru af hálfu ríkisins Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóníasson og Stefán Eiríksson. Af hálfu kirkjunnar eru mættir Þorbjörn Hlynur Árnason, Þórir Stephensen og Halldór Gunnarsson.

Þorsteinn Geirsson setti fundinn. Fyrir fundinum liggja eftirfarandi drög að samkomulagi:

Íslenska ríkið og þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi

samkomulag

um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar:

1. gr.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð. Umsýsla og ráðstöfun umræddra eigna fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

2. gr.

Íslenska ríkið skuldbindur sig til þess, á þeim grundvelli sem að framan greinir, að greiða laun presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Þá skuldbindur ríkið sig til að setja reglur um umgengni á kirkjustöðum.

3. gr.

1. Ríkissjóður greiði laun:
   a. Biskups Íslands og vígslubiskupa.
   b. 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar.
   c. 18 starfsmanna biskupsembættisins.
2. Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 prests til viðbótar því sem greinir í b-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 lækkar talan í b-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.
3. Fjölgi prestum um 10, sbr. það sem greinir í 1. mgr., skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 starfsmanns biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í c-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um 10, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar talan í c-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.
4. Um ráðningar þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.
5. Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.
6. Greiðslur til kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu 8 ár, upphæð er svarar til fastra árslauna 1 sóknarprests.

4. gr.

Aðilar líta á samkomulag þetta um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907. Aðilar geta óskað eftir endurskoðun á 3. gr. samkomulagsins að liðnum 15 árum frá undirritun þess.

5. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Kirkjuþings, svo og samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Til skýringar vilja fundarmenn taka fram að með kirkjujörðum er í samkomulagi þessu átt við jarðeignir sem kirkjur hafa átt og eigi hafa verið seldar frá þeim með lögmætri heimild eða gengið undan þeim með öðrum sambærilegum hætti, og hafa verið í umsjón ríkisins frá árinu 1907, sbr. lög nr. 46/1907, um laun sóknarpresta, og lög nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða, og Álitsgerð kirkjueignanefndar 1984. Með orðalaginu „og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja“ er m.a. átt við kirknaítök, réttindi á afréttum o.fl. sem fylgir og fylgja ber umræddum jörðum í hverju tilviki.

Undir þetta samkomulag falla ekki eftirtaldar jarðeignir:

a. Klausturjarðir: Fram kemur í álitsgerð kirkjueignanefndar frá 1984 að ekki verði séð að íslenska kirkjan eigi nú neina lagalega kröfu til klausturjarðanna. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið klausturjarðir.
b. Stólsjarðir: Umræddar jarðir voru seldar kringum aldamótin 1800. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið stólsjarðir.
c. Prestssetur: Eins og tekið er fram í samkomulaginu þá falla prestssetrin og það sem þeim fylgir ekki undir þetta samkomulag. Prestssetrasjóður hefur á höndum umsjón og umsýslu umræddra jarða, sbr. lög nr. 137/1993, um prestssetur. Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar fjalli síðar um eignarréttarstöðu prestssetranna.
d. Kristfjárjarðir og fátækrajarðir: Eignarréttarstöðu jarða sem falla undir þessa skilgreiningu er ekki á einn veg háttað. Þær eignir sem eru í eigu eða umsjá sveitarfélaga falla ekki undir þetta samkomulag. Aðrar kirkjujarðir sem eru með kristfjárkvöðum eða fátækrakvöðum falla undir samkomulagið, en með þeim formerkjum þó að sannanlegar kristfjár- eða fátækrakvaðir sem á þeim hvíla halda gildi sínu. Hreinar kristfjár- eða fátækrajarðir falla ekki undir þetta samkomulag.

Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar starfi áfram og fjalli sameiginlega um eignar- og réttarstöðu þjóðkirkjunnar í heild sinni.

Í samkomulaginu er fyrirvari um samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings, svo og Alþingis, á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Frumvarpið og samkomulag þetta verður lagt fyrir ríkisstjórn 14. janúar n.k. og fyrir kirkjuþing sem hefst 21. janúar n.k. Í frumvarpinu eru ákvæði sem tryggja efnisatriði þessa samkomulags. Kirkjumálaráðherra gerir ráð fyrir að leggja frumvarpið fram á Alþingi á yfirstandandi þingi, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings á þessu samkomulagi.

Fundarmenn eru sammála um framangreind drög, og rita nöfn sín því til staðfestingar undir fundargerð þessa.

Reykjavík, 10. jan. 1997.

Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóníasson, Stefán Eiríksson, Þorbjörn Hlynur Árnason, Halldór Gunnarsson og Þórir Stephensen.

433. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [109. mál]

í málinu: Frv. til l. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni.

Þar sem fyrir liggur

þingsályktunartillaga um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd (97. mál á 123. löggjafarþingi) sem gerir ráð fyrir að í stað þess að stefna að miðlægum gagnagrunni verði ríkisstjórninni falið að láta fara fram vandaða úttekt á dreifðum gagnagrunnum til rannsókna og bættrar heilbrigðisþjónustu

og enn fremur:

— að upplýsingar í miðlægum gagnagrunni verða í reynd persónugreinanlegar, m.a. að mati tölvunefndar,
— að ekki er gert ráð fyrir upplýstu samþykki við söfnun upplýsinga í gagnagrunninn og að ástæðulausu er verið að hrófla við hefðbundnu hlutverki vísindasiðanefnda,
— að fjölmennir hópar í samfélaginu hafa ekki aðstæður til eða eru færir um að taka afstöðu til þátttöku í grunninum og réttur barna og látinna yrði fyrir borð borinn,
— að Íslendingar erlendis eiga erfitt um vik að taka afstöðu til þátttöku í grunninum,
— að menn gætu ekki dregið upplýsingar út úr grunninum sem einu sinni eru komnar þar inn,
— að ekki yrði virtur umráðaréttur sjúklinga yfir eigin upplýsingum í sjúkraskrám,
— að með frumvarpinu er gengið gegn stjórnarskrárvörðum ákvæðum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs,
— að Alþingi hefur enn ekki fjallað um boðað frumvarp til nýrrar löggjafar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga,
— að ekki liggur fyrir hvaða upplýsingar eigi að fara í miðlægan gagnagrunn og hverjar ekki,
— að unnt yrði að samkeyra heilsufarsupplýsingar, erfðaupplýsingar og ættfræðiupplýsingar,
— að óforsvaranleg áhætta væri tekin með samsöfnun slíkra upplýsinga um íslensku þjóðina í miðlægum gagnagrunni,
— að frumvarpið er sniðið að einkarétti eins fyrirtækis til rekstrar og yfirráða yfir grunninum,
— að fjárhagslegir þættir málsins eru lítt kannaðir og viðskiptalegar forsendur þess tvísýnar,
— að tilurð miðlægs gagnagrunns samkvæmt frumvarpinu stangast á við alþjóðasamþykktir og samninga sem Ísland er aðili að,

— að vísindamönnum yrði með ólögmætum hætti mismunað gróflega í aðgengi að grunninum,
— að áform um grunninn hafa sett vísindasamfélagið hérlendis og víða erlendis í uppnám,
— að því hefur verið hafnað af þingnefnd að fjalla samtímis um önnur fyrirliggjandi þingmál um gagnagrunna (97. og 105. mál),

og því til viðbótar að

mörg önnur atriði mæla gegn frumvarpinu og með hliðsjón af breytingartillögum meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar samþykkir Alþingi að **vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

434. Frumvarp til laga [340. mál]

um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Útflutningsráði ber að stofna til samstarfs við þá aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta og skal ráðstafa 14% af tekjum af markaðsgjaldi skv. 1. tölul. 3. gr. til verkefna af þeim toga.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tekjur Útflutningsráðs eru:

1. Markaðsgjald, 0,05%, sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer eftir ákvæðum þeirra laga.
2. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
3. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Útflutningsráðs skipa sjö menn sem valdir eru til tveggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu fulltrúa atvinnulífsins í samráðsnefnd, sbr. ákvæði 6. gr., og tvo án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Í samráðsnefnd Útflutningsráðs sitja fulltrúar samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda. Af hálfu atvinnulífsins sitja í nefndinni fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumála-

sambandsins, Félags íslenskra stórkaupmanna, Verslunarráðs Íslands, Samtaka iðnaðarins, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva, Bændasamtakanna, Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja. Af opinberri hálfu sitja í nefndinni fulltrúi utanríkisráðherra, sem er formaður, og fulltrúar iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra. Þá eiga sæti í nefndinni fulltrúar Byggðastofnunar, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Iðntæknistofnunar. Utanríkisráðherra skipar í nefndina samkvæmt tilnefningu framangreindra aðila til tveggja ára í senn. Honum er jafnframt heimilt í reglugerð að veita öðrum samtökum eða stofnunum aðild að samráðsnefndinni að fenginni umsögn hennar.

Samráðsnefnd Útflutningsráðs er vettvangur til samráðs og skoðanaskipta um stefnu og starfsemi ráðsins og staðfestir hún reikninga þess. Nefndin fundar ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári.

Fulltrúar atvinnulífsins í samráðsnefnd velja fimm aðalmenn og fimm varamenn til setu í stjórn Útflutningsráðs.

5. gr.

8. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðast svo:

Utanríkisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Útflutningsráðs, að kveða nánar á í reglugerð um starfsemi Útflutningsráðs og um verkaskiptingu milli þess og utanríkisráðuneytisins.

6. gr.

Í stað ákvæða til bráðabirgða I–IV í lögunum kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 3. gr. laga þessara niður frá og með 1. janúar 2001, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2001 vegna gjaldstofns ársins 2000.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu tryggingagjalds á árinu 2000 og við staðgreiðslu þess á árinu 1999.

Við álagningu á árinu 1999 skal markaðsgjald lagt á virðisaukaskattsskylda veltu ársins 1998 í samræmi við 1. tölul. 3. gr. laga nr. 114/1990, eins og henni var breytt með 51. gr. laga nr. 122/1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt ákvæði IV til bráðabirgða við lög um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, sbr. 52. gr. laga nr. 122/1993, ber að endurskoða lögin á árinu 1998 og fellur markaðsgjaldið, helsti tekjustofn Útflutningsráðs, niður í lok árs 1998 fari sú endurskoðun ekki fram.

Hinn 29. júní 1998 skipaði utanríkisráðherra því nefnd til að fjalla um og gera tillögur að endurskoðun laga um Útflutningsráð Íslands. Í nefndinni áttu sæti Þorsteinn Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (NOPEF), formaður, Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnumálasambandsins, Stefán S. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna, Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, og Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands.

Nefndin skilaði niðurstöðu í nóvember 1998. Almenn samstaða var í nefndinni um mikilvægi þess að áfram yrði stutt við útflutningsstarfsemi af opinberri hálfu. Nefndin var sam-

mála um að markaðsgjaldið yrði lagt af í núverandi mynd og að eðlilegast væri að fé til starfseminnar kæmi að stærstum hluta af fjárlögum. Einnig var samstaða um aukin tengsl ráðsins við atvinnulífið og utanríkisráðuneytið og um að æskilegt væri að halda nánu samstarfi milli Fjárfestingarskrifstofu Íslands og Útflutningsráðs. Þá var samstaða um að fækka í stjórn ráðsins til að gera hana skilvirkari.

Hins vegar var ágreiningur í nefndinni um skipulagslega hlið málsins og verkaskiptingu Útflutningsráðs og Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins. Í áliti meiri hluta nefndarmanna er lagt til að starfsemi Útflutningsráðs Íslands og Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins haldi áfram, en í nokkuð breyttri mynd hvað Útflutningsráð varðar. Viðskiptaþjónustan hefði ekki hafið starfsemi fyrr en 1. september 1997 og því hefði gefist stuttur tími til að fá reynslu af starfi hennar. Meiri hlutinn taldi hins vegar rétt að gera verkaskiptingu þessara aðila skýrari og koma á auknu samráði þeirra í milli, en taka ætti starfsemi beggja til endurskoðunar eftir þrjú ár. Þá var það jafnframt mat meiri hluta nefndarmanna að Útflutningsráð Íslands ætti fyrst og fremst að veita þjónustu innan lands en Viðskiptaþjónustan ætti að sinna þjónustu erlendis. Í ljósi almennra samkeppnissjónarmiða væri óeðlilegt að Útflutningsráð Íslands hefði markaðsráðgjafa erlendis og markaðsstjóra til leigu á eigin vegum, en ráðið ætti þess í stað að hafa milligöngu um útvegun þessarar þjónustu hjá sjálfstætt starfandi ráðgjöfum. Það var hins vegar mat Þórarins V. Þórarinssonar að sameina ætti Útflutningsráð og Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins og að viðskiptafulltrúar erlendis ættu að sækja þjónustu, tengsl og stefnumótun til Útflutningsráðs.

Þá lagði meiri hlutinn til að lögin um Útflutningsráð yrðu felld úr gildi og ráðið gert að sjálfseignarstofnun með skipulagsskrá er félli undir utanríkisráðuneytið. Gerður yrði þjónustusamningur milli Útflutningsráðs og utanríkisráðuneytisins til fimm ára í senn þar sem kveðið yrði á um þá þjónustu sem ráðið veitti opinberum aðilum og útflytjendum. Í sérálitinu er ekki gerður ágreiningur við meiri hlutann um þessa skipan enda yrði tryggt að atvinnulífið hefði ráðandi áhrif innan stjórnar.

Ljóst er að skiptar skoðanir eru um niðurstöðu nefndarinnar. Þá er ljóst að þörf er á fjölþættum breytingum á rekstrarformi ráðsins ef hrinda á tillögum meiri hlutans í framkvæmd, auk þess sem taka þyrfti ákvörðun um ráðstöfun a.m.k. 600 milljóna kr. af fjárlögum til þessa verkefnis á næstu fimm árum. Slíkar aðgerðir er ekki hægt að ráðast í áður en tengsl Útflutningsráðs við utanríkisráðuneytið eru frágengin, þjónustuþörfin skilgreind og heildarskipulag starfseminnar ákveðið að öðru leyti. Rétt þykir hins vegar að koma til móts við ábendingar nefndarinnar svo sem kostur er að óbreyttu rekstrarformi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði á fót samráðsnefnd Útflutningsráðs þar sem fulltrúar samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda eigi sæti. Með samráðsnefndinni er reynt að endurspegla þær breytingar sem orðið hafa á samtökum atvinnulífsins á undanförnum árum. Þá verður stjórn Útflutningsráðs fámennari en nú er til að auka skilvirkni í störfum þess í samræmi við tillögur nefndarinnar. Lagt er til að utanríkisráðherra fái rýmri heimild til setningar reglugerðar þar sem m.a. er ætlunin að kveða betur á um samráð milli opinberra stofnana á sviði þjónustu við útflutning og um aukin tengsl og skýrari verkaskiptingu milli Útflutningsráðs og Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins.

Í samræmi við niðurstöður nefndarinnar er lagt til að álagning markaðsgjaldsins með núverandi hætti verði lögð af. Gjaldið skilar Útflutningsráði á árinu 1998 um 117 milljónum kr. Það leggst hins vegar m.a. óeðlilega þungt á verslunina, sem greiðir hátt í 40% markaðsgjaldsins, þar sem það leggst á veltu gjaldenda. Því er skynsamlegra að leggja á sérstakt gjald sem lagt er á og innheimt með tryggingagjaldi og rennur til Útflutningsráðs. Markaðsgjald sem lagt er á með slíkum hætti leggst jafnar á gjaldendur og má nefna að hlutur verslun-

arinnar yrði um 11% samkvæmt frumvarpinu en hlutur hins opinbera um 20%. Gert er ráð fyrir að markaðsgjald að hlutfalli 0,043% af tryggingagjaldsstofni skili Útflutningsráði áþekkum tekjum og markaðsgjaldið mundi að óbreyttu gera á árinu 1999, eða um 125 milljónum kr.

Í tengslum við þessar breytingar hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra lýst þeim vilja sínum að Fjárfestingarstofan verði áfram í nánu samstarfi við Útflutningsráð. Gert er ráð fyrir að stofunni verði sett sérstök stjórn og að fulltrúar atvinnulífsins muni tilnefna hluta stjórnarmanna á svipaðan hátt og í stjórn Útflutningsráðs samkvæmt frumvarpi þessu. Stofnanirnar yrðu þannig áfram í mjög nánu samráði og undir sama þaki og auðveldara yrði að sameina krafta þeirra í margháttuðu kynningarstarfi erlendis. Þá gefur þessi skipan einnig möguleika til að þróa frekar samstarf stofnananna í samræmi við breyttar þarfir.

Gert er ráð fyrir nokkurri útgjaldaaukningu til markaðssetningar vegna erlendra fjárfestinga í kjölfar breytinganna. Í frumvarpi til fjárlaga sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir 25 milljóna kr. framlagi til Fjárfestingarstofu. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra áætlar að sú upphæð haldist óbreytt, en því til viðbótar er í frumvarpinu gert ráð fyrir að stjórn Útflutningsráðs muni veita hluta af tekjum af hinu nýja markaðsgjaldi til samvinnuverkefna með Fjárfestingarstofu. Er því gert ráð fyrir að markaðsgjaldið nemi 0,05% af tryggingagjaldsstofni, en ætla má að það gæfi um 20 milljóna kr. tekjur, til viðbótar þeim 125 milljónum kr. sem gert er ráð fyrir að Útflutningsráð fái til hefðbundinnar starfsemi sinnar á næsta ári. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hið nýja markaðsgjald skili meiri heildartekjum til Útflutningsráðs en markaðsgjaldið gerir nú lækka framlög atvinnulífsins til starfseminnar frá því sem nú er þar sem hið opinbera greiðir 20% hins nýja markaðsgjalds en var ekki meðal greiðenda þess eldra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að Útflutningsráð skuli stofna til formlegs samstarfs við þá aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta, þ.e. Fjárfestingarstofu og/eða iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Jafnframt er ráðinu ætlað að verja ákveðnum hluta tekna af markaðsgjaldinu til þessa verkefnis.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um þá breytingu á tekjum Útflutningsráðs að markaðsgjald verði miðað við tryggingagjaldsstofn en ekki veltu eins og nú er. Hlutfallstalan 0,05% á að skila Útflutningsráði sambærilegum tekjum og markaðsgjald samkvæmt núgildandi reglum hefði gert á árinu 1999, að viðbættum u.þ.b. 20 milljónum kr. sem verður varið til að efla frekar erlenda fjárfestingu hér á landi.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn Útflutningsráðs verði skipuð sjö mönnum. Fulltrúar atvinnulífsins hafa þar meiri hluta en utanríkisráðherra skipar tvo stjórnarmenn. Skipulag þetta á rætur að rekja til tillagna meiri hluta nefndar þeirrar sem utanríkisráðherra skipaði. Ætlunin er að tryggja aukna skilvirkni í stjórn Útflutningsráðs og auka tengsl þess og utanríkisráðuneytisins.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um stofnun samráðsnefndar sem tryggir aðild fleiri hagsmunasamtaka að samráði um stefnu og starfsemi Útflutningsráðs en verið hefur. Fyrirmynd að

þessu skipulagi er einnig í tillögum nefndar þeirrar sem utanríkisráðherra skipaði. Gert er ráð fyrir að samráðsnefndin verði mikilvægur vettvangur til samráðs milli opinberra aðila og fulltrúa atvinnulífsins um starfsemi Útflutningsráðs.

Um 5. gr.

Með greininni er núgildandi ákvæði um heimild til setningar reglugerðar rýmkað. Með því er ætlunin að skapa svigrúm til að bregðast við athugasemdum nefndarinnar um verkaskiptingu Útflutningsráðs og utanríkisráðuneytisins og skort á skipulegu samráði þeirra á milli.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að markaðsgjaldið falli niður frá og með 1. janúar 2001, nema annað verði ákveðið í lögum. Ákvæðið kemur í stað fyrra bráðabirgðaákvæðis sem kvað á um að markaðsgjaldið félli niður nú um áramót.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að innheimta markaðsgjalds af tryggingagjaldsstofni hefjist í staðgreiðslu í ársbyrjun 1999. Þá er tekið fram til skýringar að álagning markaðsgjalds vegna veltu ársins 1998 fari fram á árinu 1999 í samræmi við eldri reglur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru m.a. gerðar breytingar á markaðsgjaldi sem er tekjustofn Útflutningsráðs Íslands. Lagt er til að framlag til Útflutningsráðs verði ekki bundið við 0,015% af veltu fyrirtækja eins og nú heldur renni 0,05% af tryggingagjaldsstofni til ráðsins. Gert er ráð fyrir að þetta leiði til um 20 m.kr. hærri tekna en af markaðsgjaldi samkvæmt núgildandi lögum.

Talið er að kostnaður ríkisins af hækkun tryggingagjalds verði óverulegur. Þess ber að geta að á tímabilinu 1996–1999 mun tryggingagjald ríkisins og sveitarfélaga hafa lækkað úr 6,93% í 5,48% og fyrirhugað er að það lækki í 5,18% árið 2000. Hækkun tryggingagjalds um 0,05% mun því hafa óveruleg áhrif á afkomu opinberra aðila.

435. Svar [215. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um kostnað af breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur heildarkostnaður verið af breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög og sölu á hlutafé í eigu ríkisins á yfirstandandi kjörtímabili? — Óskað er sundurliðunar eftir verkefnum og einnig hverjir hafa þegið greiðslur hverju sinni fyrir þessi verkefni, þar á meðal söluþóknun verðbréfafyrirtækja sem annast hafa sölu bréfanna.

Það sem af er kjörtímabili núverandi ríkisstjórnar hafa verið seld hlutabréf í eigu ríkisins fyrir 6.081,4 m.kr. Þá hefur verið til skoðunar sala nokkurra fyrirtækja sem ekki hefur orðið af auk þess sem ýmis rekstur ríkisins hefur verið boðinn út. Er þetta í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að flytja frá ríkinu rekstur sem betur er kominn í höndum einkaaðila. Þessu til viðbótar hefur á kjörtímabilinu verið unnið að formbreytingu banka og fjárfestingarlánasjóða auk formbreytingar og síðan skiptingu Póst- og símamálastofnunar í tvö hlutafélög.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 9. febrúar 1996 verklagsreglur um útboð og sölu ríkisfyrirtækja. Samkvæmt þeim er yfirstjórn einkavæðingar í höndum ríkisstjórnar og fjögurra manna ráðherranefndar. Á vegum ráðherranefndarinnar starfar framkvæmdanefnd sem annast undirbúning og samræmingu verkefna á sviði einkavæðingar. Í verklagsreglunum er jafnframt fjallað um fjölmarga þætti einkavæðingar og þær kröfur sem gerðar eru um vinnubrögð á þessu sviði. Áður en fyrirtæki er selt skal fara fram ítarleg úttekt á rekstri þess og rekstrarumhverfi. Markaðsvirði þess skal metið og þá sérstaklega í ljósi áætlaðs framtíðartekjuflæðis. Kveðið er á um söluaðferðir og sérstaklega lögð á það áhersla að almenningi gefist kostur á að kaupa hlutabréf. Fela skal löggiltum verðbréfafyrirtækjum að annast úttektir og umsjón með sölu. Auk þess þarf að leita til fjölmargra annarra sérfræðinga til að tryggja hverju sinni sem besta meðferð hvers máls.

Kostnaður við verkefni sem hafa verið á vegum framkvæmdanefndar um einkavæðingu nemur alls 86,2 m.kr. á kjörtímabilinu eða 1,42% af heildarsöluverði hlutabréfa sem ríkið hefur selt. Leitað hefur verið eftir upplýsingum frá þeim fyrirtækjum sem formbreytt hefur verið á kjörtímabilinu. Svar hefur borist um kostnað vegna formbreytingar Póst- og símamálastofnunar og er það birt sem fylgiskjal. Hins vegar hafa ekki enn borist svör frá ríkisbönkunum og fjárfestingarlánasjóðunum, en þau verða send Alþingi þegar þau hafa borist.

Á kjörtímabilinu hefur fallið til kostnaður vegna sölu hlutabréfa ríkisins í eftirfarandi fyrirtækjum: Jarðborunum hf., Bifreiðaskoðun Íslands hf., Skýrr hf., Stofnfiski hf. og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Að auki hefur fallið til kostnaður vegna undirbúnings sölu á ýmsum öðrum fyrirtækjum og má þar nefna Áburðarverksmiðjuna hf., Sementsverksmiðjuna hf. og Hólalax hf. Þá hefur verið lögð vinna í að skoða einkavæðingu á starfsemi ýmissa annarra stofnana, m.a. Námsgagnastofnunar og mötuneyta á vegum ríkisins.

Í yfirlitinu hér á eftir er gerð grein fyrir bókfærðum kostnaði vegna einkavæðingarverkefna ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu. Kostnaði er skipt á verkefni eftir því sem hægt er og þeirra ráðgjafa sem unnu að hverju máli jafnframt getið innan sviga.

Athygli er vakin á því að hluti kostnaðar sem fellur til 1996 er vegna einkavæðingarverkefna frá fyrra kjörtímabili og er hann ekki talinn með.

Verkefni árið 1996.

Á árinu 1996 var lokið við sölu hlutabréfa ríkisins í Jarðborunum hf. Þá var unnið að undirbúningi sölu Áburðarverksmiðjunnar hf. og Sementsverksmiðjunnar hf. með viðamiklum úttektum á starfsemi fyrirtækjanna og samkeppnisumhverfi. Á árinu hófst undirbúningur að útboði mötuneyta ríkisins en ákveðið var að bjóða út rekstur nokkurra mötuneyta á vegum stofnana fjármálaráðuneytisins. Fram fór viðamikil undirbúningsvinna við skilgreiningu á slíkum rekstri sem mun gagnast við útboð annarra mötuneyta ríkisins. Þá var ákveðið að kynna einkavæðingu og vinnulag á því sviði með sérstöku kynningarátaki þar sem m.a. var vakin athygli á verklagsreglunum með auglýsingum í dagblöðum.

1996	**Kr.**
Áburðarverksmiðjan hf. (Handsal hf.)	650.000
Sementsverksmiðjan hf. (Skandia hf.)	750.000
Jarðboranir hf. (Kaupþing hf.)	3.794.964
Útboð mötuneyta (Ríkiskaup, Íslandskostur hf.)	349.845
Kynningarmál (Gott fólk, birtingarkostnaður)	2.777.425
Ýmislegt, óskipt	883.234
Heildarkostnaður	**9.205.468**

Verkefni árið 1997.

Á árinu 1997 var ákveðið að skipta rekstri Bifreiðaskoðunar Íslands hf. í tvö fyrirtæki, annars vegar fyrirtæki sem annaðist skoðanir bifreiða í samkeppni við aðrar skoðunarstofur og hins vegar skráningarfyrirtæki er annaðist þá þætti starfseminnar sem er í einkasöluaðstöðu. Þá fór fram sala á hlutabréfum ríkisins og Reykjavíkurborgar í Skýrr hf. að því marki að nýr meirihlutaeigandi tók við stjórn fyrirtækisins auk þess sem starfsmenn keyptu hlutabréf. Fyrri eigendur áttu áfram 44%. Áburðarverksmiðjan var auglýst til sölu bæði hér á landi og erlendis en óviðunandi tilboð bárust. Lokið var við útboð nokkurra mötuneyta sem hófst árið á undan og sparaði það verulega fjármuni. Þá var efnt til ráðstefnu um einkavæðingu þar sem bæði innlendir og erlendir fyrirlesarar komu fram.

1997	**Kr.**
Bifreiðaskoðun Íslands hf. (Stoð-endurskoðun hf., Landsbréf hf., Fjárvangur hf.)	2.239.279
Útboð mötuneyta (Ríkiskaup, KPMG Endurskoðun hf., Íslandskostur hf.)	1.426.005
Námsgagnastofnun (VSÓ-rekstrarráðgjöf)	899.381
Áburðarverksmiðjan (Dow Jones (erlend auglýsing), Búnaðarbanki Íslands)	322.271
Skýrr hf. (Dow Jones (erlend auglýsing), Kaupþing hf.)	1.812.951
Kynningarmál	1.438.957
Ýmislegt, óskipt	3.477.847
Heildarkostnaður	**11.616.691**

Verkefni árið 1998.

Sala á hlutabréfum í Íslenska járnblendifélaginu hf. og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins eru fyrirferðarmestu verkefni ársins 1998. Því til viðbótar hefur verið unnið að undirbúningi einkavæðingar Hólalax hf. og Stofnfisks hf. Þá var lokið sölu hlutabréfa ríkisins og Reykjavíkurborgar í Skýrr hf.

1998	**Kr.**
Hólalax (Stoð-endurskoðun hf.)	237.012
Íslenska járnblendifélagið hf. (Landsbanki Íslands hf., Gunnar Viðar hdl., Jón Skaptason, löggiltur skjalaþýðandi)	8.311.181
Útboð mötuneyta (Íslandskostur hf.)	146.225
Áburðarverksmiðjan hf. (Handsal hf.)	42.523
Skýrr hf. (Kaupþing hf.,* Verðbréfastofan hf.)	2.500.000
Stofnfiskur hf. (Íslandsbanki, fyrirtækjaþjónusta)	350.000
Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. (Arthur Andersen og FBA hf.)	49.500.000
Ýmislegt	4.295.423
Heildarkostnaður	**65.382.364**

*Um er að ræða áfallinn kostnað miðað við 1. desember 1998 sem ekki hefur verið bókfærður.

Söluverð hlutabréfa.

Heildarsöluverð hlutabréfa í eigu ríkisins á kjörtímabilinu er sem hér segir:

Fyrirtæki	**Ár**	**Söluverð, m.kr.**
Jarðboranir hf.	1996	68,0
Skýrr hf.	1997	80,8
Bifreiðaskoðun hf.	1997	90,0
Íslenska járnblendifélagið hf.	1998	1.033,0
Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.	1998	4.664,0
Skýrr hf.	1998	145,6
Samtals:		**6.081,4**

Heildarkostnaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu vegna sölu, þjónustu, útboða og kynningarmála hefur því verið 86.204.523 kr. á kjörtímabilinu eða 1,42 % af heildarsöluverði hlutabréfa á tímabilinu.

Fylgiskjal.

Kostnaður við breytingu Póst- og símamálastofnunar í hlutafélag.

Í bókhaldi árin 1996–97 var kostnaður við stofnun hlutafélags annars vegar færður á sérstakt viðfangsefni vegna réttarstöðubreytingar og hins vegar á viðfangsefni forstjóra og stjórnar.

Kostnaður við þessa breytingu var fólginn í þóknun til sérfræðinga vegna endurmats á eignum stofnunarinnar, vinnu við gerð stofnsamþykkta og annarra lagalegra álitaefna, þóknun til undirbúningsnefndar, kostnaði við skáningu félagsins, auglýsingar ásamt öðrum kostnaði.

Samkvæmt bókhaldi var útlagður kostnaður án virðisaukaskatts er 13.036.371 kr. og unnu eftirtaldir ráðgjafar að verkefninu: Stoð-endurskoðun hf., Lögmenn Höfðabakka, Sveinn Snorrason hrl., Lögfræðiskrifstofan Garðastræti 17, Talnakönnun hf. og undirbúningsnefnd.

Við breytingu Póst- og símamálastofnunar í hlutafélag var samið um uppgjör á áföllnum lífeyrisskuldbindingum stofnunarinnar. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1996 nam kostn-

aður vegna yfirtekinna lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs samtals 1.717 m.kr. Kostnaður félagsins vegna stimpilgjalda af skuldabréfum við uppgjör lífeyrisskuldbindinga nam 90 m.kr.

436. Svar [267. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um losun gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum og stóriðju.

1. *Hver var áætluð losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi í innanlandsflugi annars vegar og millilandaflugi hins vegar árið 1997, mæld í koltvíoxíðsígildum?*

Áætluð losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi árið 1997 var 31.000 tonn í innanlandsflugi og 162.000 tonn í millilandaflugi.

2. *Hver var áætluð losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi frá stóriðju árið 1997, mæld í koltvíoxíðsígildum?*

Áætluð losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi frá stóriðju árið 1997 var 580.000 tonn.

3. *Hver var áætluð losun gróðurhúsalofttegunda af sömu völdum í löndum Evrópusambandsins á sama tíma, mæld í koltvíoxíðsígildum?*

Íslensk stjórnvöld hafa ekki fengið yfirlitstölur frá skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (FCCC) sem greina losun koltvíildis í löndum Evrópusambandsins eftir atvinnugreinum. Umhverfisstofnun Evrópu sem starfar á vegum Evrópusambandsins gefur upp tölur fyrir þátttökuríkin 15 árið 1990, EU15(1990), og áætlar losun iðnaðarferla frá þeim um 159 milljónir tonna. Stofnunin hefur ekki tiltækar upplýsingar um losun frá flugvélum.

437. Tillaga til þingsályktunar [341. mál]

um rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Össur Skarphéðinsson, Svavar Gestsson, Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera ítarlegar rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu með það að markmiði að stuðla að skynsamlegri nýtingu rjúpnastofnsins. Tilgangur rannsóknanna verði að kanna umfang og áhrif skotveiða á stofninn, viðkomu hans eftir svæðum, samhengi veiða og náttúrulegra affalla og að gera samanburð á rjúpnastofninum undir mismiklu veiðiálagi.

Greinargerð.

Rjúpan er lykiltegund í íslensku vistkerfi og einn einkennisfugla íslenskrar náttúru. Hún er afkastamikill grasbítur og þýðingarmikil fæða ýmissa rándýra, m.a. er heilbrigður rjúpnastofn forsendan fyrir tilvist íslenska fálkans. Rjúpnaveiðar verða æ vinsælla tómstundagaman

almennings og rjúpnasteik er orðin hluti af jólahefð landsmanna. Mikilvægt er að þessum veiðum sé stillt þannig í hóf að þær hafi ekki áhrif á stöðu og hlutverk rjúpunnar í vistkerfinu.

Rjúpnastofninn er sveiflóttur og um tíu ár hafa liðið á milli toppa, þessar sveiflur eru taldar vera náttúrulegar og að skotveiðar stjórni þeim ekki. Rannsóknir hafa sýnt að stofnbreytingarnar, þ.e. hvort stofninn vex eða minnkar, ráðast af vetrarafföllum. Til skamms tíma hafa litlar rannsóknir legið fyrir um hver hlutur skotveiða er í afföllum rjúpu. Nýlegar rannsóknir í nágrenni Reykjavíkur sýna að þar er rjúpnastofninn ofveiddur. Rjúpnatalningar á nokkrum svæðum á Suðvestur- og Vesturlandi benda til þess að þetta ástand geti átt við miklu víðar þar sem lítið er af rjúpum á þessum talningasvæðum, fuglum hefur fækkað þar síðustu ár eða fjöldinn staðið í stað og stofnbreytingar eru ekki lengur í takt við stofnsveiflu rjúpunnar í öðrum landshlutum, en þar hefur rjúpnastofninn verið í uppsveiflu síðustu árin. Ýmsum brennandi spurningum um áhrif skotveiða hefur þó ekki verið svarað fyllilega og er nauðsynlegt að afla gagna sem leitt geta hið sanna í ljós. Að auki munu þessar rannsóknir sem hvatt er til hafa vísindalegt gildi á sviði atferlisfræði og vistfræði.

Margvíslegar rannsóknir hafa verið gerðar á rjúpnastofninum síðustu áratugi og mikilvægar upplýsingar hafa bæst við frá skotveiðimönnum með tilkomu veiðikorta og veiðiskýrslna. Athuganir á veiðiafföllum hafa þó verið svo staðbundnar og náð yfir svo stuttan tíma að ekki er hægt að draga víðtækar ályktanir af þeim. Nauðsynlegt er að efla rannsóknirnar nú við ríkjandi veiðiálag. Ef veiðiálagi er breytt, svo sem með einhvers konar takmörkunum, er mikilvægt að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar um áhrif og gagn slíkra aðgerða áður en gripið er til ráðstafana.

Það er kappsmál veiðimanna að rjúpnastofninn sé sterkur og ekki sé gengið of nærri honum, jafnframt því sem taka þarf tillit til náttúruverndarsjónarmiða. Skotveiðimenn hafa lagt mikið af mörkum til rannsókna á veiðidýrum með veiðiskýrslum og eflingu veiðikortasjóðsins sem meðal annars hefur staðið undir rjúpnarannsóknum síðustu ár.

Ef nauðsynlegt reynist að takmarka veiðar svæðisbundið eða tímabundið verður slíkt ekki gert nema í góðri samvinnu veiðimanna, landráðenda, vísindamanna og yfirvalda í umhverfismálum. Allir viðkomandi aðilar þurfa að eiga aðild að skipulagi og undirbúningi rannsóknanna og þeim ákvörðunum sem kunna að vera teknar er niðurstöður liggja fyrir.

438. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 21. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi, dags. 8. október sl., óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað áliti og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 36 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða, að hafnalið undanskildum. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 1.749,7 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Meiri hluti nefndarinnar vill þakka fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og einstök ráðuneyti hafa veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umræðu afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B-hluti og heimildir skv. 7. gr. Auk þess bíða ýmis viðfangsefni 3. umræðu, smærri og stærri, sem nefndin hefur enn til umfjöllunar.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi. Gerð er tillaga um 18 m.kr. hækkun á framlagi til stofnkostnaðar á Alþingi til átaks í upplýsingamálum, skrifstofubúnaðar og öryggiskerfis.

620 Ríkisendurskoðun. Gerð er tillaga um 7,3 m.kr. hækkun á framlagi til Ríkisendurskoðunar í aukin verkefni.

01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að rekstur óbyggðanefndar verði á sérstökum fjárlagalið og að 5,5 m.kr. af 8,8 m.kr. fjárveitingu á viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn verði flutt á fjárlagalið 261 Óbyggðanefnd. Þær 3,3 m.kr. sem eftir standa eru ætlaðar til að mæta kostnaði aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna samþykktar laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

190 Ýmis verkefni. Alls er lagt til að veitt verði 13,9 m.kr. fjárveiting á þessum lið. Í fyrsta lagi verði veittur 8,8 m.kr. tímabundinn styrkur til að kosta verkefnisstjóra sem hafi umsjón með framkvæmd hátíðahalda á 1000 ára afmæli landafunda í Norður-Ameríku. Á næstu tveimur árum áforma stjórnvöld að efla tengsl við Íslendingabyggðir í Kanada. Áhugi fólks þar af íslenskum ættum á þeim tengslum og íslenskri menningu hefur aukist verulega og fyrirhugað er að efna til umfangsmikilla hátíðahalda árið 2000 til að minnast 1000 ára afmælis landafunda í Norður-Ameríku. Til að sjá um þessi mál er lagt til að ráðinn verði verkefnisstjóri og er honum ætlað að efla menningartengsl Íslands og Kanadamanna af íslenskum uppruna. Þá vinni hann einnig að mögulegum viðskiptatengslum og er honum ætlað að styðja við framtak Vestur-Íslendinga sem vinna að því að samræma viðburði á vegum Íslendingafélaga um öll fylki Kanada.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 4,5 m.kr. tímabundið framlag til að standa undir hluta af kostnaði við að koma upp aðstöðu á Gimli í Kanada undir varanlega sögusýningu um landnámið sem leiddi til stofnunar Nýja-Íslands á Gimli. Félag Vestur-Íslendinga í Manitoba hefur ákveðið að reisa nýbyggingu undir sýninguna þar sem Þjóðræknifélagið, Lögberg-Heimskringla og ýmis önnur félags- og upplýsingastarfsemi fengi inni. Áætlað er að það sem lýtur að sýningunni kosti samtals 270.000 Kanadadali. Framlagið er fært á óskiptan lið fjárlagaliðarins

Loks er lagt er til að framlag til viðfangsefnisins 1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar hækki um 0,6 m.kr. Samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 29. apríl 1974 skal árlega renna til sjóðsins fjárhæð er nemi ekki lægri fjárhæð en byrjunarlaunum prófessors við Háskóla Íslands. Þau laun nema nú 2,5 m.kr. og er hækkunin til samræmis við það. Sjóðnum er ætlað að veita verðlaun fyrir vísindaleg rit og styrkja útgáfu slíkra rita. Einnig er heimilt að veita viðurkenningu höfundum sem eru með vísindarit í smíðum. Öll skulu þessi rit lúta að sögu Íslands, íslenskum bókmenntum, lögum, stjórn eða framförum.

211 Þjóðhagsstofnun. Lagt er til að framlag til Þjóðhagsstofnunar hækki um 4,5 m.kr. og að framlag til aðalskrifstofu umhverfisráðuneytis lækki samsvarandi. Við undirbúning frumvarps til fjárlaga var framlag til aðalskrifstofu umhverfisráðuneytis hækkað um 4,5 m.kr. vegna kostnaðar við reiknilíkan sem notað verður til að meta áhrif rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar á efnahagsþróun og langtímahagsmuni Íslands. Reiknilíkanið er unnið á vegum Þjóðhagsstofnunar og því talið réttara að vista fjárveitinguna þar. Heildarkostnaður er áætlaður 9 m.kr. og er gerð tillaga um samsvarandi millifærslu við 2. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

261 Óbyggðanefnd. Lagt er til að framlag til óbyggðanefndar samkvæmt lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, hækki um 14,4 m.kr. frá fjárlagafrumvarpi og verði samtals 19,9 m.kr. sem færðar verði á sérstakan fjárlagalið. Framlag að fjárhæð 5,5 m.kr. er millifært af aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins en þar er að auki gert ráð fyrir 3,3 m.kr. kostnaði við framkvæmd laganna. Hlutverk óbyggðanefndar er í fyrsta lagi að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, í öðru lagi að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýtt er sem afréttur og að lokum að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Nefndinni er ætlað að eiga frumkvæði að málum sem undir hana heyra og tilkynna fyrir fram hvaða landsvæði hún tekur til meðferðar hverju sinni. Stefnt er að því að nefndin ljúki verkinu fyrir árið 2007.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands. Gerð er tillaga um að hækka framlög til kennslu- og vísindadeilda um 40 m.kr., m.a. vegna fjölgunar nemenda. Unnið er að gerð reiknilíkans fyrir rekstur háskólans og má ætla að það leiði til hækkunar útgjalda. Þá er lagt til að Háskóla Íslands verði veittar 14 m.kr. til að koma til móts við óskir stúdenta um bætta lesaðstöðu og færist fjárhæðin á viðfangsefni 1.03 Rekstur fasteigna. Með fjárveitingunni er Háskólanum gert kleift að semja við Landsbókasafn – Háskólabókasafn um þessa þjónustu eða leita annarra leiða.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Óskað er eftir 0,9 m.kr. til að greiða launakostnað dýralæknis sem jafnframt er sérfræðingur í veirufræði við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Framlagið er ætlað til að standa undir kostnaði við tímabundin verkefni.

211 Tækniskóli Íslands. Lagt er til að framlag til skólans verði hækkað um 10 m.kr. til kennslu og aukins rekstrarkostnaðar.

215 Kennaraháskóli Íslands. Lagt er til að veittar verði 20 m.kr. til kennslu til að koma til móts við aukinn kostnað þar sem nemendum í fjarnámi hefur fjölgað mikið. Nú er tæplega þriðjungur stúdenta við skólann í fjarnámi og eftirspurn margfalt meiri en hægt er að anna. Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands hafa nýlega undirritað samning um fjarkennslu.

225 *Samvinnuháskólinn.* Lagt er til að framlag til Samvinnuháskólans á Bifröst hækki um 3 m.kr. vegna fjölgunar nemenda við skólann. Skólinn hyggst bjóða fjarnám fyrir rekstrarhagfræðinga um næstu áramót og fjölgar nemendum einnig við það.

269 *Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.* Lagt er til að liðurinn hækki um 15 m.kr. Sundurliðun liðarins er sýnd í sérstöku yfirliti IV.

299 *Háskóla- og rannsóknastarfsemi.* Lögð er til 27,8 m.kr. hækkun á þessum lið og er breytingin fjórþætt. Í fyrsta lagi hafa Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands gert samstarfssamning um fjarkennslu. Í samræmi við hann hyggjast þeir vinna saman að uppbyggingu fjarkennslu og að því að auka aðgengi fólks um allt land að háskólamenntun. Lagt er til að skólarnir fái sameiginlega fjárveitingu að upphæð 12 m.kr. til þessa verkefnis árið 1999 og færist hún á nýtt viðfangsefni, 1.21 Fjarkennsla á háskólastigi.

Þá er farið fram á að veittar verði 7 m.kr. sem stofnframlag til símenntunarstöðvar á Vesturlandi. Stofnframlagið á fyrst og fremst að nýta til að byggja upp þjónustunet til Dalabyggðar og sveitarfélaga á norðanverðu Snæfellsnesi.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 7 m.kr. framlag til þróunarseturs á Vestfjörðum sem varið verði til fjarkennslu og verði framlagið fært á nýtt viðfangsefni, 1.23 Þróunarsetur Vestfjarða. Í þróunarsetri sameinast þær stofnanir sem nú þegar starfa á þessu sviði á Vestfjörðum, flestar staðsettar á Ísafirði, undir einu þaki. Starf í setrinu mun tengjast starfsemi Framhaldsskóla Vestfjarða og nýjum möguleikum í háskóla- og endurmenntun á svæðinu.

Loks er lagt til að fjárveiting til Norrænu eldfjallastöðvarinnar hækki um 1,8 m.kr. en leigukostnaður stöðvarinnar hefur hækkað.

318 *Framhaldsskólar, stofnkostnaður.* Lögð er til 8 m.kr. hækkun á viðfangsefni 6.90 Byggingaframkvæmdir, óskipt. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti IV.

319 *Framhaldsskólar, almennt.* Farið er fram á að fjárveiting liðarins verði aukin um 134,9 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 113,9 m.kr. hækkun á framlögum til viðfangsefnisins 1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Af þeirri fjárhæð fara 104,4 m.kr. til launa í framhaldsskólum. Komið hefur í ljós að við skiptingu í reiknilíkani menntamálaráðuneytis á fjárveitingum til framhaldsskóla í fjárlögum fyrir árið 1998 var stuðst við forsendur sem leiddu til þess að meðallaun kennara voru áætluð 3,5% of lág. Sundurliðun fjárhæðar er sýnd í sérstöku yfirliti I. Hins vegar er gert ráð fyrir að 9,5 m.kr. fari til hækkunar vegna kostnaðar samkvæmt kjarasamningum við próf í skólunum sem vanmetinn hefur verið að mati menntamálaráðuneytisins um sem svarar 2,3% af heildarlaunakostnaði og deildarstjórn um 1,3% eða samtals 129,5 m.kr. Í frumvörpum til fjáraukalaga fyrir árið 1998 og fjárlaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir 120 m.kr. til þess að mæta þessum vanda, en eftir standa 9,5 m.kr. sem hér er gerð tillaga um.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 7 m.kr. framlag til uppbyggingar búnaðar og fjarkennsluverkefnis á Norðurlandi vestra og er framlagið fært á nýtt viðfangsefni, 1.51 Fjarkennsluverkefni á Norðurlandi vestra.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 7 m.kr. framlag á nýtt viðfangsefni, 1.53 Fjarkennsluverkefni á Suðurlandi, til að undirbúa og koma á fót kennslu á háskólastigi á Suðurlandi í samvinnu við háskólastofnanir.

Þá er í fjórða lagi óskað eftir 5 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Myndlistaskólans í Reykjavík, annars vegar 2 m.kr. til rekstrar og hins vegar 3 m.kr. til að standsetja nýtt húsnæði skólans. Síðari fjárhæðin er tímabundin og fellur niður á árinu 2000.

Að lokum er lagt til að framlag til Myndlistaskólans á Akureyri hækki um 2 m.kr. Umsvif skólans hafa aukist og ný verkefni bæst við á síðustu árum og er talið nauðsynlegt að bæta við starfsfólki. Þá á skólinn 25 ára afmæli næsta ár og er fyrirhugað að minnast þess með sýningarhaldi og útgáfu á afmælisriti.

353 *Fjölbrautaskóli Suðurnesja.* Lögð er til 7 m.kr. fjárveiting til miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.

561 *Myndlista- og handíðaskóli Íslands.* Gerð er tillaga um 4,4 m.kr. hækkun á framlagi til Myndlista- og handíðaskóla Íslands til þriggja verkefna, þ.e. afmælis Myndlista- og handíðaskólans, 1,3 m.kr., uppbyggingar hönnunarnáms, 1,1 m.kr., og evrópsks MA-náms í grafík, 2 m.kr. Framlag til afmælisins og hönnunarnáms er tímabundið og fellur niður á árinu 2000.

884 *Jöfnun á námskostnaði.* Óskað er eftir 25 m.kr. hækkun á framlagi til jöfnunar námskostnaðar vegna fyrirhugaðrar lagabreytingar sem felur í sér rýmkun á reglum og mun leiða til fjölgunar styrkþega.

902 *Þjóðminjasafn Íslands.* Gerð er tillaga um að framlag til Þjóðminjasafns Íslands hækki um 14 m.kr. og renni til fornleifarannsókna sem þegar eru hafnar að Stóru-Borg, Neðra-Ási, í Reykholti og á Eiríksstöðum. Jafnframt er lagt til að framlag til byggða- og minjasafna hækki um 5 m.kr. Viðurkennd söfn fá styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar samkvæmt þjóðminjalögum. Kostnaður af styrkhæfum umsóknum og brýnustu verkefnastyrkjum er talinn nema um 25 m.kr.

905 *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á framlagi til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns vegna aukins launakostnaðar.

919 *Söfn, ýmis framlög.* Farið er fram á 2 m.kr. hækkun á framlagi til Nýlistasafnsins til eflingar starfsemi safnsins. Einnig er gerð tillaga um að óskipt viðfangsefni fjárlagaliðarins, 1.90 Söfn, lækki um 1,3 m.kr.

969 *Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.* Lögð er til 18 m.kr. hækkun á viðfangsefni 6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti IV.

971 *Ríkisútvarpið.* Lagt er til að framlag til viðfangsefnis 1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld hækki um 80 m.kr. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að heimila 5% hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins frá 1. desember 1998. Áætlað er að hækkunin skili 80 m.kr. auknum tekjum í ríkissjóð á árinu 1999 í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og að framlag í A-hluta fjárlaga til stofnunarinnar hækki um sömu fjárhæð.

974 *Sinfóníuhljómsveit Íslands.* Óskað er eftir 2,2 m.kr. hækkun vegna kostnaðar við kjarasamninga sem hljómsveitinni hefur ekki verið bættur. Að auki er lagt til að framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hækki um 3 m.kr., m.a. vegna hækkunar á leigukostnaði og til kaupa á búnaði.

979 *Húsafriðunarsjóður.* Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 10 m.kr. vegna aukinna verkefna.

982 *Listir, framlög.* Gerð er tillaga um að liðurinn hækki alls um 6 m.kr. og er skýringa að rekja til fjögurra þátta. Í fyrsta lagi er lögð til 5,6 m.kr. lækkun á framlagi á viðfangsefni 1.90 Listir. Hana má rekja til þess að 7,6 m.kr. fjárveiting til Íslenskrar tónverkamiðstöðvar sem hefur fengið úthlutun af þessu viðfangsefni hefur verið flutt á nýtt viðfangsefni henni merkt, 1.29 Íslensk tónverkamiðstöð. Óskipt fjárhæð er jafnframt hækkuð um 2 m.kr.

Í öðru lagi er farið fram á að framlag til Íslenskrar tónverkamiðstöðvar verði 4 m.kr. og færist á nýtt viðfangsefni, Íslensk tónverkamiðstöð. Áður hefur hún fengið fjárveitingar af viðfangsefni 1.90 Listir.

Þá er í þriðja lagi lagt til að framlag til starfsemi atvinnuleikhópa hækki um 3 m.kr. vegna starfssamninga atvinnuleikhópa. Loks er gerð tillaga um 1 m.kr. hækkun framlags til viðfangsefnisins 1.27 Tónlist fyrir alla. Markmiðið er að verkefnið nái til alls landsins innan fárra ára og ávinni sér fastan sess í skólastarfi og menningarlífi landsmanna.

983 Ýmis fræðistörf. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun framlags á viðfangsefni 1.10 Fræðistörf.

988 Æskulýðsmál. Lögð er til 4 m.kr. hækkun á framlagi til Ungmennafélags Íslands til reksturs þess á þjónustumiðstöð í Reykjavík sem veitir íþróttahópum af landsbyggðinni gistiþjónustu. Jafnframt er gerð tillaga um að framlag til Bandalags íslenskra skáta hækki tímabundið um 3 m.kr. vegna kostnaðar við landsmót.

989 Ýmis íþróttamál. Óskað er eftir að liðurinn hækki um 15,6 m.kr. samtals. Í fyrsta lagi er lagt til að hækka framlag til óskipts liðar alls um 10 m.kr. Þar af eru 8 m.kr. ætlaðar til uppbyggingar íþróttaaðstöðu á Egilsstöðum en þar er ráðgert að halda landsmót ungmennasambandanna árið 2001. Bæta þarf íþróttaaðstöðu til að tryggja að hægt verði að halda landsmót á Egilsstöðum, m.a. með því að leggja hlaupabrautir með svokölluðu „tartan"-yfirborði. Ætlað er að kostnaðurinn verði greiddur á tveimur árum.

Þá er lögð til 3 m.kr. hækkun á viðfangsefni 1.10 Íþróttasamband Íslands og jafnframt gerð tillaga um að heiti þess breytist og verði Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um að viðfangsefni 1.11 Ólympíunefnd Íslands falli brott. Framlagið að fjárhæð 3 m.kr. flyst á viðfangsefni 1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands.

Gert er ráð fyrir að framlag til Glímusambands Íslands hækki um 2,5 m.kr. til að vinna að kynningu á glímunni en takist ekki að auka iðkun hennar og útbreiðslu muni hún brátt heyra sögunni til.

Óskað er eftir tímabundinni hækkun að fjárhæð 1,5 m.kr. til Skáksambands Íslands til kynningarstarfs og Ólympíuskákmóts í Elista í Kalmykiu.

Jafnframt er gerð tillaga um 1 m.kr. framlag til Landssambands akstursíþróttafélaga.

Loks er lögð til 0,6 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Skákskóla Íslands. Það er 25% hækkun á rekstrarframlagi sem hefur haldist óbreytt frá árinu 1991.

999 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 19,5 m.kr. hækkun fjárveitinga á þessum lið. Lögð er til 20 m.kr. fjárveiting til Dalabyggðar til verkefna sem Eiríksstaðanefnd hefur verið falið að fjalla um í samráði við hreppsnefnd Dalabyggðar og tengjast fæðingarstað Leifs heppna.

Þá er gerð er tillaga um að óskiptur liður fjárlagaliðarins lækki um 0,5 m.kr.

Hluti framlags til Snorrastofu er ranglega færður á rekstrarviðfangsefni en er stofnkostnaður. Því lækkar framlag til viðfangsefnisins 1.44 Snorrastofa um 4 m.kr. en framlag til viðfangsefnisins 6.93 Snorrastofa hækkar samsvarandi og hefur því ekki áhrif á heildarfjárhæð.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á að veittar verði 35 m.kr. til að hefja undirbúning að þátttöku Íslands í heimssýningunni í Hannover árið 2000, m.a. til að festa sýningarsvæði til leigu. Þýskaland er mikilvægasta viðskiptaland Íslands jafnt með vörur sem þjónustu. Verulegar gjaldeyristekjur eru af þýskum ferðamönnum á Íslandi. Gert er ráð fyrir um 40 milljónum gesta á sýninguna. Lauslega má ætla að heildarkostn-

aður við sýninguna verði 200–240 m.kr. Búast má við að á næstu tveimur árum verði veittar allt að 200 m.kr. úr ríkissjóði. Leitast verður við að afla fjárframlaga frá atvinnulífinu fyrir 20% heildarkostnaðar eða sem nemur um 40 m.kr.

Þá er lagt til að áætlaðar sértekjur og gjöld yfirstjórnar lækki um 9 m.kr., áætlaðar sértekjur og gjöld varnarmálaskrifstofu hækki um 1,6 m.kr. og að áætlaðar sértekjur og gjöld þýðingarmiðstöðvar hækki um 1 m.kr. Heildaráhrif eru engin.

190 *Ýmis verkefni.* Lagt er til að framlag til þessa liðar hækki um 0,3 m.kr. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 2 m.kr. lækkun en í ljósi rauntalna er talið kleift að lækka framlag vegna kostnaðar við þátttöku fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi.

Þá er lagt er til að framlag til Mannréttindaskrifstofu Íslands verði aukið um 2 m.kr. Aukin áhersla er lögð á mannréttindi og mannréttindastarf og hefur í því skyni verið gerður samstarfssamningur milli Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands.

Að lokum er gerð er tillaga um að 0,3 m.kr. viðbótarfjárheimild verði varið til að efla starfsemi Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

320 *Sendiráð, almennt.* Óskað er eftir 20 m.kr. hækkun fjárveitingar til byggingar sendiráðsins í Berlín. Eftir framlagningu frumvarps til fjárlaga hefur komið í ljós að kostnaður verður allt að 20 m.kr. hærri en áður var talið. Helstu ástæður eru að þáttur Íslands í sameiginlegum kostnaði er meiri en gert var ráð fyrir í upphafi, þ.e. 6,3% en ekki 5,8%. Einnig hafa tilboð verið hærri en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir.

391 *Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.* Lagt er til að Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna verði veitt 3 m.kr. fjárheimild. Árið 1998 var fjárþörf skólans meiri en heimild fjárlaga gerði ráð fyrir en ekki var þörf á hærra framlagi úr ríkissjóði vegna afgangs frá árinu 1997. Til að mæta fjárþörf ársins 1999 þarf hins vegar aukna fjárheimild.

401 *Alþjóðastofnanir.* Farið er fram á 56,4 m.kr. hækkun framlags liðarins. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 37,7 m.kr. fjárveitingu til að senda fjóra liðsmenn frá Íslandi til þátttöku í eftirlitssveit ÖSE í Kósóvó. Fastaráð ÖSE tók formlega ákvörðun 25. október sl. um að stofna eftirlitssveit til að sjá um eftirlit með framkvæmd á samþykktum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um Kósóvó. Gert er ráð fyrir að aðildarríkin leggi fram mannskap og fé til styrktar sveitinni sem mun starfa í eitt ár til að byrja með. Reiknað er með að liðsmenn verði u.þ.b. 2.000. Aðrar Norðurlandaþjóðir ætla að senda 50–60 manns hver.

Í öðru lagi er lagt til að framlag til Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar lækki um 1,3 m.kr. Í ljós hefur komið að áætlað framlag til stofnunarinnar getur lækkað frá því sem áður var talið.

Loks er lagt til að 20 m.kr. verði veittar til fastanefndar ÖSE í Kósóvó. Fastaráð ÖSE tók formlega ákvörðun 25. október sl. um að stofna eftirlitssveit til að sjá um eftirlit með framkvæmd á samþykktum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um Kósóvó. Gert er ráð fyrir að aðildarríkin leggi fram mannskap og fé til styrktar sveitinni sem mun starfa í eitt ár til að byrja með. Um er að ræða 0,21% hlutdeild Íslands í útlögðum kostnaði ÖSE.

04 Landbúnaðarráðuneyti

190 *Ýmis verkefni.* Alls er óskað eftir 8,5 m.kr. hækkun framlags liðarins. Í fyrsta lagi er lagt til að verkefnið Landgræðsluskógar fái 10 m.kr. framlag. Landgræðsluskógar eru samvinnuverkefni Skógræktarfélags Íslands, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landbúnaðarráðuneytisins. Skógrækt ríkisins hefur framleitt og afhent endurgjaldslaust 1 milljón plantna til verkefnisins á ári sem talið er jafngilda 17 m.kr. framlagi.

Landgræðslan hefur séð um flutning á plöntunum um allt land og er framlag hennar metið á 1,5 m.kr. Aðildarfélög Skógræktarfélagsins hafa gróðursett plönturnar í samvinnu við sveitarfélög. Hækkunin er færð á óskipta fjárhæð fjárlagaliðarins.

Í öðru lagi er lagt til að Skógræktarfélagi Íslands verði veitt 2 m.kr. framlag til að standa straum af kostnaði við laun framkvæmdastjóra félagsins sem Skógrækt ríkisins hefur greitt til þessa.

Þá er gerð tillaga um 0,3 m.kr. hækkun á framlagi til Tilraunastöðvarinnar að Stóra-Ármóti sem rekin er af Búnaðarsambandi Suðurlands. Greiðslan er til að uppfylla samkomulag um afborgun af láni vegna stofnkostnaðar.

Að lokum er gerð tillaga um að viðfangsefni 1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir falli brott en fjárveiting sem þar var, 3,8 m.kr., skiptist á liði 04-311 Landgræðsla ríkisins og 04-321 Skógrækt ríkisins.

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Gerð er tillaga um 10,3 m.kr. hækkun á fjárveitingum liðarins. Annars vegar er lagt til að veitt verði 6 m.kr. framlag árlega árin 1999–2001 til verkefnisins Nytjaland en það er framhald af verkefninu Jarðvegsvernd sem er nýlokið á vegum stofnana landbúnaðarráðuneytisins. Með því fékkst yfirlit um jarðvegsrof sem bæði hefur haft mikil áhrif á landgræðslustarf og aukið þekkingu á vanda sem skapast við rof. Verkefnið hlaut umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 1998. Verkefnið Nytjaland felst í gerð gagnagrunns með kortum, landstærðum, nytjum, búskaparupplýsingum og hagrænum upplýsingum fyrir allar jarðir landsins. Gagnagrunnurinn á að vera aðgengilegur bændum og öðrum er láta sig varða nýtingu landsins.

Hins vegar er lagt til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins fái 4,3 m.kr. tímabundna fjárveitingu til kaupa á tilraunasláttuþreskivél sem nota þarf í þróunarverkefni.

222 Veiðimálastjóri. Gerð er tillaga um að embætti veiðimálastjóra fái 3 m.kr. hækkun á fjárveitingum til eftirlits og rannsókna á ólöglegum lax- og silungsveiðum í sjó. Mikilvægt þykir að halda áfram eftirlitsstarfi sem byggt hefur verið upp á undanförnum árum og sporna við því að ákvæði lax- og silungsveiðilaganna séu brotin.

261 Bændaskólinn á Hvanneyri. Lagt er til að sértekjur skólans verði lækkaðar um 5 m.kr. og verði þar með sama hlutfall af heildarrekstrarkostnaði skólans og að meðaltali á árunum 1994–97.

271 Bændaskólinn á Hólum. Lagt er til að gjöld og tekjur skólans hækki um 25 m.kr., m.a. til frekari bleikjurannsókna og annarrar starfsemi. Tekjurnar eru styrkir úr rannsóknasjóðum.

293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Lagt er til að stofnunin fái 1 m.kr. framlag vegna aukinna útgjalda til launa og rekstrar.

311 Landgræðsla ríkisins. Á þessum lið er annars vegar óskað eftir 17,4 m.kr. hækkun á fjárveitingum í fyrirhleðslur vegna nýrra og aðkallandi verkefna. Hins vegar er lögð til 1,9 m.kr. hækkun á framlagi til Landgræðslu ríkisins og flyst hún af liðnum 04-190 1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir.

321 Skógrækt ríkisins. Lögð er til 1,9 m.kr. hækkun á framlagi til Skógræktar ríkisins og flyst hún af liðnum 04-190 1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir.

331 Héraðsskógar. Lagt er til að framlag til skógræktarátaks á Fljótsdalshéraði hækki um 5 m.kr.

811 Bændasamtök Íslands. Lögð er til 14,2 m.kr. hækkun á liðnum. Annars vegar er farið fram á 9,6 m.kr. vegna aukinna greiðslna í lífeyrissjóð af launum starfsmanna. Iðgjöld hækkuðu úr 6% af dagvinnulaunum í 11,5% af heildarlaunum í ársbyrjun 1998, en ekki var gert ráð fyrir hækkun á framlagi vegna þessa í fjárlögum fyrir árið 1998.

Hins vegar er farið fram á 4,6 m.kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri, til aukinna greiðslna í lífeyrissjóð af launum starfsmanna. Lífeyrisiðgjöld hækkuðu úr 6% af dagvinnulaunum í 11,5% af heildarlaunum í ársbyrjun 1998, en ekki var gert ráð fyrir auknu framlagi vegna kostnaðaraukans í fjárlögum fyrir árið 1998. Í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir framlagi vegna ársins 1998.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Lagt er til að 45 m.kr. framlag verði veitt til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri frá fóðurstöðvum og færist það á nýtt viðfangsefni, 1.91 Loðdýrafóður. Gert er ráð fyrir að niðurgreiðslan nemi 5 kr. á hvert kíló fóðurs.

Enn fremur er lagt til að veittar verði 8 m.kr. til uppbyggingar og hagræðingar í fóðurstöðvum sem framleiða loðdýrafóður á sama viðfangsefni.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að veittur verði 3 m.kr. styrkur á næsta ári til gerðar sjónvarpsþáttanna Aldarhvörf. Heildarkostnaður er áætlaður 10 m.kr. og dreifist hann á þrjú ár. Sótt verður um 4 m.kr. í fjáraukalögum fyrir árið 1998 og gert er ráð fyrir að lokagreiðsla verði á árinu 2000. Þáttaröðin á að fjalla um sjávarútveg og verður hún sýnd í Ríkissjónvarpinu aldamótaárið 2000 sem framlag stofnunarinnar til höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar á liðinni öld.

202 Hafrannsóknastofnunin. Alls er lögð til 45 m.kr. hækkun á framlagi til Hafrannsóknastofnunarinnar. Annars vegar er um að ræða 30 m.kr. hækkun og er því fé ætlað að styrkja núverandi starfsemi stofnunarinnar. Þá samþykkti Alþingi 28. maí sl. ályktun um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins. Þar var því beint til ríkisstjórnarinnar að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og mismunandi veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Sérstaklega yrði kannað hver áhrif veiða eru á botnfisksstofna, viðkomu þeirra og afrakstursgetu, sem og áhrif veiða með dragnót, botnvörpu og öðrum dregnum veiðarfærum á botnlagið. Ályktað var að til verkefnisins yrði veitt sérstök fjárveiting næstu þrjú ár í samræmi við kostnaðaráætlun Hafrannsóknastofnunarinnar. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir heildarkostnaði að upphæð um 60 m.kr. Nú er óskað eftir 15 m.kr. framlagi til að mæta áætlaðri fjárþörf vegna rannsókna fyrsta árið.

06 Dóms og kirkjumálaráðuneyti

201 Hæstiréttur. Óskað er eftir 5,4 m.kr. hækkun á þessum lið. Þegar nýtt húsnæði Hæstaréttar var tekið í notkun láðist að áætla fyrir auknum hita- og rafmagnskostnaði, 1,5 m.kr., fasteigna- og tryggingagjöldum, 2,5 m.kr., og öryggisgæslu, 0,4 m.kr. Meðan framkvæmdir stóðu yfir var beðið með nauðsynlegar tengingar við tölvupóst og internet en rekstrarkostnaður við tölvuskrár og afnotagjöld nam um 1 m.kr. árið 1997. Samtals er því óskað eftir hækkun fjárveitinga að fjárhæð 5,4 m.kr.

301 Ríkissaksóknari. Lögð er til 4 m.kr. hækkun framlags til embættis ríkissaksóknara. Með lögreglulögum sem tóku gildi 1996 jókst eftirlitshlutverk embættisins með framkvæmd saksóknar í héraði auk þess sem embættið fer nú með rannsóknir varðandi kærur á hendur starfsmönnum lögreglu. Aukið eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk hefur í för með sér að ráða þarf viðbótarstarfskraft en með því að færa verkefni á milli manna nægir 2,5 m.kr. fjárveiting vegna aukins launakostnaðar. Þá er farið fram á 1,5 m.kr. vegna aukins kostnaðar við ferðir út á land og aukins kostnaðar við skráningu ákæra og rekstur tölvukerfa en þeim þætti var lítið sinnt um árabil.

303 Ríkislögreglustjóri. Óskað er eftir 4,1 m.kr. fjárveitingu vegna starfs yfirlögregluþjóns sem fært hefur verið frá lögreglunni í Reykjavík til ríkislögreglustjóra. Framlag til lögreglunnar í Reykjavík lækkar samsvarandi.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Lagt er til að framlag verði lækkað um 4,1 m.kr. eða sem nemur einu starfi yfirlögregluþjóns en starfið hefur verið fært frá lögreglunni í Reykjavík til ríkislögreglustjóra. Framlag til ríkislögreglustjóra hækkar samsvarandi.

341 Áfengis- og fíkniefnamál. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.20 Fíkniefnamál og er framlagið ætlað til átaks í fíkniefnavörnum í Reykjanesbæ. Verkefnið verður unnið m.a. í samvinnu við tollyfirvöld.

390 Ýmis löggæslumál. Lagt er til að veitt verði 7,5 m.kr. framlag sem varið verði til löggæslu á útihátíðum og er fjárhæðin færð á nýtt viðfangsefni, 1.22 Löggæsla vegna skemmtanahalds.

391 Húsnæði löggæslustofnana. Lagt er til að framlag til viðhalds lögreglustöðva lækki um 4 m.kr. og að liðurinn falli niður. Tillaga þessi tengist auknu framlagi vegna leigugreiðslna sýslumannsembætta til Fasteigna ríkissjóðs, sjá umfjöllun um fjárlagalið 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi. Gerð er tillaga um að hækka framlag til yfirstjórnar um 1,5 m.kr. til að kosta hálfa stöðu löglærðs fulltrúa. Jafnframt er lagt til að framlag til löggæslu hækki um 2 m.kr. vegna breytinga á vöktum lögreglu.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Farið er fram á að fjárveiting til rekstrar sýslumannsembætta hækki alls um 22,8 m.kr. Annars vegar er um að ræða 20 m.kr. vegna húsaleigugreiðslna. Stærstur hluti húsnæðis sýslumanna og dómstóla er nú í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Lagt er til að fasteignir flestra þeirra embætta sem ekki eru í umsjá Fasteigna ríkissjóðs verði færðar til þeirra frá og með næstu áramótum. Á móti kemur að framlag til viðhaldsliðar hjá sýslumannsembættum lækkar um 5 m.kr. og til lögreglustöðva um 4 m.kr. Heildarhækkun er því um 11 m.kr. Árið 2000 er svo gert ráð fyrir að viðhald sýslumannsembætta verði lækkað um þær 5 m.kr. sem eftir standa. Með því að færa viðhald fasteigna til Fasteigna ríkissjóðs verður viðhaldi sinnt jafnóðum og unnið að fyrirbyggjandi viðhaldi. Hins vegar er farið fram á hækkun fjárveitingar til ýmiss sameiginlegs kostnaðar að fjárhæð 2,8 m.kr. til að standa undir kostnaði við biðlaunagreiðslur.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna. Lagt er til að bætt verði við nýju viðfangsefni, 6.19 Húsnæði sýslumannsins á Hólmavík. Framlag að fjárhæð 10 m.kr. er ætlað til byggingar og innréttingar lögreglustöðvar á Hólmavík.

Þá er lagt er til að framlag til viðhalds hjá sýslumannsembættum lækki um 5 m.kr. Tillaga þessi tengist auknu framlagi vegna húsaleigugreiðslna sýslumannsembætta til Fasteigna ríkissjóðs, sjá umfjöllun um fjárlagalið 06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Á árinu 2000 er gert ráð fyrir að liðurinn lækki enn um 5 m.kr. og falli niður.

501 Fangelsismálastofnun ríkisins. Farið er fram á hækkun launagjalda um 30 m.kr. en það er áætluð hækkun vegna kjarasamnings við fangaverði.

701 Biskup Íslands. Lögð er til 3 m.kr. fjárveiting til Dómkirkjunnar í Reykjavík. Ákveðið hefur verið að hefjast handa um endurbætur og viðgerðir á kirkjunni á næsta ári og er áætlað að kostnaður geti numið 60–70 m.kr. Verktími er áætlaður sex mánuðir.

Jafnframt er óskað eftir 0,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Skálholtsskóla. Ekki náðist að endurnýja samning um rekstur skólans fyrir framlagningu fjárlagafrumvarps en nýr

samningur, sem nú hefur verið undirritaður, kveður á um hækkun sem nemur verðlagsbreytingum. Eldri samningur er að öðru leyti að mestu efnislega óbreyttur.

733 Kirkjugarðsgjöld. Lögð er til 8 m.kr. tímabundin fjárveiting í Kirkjugarðasjóð til að bæta sjóðnum að hluta þá skerðingu sem hann varð fyrir við breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu sem samþykkt voru í fyrra. Samkvæmt lögunum eru Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæmis undanþegnir greiðslu í Kirkjugarðasjóð árin 1998 og 1999.

07 Félagsmálaráðuneyti

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 3 m.kr. framlag þar sem úrskurðum í málaflokkum sem undir félagsmálaráðuneytið heyra fer sífellt fjölgandi. Gert er ráð fyrir að bætt verði við einu stöðugildi til að sinna þeim málum.

400 Barnaverndarstofa. Alls er óskað eftir 42 m.kr. hækkun á þessum lið. Í fyrsta lagi er farið er fram á 30 m.kr. hækkun á framlögum til málefna barna og unglinga til vímuefnavarna og nýrra meðferðarúrræða. Með hækkun á sjálfræðisaldri hefur bið eftir greiningu og meðferð á stofnunum Barnaverndarstofu lengst umtalsvert og er nauðsynlegt að bregðast við því með fjárveitingu til nýs heimilis.

Þá er gerð er tillaga um fjárveitingu að upphæð 8 m.kr. fyrir Krossgötur en samtökin hafa rekið endurhæfingarheimili fyrir ungt fólk í vímuefnavanda í 11 ár. Framlagið er háð því að gerður verði þjónustusamningur við rekstraraðila.

Að lokum er lagt er til að Götusmiðjunni – Virkinu verði veittar 4 m.kr. til að styrkja sérhæft meðferðarúrræði fyrir unga fíkla á aldrinum 16–20 ára. Framlagið er háð því að gerður verði þjónustusamningur við rekstraraðila meðferðarheimilisins.

700 Málefni fatlaðra. Gerð er tillaga um 64 m.kr. hækkun þessa liðar. Annars vegar er farið fram á 54 m.kr. hækkun til að mæta áhrifum kjarasamninga. Starfsmenn stofnana á heimilum fatlaðra fá langflestir laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR. Í síðasta kjarasamningi þessara aðila var samið um launakerfi sem m.a. byggist á nýrri starfaflokkun. Í mati á áhrifum kjarasamningsins var ekki tekið fullt tillit til þeirra áhrifa sem starfaflokkunin hefur á launaútgjöld þessara stofnana eftir gerð kjarasamninga. Í eldri kjarasamningi aðila var samið um námskeið fyrir ófaglært starfsfólk sem gaf þeim nokkurn framgang í launum og var eftir að meta áhrif þess við upptöku á nýju launakerfi. Loks var eftir að bæta stofnunum í þessum málefnaflokki hækkun launa þroskaþjálfa um einn launaflokk samkvæmt kjarasamningi sem gerður var eftir að lokið var við launamat fjárlaga 1998. Með framangreindum breytingum á launagrunni þessara stofnana hefur útgjaldaauka þeirra vegna kjarasamninga og aðlögunarsamninga verið að fullu mætt að mati fjármálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins. Sundurliðun breytinganna er sýnd í sérstöku yfirliti II.

Þá er farið er fram á 10 m.kr. framlag til að koma á samningi við einstaklinga um rekstur sambýlis fyrir allt að fimm einstaklinga. Áformað er að sambýlið verði á Suðausturlandi og taki við fötluðum einstaklingum samkvæmt þjónustusamningi.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Lögð er til 2,7 m.kr. hækkun á framlagi til Félags heyrnarlausra til að vinna að ýmsum auknum verkefnum.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. hækkun á framlagi til sambýlis fatlaðra á Akranesi til að tryggja greiðslu launahækkana sem starfsfólki ber eftir þátttöku í framhaldsnámskeiði fyrir stuðningsfulltrúa á Vesturlandi.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. hækkun á fjárheimild svæðisskrifstofu. Ráðuneytið hefur átt í viðræðum við sveitarfélög á Norðurlandi

vestra um yfirtöku þeirra á þjónustu við fatlaða. Í þeim viðræðum hefur komið fram að þörf er á viðbótarfjármagni til stuðningsfjölskyldna og frekari liðveislu í umdæmi svæðisskrifstofunnar á Norðurlandi vestra.

801 *Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.* Óskað er eftir 5,6 m.kr. hækkun fjárveitingar til jöfnunar húsaleigubóta til að verðbæta samningsbundnar greiðslur ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Samkvæmt samkomulagi sem gert var við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga við breytingar á lögum um húsaleigubætur mun ríkissjóður greiða árlega 280 m.kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og skal fjárhæðin taka sömu breytingum og vísitala neysluverðs.

985 *Félagsmálaskóli alþýðu.* Lögð er til 2 m.kr. fjárveiting til námskeiða fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum. Í kjölfar breytinga á vinnulöggjöfinni og aukinnar áherslu á að hluti kjarasamninga fari fram á vinnustöðum er talið nauðsynlegt að efla fræðslu trúnaðarmanna.

999 *Félagsmál, ýmis starfsemi.* Lögð er til 4 m.kr. fjárveiting á nýtt viðfangsefni, 1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Klúbburinn Geysir var stofnaður á þessu ári og er markmið hans að koma upp og reka vinnumiðlun fyrir geðfatlað fólk.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

201 *Tryggingastofnun ríkisins.* Lögð er til hækkun fjárveitingar um 1,9 m.kr. vegna endurreiknings á áhrifum kjarasamnings lækna á launagjöld stofnunarinnar.

206 *Sjúkratryggingar.* Í kjölfar nýlegra samninga á milli Tryggingastofnunar ríkisins og sérfræðilækna hefur stofnunin hætt greiðslum til sjúkrastofnana fyrir læknisverk sem unnin eru á göngudeildum. Farið er fram á að fjárhæð sem nemur greiðslum frá Tryggingastofnun fyrir læknisverk unnin á stofnunum verði færð frá sjúkratryggingum á fjárlagalið viðkomandi stofnunar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur gert samninga við stofnanirnar til að tryggja óbreytta sérfræðilæknisþjónustu. Lagt er til að framlag til viðfangsefnisins 1.11 Lækniskostnaður lækki alls um 243,5 m.kr. Á móti hækkar framlag til eftirtalinna stofnana um sömu fjárhæð alls þannig að heildarbreytingin er engin.

		M.kr.
08-358 1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	39,2
08-371 1.01	Ríkisspítalar	41,1
08-375 1.01	Sjúkrahús Reykjavíkur	62,7
08-400 1.01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	39,7
08-711 1.11	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	20,4
08-715 1.11	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	1,7
08-725 1.11	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	4,7
08-751 1.11	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	2,1
08-761 1.11	Heilbrigðisstofnunin Húsavík	3,0
08-781 1.11	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	2,0
08-785 1.11	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	4,3
08-791 1.11	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	22,6

Í annan stað er lagt til að framlag til viðfangsefnisins 1.11 Lækniskostnaður lækki um 47,6 m.kr. en á móti hækkar framlag til fjárlagaliðar 517 Læknavaktin um sömu fjárhæð.

301 Landlæknir. Gerð er tillaga um 7,5 m.kr. hækkun á framlagi til slysavarnaráðs til að fjármagna 1,5 stöðugildi læknis með sérfræðimenntun og kerfisfræðings. Sérfræðingarnir eiga að starfa á vegum slysavarnaráðs við sérhæfðan gagnagrunn um slys og orsakaskráningu slysa á Íslandi.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Heildarútgjöld stöðvarinnar hækka alls um 9,6 m.kr. en á móti hækka sértekjur um 5,9 m.kr. Annars vegar er farið fram á 9 m.kr. framlag. Á móti hækka sértekjur um 5,3 m.kr. þannig að heildarhækkun er 3,7 m.kr. Framlag til hjálpartækja hefur nánast staðið í stað frá árinu 1991. Sífellt koma ný stafræn heyrnartæki á markaðinn. Tækin eru um 30.000 kr. dýrari en hefðbundin heyrnartæki. Áætlað er að sala á 300 stafrænum heyrnartækjum auki sértekjur Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands um 5,3 m.kr. Hins vegar er óskað eftir 0,6 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Launaliður stöðvarinnar hækkar um 0,6 m.kr. vegna ferðalaga út á land auk þess sem önnur gjöld hækka um 0,6 m.kr. vegna nýrra verkefna. Hins vegar er gert ráð fyrir hækkun sértekna sem eiga að standa undir þessum aukna launakostnaði.

340 Málefni fatlaðra. Framlag til fjárlagaliðarins hækkar alls um 3 m.kr. og skiptist hækkunin á tvö viðfangsefni. Lagt er til að framlag til Endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hækki um 2 m.kr. Mikill halli hefur verið á rekstri stöðvarinnar síðustu árin og kostnaðarauki í kjölfar nýrra kjarasamninga og breytinga á lífeyrissjóðsgreiðslum. Áhersla er lögð á að gerður verði þjónustusamningur við rekstraraðila. Þá er lögð til 1 m.kr. hækkun á framlagi til Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga á Akureyri vegna breytinga á starfsemi. Tekinn var á leigu einn þjálfunarsalur til viðbótar því að sjúklingum hefur fjölgað og ráðinn nýr sjúkraþjálfari. Þá hefur verið ákveðið að hefja þjálfun við stöðina fyrir fólk sem hefur fengið áfall eða farið í kransæðaaðgerðir og bíður eftir að komast að í þjálfun á Reykjalundi.

375 Sjúkrahús Reykjavíkur. Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins 6.01Tæki og búnaður til kaupa á tækjabúnaði til rannsókna á sjúkdómum í meltingarvegi. Talið er víst að framlög fyrirtækja o.fl. muni nema milljónum króna en stofnkostnaður getur numið um 15–17 m.kr.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Alls er lagt til að framlag til fjárlagaliðarins lækki um 1,9 m.kr. Gerð er tillaga um að viðfangsefnið 6.60 Tækjakaup, óskipt hækki um 12,6 m.kr. og skiptist hækkunin í tvennt. Annars vegar er lagt til að Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði fái 7,6 m.kr. til þess m.a. að endurnýja röntgentæki og fjargreiningartæki. Hins vegar er gerð tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu fyrir St. Fransiskusspítala í Stykkishólmi til endurbóta í eldhúsi spítalans og tækjakaupa. Í annan stað er lögð til 14,5 m.kr. lækkun framlags á viðfangsefninu 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða og er ástæðan tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að lækka framlag um 15 m.kr. og að hækka framlag til fjárlagaliðar 500 Heilsugæslustöðvar, almennt samsvarandi. Breytingin er gerð vegna heilsgæslunnar í Grafarvogi en nauðsynlegt er að leysa úr brýnni húsnæðisþörf heilsugæslunnar sem er í bráðabirgðahúsnæði og þjónar einungis hluta svæðisins. Fjölgun íbúa er ör og nauðsynlegt að koma til móts við þarfir þeirra með stækkun stöðvarinnar. Í öðru lagi er lagt til að 0,5 m.kr. fari til hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði. Í breytingartillögum nefndarinnar er sýnd sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti IV.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Gerð er tillaga um 206 m.kr. hækkun fjárlagaliðarins og skiptist hækkunin á þrjú viðfangsefni. Í fyrsta lagi er farið fram á 197,9 m.kr. hækkun fjárheimildar á viðfangsefninu 1.90 Ýmis framlög vegna mats á áhrifum samninga

hjúkrunarfræðinga á launaútgjöld heilbrigðisstofnana. Sundurliðun á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti III með breytingartillögum. Í öðru lagi er leitað eftir 7 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna þriggja ára verkefnis til að fækka slysum á börnum og unglingum. Óskað verður eftir 4 m.kr. í fjáraukalögum fyrir árið 1998 og að verkefninu ljúki árið 2000. Slys á börnum og unglingum eru hlutfallslega fleiri hér á landi en í nágrannalöndunum. Ætlunin er að bregðast við þessari þróun með átaki sem leiðir til fækkunar slysa, m.a. með því að samræma krafta þeirra er koma að verki, skipuleggja skráningu slysa á börnum og unglingum, samhæfa fræðslu og forvarnir og veita ráðgjöf um slysavarnir barna. Fræðslu- og kynningarstarf vegur þungt í útgjöldum til verkefnisins. Þá verður að gera ráð fyrir ýmsum almennum kostnaði við rekstur öryggismiðstöðvar, svo sem húsaleigu og skrifstofukostnaði. Ráðinn verður starfsmaður í fullt starf til að hrinda átakinu í framkvæmd. Framlagið er fært á nýtt viðfangsefni, 1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga. Að lokum er lögð til 1,1 m.kr. hækkun á framlögum til reksturs Krýsuvíkursamtakanna á meðferðarheimilinu í Krýsuvík. Með fjárveitingu í fjáraukalögum var gert ráð fyrir að gerður verði þjónustusamningur við rekstraraðila.

411 Garðvangur, Garði. Lagt er til að framlag til liðarins hækki um 1,3 m.kr. vegna launabreytinga sem urðu við starfsmat sveitarfélaga fyrir ári síðan.

414–417 Hjúkrunarheimili og 495 Daggjaldastofnanir. Lagt er til að millifæra framlag til daggjaldastofnana á ný fjárlaganúmer vegna nýrra þjónustusamninga. Alls hækkar framlag til hjúkrunarheimila um 201,5 m.kr. en framlag til fjárlagaliðarins 495 Daggjaldastofnanir lækkar um sömu fjárhæð. Fjárveitingar færast milli fjárlagaliða sem hér segir:

		M.kr.
08-414 1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	66,2
08-415 1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	51,9
08-416 1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	61,5
08-417 1.01	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	21,9
08-495 1.13	Hornbrekka, Ólafsfirði	-48,3
08-495 1.17	Hulduhlíð, Eskifirði	-43,0
08-495 1.31	Naust, Þórshöfn	-19,8
08-495 1.39	Lundur, Hellu	-45,8
08-495 1.71	Dagvistun aldraðra, aðrar stofnanir	-6,4
08-495 1.75	Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	-38,2

430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun á framlögum Sjálfsbjargar til brunavarna í Hátúni 12. Verið er að vinna að þeim samkvæmt verkáætlun í samráði við eldvarnaeftirlitið og fóru 5 m.kr. til verksins á þessu ári.

431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands. Lagt er til að viðfangsefnið 1.10 Heilsuhælisdeild hjá Náttúrulækningafélagi Íslands hækki um 2,7 m.kr. Fjárveiting á því viðfangsefni hefur verið sett fram sem tilfærsluframlag, án skiptingar á laun eða önnur rekstrargjöld, og það hafði í för með sér að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 fórst fyrir að reikna á hana launabætur vegna áhrifa af nýlegum aðlögunarsamningum við hjúkrunarfræðinga.

495 Daggjaldastofnanir. Alls lækkar framlag til þessa fjárlagaliðar um 204,5 m.kr. Af þeirri fjárhæð er 201,5 m.kr. lækkun vegna millifærslu á fjárlagaliði hjúkrunarheimila,

sjá skýringar hér að framan við 414–417 Hjúkrunarheimili og 495 Daggjaldastofnanir. Í annan stað er lagt til að lækka framlag til reynslusveitarfélagsins Akureyri um 2,1 m.kr. en á móti hækkar fjárlagaliður 496 Reynslusveitarfélagið Akureyri samsvarandi. Að lokum er lagt til að lækka framlag til reynslusveitarfélagsins Höfn um 0,9 m.kr. en á móti hækkar fjárlagaliður 497 Reynslusveitarfélagið Höfn samsvarandi. Tvær síðasttöldu breytingarnar eru vegna endurmats á launabótum.

496 Reynslusveitarfélagið Akureyri. Lagt er til að hækka framlag um 2,1 m.kr. til viðfangsefnisins 1.11 Hjúkrunarrými vegna endurmats á launabótum. Á móti lækkar framlag til reynslusveitarfélagsins á fjárlagalið 495 Daggjaldastofnanir um samsvarandi fjárhæð.

497 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði. Alls er gerð tillaga um 11,9 m.kr. hækkun framlags til viðfangsefnisins 1.11 Hjúkrunarrými og er hækkunin af tvennum toga. Í samræmi við ákvæði í samningi við reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði er farið fram á 11 m.kr. viðbótarfjárheimild til að fjölga um þrjú sjúkrarúm í stað hjúkrunarrúma. Er um tímabundna fjárveitingu að ræða fyrir árið 1999 og er sótt um sömu fjárhæð í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1998. Þá er lagt til að hækka framlag um 0,9 m.kr. til viðfangsefnisins 1.11 Hjúkrunarrými vegna endurmats á launabótum. Á móti lækkar framlag til reynslusveitarfélagsins á fjárlagalið 495 Daggjaldastofnanir um samsvarandi fjárhæð.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Lagt er til að hækka framlag til þessa fjárlagaliðar um 15 m.kr. og að lækka framlag til fjárlagaliðar 381 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða samsvarandi. Breytingin er gerð vegna heilsgæslunnar í Grafarvogi en nauðsynlegt er að leysa úr brýnni húsnæðisþörf heilsugæslunnar sem er í bráðabirgðahúsnæði og þjónar einungis hluta svæðisins. Fjölgun íbúa er ör og nauðsynlegt að koma til móts við þarfir þeirra með stækkun stöðvarinnar.

501 Sjúkraflutningar. Lagt er til að hækka framlag til sjúkraflutninga um 7,5 m.kr. en á móti lækkar viðfangsefni 1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða um samsvarandi fjárhæð. Um áramótin var undirritaður samningur við Rauða kross Íslands um innkaup og rekstur bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutninga. Með samningnum mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið annast greiðslu á launum sjúkraflutningamanna og húsnæðiskostnaði. Þetta leiðir til hækkunar launakostnaðar. Á viðfangsefni 1.11 Sjúkraflutningar er að auki lögð til samsvarandi lækkun tekna og gjalda en heildarbreytingin er engin.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Framlag til fjárlagaliðarins lækkar alls um 47,2 m.kr. og hækkar framlag til fjárlagaliðar 517 Læknavaktin um sömu fjárhæð.

517 Læknavaktin. Þetta er nýr fjárlagaliður og er lagt til að framlag verði 124,1 m.kr. Heildarútgjöld verða 137,6 m.kr. en á móti koma sértekjur að fjárhæð 13,5 m.kr. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Læknavaktin sf. hafa komist að samkomulagi um vaktþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og mun nýtt fyrirkomulag taka gildi 1. nóvember 1998. Læknavaktin sf. hefur sl. tíu ár sinnt gæsluvöktum fyrir Reykjavík, Kópavog og Seltjarnarnes, en samkvæmt nýju vaktaskipulagi mun miðlæg vaktþjónusta einnig sinna heilsugæsluumdæmunum í Hafnarfirði og Garðabæ. Læknavaktin verður efld og verkefnum fjölgað og mun vaktin m.a. taka að sér að sinna ráðgjöf um síma fyrir heilsugæslustöðvar sem hafa einn lækni. Verktakagreiðslur fyrir viðtöl og vitjanir sem innheimtar hafa verið hjá Tryggingastofnun ríkisins falla niður og í stað þess fær Læknavaktin sf. fasta fjárhæð í fjárlögum ár hvert miðað við 9.000 vitjanir og 17.000 móttökur, en endurskoða ber fjárhæðina ef frávik frá þessum tölum verða meiri en 6%. Fyrir önnur læknisverk en viðtal og vitjun innheimtir hver læknir um sig samkvæmt gildandi gjaldskrá heilsugæslulækna skv. I. og II. kafla í úrskurði kjaranefndar, sbr. fylgiskjal

1 frá 3. mars 1998. Af 124,1 m.kr. heildarframlagi eru 99,1 m.kr. millifærðar af öðrum liðum; 206 Sjúkratryggingar, 510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík og 582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði. Að auki er gerð tillaga um 25 m.kr. fjárveitingu á þessum lið vegna endurmats á launa- og verðlagsforsendum í samningi um starfsemi Læknavaktarinnar til samræmis við hækkanir starfsmanna heilbrigðisstofnana. Nýr samningur þar sem tekið er tillit til breytinga á þeim forsendum lá ekki fyrir við framlagningu fjárlagafrumvarpsins en hefur nú verið undirritaður.

522 *Heilsugæslustöðin Borgarnesi.* Lögð er til 2,5 m.kr. hækkun á framlögum til heilsugæslustöðvarinnar svo hægt verði að ráða þar lækni yfir sumartímann. Mikið álag hefur verið á læknum stöðvarinnar og á sumrin stóreykst álag vegna fjölda sumarhúsa í nágrenninu.

582 *Heilsugæslustöðin Hafnarfirði.* Lagt er til að lækka framlag til stöðvarinnar um 4,3 m.kr. og hækkar framlag til fjárlagaliðar 517 Læknavaktin samsvarandi.

721 *Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.* Gerð er tillaga um að lækka sértekjur sjúkrasviðs um 2 m.kr. Hluti þeirra eru leigugjöld af starfsmannabústöðum en aðeins einn bústaður er leigður út. Einnig er gert ráð fyrir heldur lægri tekjum af þjónustunni en í forsendum fjárlagafrumvarps.

745 *Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.* Lögð er til 4,5 m.kr. hækkun fjárveitinga til sjúkrasviðs sem fari í frágang á eldvarnabúnaði og til kaupa á sótthreinsitæki.

09 Fjármálaráðuneyti

101 *Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Farið er fram á 7 m.kr. hækkun framlags á þessum lið. Annars vegar er gerð tillaga um tímabundna 8 m.kr. fjárveitingu til nefndar um vandamál sem tengjast ártalinu 2000 í tækjabúnaði og upplýsingakerfum. Fjárveitingin er ætluð til að standa straum af kostnaði við aðgerðir nefndarinnar og störf en hún hefur unnið að því að vekja athygli á vandanum og hvetja til að unnið verði að lausnum. Meginþunginn í starfi nefndarinnar verður á árinu 1999.

Hins vegar er lagt til að 1 m.kr. af fjárveitingu til stofnkostnaðar verði færð af viðfangsefninu 6.01 Tæki og búnaður til Ríkisbókhalds vegna flutnings á launaafgreiðslu til embættisins.

103 *Ríkisbókhald.* Gerð er tillaga um að 1 m.kr. fjárveiting til stofnkostnaðar verði færð frá aðalskrifstofu fjármálaráðuneytis til Ríkisbókhalds vegna flutnings á launaafgreiðslu til embættisins.

202 *Skattstofan í Reykjavík.* Lagt er til að 6 m.kr. verði fluttar af stofnkostnaði yfir á rekstur hjá stofnuninni. Gerður hefur verið samningur við Opin kerfi hf. um rekstrarleigu á tölvubúnaði fyrir stofnunina á grundvelli útboðs fyrir skattkerfið sem Ríkiskaup stóðu fyrir. Þetta hefur í för með sér að tölvubúnaður verður leigður en ekki keyptur og færist kostnaðurinn því eftirleiðis sem rekstur en ekki stofnkostnaður.

211 *Skattstofa Reykjaness.* Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun á fjárveitingu til að mæta auknum launakostnaði við embættið. Vegna mikillar fjölgunar framteljenda í Reykjanesi á undanförnum árum er gert ráð fyrir að bætt verði við þremur stöðum við embættið. Fjölgunin er meiri en í öðrum skattumdæmum og á við einstaklinga, fyrirtæki og virðisaukaskattsskylda aðila.

212 *Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld.* Lagt er til að framlag til rekstrarleigu tölvubúnaðar fyrir skattkerfið hækki um 13 m.kr. Á móti lækkar framlag til viðfangsefnisins 6.01 Tæki og búnaður. Gerður hefur verið samningur við Opin kerfi hf. um rekstrarleigu á tölvubúnaði á grundvelli útboðs fyrir skattkerfið sem Ríkiskaup stóðu fyrir. Þetta hefur

í för með sér að tölvubúnaður verður leigður en ekki keyptur og færist hann því eftirleiðis sem rekstur en ekki stofnkostnaður.

Þá er gerð tillaga um tímabundna hækkun fjárveitingar til viðfangsefnisins 1.07 Athugun á virðisaukaskatti sem nemur 2 m.kr. Að fenginni reynslu af virðisaukaskattskerfinu og með tilliti til athugunar Ríkisendurskoðunar á því er fyrirhugað að gera almenna úttekt á skattinum. Í því sambandi verði sérstaklega skoðuð hagræn áhrif skattsins, skatteftirlit, tæknilegir þættir við innheimtu og álagningu, lagabreytingar og mannaflaþörf.

261 Ríkistollstjóri. Gerð er tillaga um 8,4 m.kr. lækkun á liðnum. Annars vegar er lagt til að 4,4 m.kr. verði fluttar af fjárlagalið ríkistollstjóra á lið tollstjórans í Reykjavík vegna tollgæsluverkefna sem færast þangað og hins vegar er gerð tillaga um að tekjur verði lækkaðar um 4 m.kr. en þær eru taldar vera ofáætlaðar í fjárlagafrumvarpi. Gjöld lækka um sömu fjárhæð.

262 Tollstjórinn í Reykjavík. Lagt er til að 4,4 m.kr. verði fluttar af fjárlagalið ríkistollstjóra á lið tollstjórans í Reykjavík vegna tollgæsluverkefna sem færast þangað.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Gerð er tillaga um 70 m.kr. fjárveitingu til að ljúka fjármögnun fyrirhugaðra endurbóta innan húss og viðbyggingu við húsnæði Tryggingastofnunar ríkisins að Laugavegi 114–116. Viðbyggingin verður um 100 fermetrar að grunnfleti, á tveimur hæðum, og er ætluð til að hægt verði að stækka rými fyrir þjónustumiðstöð stofnunarinnar á jarðhæð hússins. Með þessum framkvæmdum er einnig ráðgert að flytja þá starfsemi stofnunarinnar sem nú er í Tryggvagötu 28 á Laugaveg og að það húsnæði verði selt í framhaldi af því. Gert er ráð fyrir að verkið muni kosta alls um 266 m.kr. og munu Fasteignir ríkissjóðs greiða um 96 m.kr. til þess. Þá er gert ráð fyrir að um 50 m.kr. af söluandvirði Tryggvagötu 28 renni til verksins.

995 Skýrsluvélakostnaður. Gerð er tillaga um 95 m.kr. fjárveitingu til hugbúnaðargerðar fyrir tekjubókhaldskerfi. Frá árinu 1997 hefur Ríkisbókhald staðið fyrir endurnýjun á tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) og fengið Skýrr hf. til liðs við sig í þeirri vinnu. Að undanförnu hefur farið fram endurskoðun á áætlunum um smíði og gangsetningu á nýja kerfinu. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar er að vinna við að ljúka við smíðina krefst um 10 þúsund tíma til viðbótar við það sem áður hafði verið reiknað með. Skýrist það einkum af nýjum verkefnum sem leiðir af ýmsum breytingum á skattalögum og framkvæmd tekjuálagningar og innheimtu. Sem dæmi má taka álagningu fjármagnstekjuskatts, aukna skuldajöfnun, svo sem upp í meðlög og húsaleigubætur, tengingu við málaskrá lögreglustjóra vegna innheimtu sekta, gjaldfrest á fleiri gjöldum í tollafgreiðslu, gagnasamskipti við greiðslukortafyrirtæki vegna innheimtu fasteigna- og bifreiðagjalda o.fl. Þá hefur viðhaldskostnaður reynst þungur í skauti þar sem halda þarf við gamla og nýja tekjubókhaldskerfinu samtímis þar til nýja kerfið leysir hið gamla af hólmi árið 1999. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999 eru aðeins áætlaðar 19 m.kr. til verkefnisins, enda ríkti mikil óvissa um niðurstöður endurskoðunarinnar þegar fjárlagaáætlanir þurftu að liggja fyrir.

999 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. lækkun fjárveitinga á þessum lið og er skýringin tvíþætt. Annars vegar er lögð til 10 m.kr. hækkun á viðfangsefni 1.19 Ýmsar endurgreiðslur sem er ætluð til endurgreiðslu af búnaði björgunarsveita.

Hins vegar hafa á þessum fjárlagalið verið áætlaðar 15 m.kr. til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna söfnunar, urðunar, flutnings og eyðingar á brotamálmum hjá sveitarfélögum. Þessi heimild er nú komin inn í hið almenna endurgreiðslukerfi virðisaukaskattslaganna til sveitarfélaga og er því lagt til að fjárveitingin falli niður.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Lögð er til 16 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Slysavarnafélags Íslands til reksturs átta björgunarskipa félagsins, 2 m.kr. til hvers. Björgunarsveitir hafa stofnað með sér björgunarbátasjóði hvert á sínu landsvæði og bera þau ábyrgð á rekstri skipanna.

Þá er farið fram á 4 m.kr. framlag til nýs viðfangsefnis, 1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu.

472 Flugvellir. Gerð er tillaga um 9,7 m.kr. hækkun rekstrargjalda en á móti hækka sértekjur um 0,6 m.kr. Heildarbreytingin er því 9,1 m.kr. til hækkunar og skýrist af því að við vinnslu fjárlagafrumvarps láðist að gera ráð fyrir launa- og verðlagsbótum vegna rekstrar flugvalla.

Auk þess er gerð tillaga um 102 m.kr. fjárveitingu til að hefjast megi handa við endurbætur á Reykjavíkurflugvelli. Fyrir liggur úttekt flugöryggissviðs Flugmálastjórnar sem unnin var í samvinnu við flugvallasérfræðing sænska loftferðaeftirlitsins. Niðurstöður skýrslunnar eru á þann veg að ekki þoli bið að ráðast í lagfæringar á uppbyggingu flugvallarins.

651 Ferðamálaráð. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun á framlagi til Ferðamálasamtaka landshluta vegna aukinnar starfsemi þeirra.

11 Iðnaðarráðuneyti

399 Ýmis orkumál. Lagt er til að ríkissjóður veiti 45 m.kr. stuðning við að leggja nýjar hitaveitur á köldum svæðum. Iðnaðarráðuneytið setji reglur og semji við einstakar hitaveitur um framkvæmd málsins að teknu tilliti til þeirra niðurgreiðslna á rafhitun sem veitt hefur verið á viðkomandi svæði.

12 Viðskiptaráðuneyti

902 Samkeppnisstofnun. Lögð er til 1,5 m.kr. hækkun fjárveitingar til samkeppnisráðs í kjölfar nýlegrar endurskoðunar á þóknun til ráðsins.

14 Umhverfisráðuneyti

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um að fjárveiting þessa liðar lækki um 1,5 m.kr. Annars vegar er lagt til að framlag til aðalskrifstofu umhverfisráðuneytis lækki um 4,5 m.kr. og að framlag til Þjóðhagsstofnunar hækki samsvarandi. Við undirbúning frumvarps til fjárlaga var framlag til aðalskrifstofu umhverfisráðuneytis hækkað um 4,5 m.kr. vegna kostnaðar við reiknilíkan sem notað verður til að meta áhrif rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar á efnahagsþróun og langtímahagsmuni Íslands. Reiknilíkanið er unnið á vegum Þjóðhagsstofnunar og því talið réttara að vista fjárveitinguna þar. Heildarkostnaður er áætlaður 9 m.kr. og er gerð tillaga um samsvarandi millifærslu við 2. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Hins vegar er farið fram á 3 m.kr. fjárveitingu vegna vinnu við undirbúning að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar kenndan við Kyoto. Ferðakostnaður vegna funda um tillögur Íslands um frekari ívilnun vegna orkunýtingar er áætlaður 1,5 m.kr. Kostnaður við vísindanefnd er áætlaður 1 m.kr. og erlend sérfræðiráðgjöf er áætluð 0,5 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að framlag til rannsókna á botndýrum á Íslandsmiðum hækki um 3,8 m.kr. og er ætlað til rannsóknastöðvarinnar í Sandgerði. Framlagið er vegna fjármögnunar starfseminnar í stað norrænna styrkveitinga sem hafa fallið niður.

Þá er farið fram á 2 m.kr. hækkun á viðfangsefni 1.35 Umhverfisvöktun vegna rannsókna á þrávirkum klórkolefnissamböndum í íslenskum fuglum.

205 Náttúruvernd ríkisins. Gerð er tillaga um að lækka sértekjur um 2,8 m.kr. á viðfangsefninu 1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði. Lækkunin er vegna fyrirhugaðs útboðs á rekstri tjaldstæða í þjóðgörðum.

310 Landmælingar Íslands. Lögð er til 12,8 m.kr. tímabundin lækkun á sértekjum Landmælinga Íslands vegna minnkandi kortasölu.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Alls er óskað eftir 7,7 m.kr. hækkun á þessum lið. Í fyrsta lagi er farið fram á 3 m.kr. fjárveitingu til mælinga á frjókornum í andrúmslofti en ákveðið hefur verið að stofnunin sjái um frjómælingar í lofti. Heildarkostnaður er áætlaður 3 m.kr. en gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðuneytið taki þátt í kostnaði.

Í öðru lagi er lagt til að veita 2,5 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á nýrri jeppabifreið.

Loks er farið fram á 2,2 m.kr. hækkun til seturs í Reykjavík til að mæta viðbótarkostnaði við rekstur þess hluta húsnæðis stofnunarinnar sem hún fékk samþykkt fyrir að taka á leigu um áramót 1996/1997. Húsnæðið var fyrst og fremst fyrir gróðurkortagerð sem þá var flutt frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Um er að ræða greiðslu vegna leigu, rafmagns, hita og ræstingar.

403 Náttúrustofur. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundna hækkun á fjárveitingum til Náttúrustofu Bolungarvík til rannsókna á gróðri og dýralífi á Hornströndum.

410 Veðurstofa Íslands. Farið er fram á fjáveitingu að upphæð 2 m.kr. til almenns rekstrar. Veðurstofa Íslands vinnur verkefni á sviði ofanflóðamála sem annars vegar eru kostuð af ofanflóðasjóði og hins vegar af ríkissjóði. Nokkur verkefni sem Veðurstofan þarf að vinna þarfnast frekari fjárstuðnings til að þeim verði lokið. Um er að ræða kostnað við uppbyggingu snjóflóðagagnagrunna, ítarlega skýrslugerð um snjóflóðasögu einstakra byggðarlaga og svæða, svo og kostnað við almenna ráðgjöf og þekkingaröflun vegna varnarvirkja.

Jafnframt er farið er fram á tímabundna hækkun að fjárhæð 2,5 m.kr. til endurnýjunar á einni af bifreiðum stofnunarinnar.

Gerð hefur verið lítils háttar breyting á framsetningu breytingartillagna frá því sem var í fyrra. Því þykir rétt að gera grein fyrir uppbyggingu breytingartillagna við sundurliðun 2 í frumvarpinu. Meginregla við gerð breytingartillagna á Alþingi er sú að einungis eru gerðar tillögur um efnisbreytingar en ekki afleiðubreytingar. Þannig hefur breyting á framlögum til viðfangsefnis, þar með talið sértekjum, sem gerð er tillaga um í breytingartillögu við sundurliðun 2 þær afleiðingar að samsvarandi breytingar verða á fjármögnun fjárlagaliðarins ef fjármögnun er aðeins af einni tegund. Þannig tekur Alþingi ákvörðun í einu lagi um breytingu á framlagi og fjármögnun þess. Hins vegar í þeim tilvikum að um tvær eða fleiri fjármögnunarleiðir er að ræða eða bein tillaga er gerð um breytingu á fjármögnun er þess getið sérstaklega í breytingartillögu. Samkvæmt venju liggur síðan fyrir stöðuskjal eftir 2. umræðu þar sem allar tölur eru uppfærðar og aðrar breytingar gerðar í samræmi við úrslit atkvæðagreiðslu en er að öðru leyti framsett á nákvæmlega sama hátt og frumvarpið sjálft.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. des. 1998.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.	Hjálmar Jónsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.		Kristinn H. Gunnarsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 1998. Á fund nefndarinnar komu Skarphéðinn Berg Steinarsson og Guðbjörg Sigurðardóttir frá forsætisráðuneyti og Þorsteinn Geirsson, Sólmundur Már Jónsson og Stefán Eiríksson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá komu einnig á fund nefndarinnar Dögg Pálsdóttir og Snjólaug Stefánsdóttir frá verkefnisstjórn *Íslands án eiturlyfja*, Georg Kr. Lárusson frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, Haraldur Johannessen, Jón Bjartmarz og Jónmundur Kjartansson frá embætti ríkislögreglustjóra, Sigurður Tómas Magnússon héraðsdómari og Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun á rekstrargjöldum forsætisráðuneytis milli ára sem nemur 128 millj. kr. Ræðst hún aðallega af auknu framlagi til landafundanefndar, en það nemur 122 millj. kr. og hækkar um 107 millj. kr. Þá lækkar stofnkostnaður og viðhald um 31 millj. kr. Helstu breytingar þar eru að ekki er gert ráð fyrir framlagi til mannvirkjagerðar á Bessastöðum eins og undanfarin ár, en á móti kemur 50 millj. kr. fjárveiting til vegabóta á Þingvöllum til undirbúnings hátíðar á 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi sem haldin verður á Þingvöllum árið 2000.

Rekstrarútgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis hækka nokkuð frá fjárlögum 1998. Þar ræður mestu að lagt er til að 110 millj. kr. verði varið til að styrkja löggæslu í landinu, en einnig hækkar framlag til biskups Íslands um 60 millj. kr. í samræmi við samning um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, sem gerður var í tengslum við setningu laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þá hækka útgjöld ráðuneytisins nokkuð vegna alþingiskosninga á árinu 1999.

Á fundum sínum ræddi nefndin um fjárveitingar til vímuvarna, en það er skoðun meiri hluta nefndarinnar að mikil áhersla hafi verið lögð á forvarnir að undanförnu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sömu fjárhæð og á árunum 1997 og 1998 verði veitt til verkefnis sem er liður í átaki í ávana- og fíkniefnavörnum, en árið 1999 er síðasta ár átaksins. Áfram er gert

ráð fyrir 35 millj. kr. fjárveitingu til átaks í löggæslu vegna fíkniefnamála. Vekur nefndin athygli á því að upphæðin hefur ekki hækkað á síðustu þremur árum og fer æ stærri hluti hennar í launakostnað, sem leiðir til þess að minna fjármagn er til tækjakaupa.

Þá óskaði nefndin sérstaklega eftir upplýsingum um störf og fjárveitingar til landafundanefndar auk þess sem kynntar voru tillögur verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið. Einnig ræddi nefndin við umboðsmann barna um starfsemi embættisins en í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi frá því sem nú er. Hefur stofnunin óskað eftir hækkun fjárveitinga til að ráða starfsmann með háskólamenntun til að sinna afgreiðslu erinda sem umboðsmanni berast, en umboðsmaður skýrði nefndinni frá því að umsvif embættisins hefðu aukist mjög á þeim árum sem liðin eru frá stofnun þess.

Einnig var fjallað um fjárveitingu til reksturs Safnahússins við Hverfisgötu, en lagt er til að fjárveiting til hans hækki úr 10 millj. kr. á árinu 1998 í 19,5 millj. kr. Hækkunin stafar m.a. af því að Þjóðskjalasafn og Landsbókasafn munu flytja starfsemi sína úr húsinu fyrir árslok 1998 og því mun allur kostnaður við rekstur og mannahald hússins falla á þennan fjárlagalið árið 1999. Nú er undirbúningur fyrir opnun hússins til sýningarhalds árið 2000 á lokastigi og þarf því að breyta stöðu forstöðumanns úr hálfri stöðu í heila stöðu og ráða fulltrúa til starfa á skrifstofu. Einnig er gert ráð fyrir stofnkostnaði vegna kaupa á búnaði.

Nefndin ræddi sérstaklega fjárveitingar til embættis lögreglustjórans í Reykjavík og fékk fulltrúa frá embættinu á sinn fund. Kom fram á fundum nefndarinnar að innheimta á umferðarsektum á landsvísu, sérstaklega í Reykjavík, hefur batnað og í október höfðu 97,3% sektarboða verið greidd eða voru á greiðslufresti. Má rekja bætta innheimtu til þess að um síðustu áramót var tekið í notkun samræmt innheimtukerfi sekta hjá öllum embættum á landinu auk þess sem punktakerfi fyrir umferðarlagasektir tók gildi. Nefndin ræddi einnig um fjárveitingar til löggæslu á landsbyggðinni, en í frumvarpinu er einkum gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til lögreglunnar í Reykjavík og embættis ríkislögreglustjóra. Kom fram á fundum allsherjarnefndar að nú er á vegum ríkislögreglustjóra unnið að stefnumörkun og markmiðssetningu lögreglunnar á landsvísu til næstu fimm ára og munu tillögur um framtíðarskipan væntanlega liggja fyrir við fjárlagagerð árið 2000.

Þá óskaði nefndin eftir upplýsingum um útgáfu vegabréfa og ökuskírteina og kostnað við útgáfu þeirra, en nefndin hefur til umfjöllunar frumvarp til laga um vegabréf, þar sem mælt er fyrir um útgáfu tölvulesanlegra vegabréfa sem talin eru mun öruggari en þau sem nú eru í notkun. Ljóst er að samþykkt þess frumvarps mun hafa í för með sér verulegan stofnkostnað auk þess sem að rekstrarkostnaður verður meiri en nú er.

Loks ræddi nefndin nokkuð um fjárveitingar til rannsókna á viðurlögum við afbrotum, en að tillögu allsherjarnefndar var 2,4 millj. kr. veitt til verkefnisins á fjárlögum fyrir árið 1998 í tengslum við umræðu málsins í nefndinni. Alþingi samþykkti 11. mars 1998 þingsályktun um rannsókn á refsingum við afbrotum. Vinna við verkefnið er hafin, en nefndin telur ljóst að nauðsynlegt sé að veita frekara fjármagn til slíkra rannsókna og leggur til að sömu fjárhæð verði veitt til verkefnisins og á síðustu fjárlögum, eða 2,4 millj. kr.

Hjálmar Jónsson og Jón Kristjánsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Kristín Halldórsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara sem lýtur fyrst og fremst að tveimur atriðum. Telja þau að stórauka þurfi fé til forvarna gegn fíkniefnaneyslu og einnig til tollgæslu og löggæslu til að gera þeim kleift

að ráðast af krafti gegn innflutningi og dreifingu fíkniefna. Þá telja þau nauðsynlegt að verða við beiðni umboðsmanns barna um hækkun framlags til embættisins um 2 millj. kr. vegna aukinna verkefna.

23. nóv. 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form.
Valgerður Sverrisdóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Árni R. Árnason.
Jón Kristjánsson, með fyrirvara.
Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.
Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Kristján Pálsson.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 1998.

Nefndin fékk á sinn fund Sturlaug Tómasson frá félagsmálaráðuneyti, Gunnar S. Björnsson frá undirbúningsnefnd Íbúðalánasjóðs og Elsu Þorkelsdóttur frá Jafnréttisráði. Þá komu á fund nefndarinnar Björn Sigurbjörnsson frá Svæðisskrifstofu Reykjavíkur í málefnum fatlaðra, Halldór Gunnarsson frá svæðisráði Reykjavíkur í málefnum fatlaðra og Lárus Blöndal, Málfríður Gunnarsdóttir, Ævar Kolbeinsson og Margrét Magnúsdóttir frá Svæðisskrifstofu Reykjaness í málefnum fatlaðra.

Meiri hluti nefndarinnar vekur athygli fjárlaganefndar á eftirtöldum atriðum:

Á 122. þingi var samþykkt þingsályktunartillaga um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Kom þar fram að nefnd sem skipa ætti í þeim tilgangi, og starfa skyldi í a.m.k. fimm ár, skyldi hafa til ráðstöfunar allt að 5 millj. kr. árið 1998 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum. Gert er ráð fyrir 5 millj. kr. til verkefnisins í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1998, sem nú er til meðferðar í þinginu, en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 er hins vegar aðeins gert ráð fyrir 2,1 millj. kr. til umræddsverkefnis. Telur meiri hlutinn að til að unnt verði að sinna þessu verkefni með fullnægjandi hætti verði að koma til aukin fjárveiting til þess.

Fulltrúi Jafnréttisráðs vakti athygli á því að karlanefnd Jafnréttisráðs hefði hingað til fengið úthlutað af fjárlagalið 07-311-1.10. Kom jafnframt fram í máli hans að karlanefndin hefði að undanförnu unnið mikið og ötult starf, þrátt fyrir að hafa fengið lítið fé til starfseminnar. Taldi hann að rétt væri að fjármunum yrði úthlutað til karlanefndar á sérstökum fjárlagalið. Tekur meiri hlutinn undir það sjónarmið.

Fram kom í máli fulltrúa Svæðisskrifstofa Reykjavíkur og Reykjaness að mikill vandi væri í málefnum fatlaðra á þessum svæðum og biðlistar langir, m.a. vegna flutninga fjölskyldna fatlaðra til höfuðborgarsvæðisins. Lögðu þeir sérstaka áherslu á að ekki hefði fengist nægjanlegt fé til að greiða stuðningsfjölskyldum. Telur meiri hlutinn að rétt væri að kanna hvort veita ætti meira fé til þessa úrræðis þar sem ljóst virðist að það mundi draga úr þörf fyrir önnur og kostnaðarsamari úrræði.

Alþingi, 27. nóv. 1998.

Siv Friðleifsdóttir, varaform.
Einar K. Guðfinnsson.
Kristján Pálsson.
Pétur H. Blöndal.
Magnús Stefánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Um leið og minni hlutinn tekur undir athugasemdir meiri hluta nefndarinnar vill hann leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Nýlega urðu miklar umræður um þann vanda sem við blasir vegna skorts á meðferðarúrræðum fyrir unga fíkniefnaneytendur. Hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár kallar á greiðari aðgang að meðferð og fleiri heimili vegna langtímavistunar unglinga. Einnig hefur komið fram að unglingar byrja æ fyrr að neyta eiturlyfja og eru dæmi um 14 ára börn sem ánetjast hafa eiturlyfjum. Það þolir enga bið að þeir komist í bráðameðferð og að langtímaplássum verði fjölgað. Það er því afar brýnt að fjárveitingavaldið bregðist við strax og svari aukinni þörf fyrir meðferð í samræmi við tillögur Barnaverndarstofu. Hér er um líf og dauða að tefla auk framtíðar og velferðar heilu fjölskyldnanna.

2. Um þessar mundir er mikill skortur á leiguhúsnæði, einkum í höfuðborginni og nágrannasveitarfélögum. Hundruð fjölskyldna eru á biðlista eftir leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg og einstæðir foreldrar eiga margir í miklum vanda vegna skorts á leiguíbúðum. Íbúðir sem hafa verið í leigu eru nú seldar á almennum markaði vegna mikillar eftirspurnar eftir húsnæði, um leið og leiga fer hækkandi. Þrátt fyrir þennan mikla vanda er aðeins áætlað að lána fyrir allt að 120 nýjum leiguíbúðum á næsta ári hjá hinum nýja Íbúðalánasjóði, meðan þörf er fyrir miklu fleiri íbúðir til leigu. Það er ljóst að þegar ný lög um Íbúðalánasjóð ganga í gildi um næstu áramót stækkar sá hópur sem ekki mun ráða við að kaupa sér húsnæði og á hann þann kost einan að leita út á leigumarkað, þar sem þrengslin eru mikil fyrir. Vandi leigjenda mun því vaxa enn frá því sem nú er, en afar brýnt er að ríki og sveitarfélög bregðist skjótt við, enda er um að ræða þann hóp þjóðfélagsins sem býr við hvað kröppust kjör.

3. Enn einu sinni eru framlög skert til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Áætlað er að erfðafjárskattur nemi allt að 480 millj. kr. á næsta ári, en aðeins 235 millj. kr. renna til Framkvæmdasjóðsins. Meira en helmingur þessa eyrnamerkta fjár rennur því í ríkissjóð til annarra mála en það er ætlað til. Minni hlutinn mótmælir þessu harðlega, enda er gífurleg þörf fyrir aukna þjónustu við fatlaða, ekki síst í umdæmum Reykjavíkur og Reykjaness þar sem öngþveiti er að skapast.

4. Minni hlutinn minnir enn á hve brýnt er að auka starfs- og endurmenntun í landinu. Það er almennt viðurkennt að nú menntar fólk sig ekki lengur undir eitt ævistarf, heldur mun fólk almennt takast á við tvö til þrjú störf á ævinni, auk þess sem stöðugt þarf að bregðast við þróun og breytingum. Starfs- og endurmenntun er sjálfstætt mál sem snertir allar starfsstéttir í landinu og á ekki á að tengja við atvinnuleysi eða Atvinnuleysistryggingasjóð og er sérstakt pólitískt viðfangsefni óháð uppbyggingu á öðrum sviðum menntamála. Það er því mjög mikilvægt að skilja starfsmenntasjóð frá atvinnuleysismálum, sem og sérstök framlög til atvinnumála kvenna, jafnframt því að hækka framlög til málaflokksins til að stórefla alla starfs- og endurmenntun í samvinnu skóla og atvinnulífs. Það skiptir miklu máli fyrir framtíð þjóðarinnar og velferð vinnandi fólks að starfsmenntun verði stórefld.

Alþingi 25. nóv. 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Guðný Guðbjörnsdóttir.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 1997.

Nefndin hefur fjallað um málið og vill meiri hlutinn koma eftirfarandi á framfæri:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir um 10,2% hækkun gjalda vegna reksturs sjúkrahúsa, sjúkrastofnana og heilsugæslu sem meðal annars er afleiðing af áhrifum kjarasamninga sjúkrahúslækna, hjúkrunarfræðinga og úrskurðar kjaranefndar um laun heilsugæslulækna.

Í burðarliðnum er nýtt fyrirkomulag í lyfjainnkaupum sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila. Fyrirhugað er að innkaup verði boðin út í samvinnu við Ríkiskaup og gert er ráð fyrir að með því megi lækka útgjöld þessara stofnana um allt að 300 millj. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að sparnaður sem af þessu hlýst renni í sérstakan sjóð sem nýttur skuli til tækjakaupa. Sjúkrahús Reykjavíkur hefur t.d. bent á að fjárframlög til tækjakaupa hefðu síðastliðin ár verið of lítil og dugi ekki til að eðlileg endurnýjun og þróun geti orðið.

Nefndin vekur athygli á að mikilvægt er að vandað verði til þessa verkefnis og að því verði komið til framkvæmda hið fyrsta. Tækniframfarir og nýjungar í tækjakosti á sviði

læknavísinda eru mjög örar og ljóst er að skipta þarf út eldri tækjum fyrir nýrri mun fyrr en áður tíðkaðist. Til að tryggja megi sjúklingum fullkomna þjónustu þarf að vanda valið við kaup á tækjum og hugbúnaði. Því er mikilsvert að sparnaði sem hlýst af lækkun lyfjakostnaðar verði veitt til tækjakaupa á sjúkrastofnunum.

Hallarekstur hefur hrjáð sjúkrastofnanir og aðgerðir til að takast á við vandann hafa ekki allar náð fram að ganga. Starfrækt hefur verið nefnd sem ætlað er að gera tillögur um lausn á rekstrarvanda sjúkrahúsanna. Heilbrigðis- og tryggingaefnd vekur athygli fjárlaganefndar á þessum vanda og beinir því til hennar að fjárveitingar verði athugaðar sérstaklega.

Alþingi, 26. nóv. 1998.

Siv Friðleifsdóttir, varaform.
Lára M. Ragnarsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.
Sólveig Pétursdóttir.
Guðni Ágústsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Sjúkrahús Reykjavíkur, Ríkisspítalar og heilsugæslan í Reykjavík.

Uppsafnaður rekstrarhalli Sjúkrahúss Reykjavíkur í árslok 1997 er nú samkvæmt mati endurskoðanda spítalans og Ríkisendurskoðunar tæpar 727 millj. kr. og samkvæmt áætlaðri rekstrarútkomu í ár stefnir í að rekstrarhalli verði um 320 millj. kr. Bráðafjárþörf spítalans var hins vegar metin 314,1 millj. kr. Á fjáraukalögum 1998 er gert ráð fyrir 273 millj. kr. til að greiða uppsafnaðan halla til ársloka 1997 og vantar því rúmlega 41 millj. kr. upp á að bráðafjárþörf spítalans sé bætt. Þá er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 um verulegt vanmat að ræða varðandi verðbætur og annan kostnað vegna kjarasamninga þannig að fyrirsjáanlegt er að þessar tölur muni enn hækka. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að spítalanum sé ætlað að afla aukinna tekna án þess að ljóst sé hvernig það skuli gert. Frumvarpið miðast þannig við forsendur sem fyrirsjáanlegt er að ekki standist og vandanum er sífellt velt áfram, án þess að leitað sé raunhæfra lausna. Til viðbótar skortir á að í fjárlagafrumvarpinu sé tekið tillit til nauðsynlegra útgjalda vegna vinnutímatilskipunar EES-samkomulagsins og nauðsynlegrar endurnýjunar tækjabúnaðar, m.a. vegna 2000-vandamálsins, en samtals nemur fyrirsjáanlegur útlagður kostnaður vegna þessa um 460–500 millj. kr.

Samkvæmt tölum frá Ríkisspítölum stefnir halli spítalans í 307 millj. kr. í árslok 1998 en áætluð fjárvöntun í árslok 1999 er 787 millj. kr. Þá hefur verið tekið tillit til fjárveitingar á fjáraukalögum vegna halla fyrri ára, en gert er ráð fyrir að hann verði bættur að upphæð 186 millj. kr. Bent er á að vaxtakostnaður sjúkrahússins eykst verulega á milli ára vegna uppsafnaðs halla, en

árið 1996 var hann 32 millj. kr., árið 1997 41 millj. kr. og í ár stefnir í að hann nemi um 50 millj. kr. Í erindi Ríkisspítala til fjárlaganefndar Alþingis er vakin athygli á nauðsyn þess að fjármagn sé tryggt til að rétta af uppsafnaðan halla og til núverandi starfsemi. Stjórn sjúkrahússins treystir sér ekki til að halda uppi núverandi þjónustu verði frumvarp til fjárlaga samþykkt óbreytt, auk þess sem fjármagn vanti til nauðsynlegrar endurnýjunar lækningatækja, viðhalds húsnæðis og byggingar barnaspítala. Auk þessa er fyrirséð að ákveðnar ákvarðanir stjórnvalda valda kostnaði á Ríkisspítölum, svo sem vinnutímatilskipun EES, aðgerðir vegna 2000-vandamálsins, umönnun og eftirfylgd í meðferð langveikra barna o.fl. Þá liggur fyrir að áætlaður kostnaður vegna kjarasamninga er stórlega vanmetinn í fjárlagafrumvarpinu.

Samkvæmt framansögðu er fyrirséð að forsendur fjárlagafrumvarpsins varðandi Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríkisspítala eru fullkomlega óraunhæfar og leggur minni hlutinn til að þær forsendur verði teknar til endurmats og raunhæf áætlun gerð til lausnar á uppsöfnuðum vanda sjúkrahúsanna. Verði nauðsynlegt fjármagn til hátæknisjúkrahúsanna í Reykjavík ekki tryggt verða stjórnvöld að axla þá pólitísku ábyrgð að ákveða hvert þjónustustig þeirra á að vera, en ljóst er að ekki er unnt að halda því óbreyttu öllu lengur miðað við þær fjárveitingar sem stefnt er að. Ríkisstjórnin hefur ekki axlað þessa ábyrgð en minni hlutinn leggur áherslu á að saman fari ábyrgð á þjónustustigi og ábyrgð á fjárveitingum.

Þá gagnrýnir minni hlutinn að í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1999 er ekki tekið tillit til kostnaðar vegna hækkana launa í kjölfar nýgerðra kjarasamninga hjá heilsugæslunni í Reykjavík og er því fyrirsjáanlegt að halli mun verða á henni sem þeirri hækkun nemur.

Aldraðir og öryrkjar.

Minni hlutinn átelur einnig harðlega að 55% af framlögum í Framkvæmdasjóð aldraðra er tekinn í rekstur, hátt í 200 aldraðir í Reykjavík einni bíða í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum og er því veruleg þörf fyrir aukið fé til byggingar hjúkrunarheimila. Einnig er alls óviðunandi hve mjög lífeyrisgreiðslur almannatrygginga hafa dregist aftur úr lágmarkslaunum. Árið 1997 hækkuðu lágmarkslaun um 13% miðað við hækkun grunnlífeyris sem hækkaði um tæp 4%. Einnig er mjög gagnrýnisvert að ekki kemur fram í fjárlögum nein fjárhæð til þess að afnema í áföngum tekjutengingu tekjutryggingar við tekjur maka, sem heilbrigðisráðherra hefur boðað.

Guðný Guðbjörnsdóttir er áheyrnarfulltrúi í heilbrigðis- og tryggingaefnd og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 4. des. 1998.

Össur Skarphéðinsson, form.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Bryndís Hlöðversdóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 1998. Á fund nefndarinnar komu Jón Ingimarsson skrifstofustjóri og Kristmundur Halldórsson deildarstjóri frá iðnaðarráðuneyti, Kristján Jónsson forstjóri og Eiríkur Briem fjármálastjóri frá Rafmagnsveitum ríkisins, Hallgrímur Jónasson og Karl Friðriksson frá Iðntæknistofnun og Valgarður Stefánsson frá Orkustofnun.

Í frumvarpinu eru heildargjöld iðnaðarráðuneytis áætluð 2.024 millj. kr. og nema sértekjur 27% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld ráðuneytisins hækki um 50 millj. kr. milli ára og munar þar mestu um nokkra hækkun gjalda og tekna hjá Einkaleyfastofu og 10 millj. kr. aukið framlag til Iðntæknistofnunar Íslands. Þá hækka neyslu- og rekstrartilfærslur um 113 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir 50 millj. kr. hækkun á framlagi í Orkusjóð.

Í máli fulltrúa Iðntæknistofnunar kom fram að rekstri stofnunarinnar hefði nú verið skipt upp í tvennt. Er þar annars vegar um að ræða upplýsinga- og frumkvöðlasvið og hins vegar tækniþróunar- og fræðslusvið. Hefur reksturinn verið þungur undanfarin ár og kemur sífellt stærri hluti af rekstrarfé frá sértekjum, en ríkisframlag er u.þ.b. fjórðungur af rekstrarfé stofnunarinnar. Þá bentu þeir á að Iðntæknistofnun gerði samstarfssamning við Háskólann á Akureyri árið 1993 um að efla rannsóknir og vöruþróun á sviði framleiðslutækni og matvælatækni. Vann starfsmaður að verkinu á árunum 1993 og 1994, en eftir að hann hætti hefur ekki verið ráðið í starfið vegna fjárskorts. Óskuðu fulltrúar stofnunarinnar eftir fjárframlagi til að ráða til starfa sérfræðing á sviði matvæla- og framleiðslutækni á Akureyri.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir niðurgreiðslu á rafhitun að upphæð 500 millj. kr. á árinu 1999 sem er um 63 millj. kr. hækkun. Stafar hækkunin af því að gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði um 1,8% um síðustu áramót og var ákveðið að sú hækkun skyldi ekki leiða til hækkunar á orkuverði á þeim svæðum sem njóta niðurgreiðslu á rafhitun. Þá er gert ráð fyrir að framlag til styrkingar dreifikerfi í sveitum verði 150 millj. kr. og hækkar það um 40 millj. kr. milli ára. Framlagið er alfarið kostað af arðgreiðslum frá Rafmagnsveitum ríkisins í ríkissjóð. Fram kom í máli fulltrúa Rarik að félagslegur þáttur í rekstri fyrirtækisins væri allt of mikill, en fyrirtækið metur að það greiði 500 millj. kr. til jöfnunar á orkuverði, aðallega vegna stofnkerfa og dreifikerfa í sveitum. Iðnaðarnefnd vekur athygli á þessum atriðum er tengjast starfsemi Rarik.

Í máli fulltrúa Orkustofnunar kom fram að nú er gert ráð fyrir 50 millj. kr. hækkun á framlagi í Orkusjóð. Iðnaðarnefnd leggur áherslu á nauðsyn þess að rannsóknir á sviði orkumála verði efldar.

Loks vill nefndin láta þess getið að henni hafa ekki enn borist upplýsingar frá iðnaðarráðuneyti sem óskað var eftir um sundurliðanir á óskiptum liðum frá árinu sem nú er að líða. Mun nefndin kynna sér upplýsingarnar þegar þær berast og áskilja nefndarmenn sér rétt til að koma á framfæri athugasemdum vegna þeirra.

Svavar Gestsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 30. nóv. 1998.

Stefán Guðmundsson, form.
Guðjón Guðmundsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Árnason.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 1998.

Fékk nefndin á sinn fund Ingimar Jóhannsson og Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu á fund nefndarinnar Guðjón Kristinsson frá ÍSTEX og Bjarni Stefánsson og Arvid Kro frá Félagi íslenskra loðdýrabænda.

Nefndin gerir ekki sérstakar athugasemdir en einstakir nefndarmenn munu koma fram athugasemdum sínum við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins.

Sigríður Jóhannesdóttir og Hjálmar Jónsson skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Egill Jónsson, Árni M. Mathiesen og Magnús Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. nóv. 1998.

Guðni Ágústsson, form.
Guðjón Guðmundsson.
Lúðvík Bergvinsson.
Ágúst Einarsson.
Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.
Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 1998.

Nefndin fékk á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Örlyg Geirsson skrifstofustjóra og Gísla Magnússon deildarstjóra og Leif Eysteinsson viðskiptafræðing frá fjármálaráðuneyti. Frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni kom Einar Sigurðsson landsbókavörður og frá Skólameistarafélaginu Margrét Friðriksdóttir og Sölvi Sveinsson. Þá komu Þór Magnússon og Guðný G. Gunnarsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands og Þórir Ólafsson og Guðmundur Ragnarsson frá Kennaraháskóla Íslands.

Þeir fjárlagaliðir sem snúa að menntamálum voru ræddir ítarlega á fundum nefndarinnar.

Fram kemur í minnisblaði frá menntamálaráðuneytinu, dags. 17. nóvember 1998, að kostnaðarhækkanir vegna nýrra kjarasamninga hafi verið vanáætlaðar þegar framlög til framhaldsskólanna voru ákveðin. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið1998 og frumvarpi til fjárlaga fyrir 1999 er gert ráð fyrir 120 millj. kr. til þess að leiðrétta þetta vanmat. Enn þá er þó óleystur vandi sem svarar til 113,9 millj. kr. Menntamálanefnd telur brýnt að leitað verði allra leiða til að finna ásættanlega lausn á málinu. Nefndin ítrekar mikilvægi þess að allar forsendur séu réttar svo að nýtt fyrirkomulag við notkun reiknilíkans geti sannað ágæti sitt.

Í viðræðum við fulltrúa Kennaraháskóla Íslands kom fram að gerð reiknilíkans fyrir skólann er í burðarliðnum. Skólinn hefur haft frumkvæði í fjarkennslu og um árabil hefur verið boðið upp á fjarnám í grunnnámi, framhaldsnámi og endurmenntun. Frá árinu 1993 hefur fjarkennslan í vaxandi mæli farið fram um tölvunet og á þessu skólaári er tæpur þriðjungur stúdenta við Kennaraháskólann innritaður í fjarnám. Hugmyndir eru uppi um að fjarnám verði einnig í boði fyrir þá sem búa í þéttbýli.

Menntamálanefnd hefur lagt áherslu á að auknu fé þurfi að verja til starfsmenntunar kennara og fagnar því að nú skuli gert ráð fyrir auknum framlögum til námsefnisgerðar, endurmenntunar kennara og kennaranáms auk aukinna framlaga til sérkennslu.

Á undanförnum árum hefur Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn fengið sérstakar fjárveitingar til að lengja opnunartíma safnsins. Þrátt fyrir þetta hefur safnið ekki talið sig geta komið að fullu til móts við kröfur stúdenta í þessum efnum, en haft opið lengur á próftíma hvers missiris. Að mati safnsins vantar um það bil 14 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til að unnt verði að hafa það opið til kl. 22 virka daga og sunnudaga að auki. Nauðsynlegt er að Háskóli Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn leysi þetta mál sín á milli og þá er eðlilegt að gerð sé úttekt á kostnaðinum.

Menntamálanefnd hefur borist erindi frá Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem bent er á nauðsyn þess að stækka strengjasveit hljómsveitarinnar. Nefndin beinir því til fjárlaganefndar að hún athugi hvort unnt er að koma til móts við þessar óskir.

Alþingi, 26. nóv. 1998.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Hjálmar Árnason.
Tómas Ingi Olrich.
Arnbjörg Sveinsdóttir.
Ólafur Örn Haraldsson.
Árni Johnsen.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Um leið og minni hlutinn tekur undir ýmsar af athugasemdum meiri hlutans vill hann þó ítreka eftirfarandi atriði:

1. Stóraukna fjármuni þarf til menntakerfisins. Samkeppnishæfni þjóðarinnar mun á næstu áratugum ráðast ekki hvað síst af gæðum skólastarfs og menntunar. Arðsemi þess fjár sem varið er til menntamála er því mikil.

Einnig er rétt að ítreka mikilvægi lista- og menningarstarfs í um allt land. Öflugt menningarlíf og almenn þátttaka í því er mikilvægur þáttur uppeldis, lífshamingju og sköpunargleði þjóðarinnar. Aukið fé til lista- og menningarmála er einnig liður í jákvæðri byggðaþróun auk þess að styrkja mikilvægustu forsendu sjálfstæðis okkar.

2. Greiðslustaða framhaldsskólanna gagnvart ríkissjóði var neikvæð um tæpan hálfan milljarð kr. fyrstu ellefu mánuði ársins, sbr. minnisblað til menntamálanefndar frá 19. nóvember 1998. Það sýnir hve forsendur vegna framhaldsskólanna við fjárlagagerð fyrir árið 1998 voru langt frá veruleikanum bæði hvað varðar nýtt hlutverk skólanna við sérkennslu, svo og almenna kennslu. Bæði virðist hafa verið um mistök og verulegar vanáætlanir að ræða. Þrátt fyrir að í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár og í frumvarpi til fjárlaga ársins 1999 sé gert ráð fyrir nokkrum hækkunum til að mæta því vanmati sem setur svip sinn á stöðu skólanna í ár er ljóst að fjárþörf skólanna er langt umfram þær áætlanir. Það er nauðsynlegt að fjárlaganefnd og Alþingi bregðist við þessari staðreynd svo að framhaldsskólunum verði unnt að framfylgja lögum um framhaldsskóla og að standa við gerða kjarasamninga.

3. Kennaraháskóli Íslands fer fram á mjög auknar fjárveitingar vegna fjárlagaársins 1999, sbr. bréf til fjárlaganefndar dags. 3. nóvember 1998. Rök skólans fyrir aukinni fjárþörf umfram það sem skólarnir fjórir sem sameinuðust í KHÍ hafa fengið, þar sem þrír af skólunum voru flokkaðir sem framhaldsskólar, eru m.a. þau að vinnuskylda framhaldsskólakennara og háskólakennara er ólík, aukinn kostnaður er vegna dómnefndavinnu, námsskrárgerðar,

kennsluskrárgerðar, skipulagsvinnu og biðlauna fyrrverandi skólastjóra. Þá er ljóst að um vanmat hefur verið að ræða vegna kjarasamninga, rannsóknarorlofa og vegna vinnumatssjóðs vegna rannsókna en við sameiningu skólanna öðluðust 30 kennarar til viðbótar rétt til greiðslu. Bregðast þarf við breyttum aðstæðum skólans þannig að hann geti byggst upp og staðið undir nafni sem öflugt móðurskip í kennslu og uppeldismálum.

4. Minni hlutinn styður eindregið beiðni Háskóla Íslands og stúdenta um aukið fé til þess að hægt verði að lengja opnunartíma Þjóðarbókhlöðunnar. Á þessu ári og því næsta er veitt samtals 4 millj. kr. til þess að safnið geti haft lengur opið og hefur það nýst stúdentum að nokkru yfir prófatímann. Þessi upphæð dugar þó hvergi nærri til þess að opnunartíminn geti talist ásættanlegur. Safnið á að þjóna öllum almenningi auk námsmanna, en opnunartíminn er þannig að afar erfitt er fyrir fólk að nýta sér þjónustuna utan almenns vinnutíma. Það leiðir til þess að þeir sem reyna að sinna ýmiss konar fræðum með vinnu sinni lenda í mestu erfiðleikum við að afla sér heimilda og annarra gagna. Það er nöturlegt að hið nýja og glæsilega safn skuli veita verri þjónustu en hið gamla og virðulega Landsbókasafn. Samkvæmt áætlunum safnsins kostar 14 millj. kr. til viðbótar að verða við óskum stúdenta um lengri opnunartíma. Þessi fjárhæð felur þó í sér að ekki verður um almenna þjónustu við safngesti að ræða á þeim tíma sem bætt verður við og ekki er gert ráð fyrir að þjóðdeildin verði opin, en þangað eiga mjög margir fræðimenn erindi. Hér er því alls ekki um varanlega lausn að ræða. Það er brýnt að leysa vanda Þjóðarbókhlöðunnar og stúdenta við Háskóla Íslands sem allra fyrst, jafnframt því að tryggja að safnið geti þjónað bæði sem almennt safn og Háskólabókasafn, með eðlilegan opnunartíma.

5. Minni hlutinn tekur undir ítrekaðar óskir Bandalags sjálfstæðra atvinnuleikhúsa og hópa að fjármagn vegna starfssamninga atvinnuleikhópa fái sérstakan fjárlagalið en verði ekki til að skerða almenna liðinn „Starfsemi atvinnuleikhópa“.

Þá er ljóst að ef raunverulegur vilji stendur til þess að samþykkja og framkvæma tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum þarf mun meira fjármagn til ýmiss konar lista og menningarstarfsemi, einkum víða úti um landið, en forustufólk í lista- og menningarlífi landsbyggðarinnar vísar nú þegar í efni tillögunnar til stuðnings óskum um fjármagn til menningarstarfsemi.

6. Þá vekur minni hlutinn athygli á tilhneigingu til sjóðamyndunar í menntamálaráðuneytinu þar sem dregið er saman til endurúthlutunar fé af ýmsum fjárlagaliðum og stofnunum á vegum ráðuneytisins. Í fjárlögum ársins í ár er liðurinn Fasteignir framhaldsskóla dæmi um þetta en í ár heita nýju sjóðirnir Framkvæmd skólastefnu sem saman stendur af fé sem dregið er af fjárlagaliðunum Mati á skólastarfi, 19 millj. kr., Námsskrárgerð, 30 millj. kr., og Grunnskólar almennt — Sérstök fræðsluverkefni, 7 millj. kr., auk nýs fjár og af öðrum nýjum sjóði, Íslenskt upplýsingasamfélag, sem í er flutt fé frá ýmsum stofnunum og fjárlagaliðum, af liðnum Námsgagnastofnun 15 millj. kr., af liðnum Kennaraháskóla Íslands 5 millj. kr., af liðnum Framhaldsskólar, stofnkostnaður 15 millj. kr., af liðnum Framhaldsskólar, almennt, Endurmenntun 9 millj. kr. og Þróunarsjóður 6 millj. kr., auk nýs framlags.

Svavar Gestsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur þessu áliti.

Alþingi 26. nóv. 1998.

Svanfríður Jónasdóttir.
Kristín Ástgeirsdóttir.
Guðný Guðbjörnsdóttir.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga, nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 1998.

Nefndin fékk á sinn fund Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra og Auði Eyvinds frá samgönguráðuneyti og skýrðu þau þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu á fund nefndarinnar Magnús Oddsson ferðamálastjóri frá Ferðamálaráði, Þorgeir Pálsson og Sigrún Traustadóttir frá Flugmálastjórn, Hermann Guðjónsson og Jón Leví Hilmarsson frá Siglingastofnun Íslands og Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri frá Vegagerðinni.

Nú eru í gildi samþykktar samgönguáætlanir, vegáætlun, langtímaáætlun í vegagerð, flugmálaáætlun og hafnaáætlun sem ætlunin er að endurskoða á þessu þingi. Athugun nefndarinnar beindist einkum að því hvort áætlaðar fjárveitingar samkvæmt fjárlagafrumvarpi væru í samræmi við samgönguáætlanirnar eins og þær eru, samþykktar af Alþingi. Niðurstaðan er að fjárveitingar eru fyllilega eins og gert er ráð fyrir í þessum áætlunum.

Heildartekjur samkvæmt vegáætlun verða eins og gert hafði verið ráð fyrir. Tekjur af bensíngjaldi fara lækkandi, hugsanlega vegna sparneytnari bifreiða, en þungaskatturinn hefur þó vegið upp á móti lækkuninni. Auknar tekjur af þungaskatti endurspegla að líkindum aukin umsvif í þjóðfélaginu, meðal annars við verktakastarfsemi. Nefndin vekur athygli á athugasemdum sem borist hafa um áhrif af breytingum á þungaskatti á afkomu þeirra sem aka á lengri leiðum. Samgöngunefnd leggur áherslu á að fundin verði viðunandi lausn á því máli.

Hækka þarf fjárveitingu til liðs 6.72 Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði um 5,3 millj. kr. að áliti Siglingastofnunar Íslands, þar sem lánið verður greitt upp á næsta ári og fyrirsjáanlegt er að fjárveiting samkvæmt frumvarpinu nægi ekki. Eðlilegt er að breyta heiti fjárlagaliðarins Ferjubryggjur í Ísafjarðardjúpi, enda er áætlað að fjárveitingar af þeim lið renni til viðfangsefna utan Ísafjarðardjúps. Yrði þá heiti fjárlagaliðarins Ferjubryggjur. Mikil þörf er á því að hækka þann lið vegna mjög aðkallandi verkefna, annars vegar ferjubryggjunnar í Mjóafirði á Austurlandi og hins vegar ferjubryggjunnar í Flatey á Breiðafirði. Þessi mannvirki liggja undir skemmdum og hætta er á að þau geti hrunið í slæmu veðri. Fjárveiting til þessa liðar þyrfti að hækka um 10 millj. kr. í fjárlögum, auk þess sem ónotaðar fjárveitingar alls að upphæð 6 millj. kr. eru til staðar í fjárlögum þessa árs.

Varðandi málefni Flugmálastjórnar bendir samgöngunefnd á að tekjur flugmálaáætlunar hafa orðið eins og ráð var fyrir gert. Áætlunin byggðist á væntingum um verulega aukningu flugumferðar sem raun hefur orðið á. Þá er vakin athygli á því að samkvæmt gildandi fjárlögum voru 9 millj. kr. veittar til nýrra verkefna hjá stofnuninni. Í fyrirliggjandi frumvarpi er hins vegar ekki gert ráð fyrir slíkri fjárveitingu. Komi ekki til hennar verður að hækka sértekjur Flugmálastjórnar með sérstakri breytingu á gjaldskrá. Þá vöktu fulltrúar Flugmálastjórnar athygli á því að óvíst væri hvort framlag til stofnunarinnar vegna breytinga á iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nægði til að mæta útgjöldum.

Heildarframlög til ferðamála eru 140 millj. kr. Tekjur af ferðaþjónustu í heild hafa aukist mjög á síðustu árum. Ferðamannatíminn hefur lengst og tekjur ferðaþjónustunnar utan sumartímans eru nú hlutfallslega mun meiri en áður. Þessi viðbót hefur þó ekki skilað sér til ferðaþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Samgöngunefnd lýsir áhyggjum sínum af þessari þróun og leggur til að 2 millj. kr. verði varið til viðbótar til Ferðamálaráðs, til þess verkefnis að skýra orsakir þessa og koma með tillögur til úrbóta.

Nefndarmennirnir Ásta R. Jóhannesdóttir og Ragnar Arnalds gera þann fyrirvara við álitið að athugasemdir þeirra við afgreiðslu vega-, flug- og hafnaáætlun séu enn í fullu gildi.

Kristján Pálsson og Stefán Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. nóv. 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form.
Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.
Egill Jónsson.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Árni Johnsen.
Magnús Stefánsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

Guðmundur Árni Stefánsson, Ragnar Arnalds og Ásta R. Jóhannesdóttir gera eftirfarandi bókun við álitið:

„Ljóst er að framlög til samgöngumála eru naumt skömmtuð í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi. Enda þótt ríkisstjórnin áformi nú í fyrsta skipti á kjörtímabilinu, að standa við samþykkta vegáætlun með fjárframlögum á fjárlögum, þá er óhjákvæmilegt en árétta alvarlega athugasemdir undirritaðra við ýmsa ágalla þeirrar vegáætlunar, m.a. varðandi framkvæmdir á næsta fjárhagsári. Það verður gert við umræðu málsins. Framlög til flugmála fara í stórauknum mæli til rekstrar og viðhalds, en æ minni hluti til nauðsynlegra og brýnna nýframkvæmda í Reykjavík og víða út um land. Það er óheppileg þróun.

Stór verkefni bíða á vettvangi hafnargerðar og enn er ekki fram komin á Alþingi endurskoðuð hafnaáætlun, sem vænst var í þingbyrjun. Það er því allljóst að framlög á fjárlögum til hafnargerðar á næsta ári munu skerða verulega nauðsynlegar endurbætur á gildandi hafnaáætlun strax á því ári og mikilvægar hafnarframkvæmdir munu eiga erfitt uppdráttar. Framlög til ferðamála eru skorin við nögl, þegar til þess er litið að ferðamál eru vaxtarbroddur í atvinnulífi í dreifbýli jafnt sem þéttbýli. Fjárlagafrumvarpið sýnir ekki skilning á auknu mikilvægi þessarar atvinnugreinar.“

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 1998. Nefndin fékk á sinn fund frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra og Dórótheu Jóhannsdóttur. Þá komu á fund hennar Jóhann Sigurjónsson og Vignir Thoroddsen frá Hafrannsóknastofnuninni.

Í máli fulltrúa Hafrannsóknastofnunar kom fram að fjármuni muni skorta til brýnna verkefna á næsta ári miðað við þær tillögur sem fyrir liggja í frumvarpi til fjárlaga. Sem ástæðu vandans bentu þeir fyrst og fremst á þær breytingar sem urðu á launakerfi opinberra starfsmanna við síðustu kjarasamninga. Í þeim var samið um að greiðslur fyrir óunna yfirvinnu yrðu færðar inn í grunnlaun opinberra starfsmanna. Hækkun grunnlauna hefur áhrif á hækkun yfirvinnugreiðslna og lífeyrisskuldbindinga stofnana ríkisins. Á móti þessari hækkun átti að stefna að því að draga úr yfirvinnu opinberra starfsmanna. Svigrúm Hafrannsóknastofnunarinnar til þess er takmarkað og þess vegna koma þær breytingar sem kjarasamningarnir höfðu í för með sér hart niður á rekstri stofnunarinnar. Hver yfirvinnustund er orðin mun dýrari en sem nemur umsömdum prósentuhækkunum á launum. Á þessu ári hefur aukakostnaði vegna kjarasamninganna verið mætt með niðurskurði á rannsóknum og annarri vísindastarfsemi auk þess sem stofnunin mun verða rekin með nokkrum halla. Ekki er tekið á vandamálinu í frumvarpi til fjárlaga þar sem ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum vegna launakostnaðar til samræmis við þær launahækkanir sem orðið hafa. Það er mat fulltrúa stofnunarinnar að vanta muni um 60–65 millj. kr. til að endar nái saman.

Sjávarútvegsnefnd telur brýnt fyrir Íslendinga að halda úti eins öflugu rannsóknastarfi á fiskstofnum og lífríki hafsins og nokkur kostur er. Nefndin vill því vekja athygli fjárlaganefndar á því að taka þarf afstöðu til þess hvort Hafrannsóknastofnunin eigi að mæta auknum launakostnaði með niðurskurði á vísindastarfsemi sinni eða hvort auka eigi framlög til hennar. Sjávarútvegsnefnd leggst gegn því að dregið verði úr rannsóknum.

Fulltrúar sjávarútvegsráðuneytis tóku undir þessi sjónarmið Hafrannsóknastofnunarinnar og bentu á að sama vandamál sé hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Þá vill sjávarútvegsnefnd benda á að í frumvarpinu er hvorki gert ráð fyrir fjármunum til framkvæmdar á þingsályktun Alþingis um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á hafsbotninn né til framkvæmdar á þingsályktun Alþingis um könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu. Nefndin leggur til að fjármunum verði veitt til þessara verkefna.

Hjálmar Árnason og Stefán Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. nóv. 1997.

Kristinn H. Gunnarsson, form.
Árni R. Árnason, varaform.
Vilhjálmur Egilsson.
Einar Oddur Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.
Lúðvík Bergvinsson.
Svanfríður Jónasdóttir.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 1998.

Nefndin fékk á sinn fund Þórð H. Ólafsson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneyti og Magnús Jónsson veðurstofustjóra.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrargjöld umhverfisráðuneytisins hækki um 104 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingarnar eru 25 millj. kr. hækkun á framlögum til Landmælinga Íslands vegna flutnings stofnunarinnar til Akraness og hækkun á útgjöldum aðalskrifstofu um 16,5 millj. kr., m.a. vegna nýrra starfa og stærra húsnæðis.

Fram komu óskir um að umhverfisráðuneytið léti nefndinni í té afrit af bréfum Akranesbæjar til ráðuneytisins varðandi flutninga Landmælinga Íslands til Akraness og af samkomulagi um stofnun skrifstofu PAME á Íslandi. Þá var óskað eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um úthlutun styrkja til fráveituframkvæmda og um stöðu Rannsóknarstöðvar á Kvískerjum.

Í máli veðurstofustjóra kom fram að Veðurstofan verður rekin með nokkrum halla á þessu ári. Sagði hann það m.a. stafa af nýjum kjarasamningum sem haft hefðu í för með sér umtalsverðar launahækkanir. Þá kvað hann miklar tækniframfarir leiða til þess að mikilvægt væri að fjárfesta í tækjakosti til notkunar í framtíðinni. Benti hann í því sambandi sérstaklega á búnað til móttöku gervihnattagagna. Vekur meiri hlutinn athygli fjárlaganefndar á málinu.

Árni M. Mathiesen skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 1998.

Ólafur Örn Haraldsson, form.
Ísólfur Gylfi Pálmason.
Tómas Ingi Olrich.
Kristján Pálsson.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 (Umhverfisráðuneyti).

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Undirritaður, sem skipar minni hluta umhverfisnefndar, hefur á nokkrum undangengnum þingum staðið að séráliti um fjárlagatillögur sem tengjast umhverfisráðuneytinu. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 1999 sver sig í ætt við frumvörp síðustu ára og gefur enn sem fyrr tilefni til athugasemda sem ekki koma fram í áliti meiri hluta nefndarinnar.

Þrátt fyrir ýmsar breytingar á framsetningu og skýringum við fjárlagafrumvarp á undanförnum árum, sem margar hverjar geta talist til bóta, er í athugasemdum með frumvarpinu lítið fjallað um stöðu og þróun einstakra málaflokka. Þetta á meðal annars við um umhverfismál. Endurspeglar þetta væntanlega undirbúningsferlið við gerð frumvarpsins og stefnu eða stefnuleysi ríkisstjórnar á umræddum málasviðum. Hefur undirritaður ítrekað vakið athygli fjárlaganefndar á því hvernig háttað er undirbúningi og framsetningu að þessu leyti í sambandi við fjárlagagerð annars staðar á Norðurlöndum, meðal annars í Noregi. Veldur þetta því meðal annars að erfitt er að sjá hvaða hugsun býr að baki fjárlagatillögum til einstakra ráðuneyta og verkefna og hvort þær tengjast einhverri framtíðarsýn. Sé litið til umhverfismála virðist framtíðarstefna brotakennd eða ekki fyrir hendi.

Nóg er af dæmum þessu til rökstuðnings. Undirritaður hvetur fjárlaganefnd til að líta yfir umfjöllun, tillögugerð og málsmeðferð umhverfisráðuneytis og fjárlaganefndar í málefnum Hollustuverndar ríkisins í tengslum við fjárlagagerð á þessu kjörtímabili. Þar er enga samfellu að finna þrátt fyrir störf stjórnskipaðra nefnda og undirnefnda sem fjölluðu um málefni stofnunarinnar og skiluðu um þau álitsgerðum. Sú vinna virðist eingöngu hafa þjónað tímabundnu friðþægingarhlutverki þar eð hún endurspeglast ekki í fjárlagatillögum. Ekki ósvipað er þessu farið í fleiri stofnunum þótt tólfunum kasti hjá Hollustuvernd.

Hér fara á eftir beinar tillögur og ábendingar um einstaka liði fjárlagafrumvarpsins að því er varðar umhverfisráðuneytið:

1. Náttúruvernd ríkisins.

Eindregið er tekið undir óskir Náttúruverndar ríkisins um auknar fjárveitingar eins og þær voru kynntar fjárlaganefnd 5. nóvember 1998. Þar er m.a. óskað eftir 50 millj. kr. framlagi

samtals næstu þrjú ár vegna breytinga á rekstri þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Þar af er gert ráð fyrir 17 millj. kr. framlagi á árinu 1999. Ljóst er að slíkar fjárveitingar eru forsenda þess að ráðist verði í umræddar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi tjaldsvæða í þjóðgörðunum, en þær tillögur virðast einkum settar fram vegna fjárhagsþrenginga stofnunarinnar. Þá liggur fyrir beiðni frá Náttúruvernd um 3,3 millj. kr. viðbótarfjármagn til landvörslu, 3,3 millj. kr. vegna ráðningar sérfræðings á sviði eftirlits og mannvirkjagerðar, 3,8 millj. kr. til stofnkostnaðar við hús í friðlandi að Fjallabaki og til vinnu að verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn í Skaftafelli 4,3 millj. kr. Allt eru þetta brýn viðfangsefni. Auk þessa hefur Náttúruvernd ríkisins vakið athygli á mikilli uppsafnaðri fjárþörf vegna uppbyggingar á friðlýstum svæðum sem stofnunin metur vera 158 millj. kr. Tengist þörfin ekki síst heimsóknum ferðamanna og aðgengi að svæðunum og um leið verndun þeirra.

2. Hollustuvernd ríkisins.

Þar virðist vera mikil þörf á fleiri stöðum en ráð er fyrir gert í fjárlagafrumvarpi. Tengist þörfin öllum helstu sviðum innan stofnunarinnar. Tækjabúnaður Hollustuverndar er um margt úreltur og fjárveiting leyfir ekki lágmarksendurnýjun. Á árinu voru samþykkt ný lög um hollustuhætti en engin úttekt liggur fyrir um nauðsyn fjárveitinga af þeim sökum. Með lagabreytingunum voru m.a. gerðar breytingar á stjórnunarfyrirkomulagi á þessari mikilvægu ríkisstofnun sem hætt er við að verði til að veikja enn stöðu hennar frá því sem áður var.

3. Skipulagsstofnun.

Brýnt er að tryggja nægjanlegt fjármagn til vinnu að gerð svæðis- og aðalskipulags á grundvelli nýrra skipulags- og byggingarlaga sem sett voru á árinu 1997. Þar er um að ræða lögbundin samstarfsverkefni Skipulagsstofnunar og sveitarfélaganna. Viðbótarfjárþörf umfram tölur fjárlagafrumvarps eru vegna yfirstandandi samningsbundinna verkefna 20 millj. kr. (10 millj. kr. vegna aðalskipulagsvinnu og 10 millj. kr. vegna svæðisskipulags).

Við þetta bætast óskir Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga um að geta hafið vinnu við fimm ný aðalskipulagsverkefni og eitt til tvö svæðisskipulagsverkefni á árinu 1999, áætluð fjárþörf til þessa samtals um 50 millj. kr. Alls er því viðbótarfjárþörf Skipulagsstofnunar vegna skipulagsvinnu á næsta ári um 70 millj. kr. Fáist sú fjárveiting ekki á fjárlögum næsta árs stefnir í fullkomið óefni.

Á undanförnum árum námu tekjur af skipulagsgjaldi, sem runnu til Skipulags ríkisins, verulegum upphæðum umfram áætlanir fjárlagafrumvarps. Nægði þetta til að brúa bilið og mæta kostnaði við vaxandi viðfangsefni. Nú hafa þessar sértekjur verið teknar af án þess að á rekstrarvanda Skipulagsstofnunar sé tekið við gerð fjárlagafrumvarps. Þetta eru afar gagnrýnisverð vinnubrögð og hlýtur fjárlaganefnd að taka á þessu og tryggja með því framgang brýnna skipulagsverkefna.

4. Veðurstofa Íslands.

Undirritaður tekur undir ábendingar sem fram koma í áliti meiri hlutans um aukna fjárþörf Veðurstofu Íslands. Bent skal á til viðbótar því sem fram kemur í áliti meiri hlutans að Veðurstofan óskaði eftir að liðurinn „tæki og búnaður“ yrði um 50 millj. kr. en hann er samkvæmt frumvarpinu aðeins 14,5 millj. kr. Sótt er um 4,2 millj. kr. til rannsókna vegna veðurfarsbreytinga og sýnist það hógvær beiðni miðað við vaxandi rannsóknaþörf vegna loftslagsbreytinga af manna völdum. Svipuðu máli gegnir um beiðni um fjárveitingu til landupplýsingakerfis (3,0 millj. kr.) og til að efla hafísrannsóknir (2,0 millj. kr.).

5. Landmælingar Íslands.

Fjárlagatillögur vegna stofnunarinnar endurspegla þá miklu erfiðleika og ringulreið sem ákvörðun um flutning stofnunarinnar til Akraness hefur í för með sér. Óvíst er að stofnunin eigi eftir að bíða þessa bætur á sama tíma og augljós þörf er fyrir mikið átak á flestum verksviðum hennar. Staða kortagerðar og útgáfu korta hérlendis hefur lengi verið hemill á ýmsar rannsóknir og skipulagsvinnu sem byggist á góðum kortagrunni og landrænum upplýsingum.

6. Náttúrugripasöfn.

Vísað er til athugasemda undirritaðs í áliti vegna fjárlagafrumvarps fyrir árið 1998 (fskj. XIII. með nefndaráliti á 122. löggjafarþingi, þskj. 462). Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 er áfram gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til Náttúrugripasafnsins í Vestmannaeyjum, án þess að ráð sé gert fyrir hliðstæðum framlögum til annarra náttúrugripasafna. Þetta brýtur gegn eðlilegri stjórnsýslu og jafnræðisreglu. Því er lagt til að stofnaður verði safnliður um slík framlög að upphæð 6 millj. kr. sem úthlutað verði af ráðuneyti að höfðu samráði við fjárlaganefnd eftir að forstöðumönnum náttúrugripasafna hefur gefist kostur á að sækja um framlög.

7. Rannsóknastöð að Kvískerjum.

Glöggar upplýsingar vantar um stöðu málsins. Þótt hér sé um gott mál að ræða almennt séð virðist skorta á skýr málstök að því er snertir undirbúning og jafnvel markmið með uppbyggingu rannsóknaaðstöðu á Kvískerjum. Aðalatriði sýnist vera að ná samkomulagi um að jörðin Kvísker með gögnum og gæðum verði í framtíðinni í opinberri eigu og undir verndarskipulagi. Rannsóknaaðstaða verði á staðnum og föst búseta eftirlitsmanns. Þannig yrði hið merka starf Kvískerjafólksins á þessari öld best tengt við framtíðina og byggðin í Öræfum um leið treyst til frambúðar.

8. Ýmis umhverfisverkefni — styrkir af lið 14-190 (undirliður 1.23).

Undirritaður mælti ásamt öðrum nefndarmönnum með styrkveitingum af þessum lið, til Fuglaverndarfélags 200 þús. kr., Náttúruverndarsamtaka Íslands 1,0 millj. kr., og til rannsókna á þrávirkum klórkolefnissamböndum í fuglum 2,3 millj. kr.

Fyrir nefndinni lá einnig umsókn frá Félagi um vernd hálendis Austurlands sem sótti um styrk að upphæð 750 þús. kr. til að undirbyggja baráttu sína fyrir umhverfisvernd. Minni hlutinn studdi þessa umsókn en meiri hlutinn lagðist gegn henni. Harmar undirritaður þessa afstöðu sem er í algjöru ósamræmi við þá stefnu sem samþykkt var á vettvangi umhverfisráðherra Evrópuríkja í Árósum í júní sl., að stuðla að öflugu starfi áhugasamtaka um umhverfisvernd og aðild þeirra að opinberri stefnumörkun. Er þetta í annað sinn sem meiri hlutinn tekur ekki undir umsókn frá þessum samtökum.

Alþingi, 2. des. 1998.

Hjörleifur Guttormsson.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 1998. Nefndin fékk á sinn fund Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Stefán Hauk Jóhannesson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu, og Harald Aspelund einnig frá utanríkisráðuneytinu.

Í áliti sínu til fjárlaganefndar á undanförnum árum hefur utanríkismálanefnd minnt á mikilvægi þess að málefni utanríkisþjónustunnar séu til stöðugrar endurskoðunar í ljósi síbreytileika aðstæðna og með það fyrir augum að nýta takmarkaðan mannafla og fjármagn sem best. Í því sambandi hefur nefndin bent á að utanríkisráðuneytið væri þungamiðja utanríkisþjónustunnar og það yrði að geta tryggt sendiráðunum þann stuðning sem þörf er á. Nauðsynlegt væri því að huga að eðlilegri uppbyggingu aðalskrifstofu ráðuneytisins um leið og umsvif utanríkisþjónustunnar eru aukin erlendis.

Þann 16. maí 1997 skipaði utanríkisráðherra nefnd til að gera úttekt á því hvernig utanríkisþjónustan geti best sinnt hlutverki sínu í breyttu umhverfi alþjóðastjórnmála og viðskipta. Í nefndinni áttu m.a. sæti nokkrir nefndarmenn í utanríkismálanefnd. Í mars sl. skilaði nefndin áliti sínu um framtíð utanríkisþjónustunnar. Telur utanríkismálanefnd eðlilegt og í samræmi við sín fyrri álit um fyrirhugaðar fjárveitingar til utanríkisráðuneytisins að vekja athygli fjárlaganefndar á niðurstöðum nefndar um framtíð utanríkisþjónustunnar.

Að öðru leyti sér utanríkismálanefnd ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið að þessu sinni.

Árni M. Mathiesen var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Guðný Guðbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi sat fundi nefndarinnar og er samþykkt áliti þessu.

Alþingi, 26. nóv. 1998.

Tómas Ingi Olrich, form.
Össur Skarphéðinsson.
Siv Friðleifsdóttir.
Margrét Frímannsdóttir.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni R. Árnason.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.

439. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP, KHG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
6.01 Tæki og búnaður	30,0	18,0	48,0
2. Við **00-620 Ríkisendurskoðun**			
1.01 Ríkisendurskoðun	207,1	7,3	214,4
3. Við **01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	104,8	-5,5	99,3
4. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	1,9	0,6	2,5
b. 1.53 Landafundanefnd	121,7	8,8	130,5
c. 1.90 Ýmis verkefni	7,6	4,5	12,1
d. *Greitt úr ríkissjóði, sbr. a–c-lið*	*204,1*	*13,9*	*218,0*
5. Við **01-211 Þjóðhagsstofnun**			
1.01 Þjóðhagsstofnun	120,6	4,5	125,1
Greitt úr ríkissjóði	*58,5*	*4,5*	*63,0*
6. Við bætist nýr fjárlagaliður: **01-261 Óbyggðanefnd**			
1.01 Óbyggðanefnd	0,0	19,9	19,9
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*19,9*	*19,9*
7. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.03 Rekstur fasteigna	221,7	14,0	235,7
b. 1.06 Kennslu- og vísindadeildir	1.530,5	40,0	1.570,5
c. *Greitt úr ríkissjóði, sbr. a- og b-lið*	*2.347,2*	*54,0*	*2.401,2*
8. Við **02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum**			
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	144,5	0,9	145,4
Greitt úr ríkissjóði	*101,2*	*0,9*	*102,1*
9. Við **02-211 Tækniskóli Íslands**			
1.01 Tækniskóli Íslands	256,3	10,0	266,3
10. Við **02-215 Kennaraháskóli Íslands**			
1.05 Kennsla	366,0	20,0	386,0
11. Við **02-225 Samvinnuháskólinn**			
1.01 Samvinnuháskólinn	55,9	3,0	58,9
12. Við **02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.21 Stofnkostnaður	211,0	15,0	226,0
13. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
a. 1.13 Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á Vesturlandi	0,0	7,0	7,0
b. 1.21 Fjarkennsla á háskólastigi	0,0	12,0	12,0

c. 1.23 Þróunarsetur Vestfjarða	0,0	7,0	7,0
d. 1.61 Norræna eldfjallastöðin	13,1	1,8	14,9
14. Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	181,0	8,0	189,0
15. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	8,0	2,0	10,0
b. 1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	4,0	5,0	9,0
c. 1.51 Fjarkennsluverkefni á Norðurlandi vestra	0,0	7,0	7,0
d. 1.53 Fjarkennsluverkefni á Suðurlandi	0,0	7,0	7,0
e. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	61,8	113,9	175,7
16. Við **02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja**			
1.09 Önnur verkefni	22,0	7,0	29,0
17. Við **02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands**			
1.02 Annað en kennsla	70,4	4,4	74,8
Greitt úr ríkissjóði	*90,0*	*4,4*	*94,4*
18. Við **02-884 Jöfnun á námskostnaði**			
1.01 Jöfnun á námskostnaði	163,2	25,0	188,2
19. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands	105,4	14,0	119,4
b. 1.10 Byggða- og minjasöfn	19,2	5,0	24,2
20. Við **02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn**			
1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	286,9	10,0	296,9
21. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
a. 1.11 Nýlistasafn	2,0	2,0	4,0
b. 1.90 Söfn	10,8	-1,3	9,5
22. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	462,0	18,0	480,0
23. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	1.545,0	80,0	1.625,0
24. Við **02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**			
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	145,0	5,2	150,2
25. Við **02-979 Húsafriðunarsjóður**			
6.10 Húsafriðunarsjóður	15,5	10,0	25,5
26. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	17,0	3,0	20,0
b. 1.27 Tónlist fyrir alla	2,5	1,0	3,5
c. 1.29 Íslensk tónverkamiðstöð	0,0	7,6	7,6
d. 1.90 Listir	44,0	-5,6	38,4
27. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
1.10 Fræðistörf	3,3	2,0	5,3
28. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
a. 1.12 Ungmennafélag Íslands	13,0	4,0	17,0
b. 1.13 Bandalag íslenskra skáta	6,0	3,0	9,0

29. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
a. Við 1.10 Íþróttasamband Íslands. Liðurinn orðist svo:			
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	28,7	3,0	31,7
b. 1.11 Ólympíunefnd Íslands	3,0	-3,0	0,0
c. Við 1.16 Íþróttafélög. Liðurinn orðist svo:			
1.16 Íþróttasjóður			
d. 1.20 Glímusamband Íslands	1,0	2,5	3,5
e. 1.21 Skáksamband Íslands	6,0	1,5	7,5
f. 1.25 Skákskóli Íslands	2,5	0,6	3,1
g. 1.27 Landssamband akstursíþróttafélaga	0,0	1,0	1,0
h. 1.90 Ýmis íþróttamál	13,0	10,0	23,0
30. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.44 Snorrastofa	6,6	-4,0	2,6
b. 1.45 Eiríksstaðanefnd	0,0	20,0	20,0
c. 1.90 Ýmis framlög	13,1	-0,5	12,6
d. 6.93 Snorrastofa	1,0	4,0	5,0
31. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
a. 1.01 Yfirstjórn	434,3	26,0	460,3
b. 1.02 Varnarmálaskrifstofa	54,2	1,6	55,8
c. 1.53 Þýðingamiðstöð	19,8	1,0	20,8
d. Sértekjur	-20,2	6,4	-13,8
32. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	4,5	-2,0	2,5
b. 1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,6	0,3	0,9
c. 1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	0,0	2,0	2,0
33. Við **03-320 Sendiráð, almennt**			
6.21 Sendiráð Íslands í Berlín	50,0	20,0	70,0
34. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	41,0	3,0	44,0
35. Við **03-401 Alþjóðastofnanir**			
a. 1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	6,7	-1,3	5,4
b. 1.85 Friðargæsla	68,7	57,7	126,4
36. Við **04-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.31 Skógræktarfélag Íslands	3,5	2,0	5,5
b. 1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	3,8	-3,8	0,0
c. 1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1,7	0,3	2,0
d. 1.90 Ýmis verkefni	22,1	10,0	32,1
e. *Greitt úr ríkissjóði, sbr. a–d-lið*	*65,8*	*8,5*	*74,3*
37. Við **04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins**			
a. 1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	262,4	6,0	268,4
b. 6.01 Tæki og búnaður	3,7	4,3	8,0
38. Við **04-222 Veiðimálastjóri**			
1.01 Veiðimálastjóri	10,3	3,0	13,3
39. Við **04-261 Bændaskólinn á Hvanneyri**			
Sértekjur	-82,3	5,0	-77,3

40. Við **04-271 Bændaskólinn á Hólum**			
a. 1.01 Bændaskólinn á Hólum	112,4	25,0	137,4
b. Sértekjur	-32,7	-25,0	-57,7
41. Við **04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins**			
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins	14,6	1,0	15,6
42. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins**			
a. 1.01 Landgræðsla ríkisins	257,5	1,9	259,4
b. 1.90 Fyrirhleðslur	19,6	17,4	37,0
43. Við **04-321 Skógrækt ríkisins**			
1.01 Skógrækt ríkisins	130,8	1,9	132,7
44. Við **04-331 Héraðsskógar**			
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	59,0	5,0	64,0
45. Við **04-811 Bændasamtök Íslands**			
a. 1.10 Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri	4,7	9,6	14,3
b. 1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri	3,3	4,6	7,9
46. Við **04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði**			
1.91 Loðdýrafóður	0,0	53,0	53,0
47. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmislegt	8,1	3,0	11,1
48. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
1.01 Almenn starfsemi	553,2	45,0	598,2
49. Við **06-201 Hæstiréttur**			
1.01 Yfirstjórn	36,1	5,4	41,5
50. Við **06-301 Ríkissaksóknari**			
1.05 Ríkissaksóknari	59,2	4,0	63,2
51. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
1.01 Ríkislögreglustjóri	221,4	4,1	225,5
52. Við **06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík**			
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.457,4	-4,1	1.453,3
53. Við **06-341 Áfengis- og fíkniefnamál**			
1.20 Fíkniefnamál	1,5	2,0	3,5
54. Við **06-390 Ýmis löggæslumál**			
1.22 Löggæsla vegna skemmtanahalds	0,0	7,5	7,5
55. Við **06-391 Húsnæði löggæslustofnana**			
5.01 Viðhald húseigna	4,0	-4,0	0,0
56. Við **06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi**			
a. 1.01 Yfirstjórn	29,4	1,5	30,9
b. 1.20 Löggæsla	41,7	2,0	43,7
57. Við **06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**			
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	5,4	22,8	28,2
58. Við **06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna**			
a. 5.01 Viðhald húseigna	10,0	-5,0	5,0
b. 6.19 Húsnæði sýslumannsins á Hólmavík	0,0	10,0	10,0
59. Við **06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins**			
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	476,4	30,0	506,4

60. Við **06-701 Biskup Íslands**			
a. 1.91 Skálholtsskóli	6,3	0,5	6,8
b. 6.25 Dómkirkjan	0,0	3,0	3,0
61. Við **06-733 Kirkjugarðsgjöld**			
1.13 Kirkjugarðasjóður	18,0	8,0	26,0
62. Við **07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	122,0	3,0	125,0
63. Við **07-400 Barnaverndarstofa**			
a. 1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	142,6	12,0	154,6
b. 1.21 Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	36,7	30,0	66,7
64. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.90 Ýmis verkefni	22,9	64,0	86,9
65. Við **07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík**			
1.85 Félag heyrnarlausra	2,3	2,7	5,0
66. Við **07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi**			
1.20 Sambýli Akranesi	45,6	2,5	48,1
67. Við **07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**			
1.01 Svæðisskrifstofa	13,6	1,7	15,3
68. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.12 Jöfnun húsaleigubóta	280,0	5,6	285,6
69. Við **07-985 Félagsmálaskóli alþýðu**			
1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	4,0	2,0	6,0
70. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	0,0	4,0	4,0
71. Við **08-201 Tryggingastofnun ríkisins**			
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	722,6	1,9	724,5
72. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.11 Lækniskostnaður	2.030,0	-291,1	1.738,9
73. Við **08-301 Landlæknir**			
1.30 Slysavarnaráð	3,1	7,5	10,6
74. Við **08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**			
a. 1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	109,7	10,2	119,9
b. Sértekjur	-23,2	-5,9	-29,1
75. Við **08-340 Málefni fatlaðra**			
a. 1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	13,0	2,0	15,0
b. 1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungna-sjúklinga, Akureyri	1,6	1,0	2,6
76. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.804,0	39,2	1.843,2
77. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
1.01 Ríkisspítalar	10.060,0	41,1	10.101,1
78. Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
a. 1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	5.928,0	62,7	5.990,7
b. 6.01 Tæki og búnaður	55,0	10,0	65,0
c. *Greitt úr ríkissjóði, sbr. a- og b-lið*	*5.383,0*	*72,7*	*5.455,7*

79. Við **08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**			
a. 6.60 Tækjakaup, óskipt	17,4	12,6	30,0
b. 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	185,0	-14,5	170,5
80. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	16,9	1,1	18,0
b. 1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	0,0	7,0	7,0
c. 1.90 Ýmis framlög	12,5	197,9	210,4
81. Við **08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**			
1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	369,3	39,7	409,0
82. Við **08-411 Garðvangur, Garði**			
1.01 Garðvangur, Garði	120,5	1,3	121,8
83. Við bætist nýr fjárlagaliður: **08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu**			
1.01 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	0,0	66,2	66,2
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*66,2*	*66,2*
84. Við bætist nýr fjárlagaliður: **08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði**			
1.01 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	0,0	51,9	51,9
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*51,9*	*51,9*
85. Við bætist nýr fjárlagaliður: **08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði**			
1.01 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	0,0	61,5	61,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*61,5*	*61,5*
86. Við bætist nýr fjárlagaliður: **08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn**			
1.01 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	0,0	21,9	21,9
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*21,9*	*21,9*
87. Við **08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun**			
1.01 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	221,7	2,0	223,7
88. Við **08-431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands**			
1.10 Heilsuhælisdeild	164,5	2,7	167,2
89. Við **08-495 Daggjaldastofnanir**			
a. 1.13 Hornbrekka, Ólafsfirði	48,3	-48,3	0
b. 1.17 Hulduhlíð, Eskifirði	43,0	-43,0	0
c. 1.31 Naust, Þórshöfn	19,8	-19,8	0
d. 1.39 Lundur, Hellu	45,8	-45,8	0
e. 1.59 Reynslusveitarfélagið Akureyri	2,1	-2,1	0,0
f. 1.61 Reynslusveitarfélagið Höfn	0,9	-0,9	0,0
g. 1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	70,7	-6,4	64,3
h. 1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	101,0	-38,2	62,8
90. Við **08-496 Reynslusveitarfélagið Akureyri**			
1.11 Hjúkrunarrými	203,2	2,1	205,3

91. Við **08-497 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði**			
1.11 Hjúkrunarrými	87,9	11,9	99,8
92. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	220,9	15,0	235,9
93. Við **08-501 Sjúkraflutningar**			
a. 1.11 Sjúkraflutningar	227,0	7,0	234,0
b. 1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	39,7	-7,5	32,2
c. Sértekjur	-0,5	0,5	0,0
94. Við **08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**			
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	362,0	-47,2	314,8
95. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-517 Læknavaktin			
a. 1.01 Læknavaktin	0,0	137,6	137,6
b. Sértekjur	0,0	-13,5	-13,5
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*124,1*	*124,1*
96. Við **08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi**			
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	50,1	2,5	52,6
97. Við **08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**			
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	143,0	-4,3	138,7
98. Við **08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi**			
1.11 Sjúkrasvið	625,5	20,4	645,9
99. Við **08-715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi**			
1.11 Sjúkrasvið	151,9	1,7	153,6
100. Við **08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**			
Sértekjur	-7,8	2,0	-5,8
101. Við **08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**			
1.11 Sjúkrasvið	332,7	4,7	337,4
102. Við **08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**			
1.11 Sjúkrasvið	154,5	4,5	159,0
103. Við **08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**			
1.11 Sjúkrasvið	356,4	2,1	358,5
104. Við **08-761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík**			
1.11 Sjúkrasvið	307,7	3,0	310,7
105. Við **08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**			
1.11 Sjúkrasvið	258,6	2,0	260,6
106. Við **08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi**			
1.11 Sjúkrasvið	360,7	4,3	365,0
107. Við **08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**			
1.11 Sjúkrasvið	387,0	22,6	409,6
108. Við **09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
a. 1.01 Yfirstjórn	320,7	8,0	328,7
b. 6.01 Tæki og búnaður	7,0	-1,0	6,0
109. Við **09-103 Ríkisbókhald**			
6.01 Tæki og búnaður	4,0	1,0	5,0
110. Við **09-202 Skattstofan í Reykjavík**			
a. 1.01 Skattstofan í Reykjavík	241,0	6,0	247,0
b. 6.01 Tæki og búnaður	10,0	-6,0	4,0

111. Við **09-211 Skattstofa Reykjaness**			
1.01 Skattstofa Reykjaness	129,3	8,0	137,3
112. Við **09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**			
a. 1.06 Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið	0,0	13,0	13,0
b. 1.07 Athugun á virðisaukaskattskerfi	0,0	2,0	2,0
c. 6.01 Tæki og búnaður	13,0	-13,0	0,0
113. Við **09-261 Ríkistollstjóri**			
a. 1.01 Ríkistollstjóri	135,1	-8,4	126,7
b. Sértekjur	-5,3	4,0	-1,3
114. Við **09-262 Tollstjórinn í Reykjavík**			
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	522,0	4,4	526,4
115. Við **09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**			
6.24 Tryggingastofnun ríkisins	0,0	70,0	70,0
116. Við **09-995 Skýrsluvélakostnaður**			
6.02 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	19,0	95,0	114,0
117. Við **09-999 Ýmislegt**			
a. 1.19 Ýmsar endurgreiðslur	40,0	10,0	50,0
b. 1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	35,0	-15,0	20,0
118. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.27 Slysavarnafélag Íslands	15,7	16,0	31,7
b. 1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	0,0	4,0	4,0
c. *Greitt úr ríkissjóði, sbr. a- og b-lið*	*262,5*	*20,0*	*282,5*
119. Við **10-472 Flugvellir**			
a. 1.01 Rekstur flugvalla	344,1	9,7	353,8
b. 6.80 Flugvellir, framkvæmdir	430,0	102,0	532,0
c. Sértekjur	-30,1	-0,6	-30,7
d. *Greitt úr ríkissjóði, sbr. a–c-lið*	*712,2*	*111,1*	*823,3*
120. Við **10-651 Ferðamálaráð**			
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	6,0	2,0	8,0
121. Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.18 Hitaveitur á köldum svæðum	0,0	45,0	45,0
122. Við **12-902 Samkeppnisstofnun**			
1.01 Samkeppnisstofnun	94,0	1,5	95,5
123. Við **14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	132,5	-1,5	131,0
124. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6,5	3,8	10,3
b. 1.35 Umhverfisvöktun	28,0	2,0	30,0
125. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
a. Sértekjur	-26,2	2,8	-23,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*69,5*	*2,8*	*72,3*
126. Við **14-310 Landmælingar Íslands**			
Sértekjur	-56,8	12,8	-44,0
127. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
a. 1.01 Yfirstjórn	11,4	3,0	14,4
b. 1.02 Setur í Reykjavík	109,8	2,2	112,0
c. 6.11 Bifreiðar	0,0	2,5	2,5

128. Við **14-403 Náttúrustofur**			
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	4,9	3,0	7,9
129. Við **14-410 Veðurstofa Íslands**			
a. 1.01 Almenn starfsemi	348,2	2,0	350,2
b. 6.11 Bifreiðar	0,0	2,5	2,5

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárveiting að fjárhæð 104,4 m.kr. á viðfangsefninu 02-319 1.90 skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
02-301 1.01	Menntaskólinn í Reykjavík	5,5
02-302 1.01	Menntaskólinn á Akureyri	3,4
02-303 1.01	Menntaskólinn á Laugarvatni	1,2
02-304 1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	5,5
02-304 1.09	Menntaskólinn við Hamrahlíð	0,9
02-305 1.01	Menntaskólinn við Sund	4,9
02-306 1.01	Framhaldsskóli Vestfjarða	1,4
02-307 1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1,7
02-308 1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	5,4
02-308 1.09	Menntaskólinn í Kópavogi	0,2
02-309 1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	2,9
02-350 1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	8,2
02-350 1.09	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1,6
02-351 1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	4,2
02-352 1.01	Flensborgarskóli	3,5
02-352 1.09	Flensborgarskóli	0,5
02-353 1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,9
02-353 1.09	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	0,2
02-354 1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	4,2
02-355 1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1,5
02-356 1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	2,5
02-357 1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	4,4
02-357 1.09	Fjölbrautaskóli Suðurlands	0,2
02-358 1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	1,0
02-359 1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	7,5
02-359 1.09	Verkmenntaskólinn á Akureyri	0,4
02-360 1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	3,1
02-361 1.01	Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	0,6
02-362 1.01	Framhaldsskólinn á Húsavík	0,9
02-363 1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	0,7
02-365 1.01	Borgarholtsskóli	3,8
02-365 1.09	Borgarholtsskóli	0,1
02-506 1.01	Vélskóli Íslands	1,9
02-507 1.01	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1,0

02-514 1.01	Iðnskólinn í Reykjavík	11,2
02-514 1.09	Iðnskólinn í Reykjavík	0,8
02-516 1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði	2,5

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárveiting að fjárhæð 54,0 m.kr. á viðfangsefninu 07-700 1.90 skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
07-701 1.01	Svæðisskrifstofa	0,6
07-701 1.20	Sambýli	8,9
07-701 1.26	Sambýli Stigahlíð 71	0,5
07-701 1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,9
07-701 1.60	Dagvistun	1,7
07-701 1.70	Heimili einhverfra	2,7
07-701 1.77	Vistheimili fyrir börn	0,6
07-702 1.01	Svæðisskrifstofa	0,3
07-702 1.20	Sambýli	3,8
07-702 1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,6
07-702 1.30	Verndaður vinnustaður, Örvi	0,6
07-702 1.60	Skammtímavistun	0,8
07-702 1.61	Dagvistun Keflavík	0,2
07-702 1.64	Hæfingarstöðvar	0,9
07-702 1.72	Gistiheimili Kópavogi	0,2
07-702 1.73	Vistheimili fyrir börn	1,7
07-703 1.01	Svæðisskrifstofa	0,4
07-703 1.20	Sambýli Akranesi	1,0
07-703 1.21	Sambýli Borgarnesi	0,3
07-703 1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,2
07-703 1.30	Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	1,3
07-703 1.40	Leikfangasöfn Vesturlandi	0,1
07-703 1.61	Skammtímavistun	0,5
07-704 1.01	Svæðisskrifstofa	0,4
07-704 1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-704 1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	1,0
07-705 1.01	Svæðisskrifstofa	0,6
07-705 1.20	Sambýli	1,8
07-705 1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-705 1.40	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	0,2
07-705 1.60	Skammtímavistun	0,2
07-705 1.61	Dagvistun	0,7
07-706 1.20	Sambýli	0,8
07-706 1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	3,2
07-707 1.01	Svæðisskrifstofa	0,2
07-707 1.20	Sambýli Egilsstöðum	0,6

		M.kr.
07-707 1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,3
07-708 1.01	Svæðisskrifstofa	0,5
07-708 1.20	Sambýli Selfossi	1,7
07-708 1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,2
07-708 1.30	Verndaður vinnustaður Selfossi	0,4
07-708 1.50	Vistheimili fyrir börn	0,9
07-708 1.70	Lambhagi	0,4
07-708 1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	1,4
07-711 1.20	Sambýli	3,1
07-711 1.30	Vinnustofan Ás	0,6
07-711 1.60	Dagvistun Lækjarási	1,0
07-711 1.61	Dagvistun Bjarkarási	1,0
07-711 1.62	Dagvistun Lyngási	1,8
07-711 1.63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	0,6
07-711 1.64	Skammtímavistun Hólabergi	0,5
07-720 1.70	Vistheimilið Skálatúni	0,9

SÉRSTÖK YFIRLIT III

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárveiting að fjárhæð 197,9 m.kr. á viðfangsefninu 08-399 1.90 skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-301 1.01	Yfirstjórn	0,2
08-358 1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	9,8
08-368 1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	2,2
08-371 1.01	Ríkisspítalar	62,3
08-375 1.01	Sjúkrahús Reykjavíkur	38,4
08-399 1.65	Heilsuefling	0,1
08-400 1.01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	2,0
08-407 1.01	Sundabúð II, Vopnafirði	0,3
08-408 1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	1,1
08-409 1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	2,4
08-410 1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	2,6
08-411 1.01	Garðvangur, Garði	0,9
08-412 1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	1,6
08-413 1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	1,3
08-420 1.01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	1,5
08-421 1.01	Víðines	0,6
08-422 1.01	Hlaðgerðarkot	0,2
08-430 1.01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	1,4
08-431 1.01	Endurhæfingardeild	0,4
08-431 1.10	Heilsuhælisdeild	2,7
08-432 1.01	Vistheimilið Bjarg	0,1
08-435 1.01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	0,3

		M.kr.
08-490 1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	0,6
08-495 1.11	Seljahlíð, Reykjavík	0,5
08-495 1.13	Hornbrekka, Ólafsfirði	0,2
08-495 1.15	Dalbær, Dalvík	0,4
08-495 1.17	Hulduhlíð, Eskifirði	0,3
08-495 1.19	Hjallatún, Vík	0,2
08-495 1.21	Höfði, Akranesi	0,4
08-495 1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	0,3
08-495 1.25	Barmahlíð, Reykhólum	0,1
08-495 1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	0,4
08-495 1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	0,1
08-495 1.31	Naust, Þórshöfn	0,1
08-495 1.33	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	0,1
08-495 1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,3
08-495 1.39	Lundur, Hellu	0,3
08-495 1.41	Hrafnista, Reykjavík	3,3
08-495 1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	2,8
08-495 1.45	Grund, Reykjavík	2,7
08-495 1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,7
08-495 1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	0,7
08-495 1.51	Fellsendi, Búðardal	0,3
08-495 1.53	Reykjalundur, Mosfellsbæ	3,9
08-495 1.57	Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	0,2
08-495 1.59	Reynslusveitarfélagið Akureyri	1,3
08-495 1.61	Reynslusveitarfélagið Höfn	0,6
08-495 1.63	Hlíðabær, Reykjavík	0,2
08-495 1.65	Lindargata, Reykjavík	0,2
08-495 1.67	MS-félag Íslands, Reykjavík	0,2
08-495 1.69	Múlabær, Reykjavík	0,3
08-495 1.71	Dagvistun aldraðra, aðrar stofnanir	0,5
08-500 1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	0,2
08-505 1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	4,3
08-510 1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	3,3
08-522 1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	0,3
08-524 1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,1
08-525 1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,1
08-526 1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	0,2
08-551 1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,1
08-552 1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	0,2
08-553 1.01	Reynslusveitarfélagið Akureyri	1,4
08-558 1.01	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjasýslu	0,4
08-561 1.01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	0,2
08-565 1.01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	0,3
08-566 1.01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	0,1
08-567 1.01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	0,1
08-568 1.01	Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	0,2

		M.kr.
08-571 1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,1
08-572 1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,1
08-574 1.01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	0,1
08-575 1.01	Heilsugæslustöðin Hellu	0,1
08-576 1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	0,4
08-579 1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,1
08-582 1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	1,3
08-583 1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	0,4
08-584 1.01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	1,4
08-585 1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1,1
08-586 1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	0,3
08-711 1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-711 1.11	Sjúkrasvið	3,7
08-715 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-715 1.11	Sjúkrasvið	0,8
08-721 1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-721 1.11	Sjúkrasvið	0,5
08-725 1.01	Heilsugæslusvið	0,4
08-725 1.11	Sjúkrasvið	1,9
08-731 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-731 1.11	Sjúkrasvið	0,3
08-735 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-735 1.11	Sjúkrasvið	0,3
08-741 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-741 1.11	Sjúkrasvið	0,7
08-745 1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-745 1.11	Sjúkrasvið	1,0
08-751 1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-751 1.11	Sjúkrasvið	2,2
08-755 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-755 1.11	Sjúkrasvið	1,0
08-761 1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-761 1.11	Sjúkrasvið	1,8
08-765 1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-765 1.11	Sjúkrasvið	0,8
08-771 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-771 1.11	Sjúkrasvið	0,6
08-775 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-775 1.11	Sjúkrasvið	1,5
08-781 1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-781 1.11	Sjúkrasvið	1,5
08-785 1.01	Heilsugæslusvið	0,3
08-785 1.11	Sjúkrasvið	2,1
08-791 1.01	Heilsugæslusvið	0,8
08-791 1.11	Sjúkrasvið	2,1

SÉRSTÖK YFIRLIT IV

	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21).	
1. Háskóli Íslands, Náttúrufræðihús	43.000
2. Háskólinn á Akureyri,	
Sólborg, nýbygging	60.000
búnaður	10.000
3. Kennaraháskóli Íslands,	
byggingaframkvæmdir	70.000
viðhald	25.000
búnaður	20.000
4. Tækniskóli Íslands,	
viðhald	2.000
búnaður	23.000
5. Tilraunastöð Háskólans að Keldum	7.000
6. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, viðhald	2.000
7. Stofnun Árna Magnússonar, viðhald	1.000
Samtals	**263.000**
2. Almennir framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90).	
1. Menntaskólinn við Hamrahlíð	45.000
2. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	5.000
3. Fjölbrautaskólinn Ármúla	5.000
4. Iðnskólinn í Reykjavík	5.000
5. Menntaskólinn í Reykjavík	5.000
6. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, heimavist	5.000
7. Framhaldsskólar við Eyjafjörð	50.000
8. Framhaldsskólinn á Húsavík	4.000
9. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	1.000
10. Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.000
11. Skólar á Laugarvatni	35.000
12. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1.000
Óskipt	27.000
Samtals	**189.000**
3. Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).	
1. Fræðasetrið Sandgerðisbæ	500
2. Kirkjubæjarstofa	500
3. Síldarminjasafnið	500
4. Safnið Líf í fersku vatni á Hólum	500
Óskipt	7.500
Samtals	**9.500**

4. Menningarstofnanir (02-969 6.21).	Þús. kr.
1. Þjóðminjasafn Íslands	133.000
2. Þjóðleikhúsið	10.000
3. Verndun gamalla húsa	50.000
4. Þjóðskjalasafn	60.000
5. Reykholt	50.000
6. Safnahúsið við Hverfisgötu	127.000
7. Byggðasöfn	25.000
8. Brydebúð	3.000
9. Lista- og menningarmiðstöðin Skaftfell	5.000
Óskipt	17.000
Samtals	**480.000**

5. Listir, framlög (02-982 1.90).	
1. Tónleikahald í Stykkishólmskirkju	400
2. Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.500
3. Kammersveit Reykjavíkur	1.500
4. Collegium Musicum	500
5. Íslenska brúðuleikhúsið	400
6. Bláa kirkjan	400
7. Djassklúbbur Egilsstaða	400
8. Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	400
9. Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000
10. Sumartónleikar í Akureyrarkirkju	400
11. Sumartónleikar við Mývatn	400
12. Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000
13. Kaffileikhúsið	400
14. Listvinafélag Vestmannaeyja	400
15. Leikbrúðuland	500
16. Möguleikhúsið	500
17. Skaftárhreppur	400
18. Óperustúdíó Austurlands	400
19. Reykholtshátíð	400
20. Flugfélagið Loftur	1.000
21. Leikhópurinn Á senunni	400
22. Menning um landið	400
Óskipt	25.300
Samtals	38.400

6. Norræn samvinna (02-984 1.90).	
Norræna félagið	3.000
Óskipt	7.500
Samtals	**10.500**

7. Ýmis framlög (02-999 1.90).	Þús. kr.
1. Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500
2. Kvenréttindafélag Íslands	500
3. Kvenfélagasamband Íslands	1.500
4. Á seyði, menningar- og listastarfsemi á Seyðisfirði	500
5. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300
6. Fornleifastofnun Íslands	500
7. Hvalamiðstöðin á Húsavík	500
8. Heimili og skóli	500
Óskipt	6.800
Samtals	**12.600**

8. Ýmis verkefni (04-190 1.90).	
1. Flóaáveitufélagið	500
2. Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	3.000
3. Landvernd	2.000
4. Æðarræktarfélag Íslands	300
5. Skjólskógar, Vestfjörðum	3.000
6. Landgræðsluskógar	10.000
Óskipt	13.300
Samtals	**32.100**

9. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).	
a. Fyrirhleðslur:	
1. Héraðsvötn	4.000
2. Hornafjarðarfljót	1.000
3. Kotá í Öræfum	1.000
4. Skaftá	500
5. Kúðafljót	500
6. Klifandi/Hafursá	6.000
7. Þjórsá	1.000
8. Markarfljót	15.000
Samtals	**29.000**
b. Fyrirhleðslur og viðhald:	
1. Vesturlandskjördæmi	500
2. Vestfjarðakjördæmi	500
3. Norðurlandskjördæmi vestra	2.000
4. Norðurlandskjördæmi eystra	2.000
5. Austurlandskjördæmi	1.000
6. Suðurlandskjördæmi	2.000
Samtals	**8.000**
Samtals	**37.000**

10. Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).

1.	Barnaheill	500
2.	Landssamband eldri borgara	500
3.	Blindrafélagið	6.500
4.	Daufblindrafélag Íslands	700
5.	Félag heyrnarlausra	3.000
6.	Félag ábyrgra feðra	200
7.	Fræðsla fyrir aðstandendur fatlaðra	500
8.	Samtökin '78	600
9.	Umsjónarfélag einhverfra	600
10.	Þroskahjálp	3.800
11.	Kvennaráðgjöfin	700
12.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
13.	Félag einstæðra foreldra	1.000
14.	Sjálfsbjörg	3.500
15.	Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	600
16.	Geðhjálp	3.500
17.	Íslensk ættleiðing	2.000
18.	Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
19.	Barnamál	200
20.	Félagasamtökin Vernd	500
	Óskipt	1.900
	Samtals	**36.400**

11. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).

1.	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	14.900
2.	Þingeyri, heilsugæslustöð og hjúkrunarheimili	3.500
3.	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	4.000
4.	Grenivík, heilsugæslusel	2.000
5.	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	8.000
6.	Fáskrúðsfjörður, hjúkrunarheimili	18.500
7.	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	40.000
8.	Heilsugæslustöðin Garðabæ	23.600
9.	Heilsugæslustöðin Kópavogi	17.000
10.	Heilsugæsla í Reykjavík	39.000
	Samtals	**170.500**

12. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	Samtök sykursjúkra	200
2.	Alnæmissamtökin á Íslandi	500
3.	Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	500
4.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300
5.	Landssamtök hjartasjúklinga	200
6.	MS-félag Íslands	200
7.	Gigtarfélag Íslands	200
8.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000

		Þús. kr.
9.	Húsnæðisfélag SEM	1.500
10.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	200
11.	Samtök lungnasjúklinga	500
12.	Parkinsonsamtökin	400
13.	Stórstúka Íslands	1.500
14.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga	500
15.	PKU-félagið á Íslandi	100
16.	Umhyggja	500
17.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	700
18.	Sundurliðun í *sérstöku yfirliti III*	197.900
	Óskipt	3.500
	Samtals	**210.400**

13. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).

a. Almennir styrkir:

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Snæfellsbær, undir Jökli	140
3.	Dalahérað	180
4.	Reykhólahreppur	280
5.	Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	90
6.	Vesturbyggð	500
7.	Súðavíkurhreppur	90
8.	Hólmavík – Nauteyrarhreppur	140
9.	Ísafjarðarbær	450
10.	Árneshreppur	1.150
11.	Djúpavík og Gjögur	140
12.	Kaldrananeshreppur	140
13.	Skagahreppur	120
14.	Skefilsstaðahreppur	120
15.	Fljótahreppur	180
16.	Ólafsfjarðarsveit	90
17.	Svarfaðardalur	140
18.	Grýtubakkahreppur	70
19.	Hálshreppur	70
20.	Mývatnssveit	90
21.	Mývatn – Húsavíkurflugvöllur	90
22.	Fjallahreppur	370
23.	Öxarfjörður – Kópasker	50
24.	Þórshöfn	50
25.	Bakkafjörður	50
26.	Vopnafjörður	50
27.	Borgarfjörður eystri	280
28.	Austur-Hérað	160
29.	Norður-Hérað	180
30.	Möðrudalur	90
31.	Fjarðarheiði	640

32. Oddsskarð	640
33. Breiðdalsvík	200
34. Djúpivogur	300
35. Svínafell í Nesjum	100
36. Mýrdalshreppur	220
Samtals	**7.800**
b. Stofnstyrkir:	
1. Fljótahreppur	500
2. Grýtubakkahreppur, snjótroðari	300
Samtals	**800**
c. Styrkir til flugfélaga:	
Óskipt	9.700
d. Óskipt	700
Samtals	**19.000**

440. Tillaga til þingsályktunar [342. mál]

um landslið hestamanna.

Flm.: Guðni Ágústsson, Hjálmar Árnason, Jónas Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að koma á fót landsliði hestamanna, allt að tíu manna, af báðum kynjum og á öllum aldri, sem falið verði að kynna íslenska hestinn, t.d. með því að koma fram fyrir Íslands hönd við hátíðleg tækifæri og opinberar móttökur erlendra þjóðhöfðingja. Skipaður verði starfshópur sem móti nánari tillögur um hvernig kostnaði verður mætt og um hlutverk liðsins.

Greinargerð.

Íslenski hesturinn hefur vakið verðskuldaða athygli um víða veröld. Hann á vart sinn líka hvað fjölhæfni varðar í gangi og geðslagi og er einn dýrmætasti þjóðararfur sem Íslendingar eiga. Hann er eftirsóttur fjölskylduhestur í fjölmörgum löndum, dýrmæt aukabúgrein bænda en þeim fjölgar ört sem sinna eingöngu tamningu og ræktun hestsins hér á landi. Íslenskir hestamenn eiga góð viðskiptasambönd í mörgum löndum og talið er að árlega komi þúsundir ferðamanna hingað eingöngu vegna þess að þeir hafa bundist íslenskum hestum og hestamönnum tryggðaböndum.

Flutningsmenn telja að það sé þess virði að gera hlut hestsins meira áberandi við móttöku erlendra gesta, ekki síst þjóðhöfðingja. Þá standi landsliðið heiðursvörð, fólk á öllum aldri, karlar og konur, og sýni úrval íslenskra gæðinga í allri sinni litadýrð. Þessi heiðursvörður væri mikil andstaða við hermanninn með byssustinginn. Enn fremur leggja flutningsmenn til að um helgar á sumrin fari skrautreið hestamanna niður Almannagjá á Þingvöllum. Þetta væri gert til að leggja áherslu á helgi Þingvalla og hversu hesturinn er samofinn sögu þjóðar-

innar og stór hluti af henni. Þingvellir eiga vart sinn líka og slík reið mundi auglýsa land og þjóð.

Það er skoðun flutningsmanna að landslið hestamanna mundi í senn auglýsa íslenska hestinn sem fjölskylduhest, skapa þjóðinni sérstöðu og efla ferðaþjónustu sem atvinnugrein.

441. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur skrifstofustjóra og Helga Jóhannesson lögfræðing frá samgönguráðuneyti. Þá komu Guðmundur Sigurðsson lögfræðingur, Ólafur J. Briem frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Jónas Haraldsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hafsteinn Hafsteinsson forstjóri Landhelgisgæslu Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Siglingastofnun Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Norræna flutningamannasambandinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Almannavörnum ríkisins, Sjómannasambandi íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Landhelgisgæslu Íslands, Neytendasamtökunum, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Landssambandi smábátaeigenda.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á VIII. kafla siglingalaga, nr. 34/1985, um björgun. Í megindráttum felur frumvarpið í sér að björgunarreglur siglingalaga eru aðlagaðar björgunarsamningi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) frá 28. apríl 1989.

Töluverðar umræður urðu í nefndinni um hugtakið björgun eins og það er skilgreint í a-lið 1. gr. frumvarpsins. Hugtakið björgun er skilgreint mun rýmra en í gildandi siglingalögum og með lögfestingu þess munu björgunarreglur siglingalaga t.d. ná til aðstoðar sem veitt er á stöðuvötnum og við björgun úr höfnum. Nefndin telur ekki ráðlegt að þrengja hugtakið frá því sem gert er í frumvarpinu, einkum þar sem þau ekki verða séð fyrir þau atvik sem geta gerst í framtíðinni og er þá umhverfistjón sérstaklega haft í huga. Þá bendir nefndin á að við björgun lausafjár úr höfnum og á vatnasvæðum er eðlilegt að hafa hliðsjón af reglum um óbeðinn erindisrekstur þegar björgunarlaun eru ákveðin.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með nokkrum orðalagsbreytingum sem getið er á sérstöku þingskjali.

Guðmundur Árni Stefánsson, Stefán Guðmundsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. des. 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Ragnar Arnalds.
Magnús Stefánsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Kristján Pálsson.

442. Breytingartillögur [122. mál]

við frv. til l. um breytingu á siglingalögum nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 6. gr. Í stað orðsins „til“ í c-lið 1. mgr. komi: við.
2. Við 9. gr.
   a. 1. málsl. 4. mgr. c-liðar orðist svo: Jafnskjótt og björgunarlaun hafa verið ákvörðuð með samningi eða endanlegum dómi skal útgerðarmaður senda hverjum þeim sem á hlutdeild í björgunarlaununum tilkynningu um upphæð þeirra ásamt áætlun um skiptingu.
   b. Í stað orðanna „reglur laga“ í 2. málsl. 2. mgr. f-liðar komi: lög.
   c. Á eftir orðunum „1. mgr. 36. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. f-liðar komi: þeirra laga.

443. Frumvarp til laga [343. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Orðin „eða þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga“ í 2. mgr. 6. gr. a laganna, sem verður 6. gr., falla brott.

4. gr.

1. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað 2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Einungis er heimilt að framselja aflahlutdeild af báti sem er minni en 6 brl. til báts eða báta undir þeim stærðarmörkum. Ef bátur sem er minni en 6 brl. er stækkaður umfram þau mörk er einungis

heimilt að framselja þá aflahlutdeild er báturinn hafði fyrir stækkun til báta sem eru minni en 6 brl.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Einungis er heimilt að framselja aflamark báts sem minni er en 6 brl. til báts eða báta undir þeim stærðarmörkum. Ef bátur sem er minni en 6 brl. er stækkaður umfram þau mörk er einungis heimilt að framselja þann hluta aflamarks bátsins sem leiddur er af þeirri aflahlutdeild sem báturinn hafði fyrir stækkun til báta sem eru minni en 6 brl.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum eða með þorskaflahámarki, krókabátar, skulu á fiskveiðiárinu 1998/1999 stunda veiðar samkvæmt þessu ákvæði. Um veiðar annarra báta undir 6 brl. fer eftir gildistöku laga þessara eftir almennum ákvæðum laga um stjórn fiskveiða.

Krókabátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum eða einungis með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.

Heildarþorskaflaviðmiðun krókabáta er 13,75% af ákvörðuðum heildarþorskafla. Þar af er samanlagt þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost hafa valið 12,64%, heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og nota línu og handfæri 0,18% og heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og nota handfæri eingöngu 0,93%.

Heimilt er að framselja varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Innan fiskveiðiárs er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Enn fremur er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki aflamark af þorski skv. 7. gr. Um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn. Heimilt er að veita báti, sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá áfram hluti sameiginlegs hámarksþorskafla báta sem stunda veiðar samkvæmt dagatakmörkunum.

Sóknardagur telst vera allt að 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt síðari málslið 2. mgr. þessa ákvæðis, sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háffiskum, séu utan sóknardaga.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og nota línu og handfæri skal vera 26 á fiskveiðiárinu 1998/1999. Ef bátur rær með línu skal margfalda fjölda nýttra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september en með tölunni 1,35 á öðrum tíma. Þorskafli hvers báts má þó eigi vera meiri en 30 lestir á fiskveiðiárinu miðað við óslægðan fisk.

Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem veiðar stunda með dagatakmörkunum og nota handfæri eingöngu skal vera 32. Þó skal þorskafli hvers báts eigi vera meiri en 30 lestir á fiskveiðiárinu miðað við óslægðan fisk.

Heimilt er að flytja veiðileyfi frá krókabáti sem leyfi hefur til að veiða samkvæmt þessu ákvæði til annars jafnstórs krókabáts miðað við rúmtölu. Óheimilt er að flytja veiðileyfi til krókabáts sem er stærri en sá krókabátur sem veiðileyfi lætur nema jafnframt sé flutt veiðileyfi af öðrum krókabáti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Slíkur bátur má þó ekki verða stærri en 6 brúttótonn. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

Óheimilt er að stækka krókabát nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga. Slíkum báti má þó aldrei breyta svo að hann verði stærri en 6 brúttótonn.

Eins og hvað varðar aflamark í 2. mgr. 6. gr. getur ráðherra ákveðið að afli teljist ekki til þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga í tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta á fiskveiðiárinu 1998/1999.

Áætlaðan afla krókabáta á fiskveiðiárinu 1998/1999 skal draga frá leyfðum heildarafla áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

II.

Fyrir upphaf fiskveiðiársins 1999/2000 skal krókabátum úthlutað aflahlutdeild samkvæmt þessu ákvæði.

Bátar sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skulu fá úthlutað aflahlutdeild í þorski miðað við þá hlutdeild sem aflahámark bátsins er í þeim 12,64% af hámarksþorskafla sem í hlut þessa bátaflokks hefur komið.

Þeirri 0,18% hlutdeild í hámarksþorskafla sem komið hefur í hlut báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og nota línu og handfæri skal skipta jafnt milli báta í þessum flokki.

Þeirri 0,93% hlutdeild í hámarksþorskafla sem komið hefur í hlut báta sem stundað hafa veiðar með dagatakmörkunum og nota handfæri eingöngu skal skipta jafnt milli báta í þessum flokki.

Samanlögð hlutdeild krókabáta í hámarksafla af ýsu, ufsa og steinbít skal vera jöfn meðalhlutdeild þeirra í heildarafla af hverri þessara tegunda almanaksárin 1996, 1997 og 1998 og skal hún skiptast milli veiðikerfa þeirra í sömu innbyrðis hlutföllum og þorskur skv. 2.–4. mgr. Í flokki báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast í hlutfalli við veiðar hvers báts um sig á þessum árum og skal í þeim samanburði miðað við tvö bestu ár hvers báts af framangreindum þremur árum. Í flokkum báta sem stundað hafa veiðar með dagatakmörkunum skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast jafnt milli báta innan hvors flokks um sig.

III.

Á fiskveiðiárinu 1999/2000 skal ráðstafa 5.000 lesta aflaheimildum af þorski til jöfnunar samkvæmt þessu ákvæði. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

Úthlutað skal til þeirra skipa sem fiskveiðiárið 1998/1999 njóta úthlutunar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83/1995 eða skipa sem koma í þeirra stað. Skal úthlutun til hvers skips vera meðaltal þess sem kom í hlut þess skips, eða skips sem í þess stað kom, á fiskveiðiárunum 1997/1998 og 1998/1999. Hafi ekkert skip komið í stað skips sem úthlutunar naut fiskveiðiárið 1998/1999 hækkar úthlutun samsvarandi til þeirra sem eftir eru.

IV.

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok ársins 2000 leggja skýrslu fyrir Alþingi um áhrif laga um stjórn fiskveiða. Endurskoða skal lögin fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 3. desember sl. féll í Hæstarétti dómur í málinu nr. 145/1998: Valdimar Jóhannesson gegn íslenska ríkinu. Með dóminum var dæmd ógild sú ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins 10. desember 1996 að hafna umsókn Valdimars um almennt og sérstakt veiðileyfi. Í forsendum dómsins kemur fram að ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sé í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og þau sjónarmið um jafnræði sem gæta þarf við takmörkun á atvinnufrelsi skv. 1. mgr. 75. gr. hennar að því leyti sem leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands séu til frambúðar bundin við skip sem haldið hafi verið til veiða á ákveðnum tíma.

Íslenski fiskiskipaflotinn stækkaði mikið á sjöunda áratugnum og í upphafi þess áttunda. Þessi stækkun ásamt ófullkomnum aðferðum við fiskveiðistjórn leiddi til þess að afli fór langt fram úr því sem æskilegt var talið miðað við fiskveiðiráðgjöf og hámarksaflaviðmiðanir stjórnvalda. Haustið 1983 blasti við að íslenski fiskiskipaflotinn var orðinn allt of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna og verulega þurfti að takmarka sókn og afla. Var það m.a. gert með því að binda veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni við þau skip ein sem höfðu fengið veiðileyfi áður og höfðu ekki horfið varanlega úr rekstri, sem og skip sem komu í þeirra stað. Hliðstæð regla hefur verið í gildi frá þeim tíma og er nú í áðurnefndri 5. gr. laga nr. 38/1990. Með dómi Hæstaréttar er þessari reglu hnekkt og það talið andstætt fyrrgreindum stjórnarskrárákvæðum að veita ekki veiðileyfi öðrum en þeim er hafa forræði yfir skipum sem fyrir eru í fiskiskipaflotanum. Er óhjákvæmilegt að við þessu sé brugðist af hálfu löggjafans þannig að settar verði reglur um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni í stað þeirrar sem Hæstiréttur hefur ógilt.

Eitt helsta viðfangsefni varðandi fiskveiðistjórn í heiminum um þessar mundir er að hafa hemil á stærð fiskiskipaflotans. Í því sambandi má nefna að nú er unnið á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) að gerð alþjóðlegra samþykkta um þetta efni og verður málið væntanlega til lykta leitt á sjávarútvegsráðherrafundi FAO í marsmánuði á næsta ári. Flest ef ekki öll fiskveiðiríki hafa reglur er takmarka flotastærð. Væri æskilegt að unnt væri í framhaldi af dómi Hæstaréttar að setja reglur sem í senn fullnægðu skilningi dómsins á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og stuðluðu að jafnvægi milli afrakstursgetu fiskstofnanna og afkastagetu fiskiskipaflotans.

Veruleg vandkvæði sýnast þó á því að ná þessu markmiði. Aðgangur nýrra skipa og aðila þyrfti þá að tengjast því að skip og aðilar sem fyrir eru í útgerð hyrfu úr greininni og hættu starfsemi. Snýr vandinn við að opna aðgang að fiskiskipaflotanum án þess að stækka hann

því bæði að því að setja reglur um með hvaða hætti aðilar sem fyrir eru hætti í útgerð, sem og hvernig haga skuli vali nýrra aðila í þeirra stað.

Aflahlutdeildarkerfið sem ríkir hér á landi gerir þetta þó síður brýnt en væri ef engin slík stjórn væri á veiðunum. Var raunar gert ráð fyrir því í athugasemdum við frumvarp það er síðar varð að lögum nr. 38/1990 að reglur um takmörkun á flotastærð yrðu óþarfar þegar fram liðu stundir.

Í ljósi þessa og erfiðleika við að móta virkar reglur til að hafa stjórn á stærð flotans án þess að veita aðilum sem fyrir eru forgang umfram aðra er lagt til í frumvarpinu að hinum sérstöku takmörkunum skv. 5. gr. verði aflétt og aðgangur verði frjáls og leyfi megi gefa út til allra skipa að fullnægðum almennum skilyrðum. Þau skilyrði verði að skip hafi gilt haffærisskírteini og sé skrásett á skipaskrá enda fullnægi eigandi þess og útgerðarmaður skilyrðum laga um að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með þessu er horfið frá því skilyrði að þeir komi einir til greina við útgáfu almenns leyfis til fiskveiða sem hafa yfir að ráða skipum sem haldið var til veiða á ákveðnum tíma og er þessi breyting til samræmis við fyrrnefndan dóm Hæstaréttar.

Hluti smábátaflotans, svonefndir krókabátar, eru utan við aflahlutdeildarkerfið. Eru veiðar þeirra takmarkaðar með þorskaflahámarki eða sóknardagafjölda. Eðlilegastur skilningur á dómi Hæstaréttar er sá að óheimilt sé að binda leyfi til þessara veiða við þá eina sem hafi yfir að ráða bátum sem haldið hafði verið til veiða á ákveðnum tíma. Veiðum báta í þessu kerfi er ekki stýrt með fyrir fram ákveðnum aflaheimildum til einstakra báta af öllum þeim tegundum sem sæta almennt veiðitakmörkunum. Því er ljóst að óheftur aðgangur nýrra aðila að veiðileyfum hefði önnur áhrif en í aflahlutdeildarkerfinu þar sem veiðileyfi í þessum kerfum felur jafnframt í sér aðgang að veiðum úr óskiptum aflaheimildum. Er ljóst að óheftur aðgangur nýrra báta að dagakerfinu mundi stofna útgerð þess bátaflota í óefni og aðgangur að þorskaflahámarkskerfinu mundi leiða til óheftra veiða á öðrum tegundum en þorski og skerða aflaheimildir þeirra sem hafa aflahlutdeild í þessum tegundum.

Reynsla undanfarinna ára sýnir að veiðigeta krókabáta er orðin slík að útilokað er að veiðar þeirra geti verið án stjórnunar, frekar en annarra skipa og báta, þegar engum takmörkunum á flotastærð verður við komið. Við þær aðstæður hlýtur ávallt að vera nauðsynlegt að setja þessum bátum einhvern hámarksafla í öllum tegundum. Væri veiðum þessara báta áfram stýrt með hliðstæðum hætti og nú er mundu allir bátar undir tiltekinni stærð geta fengið leyfi til að veiða úr slíkum sameiginlegum hámarksafla. Við þær aðstæður yrði veiðimöguleiki þeirra sem nú hafa atvinnu af þessum veiðum harla lítill. Er sóknargeta þeirra báta sem nú stunda veiðar með dagatakmörkunum raunar þegar verulega umfram þær aflaheimildir sem þeim eru ætlaðar til frambúðar samkvæmt lögum. Eina færa leiðin til að gera þessa útgerðarmenn jafnsetta öðrum er að breyta veiðiheimildum þeirra yfir í aflahlutdeild samhliða því að óheftur aðgangur opnast að veiðileyfum fyrir nýja aðila. Fyrirvaralaus breyting af þessu tagi mundi hins vegar hafa verulega röskun í för með sér og því er lagt til að kerfunum verði viðhaldið á stuttum aðlögunartíma. Því er lagt til að til loka yfirstandandi fiskveiðiársins búi þeir bátar sem nú eru í svonefndu krókakerfi einir að því en nýir bátar af þessari stærð verði að stunda veiðar samkvæmt aflahlutdeildarkerfinu. Frá og með upphafi næsta fiskveiðiárs er lagt til að aflaheimildum sem ætlaðar hafa verið bátum sem veitt hafa samkvæmt þessum kerfum verði dreift á einstaka báta í formi aflahlutdeildar.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum felur það í sér þá meginbreytingu að ekki eru lengur settar takmarkanir á stærð fiskiskipaflotans. Hins vegar eru ekki gerðar breytingar á aflahlutdeildarkerfinu að öðru leyti en því að það nær eftir breytinguna til alls fiskiskipaflotans. Gert er ráð fyrir að hver og einn sem fullnægir almennum skilyrðum laga geti fengið almennt

veiðileyfi án tillits til þess hvort hann á fiskiskip sem haldið var til veiða á ákveðnum tíma eins og nú gildir. Í þessu felst annars vegar réttur til veiða á tegundum utan „kvóta“ og hins vegar möguleiki til að fá framseldar frá öðrum aflaheimildir af tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 79/1997 eru grásleppuveiðar háðar sérstöku leyfi og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til þess á grásleppuvertíðinni 1997. Hefur hliðstætt fyrirkomulag ríkt síðan 1978. Er augljóst að þetta ákvæði er hliðstætt 5. gr. laga nr. 38/1990 að því leyti sem Hæstiréttur taldi hana í andstöðu við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Er því lagt til í fylgifrumvarpi með frumvarpi þessu að ákvæðið verði að þessu leyti afnumið.

Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða IV þykir rétt að sjávarútvegsráðherra leggi fyrir lok ársins 2000 skýrslu fyrir Alþingi um áhrif laga um stjórn fiskveiða. Jafnframt er í ákvæðinu kveðið á um að endurskoða skuli lögin fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að afnumdar verði þær reglur sem frá 1983 hafa gilt varðandi takmarkanir á stærð fiskiskipaflotans. Í því felst sú breyting að úrelding skipa sem fyrir eru í flotanum verður ekki lengur forsenda fyrir því að ný skip fái leyfi. Þar með falla niður allar reglur um mat á því hvaða skip eru sambærileg. Lagt er til að öll fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum geti fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni enda fullnægi eigendur þeirra og útgerðaraðilar skilyrðum laga til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi til veiða í atvinnuskyni eru áfram bundin við skip enda er útgerð skipa forsenda veiða og þar með forsenda fyrir að þörf sé á veiðileyfi. Þá hafa allir landsmenn jafnan rétt til að kaupa skip og fá það skráð á skipaskrá Siglingastofnunar. Af dómi Hæstaréttar verður ekki ráðið að neitt sé því til fyrirstöðu að binda veiðileyfi við skip eins og hér er lagt til. Eigendur og útgerðaraðilar skipa verða að fullnægja þeim skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Eftirtaldir aðilar fullnægja þessum skilyrðum:

1. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
2. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
   b. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar eða vinnslu í fiskveiðilandhelgi Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
   c. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

Um 2. gr.

Með þessari grein er lagt til að afnumdar verði sérreglur um veiðar svonefndra krókabáta. Fer því framvegis eftir almennum reglum laganna um stjórn fiskveiða um veiðar allra báta undir 6 brl., sbr. þó ákvæði til bráðabirgða I um veiðar krókabáta á þessu fiskveiðiári. Munu krókabátar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II fá úthlutað fastri aflahlutdeild frá upphafi

næsta fiskveiðiárs. Um þessa breytingu vísast að öðru leyti til almennra athugasemda hér að framan og athugasemda við bráðabirgðaákvæði I og II.

Um 3. og 4. gr.

Breytingar samkvæmt þessum greinum leiðir af afnámi 6. gr. og þarfnast þær ekki frekari skýringa. Varðandi fyrirkomulag á yfirstandandi fiskveiðiári vísast til tveggja síðustu málsgreinanna í ákvæði til bráðabirgða I.

Um 5. gr.

Með greininni er gerð tillaga um tvær breytingar á 11. gr. laganna.

Annars vegar er lagt til að brott falli það ákvæði að framsal á aflahlutdeild skuli háð samþykki Fiskistofu þegar það skip sem flutt er til hefur ekki aflahlutdeild af þeirri tegund sem framseld er. Þetta er gert til að þess að tryggja að skip sem fá veiðileyfi en hafa ekki aflahlutdeild geti hindrunarlaust fengið framselda til sín aflahlutdeild.

Hins vegar er lagt til að reistar verði skorður við því að framselja megi aflahlutdeild báta undir 6 brl. til skipa sem eru 6 brl. eða stærri. Þessi takmörkun tekur mið af því að allt frá árinu 1990 hafa flestir bátar af þessari stærð, sem notaðir eru í atvinnuskyni, stundað veiðar í svokölluðu krókakerfi. Auknar aflaheimildir krókabáta á undanförnum árum hafa eflt smábátaútgerð og er hún nú undirstaða atvinnulífs á ýmsum smærri stöðum. Þykir eðlilegt að reisa nokkrar skorður við því að röskun hljótist af þeirri breytingu að krókabátar stundi hér eftir veiðar með aflahlutdeild. Ekki verður hjá því komist að um leið breytist til samræmis framsalsheimild báta undir fyrrnefndum stærðarmörkum sem nú stunda veiðar með aflahlutdeild.

Um 6. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að afnumin verði sú heimild ráðherra að geta með reglugerð bundið flutning aflamarks af einstökum tegundum því skilyrði að það skip sem fært er til hafi aflahlutdeild af þeirri tegund sem millifærð er. Um ástæður þessa vísast til þess sem fram kemur í athugasemd við 5. gr.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að einungis sé heimilt að framselja aflamark báts sem minni er en 6 brl. til báts eða báta undir þeim stærðarmörkum. Eiga hér við sömu ástæður og búa að baki reglu 5. gr. og vísast til skýringa í athugasemdum við hana. Í viðskiptum á Kvótaþingi mundi þurfa að taka tillit til þessara takmarkana og sýnist það unnt innan ramma núgildandi laga um Kvótaþing.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæði um það hverjir geti fengið leyfi til veiða með línu og handfærum, fyrir báta minni en 6 brl. að stærð, svonefnd krókaleyfi, er nú að finna í 5. gr. laga um stjórn fiskveiða. Er talið ótvírætt að þau fái ekki staðist eftir dóm Hæstaréttar í málinu nr. 145/1998. Þetta skapar mikinn vanda varðandi veiðar krókabáta vegna þess að í verulegum mæli eru aflaheimildir þeirra beinlínis tengdar við veiðileyfi þótt ákveðin sameiginleg aflaviðmiðun gildi varðandi þorsk hjá dagabátum og þorskaflahámarksbátar hafi einstaklingsbundna magntakmörkun í þorski. Aflaheimildir krókabáta eru því ekki aðgreindar frá veiðileyfum þeirra hliðstætt því sem gerist varðandi aflahlutdeildarbátana. Þykir einsýnt að vinda verði bráðan bug að breyt-

ingum á þessu fyrirkomulagi hjá krókabátunum en samkvæmt þessu ákvæði er þó lagt til að breytingin verði ekki fyrr en við upphaf næsta fiskveiðiárs enda óhægt um vik að breyta um fyrirkomulag á miðju fiskveiðiári.

Með lögum nr. 83/1995 var ákveðið að reikna einstaklingsbundna aflareynslu fyrir hvern krókabát vegna þess að þótt veiðiheimildir þeirra hefðu aukist gríðarlega blasti við að veiðidögum þeirra mundi fækka með aukinni sókn. Var ákveðið að útgerðarmenn gætu valið hvort hlutdeild þeirra í veiðum krókabáta yrði notuð sem einstaklingsbundin magntakmörkun eða lögð inn í sameiginlegan hámarksafla krókabáta á sóknardögum. Reiknuð aflaviðmiðun fyrir hvern bát byggðist á meðaltali tveggja bestu áranna af þremur, almanaksáranna 1992, 1993 og 1994. Um 70% af þeirri sókn rúmaðist innan heildarþorskveiðiheimilda krókabáta sem þá voru orðnar 21.500 lestir. Vorið 1996 var ákveðið að miða heildarþorskafla krókabáta við tiltekið hlutfall af heildarþorskafla sem þá var í lágmarki eða 155.000 lestir. Síðan hafa veiðiheimildir krókabáta aukist um nálega 60 af hundraði vegna hlutfallstengingarinnar eða í 34.375 lestir. Hafa nú allir krókabátar hærra reiknað þorskaflahámark en meðaltal tveggja bestu veiðiáranna gaf viðmiðunarárin 1992–94.

Krókabátar í heild eru nú 825 og hefur þeim fækkað um fjórðung frá árinu 1994, m.a. vegna aðgerða Þróunarsjóðs. Mest hefur fækkað meðal báta sem valið hafa þorskaflahámark. Þeir eru nú 497, með tæp 92% veiðireynslunnar viðmiðunarárin 1992–94. Hins vegar skiptast 8% á milli 277 báta á handfærum og 51 báts á línu og handfærum og hefur hvor flokkur nálægt 9 lesta viðmiðun að meðaltali á hvern bát. Afli á dag hefur aukist hröðum skrefum á undanförnum árum. Fór aflinn úr 560 kg á dag á handfæri að meðaltali fyrir tveimur árum í 1.300 kg á dag á síðasta fiskveiðiári. Að óbreyttu verða leyfðir sóknardagar einungis níu á hvern bát í sóknardagakerfunum á yfirstandandi fiskveiðiári. Þess má geta að frá árinu 1995, þegar einstaklingsbundin veiðireynsla var reiknuð fyrir hvern bát, hefur nálægt helmingur sóknardagabáta skipt um eigendur samkvæmt gögnum Fiskistofu eða 146 bátar af 328. Þá hafa 42 bátar af 328 verið endurnýjaðir með nýsmíði á þessum tíma.

Í þessu ákvæði til bráðabirgða er lagt til að núverandi fyrirkomulag á veiðum krókabáta haldist að mestu óbreytt út þetta fiskveiðiár. Þó er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar: Veiðidögum sóknardagabáta verði fjölgað frá því sem verið hefði úr níu í 32 fyrir handfærabáta en í 26 fyrir línu- og handfærabáta. Til mótvægis við fjölgun sóknardaga er sett 30 lesta hámark á þorskafla hvers báts á fiskveiðiárinu. Loks eru gerðar nokkrar breytingar á endurnýjunarreglum krókabáta og horfa þær fyrst og fremst til rýmkunar.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Með ákvæði þessu er lagt til að fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs verði ákveðin aflahlutdeild fyrir þá báta sem nú stunda veiðar samkvæmt svonefndu krókakerfi. Jafnframt eru gerðar tillögur um hvernig að þessari úthlutun aflahlutdeildar skuli staðið. Ljóst er að nokkur munur hlýtur að vera á nálgun að úthlutun aflahlutdeildar hjá annars vegar dagabátum og hins vegar þorskaflahámarksbátum. Þeir síðarnefndu sæta hver um sig takmörkun í þorskveiðum sem auðvelt er að afmarka sem beina hlutdeild hvers báts í heildarþorskafla. Varðandi þessa báta þarf því aðallega að leysa úr því hver hlutdeild þeirra eigi að vera í aflahlutdeild annarra tegunda sem þeir stunda veiðar á. Hér er lagt til að notað verði til viðmiðunar veiðitímabil sem sé eins nærri í tíma og kostur er og að krókabátar njóti sem heild þeirrar sömu hlutdeildar og veiði þeirra hefur verið síðastliðin þrjú almanaksár. Skipting innbyrðis milli veiðihópanna í öðrum tegundum en þorski verði í sömu hlutföllum og skipting þorskveiðiheimilda. Það sem í hlut þorskaflahámarksbáta kemur af aflahlutdeild í öðru en þorski skiptist milli þeirra í hlutfalli við aflareynslu síðastliðin þrjú almanaksár, þó þannig að fyrir hvern bát er miðað

við tvö bestu ár af þremur. Hefur það iðulega verið gert í slíkum tilvikum til að koma til móts við sjónarmið sem varða frátafir báta frá veiðum o.fl.

Varðandi dagabáta liggur fyrir að þeir veiða nú í félagslegu kerfi, sem svo má kalla, þ.e. allir bátarnir í hvoru dagakerfi um sig hafa sameiginlega aflaviðmiðun og búa allir við sömu veiðitakmarkanir. Við úthlutun aflahlutdeildar til þeirra þykir því eðlilegast að úthluta jafnt á dagabáta innan hvors kerfis, annars vegar þorskveiðiheimildum þeirra og hins vegar því sem í þeirra hlut kemur af aflahlutdeild í öðrum tegundum.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83/1995 var árlega úthlutað 5.000 lesta aflaheimildum af þorski miðað við óslægðan fisk til þeirra skipa sem urðu fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðiárinu 1991/1992. Gildir ákvæðið í fjögur fiskveiðiár, frá fiskveiðiárinu 1995/1996 til fiskveiðiársins 1998/1999. Skyldi skerðing umfram tiltekin mörk að fullu bætt, en þó þannig að ekkert skip skyldi fá í sinn hlut uppbót umfram 10 lestir af þorski, miðað við slægðan fisk, og skip sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla skyldu ekki fá uppbót samkvæmt ákvæðinu.

Frá því að þetta lagaákvæði var lögfest hefur úthlutað aflamark í þorski farið vaxandi, vegna stækkandi þorskstofns, og er þess því ekki að vænta að upprunalegt jöfnunartilefni verði fyrir hendi mikið lengur. Vegna 10 lesta hámarksins sem verið hefur á úthlutun til hvers báts hefur þessi jöfnunarúthlutun nýst minnstu bátunum best.

Með þessu ákvæði til bráðabirgða er gerð tillaga um framlengingu úthlutunar í eitt fiskveiðiár og að lögð verði til grundvallar meðaltalsúthlutun síðustu tveggja fiskveiðiára.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um stjórn fiskveiða er varðar stærð fiskiskipaflotans. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

444. Frumvarp til laga [344. mál]

um breyting á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Grásleppuveiðar skulu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um skipulag veiðanna, þar á meðal um stærð báta er veiðarnar stunda og veiðitíma. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið svæðisskiptingu veiðanna, svo sem að einungis bátar sem skráðir eru á tilteknum svæðum megi stunda þar veiðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með því frumvarpi eru grásleppuveiðar háðar sérstöku leyfi og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997. Hefur hliðstætt fyrirkomulag gilt allt frá árinu 1978. Er ákvæði 7. gr. laga nr. 79/1997 hér að lútandi hliðstætt 5. gr. laga 38/1990, um stjórn fiskveiða, en Hæstiréttur taldi í dómi sínum 3. desember 1998, í máli nr. 145/1998, þá grein vera í andstöðu við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Með þessu frumvarpi er lagt til að umræddu ákvæði 7. gr. laga nr. 79/1997 verði breytt til samræmis við niðurstöðu Hæstaréttar.

Í frumvarpinu er lagt til að fellt verði úr gildi það ákvæði 7. gr. að þeir bátar einir eigi kost á leyfi til grásleppuveiða sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997. Þó er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um skipulag og svæðaskiptingu veiðanna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Með frumvarpinu er lögð til hliðstæð breyting og ætlað er að gerð verði á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem snertir stærð fiskiskipaflotans. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

445. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Vegna stærðar og umfangs fjárlaganna hafa þau víðtæk áhrif á íslenskt efnahagslíf. Þau sýna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og ráða miklu um afkomu byggðarlaga og lífsafkomu fjölda fólks. Fjárlögin eru tæki til að gera aðstæður einstaklinga og fjölskyldna bærilegar og við núverandi aðstæður ættu þau að endurspegla skyldur stjórnvalda til að tryggja öllum landsmönnum hlut í bættum lífskjörum. Því miður gerir frumvarpið það ekki. Svartasti bletturinn er sú staðreynd að ekki skuli tekið á ranglætinu gagnvart öryrkjum og öldruðum sem hafa setið eftir meðan kjör annarra hafa batnað. Minni hlutinn leggur þunga áherslu á að hlutur þeirra verði réttur áður en fjárlög fyrir árið 1999 verða samþykkt. Annað er ekki sæmandi.

Þjóðhagshorfur og efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar.

Efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins byggjast á þjóðhagsáætlun fyrir árið 1999. Þannig er áætlað að hagvöxtur verði um 4,6% á árinu 1999 eða 0,6 prósentustigum minni en spár fyrir þetta ár gera ráð fyrir. Til samanburðar er spáð um 2,5% meðalvexti landsframleiðslunnar í Evrópusambandsríkjunum á árinu 1999. Þannig er ljóst að hagþróun hér á landi er umtalsvert hraðari en víða annars staðar í nágrannalöndunum enda hafa ákvarðanir stjórnvalda undanfarin missiri, m.a. á sviði skattamála, ýtt verulega undir þá miklu eftirspurnarþenslu sem nú má sjá í íslensku efnahagslífi. Þrátt fyrir það er verðbólga talin verða fremur lítil eða um 2% og er það líklega fyrst og fremst að rekja til aukinnar samkeppni á ýmsum sviðum efnahagslífsins.

Minni hlutinn hefur hvað eftir annað á undanförnum árum vakið athygli á ónákvæmni í spám um helstu þjóðhagsforsendur. Nægir að vísa til nefndarálita minni hlutans um fjárlagafrumvörp fyrir árin 1997 og 1998, en þar kom m.a. fram sú skoðun minni hlutans að spár um einkaneyslu væru verulega vanmetnar miðað við áætlaða aukningu ráðstöfunartekna heimilanna. Sú skoðun hefur sannarlega reynst á rökum reist því að nú er komið á daginn að aukning í einkaneyslunni á þessu ári er tvöfalt meiri en þjóðhagsspá gerði ráð fyrir.

Spá þjóðhagsáætlunar um aukningu einkaneyslu og innflutnings á næsta ári vekur nokkra athygli. Samkvæmt henni mun draga verulega úr vexti einkaneyslunnar eða úr 10% á árinu 1998 í um 5% á næsta ári. Öllu athyglisverðara er þó að innflutningur mun hætta að vaxa á næsta ári ef spáin gengur eftir, en á þessu ári stefnir í að innflutningur vöru og þjónustu aukist um 22,6% en ekki 4,4% eins og lagt var til grundvallar í þjóðhagsáætlun. Minni hlutinn telur fráleitt að 5% aukning einkaneyslu sem spáð er á árinu 1999 muni ekki birtast í auknum innflutningi eins og gerst hefur undanfarin ár. Enn fremur er með hliðsjón af þróun undanfarinna mánaða fullkomlega óraunsætt að ætla að einkaneysla aukist aðeins um 5%. Að mati minni hlutans þarfnast því forsendur frumvarpsins um innflutning og einkaneyslu endurskoðunar. Slík endurskoðun gæti haft umtalsverð áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs. Niðurstaða minni hlutans er að enn einu sinni sé um gróflega vanáætlun að ræða á tekjuhlið frumvarpsins.

Þrátt fyrir að mörgu leyti hagstæða þróun á undanförnum árum eru nú ýmsar blikur á lofti í efnahagsmálum. Í skýrslu Seðlabankans frá 13. nóvember sl. segir m.a.: „Efnahagsþróunin hér á landi hefur að undanförnu einkennst af öflugum hagvexti, minnkandi atvinnuleysi,

launahækkunum sem eru mun meiri en í nágrannalöndum, vaxandi viðskiptahalla og lágri verðbólgu. Þessi þróun gefur tilefni til að ætla að hagkerfið hafi stefnt hratt að þeim mörkum sem til lengdar geta samrýmst stöðugleika í verðlagsmálum og kallar á aðhaldssama stefnu í bæði peninga- og ríkisfjármálum.“

Í þessum orðum felst alvarleg viðvörun sem ber að gefa gaum. Um 15% vöxtur er nú í útlánum bankakerfisins, en slíkur vöxtur peningamagns í umferð getur hæglega stefnt markmiðinu um verðstöðugleika í hættu. Aðgengi heimilanna að lánsfé hefur aldrei verið betra en um þessar mundir sem sést best í gríðarlegri aukningu einkaneyslu og fjárfestinga. Skuldaaukning heimilanna stefnir í að verða um 43 milljarðar kr. á árinu eða um 10%. Sem hlutfall af ráðstöfunartekjum er áætlað að skuldir heimilanna muni nema um 138% í ár. Þetta sýnir hversu brýnt er að leita leiða til að stuðla að auknum sparnaði í þjóðfélaginu.

Margt bendir til þess að samdráttarskeið sé hafið í alþjóðlegum efnahagsmálum og hætt við að áhrifa þess muni gæta að einhverju leyti í íslensku efnahagslífi á næstunni. Áframhaldandi efnahagsbati er að verulegu leyti háður verðþróun í útflutningsframleiðslu sjávarafurða, en afurðaverð í sjávarútvegi hefur farið verulega hækkandi á undanförnum mánuðum. Efnahagsþróunin í Asíu og Rússlandi gefur á hinn bóginn ástæðu til að ætla að afurðaverð geti farið lækkandi á komandi missirum sem óhjákvæmilega mun hafa áhrif í íslensku efnahagslífi.

Við þær aðstæður sem nú eru í þjóðarbúskapnum gegna aðgerðir stjórnvalda lykilhlutverki í að halda aftur af aukningu í eftirspurn og almennum umsvifum efnahagslífsins. Aðhald í útgjöldum ríkisins er grundvallarforsenda þess að árangur náist í þeirri viðleitni að minnka viðskiptahallann sem er orðinn geigvænlegur og bein ávísun á þenslu og vaxandi skuldasöfnun þjóðarbúsins. Ríkisfjármálastefnan verður að vera samstillt peningamálastefnu ef árangur á að nást. Veruleikinn hefur reynst annar að þessu leyti síðustu missiri. Minni hlutinn sér ástæðu til að vísa sérstaklega til þriðja kaflans í haustskýrslu Seðlabankans sem fjallar um innlenda efnahagsþróun og er birtur sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Nánar verður fjallað um efnahagsforsendur og tekjuhlið frumvarpsins við 3. umræðu, en minni hlutinn leggur enn og aftur áherslu á brýna nauðsyn þess að skila ríkissjóði með afgangi við núverandi aðstæður, m.a. til að vega upp á móti þensluáhrifum vegna kjarasamninga og skattalækkana. Í þjóðhagsáætlun kemur fram að Þjóðhagsstofnun telji nauðsyn á festu í fjármálum hins opinbera til að færa halla á viðskiptum við útlönd aftur til jafnvægis: „Þannig [sé] dregið úr heildareftirspurn, jafnvægi viðhaldið á vinnumarkaði og stuðlað að stöðugleika í verðlagi.“

Kjör lífeyrisþega.

Minni hlutinn hefur að venju ýmislegt við áherslur og forgangsröðun á gjaldahlið frumvarpsins að athuga. Megingagnrýni minni hlutans varðar að þessu sinni hlut fatlaðra, öryrkja og aldraðra.

Þeir sem eingöngu hafa framfærslu af grunnlífeyri og tekjutryggingu eru algjörlega háðir ákvörðunum ríkisstjórnar um slíkar greiðslur. Sú ákvörðun að miða skuli lífeyrisgreiðslur við meðaltalslaunahækkanir í stað viðmiðunar við lægstu laun hefur valdið því að þeir sem byggja afkomu sína á þessum launum hafa dregist verulega aftur úr miðað við þróun lægstu launa. Staðreyndir málsins eru þær að hækkun grunnlífeyris á árunum 1995–98 er 15%, launavísitalan hefur hækkað um 20%, en lágmarkslaun um 29%. Þannig má sýna fram á að á síðustu fjórum árum, þ.e. 1995–98, hefðu þessir hópar haft samtals 1.842 millj. kr. meira til skiptanna miðað við grunntölur og 1.151 millj. kr. meira þegar sérstökum uppbótum er bætt við grunnlífeyri og tekjutryggingu. Ef á hinn bóginn er miðað við meðaltalslaunahækk-

anir vantar á árinu 1998 146 millj. kr. samtals til umræddra hópa og miðað við fjárlagafrumvarp fyrir 1999 vantar þar 330 millj. kr. ef standa á við meðaltalsviðmiðunina svo ósanngjörn sem hún er í þessu tilviki. Hér verður að bregðast við.

Minni hlutinn hefur látið gera sérstaka úttekt á stöðu þessara mála og lagt allar upplýsingar varðandi þessi mál fyrir nefndina og þar með ríkisstjórnarfulltrúa. Í framhaldi af því hefur minni hlutinn krafist tafarlausrar leiðréttingar og mun fylgja því eftir með öllum tiltækum ráðum. Þess skal getið að öryrkjar á Íslandi eru um 8.000 talsins, en um 1.400 manns eru þannig settir að tafarlausra aðgerða er þörf. Ámóta fjöldi er lítið betur settur. Á það skal bent að öryrkjar með varanlega 75% örorku, sem eru eignalausir leigjendur húsnæðis og/eða í sambúð, hafa minnst allra úr að spila eða aðeins 43–63 þús. kr. á mánuði. Sérfræðingar um málefni þessa fólks hafa sagt að lægstu umsamin laun, þ.e. rúmar 70 þús. kr. á mánuði, haldi fólki neðan fátæktarmarka. Það sýnir að þessu fólki verður að tryggja hærri tekjur þegar í stað.

Þá sér þess enn ekki stað hvernig ríkisstjórnin ætlar að standa við fyrirheit um að draga úr tengingu tekjutryggingar við tekjur maka. Það óréttlæti hefur verið gagnrýnt harðlega að undanförnu og aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í því efni verður ekki liðið.

Málefni fatlaðra.

Minni hlutinn átelur harðlega hvernig tekið er á málefnum fatlaðra í frumvarpinu. Fyrirhugað var að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaga á næsta ári, en því hefur nú verið frestað um óákveðinn tíma. Sveitarfélögin í landinu eru fús til að taka málaflokkinn að sér, en það getur ekki orðið fyrr en ríkið hefur tekið á þeim vanda sem þar blasir við. Hann er víða sár og gífurleg þörf fyrir aukna þjónustu, einkum í umdæmum Reykjaness og Reykjavíkur þar sem fólk bíður tugum saman eftir úrræðum. T.d. voru 133 á biðlista hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness í maí á þessu ári. Í Reykjanesumdæmi er þörfin slík að áætlaður heildarstofnkostnaður vegna nýrra þjónustustaða fyrir fatlaða er áætlaður rúmlega 1,1 milljarður kr. Hér er um að ræða sambýli, þjónustuíbúðir, áfangaheimili, heimili fyrir börn, skammtímavistun, hæfingarstöðvar og vinnustaði. Ástandið í þessum málaflokki er með öllu óviðunandi og mikill ábyrgðarhluti að taka ekki fastar á en ætlunin er á næsta ári.

Samkvæmt markmiðum laga um málefni fatlaðra ber „að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi“. Langt er frá því að þessi markmið hafi verið uppfyllt og ræður þar mestu að uppbygging húsnæðis og þjónustu fyrir fatlaða hefur dregist úr hófi vegna sífellds niðurskurðar á lögboðnum tekjustofni til framkvæmda. Samkvæmt lögum á Framkvæmdasjóður fatlaðara m.a. að fá til sinna verkefna óskertar tekjur Erfðafjársjóðs, en sá tekjustofn hefur árlega verið skorinn niður af mikilli hörku auk þess sem framlagið er tekið í síauknum mæli til reksturs. Tekjur af erfðafjárskatti eru áætlaðar 480 millj. kr. á næsta ári, en aðeins 235 millj. kr. eiga að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra samkvæmt frumvarpinu. Rúmur helmingur tekjustofnsins er þannig tekinn til annarra mála en ætlast er til í lögum.

Þessu mótmælir minni hlutinn harðlega og leggur til að Framkvæmdasjóður fái þessar tekjur óskertar.

Heilbrigðismál.

Á undanförnum árum hefur verið vegið að velferðarkerfinu hér á landi með ítrekuðum niðurskurði og óraunhæfum sparnaðarkröfum í heilbrigðisþjónustunni. Í lok síðasta árs var staðan orðin slík að varla fyrirfannst nokkur einasta heilbrigðisstofnun í landinu sem ekki var rekin með meiri eða minni rekstrarhalla. Fyrir mikla málafylgju, m.a. fulltrúa stjórnar-

andstöðu, hefur nú tekist að lagfæra slæma fjárhagsstöðu margra þessara stofnana og það er vel. Eftir stendur hins vegar að stærstu sjúkrahús landsins, hátæknisjúkrahúsin í Reykjavík, sitja enn uppi með mikinn rekstrarhalla sem verður að bæta úr og tryggja þeim þar með viðunandi rekstrarstöðu. Eins og fram kom í nefndaráliti minni hlutans um frumvarp til fjáraukalaga fyrir þetta ár nemur uppsafnaður fjárhagsvandi þessara tveggja sjúkrahúsa samtals rúmlega 1 milljarði kr. nú í lok árs 1998 að teknu tilliti til framlags á fjáraukalögum. Enn hafa ekki sést neinar tillögur frá meiri hlutanum um aukin framlög til Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur umfram það sem fram kemur í frumvarpinu. Verði ekkert að gert stefnir því í uppsafnaðan halla sem nemur 1,6 milljörðum kr. í árslok 1999 miðað við óbreyttan rekstur sjúkrahúsanna. Minni hlutinn varar alvarlega við afleiðingum þess og boðar breytingartillögur við 3. umræðu ef sýnt verður þá að meiri hlutinn skirrist við að taka á vandanum.

Rétt er einnig að benda á að vandi stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík einskorðast ekki við uppsafnaðan rekstrarhalla fyrri ára, heldur blasa við ótal verkefni sem þau hafa ekki tök á að sinna eins og vert væri vegna fjárskorts. Í október sl. voru t.d. nær 3.000 manns á biðlistum eftir aðgerðum á Ríkisspítölunum. 292 biðu aðgerða á sviði almennra skurðlækninga, 291 beið eftir bæklunaraðgerð, 378 biðu eftir lýtaaðgerð, 48 eftir hjartaskurðaðgerð, 159 eftir þvagfæraaðgerð, 47 eftir æðaskurðaðgerð, 287 biðu eftir augnaðgerð, 100 biðu eftir þjónustu á sviði barnalækninga, 160 eftir kransæðaþræðingu og 52 eftir kransæðavíkkun, 450–500 biðu eftir glasafrjóvgun, 382 konur biðu eftir aðgerð á sviði kvenlækninga, 377 biðu eftir svefnrannsóknum og 105 biðu eftir plássi á barna- og unglingageðdeild. Þetta ófremdarástand veldur ekki aðeins óvissu og þjáningum sjúklinga og aðstandenda, heldur er það beinlínis óhagkvæmt fjárhagslega. Hér er því í raun verið að spara eyrinn en kasta krónunni. Þessa biðlista verður að stytta.

Enn verður að minna á viðhaldsþörf fjölda bygginga í heilbrigðiskerfinu, svo og þörf þeirra fyrir fé til viðhalds og endurnýjunar tækja. Líklega er þó hvergi jafn slæmt ástand og á Sjúkrahúsi Reykjavíkur þar sem gerð hefur verið áætlun um kostnað við endurbætur og viðhald sem nemur á annan milljarð króna. Viðgerðir utan húss eru þegar hafnar og munu kosta a.m.k. 410 millj. kr. Ljóst er að viðhald og viðgerðir eru þeim mun kostnaðarsamari því lengur sem dregst að ráðast í verkið. Minni hlutinn bendir á nauðsyn þess að gera 4–8 ára áætlun um viðhald heilbrigðisstofnana og endurnýjun tækjakosts svo að þessar stofnanir geti sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað og sjálfsögð krafa er um af hálfu þjóðarinnar.

Þá er það mikið áhyggjuefni að víða um land er vaxandi vandi vegna skorts á læknum og hjúkrunarfræðingum. Ljóst er að grípa þarf til aðgerða, m.a. í menntunarmálum lækna, til að reyna að ráða bót á því alvarlega ástandi sem veldur óvissu og öryggisleysi íbúa víða á landsbyggðinni. Þetta mál þarf að taka föstum tökum og leita allra hugsanlegra leiða til að ráða bót á.

Menntamál.

Minni hlutinn leggur áherslu á að stóraukna fjármuni þurfi í menntakerfið á næstu árum vegna þess að samkeppnishæfni þjóðarinnar mun ekki síst ráðast af gæðum skólastarfs og menntunar. Gæði skólastarfs verða ekki aukin án þess að kosta til þess fjármunum.

Ljóst er að sveitarfélögin hafa almennt metnað til að bæta grunnskólann og eru fús til að veita til þess fjármagn eftir aðstæðum. Þegar þau tóku við grunnskólanum virðast þau hins vegar ekki hafa reiknað með verulega auknum launakröfum kennara við einsetningu sem hefur það í för með sér að kennarar geta ekki lengur bætt kjör sín með endalausri yfirvinnu. Fjölmörg sveitarfélag hafa þurft að gera viðbótarkjarasamninga til að halda í sína kennara

og er slíkt mikill baggi fyrir sveitarfélög sem stóðu illa fjárhagslega fyrir. Það er skoðun minni hlutans að með tilliti til breyttra viðhorfa og mjög aukinna krafna samfélagsins til skólanna þurfi hið fyrsta að endurskoða samningana milli ríkis og sveitarfélaga varðandi kostnað við grunnskóla.

Greiðslustaða framhaldsskólanna gagnvart ríkissjóði var neikvæð um hálfan milljarð króna fyrstu 11 mánuði ársins. Þessi slæma staða er mikið áhyggjuefni. Að vísu var hún bætt að nokkru leyti í fjáraukalögum en svo virðist sem enn vanti töluvert upp á. Virðist einhver misskilningur hafa verið í gangi varðandi samninga Hins íslenska kennarafélags og ríkisins um það hvað þeir mundu kosta og þarf auðvitað að ganga þannig frá málum í framtíðinni að ljóst sé hvað undirritaður samningur hefur í för með sér. Þá tekur minni hlutinn undir gagnrýni forsvarsmanna minnstu framhaldsskólanna á landsbyggðinni á reiknilíkanið sem lagt er til grundvallar við útreikninga fjárframlaga til framhaldsskóla. Gæta þarf sjónarmiða þeirra betur við uppbyggingu líkansins þannig að minnstu skólarnir fái við unað.

Minni hlutinn bendir á að vegna breyttra aðstæðna í Kennaraháskólanum þar sem sameinaðir voru fjórir skólar þarf hann mjög auknar fjárveitingar á næsta ári. Kostnaður eykst vegna dómnefndarvinnu, námskrárgerðar, kennsluskrárgerðar, skipulagsvinnu og biðlauna fyrrverandi skólastjóra. Einnig lækkar umtalsvert vinnuskylda kennara sem unnu í þeim þremur skólum sem hingað til hafa verið á framhaldsskólastigi og hefur það að sjálfsögðu aukinn kostnað í för með sér. Kostnaður við kjarasamninga, rannsóknarorlof og vinnumatsjóð vegna rannsókna er einnig vanmetinn, en við sameiningu skólanna öðluðust 30 kennarar til viðbótar rétt til greiðslu.

Háskóli Íslands og stúdentaráð Háskóla Íslands lögðu mikla áherslu á aukið fé til að hægt verði að lengja opnunartíma safnanna í Þjóðarbókhlöðu og tryggja námsmönnum lesaðstöðu. Fjárlaganefnd hefur samþykkt að verða við þeim óskum og er það vel. Minni hlutinn hefði hins vegar einnig viljað verða við óskum Háskólans um aukið fé til fleiri þátta, einkum til þess að efla og styrkja framhalds- og rannsóknarnám sem er eitt af forgangsverkefnum skólans. Slíkt nám er nú í boði við nær allar deildir skólans og á aðeins fjórum árum hefur nemendum í framhaldsnámi fjölgað úr fáum tugum í vel á fjórða hundrað. Lögð er áhersla á aukna þjónustu skólans við þessa nemendur og tengsl þeirra við íslenskt atvinnulíf og rannsóknastofnanir. Meðal þess sem Háskólinn vill geta boðið upp á er framhaldsnám í lækningum, ekki síst heimilislækningum. Líklegt er að það gæti dregið úr þeim skorti sem blasir við í þeirri grein og mikilvægt er að skoða þann möguleika vel. Háskólinn fór fram á 34,6 millj. kr. hækkun til þessa þáttar í starfsemi skólans.

Minni hlutinn telur að styðja þurfi Tækniskóla Íslands betur en raun er á. Skólinn sækir m.a. um tæpar 72,8 millj. kr. vegna tækjakaupa og búnaðar til viðbótar því sem honum er ætlað í frumvarpinu. Þyrfti að gera áætlun í samráði við forsvarsmenn skólans um hvernig ríkissjóður gæti komið til móts við þessa bráðu þörf skólans sem allt of lengi hefur verið litið fram hjá. Tækin sem nemendur hafa til þjálfunar eru oft úrelt miðað við þann búnað sem þarf að vinna með úti í atvinnulífinu. Á síðastliðnu ári var tölvukostur skólans þó nokkuð bættur en mikið átak þarf að gera innan skólans hvað varðar annan tækjakost. Ef einhvers staðar er þörf öflugs átaks í skólamálum okkar þá er það ekki síst á sviði tækni- og verkmenntunar. Stofnanir sem annast kennslu á þeim sviðum þurfa að hafa til þess tækjakost sem jafnast á við það besta sem til er.

Nokkur aukning framlaga til menningarstarfsemi er í frumvarpinu, en betur má ef duga skal. Minni hlutinn leggur áherslu á mikilvægi öflugs menningarlífs og almennrar þátttöku í listum um allt landið. Minna má á áherslur um þetta efni í tillögu um byggðaáætlun sem

liggur fyrir þinginu og ljóst að þar eru kveiktar væntingar um aukinn stuðning við menningarstarfsemi um allt land.

Starfs- og endurmenntun.

Minni hlutinn gagnrýnir enn einu sinni þær breytingar sem gerðar voru á fyrirkomulagi framlaga til starfsmenntunar í atvinnulífinu fyrir tveimur árum. Sérmerkt framlög til Starfsmenntasjóðs annars vegar og til atvinnumála kvenna hins vegar voru þá felld niður, en þessir liðir heyrðu áður undir liðinn Vinnumál á fjárlögum. Þess í stað var vísað á Atvinnuleysistryggingasjóð með því fororði að þar væru tryggðir fjármunir til þessara verkefna. Starfs- og endurmenntun er hins vegar sjálfstætt mál og á ekki að tengja atvinnuleysi eða Atvinnuleysistryggingasjóði. Minni hlutinn leggur áherslu á að brýnt er að efla starfs- og endurmenntun í landinu í samvinnu skóla og atvinnulífs og telur óhjákvæmilegt að breyta færslum til fyrri vegar og auka fjármagn til þessarar starfsemi.

Aðgerðir gegn fíkniefnavandanum.

Neysla vímuefna veldur gríðarlegum vanda, ekki aðeins einstaklinga og fjölskyldna, heldur þjóðfélagsins alls. Þótt nokkuð hafi verið reynt að bregðast við þessum vanda er fjarri því að nóg sé að gert. Styrkja þarf forvarnir og meðferðarúrræði og efla tollgæslu og löggæslu til að gera þeim kleift að ráðast af krafti gegn innflutningi og dreifingu fíkniefna. Neysla ólöglegra fíkniefna jókst skyndilega mjög mikið fyrir þremur árum og virðist ekkert lát þar á, neytendur verða sífellt yngri og ofbeldi er mikið innan þessara hópa. Mikill vandi blasir við vegna skorts á meðferðarúrræðum fyrir unga fíkniefnaneytendur. Þess eru jafnvel dæmi að 14 ára börn hafi ánetjast eiturlyfjum sem vitaskuld kallar á bráðameðferð. Það er allsendis óviðunandi að bjóða unglingum og fjölskyldum þeirra upp á margra mánaða bið eftir meðferð. Hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár kallar á greiðari aðgang að meðferð og fleiri heimili til langtímavistunar unglinga. Sú fjölgun vistrýma sem stefnt er að á næsta ári nægir ekki. Hér verður að taka verulega á til að ná betri árangri við björgun og endurhæfingu þeirra sem lent hafa í klóm eiturefna. Meiri stuðningur stjórnvalda skilar sér margfalt aftur til samfélagsins.

Húsnæðismál.

Á síðasta þingi voru lögfestar miklar breytingar á húsnæðislöggjöfinni og sú stærst að félagslega kerfið var lagt niður. Nú eru afleiðingarnar óðum að koma í ljós. Augljóst var að jafnhliða þurfti að tryggja verulega aukinn fjölda leiðuíbúða, en það mun taka langan tíma með þeim upphæðum sem ætlað er að verja til byggingar leiguíbúða á næstunni. Mikill skortur er nú þegar á leiguhúsnæði, einkum í Reykjavík og nálægum sveitarfélögum, og ekki ofsögum sagt að neyðarástand sé að skapast ef ekki verður brugðist við. Hundruð einstaklinga og fjölskyldna eru á biðlistum eftir leiguhúsnæði í Reykjavík einni, öryrkjar, námsmenn, einstæðir foreldrar og aðrir sem ekki hafa tök á að eignast eigið húsnæði. Þegar nýju lögin taka gildi um áramótin stækkar sá hópur sem ekki mun ráða við að kaupa sér húsnæði og því er fyrirsjáanlegt að enn mun fjölga á leigumarkaðinum. Hjá hinum nýja Íbúðalánasjóði er aðeins gert ráð fyrir að lána fyrir allt að 120 nýjum leiguíbúðum á næsta ári sem er bersýnilega langt undir þörf. Vandinn er augljós og erfiðleikar miklir hjá þeim sem bíða úrlausna. Það blasir því við að hér þarf að breyta áherslum. Þá gagnrýnir minni hlutinn hvernig staðið hefur verið að breytingum og tilflutningi verkefna milli stofnana og staða. Lítið samráð hefur verið við starfsfólk og enn eru margir í óvissu um starf sitt til framtíðar.

Umhverfismál.

Verkefni á sviði umhverfismála fara sífellt vaxandi, bæði hér innan lands og í alþjóðlegu samstarfi. Minni hlutinn telur óhjákvæmilegt að efla stofnanir og verkefni á þessu sviði, en verulega skortir á skilning stjórnvalda í þeim efnum.

Lítið hefur verið komið til móts við óskir Hollustuverndar ríkisins sem enn glímir við mikinn vanda í mannahaldi og rekstri. Stofnunin hefur orðið að taka að sér síaukin verkefni, einkum vegna ákvæða EES-samningsins og fleiri bindandi alþjóðasamninga. Fyrir tveimur árum var fyrirtækið Skipulag og stjórnun ehf. fengið til þess að kanna mannaflaþörf Hollustuverndar ríkisins með tilliti til hlutverks hennar og verkefna. Var niðurstaðan sú að 20,5 stöðugilda aukning svaraði til algerrar lágmarksþarfar. Því fer fjarri að tekið hafi verið tillit til þeirrar niðurstöðu. Nú er unnið að endurskipulagningu stofnunarinnar í framhaldi af nýjum lögum sem tóku gildi um mitt þetta ár og ljóst að ekki verður lengur undan því skorast að efla stofnunina.

Erindi Náttúruverndar ríkisins til fjárlaganefndar bera með sér hve stakkur þeirrar stofnunar er þröngt skorinn miðað við þau verkefni sem við blasa. Stofnunin ber ábyrgð á rekstri og umsjón með friðlýstum svæðum þar sem margar helstu gersemar íslenskrar náttúru er að finna. Brýnt er að auka landvörslu og eftirlit, og vinna þarf verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn í Skaftafelli. Fyrirhugaðar eru breytingar á rekstri þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum og er nauðsynlegt að veita fé til framkvæmda í tengslum við þær breytingar.

Viðhorf og áherslur í umhverfismálum hafa breyst mikið á undanförnum árum og eru sífellt að breytast, ekki síst fyrir árvekni og ötula baráttu frjálsra félagasamtaka. Minni hlutinn telur að slíka starfsemi beri að efla og styrkja miklu betur en gert hefur verið.

Ferðamál.

Vægi ferðaþjónustu í atvinnulífi landsmanna hefur aukist sífellt á undanförnum árum og ljóst er að enn eru vannýttir miklir möguleikar á því sviði. Umsvif og tekjuaukning í greininni eru slík að ferðaþjónusta skipar nú annað sætið á eftir sjávarútvegi sem gjaldeyrisskapandi atvinnugrein. Gjaldeyristekjur þessa árs stefna nú í 26 milljarða kr. Einn af kostum þessarar greinar er að hún skapar mikinn fjölda starfa miðað við fjárfestingu og þau störf dreifast nokkuð jafnt um landið. Þó virðist sem aukning í ferðaþjónustu utan háannatímans hafi ekki skilað sér nægilega utan höfuðborgarsvæðisins og þarf að kanna ástæður þess. Stjórnvöld hafa sýnt þessari mikilvægu atvinnugrein tómlæti og látið undir höfuð leggjast að styrkja Ferðamálaráð til öflugri starfsemi. Nú á hins vegar að leggja fram fé til markaðsstarfs, en sérkennileg er sú ráðstöfun að færa það undir ýmis verkefni samgönguráðuneytis. Ferðamálaráði er gert að búa við sama kost og áður og engin aukning fjár er til aðkallandi verkefna á fjölsóttum ferðamannastöðum. Aukinn straumur ferðamanna kallar á fyrirbyggjandi aðgerðir gegn spjöllum á náttúru landsins og brýnt er að efla rannsóknir til að leggja grunninn að uppbyggingu á hinum ýmsu sviðum ferðaþjónustu.

Lokaorð.

Fjárlaganefnd hefur nánast eingöngu fjallað um útgjaldahlið frumvarpsins og tekjuhlið þess bíður því 3. umræðu. Minni hlutinn fjallar nánar um þá hlið frumvarpsins við þá umræðu en ítrekar hér aðeins þá skoðun sem fram kemur fyrr í þessu áliti að tekjur næsta árs séu enn eitt árið verulega vanáætlaðar. Einnig er eftir að fjalla nánar um lánsfjárgrein frumvarpsins og heimildargrein þess, svo og nokkur önnur atriði.

Breytingartillögur meiri hlutans nema 1.749,7 millj. kr. og styður minni hlutinn margar þeirra, en auk þess flytur minni hlutinn nokkrar tillögur sem sýna þær áherslur sem fulltrúar

hans vilja ná fram við ráðstöfun ríkistekna. Hljóti þær tillögur stuðning Alþingis og sýnt þykir að þær raski markmiðinu um hallalaus fjárlög mun minni hlutinn flytja tillögur til breytinga á tekjuhlið frumvarpsins við 3. umræðu þess.

Alþingi, 9. des. 1998.

Kristín Halldórsdóttir, frsm. Gísli S. Einarsson. Sigríður Jóhannesdóttir.

446. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (KH, GE, SJóh).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.20 Rannsóknarnám	46,2	34,6	80,8
Greitt úr ríkissjóði	*2.347,2*	*34,6*	*2381,8*
2. Við **06-341 Áfengis- og fíkniefnamál**			
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	35,0	15,0	50,0
3. Við **07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra**			
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	235,0	245,0	480,0
4. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.45 Hækkun lífeyristrygginga vegna launabreytinga	0,0	476,0	476,0
5. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	48,5	10,9	59,4

447. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efni frumvarpsins er að heimila ríkisstjórninni að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Áður hafði ríkisstjórnin heimild til að selja 49% bankans þannig að þetta frumvarp fjallar um að ríkið fái heimild til að selja þau 51% sem eru óseld. Ætlun ríkisstjórnarinnar er að selja allt hlutafé í bankanum á fyrri hluta næsta árs.

Minni hlutinn telur málatilbúnað ríkisstjórnarinnar með ólíkindum. Við sölu á 49% hlut í bankanum fyrir örfáum vikum hófst einn sérkennilegasti þáttur í íslenskri efnahagssögu, kapphlaupið um kennitölur.

Ríkisstjórnin setti þær reglur við sölu 49% hlutafjár í Fjárfestingarbankanum að sérhver áskrifandi gæti skráð sig fyrir allt að 3 millj. kr. að nafnvirði. Þetta átti að tryggja dreifða eignaraðild. Fjármálafyrirtæki hófust þá handa við að safna áskrifendum. Fólk gat selt kennitölu sína þannig að það skráði sig fyrir hlut í bankanum, oftast hámarkshlut, og framseldi kaupréttinn strax til viðkomandi fjármálastofnunar og fékk greidda þóknun fyrir. Það er augljóst að hér var verið að fara fram hjá áformum um dreifða eignaraðild.

Þessi viðskipti eru vissulega ekki ólögleg en ekki áttu allir kost á því að taka þátt í þeim. Við sölu á hlutafé í Landsbanka Íslands hf. var nokkuð um slík kennitölukaup en þó keyrði um þverbak við sölu á hlutafé í Fjárfestingarbankanum að því er menn héldu. En síðar kom í ljós að málinu var hvergi nærri lokið því að það sama var uppi á tengingnum við sölu á hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. Þá auglýstu fjármálafyrirtæki opinberlega eftir kennitölum.

Ljóst er að ríkissjóður og þar með almenningur verður af fjármunum við þessa sölu vegna þess að gengið á hlutabréfunum í frumsölu er greinilega of lágt án þess þó að með því sé dreifð eignaraðild tryggð. Það sýna miklar verðhækkanir í kjölfar mjög mikillar eftirspurnar og samþjöppun eignarhalds. Stefna ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild við sölu á hlutafé í Fjárfestingarbankanum var einnig brotin á bak aftur af fyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkissjóðs. Þannig hafa Landsbankinn og Búnaðarbankinn og tengd fyrirtæki tekið virkan þátt í kennitölukaupum.

Minni hlutinn tók málið upp í nefndinni og óskaði upplýsinga um það. Þá kom m.a. fram hjá embættismönnum viðskiptaráðuneytis að hluthafaskrá í Fjárfestingarbankanum lægi ekki nákvæmlega fyrir fyrr en við greiðslu hlutafjárins, þ.e. eftir 4. desember. Fyrr gætu menn ekki lagt mat á umfang kennitöluviðskiptanna, hve margir hluthafar yrðu raunverulega í bankanum og hversu stóran hlut stærstu aðilar hefðu náð undir sig af hlutafé bankans. Því hefði verið eðlilegt að bíða með afgreiðslu frumvarpsins og leggja mat á áhrif þessarar aðferðar þegar þær upplýsingar lægju fyrir.

Að mati minni hlutans er lágmark að við frumvarpið sé bætt ákvæði um hvernig staðið skuli að sölu 51% hlutafjár sem enn er í eigu ríkisins eigi að selja þau á annað borð. Ljóst er að ekki gengur að láta ríkisstjórnina fá opna heimild til sölu á þessari eign almennings nema hafa um það nákvæm lagafyrirmæli. Vitanlega hefði komið til greina að binda í lög að einstakir aðilar mættu einungis eiga takmarkaðan hlut í bankanum. Ríkisstjórnin og einkavæðingarnefnd sem er framkvæmdaraðili ríkisstjórnarinnar hafa fallið á því prófi að standa eðlilega að sölu á eigum ríkissjóðs og fá fyrir þær fullt verð. Þetta dæmi um sölu hlutafjár Fjárfestingarbankans er einungis síðasti kaflinn í sögu einkavinavæðingar núverandi ríkisstjórnar.

Minni hlutinn telur fráleitt að afgreiða frumvarpið með svo víðtækum heimildum og án þess að tryggja eðlilega eignadreifingu. Ríkisstjórnin virðist ætla að láta eign almennings lenda á einn eða annan hátt í höndunum á vinveittum fyrirtækjum flokksbræðra sinna og er það í samræmi við fyrri stefnu hennar.

Minni hlutinn og stjórnarandstaðan lögðust gegn stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Bankinn er myndaður með samruna þriggja sjóða, Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Stjórnarandstaðan vildi að sjóðirnir rynnu inn í ríkisviðskiptabankana til að efla þá og að gætt yrði hagsmuna almennings og starfsmanna við uppstokkun í bankakerfinu. Reynslan hefur sýnt að álit stjórnarandstöðunnar var rétt, enda keppast bankarnir nú við að kaupa Fjárfestingarbankann til að leggja hann niður. Ríkisstjórnin afgreiddi lög um stofnun Fjárfestingarbankans í andstöðu við stjórnarandstöðuna. Klúður hennar við sölu á 49% hlutafjár í bankanum er því algerlega á ábyrgð hennar, einkum viðskiptaráðherra.

Í ljósi þess að framkvæmd einkavæðingarinnar og kennitölusöfnunin eru komnar í algerar ógöngur er brýnt að endurskoða meðferð þessara mála frá grunni. Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** enda sýna atburðir síðustu vikna að málatilbúnaðurinn er algerlega ófullnægjandi og ekki hægt að fallast á að ríkisstjórnin fái svo víðtækt og opið umboð til þess að ráðstafa eigum almennings.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 9. des. 1998.

Ágúst Einarsson, frsm.	Svavar Gestsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

448. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 og við brtt. á þskj. 439.

Frá Svavari Gestssyni.

	Skv. frv. og brtt. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-988 Æskulýðsmál** bætist nýr liður:			
1.14 Æskulýðssamband Íslands	0,0	2,0	2,0
Breytingar við sérstök yfirlit IV:			
2. Við 10. tölul. brtt. á þskj. 439 **Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31)**			
2. Landssamband eldri borgara	0,5	4,5	5,0

449. Tillaga til þingsályktunar [345. mál]

um að auka fræðslu og upplýsingar fyrir almenning um Evrópumálefni og milliríkjasamninga.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Svavar Gestsson, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auka fræðslu og upplýsingar fyrir almenning um EES-samninginn og áhrif hans á íslenska löggjöf og íslenskt samfélag. Stefnt verði að því að upplýsa almenning um breytingar sem snerta daglegt líf fólks, réttindi þess og skyldur, svo og þær breytingar aðrar sem orðið hafa eða eru í vændum í tengslum við samninginn um EES og aðra milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Jafnframt verði veittar upplýsingar um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni á vettvangi Evrópusambandsins og kunna að

hafa áhrif á íslenskt samfélag og evrópskt samstarf. Upplýsingunum verði miðlað á auðskiljanlegan hátt þannig að allir hafi greiðan aðgang að þeim, t.d. með útgáfu blaða og/eða bæklinga sem komi út eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Greinargerð.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur haft veruleg áhrif á íslenskt samfélag frá því að hann tók gildi fyrir tæplega fimm árum. Þau áhrif hafa birst í lögum og reglum er lúta að flestum sviðum samfélagsins. Þegar umræðan um gerð samningsins stóð sem hæst var mest rætt um áhrif hans á utanríkisviðskipti Íslendinga, einkum útflutning sjávarafurða, og um það hvort Íslendingar væru að missa sjálfsákvörðunarrétt og forræði í eigin málum. Lítið var rætt um önnur áhrif samningsins, ýmiss konar réttindi og skyldur, og má þar nefna sem dæmi samkeppnislöggjöfina, félagsleg réttindi til handa íslensku launafólki eða aukna möguleika íslenskra náms- og vísindamanna á samstarfi við erlendar skóla- og rannsóknastofnanir. Þá var lítið rætt um aukinn beinan og óbeinan kostnað ríkissjóðs af samningnum eða þær skuldbindingar sem fælu í sér aukinn kostnað fyrir aðra aðila, t.d. sveitarfélögin.

Fjölmargir Íslendingar hafa hagnýtt sér þau tækifæri sem EES-samningurinn hefur skapað og sennilega eru þau fyrirtæki í landinu fá sem ekki hafa að einhverju leyti orðið að breyta starfsemi sinni svo að hún samrýmist evrópskri löggjöf eða hafa orðið fyrir áhrifum þeirrar löggjafar á annan hátt. Ýmsar kvaðir hafa fylgt samningnum sem hafa haft áhrif á líf einstaklinga og á rekstur fyrirtækja og sveitarfélaga.

Það er hins vegar ljóst að töluvert vantar upp á að almenningur hafi nægan aðgang að upplýsingum á skýru og auðskiljanlegu máli um þau áhrif sem samningurinn hefur á daglegt líf í landinu. Þar má nefna upplýsingar um margvíslegar reglur um neytendavernd, áhrif samkeppnislaga á vöruverð og samkeppni á mörgum sviðum verslunar og viðskipta, breytingar á starfsháttum dómstóla, nýjar reglur um vinnuvernd og réttindi launafólks, vinnutímatilskipunina, reglur um fæðingarorlof og svo mætti áfram telja. Þörf er á að upplýsa íslenskan almenning um margvísleg réttindi sem EES-samningurinn veitir þeim sem ferðast, búa eða starfa í aðildarlöndum hans, svo sem til atvinnu, náms og aðgangs að heilbrigðis- og félagsþjónustu, en einnig um þær skyldur sem í samningnum felast.

Úr þessu þarf að bæta, auk þess sem ljóst er að þörfin fyrir upplýsingar vex stöðugt vegna þess að sífellt bætast nýjar reglur, gjörðir og tilskipanir frá Evrópusambandinu við samninginn og íslenska löggjöf.

Það er því skylda stjórnvalda að auðvelda almenningi að fylgjast með, skilja og tileinka sér þær margháttuðu breytingar sem samningurinn hefur í för með sér. Í ljósi þeirrar umræðu sem á sér stað í samfélaginu um aukin samskipti Íslands og Evrópusambandsins og stöðu okkar í Evrópusamstarfinu er það lýðræðisleg skylda stjórnvalda að veita almenningi upplýsingar um allt það sem varðar þessi samskipti; skylda til að veita greinargóðar, hlutlægar og aðgengilegar upplýsingar um inntak og eðli evrópsks samstarfs og öll áhrif þess á íslenskt þjóðfélag. Það sama á við hvað varðar upplýsingar um aðra milliríkjasamninga og/eða alþjóðlega samninga sem Ísland er eða kann að verða aðili að.

Flutningsmenn telja rétt að slíkar upplýsingar verði veittar á margvíslegan hátt, svo sem með útgáfu bæklinga og á alnetinu, en einnig er nauðsynlegt að hefja útgáfu fréttablaðs sem komi út reglulega, eigi sjaldnar en ársfjórðungslega en oftar ef þurfa þykir. Þar birtist á auðskiljanlegu máli þær upplýsingar sem snerta almenning mest. Birtar verði nýjungar sem bætast við íslenska löggjöf í krafti EES-samningsins jafnóðum og Alþingi staðfestir þær auk þeirra samþykkta og reglugerða sem samningnum fylgja. Þá er nauðsynlegt að fréttablaðið fylgist með þróuninni á vettvangi Evrópusambandsins og greini frá þeim hugmyndum sem

þar eru uppi á hverjum tíma og kunna að hafa áhrif á evrópskt samstarf og stöðu Íslands meðal þessara þjóða.

Allir flokkar hafa lýst því yfir að ef til þess kæmi að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu yrði það borið undir þjóðina í allsherjaratkvæðagreiðslu. Slík yfirlýsing stjórnmálaflokka hlýtur að fela í sér vilja til að standa skipulega að miðlun upplýsinga til að auka þekkingu almennings.

450. Frumvarp til laga [346. mál]

um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 161/1994, sbr. lög nr. 73/1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi: Útflutningsgjaldið greiðist í sérstakan útflutningssjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum, útgáfu upprunavottorðs; 5% af gjaldinu skal greiða í stofnverndarsjóð sem starfar skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/1994, um útflutning hrossa, með síðari breytingum, er flutt m.a. að tillögu útflutnings- og markaðsnefndar. Um er að ræða að 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. verði breytt með hliðsjón af þeim breytingum á lögum sem orðið hafa annars vegar með búnaðarlögum, nr. 70/1998, og hins vegar með lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum. Með búnaðarlögum, nr. 70/1998, voru felld úr gildi lög nr. 84/1989, um búfjárrækt, og því æskilegt að breyta tilvísun 5. gr. laga nr. 161/1994 til þeirra laga. Stofnverndarsjóður starfar eftir sem áður, en nú á grundvelli 15. gr. búnaðarlaga, og er ákvæðinu breytt í samræmi við það. Með lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum, er kveðið á um að innheimta skuli sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum og skal ráðstafa ákveðnu hlutfalli af því gjaldi til Búnaðarsjóðs. Þykir af þessum sökum eðlilegt að fella niður þann hluta 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga um útflutning hrossa sem kveður á um að hluti þess gjalds sem útflytjendum hrossa er gert að greiða á grundvelli þeirra laga skuli renna í Búnaðarmálasjóð.

Útflutningsgjald nemur 1.200 kr. á hvern hest eða samtals 3,3 millj. kr. á ári, miðað við meðaltal útflutnings áranna 1994–96. Tillögurnar fela þannig í sér þá breytingu á þeim verkefnum, sem gjaldið er ætlað til, að ekki er gert ráð fyrir að hluti gjaldsins fari til Búnaðarmálasjóðs (nú Búnaðarsjóður).

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 161/1994, sbr. lög nr. 73/1996.

Í frumvarpinu er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að 15% af gjaldi sem lagt er á útflutt hross skuli renna í Búnaðarmálasjóð. Í fjárlagafrumvarpi 1999 er áætlað að útflutningsgjald á hross skili 25 m.kr. í tekjur. Verði frumvarpið að lögum minnka tekjur Búnaðarmálasjóðs um allt að 3,7 m.kr. og er gert ráð fyrir að útgjöld lækki tilsvarandi.

451. Frumvarp til laga [347. mál]

um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 1999“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 1. janúar 2001.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 26/1994, um fjöleignarhús, gengu í gildi 1. janúar 1995. Í 1. mgr. 16. gr. laganna er tekið fram að þinglýst eignaskiptayfirlýsing skuli vera skilyrði fyrir þinglýsingu á eignayfirfærslum í fjöleignarhúsum, enda liggi ekki fyrir þinglýstur fullnægjandi og glöggur skiptasamningur. Með 7. gr. laga nr. 136/1995 var sú breyting gerð á lögum nr. 26/1994 að við þau var bætt ákvæði til bráðabirgða. Fól breytingin í sér að fyrirmælum 1. mgr. 16. gr. var frestað til 1. janúar 1997. Frestur sá og aðlögunartími sem gefinn var með þessari tilhliðrun var ætlaður eigendum og húsfélögum til undirbúnings og gerðar eignaskiptayfirlýsinga og hlutaðeigandi stjórnvöldum til fræðslu, kynningar og annarra undirbúningsráðstafana. Með lögum nr. 127/1996 var sú breyting gerð á bráðabirgðaákvæðinu að gildistöku 1. mgr. 16. gr. var frestað til 1. janúar 1999.

Komið hefur í ljós að þörf er á lengri fresti en veittur var með lögum nr. 127/1996 til þess að eðlileg aðlögun að fyrirmælum 16. gr. laga um fjöleignarhús geti orðið. Af þessu tilefni hefur félagsmálaráðherra borist erindi frá byggingarfulltrúanum í Reykjavík, Húseigendafélaginu og Félagi fasteignasala, en þessir aðilar koma allir við sögu við framkvæmd eignaskiptayfirlýsinga. Í erindinu er vísað til þess að líkt og árin 1996 og 1997 muni að óbreyttu skapast öngþveiti á fasteignamarkaði og hjá embætti byggingarfulltrúa í Reykjavík. Könnun á fjölda eignaskiptayfirlýsinga hefur leitt í ljós að heildarfjöldi eignaskiptayfirlýsinga í Reykjavík geti verið rétt um 12.000. Frá því að lög nr. 26/1994 tóku gildi og til 1. nóvember

1998 hafa verið staðfestar um 800 yfirlýsingar eða u.þ.b. 6,6% af áætluðum fjölda. Ljóst er að mikið starf er óunnið á þessu sviði, einkanlega þegar haft er í huga að áætlað er að um 3.000 fasteignir séu árlega seldar í Reykjavík. Að athuguðu máli telur félagsmálaráðherra rétt að leggja til með þessu frumvarpi að fullri gildistöku ákvæðis 16. gr. laga nr. 26/1994 verði frestað fram til 1. janúar 2001, enda verði markvisst unnið að því af hálfu réttra aðila að sú dagsetning gangi eftir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignahús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér breytingu á ákvæði til bráðabirgða. Samkvæmt því frestast gildistaka 16. gr. laganna sem fjallar um þinglýsta eignaskiptayfirlýsingu sem skilyrði fyrir þinglýsingu á eignayfirfærslum í fjöleignarhúsum. Gildistakan frestast um fjögur ár, þ.e. frá 1. janúar 1999 til 1. janúar 2003.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi nokkur áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

452. Svar [217. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þórunnar H. Sveinbjörnsdóttur um skort á starfsfólki í heilbrigðiskerfinu.

1. *Hve mikil skortur hefur verið á starfsfólki á sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum á höfuðborgarsvæðinu:*
   a. hjúkrunarfræðingum,
   b. sjúkraliðum,
   c. Sóknarstarfsmönnum,
   á þessu ári miðað við fullmannaðar stöður og eðlilega þjónustu?

Haft var skriflega samband við eftirtaldar stofnanir: Ríkisspítala, Sjúkrahús Reykjavíkur, Hrafnistu, hjúkrunarheimilið Skógarbæ, hjúkrunarheimilið Eir, elli- og hjúkrunarheimilið Grund, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, sjúkrahúsið Sólvang í Hafnarfirði, umönnunar og hjúkrunarheimilið Skjól og hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi. Svör stofnananna miðast við ástandið í lok nóvember 1998.

Samanlagður skortur á hjúkrunarfræðingum er 210 stöðugildi, skortur á sjúkraliðum er 59,5 stöðugildi og skortur á Sóknarstarfsmönnum er 42 stöðugildi til þess að fullmannað sé í allar stöður.

2. *Hvernig eiga viðkomandi deildir að bregðast við ef meira en helming starfsmanna vantar? Er til neyðaráætlun?*

Aðgerðir vegna vanmönnunar hafa meðal annars verið að sameina deildir, flytja til starfsfólk, endurskoða vinnuferli, flytja verkefni milli starfsstétta, kaupa aukavaktir, flytja sjúklinga sem þurfa mikla þjónustu milli deilda o.fl. Viðbrögð deilda við því að meira en helming starfsmanna vanti eru á þann veg að loka deildum eða hluta deilda. Sumar stofnanirnar hafa formlegar neyðaráætlanir sem grípa má til vegna undirmönnunar en aðrar leysa þetta eftir aðstæðum hverju sinni þar eð hefðbundinn uppsagnarfrestur gefur stjórnendum nokkurn fyrirvara til viðbragða.

3. *Hafa borist formlegar kvartanir frá heilbrigðisstofnunum vegna skorts á starfsmönnum? Ef svo er, frá hvaða stofnunum og hver hefur skorturinn verið?*

Mönnunarvandi stofnana er ráðuneytinu kunnur og hefur oft verið ræddur á fundum með stjórnendum þeirra, bæði í ráðuneytinu og á stofnunum. Skorturinn er alvarlegastur á Ríkisspítölum þar sem vantar um 74 hjúkrunarfræðinga, í 48 stöður sjúkraliða og í 20 stöðugildi Sóknarstarfsmanna og á Sjúkrahúsi Reykjavíkur þar sem vantar 123 hjúkrunarfræðinga og í stöður 14 Sóknarstarfsmanna. Stofnanir hafa upplýst ráðuneytið um ástand mönnunar á hverjum tíma.

4. *Hafa heilbrigðisstofnanir á höfuðborgarsvæðinu leitað eftir starfsfólki til vinnumiðlunar Reykjavíkur á þessu ári? Ef svo er, hver hefur árangurinn verið?*

Allar þær stofnanir sem hafa átt við mönnunarvanda að stríða hafa leitað til vinnumiðlunar Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar. Af svörum stofnananna að dæma virðist árangur hafa verið lítill.

5. *Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa vegna alvarlegs skorts á starfsfólki í heilbrigðisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu í mjög mörgum starfsgreinum?*

Heilbrigðisráðherra hefur þegar falið starfsfólki ráðuneytisins að setja á laggirnar starfshóp sem ætlað er að greina nánar umfang og orsakir mönnunarvandans og skort á starfsfólki í framangreindum stéttum heilbrigðisstarfsmanna og skila ráðherra tillögum til úrbóta.

453. Svar [251. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ólafs Hannibalssonar um stefnumótun í heilbrigðismálum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur breyst frá því eftirfarandi stefnumótun var sett fram af heilbrigðisráðuneytinu í mars 1997: „Þeirri meginreglu verður fylgt að upplýsingar séu varðveittar þar sem þær verða til. Ekki er áformað að setja upp miðlæga gagnabanka með persónutengdum upplýsingum um heilsufarsmálefni.“ (Stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, rit 1 1997, 3. liður, bls. 4.) — og þar til frumvarpið um gagnagrunn á heilbrigðissviði kom fram ári síðar?

Stefna sú sem sett var fram í ritinu „Stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins“ hefur ekki breyst. Þótt ekki sé gert ráð fyrir miðlægum gagnagrunni með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum í fyrrgreindri stefnumótun er hann einungis viðbót

við þau upplýsingakerfi sem þar er gert ráð fyrir og fer á engan hátt gegn þeim markmiðum sem sett voru fram í ritinu. Samkvæmt frumvarpi um gagnagrunn á heilbrigðissviði verða heilsufarsupplýsingar varðveittar þar sem þær verða til þótt þær verði einnig afritaðar og fluttar í miðlægan gagnagrunn. Ekki er heldur áformað að setja upp miðlægan gagnabanka með persónutengdum upplýsingum um heilsufarsmálefni, heldur með ópersónutengdum upplýsingum.

Eitt af mikilvægustu markmiðunum sem sett er fram í fyrrgreindu riti er að „byggð verði upp samhæfð upplýsingakerfi fyrir stofnanir heilbrigðisþjónustunnar“ (bls. 10). Öllum var hins vegar ljóst að þar var um að ræða afar dýrt og viðamikið verkefni sem tæki mörg ár að hrinda í framkvæmd. Eins og fram kemur í frumvarpi til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði er gert ráð fyrir að sá sem fær leyfi til að starfrækja miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði greiði allan kostnað við uppbyggingu samhæfðra upplýsingakerfa heilbrigðisstofnana. Með gerð miðlægs gagnagrunns skapast því möguleikar á að byggja upp dreifða gagnagrunna á fáum árum og ná þannig markmiðum heilbrigðisráðuneytisins í upplýsingamálum heilbrigðiskerfisins miklu fyrr en annars gæti orðið.

454. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Ágústi Einarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðila	6.963,0	150,0	7.463,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**			
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	59,9	3,0	62,9
3. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	41,0	20,0	61,0
4. Við **02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn**			
a. 6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23,5	3,0	26,5
b. 6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	46,5	4,0	50,5
5. Við **02-981 Kvikmyndasjóður**			
1.01 Kvikmyndasjóður	130,7	40,0	170,7
6. Við **07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi**			
1.20 Sambýli	182,4	15,0	197,4
7. Við **08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi**			
1.01 Sunnuhlíð, Kópavogi	158,9	4,0	162,9
8. Við **08-495 Daggjaldastofnanir**			
a. 1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	586,6	17,0	603,6
b. 1.81 Hjúkrunarheimili í Garðabæ	25,2	2,0	27,2

9. Við **08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**			
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	143,0	6,0	149,0
10. Við **08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ**			
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	60,8	3,0	63,8
11. Við **10-211 Vegagerðin**			
6.25 Suðurstrandarvegur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar (undirbúningur)	0,0	30,0	30,0
Greitt úr ríkissjóði	*8.933,0*	*30,0*	*8.963,0*
12. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	48,5	3,0	51,5

455. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Svavari Gestssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt.**			
1.11 Lækkun sértekna heilsugæslustöðva, óskipt	0,0	250,0	250,0

456. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Svavari Gestssyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt.**			
1.91 Lækkun sértekna, óskipt	0,0	150,0	150,0

457. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Ögmundi Jónassyni, Hjörleifi Guttormssyni,
Kristínu Ástgeirsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
1.11 Lækkun sértekna, óskipt	0,0	250,0	250,0

Greinargerð.

Lögð er til hækkun til samræmis við áhrif af breytingum á 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu og 66. gr. laga um almannatryggingar sem lagðar eru til í frumvarpi sem flutt er af þingmönnum þingflokks óháðra í þskj. 18. Þar er gert ráð fyrir að ekki verði tekin gjöld fyrir þjónustu heilsugæslunnar við einstaklinga. Auknu framlagi ríkissjóðs er ætlað að koma á móti lækkun sértekna heilsugæslustöðvanna.

458. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Ögmundi Jónassyni, Hjörleifi Guttormssyni,
Kristínu Ástgeirsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-206 Sjúkratryggingar.**			
1.35 Tannlækningar	810,0	263,7	1.073,7

Greinargerð.

Lögð er til hækkun til samræmis við áhrif af breytingum á 37. gr. almannatryggingalaga sem lagðar eru til í frumvarpi sem flutt er af þingmönnum þingflokks óháðra í þskj. 17. Þar er gert ráð fyrir hærra greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannlækningakostnaði og auk þess er aldursviðmiðun breytt gagnvart unglingum.

459. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 439 [Fjárlög].

Frá Sighvati Björgvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

	Skv. brtt. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við 63. tölul. **07-400 Barnaverndarstofa**			
1.21 Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	66,7	30,0	96,7

460. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP, KHG).

Við 6. gr. Í stað „462. m.kr.“ í 1. tölul. kemur: 480 m.kr.

461. Frumvarp til laga [109. mál]

um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

(Eftir 2. umr., 10. des.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið með lögum þessum er að heimila gerð og starfrækslu miðlægs gagnagrunns með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði. Lögin taka ekki til sjúkraskrárkerfa einstakra heilbrigðis- og rannsóknastofnana, gagnasafna vegna vísindarannsókna á einstökum sjúkdómum eða sjúkdómaflokkum eða skráa sem stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og tryggingamála halda um notendur heilbrigðisþjónustu og rekstur heilbrigðiskerfisins. Lögin taka ekki til vörslu, meðferðar eða aðgangs að lífsýnum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Gagnagrunnur á heilbrigðissviði:* Safn gagna er hefur að geyma heilsufarsupplýsingar sem skráðar eru á samræmdan kerfisbundinn hátt í einn miðlægan gagnagrunn sem ætlaður er til úrvinnslu og upplýsingamiðlunar.
2. *Persónuupplýsingar:* Allar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Maður telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.
3. *Ópersónugreinanlegar upplýsingar:* Upplýsingar um einstakling sem ekki er persónugreinanlegur samkvæmt skilgreiningu 2. tölul.
4. *Dulkóðun*: Umbreyting orða eða talna í óskiljanlega runu af táknum.
5. *Dulkóðun í eina átt:* Umbreyting orða eða talna í óskiljanlega runu af táknum sem ekki er hægt að rekja til baka með greiningarlykli.
6. *Heilsufarsupplýsingar:* Upplýsingar er varða heilsu einstaklinga, þ.m.t. erfðafræðilegar upplýsingar.
7. *Erfðafræðilegar upplýsingar:* Hvers kyns upplýsingar sem varða erfanlega eiginleika einstaklings eða erfðamynstur slíkra eiginleika innan hóps skyldra einstaklinga, enn fremur allar upplýsingar sem varða flutning erfðaupplýsinga (erfðavísa) er lúta að eiginleikum sem ákvarða sjúkdóma og heilsu einstaklings og hóps skyldra einstaklinga án tillits til þess hvort unnt er að greina þessa eiginleika eða ekki.

II. KAFLI
Rekstrarleyfi og nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.

4. gr.
Veiting rekstrarleyfis og greiðslur leyfishafa.

Gerð og starfræksla gagnagrunns á heilbrigðissviði eru einungis heimilar þeim sem fengið hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum.

Að fenginni umsókn er heilbrigðisráðherra heimilt að veita rekstrarleyfi til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara.

Rekstrarleyfishafi skal greiða gjald fyrir veitingu rekstrarleyfis til þess að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess. Leyfishafi skal jafnframt árlega greiða gjald sem nemur kostnaði af starfi nefnda skv. 6. og 9. gr. og öðrum kostnaði sem tengist þjónustu og eftirliti með starfrækslunni, þ.m.t. eftirliti tölvunefndar sem starfar samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, og kostnaði við útgáfu og kynningu skv. 8. gr.

Rekstrarleyfishafi skal greiða allan kostnað við vinnslu upplýsinga til flutnings í gagnagrunn, sbr. 8. tölul. 5. gr.

Ráðherra og rekstrarleyfishafa er heimilt að semja um frekari greiðslur í ríkissjóð og skal þeim varið til eflingar heilbrigðisþjónustu, rannsókna og þróunar.

5. gr.
Skilyrði rekstrarleyfis o.fl.

Rekstrarleyfi til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Gagnagrunnurinn sé alfarið staðsettur hér á landi.
2. Tækni-, öryggis- og skipulagslýsing uppfylli kröfur tölvunefndar.

3. Skráning og úrvinnsla heilsufarsupplýsinga sé framkvæmd eða henni stjórnað af fólki með starfsréttindi á sviði heilbrigðisþjónustu.
4. Fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um starfssvið og verkefni umsækjanda um rekstrarleyfi.
5. Fyrir liggi ítarleg verkáætlun umsækjanda sem uppfyllir skilyrði og markmið laga þessara um verktilhögun og verkframvindu.
6. Starfræksla gagnagrunnsins sé fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa.
7. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlæknir eigi ætíð aðgang að tölfræðilegum upplýsingum úr gagnagrunninum í aðgengilegu formi, þannig að þær nýtist til gerðar heilbrigðisskýrslna, áætlana, stefnumótunar og annarra verkefna fyrrgreindra aðila.
8. Rekstrarleyfishafi greiði allan kostnað við vinnslu upplýsinga heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna til flutnings í gagnagrunninn. Upplýsingarnar skulu unnar þannig að þær uppfylli þarfir viðkomandi stofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns fyrir samræmt upplýsingakerfi, þarfir sérgreina og þarfir heilbrigðisyfirvalda, sbr. 7. tölul., og að þær nýtist við vísindarannsóknir.
9. Rekstrarleyfi sé tímabundið og ekki veitt til lengri tíma en 12 ára í senn.
10. Rekstrarleyfishafi afhendi nefnd skv. 6. gr. afrit af gagnagrunninum og skal afritið uppfært reglulega samkvæmt nánari ákvörðun í rekstrarleyfi. Afritið skal geymt í bankahólfi eða á annan tryggilegan hátt samkvæmt nánari ákvörðun í rekstrarleyfi.
11. Rekstrarleyfishafi skal tryggja að þegar leyfistíma lýkur fái heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, eða sá sem ráðherra felur starfrækslu gagnagrunnsins, ótímabundin afnot af öllum hugbúnaði og réttindum sem nauðsynleg eru til viðhalds og starfrækslu gagnagrunnsins.

Ráðherra getur bundið rekstrarleyfi frekari skilyrðum en að framan greinir.

Þegar leyfistíma lýkur samkvæmt ákvæðum í rekstrarleyfi tekur ráðherra ákvörðun um starfrækslu gagnagrunnsins að fengnu áliti nefndar skv. 6. gr. og tölvunefndar. Sama gildir ef rekstrarleyfi er afturkallað eða leyfishafi er sviptur rekstrarleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Rekstrarleyfi og gagnagrunnur samkvæmt lögum þessum eru hvorki framseljanleg né aðfararhæf. Óheimilt er að setja rekstrarleyfi eða gagnagrunn til tryggingar fjárskuldbindingum.

6. gr.

Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Ráðherra skal skipa nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera heilbrigðisstarfsmaður með þekkingu á faraldsfræði, annar skal hafa þekkingu á sviði upplýsinga- og/eða tölvunarfræði. Sá þriðji skal vera lögfræðingur og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu uppfylla sömu skilyrði.

Hlutverk nefndarinnar er að sjá um að gerð og starfræksla gagnagrunnsins sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra og skilyrði sem sett eru í rekstrarleyfi, að því leyti sem ekki er um að ræða lögbundið hlutverk tölvunefndar. Nefndin skal hafa umsjón með gerð samninga rekstrarleyfishafa annars vegar og heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna hins vegar. Nefndin skal veita heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlækni ráðgjöf varðandi nýtingu upplýsinga úr gagnagrunninum. Verði rekstrarleyfi afturkallað eða leyfishafi sviptur rekstrarleyfi skal

nefndin starfrækja gagnagrunninn uns ráðherra hefur tekið ákvörðun um starfrækslu hans til frambúðar, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Nefndinni skal séð fyrir starfsmönnum og starfsaðstöðu. Nefndin skal afla sér sérfræðiaðstoðar eftir því sem þurfa þykir.

Nefndin skal tafarlaust gera ráðherra og tölvunefnd viðvart ef hún telur að misfellur séu á starfrækslu gagnagrunnsins.

Nefndin skal eigi síðar en 1. mars ár hvert skila ráðherra skýrslu um starfrækslu gagnagrunnsins undangengið ár.

III. KAFLI
Söfnun upplýsinga.

7. gr.
Aðgengi að upplýsingum úr sjúkraskrám.

Að fengnu samþykki heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna er heimilt að afhenda rekstrarleyfishafa upplýsingar, sem unnar eru úr sjúkraskrám, til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Heilbrigðisstofnanir skulu hafa samráð við læknaráð og faglega stjórnendur viðkomandi stofnunar áður en gengið er til samninga við rekstrarleyfishafa.

Við meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga skal fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Persónuauðkenni skulu dulkóðuð fyrir flutning í gagnagrunninn þannig að tryggt sé að starfsmenn rekstrarleyfishafa vinni einungis með ópersónugreinanlegar upplýsingar. Starfsmenn viðkomandi heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skulu búa upplýsingar til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Heilsufarsupplýsingar skal flytja í dulkóðuðu formi til að tryggja öryggi þeirra. Persónuauðkenni skulu dulkóðuð í eina átt, þ.e. með dulkóðun sem ekki er hægt að rekja til baka með greiningarlykli. Tölvunefnd skal annast frekari dulkóðun persónuauðkenna með þeim aðferðum sem hún telur tryggja persónuvernd best.

Um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám fer að öðru leyti samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga, læknalögum, lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

8. gr.
Réttindi sjúklings.

Sjúklingur getur hvenær sem er óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Beiðni sjúklings getur varðað allar upplýsingar sem þegar liggja fyrir um hann í sjúkraskrám eða kunna að verða skráðar eða nánar tilteknar upplýsingar. Skylt er að verða við slíkri beiðni. Sjúklingur skal tilkynna landlækni um ósk sína. Landlæknir skal annast gerð eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggi frammi á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Landlæknir skal sjá til þess að dulkóðuð skrá yfir viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Landlæknir skal sjá til þess að upplýsingar um gagnagrunn á heilbrigðissviði og um rétt sjúklings skv. 1. mgr. séu aðgengilegar almenningi. Heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skulu hafa þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum.

IV. KAFLI
Aðgengi að gagnagrunni, hagnýting upplýsinga o.fl.

9. gr.
Aðgengi að upplýsingum í gagnagrunni á heilbrigðissviði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlæknir eiga ávallt rétt á tölfræðilegum upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði í aðgengilegu formi þannig að þær nýtist til gerðar heilbrigðisskýrslna, áætlana, stefnumótunar og annarra verkefna þeirra. Upplýsingar skulu látnar fyrrgreindum aðilum í té án endurgjalds.

Ráðherra skal skipa nefnd um aðgang vísindamanna, sem starfa hjá þeim aðilum sem vinna upplýsingar í gagnagrunn á heilbrigðissviði, að upplýsingum úr grunninum.

Nefndin skal skipuð þremur mönnum til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af landlækni, og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn af læknadeild Háskóla Íslands og einn af rekstrarleyfishafa. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndinni er heimilt að veita fyrrgreindum vísindamönnum aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum til notkunar í vísindarannsóknum, enda sé ekki um að ræða rannsókn sem fyrirsjáanlegt er að mati nefndarinnar að skerði viðskiptahagsmuni rekstrarleyfishafa. Viðkomandi vísindamenn skulu einungis greiða kostnaðarauka leyfishafa við þá gagnaöflun og vinnslu sem þeir óska eftir.

Nánar skal kveðið á um starfsemi nefndarinnar í reglugerð. Þar skal m.a. fjallað um hvaða upplýsingar vísindamenn þurfa að leggja fyrir nefndina.

10. gr.
Hagnýting gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Upplýsingar, sem skráðar eru eða aflað er með úrvinnslu í gagnagrunni á heilbrigðissviði, má nýta til þess að þróa nýjar eða bættar aðferðir við heilsueflingu, forspá, greiningu og meðferð sjúkdóma, til að leita hagkvæmustu leiða í rekstri heilbrigðiskerfa og í þágu skýrslugerðar á heilbrigðissviði.

Rekstrarleyfishafa skal heimil vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði úr þeim heilsufarsupplýsingum sem þar eru skráðar, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu upplýsinga að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum. Óheimilt er að veita upplýsingar um einstaklinga og skal það m.a. tryggt með aðgangstakmörkunum.

Rekstrarleyfishafa er óheimilt að veita beinan aðgang að gögnum í gagnagrunninum.

Rekstrarleyfishafa er á leyfistíma heimil fjárhagsleg hagnýting upplýsinga úr gagnagrunninum með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum og í rekstrarleyfi.

Gagnagrunn á heilbrigðissviði má eigi flytja úr landi og úrvinnsla úr honum má einungis fara fram hér á landi.

11. gr.
Þagnarskylda.

Starfsmenn í þjónustu rekstrarleyfishafa, þ.m.t. verktakar, eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI
Eftirlit.

12. gr.
Eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Tölvunefnd hefur eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði að því er varðar skráningu og meðferð persónuupplýsinga og öryggi gagna í gagnagrunninum og annast eftirlit með því að þeim skilmálum sem hún setur sé fylgt.

Nefnd um starfrækslu gagnagrunns skv. 6. gr. skal hafa umsjón með því að við starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði sé í hvívetna fylgt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og skilyrðum rekstrarleyfis. Nefndin skal fylgjast með öllum fyrirspurnum og úrvinnslu úr gagnagrunninum. Hún skal reglulega senda vísindasiðanefnd skrá um allar fyrirspurnir sem gerðar eru í gagnagrunninum, ásamt upplýsingum um fyrirspyrjendur.

Ráðherra skal setja reglugerð um þverfaglega siðanefnd sem meta skal rannsóknir sem gerðar eru innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem berast. Mat nefndarinnar verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd rannsókna eða vinnslu fyrirspurna.

VI. KAFLI
Refsingar og önnur viðurlög.

13. gr.
Afturköllun rekstrarleyfis.

Ráðherra getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða rekstrarleyfishafi verður ófær um að starfrækja gagnagrunninn. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki skilyrðum þeim sem sett eru í rekstrarleyfi skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni rekstrarleyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla rekstrarleyfi. Sé um að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi getur ráðherra afturkallað rekstrarleyfi án undanfarandi aðvörunar og frests til úrbóta.

14. gr.
Refsingar.

Brot á ákvæðum laga þessara varðar fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði sem sett eru fyrir rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni samkvæmt lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Dæma má lögaðila til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til sakar starfsmanna hans.

Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

15. gr.
Svipting rekstrarleyfis o.fl.

Rekstrarleyfishafa má, auk refsingar skv. 14. gr., svipta rekstrarleyfi með dómi ef um ásetning eða stórfellt gáleysi er að ræða.

Gera má upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

16. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

17. gr.

Bætur.

Hafi rekstrarleyfishafi, starfsmaður hans eða sá sem hann hefur falið vinnslu upplýsinga brotið gegn ákvæðum um vernd persónuupplýsinga í lögum þessum, reglum sem settar eru samkvæmt þeim eða skilmálum tölvunefndar skal rekstrarleyfishafi bæta hinum skráða fjárhagslegt tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Rekstraraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu, starfsmanna hans eða vinnsluaðila.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Reglugerðir.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerðum.

Ráðherra skal setja reglugerð um starfsemi nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sbr. 6. gr., um aðgangstakmarkanir skv. 2. mgr. 10. gr. og um starfsemi nefndar um aðgengi að upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði, sbr. 9. gr.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Gjald rekstrarleyfishafa skv. 3. mgr. 4. gr. skal fyrsta árið byggt á áætluðum kostnaði við undirbúning og eftirlit með starfsemi gagnagrunns á heilbrigðissviði.

II.

Flutningur upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði skal ekki hefjast fyrr en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

III.

Áður en vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði hefst skal nefnd um starfrækslu gagnagrunns skv. 6. gr. sjá til þess að fyrir liggi úttekt óháðs sérfræðings á sviði öryggismála upplýsingakerfa.

462. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. des.)

1. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Eftirtalin skjöl eru stimpilfrjáls:

1. Húsbréf og húsnæðisbréf.
2. Skuldabréf og víxlar sem gefin eru út af ríkissjóði, enda séu bréfin skráð á skipulögðum markaði.
3. Skuldabréf og tryggingarbréf sem gefin eru út til Lánasjóðs íslenskra námsmanna samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.
4. Skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns samkvæmt lögum um húsnæðismál. Sama gildir um skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laga um húsnæðismál.
5. Heimildarbréf fyrir íbúð þegar viðbótarlán úr Íbúðalánasjóði, sbr. 4. tölul., er veitt til kaupa á henni.
6. Húsaleigusamningar.
7. Skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip eða loftfar við skráningu, umskráningu eða afskráningu þess hérlendis, enda sé skráningin tímabundin og skipið eða loftfarið í eigu aðila sem ekki er heimilisfastur hér á landi.
8. Afsalsbréf og skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip sem einkum eru ætluð til farmflutninga og rekin af skipafélögum sem stunda siglingar innan lands, að og frá landinu eða milli hafna erlendis. Skilyrði stimpilfrelsisins er að skjalið sé gefið út vegna afhendingar á skipinu úr landi eða afhendingar á skipinu til landsins.
9. Skjöl sem leggja höft eða bönd á loftfar, enda hafi eigandi loftfarsins flugrekstrarleyfi og loftfarið sé ætlað til nota í reglubundið áætlunarflug eða leiguflug innan lands eða milli landa. Skilyrði stimpilfrelsisins er að skjalið sé annaðhvort gefið út vegna sölu loftfarsins úr landi eða vegna kaupa á því.
10. Samningar landbúnaðarráðherra við bændur um kaup á greiðslumarki, um töku jarða til nytjaskógræktar eða um niðurskurð sauðfjár sem þinglýst er sem kvöðum á viðkomandi jarðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi 17. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, og 46. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

463. Frumvarp til laga [231. mál]

um vegabréf.

(Eftir 2. umr., 10. des.)

1. gr.

Íslenskur ríkisborgari á samkvæmt umsókn rétt á að fá gefið út vegabréf eftir lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Utanríkisráðuneytið gefur út diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf samkvæmt reglum sem utanríkisráðherra setur.

2. gr.

Vegabréf skal gefið út af ríkislögreglustjóra.

Heimilt er að fela öðrum stjórnvöldum að gefa út vegabréf til bráðabirgða þegar sérstaklega stendur á.

Vegabréf telst eign íslenska ríkisins.

3. gr.

Þegar sótt er um vegabréf skal umsækjandi sanna á sér deili og gengið skal úr skugga um ríkisfang hans.

Með umsókn skal umsækjandi leggja fram ljósmyndir og önnur nauðsynleg gögn.

4. gr.

Við útgáfu vegabréfs til barns undir 18 ára aldri skal liggja fyrir samþykki þess eða þeirra sem fara með forsjá barnsins. Þegar annað forsjárforeldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða annarra sérstakra aðstæðna er samþykki hins fullnægjandi.

Samþykki lögráðamanns þarf til að gefið verði út vegabréf til þess sem sviptur hefur verið sjálfræði.

Heimilt er að víkja frá framangreindum skilyrðum ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Nú er umsækjandi um vegabréf eftirlýstur af lögreglu, gefin hefur verið út handtökuskipun á hendur honum eða lagt á hann farbann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála og skal þá synja um útgáfu vegabréfs.

Heimilt er að synja um útgáfu vegabréfs þegar svo stendur á:

a. fram er komin kæra á hendur umsækjanda fyrir refsivert brot sem ætla má að varði fangelsisrefsingu og hætta er talin á að hann muni reyna að komast undan refsiábyrgð með því að fara úr landi eða dveljast áfram erlendis eða
b. umsækjandi hefur verið dæmdur til fangelsisrefsingar sem ekki hefur verið afplánuð eða sætt sektarrefsingu fyrir dómi eða hjá stjórnvaldi sem hvorki hefur verið greidd né sett trygging fyrir og hætta er á að hann muni reyna að komast hjá fullnustu refsingarinnar með því að fara úr landi eða dveljast áfram erlendis.

6. gr.

Vegabréf gildir aðeins fyrir einn einstakling.

Gildistími vegabréfs skal vera tíu ár frá útgáfudegi. Þó skal gildistími vegabréfs barns yngra en 18 ára vera fimm ár frá útgáfudegi.

Nú glatast vegabréf og skal þá nýtt vegabréf gefið út til sama tíma og fyrra vegabréf.

7. gr.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að afturkalla vegabréf þegar:

a. skilyrði til útgáfu vegabréfs eru ekki lengur fyrir hendi,
b. fyrir liggja aðstæður þær sem greinir í 5. gr.,
c. útliti vegabréfs eða efni hefur verið breytt,
d. vegabréf er skemmt eða slitið eða upplýsingar í því svara ekki lengur til auðkenna handhafa,
e. vegabréf finnst í vörslu óviðkomandi eða
f. aðstæður eða atvik að öðru leyti gera það að verkum að óhjákvæmilegt er að afturkalla vegabréf.

Handhafa vegabréfs er skylt að verða við kröfu um afhendingu vegabréfs sem er afturkallað skv. 1. mgr.

8. gr.

Ríkislögreglustjóri heldur skrá um útgefin vegabréf. Þar skal einnig skrá bráðabirgðavegabréf og vegabréf sem utanríkisráðuneytið gefur út. Í skránni skulu glötuð vegabréf sérstaklega tilgreind.

9. gr.

Handhafi vegabréfs skal varðveita vegabréf sitt þannig að ekki sé hætta á að það glatist. Tilkynna skal lögreglu eða sendimönnum Íslands erlendis þegar í stað ef vegabréf glatast og skal þá gera sérstaka grein fyrir afdrifum þess.

10. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

a. með vísvitandi röngum upplýsingum eða sviksamlegu undanskoti upplýsinga gagnvart útgefanda vegabréfs eða viðtakanda umsóknar aflar sér ranglega vegabréfs eða annars ferðaskilríkis eða verður þess valdandi að vegabréf eða annað ferðaskilríki sem gefið er út fyrir hann hljóðar ekki á rétt nafn hans og kennitölu,
b. gefur rangar upplýsingar um forsjá barns í þeim tilgangi að gefið verði út vegabréf til þess án samþykkis forsjárforeldris,
c. aflar sér án sérstakrar heimildar fleiri en eins vegabréfs eða ferðaskilríkis sem hljóðar á nafn hans, breytir eða nemur á brott hluta af vegabréfi eða öðru ferðaskilríki eða áritanir á því eða
d. selur vegabréf eða gerir sér á annan hátt að féþúfu.

11. gr.

Dómsmálaráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þar skal meðal annars kveðið á um:

a. gerð, form og efni vegabréfa og þau gögn sem umsækjandi skal leggja fram með umsókn,
b. heimild til að einstaklingur megi í sérstökum tilvikum hafa fleiri en eitt gilt vegabréf,
c. heimild annarra stjórnvalda til útgáfu vegabréfs til bráðabirgða í sérstökum tilvikum,

d. heimild til að binda vegabréf við tiltekið svæði, svo og til að takmarka gildistíma þess þegar 5. gr. á við eða ef ætla má að umsækjandi hafi misfarið með vegabréf,
e. heimild til að gefa út hópvegabréf, þar á meðal um gildistíma og gildissvið,
f. heimild til að gefa út vegabréf til útlendinga og ferðaskilríki fyrir flóttamenn og
g. vegabréfaskrá, færslu hennar og aðgang að upplýsingum úr skránni.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1999.
Jafnframt falla úr gildi lög um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953.

464. Fyrirspurn [348. mál]

til fjármálaráðherra um fjölgun opinberra starfa.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver var fjölgun starfsmanna í opinberri þjónustu alls árin 1991–97?
2. Í hvaða greinum var þessi fjölgun mest, flokkuð t.d. í tíu aðalflokka?
3. Hvernig skiptist þessi fjölgun eftir landshlutum (kjördæmum) og hver var fjölgunin í stærstu bæjarfélögum landsins (hverju fyrir sig og sem hlutfall af heild):
   a. í Reykjavík,
   b. í Hafnarfirði,
   c. á Akureyri,
   d. í Kópavogi?
4. Hvernig skiptist fjölgunin í Reykjavík eftir greinum, sbr. 2. lið?
5. Hve mikinn hluta fjölgunarinnar í Reykjavík má rekja til:
   a. nýrra stofnana,
   b. eldri stofnana,
   c. höfuðborgarhlutverks Reykjavíkur, t.d. starfa á Alþingi, í ráðuneytum og stofnunum sem hafa starfsmiðstöð í Reykjavík, eins og Byggðastofnun og Húsnæðisstofnun,
   d. fjölgunar í heilbrigðisþjónustu,
   e. fjölgunar í menntamálum,
   f. fjölgunar starfsmanna í menningarmálum,
   g. fjölgunar í dómskerfi og hjá lögreglu?

Svar óskast sundurliðað eftir kynjum.

Skriflegt svar óskast.

465. Fyrirspurn [349. mál]

til fjármálaráðherra um fæðingarorlof karla í ríkisþjónustu.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvers vegna er körlum í ríkisþjónustu mismunað hvað varðar greiðslu launa í fæðingarorlofi eftir því hvar konur þeirra starfa?

466. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur og Hjörleifi Guttormssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
1.13 Kvennasögusafn Íslands	0,0	3,0	3,0

467. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur og Svavari Gestssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-311 Jafnréttisráð**			
1.10 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	3,9	10,1	14,0

468. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-311 Jafnréttisráð**			
1.11 Rannsókn á efnahagslegum völdum kvenna og karla	0,0	5,0	5,0

469. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík**			
1.20 Sambýli	304,3	15,0	319,3
2. Við **07-981 Vinnumál**			
1.30 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	10,3	8,0	18,3
3. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.42 Félag einstæðra foreldra	0,0	5,0	5,0
1.43 Landssamband eldri borgara	0,0	2,0	2,0

470. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
1.92 Rafknúin farartæki, til rannsókna og tilrauna	0,0	20,0	20,0
Greitt úr ríkissjóði	*262,5*	*20,0*	*282,5*
2. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.62 Náttúrugripasöfn á landsbyggðinni, styrkir	0,0	5,0	5,0
b. 1.63 Félag um vernd hálendis Austurlands	0,0	0,7	0,7
c. 1.64 Þjóðgarðar á miðhálendinu, undirbúningur	0,0	3,0	3,0
d. 1.65 Verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn í Skaftafelli	0,0	4,3	4,3
3. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
a. 5.02 Breytingar á rekstri þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum	0,0	17,0	17,0
b. 6.02 Verndaraðgerðir á friðlýstum svæðum	0,0	20,0	20,0
4. Við **14-301 Skipulagsstofnun**			
1.13 Svæðis- og aðalskipulag, samningsbundin og ný verkefni	0,0	70,0	70,0
5. Við **14-410 Veðurstofa Íslands**			
a. 1.02 Loftslagsbreytingar, rannsóknir	0,0	4,2	4,2
b. 1.03 Hafísrannsóknir	0,0	2,0	2,0

Greinargerð.

Vísað er til álits frá minni hluta umhverfisnefndar um frumvarp til fjárlaga (fylgiskjal XIII á þskj. 438, bls. 36–38) til skýringar á 2.–5. tölul.

471. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **01-211 Þjóðhagsstofnun**			
1.02 Grænir þjóðhagsreikningar	0,0	10,0	10,0
Greitt úr ríkissjóði	*58,5*	*10,0*	*68,5*

472. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
6.59 Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, hönnun og undirbúningur (Nýheimar)	0,0	20,0	20,0
2. Við **02-999 Ýmislegt**			
6.94 Pakkhúsið á Höfn, endurbygging	0,0	4,0	4,0

473. Frumvarp til laga [350. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 24. gr. laga nr. 83/1997, orðast svo:

Í fangelsum skal starfa hæfilegur fjöldi fangavarða og annars starfsliðs. Ráðherra skipar yfirfangaverði til fimm ára í senn. Forstjóri fangelsismálastofnunar skipar fangaverði til

fimm ára í senn. Áður en fangavörður er skipaður til starfa skal hann hafa lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins. Forstöðumaður fangelsis ræður aðra starfsmenn.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Einnig getur fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis enda stundi hann vinnu eða nám sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt, búi á sérstakri stofnun eða heimili þar sem hann er undir eftirliti og vinnan eða námið er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný. Fangi skal greiða gjöld sem slíkar stofnanir eða heimili innheimta hjá vistmönnum.

3. gr.

2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá 1. og 2. tölul. 1. mgr. 23. gr.

4. gr.

Á eftir IV. kafla laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur nýr kafli, IV. kafli A, **Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu,** með tveimur nýjum greinum, 26. gr. a og 26. gr. b, svohljóðandi:

a. (26. gr. a.)

Nú innheimtist fésekt ekki og lögreglustjóri hefur ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu hennar og er þá heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 20 klukkustundir og mest 480 klukkustundir.

Hafi dómþoli í einni eða fleiri refsiákvörðun verið dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi og gert að greiða fésekt verður vararefsing ekki fullnustuð með samfélagsþjónustu ef samanlögð fangelsisrefsing og vararefsing er lengri en eitt ár. Sama gildir ef fullnusta á í einu lagi vararefsingu samkvæmt fleiri en einni sektarákvörðun.

b. (26. gr. b.)

Ákvæði 23.–26. gr. laganna gilda um fullnustu vararefsingar samkvæmt þessum kafla að öðru leyti en því að í stað þess að umsókn um afplánun vararefsingar með samfélagsþjónustu sé send fangelsismálastofnun skal sektarþoli senda lögreglustjóra slíka beiðni skriflega eigi síðar en sjö dögum eftir að honum barst tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar.

Þegar lögreglustjóra berst beiðni um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu skal hann framsenda fangelsismálastofnun beiðnina til ákvörðunar ásamt gögnum máls og umsögn sinni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, að heimilt verði að fullnusta vararefsingu með samfélagsþjónustu. Þá er lagt til að forstjóri Fangelsis-

málastofnunar ríkisins skipi fangaverði og að lögfest verði heimild til að ljúka afplánun refsingar utan fangelsis.

Með lögum nr. 55/1994 var lögfest heimild til að afplána þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist með ólaunaðri samfélagsþjónustu. Ákvæði um samfélagsþjónustu eru nú að finna í IV. kafla laganna um fangelsi og fangavist, svo sem þeim lögum var breytt með lögum nr. 123/1997, en þau lög rýmkuðu heimild til afplánunar með samfélagsþjónustu, þannig að hún getur tekið til dóma þar sem refsing er allt að sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Samkvæmt þessum lagaákvæðum hefur hvorki verið heimilt að fullnusta fésekt né vararefsingu hennar með samfélagsþjónustu.

Samkvæmt 53. gr. almennra hegningarlaga skal fangelsi koma í stað fésektar verði hún ekki greidd, nema háttsemi hafi verið manni ósaknæm og er vararefsing þá eigi ákveðin. Fésekt er vægasta tegund refsingar og því er þungbært fyrir sektarþola að þurfa að þola fullnustu sektar með vararefsingu í fangelsi. Einnig orkar tvímælis að sá sem hlotið hefur óskilorðsbundin fangelsisdóm geti fullnustað refsingu sína að fullu utan fangelsa með samfélagsþjónustu meðan mildari refsing leiðir til afplánunar vararefsingar í fangelsi af þeirri ástæðu að sekt fæst ekki greidd. Þegar þannig stendur á þykir rétt að sektarþola verði með öðru móti en skerðingu á frjálsræði sínu gert kleift að þola fullnustu refsingar sinnar og er því lagt til að heimilt verði að afplána vararefsingu með samfélagsþjónustu. Þó verður áfram að búa við að vararefsing verði fullnustuð með fangelsi þegar sektarþoli fullnægir ekki skilyrðum fyrir samfélagsþjónustu eða sinnir henni ekki. Að öðrum kosti yrði verulega dregið úr varnaðaráhrifum refsinga ef ekki væri unnt að fullnusta sektarrefsingu af þeirri ástæðu einni að hún fæst ekki greidd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að í stað dómsmálaráðherra skipi forstjóri fangelsismálastofnunar fangaverði. Þó er áfram gert ráð fyrir að ráðherra skipi yfirfangaverði. Þetta er hliðstætt við ákvæði lögreglulaga, nr. 90/1996, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 29/1998, en þar segir í 3. mgr. 28. gr. að ríkislögreglustjóri skipi lögreglumenn en ráðherra skipi yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Þá er lagt til að próf frá Fangavarðaskóla ríkisins verði lögbundið skilyrði skipunar í embætti fangavarðar.

Um 2. gr.

Í 11. gr. laganna er að finna heimild til að vista dómfelldan mann á sjúkrahúsi eða annarri stofnun þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, enda sé slíkt talið henta vegna heilsu hans, aldurs eða annarra sérstakra ástæðna. Með vísan til þessarar heimildar hefur fangelsismálastofnun um nokkurt skeið veitt föngum heimild til að ljúka afplánun með dvöl á áfangaheimili, enda stundi þeir vinnu eða nám sem stofnunin viðurkennir. Þetta hefur gefið góða raun og er lagt til að í lögunum verði beinlínis gert ráð fyrir vistun af þessu tagi svo að hún eigi sér ótvíræða lagastoð. Þá er lagt til að mælt verði fyrir um skyldu fanga til að greiða gjöld sem slíkar stofnanir eða heimili innheimta hjá vistmönnum.

Um 3. gr.

Lagt er til að heimilt verði að víkja frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. um að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað. Þykir ekki rétt að dómfelldur maður sé útilokaður frá því að geta fulln-

ustað refsingu sína með samfélagsþjónustu vegna þess að minni háttar máli á hendur honum sé ólokið, svo sem máli vegna brota á umferðarlögum, sem sýnt er að ljúki með sektarrefsingu. Sama á við ef óeðlilegur dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls. Ekki er gert ráð fyrir að þessari heimild verði beitt nema í undantekningartilvikum.

Um 4. gr.

Í IV. kafla laganna eru ákvæði um samfélagsþjónustu og er lagt til að nýr kafli bætist við lögin þar næst á eftir og hafi að geyma ákvæði um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu. Þykir heppilegra að þessi ákvæði verði í sérstökum kafla, enda geta reglur um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu ekki í öllum efnum verið samhljóða þeim reglum sem gilda um samfélagsþjónustu til fullnustu á óskilorðsbundinni fangelsisrefsingu.

Um a-lið (26. gr. a).

Í 1. mgr. er lagt til að heimilt verði að afplána vararefsingu fésektar með ólaunaðri samfélagsþjónustu og að þjónustan verði minnst að vara í 20 klukkustundir en geti lengst orðið 480 klukkustundir. Þetta eru rýmri mörk en gilda um samfélagsþjónustu vegna óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, en hún getur minnst varað í 40 klukkustundir og mest í 240 klukkustundir, sbr. 1. mgr. 22. gr. laganna. Með hliðsjón af varnaðaráhrifum refsinga og tilgangi samfélagsþjónustu þykir nauðsynlegt að henni sé markað 20 klukkustunda lágmark þótt tímalengd vararefsingar sé styttri en fangelsi í 15 daga. Á hinn bóginn er lagt til að hámarksvararefsing í eitt ár verði fullnustuð með 480 klukkustunda samfélagsþjónustu. Þó svo að ekki sé unnt að fullnusta þyngri dóm en sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi með samfélagsþjónustu þykir ekki óvarlegt að þessi heimild taki til vararefsingar allt að einu ári, enda eru sektir ávallt vægari refsing en óskilorðsbundið fangelsi.

Samkvæmt 2. mgr. verður vararefsing ekki fullnustuð með samfélagsþjónustu ef dómþoli hefur í einni eða fleiri refsiákvörðunum verið dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi og gert að greiða sekt og samanlögð fangelsisrefsing og vararefsing er lengri en eitt ár. Sama gildir ef fullnusta á í einu lagi vararefsingu samkvæmt fleiri en einni sektarákvörðun. Þykir ekki rétt að heimila fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu þegar refsing vegna brotastarfsemi í heild sinni er þyngri en fangelsi í eitt ár. Þetta ákvæði tekur vitanlega aðeins til fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu og því gildir eftir sem áður skilyrði 1. mgr. 22. gr. um að þyngri refsing en sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi verður ekki fullnustuð með samfélagsþjónustu.

Um b-lið (26. gr. b).

Lagt er til að ákvæði 23.–26. gr. laganna gildi um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu að öðru leyti en því að í stað fangelsismálastofnunar ber að senda lögreglustjóra umsókn um samfélagsþjónustu, enda fer hann með innheimtu sekta, sbr. 2. mgr. 52. gr. hegningarlaga. Lögreglustjóri sendir síðan fangelsismálastofnun beiðnina ásamt umsögn sinni til ákvörðunar. Þykir heppilegast að fangelsismálastofnun taki einnig ákvörðun um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu þannig að stofnunin fari í heild sinni með þau mál sem lúta að samfélagsþjónustu.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1999 þannig að svigrúm gefist til að undirbúa gildistöku þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að heimilt verði að fullnusta vararefsingu með samfélagsþjónustu og að lögfest verði heimild til að ljúka afplánun refsingar utan fangelsis. Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir að forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins skipi fangaverði. Heimildir frumvarpsins munu að öllum líkindum leiða til lækkunar útgjalda ríkissjóðs, að því marki sem þeim verður beitt. Ekki verður séð að önnur ákvæði frumvarpsins leiði til aukinna útgjalda ríkissjóðs, verði það óbreytt að lögum.

474. Frumvarp til laga [351. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (reynslulausn o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

40. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 16/1976 og 4. gr. laga nr. 42/1985, orðast svo:

Þegar fangi hefur afplánað ⅔ hluta refsitímans getur Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

Reynslulausn má þó veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans.

Reynslulausn verður ekki veitt ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör sem nægja honum til framfærslu. Yfirlýsing hans skal og fengin um að hann vilji hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fyrir reynslulausn.

Þegar fangi fær lausn til reynslu skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn verður reynslulausn ekki veitt. Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar.

2. gr.

41. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 16/1976 og 5. gr. laga nr. 82/1998, orðast svo:

Reynslutími skal vera allt að 3 árum. Nú er óafplánað fangelsi lengra en 3 ár, og má þá ákveða reynslutíma allt að 5 árum.

Það er skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Ákveða má að reynslulausn skuli vera bundin því skilyrði að aðili sé háður umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar ríkisins eða annars aðila sem hún ákveður, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans. Enn fremur má binda reynslulausn þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 3. mgr. 57. gr. Skilyrði um vistun á hæli getur þó eigi staðið lengur en til loka refsitímans.

Fangelsismálastofnun ríkisins tekur ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.

3. gr.

42. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, 5. gr. laga nr. 42/1985 og 6. gr. laga nr. 82/1998, orðast svo:

Nú fremur aðili nýtt brot eftir að hann hlýtur reynslulausn og rannsókn hefst hjá lögreglu gegn honum sem sakborningi fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll sem fjallar um mál þetta refsingu í einu lagi fyrir brot það sem nú er dæmt um og svo með hliðsjón af fangelsisrefsingu sem óafplánuð er samkvæmt reglum 60. gr. þannig að fangelsi samkvæmt eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

Rjúfi aðili skilorð að öðru leyti getur Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðið hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmæltu hámarki hans eða að aðili taki út refsingu sem eftir stendur.

Nú er ekki tekin ákvörðun um að aðili afpláni fangelsisrefsingu sem hann átti ólokið, sbr. 1. og 2. mgr., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki sem aðili fékk reynslulausn.

Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sbr. 2. mgr., og má þá veita reynslulausn á ný þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 40. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 41. gr. um reynslutíma en þó þannig að dreginn skal frá sá tími sem hann hefur notið reynslulausnar áður.

Nú er aðili sem sætt hefur nokkrum hluta fangelsisrefsingar náðaður skilorðsbundið, og er þá heimilt að setja honum þau skilyrði að hann hlíti ákvæðum 1.–4. mgr.

4. gr.

58. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 22/1955 og 12. gr. laga nr. 84/1996, orðast svo:

Þegar umsjón er gerð að skilyrði fer Fangelsismálastofnun ríkisins með hana eða felur umsjónina öðrum aðila. Fangelsismálastofnun getur af sjálfsdáðum eða eftir tilmælum aðila breytt fyrirmælum sem aðila hafa verið sett skv. 2., 5. og 6. tölul. 3. mgr. 57. gr.

Nú hefur aðila verið sett skilyrði um dvöl á hæli skv. 4. tölul. 3. mgr. 57. gr., og getur Fangelsismálastofnun þá vegna breyttra ástæðna fellt skilyrðið niður að nokkru leyti eða öllu, að fengnum tillögum forstöðumanns hælis, ef því er að skipta.

5. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1981 og 12. gr. laga nr. 84/1996, orðast svo:

Ef aðili rýfur í verulegum atriðum skilyrði þau eða fyrirmæli sem honum hafa verið sett skv. 1.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. getur ákærandi krafist þess að dómari taki málið fyrir að nýju, enda sé skilorðstími ekki liðinn þegar rannsókn á skilorðsrofi hefst hjá lögreglu gegn viðkomandi manni.

6. gr.

1. málsl. 60. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1981, orðast svo: Nú hefst rannsókn hjá lögreglu gegn manni sem sakborningi fyrir lok skilorðstíma, og er dómstólum þá heimilt að dæma refsingu fyrir það brot sér í lagi án skilorðs, en láta skilorðsdóm haldast.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum í V. og VI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Helstu tillögur frumvarpsins eru þessar:

1. Reynslulausn verði veitt þótt eftirstöðvar fangelsis séu skemmri en 30 dagar.

Samkvæmt 40. gr. hegningarlaga er heimilt að veita fanga reynslulausn þegar hann hefur tekið út ⅔ hluta refsitímans, en þó minnst tvo mánuði. Reynslulausn má þó veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans. Með lögum nr. 42/1985 var þessi heimild takmörkuð þannig að reynslulausn yrði ekki veitt ef eftirstöðvar refsitímans væru skemmri en 30 dagar, sbr. 3. mgr. 40. gr. hegningarlaga. Því er ekki unnt að veita helmingslausn til reynslu þegar dæmd refsing er skemmri en tveggja mánaða fangelsi. Í athugasemdum við þetta ákvæði í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 42/1985 segir að þessi breyting hafi verið gerð til samræmis við hliðstæð ákvæði í hegningarlögum annars

staðar á Norðurlöndum, auk þess sem óeðlilegt þyki að veita reynslulausn af styttri dómum en tveggja mánaða refsivist.

Með lögum nr. 82/1998 var varðhaldsrefsing afnumin, þannig að refsivist verður ekki dæmd í skemmri tíma en 30 daga fangelsi, sbr. 34. gr. hegningarlaga. Fyrir gildistöku þeirra laga var hins vegar unnt að dæma í varðhaldsrefsingu um skemmri tíma eða allt niður í fimm daga. Í kjölfar þessarar hækkunar á lágmarki refsingar er ekki jafnríkt tilefni og áður fyrir því skilyrði reynslulausnar í 3. mgr. 40. gr. laganna að eftirstöðvar refsitíma megi ekki vera skemmri en 30 dagar. Þótt unnt verði að veita reynslulausn þegar dæmd fangelsisrefsing er skemmri en tveir mánuðir verður fanga í öllu falli ekki veitt reynslulausn fyrr en hann hefur afplánað fangelsi í minnst 15 daga, sem er helmingur lágmarksrefsingar. Með hliðsjón af þessu verður einnig talið að síður sé hætt við að það geti rýrt varnaðaráhrif refsinga þótt þetta skilyrði reynslulausnar verði fellt úr gildi. Þá felur umrætt ákvæði í sér mismunum gagnvart föngum eftir tímalengd dæmdrar fangelsisrefsingar. Þannig er heimilt að gildandi lögum að veita fanga sem hlotið hefur tveggja mánaða fangelsisdóm reynslulausn þegar hann hefur afplánað 30 daga í fangelsi, meðan reynslulausn verður ekki veitt fyrir neinum hluta refsitíma þegar fangi hefur hlotið fangelsisdóm í 45 daga. Að öllu þessu virtu er lagt til að fellt verði úr lögum skilyrði um lágmarkseftirstöðvar refsitíma svo að reynslulausn verði veitt.

2. Reynslulausn verði ekki veitt þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundin.

Lagt er til að tekið verði fram í almennum hegningarlögum að reynslulausn verði ekki veitt ef hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn. Með þessu yrði lögfest órofa venjubundin framkvæmd, sem á sér stoð í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóms, nr. 29/1993, en rétt þykir að kveða afdráttarlaust á um þetta í lögum. Að baki þessu búa þær röksemdir að með dómi hefur tiltekin refsing verið lögð við broti og refsingin er ein og hin sama þótt tiltekin hluti hennar hafi verið skilorðsbundin. Þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn hefur aftur á móti verið ákveðið með dómi að hvaða marki refsingin kemur til fullnustu og að hvaða marki fullnustu er frestað með skilyrðum. Þannig hefur fullnusta refsingarinnar þegar verið ákveðin, en heimild til að skilorðsbinda dóm eru hér rýmri en þegar fanga er veitt reynslulausn á hluta refsingar.

3. Reynslulausn þegar vararefsing fésektar er afplánuð.

Í 1. mgr. 31. gr. almennra hegningarlaga segir að hegningar samkvæmt lögunum séu fangelsi og fésektir. Fyrir gildistöku laga nr. 82/1998 voru hegningar refsivist og fésektir, en refsivist greindist í varðhald og fangelsi, sbr. þágildandi 31. og 32. gr. laganna. Skv. 40. gr. laganna er heimilt að veita fanga reynslulausn þegar hann hefur tekið út ⅔ hluta refsitímans, en þó minnst tvo mánuði. Þó má veita reynslulausn, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans. Í hegningarlögum er ekki að finna hliðstæða heimild til að veita eftirgjöf með skilyrðum á dæmdri fésekt. Verði fésekt ekki greidd skal hún aftur á móti afplánuð í fangelsi, nema háttsemi hafi verið manni ósaknæm og er vararefsing þá eigi ákveðin, sbr. 53. gr. laganna. Í tíð eldri laga var einnig heimilt að ákveða að vararefsing yrði afplánuð í varðhaldi. Með hliðsjón af skilyrðislausri skyldu til greiðslu sektar og þvingunareðli vararefsingar hefur í framkvæmd verið litið svo á að ekki sé heimilt að veita eftirgjöf á vararefsingu með reynslulausn.

Á það reyndi nýlega í málum tveggja fanga hvort unnt væri að veita reynslulausn þegar vararefsing fésektar væri afplánuð. Beiðnum þar að lútandi hafði verið hafnað af Fangelsismálastofnun ríkisins og var sú niðurstaða staðfest með úrskurðum dómsmálaráðuneytisins.

Þessi niðurstaða ráðuneytisins var reist á tillögum náðunarnefndar, sem hafði fengið málin til umfjöllunar í samræmi við 6. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993.

Í tillögum náðunarnefndar til ráðuneytisins segir að við setningu ákvæða almennra hegningarlaga um vararefsingu fésektar og reynslulausn hafi ekki verið gert ráð fyrir því að veitt yrði reynslulausn af vararefsingu, og í framkvæmd hafi verið stuðst við þá túlkun. Í 1. og 2. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga séu skilyrði fyrir reynslulausn sem lúti meðal annars að því að fangi hafi afplánað tiltekinn hluta refsitíma. Við mat á þessum skilyrðum þurfi þannig að vera fyrir fram ljóst hver verði raunveruleg tímalengd afplánunar dæmdrar refsingar komi til reynslulausnar. Leiki vafi á því verði ekki metið með vissu hvort skilyrði um tímatakmörk 40. gr. séu fyrir hendi. Þá segir í tillögum náðunarnefndar að í framkvæmd hafi verið talið að fésektarrefsing falli ekki niður við það að hafin er afplánun vararefsingar, og að binda megi enda á afplánun vararefsingar með greiðslu fésektar eða eftirstöðva hennar. Taldi náðunarnefnd þessa framkvæmd fela í sér ívilnun fyrir dómþola, en á hinn bóginn væri útreikningur á tímamörkum skv. 40. gr. þannig ætíð háður óvissu um hver raunverulegur afplánunartími yrði, þar sem ekki væri vitað hvort tímalengd dæmdrar vararefsingar styttist með greiðslu fésektar eftir að afplánun væri hafin. Því taldi náðunarnefnd lagarök er vörðuðu tilgang og eðli vararefsingar fésektar, tengsl fésektar við vararefsingu og almenn skilyrði reynslulausnar mæla gegn því að ákvæði 40. gr. um reynslulausn ættu við um vararefsingu fésektar.

Þessi mál komu til úrlausnar umboðsmanns Alþingis (mál nr. 2423/1998 og 2424/1998). Í álitum sínum rekur umboðsmaður ákvæði viðeigandi laga og kemst að þeirri niðurstöðu að réttarstaða þeirra manna sem afpláni vararefsingu fésekta sé að öllu jöfnu sú sama og annarra fanga sem skertir hafa verið frelsi sínu með refsivist. Af greinargerð frumvarps sem varð að lögum nr. 16/1976 og breyttu ákvæðum hegningarlaga telur umboðsmaður að ráða megi að lögfesting reynslulausnar miði að því að takmarka andfélagsleg áhrif frelsisskerðingar til lengri tíma og vera til aðstoðar föngum í þeim miklu aðlögunarerfiðleikum sem bíði þeirra við lok refsivistar. Þessi tilgangur reynslulausnar geti jafnt átt við um þá menn sem afpláni óskilorðsbundin fangelsis- eða varðhaldsdóm og þá sem skertir séu frelsi sínu vegna ógreiddra fésekta.

Því næst rekur umboðsmaður þá venjuhelguðu framkvæmd að refsifangar fái nær undantekningalaust reynslulausn eftir helming eða tvo þriðju hluta refsitímans, svo framarlega sem skilyrðum 40. gr. hegningarlaga sé fullnægt. Þrátt fyrir heimildarform ákvæða V. kafla hegningarlaga hafi þetta í reynd áunnið dómþolum réttindi, að því marki sem framkvæmdin uppfyllir nefnd skilyrði. Að þessu virtu og því einkenni vararefsingar fésekta að hafa í för með sér frelsisskerðingu og vistun í afplánunarfangelsi um lengri eða skemmri tíma telur umboðsmaður rök hníga til þess að sérstaklega hefði þurft að takmarka réttindi þeirra fanga sem afplána vararefsingu með skýru og ótvíræðu lagaákvæði til að heimilt væri að hafna reynslulausn á þeim grundvelli að ákvæði 1. og 2. mgr. 40. gr. tækju ekki til þeirra, enda sé vafasamt að orðalags- og efnisskýring ákvæðanna leiði ein og sér til þeirrar niðurstöðu.

Þá telur umboðsmaður óeðlilegt að dómur, úrskurður eða sátt um greiðslu fésektar að viðlagðri vararefsingu reynist dómþolum þungbærari ákvörðun en óskilorðsbundin fangelsis- eða varðhaldsrefsing, enda séu fésektir vægasta tegund refsinga samkvæmt hegningarlögum. Af samanburðarskýringu á ákvæðum 52. og 53. gr. hegningarlaga megi ráða að afplánun vararefsingar fésekta með vistun á refsivistarstofnun eigi almennt ekki að eiga sér stað nema ljóst þyki að fangi hafi hvorki vilja né getu til að greiða sektina. Einnig sé til þess að líta að reynslulausn verði ekki veitt ef eftirstöðvar fésektar séu skemmri en 30 dagar, sbr. 3. mgr. 40. gr. hegningarlaga, og því sé ljóst að reynslulausn úr refsivist sem afplánuð er vegna vara-

refsingar fésekta geti aðeins átt við þegar um allháar sektargreiðslur sé að ræða. Að þessu virtu telur umboðsmaður verulegan vafa leika á því að fært sé að útiloka fanga sem afplánar vararefsingu fésekta um lengri eða skemmri tíma og uppfyllir að öðru leyti skilyrði 1. og 2. mgr. 40. gr. frá þeim möguleika að verða látin laus til reynslu sökum þess að hann geti stytt afplánunartíma sinn hafi hann fjárhagslegt bolmagn til þess.

Með vísan til alls þessa mæltist umboðsmaður til þess við dómsmálaráðuneytið að það gengist fyrir frekari athugun á skilyrðum reynslulausnar þegar í hlut ættu fangar sem afplána vararefsingu sektarrefsingar, og að mál fanganna tveggja yrðu tekin fyrir að nýju kæmi fram ósk þar að lútandi.

Af því sem hér hefur verið rakið er öldungis ljóst að veruleg réttaróvissa ríkir um hvort heimilt er að veita fanga sem afplánar vararefsingu fésektar reynslulausn og er nauðsynlegt að úr þessari réttaróvissu verði leyst með lagasetningu. Við mat á þessu verður að líta til þess að ýmis vandkvæði eru samfara því að veita eftirgjöf á vararefsingu með reynslulausn. Þannig er óljóst hvernig fara eigi með eftirstöðvar refsingar ef skilyrði reynslulausnar hafa verið rofin með því að nýtt brot hefur verið framið á reynslutíma. Leikur vafi á því við síðari ákvörðun refsingar hvort eftirstöðvar vararefsingar beri að meta sem ógreidda sekt eða hvort þær beri að meta sem fangelsisrefsingu. Einnig leikur vafi á því hvort sekt, sem svarar til óafplánaðar vararefsingar, verði greidd þannig að hún hafi ekki áhrif við síðari ákvörðun refsingar. Þótt unnt sé með lögum að mæla fyrir um hvernig fara skuli með eftirstöðvar vararefsingar að þessu leyti verður tæplega komist hjá því að þær lagareglur orki ekki tvímælis. Þá verður að hafa hliðsjón af því að tiltekin hluti vararefsingar svarar til ákveðins hluta sektarinnar. Það fæli því í sér ákveðna mismunun að veita eftirgjöf á vararefsingu gagnvart þeim sem greiðir sekt sína af skilvísi án þess að eiga kost á nokkrum afslætti hennar. Með hliðsjón af þessu þykja rök mæla með að reynslulausn verði ekki veitt þegar vararefsing fésektar er afplánuð og er lagt til að sú regla verði lögfest.

Fésekt er vægasta tegund refsingar og því er þungbært fyrir sektarþola að þurfa að þola fullnustu sektar með vararefsingu í fangelsi. Væri takmörkuð ívilnun í því fólgin gagnvart sektarþola þótt unnt væri að veita honum reynslulausn á hluta vararefsingarinnar. Þess í stað þykir nær að sektarþola verði með öðru móti en með skerðingu á frjálsræði gert kleift að þola fullnustu refsingar þegar hann getur ekki greitt sekt. Með lögum nr. 55/1994 var lögfest heimild til að afplána óskilorðsbundna refsivist með ólaunaðri samfélagsþjónustu, en ákvæði um hana er nú að finna í IV. kafla laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, svo sem þeim lögum var breytt með lögum nr. 123/1997. Samkvæmt þessum lagaákvæðum hefur hvorki verið heimilt að fullnusta fésekt né vararefsingu hennar með samfélagsþjónustu. Með frumvarpi um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, er lögð til sú breyting að unnt verði að fullnusta hámarksvararefsingu með samfélagsþjónustu. Þannig gefst sektarþolum í öllum tilvikum kostur á að komast hjá því að þurfa að afplána vararefsingu í fangelsi. Þykir fullnusta á þann veg til muna sanngjarnari í garð sektarþola í stað þess að hann þurfi að þola fangelsisrefsingu af þeim sökum einum að geta ekki greitt sekt. Þó verður áfram að búa við að vararefsing verði fullnustuð með fangelsi þegar sektarþoli fullnægir ekki skilyrðum fyrir samfélagsþjónustu eða sinnir henni ekki. Að öðrum kosti yrði verulega dregið úr varnaðaráhrifum refsinga ef ekki væri unnt að fullnusta sektarrefsingu af þeirri ástæðu einni að hún fæst ekki greidd.

4. Afplánun eftirstöðva refsingar vegna nýs afbrots á reynslutíma.

Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga er stjórnvaldi heimilt að ákveða að aðili taki út refsingu, sem eftir stendur, ef hann rýfur skilyrði reynslulausnar með því að

fremja ótvírætt brot á almennum hegningarlögum. Á þessa heimild hefur reynt í áliti umboðsmanns Alþingis (skýrsla umboðsmanns Alþingis 1995, bls. 97). Í málinu kvartaði fangi yfir þeirri ákvörðun Fangelsismálastofnunar ríkisins að fella niður reynslulausn og gera honum að afplána eftirstöðvar refsingar. Var sú ákvörðun Fangelsismálastofnunar reist á því að fanginn hefði rofið skilyrði reynslulausnar með því að gerast brotlegur við hegningarlög. Þessi ákvörðun hafði verið staðfest með úrskurði dómsmálaráðuneytisins. Umboðsmaður taldi að það hefði ekki samrýmst 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að Fangelsismálastofnun og dómsmálaráðuneytið lýstu því yfir að fanginn hefði gerst sekur um ótvírætt hegningarlagabrot, sem þá hafði ekki gengið dómur um. Hins vegar tók umboðsmaður fram að mannréttindasáttmálinn útilokaði ekki að í þessu efni væri byggt á því að rökstuddur grunur lægi fyrir um refsivert brot. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til dómsmálaráðuneytisins að það beitti sér fyrir því að rökstuðningur í málum sem þessum samrýmdist 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og tæki til athugunar hvaða lagabreytingar væru nauðsynlegar í því sambandi.

Í kjölfar þessa álits umboðsmanns Alþingis hefur Fangelsismálastofnun ekki tekið ákvörðun um að eftirstöðvar refsingar skyldu afplánaðar vegna þess að brot hefði verið framið á reynslutíma. Þess í stað er í öllum tilvikum beðið niðurstöðu dóms vegna seinna brotsins þar sem refsing er ákveðin í einu lagi fyrir síðara brotið með hliðsjón af óafplánaðri fangelsisrefsingu, sbr. 1. mgr. 42. gr. laganna. Af þessari framkvæmd hafa ekki leitt teljandi vandkvæði og er því lagt til að umrædd heimild í hegningarlögum verði felld brott. Þetta verður ekki talið varhugavert í ljósi þess að dómsmál ganga nú til muna hraðar en áður auk þess sem önnur úrræði en afplánun eftirstöðva refsingar geta komið til álita ef brot er framið á reynslutíma, svo sem svokölluð síbrotagæsla á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

5. Eftirlit á skilorðstíma.

Samkvæmt 1. mgr. 58. gr. almennra hegningarlaga ákveður ákærandi hver hafi á hendi umsjón með aðila á skilorðstíma. Með lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, var þessu ákvæði ekki breytt þótt þau lög kveði á um að Fangelsismálastofnun hafi meðal annars það hlutverk að annast eftirlit með þeim sem dæmdir eru skilorðsbundið. Á túlkun þessara ákvæða reyndi í dómi Hæstaréttar frá 1. mars 1995 (Hrd. 1995, bls. 562), en þar segir svo: *„Ríkissaksóknara ber lagaskylda til að tilnefnda þann, sem hafa skal á hendi hina sérstöku umsjón með ákærða, sbr. 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennara hegningarlaga nr. 19/1940, enda var 58. gr. laganna ekki felld úr gildi með lögum nr. 48/1988. Rétt er hins vegar og í samræmi við réttarþróun, að Fangelsismálastofnun ríkisins, verði sérfræðingur á hennar vegum ekki tilnefndur, hafi eftirlit með framkvæmd umsjónarinnar og veiti ákærða þá félagslegu þjónustu, sem stofnunin hefur tök á og að gagni megi koma, sbr. 3. og 4. tl. 2. gr. laga nr. 48/1998.“* Með frumvarpi þessu er lagt til að hegningarlögum verði breytt til samræmis við lögin um fangelsi og fangavist, þannig að umsjón á skilorðstíma sé á vegum Fangelsismálastofnunar eða þess sem stofnunin felur umsjónina.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 40. gr. verði breytt þannig að Fangelsismálastofnun ríkisins veiti fanga reynslulausn, en nú segir að þessi mál séu á hendi dómsmálaráðherra eða annars stjórnvalds sem hann felur úrlausn þeirra. Þetta felur ekki í sér breytingu frá gildandi fyrir-

komulagi þar sem ráðherra hefur falið Fangelsismálastofnun að veita reynslulausnir, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993.

Einnig er lagt til að reynslulausn verði veitt þótt eftirstöðvar refsitímans séu skemmri en 30 dagar. Á hinn bóginn er lagt til að reynslulausn verði ekki veitt ef hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn. Sama gildir þegar vararefsing fésektar er afplánuð. Nánar hefur verið fjallað um þessi atriði í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á 40. gr. laganna.

Um 2. gr.

Lagt er til að Fangelsismálastofnun taki ákvarðanir skv. 1. mgr. 41. gr., en það er í samræmi við 8. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma. Ekki eru lagðar til frekari breytingar á inntaki ákvæðisins.

Um 3. gr.

Með lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, voru eiginlegar dómsrannsóknir lagðar niður. Því er lagt til að 1. mgr. 42. gr. verði breytt til samræmis við það þannig að rannsókn þurfi að hefjast hjá lögreglu gegn manni sem sakborningi fyrir lok reynslutíma svo að hann teljist hafa rofið skilyrði reynslulausnar. Þetta orðalag er í samræmi við 4. mgr. 82. gr. laganna um rof á fyrningarfresti sakar, svo sem því ákvæði var breytt með 2. gr. laga nr. 63/1998.

Lagt er til að Fangelsismálastofnun taki ákvörðun skv. 2. mgr. 42. gr., svo sem nú gildir skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma. Einnig er lagt til að felld verði niður heimild stjórnvalds til að taka ákvörðun um að aðili taki út refsingu sem eftir stendur ef hann hefur rofið skilyrði reynslulausnar með því að fremja brot á almennum hegningarlögum á reynslutíma, en um þá breytingu vísast til almennra athugasemda frumvarpsins. Til samræmis við þetta eru lagðar til breytingar á 4. mgr. 42. gr.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á þessu ákvæði laganna.

Um 4. gr.

Þegar hefur verið fjallað um þær breytingar sem lagðar eru til á þessu ákvæði í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Um 5. og 6. gr.

Lagt er til að ákvæði 1. mgr. 59. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 60. gr. um rof á skilorði miðist við að rannsókn hefjist gegn manni hjá lögreglu. Þegar hefur verið rætt um tilefni þessara breytinga í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (reynslulausn o.fl.).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum í V. og VI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Helstu tillögur frumvarpsins eru:

1. Reynslulausn verði veitt þótt eftirstöðvar fangelsis séu skemmri en 30 dagar og fellt úr lögum skilyrði um lágmarkseftirstöðvar refsitíma svo að reynslulausn verði veitt.
2. Reynslulausn verði ekki veitt ef hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn. Með þessu yrði lögfest órofa venjubundin framkvæmd sem á sér stoð í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóms, nr. 29/1993, en rétt þykir að kveða afdráttarlaust á um þettta í lögum.
3. Reynslulausn þegar vararefsing fésekta er afplánuð verði ekki veitt. Með frumvarpi um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, er hins vegar lögð til sú breyting að unnt verði að fullnusta hámarksvararefsingu með samfélagsþjónustu.
4. Afplánun eftirstöðva refsingar vegna nýs afbrots á reynslutíma verði lögð af og beðið niðurstöðu dóms vegna seinna brotsins, þar sem refsing er ákveðin í einu lagi fyrir síðara brotið með hliðsjón af óafplánaðri fangelsisrefsingu.
5. Eftirlit á skilorðstíma verði á vegum Fangelsismálastofnunar eða þess sem stofnunin felur umsjónina.

Ætla má að lögfesting frumvarpsins hafi óveruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs, verði það óbreytt að lögum. Að nokkru leyti fela breytingar frumvarpsins í sér lögfestingu á gildandi fyrirkomulagi. Aðrar breytingar er erfitt að meta nákvæmlega til kostnaðar en flestar þeirra munu fremur leiða til lækkunar en hækkunar útgjalda.

475. Frumvarp til laga [352. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu í samráði við Skipulagsstofnun koma á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags, sbr. þó 12. gr. a.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. a, er orðast svo:

Skipulag miðhálendisins.

Miðhálendið, sem markast af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, skal svæðisskipulagt sem ein heild.

Ráðherra skipar samvinnunefnd miðhálendis til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum sem vinnur að svæðisskipulagi miðhálendisins. Í nefndinni skulu sitja 11 fulltrúar og skal ráðherra velja níu án tilnefningar, þar af formann nefndarinnar. Átta skulu valdir úr öllum kjördæmum landsins í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Félagsmálaráðherra tilnefnir einn fulltrúa og félagasamtök um útivist einn.

Samvinnunefnd miðhálendis gerir tillögur til Skipulagsstofnunar um svæðisskipulag á miðhálendinu og gætir þess að samræmi sé með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga innbyrðis og að þær samræmist svæðisskipulagi miðhálendisins.

Kostnaður við störf samvinnunefndar miðhálendis greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur samvinnunefnd miðhálendis starfsreglur að fenginni umsögn hennar og Skipulagsstofnunar.

3. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sé um að ræða aðalskipulagstillögu sem nær til miðhálendisins skal hún að auki auglýst í Lögbirtingablaðinu og liggja frammi hjá Skipulagsstofnun.

4. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýtt ákvæði sem orðast svo:

Skipulagsstofnun skal leita álits samvinnunefndar miðhálendis, sbr. 12. gr. a, á tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins sem unnin var á vegum samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins sem skipuð var árið 1993 áður en Skipulagsstofnun gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu þess. Skal álit nefndarinnar liggja fyrir eigi síðar en 1. febrúar 1999.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Miklar umræður hafa orðið um skipulag miðhálendisins að undanförnu en sérstök nefnd, samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins, sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 73/1993, um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, skilaði tillögum sínum til Skipulagsstofnunar í nóvember 1998 og hefur nefndin þar með lokið störfum sínum.

Í tengslum við afgreiðslu frumvarps til sveitastjórnarlaga á Alþingi vorið 1998 lagði umhverfisráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á núgildandi skipulags- og byggingarlögum þar sem gert var ráð fyrir að skipuð yrði sérstök nefnd til þess að fjalla um skipulag miðhálendisins til frambúðar. Ekki var mælt fyrir frumvarpinu þá en ákveðið að leggja það fram að nýju á yfirstandandi þingi. Frumvarp það sem hér er lagt fram er að mestu leyti samhljóða fyrra frumvarpi að öðru leyti en hvað varðar samsetningu og tilnefningu í nefnd um skipulag miðhálendis, samvinnunefnd miðhálendis. Í frumvarpinu sem lagt var fram vorið 1998 var gert ráð fyrir að nefndin hefði á að skipa 18 fulltrúum en nú er lagt til að fulltrúar í nefndinni verði 11, þar af einn tilnefndur af félagasamtökum um útivist.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. 4. mgr. 13. gr., gerir Skipulagsstofnun tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulags. Skv. 5. mgr. sömu lagagreinar staðfestir ráðherra svæðisskipulagið og skal það auglýst í B-deild Stjórn-

artíðinda. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis var samkvæmt lögum nr. 73/1993 skipuð fulltrúum hlutaðeigandi héraðsnefnda, þ.e. þeirra sem eiga land að miðhálendinu, auk fulltrúa umhverfisráðherra. Önnur sveitarfélög, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Vestfjörðum, hafa því ekki komið að málinu með sama hætti og hefur það verið gagnrýnt þar sem um er að ræða svæði sem að stórum hluta er ekki í einstaklingseign og hlýtur að skipta alla landsmenn máli.

Til þess að mæta framangreindum viðhorfum hefur því verið ákveðið að sett verði á fót ný nefnd, samvinnunefnd miðhálendis. Í henni skulu sitja 11 fulltrúar, þar af skulu átta valdir af ráðherra sem koma úr öllum kjördæmum landsins og skal það gert í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra tilnefnir jafnframt formann nefndarinnar en einn skal tilnefndur af félagsmálaráðherra og einn af félagasamtökum um útivist.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins skal miðhálendið svæðisskipulagt sem ein heild. Samvinnunefnd miðhálendis skal fjalla um þetta svæðisskipulag og gera tillögur til Skipulagsstofnunar um svæðisskipulag miðhálendisins og gæta þess að samræmi sé með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga innbyrðis sem fara með stjórnsýslu inn til miðhálendisins og að þær samræmist svæðisskipulagi miðhálendisins.

Í 3. gr. er lagt til að við 1. mgr. 17. gr. bætist nýr málsliður til þess að tryggja að aðalskipulagstillaga sem nær til miðhálendisins verði þegar á kynningarstigi auglýst opinberlega, þ.e. í Lögbirtingablaðinu, og skuli jafnframt liggja frammi hjá Skipulagsstofnun. Er þetta gert til þess að ekki aðeins íbúar hlutaðeigandi sveitarfélags og sveitarstjórnir aðliggjandi sveitarfélaga geti komið að athugasemdum þegar málið er til kynningar heldur allir landsmenn í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu um að málefni miðhálendisins varði alla landsmenn.

Í ákvæði til bráðabirgða, sbr. 4. gr. frumvarpsins, er lagt til að Skipulagsstofnun leiti álits samvinnunefndar miðhálendis sem hér er lagt til að verði lögfest áður en stofnunin gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu fyrirliggjandi tillagna um svæðisskipulag miðhálendisins. Þannig fengi nýja nefndin tækifæri til að fjalla um fyrsta svæðisskipulag miðhálendisins, sem nú er í burðarliðnum. Nefndinni er ekki ætlað að taka þá vinnu til endurskoðunar sem þegar hefur verið unnin, aðeins gefa umsögn um tillöguna.

Lagt er til að hin nýja nefnd, samvinnunefnd miðhálendisins, taki til starfa 1. janúar 1999. Fyrsta verkefni hennar yrði að gefa umsögn um fyrirliggjandi tillögu og skal sú umsögn liggja fyrir eigi síðan en 1. febrúar 1999. Í framhaldi af því mun Skipulagsstofnun gera tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulags miðhálendisins og ætti málið að fá lögformlega afgreiðslu ráðherra fyrir lok febrúarmánaðar 1999.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núgildandi lögum vegna skipulags miðhálendisins. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins hefur lokið störfum sínum en lagt er til að í hennar stað komi ný nefnd, samvinnunefnd miðhálendis. Í samvinnunefnd um svæðis-

skipulag miðhálendis sátu 13 nefndarmenn en í frumvarpinu er kveðið á um að nefndarmenn hinnar nýju nefndar verði 11. Árlegur kostnaður við nefndina var um 0,6–1 m.kr. Talið er að árlegur kostnaður hinnar nýju nefndar verði svipaður.

476. Fyrirspurn [353. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um lífeyri sjómanna.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve margir sjómenn 60–65 ára nutu ellilífeyris árið 1997 samkvæmt sérstökum ákvæðum í lögum um almannatryggingar?
2. Hve margir sjómenn 60–65 ára fengu árið 1997 tekjutryggingu óskerta samkvæmt sama lagaákvæði?
3. Hverju nam heildarkostnaður Tryggingastofnunar ríkisins 1997 vegna lífeyris sjómanna á aldrinum 60–65 ára? Hér er átt við allar lífeyrisgreiðslur og lífeyristengdar greiðslur sjómanna.

Skriflegt svar óskast.

477. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**			
1.01 Almennur rekstur	74,0	5,0	79,0
2. Við **02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands**			
1.01 Almennur rekstur	207,7	8,0	215,7
3. Við **06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**			
1.20 Löggæsla	24,5	6,0	30,5
4. Við **08-495 Daggjaldastofnanir**			
a. 1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	48,9	3,0	51,9
b. 1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	101,0	5,0	106,0
5. Við **08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**			
1.11 Sjúkrasvið	258,6	10,0	268,6
6. Við **08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi**			
1.11 Sjúkrasvið	360,7	10,0	370,7

7. Við **12-902 Samkeppnisstofnun**			
1.01 Samkeppnisstofnun	94,0	15,0	109,0

478. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri**			
1.01 Almennur rekstur	314,0	10,0	324,0
2. Við **02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík**			
1.01 Almennur rekstur	52,4	5,0	57,4
3. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	16,2	5,0	21,2
b. 1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	37,1	5,0	42,1
4. Við **08-358 Fjórðungsjúkrahúsið Akureyri**			
6.01 Tæki og búnaður	10,0	20,0	30,0
5. Við **08-553 Reynslusveitarfélagið Akureyri**			
1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri	163,5	10,0	173,5

479. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Við 7. gr. Við bætist nýr liður:

1.9 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af rafbílum og öðrum farartækjum sem nýta innlenda orku.

480. Framhaldsnefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur skrifstofustjóra frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Davíð Þór Björgvinsson prófessor frá Lagastofnun Háskóla Íslands, Sigrúnu Jóhannsdóttur, Hauk Oddsson, Jón Ólafsson og Valtý Sigurðsson frá tölvunefnd og Hákon Guðbjartsson frá Íslenskri erfðagreiningu ehf.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 6. gr. verði kveðið nánar á um hlutverk nefndar um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði við samningsgerð rekstrarleyfishafa við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn. Við samningsgerðina er nefndinni ætlað að gæta hagsmuna heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og vísindamanna. Þá er kveðið á um að hluti af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir afnot af heilsufarsupplýsingum verði í formi aðgangs heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna þeirra að upplýsingum úr gagnagrunninum vegna vísindarannsókna.
2. Í tengslum við breytingu á 6. gr. er lagt til að felld verði brott ákvæði í 9. gr. um sérstaka nefnd um aðgang vísindamanna að upplýsingum úr gagnagrunninum. Vegna gagnrýni á ákvæði 9. gr. um aðgang vísindamanna telur meiri hlutinn rétt að fella þau niður en leggja í stað þess til viðbót við 6. gr. sem kveður á um að rekstrarleyfishafi skuli semja við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um aðgang starfsmanna þeirra að upplýsingum úr gagnagrunninum vegna vísindarannsókna. Lagt er til að heiti greinarinnar verði breytt í samræmi þessar efnisbreytingar.
3. Með breytingum á 10. gr. eru tekin af öll tvímæli um að í gagnagrunni á heilbrigðissviði eru eingöngu heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám, sbr. 6. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Ættfræðiupplýsingar og erfðafræðilegar upplýsingar, aðrar en skráðar eru í sjúkraskrár, verður að geyma í aðskildum gagnagrunnum. Um samtengingu upplýsinga úr þessum þremur gagnagrunnum fer samkvæmt verklagi og vinnuferli sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar og skal hún meta það áður en vinnsla hefst. Tölvunefnd ber að tryggja að verklag og vinnuferli, m.a. tæknilegar aðgangstakmarkanir, séu þannig að persónuverndar sé gætt þegar gagnagrunnarnir eru tengdir saman tímabundið. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir virku eftirliti tölvunefndar með starfrækslu gagnagrunnsins, sbr. 1. mgr. 12. gr.

Alþingi, 11. des. 1998.

Siv Friðleifsdóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Guðmundur Hallvarðsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Guðni Ágústsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.

481. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (SF, TIO, GHall, SP, GÁ, SAÞ).

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „nefnda skv. 6. og 9. gr.“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: nefndar skv. 6. gr.
2. Við 6. gr. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hún skal gæta hagsmuna heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og vísindamanna við gerð samninganna. Þar skal m.a. samið um endurgjald rekstrarleyfishafa skv. 4. mgr. 4. gr. og endurgjald í formi aðgangs heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna þeirra að upplýsingum úr gagnagrunninum vegna vísindarannsókna.
3. Við 9. gr.
   a. 2.–5. mgr. falli brott.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Aðgengi heilbrigðisyfirvalda að upplýsingum í gagnagrunni á heilbrigðissviði.*
4. Við 10. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Rekstrarleyfishafa skal heimil vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði úr þeim heilsufarsupplýsingum úr sjúkraskrám sem þar eru skráðar, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu upplýsinga að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum. Rekstrarleyfishafi skal móta verklag og vinnuferli sem uppfylla skilyrði tölvunefndar til að tryggja persónuvernd við samtengingu upplýsinga úr gagnagrunni á heilbrigðissviði, gagnagrunni með ættfræðiupplýsingum og gagnagrunni með erfðafræðilegum upplýsingum. Um samtengingu upplýsinga í gagnagrunni á heilbrigðissviði við aðra gagnagrunna en fyrrgreinda fer samkvæmt ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Óheimilt er að veita upplýsingar um einstaklinga og skal það m.a. tryggt með aðgangstakmörkunum.
5. Við 18. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Ráðherra skal setja reglugerð um starfsemi nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sbr. 6. gr. og um aðgangstakmarkanir skv. 2. mgr. 10. gr.

482. Frumvarp til laga [354. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: til hlífðar brotaþola, vitnum eða öðrum sem málið varðar.
b. 2. mgr. orðast svo:
   2. Dómari tekur ákvörðun um lokað þinghald að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda, sakbornings eða brotaþola. Ákvörðunina skal bóka í þingbók og vísa til þess

ákvæðis í grein þessari sem við á. Sá sem fellir sig ekki við ákvörðun dómara getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sakbornings eða mönnum“ í 2. mgr. kemur: sakbornings, brotaþola eða öðrum.
b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

3. Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum máls og brotaþola skal afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 27. gr. laganna:

a. Við d-lið bætist: og 1. mgr. 218. gr.
b. Í stað orðanna „og 232. gr.“ í e-lið kemur: 232. og 233. gr.

4. gr.

1. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

1. Heimilt er dómara endranær eftir ósk sakbornings að skipa honum verjanda við rannsókn máls áður en til málshöfðunar kemur ef ástæða er til þess að mati dómara með tilliti til eðlis brots og allra aðstæðna.

5. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Skylt er lögreglu að verða við ósk sakbornings um að tilnefna honum verjanda ef hann hefur verið handtekinn í þágu rannsóknar opinbers máls. Tilnefning fellur sjálfkrafa úr gildi þegar sakborningur er látinn laus eða er leiddur fyrir dóm skv. 102. gr.

6. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

1. Sakborningi er á öllum stigum opinbers máls heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta réttar síns og halda uppi vörnum sem talsmaður.

2. Talsmaður hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða lögregla þó takmarkað rétt hans til að ræða við sakborning, vera viðstaddur yfirheyrslur, kynna sér gögn og fylgjast með framvindu rannsóknar ef hætta er á að hún torveldist við það.

7. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

1. Dómara eða lögreglu ber, þegar skylt er eða heimilt að skipa eða tilnefna sakborningi verjanda, að vekja athygli hans á þeim rétti.

2. Áður en verjandi er skipaður eða tilnefndur skal gefa sakborningi eða lögráðamanni hans, ef sakborningur er ekki sjálfráða, kost á að benda á löghæfan mann til að fara með starf verjanda. Við skipun eða tilnefningu verjanda skal að jafnaði fara eftir ósk sakbornings eða lögráðamanns. Þó getur dómari eða lögregla neitað að skipa eða tilnefna þann verjanda sem óskað er eftir ef uggvænt þykir að hann muni hindra rannsókn málsins á ólögmætan hátt.

3. Nú eru fleiri en einn maður hafðir fyrir sökum í sama máli og er þá heimilt að skipa eða tilnefna sama mann verjanda beggja eða allra ef telja má að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

8. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

1. Verjandi skal að jafnaði skipaður eða tilnefndur úr hópi lögmanna.

2. Þar sem ekki er kostur á lögmanni er heimilt eftir ósk sakbornings að skipa eða tilnefna einhvern annan löghæfan mann til að gegna starfi verjanda ef telja má hag sakbornings borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn. Það er borgaraleg skylda manns að taka að sér starf verjanda samkvæmt þessari málsgrein innan lögsagnarumdæmis þar sem hann er búsettur.

3. Ekki má skipa eða tilnefna þann mann verjanda sem kann að verða kvaddur til að bera vitni eða hefur verið skipaður mats- eða skoðunarmaður í málinu, eða er að öðru leyti svo viðriðinn mál eða aðila að hætta sé á að hann geti ekki gætt hagsmuna sakbornings sem skyldi.

9. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

1. Nú óskar sakborningur eftir því að skipun eða tilnefning verjanda verði afturkölluð og nýr verjandi skipaður eða tilnefndur og skal þá verða við slíkri ósk nema hætta sé á að málið tefjist af þeim sökum eða aukinn kostnað leiði af breytingunni.

2. Ef ætla má að verjandi hafi hindrað rannsókn máls með ólögmætum hætti eða brotið gegn starfsskyldum sínum á annan hátt getur ákærandi eða lögregla leitað atbeina dómara og krafist þess að hann verði leystur frá störfum og annar skipaður í hans stað. Verjandinn getur krafist þess að dómari úrskurði um þá kröfu.

10. gr.

2. mgr. 41. gr. laganna orðast svo:

2. Verjandi skal sjálfur sinna starfsskyldum sínum, þar á meðal annast flutning máls. Honum er þó heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann vera viðstaddan skýrslutökur og rannsóknarathafnir, svo og sækja einstök þinghöld fyrir sína hönd, meðan á rannsókn máls eða meðferð stendur.

11. gr.

Orðin „sbr. þó 1. mgr. 43. gr.“ í 1. mgr. 42. gr. laganna falla brott.

12. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

1. Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að eina viku frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins.

2. Þegar verjandi hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum gögnin með öðrum hætti.

3. Lögregla skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Skal hún taka til greina ábendingar hans um tilteknar rannsóknaraðgerðir nema hún telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.

13. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

1. Þóknun skipaðs verjanda skal ákveðin í dómi eða úrskurði ef máli lýkur þannig nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með þeim hætti ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega á annan hátt. Nú hefur dómi verið áfrýjað og verjandi skipaður, en fallið er frá áfrýjun eða mál fellt niður og ákveður þá Hæstiréttur þóknun verjanda.

2. Dómari ákveður þóknun í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið verjandi sakborningsins er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds verjanda.

3. Þóknun verjanda greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar skv. 164. gr.

14. gr.

Á eftir VI. kafla laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Brotaþoli og réttargæslumaður,** með níu nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (44. gr. a.)

1. Lögreglu er skylt, eftir því sem við á, að leiðbeina brotaþola um réttindi hans lögum samkvæmt.

2. Nú liggur fyrir hver brotaþoli er og skal þá tilkynna honum ef rannsókn máls er hætt eða það fellt niður með öðrum hætti án tillits til þess hvort hann hefur kært brotið. Ber að rökstyðja ákvörðunina ef brotaþoli krefst þess. Jafnframt skal lögregla benda brotaþola á að hann geti borið ákvörðun hennar um að hætta rannsókn undir ríkissaksóknara skv. 1. mgr. 76. gr.

3. Ef ákæra er gefin út skal ákærandi tilkynna brotaþola það. Jafnframt ber ákæranda að tilkynna brotaþola um niðurstöðu dóms, ef því er að skipta, eða afdrif máls að öðru leyti, svo sem ef málinu eða einkaréttarkröfu hans er vísað frá dómi.

4. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leiðbeiningar- og tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein.

b. (44. gr. b.)

1. Skylt er lögreglu að tilnefna brotaþola réttargæslumann ef brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn máls hefst og hún beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga.

2. Skylt er lögreglu endranær eftir ósk brotaþola eða lögráðamanns hans að tilnefna honum réttargæslumann ef rannsókn beinist að broti á XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga eða 251.–253. gr. laganna, ætla má að brotaþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins og hann hefur að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu.

3. Lögregla getur tilnefnt brotaþola réttargæslumann þótt hann eða lögráðamaður hans hafi ekki óskað þess ef skilyrðum 2. mgr. er fullnægt og brotaþoli er sérstaklega sljór eða skilningslítill.

4. Þegar skilyrði eru til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.–3. mgr. skal það gert jafnskjótt og tilefni gefst. Tilnefning fellur sjálfkrafa niður við skipun réttargæslumanns skv. 44. gr. c, en ella skal lögregla taka ákvörðun um það hverju sinni.

c. (44. gr. c.)

1. Þegar mál hefur verið höfðað og skilyrði eru til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.–3. mgr. 44. gr. b skipar dómari brotaþola réttargæslumann.

2. Ef lögregla neitar eða lætur hjá líða að tilnefna brotaþola réttargæslumann skv. 44. gr. b getur hann eða lögráðamaður hans leitað atbeina dómara og óskað eftir því að honum verði skipaður réttargæslumaður.

d. (44. gr. d.)

1. Brotaþola er heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta hagsmuna sinna í málinu sem talsmaður.

2. Talsmaður hefur sömu réttindi og skyldur og réttargæslumaður eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða lögregla þó takmarkað rétt hans til að vera viðstaddur skýrslutöku af brotaþola og kynna sér gögn ef hætta er á að rannsókn torveldist við það.

e. (44. gr. e.)

Ákvæði 38.–40. gr. gilda um tilnefningu, skipun og hæfi réttargæslumanns, svo og afturköllun á tilnefningu og skipun hans eftir því sem við á.

f. (44. gr. f.)

1. Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna brotaþola og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur skv. XX. kafla laga þessara.

2. Réttargæslumaður skal sjálfur sinna starfsskyldum sínum, þar á meðal tjá sig fyrir dómi skv. 5. mgr. 172. gr. Honum er þó heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann vera viðstaddan skýrslutöku af brotaþola og sækja einstök þinghöld fyrir sína hönd.

3. Þagnarskylda hvílir á réttargæslumanni um það sem brotaþoli trúir honum fyrir og um önnur þau atriði sem hann hefur komist að í starfa sínum og ekki eru þegar kunn.

g. (44. gr. g.)

1. Meðan á rannsókn stendur er réttargæslumanni ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af brotaþola. Sé réttargæslumaður viðstaddur skýrslutöku getur hann beint því til lögreglu að spyrja brotaþola um tiltekin atriði. Telji réttargæslumaður ástæðu til getur hann krafist þess að fá bókaða stuttorða athugasemd um framkvæmd skýrslutöku í lok hennar.

2. Eftir að ákæra hefur verið gefin út á réttargæslumaður rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli og ber að tilkynna honum fyrir fram hvenær þau hefjist.

3. Réttargæslumaður má ekki spyrja ákærða, brotaþola eða vitni beint, heldur getur hann óskað þess að dómari eða ákærandi beini spurningum til þeirra, sbr. 2. mgr. 59. gr. Þá er honum einungis heimilt að tjá sig munnlega fyrir dómi um réttarfarsatriði sem snúa sérstaklega að brotaþola og um einkaréttarkröfur hans skv. 5. mgr. 172. gr., en ekki um kröfur ákæruvalds að öðru leyti. Þó á réttargæslumaður rétt á að fá bókaðar stuttorðar athugasemdir í þingbók samkvæmt nánari ákvörðun dómara.

h. (44. gr. h.)

1. Meðan á rannsókn stendur á réttargæslumaður einungis rétt á að fá aðgang að þeim gögnum máls sem honum eru nauðsynleg til að geta aðstoðað brotaþola við að setja fram einkaréttarkröfur sínar. Við þingfestingu máls á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að öll-

um gögnum þess nema dómari telji að það kunni að torvelda að mál upplýsist. Í því tilviki skal hann þó í síðasta lagi fá aðgang að gögnunum áður en málið er flutt.

2. Þegar réttargæslumaður hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta brotaþola té eintak af endurriti eða kynna honum gögnin með öðrum hætti.

3. Brotaþoli, sem ekki nýtur aðstoðar réttargæslumanns, á rétt til aðgangs að gögnum máls skv. 1. mgr.

i. (44. gr. i.)

1. Þóknun skipaðs réttargæslumanns skal ákveðin í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur þannig, nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti. Nú hefur dómi verið áfrýjað og réttargæslumaður skipaður, en fallið er frá áfrýjun eða mál fellt niður, og ákveður þá Hæstiréttur þóknun réttargæslumanns.

2. Dómari ákveður þóknun í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið réttargæslumaður brotaþola er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds réttargæslumanns.

3. Þóknun réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar skv. 164. gr.

15. gr.

Fyrirsögn VII. kafla laganna, sem verður VIII. kafli þeirra, verður: **Sönnun og sönnunargögn.**

16. gr.

2. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

2. Dómara er heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði, brotaþoli eða vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað skv. 74. gr. a og 105. gr. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð ef þess er kostur og annar hvor málsaðili krefst eða dómari telur annars ástæðu til. Ef um er að ræða brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri skal hann þó ekki koma fyrir dóm að nýju nema dómari telji sérstaka ástæðu til.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

3. Nú er vitni statt fjarri þingstað eða það hefði annars sérstakt óhagræði af því að koma fyrir dóm, og getur þá dómari ákveðið að skýrsla verði tekin af því á dómþingi gegnum síma eða annað fjarskiptatæki, enda verði skýrslutöku hagað þannig að allir sem staddir eru á dómþingi heyri orðaskipti við vitnið.

b. 3. mgr. verður 4. mgr.

18. gr.

Við 59. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

7. Þegar skýrsla er tekin af brotaþola yngri en 18 ára getur dómari kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku. Þá eiga ákærandi, ákærði og verjandi hans ekki rétt á að vera viðstaddir í dómsal eða annars staðar þar sem dómþing er háð ef dómari telur að nærvera þeirra geti orðið brotaþola sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð hans. Í því tilviki skal dómari sjá til þess að málsaðilar geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún

fer fram og er honum rétt að leggja fyrir brotaþola þær spurningar sem þeir óska. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun skýrslutöku samkvæmt þessari málsgrein.

19. gr.

Fyrirsögn og númer VIII. kafla laganna falla brott.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

4. Þegar sérstaklega stendur á er ríkissaksóknara heimilt að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök er fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því.

b. 4. mgr. verður 5. mgr.

21. gr.

Við 1. mgr. 69. gr. laganna bætist: sbr. þó 74. gr. a.

22. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 74. gr. laganna orðast svo: Sama á við um aðrar aðgerðir sem nauðsynlegar eru vegna máls, þar á meðal skýrslutökur af sakborningi, brotaþola eða vitni skv. 74. gr. a.

23. gr.

Á eftir 74. gr. laganna kemur ný grein, 74. gr. a, sem orðast svo:

1. Meðan á rannsókn stendur fer fram skýrslutaka fyrir dómi í eftirgreindum tilvikum:

a. Ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn máls hefst ber lögreglu að leita atbeina dómara sem sér um að taka skýrslu af honum.

b. Ef lögregla telur nauðsynlegt að skýrsla verði tekin fyrir dómi af sakborningi, brotaþola eða vitnum til þess að upplýsa mál, áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess, ber dómara að verða við slíkri beiðni þótt ákæra hafi ekki verið gefin út. Ef þörf krefur getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að þrjár vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.

c. Í öðrum tilvikum en greinir í a- og b-lið er heimilt að taka skýrslur af brotaþolum eða vitnum fyrir dómi áður en ákæra er gefin út ef þau neita að svara spurningum hjá lögreglu eða ef ætla má að þau komist ekki fyrir dóm við meðferð málsins, enn fremur ef það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna brotaþola eða vitna, svo sem ef um börn er að ræða.

2. Þegar skýrslutaka fer fram skv. 1. mgr. skal þess gætt að ákæranda, verjanda og réttargæslumanni brotaþola sé tilkynnt um hana fyrir fram þannig að þeir geti verið viðstaddir hana. Sé þess kostur skal framburður sakbornings, brotaþola og vitna tekinn upp á myndband. Ef skýrsla er tekin af brotaþola yngri en 18 ára skal enn fremur gætt ákvæða 7. mgr. 59. gr.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem hljóðar svo: Sá sem á hagsmuna að gæta getur borið ákvörðun lögreglu undir ríkissaksóknara sem tekur fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki.

b. Síðari málsliður 2. mgr. orðast svo: Skal honum jafnframt bent á að hann geti borið ákvörðunina undir ríkissaksóknara.

25. gr.

1. mgr. 87. gr. laganna orðast svo:

1. Til aðgerða sem taldar eru upp í 86. gr. þarf úrskurð dómara. Þó ber að veita lögreglu upplýsingar skv. b-lið þeirrar greinar án dómsúrskurðar ef fyrir liggur samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis. Í úrskurði skal m.a. taka fram hvaða tiltekinn síma eða fjarskiptatæki sé um að ræða, sbr. a- og b-lið, og hvar og með hverjum hætti samtöl, hljóð eða merki skulu numin eða myndir teknar, sbr. c- og d-lið. Í úrskurði skal setja aðgerð ákveðin tímamörk.

26. gr.

1. mgr. 114. gr. laganna orðast svo:

1. Nú er mál fellt niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. og skal ákærandi sem þá ákvörðun tók tilkynna hana sakborningi og ef því er að skipta brotaþola, enda liggi fyrir hver hann er. Ber að rökstyðja ákvörðunina ef þess er krafist.

27. gr.

Síðari málsliður 4. mgr. 115. gr. a laganna orðast svo: Dómari er ekki bundinn af slíkri ákvörðun ef til saksóknar kemur vegna brotsins.

28. gr.

3. mgr. 119. gr. laganna orðast svo:

3. Ef héraðsdómari telur að gallar séu á málatilbúnaði sem varðað geta frávísun skal hann benda ákæranda á þá. Hins vegar má hann ekki synja um útgáfu fyrirkalls af þeim sökum, enda er hann óbundinn af slíku áliti sínu við úrlausn máls.

29. gr.

Fyrsti málsliður 1. mgr. 120. gr. laganna orðast svo: Eftir að dómara hefur borist ákæra ákveður hann stað og stund þinghalds þar sem málið verður þingfest.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. Orðin „eftir atvikum“ í 2. mgr. falla brott.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

3. Ef skilyrði eru til þess að skipa brotaþola réttargæslumann skal það gert við þingfestingu máls eða ef það er ekki unnt, svo sem vegna þess að ekki hefur náðst til brotaþola, svo fljótt sem verða má eftir þingfestingu.

c. 3. mgr. verður 4. mgr.

31. gr.

Við 1. mgr. 129. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Jafnframt skal dómari taka ákvörðun um það hvort aðalflutningur skuli fara fram fyrir luktum dyrum skv. 2. mgr. 8. gr.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 142. gr. laganna:

a. Orðin „lokun þinghalds“ í b-lið falla brott.
b. Við d-lið bætist: eða réttargæslumann.

33. gr.

3. mgr. 145. gr. laganna orðast svo:

3. Aðilar kærumáls geta sent Hæstarétti skriflegar athugasemdir sínar um kærumálið innan sólarhrings eftir að kæra hefur borist réttinum.

34. gr.

Við 153. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

4. Ríkissaksóknari tilkynnir brotaþola enn fremur um áfrýjun ef úrlausn héraðsdóms um einkaréttarkröfur hans hefur verið áfrýjað og skal honum þá um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um réttargæslumann. Ef skilyrði eru til þess að skipa brotaþola réttargæslumann gerir Hæstiréttur það.

35. gr.

164. gr. laganna orðast svo:

1. Til sakarkostnaðar teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar máls og meðferðar þess, þar á meðal:

a. þóknun verjanda og réttargæslumanns, svo og annar kostnaður vegna varnar í málinu og réttargæslu fyrir brotaþola,
b. kostnaður við sérfræðilegar álitsgerðir, mats- og skoðunargerðir og afnot muna annarra manna, svo og vitnaþóknun,
c. birtingargjöld,
d. kostnaður af fullnustu refsingar og annarra viðurlaga með aðfarargerð og eftir atvikum nauðungarsölu.

2. Af opinberu máli greiðast engin dómsmálagjöld.

36. gr.

167. gr. laganna orðast svo:

Kostnað, sem ákærandi, verjandi, réttargæslumaður eða lögregla valda vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma ákærða til að greiða.

37. gr.

1. mgr. 168. gr. laganna orðast svo:

1. Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun verjanda og réttargæslumanns skal þó ákveða með tiltekinni fjárhæð.

38. gr.

169. gr. laganna orðast svo:

1. Ef ákærði áfrýjar héraðsdómi og hann er sýknaður með öllu eða að hluta með dómi Hæstaréttar eða viðurlög eru þar milduð skal kostnaður af áfrýjun málsins felldur á ríkissjóð eða honum skipt samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 165. gr.

2. Ef ríkissaksóknari áfrýjar héraðsdómi en ákærði ekki og viðurlög eru ekki þyngd svo neinu nemi með dómi Hæstaréttar verður kostnaður af áfrýjun málsins felldur á ríkissjóð.

3. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur fyrir Hæstarétti nema máli sé þá lokið með dómi.

4. Eftir því sem við á fer að öðru leyti um málskostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt því sem mælt er fyrir í 164.–168. gr.

39. gr.

Í stað orðsins „umboðsmanni“ í 5. mgr. 172. gr. laganna kemur: réttargæslumanni.

40. gr.

Í stað orðanna „kröfur borgararéttarlegs eðlis“ í 174. gr. laganna kemur: einkaréttarkröfur.

41. gr.

Fyrirsögn XX. kafla laganna verður: **Einkaréttarkröfur.**

42. gr.

1. mgr. 175. gr. laganna orðast svo:

1. Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má taka til greina ef rannsókn hefur verið hætt eða ákæra ekki gefin út vegna þess að sú háttsemi, sem sakborningur var borinn, hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana, eða sakborningur hefur verið dæmdur sýkn með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

43. gr.

Orðin „enda þótt skilyrðum a-liðar 1. mgr. 175. gr. sé ekki fullnægt“ í 177. gr. laganna falla brott.

44. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga“ í 180. gr. laganna kemur: 18. gr. skaðabótalaga.

45. gr.

Við 1. mgr. 184. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

c. ef verulegar líkur er leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.

46. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999.

47. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði annarra laga sem hér segir:

1. Á eftir 1. mgr. 14. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, kemur ný málsgrein og breytist röð annarra málsgreina samkvæmt því:

   2. Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum máls skal afmá úr þeim atriði, sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

2. Í stað orðanna „getur sakborningur“ í síðari málslið 3. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37 30. apríl 1993, kemur: geta sakborningur og brotaþoli.
3. Í stað orðsins „ákærða“ í 2. mgr. 2. gr. laga um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, kemur: brotaþola, og á eftir orðunum „við skipun“ í 1. mgr. 20. gr. sömu laga kemur: eða tilnefningu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra, en unnið var að samningu þess í samráði við réttarfarsnefnd. Megintilgangur frumvarpsins er að styrkja réttarstöðu brotaþola, auk þess sem gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sem ekki þola bið, þar til orðið getur af heildarendurskoðun þeirra sem stefnt er að á næstunni. Samkvæmt ákvörðun ráðherra hefur einni grein, 45. gr., verið bætt við drög að frumvarpinu eins og þau bárust frá réttarfarsnefnd.

Áður en vikið verður að tillögum frumvarpsins verður stuttlega gerð grein fyrir aðdraganda breytinganna sem þar er að finna.

I.

Í bréfi til dómsmálaráðherra, dags. 15. september 1997, lagði umboðsmaður barna til breytingar á lögum um meðferð opinberra mála sem miða að því að styrkja réttarstöðu barna sem eru þolendur kynferðisafbrota. Tilefnið var annars vegar umræður á alþjóðlegri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um kynferðislega misnotkun barna sem haldin var í Stokkhólmi síðla árs 1996 og hins vegar skýrsla sem unnin var fyrir umboðsmanna barna um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum þar sem borin eru saman lagaákvæði er um þetta fjalla á Íslandi, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Umboðsmaður barna leggur til í framangreindu bréfi að tekið verði í lög um meðferð opinberra mála ákvæði um skýrslutöku dómara utan réttar af barni sem orðið hefur fyrir kynferðislegri misnotkun. Lögregla skuli ávallt leita til dómara með beiðni um yfirheyrslu þegar grunur leiki á að barn hafi verið beitt kynferðislegri misnotkun. Dómari stjórni skýrslutökunni en hafi heimild til að fela sérfræðingi framkvæmd hennar að öðru leyti. Tilkynna skuli sakborningi eða lögmanni hans um skýrslutökuna og gefa verjanda kost á að vera viðstaddur yfirheyrsluna. Heimilt verði að mæla nánar fyrir um það í reglugerð hvernig skuli staðið að skýrslutöku yfir barni. Þá er lagt til að í lögum um meðferð opinberra mála verði kveðið á um rétt barna sem eru þolendur kynferðisbrota til að fá aðstoð lögmanns til að gæta hagsmuna sinna strax á rannsóknarstigi og að kostnaður af því greiðist úr ríkissjóði. Hlutverk talsmanns verði nánar skilgreint í lögum eða reglugerð.

II.

Dómsmálaráðherra skipaði 2. desember 1993 nefnd sem m.a. hafði það hlutverk að athuga réttarstöðu brotaþola og gera tillögur til úrbóta. Nefndin skilaði skýrslu 3. febrúar á þessu ári. Í skýrslunni er lagt til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á lögum um meðferð opinberra mála til að bæta réttarstöðu brotaþola:

Í fyrsta lagi verði lögfest ákvæði um nálgunarbann sem feli í sér að hægt verði að banna manni að dvelja á ákveðnum stað, fylgja, heimsækja eða á annan hátt ofsækja einstakling með bréfum, símhringingum eða öðru ónæði. Nefndin telur að ákvæði um nálgunarbann geti átt samleið með ákvæðum um þvingunarúrræði í lögum um meðferð opinberra mála. Skilyrði þess að heimilt verði að leggja á nálgunarbann verði að fyrir liggi af sérstökum ástæðum hætta á að sá sem sæta eigi banni muni annars fremja afbrot, fylgja eftir eða á annan hátt

takmarka frið eða frelsi þess sem það á að vernda. Nálgunarbann verði tímabundið og hámarksgildistími þess verði eitt ár í hvert sinn. Brotaþola verði kynnt öll atriði er tengjast nálgunarbanni og hvernig eigi að bregðast við ef brotið er gegn því.

Í öðru lagi eigi brotaþolar í kynferðisbrotamálum öðrum en þeim er einungis varða við ákvæði um brot gegn blygðunarsemi rétt á því að þeim verði á kostnað ríkisins skipaður löglærður talsmaður er gæti hagsmuna þeirra í sambandi við rannsókn og málsmeðferð sakamálsins og veiti brotaþola aðra aðstoð sem eðlileg er í sambandi við málið. Í öðrum málum verði heimilt samkvæmt beiðni brotaþola að skipa honum lögmann á kostnað ríkisins ef ástæða sé til að ætla að brotaþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða heilbrigði að öðru leyti vegna verknaðarins og að hann hafi sérstaka þörf fyrir lögmannsaðstoð.

Í þriðja lagi leggur minni hluti nefndarinnar til að brotaþola verði tryggður lögvarinn réttur til að ákveða að þinghald verði haldið fyrir luktum dyrum. Meiri hluti nefndarinnar telur að ekki sé þörf á að breyta gildandi ákvæðum með vísun til þess að ekki væri kunnugt um að ágreiningur hafi orðið um það hvort loka bæri þinghaldi þegar brotaþoli kynferðisbrots gefur skýrslu.

Í fjórða lagi leggur minni hluti nefndarinnar til að brotaþola verði tryggður lögvarinn réttur til að ákveða hvort sakborningur verði viðstaddur þegar brotaþoli gefur skýrslu sína. Meiri hlutinn telur ekki ástæðu til að gera breytingar á gildandi ákvæðum með vísun til þess að ekki sé kunnugt um að þau hafi leitt til vandkvæða.

Í fimmta lagi leggur nefndin til að lögfest verði ákvæði um að í ákveðnum tilvikum, svo sem þegar endurrit af dómum eða gögnum máls eru afhent, komi ekki fram persónulegar upplýsingar um vitni, þ.m.t. brotaþola, og að varsla slíkra gagna og umgengni um þau verði tryggð. Sama gildi um vörslu myndbanda með yfirheyrslum yfir börnum og um aðgang að slíkum gögnum.

Í sjötta lagi gerir nefndin tillögu um að brotaþoli eigi rétt á að hafa talsmann eða stuðningsaðila viðstaddan skýrslutöku yfir honum hjá lögreglu í stað löglærðs talsmanns ef um það er að ræða, enda telji lögregla ekki hættu á að slíkt hafi áhrif á rannsókn máls eða framburð vitnis. Minni hluti nefndarinnar leggur auk þess til að brotaþoli eigi að hafa rétt til að ákveða hvort skýrsla af honum sé tekin af karli eða konu. Meiri hlutinn telur ekki rök til að setja slík ákvæði í lög.

Í sjöunda lagi er lagt að lögfest verði ákvæði um rétt brotaþola til að fá aðgang að gögnum máls til að gæta hagsmuna sinna þegar það telst forsvaranlegt að öðru leyti.

Í áttunda lagi er lagt til að upplýsingagjöf til brotaþola verði aukin, bæði almennt og einstaklingsbundið, og að þeir fái ítarlegar, skriflegar upplýsingar um gang mála.

Í níunda lagi er lagt til að þegar ekki er unnt að reka bótakröfu samhliða sakamálinu af réttarfarsástæðum verði bótaþátturinn skilinn frá sakamálinu og meðferð kröfunnar verði haldið áfram í samræmi við lög um meðferð einkamála. Leitað verði leiða til að þrýsta á sakborning að greiða bætur og að brotaþola verði veitt aðstoð við innheimtu bótakröfu.

Loks er lagt til að sett verði í lög sérstakt ákvæði er takmarki sönnunarfærslu varðandi fyrri kynhegðun brotaþola.

III.

Í marsmánuði 1997 mælti dómsmálaráðherra á Alþingi fyrir skýrslu um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Í framhaldi af því var ákveðið að skipa nefndir til að huga að úrbótum á þessu sviði. Meðal þeirra var nefnd sem hafði það hlutverk að huga að meðferð heimilisofbeldismála á rannsóknarstigi hjá lögreglu og nefnd er skyldi huga að meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu. Báðar skyldu

nefndir þessar gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur, þar á meðal um breytingar á réttarfarslöggjöf.

Nefnd um meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu leggur til í skýrslu sinni frá því í apríl 1998 að í lög um meðferð opinberra mála verði tekið ákvæði um rétt brotaþola til að fá skipaðan löglærðan talsmann. Samkvæmt því skuli þolendur kynferðisbrota skv. 194.–202. gr. almennra hegningarlaga eiga rétt til lögmannsaðstoðar. Dómara verði einnig heimilt að skipa brotaþola löglærðan talsmann ef ástæða er til að ætla að brotaþoli hljóti verulegt líkams- eða heilsutjón og lögmannsaðstoðar þykir þörf. Lagt er til að heimild dómara til að skipa brotaþola löglærðan talsmann nái einnig til ofsókna- og hótanabrota skv. 232. og 233. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt er lagt til að ákvæði um nálgunarbann verði tekið upp í lög um meðferð opinberra mála. Brýn þörf sé á lagaákvæði er heimili notkun nálgunarbanns sem bráðabirgðaúrræðis er beita mætti til þess að koma í veg fyrir refsiverðan verknað. Um meðferð beiðna fari eftir reglum þeirra laga um rannsóknar- og þvingunarúrræði eftir því sem við eigi. Þannig verði unnt að banna manni að halda sig á ákveðnum svæðum, fylgja eftir, ásækja eða á annan hátt setja sig í samband við annan mann ef sýnt þyki að hætta væri á að sá sem bannið beindist gegn mundi annars fremja refsiverðan verknað gegn honum, ásækja eða á annan hátt raska friði hans. Nálgunarbannið megi leggja á að kröfu þess sem vernda skal eða þegar þess þyki annars þörf. Nálgunarbannið verði tímabundið og lagt á lengst eitt ár í senn. Brot gegn slíku banni varði sömu refsingu og brot gegn nálgunarbanni sem nefndin leggur til að tekið verði upp í almenn hegningarlög.

IV.

Meginmarkmiðið með frumvarpi þessu er sem fyrr segir að styrkja réttarstöðu brotaþola, þ.e. þeirra einstaklinga sem hafa verið þolendur afbrota eða misgert hefur verið við, svo að notað sé orðalag sem sums staðar kemur fyrir í lögum. Sérstaklega er stefnt að því að bæta réttarstöðu þeirra einstaklinga sem hafa verið beittir ofbeldi í einhverri mynd. Ástæða þessa er sú að þolendur afbrota hafa sérstakra hagsmuna að gæta, umfram aðra, þótt þeir séu ekki beinir aðilar að sakamáli á sama hátt og ákæruvaldið og ákærði. Það á ekki síst við einkaréttarkröfur á borð við skaðabótakröfur í opinberu máli, en brotaþolar hafa sjálfir visst forræði yfir þeim kröfum, svo sem fyrir er mælt í 5. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Áður en þau lög tóku gildi 1. júlí 1992 má segja að eina réttarúrræðið í lögum um meðferð opinberra mála, sem var brotaþolum sérstaklega til hagsbóta, hafi verið að þar var mælt fyrir um einkaréttarkröfur þeirra, fyrst og fremst bótakröfur, vegna refsiverðrar háttsemi sem þeir urðu fyrir. Samkvæmt lögunum áttu brotaþolar þess kost að koma einkaréttarkröfum sínum að í opinberu máli, en með því móti var leyst úr kröfunum á einfaldan og fljótvirkan hátt án mikilla fjárútláta fyrir þá sem þær gerðu. Þetta hagræði hefur haldist síðan, en því til viðbótar voru tekin upp í gildandi lög nokkur ákvæði sem ætlað var að treysta réttarstöðu brotaþola frá því sem verið hafði. Má t.d. nefna að dómara er nú rétt að ákveða að dómþing skuli háð fyrir luktum dyrum til hlífðar brotaþola sérstaklega, sbr. b-lið 8. gr. laganna, lögreglu er skylt að tilkynna kæranda, hafi hann hagsmuna að gæta, ef kæru hans er vísað frá eða rannsókn hætt, sbr. 2. mgr. 76. gr., og sama skylda er lögð á herðar ákæranda gagnvart þeim sem misgert hefur verið við ef mál er fellt niður eða fallið er frá saksókn, sbr. 1. mgr. 114. gr. Þá skal ákærða, auk bóta fyrir beint tjón og miska vegna refsiverðrar háttsemi í garð brotaþola, gert að greiða kostnað við kröfugerð, þar á meðal vegna lögmannsaðstoðar, sbr. 4. mgr. 172. gr. laganna, og jafnframt skal gefa brotaþola eða umboðsmanni hans kost á að

tjá sig um kröfuna og skýra hana fyrir dómi, ef slíkt getur orðið án verulegra tafa eða óhagræðis í máli, sbr. 5. mgr. sömu greinar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það réttarfarshagræði haldist sem brotaþolum er fengið í gildandi lögum en réttarstaða þeirra verði hins vegar styrkt til muna frá því sem nú er. Við samningu þessa hluta frumvarpsins hefur einkum verið höfð hliðsjón af tillögum umboðsmanns barna og skýrslu nefndar um stöðu brotaþola sem lýst er í I. og II. kafla hér að framan. Jafnframt hefur verið horft til þess hvernig réttarstaða brotaþola í sakamálum er í norrænum réttarfarslögum, þá einkum í Danmörku og Noregi.

Þess verður að sjálfsögðu gæta þegar kveðið er á um bætta réttarstöðu brotaþola að ekki verði skert þau réttindi sem sakborningi eru fengin í 67. og 70. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. stjórnarskipunarlög, nr. 97/1995, svo og í 5. og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þannig er t.d. ekki lagt til í frumvarpinu að sönnunarfærsla af hálfu sakbornings verði takmörkuð, svo sem lagt er til í skýrslu nefndar um stöðu brotaþola, en með því móti væri gengið gegn markmiði þeirrar meginreglu 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Sömuleiðis verður að forðast, eftir því sem kostur er, að meðferð mála verði þyngri í vöfum og seinvirkari en verið hefur. Það væri vissulega æskilegt fyrir brotaþola, eins og fram kemur í umræddri skýrslu, að þurfa ekki að höfða einkamál með venjulegum hætti ef skaðabótakröfu hans hefur verið vísað frá dómi af réttarfarsástæðum. Þetta hefði á hinn bóginn í för með sér að rökstyðja þyrfti bótakröfur í opinberu máli á sama hátt og í einkamáli, en þær hafa hingað til verið tilgreindar í ákæru án sérstaks rökstuðnings vegna tengsla þeirra við kröfur um refsingu eða önnur refsikennd viðurlög. Sú breyting mundi óhjákvæmilega leiða til nokkurs dráttar á meðferð þeirra opinberu mála þar sem bótakröfur eru gerðar og er því ekki gert ráð fyrir þessari afbrigðilegu málsmeðferð í frumvarpinu.

Meginbreytingin á réttarstöðu brotaþola, sem felst í frumvarpinu, er sú að tekin verði upp skylda til að tilnefna eða skipa brotaþola réttargæslumann til að gæta hagsmuna hans í opinberu máli ef hann hefur verið beittur ofbeldi þannig að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni af þess völdum og þurfi á sérstakri aðstoð slíks málsvara að halda, sbr. nánar b- og c-liði 14. gr. frumvarpsins. Þar er reyndar gengið lengra þegar um er að ræða börn, yngri en 18 ára, ef grunur leikur á að þau hafi orðið fórnarlömb kynferðisbrota vegna þess að lagt er til að skylt verði að skipa þeim réttargæslumann undir öllum kringumstæðum. Í d–i-liðum 14. gr., svo og í 30. og 34. gr. frumvarpsins, er að finna ákvæði um það hvernig staðið skuli að tilnefningu eða skipun réttargæslumanns, svo og hver skuli vera réttindi hans og skyldur. Vísast um þau til athugasemda við þessar greinar frumvarpsins.

Aðrar helstu breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á réttarstöðu brotaþola í frumvarpinu, eru þessar:

1. Lagt er til að ákvæðum um að lokuð þinghöld verði breytt, m.a. á þann veg að brotaþoli geti krafist þess að réttarhald fari fram fyrir luktum dyrum og hann síðan skotið ákvörðun héraðsdómara til Hæstaréttar felli hann sig ekki við hana, sbr. 1. gr., svo og 31. og 32. gr. frumvarpsins.
2. Þess verði gætt betur en verið hefur að upplýsingum um persónulega hagi brotaþola verði haldið leyndum, sbr. 2. gr., svo og 1. tölul. 47. gr. frumvarpsins.
3. Lögreglu verði gert skylt að leiðbeina brotaþola um lögmælt réttindi hans. Jafnframt verði ákvæði um tilkynningarskyldu lögreglu og ákæranda gagnvart brotaþola gerð ítarlegri en nú er, sbr. a-lið 14. gr., svo og 24. og 25. gr. frumvarpsins.

4. Í 23. gr., sbr. 21. og 22. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir þegar um er að ræða rannsókn á kynferðisbroti og brotaþoli er barn undir 18 ára aldri að dómari taki skýrslu af honum svo fljótt sem verða má, þ.e. áður en ákæra er gefin út. Jafnframt að barnið þurfi að jafnaði ekki að gefa skýrslu að nýju í málinu, sbr. 16. gr. frumvarpsins.
5. Þegar skýrsla er tekin af brotaþola sem er yngri en 18 ára er gerð tillaga um að ákærandi, sakborningur og verjandi skuli ekki eiga fortakslausan rétt á að vera viðstaddir í dómsal eða annars staðar þar sem dómþing er háð, heldur skuli gefa þeim kost á að fylgjast með skýrslutökunni um leið og hún fer fram. Settar verði reglur um tilhögun skýrslutökunnar þannig að þeim sem mæta til hennar verði sem minnst íþyngt, sbr. 18. og 23. gr. frumvarpsins.

Ef þær breytingar ná fram að ganga sem frumvarpið gerir ráð fyrir er óhætt að fullyrða að réttarstaða brotaþola við meðferð opinberra mála verður í stórum dráttum sú sama hér á landi og í Danmörku og Noregi. Ástæða er til að vekja athygli á því að ekki er í frumvarpinu að finna ákvæði um svonefnt nálgunarbann sem fjallað er um í skýrslu nefndar um stöðu brotaþola. Það stafar af því mati að eðlilegra sé að skipa ákvæði þess efnis í almenn hegningarlög þar sem hvort eð er yrði í þeim lögum mælt fyrir um refsingu og önnur viðurlög ef brotið yrði gegn slíku banni.

V.

Stefnt er að því á allra næstu árum að endurskoða gildandi lög um meðferð opinberra mála í heild með það fyrir augum að ný, heildstæð lög leysi þau af hólmi. Ýmis úrlausnarefni, sem telja verður meiri háttar, svo sem að samræma betur en nú er ákvæði laga um meðferð einkamála og sakamála, hljóta að bíða slíkrar heildarendurskoðunar.

Við samningu þessa frumvarps, sem eins og áður segir er fyrst og fremst ætlað að styrkja réttarstöðu brotaþola, var hins vegar brugðið á það ráð að gera tillögur um ýmsar minni háttar breytingar á lögunum. Sumar þeirra eru tengdar meginefni frumvarpsins, en aðrar þóttu það brýnar að ekki væri ástæða til að bíða eftir þeirri heildarendurskoðun sem að framan greinir og mun óhjákvæmilega verða nokkuð tímafrek.

Þær breytingar, sem hér um ræðir, eru þessar helstar:

1. Eins og fram kemur í III. kafla er gert ráð fyrir að heitið „réttargæslumaður“ verði notað um skipaðan eða tilnefndan málsvara brotaþola. Nauðsynlegt er því að hætta nota það heiti um tilnefndan málsvara sakbornings eins og nú er gert í 36. gr. laganna. Þannig er lagt til að heitið „verjandi“ taki framvegis til málsvara sakbornings, hvort sem hann er skipaður í starfið af dómara eða tilnefndur í það af lögreglu. Eftir sem áður verði heitið „talsmaður“ notað um málsvara sem er valinn af sakborningi án atbeina dómara eða lögreglu. Samhliða þessari breytingu er lagt til að ákvæðum um verjanda verði breytt í nokkrum öðrum atriðum, svo sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við 4.–13. gr. frumvarpsins.
2. Eitt þessara atriða, sem ástæða er til að nefna sérstaklega, er að gert er ráð fyrir að verjandi geti óhindrað kynnt gögn og efni þeirra fyrir sakborningi um leið og hann hefur fengið aðgang að þeim, sbr. 11. og 12. gr. frumvarpsins. Á móti er lagt til að lögregla geti neitað að veita verjanda aðgang að gögnum í skamman tíma ef hún telur að slíkt geti skaðað rannsókn málsins. Á þeim tíma getur hún óskað eftir því að tekin verði skýrsla af sakborningi eða vitnum fyrir dómi í því skyni að upplýsa mál áður en sakborningur fær tækifæri til að bera sig saman við aðra, sbr. 23. gr. frumvarpsins.
3. Í 17. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt verði í sakamálum að taka skýrslu af vitni gegnum síma eða annað fjarskiptatæki á sama hátt og í einkamálum.

4. Í 20. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ríkissaksóknari geti mælt fyrir um rannsókn ef sérstaklega stendur á og ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið.
5. Gerð er tillaga um í 25. gr. frumvarpsins að framvegis nægi ekki að fá samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma til símahlerunar í þágu rannsóknar opinbers máls, sbr. 1. mgr. 87. gr. laganna, heldur þurfi ávallt úrskurð dómara til þess.
6. Með 35.–38. gr. frumvarpsins er ákvæðum um sakarkostnað í opinberum málum breytt, þar á meðal verði saksóknarkostnaður af ríkisins hálfu ekki talinn til sakarkostnaðar, svo sem nú er gert í a-lið 1. mgr. 164. gr. laganna.
7. Í samræmi við 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, eins og henni var breytt með 5. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, er lögð til breyting á 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þannig verði það ekki gert lengur að skilyrði fyrir bótum til manns, sem sætt hefur refsivist eða þvingunarráðstöfun á borð við gæsluvarðhald og ekki verið sakfelldur fyrir refsiverða háttsemi, að fremur megi telja hann líklegan til að vera saklausan en sekan af háttseminni, sbr. 42. gr., svo og 43. gr. frumvarpsins.
8. Loks er lagt til í 45. gr. frumvarpsins að heimilt verði að endurupptaka mál í því skyni að endurmeta sönnunargögn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 8. gr. laga um meðferð opinberra mála, miða að því að treysta réttarstöðu brotaþola við meðferð opinberra mála eins gerð var grein fyrir í almennum athugasemdum hér að framan.

Í 1. mgr. 8. gr. er gengið út frá því sem meginreglu að réttarhöld í opinberum málum séu eins og í öðrum dómsmálum háð í heyranda hljóði, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Síðan eru undantekningar gerðar frá þeirri reglu í a–g-liðum 1. mgr. Aðeins er um að ræða orðalagsbreytingu á b-lið 1. mgr. þar sem eðlilegt er að gera brotaþolum hærra undir höfði en nú er gert og telja þá upp á undan öðrum vitnum í máli.

Hins vegar er lagt til að 2. mgr. 8. gr. verði breytt á tvo vegu. Í fyrsta lagi geti dómari ákveðið að loka þinghaldi, ýmist að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda, sakbornings (eða verjanda hans) og loks brotaþola (eða réttargæslumanns hans). Önnur vitni en brotaþoli geti ekki gert slíka kröfu. Í annan stað er ráð fyrir því gert að sá sem ekki fellir sig við ákvörðun dómara geti hér eftir krafist rökstudds úrskurðar um hana, sbr. 2. mgr. 134. gr. laga um meðferð opinberra mála. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 31. og 32. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi grein hefur að markmiði að veita brotaþolum aukna vernd með því að koma í veg fyrir að persónulegar upplýsingar um þá séu veittar hverjum sem er. Brotaþolar, t.d. í kynferðisbrotamálum, geta haft ríka hagsmuni af því að þeim upplýsingum sé haldið leyndum.

Skv. 2. mgr. 10. gr. laga um meðferð opinberra mála, svo breyttri, er dómara heimilt að leggja bann við því að skýrt sé opinberlega frá atriðum í réttarhöldum þótt þau séu háð í heyranda hljóði ef ætla má að þau geti valdið brotaþola, einum og sér, verulegum þjáningum eða óþægindum.

Þá er lagt til að nýrri málsgrein verði bætti við 10. gr. laganna. Því ákvæði er ætlað að koma í veg fyrir að endurrit, t.d. af dómum eða úrskurðum, sem afhent eru öðrum en ákær-

anda, sakborningi (eða verjanda hans) og brotaþola (eða réttargæslumanni hans), hafi að geyma atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna, þar á meðal hagsmuna sakbornings, brotaþola eða annarra vitna í máli. Það er sjálfsögðu háð mati hverju sinni hvaða atriði falla undir þetta ákvæði, en eðlilegt er við það mat að líta til sömu sjónarmiða og búa að baki reglum um þagnarskyldu dómara og annarra opinberra starfsmanna. Í sumum tilvikum þyrfti eflaust að nema brott hluta af skýrslum sem sakborningur, brotaþoli og vitni hafa gefið fyrir dómi eða lögreglu, en í öðrum tilfellum væri nægilegt að afmá nöfn og önnur sérkenni sem tengjast máli. Ætlast er til að slík atriði verði numin á brott úr endurritum sem t.d. eru afhent fjölmiðlum, en komið hefur fyrir að svo hafi ekki verið gert. Í 1. tölul. 47. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar breyting verði gerð á lögum um meðferð einkamála.

Um 3. gr.

Sú rýmkun á ákæruvaldi lögreglustjóra, sem hér er ráðgerð, er byggð á tillögum ríkissaksóknara. Á grundvelli 1. mgr. 29. gr. laga um meðferð opinberra mála hefur hann falið lögreglustjórum að flytja mál í héraði vegna brota á 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga (meiri háttar líkamsmeiðingar án þess að refsiþyngjandi ástæður séu fyrir hendi) og 233. gr. sömu laga (alvarlegar hótanir og ógnanir). Að áliti ríkissaksóknara hefur þetta gefið góða raun og telur hann því hagkvæmast að lögreglustjórum verði jafnframt veitt heimild til að gefa út ákæru í þessum málum.

Um 4. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 35. gr. laga um meðferð opinberra mála bætist orðin „ef ástæða er til þess að mati dómara með tilliti til eðlis brots og allra aðstæðna“. Að gefnu tilefni er þetta gert til að taka af öll tvímæli um það að dómara er heimilt, en ekki skylt, að fallast á ósk sakbornings um að honum skuli skipaður verjandi á rannsóknarstigi, nema í því tilviki að þess hafi verið krafist að hann verði settur í gæsluvarðhald, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 34. gr. laganna. Dómara ber því aðeins að verða við slíkri ósk að hann telji sakborningi nauðsynlegt að njóta aðstoðar verjanda svo að hann fái gætt hagsmuna sinna vegna eðlis brots þess sem er að ræða og allra annarra aðstæðna.

Um 5. gr.

Fyrri málsliður þessarar greinar er sama efnis og 1. mgr. 36. gr. laga um meðferð opinberra mála eins og það ákvæði hljóðar nú. Vegna þess að heitið „réttargæslumaður“ er, eins og áður greinir, notað í 14. gr. frumvarpsins um málsvara brotaþola er óhjákvæmilegt að taka upp annað heiti, til aðgreiningar, á málsvara sakbornings sem tilnefndur er af lögreglu að hans ósk við handtöku í þágu rannsóknar opinbers máls. Hér eftir er lagt til að heitið „verjandi“ verði notað jöfnum höndum um málsvara sakbornings, hvort sem hann er tilnefndur í starfið eða skipaður í það af dómara, sbr. 34. og 35. gr. laganna. Engin ástæða er heldur til að nota mismunandi heiti í þessum tveimur tilvikum vegna þess að tilnefndur réttargæslumaður hefur hvort sem er haft sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á, sbr. 2. mgr. 36. gr. laganna.

Önnur breyting af svipuðum toga, sem er einkennandi fyrir þetta frumvarp, er að nota heitið „lögregla“ í stað heitisins „rannsóknari“ hvarvetna sem það á við.

Æskilegt er að taka fram í lögum hve lengi tilnefning á verjanda skuli standa. Í síðari málslið þessarar greinar er gert ráð fyrir að hún falli sjálfkrafa úr gildi, annaðhvort þegar sá handtekni er látinn laus eða hann er leiddur fyrir dómara og þess krafist að hann verði

settur í gæsluvarðhald, sbr. 102. og 105. gr. laganna. Í því tilviki ber dómara skv. a-lið 1. mgr. 34. gr. laganna að skipa hinum handtekna manni verjanda ef hann óskar þess og er því eðlilegt að tilnefning verjanda falli niður af sjálfu sér.

Um 6. gr.

Skv. 1. mgr. 37. gr. laga um meðferð opinberra mála getur sakborningur valið sér talsmann til að gæta hagsmuna sinna og halda uppi vörnum, t.d. ef dómari verður ekki við kröfu hans um að skipa honum verjanda skv. 1. mgr. 35. gr. laganna eða neitar að skipa tiltekinn lögmann sem verjanda, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna.

Í greininni er gert ráð fyrir tveimur breytingum á 37. gr. laganna. Í fyrsta lagi að talsmaður verði framvegis að koma úr röðum lögmanna, en telja verður að sakborningi sé lítil stoð í talsmanni sem ekki hefur lögmannsréttindi. Ef sakaður maður kýs að gæta hagsmuna sinna í opinberu máli, án aðstoðar lögmanns, er að jafnaði ekkert því til fyrirstöðu að hann annist sjálfur vörn sína, sbr. 2. mgr. 34. gr. laganna og c-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í öðru lagi að í 2. mgr. 37. gr. verð felld á brott tilvísun til 3. mgr. 39. gr. laganna, en óeðlilegt er að þrengja kosti sakbornings við val á talsmanni á sama hátt og þegar honum er skipaður eða tilnefndur verjandi. Ef svo stendur t.d. á að talsmaður kunni að verða kvaddur til að bera vitni í málinu er hægt að nýta heimildina í 2. mgr. 37. gr. til að takmarka rétt hans á þann hátt sem þar greinir.

Um 7. gr.

Í þessari grein er einungis lagt til að ákvæðum 38. gr. laga um meðferð opinberra mála verði breytt til samræmis við þær breytingar sem áður hefur verið gerð grein fyrir. Ef sakborningur sættir sig ekki við synjun lögreglu um að tilnefna honum tiltekinn verjanda skv. 2. mgr. 38. gr. eða ákvörðun hennar skv. 3. mgr. 38. gr. getur hann borið slíkan ágreining undir dómara skv. 75. gr. laganna. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 8. gr.

Gerð er tillaga um breytt orðalag á 1. mgr. 39. gr. laga um meðferð opinberra mála þannig að meginreglan verði framvegis sú að verjandi skuli skipaður eða tilnefndur úr hópi lögmanna. Á síðustu árum hefur lögmönnum fjölgað á landsbyggðinni þannig að yfirleitt ætti að vera kostur á lögmanni á þeim stað þar sem rannsókn fer fram eða mál er til meðferðar fyrir dómi. Þó verður að gera ráð fyrir að svo geti farið að ekki náist í tæka tíð til lögmanns sem er reiðubúinn til að taka að sér vörn sakbornings. Þess vegna er ráðgert að 2. mgr. 39. gr. haldist efnislega óbreytt.

Sama er að segja um fyrri málsl. 3. mgr. 39. gr., en hins vegar hefur síðari málsliður málsgreinarinnar verði felldur á brott. Óþarft er að þrengja kosti sakbornings til að velja sér hæfan verjanda eins og þar er gert og eðlilegra að dómari víki einfaldlega sæti við slíkar aðstæður.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að orðalagi 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála verði breytt á þann veg að taka beri til greina ósk sakbornings um að skipun eða tilnefning verjanda verði afturkölluð nema þau atvik séu fyrir hendi sem tilgreind eru í niðurlagi ákvæðisins.

Skv. 2. mgr. 40. gr. getur dómari afturkallað skipun verjanda að eigin frumkvæði og skipað annan í hans stað ef hann telur verjandann rækja starfið á óviðunandi hátt. Slík afskipti dómara, sem oftast nær hljóta að vera í andstöðu við vilja sakbornings, geta varla samrýmst

sjálfstæðri og óvilhallri stöðu hans heldur er eðlilegra að frumkvæðið komi frá ákæranda eða lögreglu. Þá er ástæða til að herða á skilyrðunum fyrir því að verjandi verði leystur frá störfum í óþökk sakbornings og er gerð tillaga um breytingu þess efnis á 2. mgr. 40. gr., þ.e. að hann verði annaðhvort að hafa hindrað rannsókn máls með ólögmætum hætti, sbr. hliðstætt orðalag í 2. mgr. 38. gr. laganna, eða brotið gegn starfsskyldum sínum á annan hátt. Vegna þess hve tilnefning stendur í skamman tíma, sbr. 5. gr. frumvarpsins, kæmi eflaust sjaldan til þess að krafa beindist að tilnefndum verjanda, en þó væri það ekki útilokað. Verjandi getur eftir sem áður krafist þess að dómari úrskurði um þetta atriði í samræmi við 2. mgr. 134. gr. laganna því að niðurlag 2. mgr. 40. gr. helst óbreytt.

Um 10. gr.

Með þessari grein er ráðgert að 2. mgr. 41. gr. laga um meðferð opinberra mála verði breytt lítillega. Málsgreinin yrði þó efnislega óbreytt og þarfnast því þetta ákvæði frumvarpsins ekki sérstakra skýringa.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 42. gr. laga um meðferð opinberra mála er svo fyrir mælt að verjanda sé heimilt að tala einslega við sakborning um hvað eina sem málið varðar. Þetta var eitt merkasta nýmælið sem tekið var upp í lögin á sínum tíma. Að fyrirmynd 1. mgr. 745. gr. dönsku réttarfarslaganna er hins vegar gerð sú undantekning í 1. mgr. 43. gr. að verjandi megi ekki láta skjólstæðingi sínum í té eintak af endurriti sem hann hefur fengið afhent eða kynna honum efni þess, t.d. með því að lesa það fyrir hann, nema dómari eða rannsóknari samþykki.

Síðastgreint ákvæði hefur sætt harðri gagnrýni, m.a. frá lögmönnum sem telja að það samrýmist ekki hlutverki þeirra sem verjenda að halda einhverju leyndu fyrir skjólstæðingum sínum. Af þeim sökum er lagt til að undantekningarákvæðið verði afnumið og er tilvísunin í niðurlagi 1. mgr. 42. gr. því felld á brott. Jafnframt verði sérstaklega tekið fram í 2. mgr. 43. gr. að verjanda sé heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum gögn máls með öðrum hætti þegar hann hefur fengið aðgang að þeim.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. 43. gr. laga um meðferð opinberra mála er að finna annað nýmæli sem tekið var upp í lög um meðferð opinberra mála á sínum tíma, en það er að verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð.

Eins og fram kemur í athugasemdum með 11. gr. frumvarpsins er gert fyrir ráð því í 2. mgr. þessarar greinar að verjandi geti afhent skjólstæðingi sínum eintak af endurriti eða kynnt honum gögn með öðrum hætti um leið og hann hefur fengið aðgang að þeim. Þar með gæti sakaður maður hagrætt framburði sínum, t.d. eftir að hafa fengið vitneskju um framburð annarra sakborninga eða vitna fyrir lögreglu. Þar eð slíkt getur skaðað rannsókn máls og jafnvel komið í veg fyrir að það upplýsist er lagt til að lögreglu sé fengin heimild til að synja verjanda um aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að eina viku frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Með fyrrgreinda tímamarkinu er t.d. átt við það þegar skýrsla er tekin, hvort sem er af sakborningi eða vitni, en með því síðargreinda þegar gögn, sem áður hafa orðið til, berast lögreglu, t.d. gögn erlendis frá. Rétt er að leggja áherslu á að þessi heimild lögreglu, sem hér um ræðir, er hugsuð sem undantekningarákvæði sem aðeins ætti að beita þegar sérstaklega stendur á og verulegir hagsmunir eru í húfi. Í 23. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lög-

regla geti meðan á rannsókn máls stendur farið fram á að tekin verði skýrsla af sakborningi eða vitnum fyrir dómi áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum, en um skýringu á því ákvæði vísast annars til athugasemda með þeirri grein. Þegar verjandi hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum gögnin með öðrum hætti.

Um 13. gr.

Á 44. gr. laga um meðferð opinberra mála eru ráðgerðar nokkrar orðalagsbreytingar, m.a. til samræmis við aðrar breytingar á VI. kafla laganna. Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 14. gr.

Í þessari grein er eins og áður segir að finna ákvæði sem verður að telja með mikilvægustu nýmælum þessa frumvarps. Gerð er tillaga um það, m.a. til þess að leggja áherslu á nýja og bætta réttarstöðu brotaþola við rannsókn opinbers máls og meðferð þess fyrir dómi, að tekinn verði upp nýr kafli í lög um meðferð opinberra mála, VII. kafli, með fyrirsögninni „Brotaþoli og réttargæslumaður“ í samræmi við fyrirsögnina á VI. kafla laganna. Jafnframt er lagt til að núverandi VII. kafla og VIII. kafla, sem báðir hafa að geyma ákvæði um sönnun og sönnunargögn, verði steypt saman í einn kafla, VIII. kafla, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að í hinum nýja kafla um brotaþola og réttargæslumann hans verði níu lagagreinar. Í fyrstu greininni, 44. gr. a, er mælt fyrir um nokkur grundvallarréttindi brotaþola og má segja að hún samsvari 32. og 33. gr. laganna. Í 44. gr. b–i er síðan kveðið á um réttargæslumann (og talsmann) með áþekkum hætti og um verjanda (og talsmann) í 34.–44. gr. laganna.

Í 1. mgr. 44. gr. a er sérstaklega mælt fyrir um skyldu lögreglu til að leiðbeina brotaþola um þau réttindi sem honum er fengin í lögum, hvort sem er í lögum um meðferð opinberra mála eða öðrum lögum. Í 44. gr. e, þar sem vísað er til 38. gr. laganna, felst að lögreglu ber m.a. að vekja athygli brotaþola á rétti til að fá sér tilnefndan eða skipaðan réttargæslumann í samræmi við 44. gr. b eða c. Að öðru leyti er ástæðulaust að fjalla nánar um það hvað í þessari skyldu felst, en rétt er að vekja athygli á því að í 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er almennt kveðið á um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, þar á meðal lögreglu.

Í gildandi lögum er ekki kveðið sérstaklega á um tilkynningarskyldu lögreglu eða ákæranda gagnvart brotaþola ef frá er talin 1. mgr. 114. gr. laganna þar sem segir að ákærandi skuli tilkynna þeim sem misgert hefur verið við ef mál er fellt niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. Með 2. og 3. mgr. 44. gr. a er lagt til að úr þessu verði bætt og mælt fyrir um víðtæka tilkynningarskyldu gagnvart brotaþola þannig að hann sé á hverjum tíma upplýstur um meðferð máls og afdrif þess. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að brotaþola verði ávallt tilkynnt ef rannsókn máls er hætt eða það fellt niður án tillits til þess hvort hann hefur kært brotið. Í samræmi við 1. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga ber að rökstyðja ákvörðun um að hætta rannsókn eða fella niður mál með öðrum hætti ef brotaþoli krefst þess.

Athygli er vakin á því að í a-lið 24. gr. frumvarpsins er lagt til að við 1. mgr. 76. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: „Sá sem á hagsmuna að gæta getur borið ákvörðun lögreglu undir ríkissaksóknara sem tekur fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki.“ Þar eð þetta ákvæði tekur samkvæmt orðanna hljóðan til brotaþola er tekið fram í 2. mgr. 44. gr. a að lögregla skuli benda honum á þennan rétt, en síðari málsliður 2. mgr. 76. gr., sem lagt er til í b-lið 24. gr. frumvarpsins að verði breytt, er eðli máls samkvæmt einskorðaður við þá sem kært hafa brot.

Eins og áður segir hvílir skv. 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð opinberra mála tilkynningarskylda á ákæranda gagnvart brotaþola ef mál er fellt niður skv. 112. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr., sbr. 26. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. 44. gr. a er til viðbótar tekið fram að ef ákæra er gefin út í máli skuli ákærandi tilkynna brotaþola það. Jafnframt ber ákæranda að tilkynna brotaþola um niðurstöðu dóms, ef máli lýkur á þann hátt, eða afdrif þess að öðru leyti, svo sem ef málinu eða einkaréttarkröfu hans er vísað frá dómi.

Í 4. mgr. 44. gr. a er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um leiðbeiningar- og tilkynningarskyldu ákæranda og lögreglu samkvæmt greininni. Með því móti er unnt að gera grein fyrir þeirri tvíþættu skyldu heildstætt og ítarlega þannig að öllum hlutaðeigandi verði hún ljós.

Í 44. gr. b og c er mörkuð sú stefna að lögregla skuli tilnefna brotaþola réttargæslumann meðan á rannsókn máls stendur, en dómari skuli að jafnaði því aðeins skipa réttargæslumann að mál hafi verið höfðað með útgáfu ákæru, sbr. og b-lið 30. gr. frumvarpsins. Sú tilhögun að lögregla tilnefni réttargæslumann á rannsóknarstigi er einfaldari í sniðum en það fyrirkomulag, sem tíðkast t.d. í Danmörku, að hann skuli ávallt vera skipaður af dómara, sbr. 741. gr. a í dönsku réttarfarslögunum. Þessi skipan ætti því að vera hagkvæmari fyrir brotaþola, en í 2. mgr. 44. gr. c er gert ráð fyrir að hann (eða lögráðamaður hans) geti leitað atbeina dómara og óskað eftir því að honum verði skipaður réttargæslumaður ef lögregla hefur neitað eða látið hjá líða að tilnefna honum málsvara. Fallist dómari á þá kröfu skipar hann réttargæslumann og er þar um að ræða undantekningu frá fyrrgreindri meginreglu.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan hefur brotaþoli ekki átt rétt á því að honum væri tilnefndur eða skipaður réttargæslumaður til að gæta hagsmuna hans í opinberu máli. Í 3. mgr. 44. gr. i er ráð fyrir því gert að þóknun réttargæslumanns verði greidd úr ríkissjóði á sama hátt og þóknun verjanda. Þótt þóknun teljist til sakarkostnaðar þannig að ákærði verði dæmdur til að endurgreiða hana sé hann sakfelldur fyrir það brot, sem honum er gefið að sök, sbr. 165. gr. laganna, er ljóst að það mundi hafa veruleg útgjöld í för með sér ef tekin væri upp almenn eða víðtæk skylda til að tilnefna eða skipa brotaþola réttargæslumann. Ákvæði 1.–3. mgr. 44. gr. b eru við það miðuð annars vegar að útgjaldaauka af þessari nýju skipan verði haldið í skefjum og hins vegar að ákvæðin verði tiltölulega einföld í sniðum og þar með auðveldari í framkvæmd en ella væri. Við mótun ákvæðanna hefur sem fyrr segir verið höfð hliðsjón af tillögum umboðsmanns barna og skýrslu nefndar um réttarstöðu brotaþola, svo og 741. gr. a í dönsku réttarfarslögunum og 107. gr. a í norsku lögunum um meðferð sakamála.

Í 1. mgr. 44. gr. b er kveðið á um fortakslausa skyldu lögreglu til að tilnefna brotaþola réttargæslumann ef í hlut á barn sem er yngra en 18 ára þegar rannsókn hefst, enda leiki grunur á að það hafi orðið fyrir kynferðisbroti, sbr. XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ástæðan fyrir því að mælt er fyrir um almenna skyldu til að tilnefna brotaþola málsvara þegar svo stendur á er að slík rannsókn beinist oft og tíðum að ofbeldisbrotum sem hafa haft í för með sér varanlegt tjón á líkama og andlegu heilbrigði þeirra sem fyrir þeim hafa orðið. Ekki verður heldur litið framhjá þeirri staðreynd að í hlut eiga einstaklingar sem lítils mega sín og þurfa því yfirleitt á sérstakri aðstoð réttargæslumanns að halda. Skv. 1. mgr. 44. gr. b er skylt að tilnefna réttargæslumann ef fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi án tillits til þess hvort lögráðamaður brotaþola, sem er ólögráða fyrir æsku sakir skv. 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, ber fram ósk um slíka tilnefningu. Þetta stafar m.a. af því að fyrir kemur að lögráðamaður er sjálfur sakborningur í málum sem þessum. Þá þykir ekki ástæða til að gera greinarmun á því að hvaða broti í XXII. kafla hegningarlaga rannsókn beinist, enda er oft erfitt að greina þar á milli við upphaf rannsóknar. Til einföldunar er mið-

að við aldur brotaþola á þeim tíma þegar rannsókn hefst þannig að ekki er útilokað að hann sé nýorðinn 18 ára þegar réttargæslumaður er tilnefndur.

Í 2. mgr. 44. gr. b er mælt svo fyrir að lögreglu sé skylt, í öðrum tilvikum en þeim sem tilgreind eru í 1. mgr., eftir ósk brotaþola (eða lögráðamanns hans) að tilnefna honum réttargæslumann ef eftirgreindum skilyrðum er fullnægt: Í fyrsta lagi að rannsókn beinist að brotum á XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga eða 251.–253. gr. laganna, í öðru lagi að ætla megi að brotaþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins og í þriðja lagi að hann hafi, að mati lögreglu, þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu. Síðastgreind tvö skilyrði eru tekin upp í frumvarpið úr 107. gr. a í norsku lögunum um meðferð sakamála. Brot þau, sem hér er vísað til, eiga það flest sameiginlegt að vera ofbeldisbrot, en í XXII. kafla hegningarlaga er að finna kynferðisbrot, í XXIII. kafla brot á borð við manndráp og líkamsmeiðingar og í XXIV. kafla brot gegn frjálsræði manna. Í 251. gr. laganna er fjárkúgun lýst refsiverð, í 252. gr. rán og í 253. gr. misneyting sem fólgin er því að maður hafi notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða það að hann var honum háður til þess afla sér fjárhagslegs ávinnings. Þess má geta að ríkissaksóknari höfðar mál vegna flestra þessara brota, sbr. 3. mgr. 27. gr. laga um meðferð opinberra mála. Á sama hátt og í 1. mgr. þykir ekki ástæða til að gera greinarmun á brotum sem falla undir XXII. og XXIII. kafla hegningarlaga þótt þau séu misjafnlega alvarleg, ekki síst vegna þeirrar afmörkunar sem fólgin er í skilyrðinu um að ætla megi að brotaþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins. Það skilyrði er annars háð mati lögreglu og eftir atvikum dómara, sbr. 2. mgr. 44. gr. c. Sama er að segja um skilyrðið að brotaþoli þurfi á sérstakri aðstoð réttargæslumanns að halda. Ef hin tvö skilyrðin eru uppfyllt verður að telja líklegt að brotaþoli þurfi á slíkri aðstoð að halda, en þó þarf það ekki að vera, t.d. ef óvíst er hver framdi brotið sem er til rannsóknar þannig að einkaréttarkröfur verði ekki settar fram, eða málsatvik eru tiltölulega einföld. Í þvílíkum tilvikum væri brotaþoli fær um að gæta hagsmuna sinna sjálfur nema hann stæði höllum fæti, svo sem vegna ungs aldurs eða bágrar félagslegrar stöðu, sbr. til hliðsjónar 3. mgr. 44. gr. b.

Í þeirri málsgrein segir að lögregla geti tilnefnt brotaþola réttargæslumann þótt hann (eða lögráðamaður hans) hafi ekki óskað þess ef framangreindum skilyrðum 2. mgr. 44. gr. b er fullnægt. Þetta ákvæði er hliðstætt 2. mgr. 35. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætti t.d. beita því ef brotaþoli væri barn, yngra en 18 ára, og lögráðamaður þess sæi ekki ástæðu til að óska eftir að því yrði tilnefndur málsvari.

Í fyrri málslið 4. mgr. 44. gr. b er svo fyrir mælt að séu skilyrði til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.–3. mgr. skuli það gert jafnskjótt og tilefni gefst. Það getur t.d. gerst strax í upphafi rannsóknar ef ljóst er hver brotaþoli er og svo stendur á sem í 1. mgr. segir eða fram kemur ósk um tilnefningu skv. 2. mgr. Þetta hlýtur annars að ráðast af atvikum, þá fyrst og fremst með tilliti til hagsmuna brotaþola sjálfs. Samkvæmt síðari málsl. 4. mgr. 44. gr. b fellur tilnefning réttargæslumanns sjálfkrafa niður um leið og dómari skipar réttargæslumann skv. 1. mgr. 44. gr. c. Eðlilegt verður að telja að sami maður og tilnefndur var réttargæslumaður í upphafi sé skipaður til að gegna því starfi áfram en ekkert er því þó til fyrirstöðu að annar verði skipaður í hans stað, t.d. ef brotaþoli (eða lögráðamaður hans) óskar eftir því, sbr. 44. gr. e þar sem m.a. er vísað til 2. mgr. 38. gr. laganna. Ef mál er ekki höfðað tekur lögregla ákvörðun um það eftir atvikum hverju sinni hvenær tilnefning réttargæslumanns falli niður. Í sumum tilvikum væri eðlilegt að það gerðist um leið og rannsókn væri hætt eða mál fellt niður með öðrum hætti, en þó gæti brotaþoli þurft á aðstoð málsvara síns að halda í skamman tíma þótt mál væri niður fallið.

Eins og áður segir er í 1. mgr. 44. gr. c, sbr. og b-lið 30. gr. frumvarpsins, gert ráð fyrir að dómari skipi brotaþola réttargæslumann við þingfestingu máls ef skilyrði sem tilgreind eru í 1.–3. mgr. 44. gr. b eru fyrir hendi. Það er ekki tilskilið að brotaþola hafi áður verið tilnefndur réttargæslumaður, enda geta aðstæður verið þannig að ekki sé þörf á slíkri aðstoð fyrr en eftir að mál hefur verið höfðað.

Með 1. mgr. 44. gr. d er brotaþola, á sama hátt og sakborningi, gefinn kostur á að velja sér talsmann úr hópi lögmanna til að gæta hagsmuna sinna í opinberu máli. Greinin er að öðru leyti sniðin eftir 37. gr. laganna og vísast til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins um frekari skýringar á henni.

Í 44. gr. e er tekið fram að um tilnefningu, skipun og hæfi réttargæslumanns, svo og afturköllun á tilnefningu og skipun hans, gildi samsvarandi ákvæði og um verjendur í 38.–40. gr. laganna eftir því sem við á. Þetta þýðir m.a. að lögreglu eða dómara ber, eins og áður hefur verið nefnt, að vekja athygli brotaþola á rétti hans til að fá tilnefndan eða skipaðan réttargæslumann þegar það á við, sbr. 1. mgr. 38. gr. Við tilnefningu eða skipun hans skal að jafnaði fara eftir ósk brotaþola (eða lögráðamanns hans), sbr. 2. mgr. 38. gr. Þá skal réttargæslumaður að jafnaði tilnefndur eða skipaður úr hópi lögmanna, sbr. 1. mgr. 39. gr. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 7.–9. gr. frumvarpsins

Segja má að 44. gr. f–i, þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur réttargæslumanns, eigi sér fyrirmynd í samsvarandi ákvæðum um réttindi og skyldur verjanda í 41.–44. gr. laganna.

Í 1. mgr. 44. gr. f er mælt fyrir um hlutverk réttargæslumanns. Honum ber fyrst og fremst að gæta hagsmuna brotaþola í opinberu máli en jafnframt að veita honum þá aðstoð í málinu sem krafist verður af löglærðum málsvara. Sérstaklega hvílir sú skylda á réttargæslumanni að móta einkaréttarkröfur fyrir brotaþola, einkum bótakröfur, koma þeim á framfæri við ákæruvaldið og fylgja þeim síðan eftir fyrir dómi, sbr. 5. mgr. 172. gr. laganna og 39. gr. frumvarpsins. Ákvæði 2. og 3. mgr. 44. gr. f eru sama efnis og 2. og 3. mgr. 41. gr. laganna og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Gert er ráð fyrir því í 1. mgr. 44. gr. g að réttargæslumanni verði ávallt heimilt, á sama hátt og verjanda, að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af skjólstæðingi hans. Ekki er tekið fram, frekar en í 2. mgr. 42. gr. laganna, að lögreglu sé þar með skylt að tilkynna honum fyrir fram um skýrslutöku, en það leiðir að sjálfsögðu af eðli máls. Ákvæði 1. og 2. mgr. 44. gr. g eru annars efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 42. gr. laganna, að öðru leyti en því að skv. 2. mgr. 44. gr. g á réttargæslumaður ekki rétt á því að vera viðstaddur þinghöld á rannsóknarstigi nema taka eigi skýrslu af brotaþola. Eftir að ákæra hefur verið gefin út á hann hins vegar rétt á að vera viðstaddur öll réttarhöld í málinu, jafnvel þótt þau séu háð fyrir luktum dyrum, og fá jafnframt vitneskju um hvenær þau hefjist, þar á meðal á að tilkynna honum með hæfilegum fyrirvara hvenær mál skuli þingfest. Brotaþoli á að jafnaði, eins og hver annar, rétt til að vera viðstaddur þinghöld á grundvelli meginreglunnar um opinbera málsmeðferð. Þar eð hann er ekki aðili máls í skilningi laganna á hann hins vegar ekki rétt á því að vera viðstaddur lokað réttarhald, en réttargæslumanni er einmitt ætlað að gæta hagsmuna hans við þær aðstæður.

Ákvæði 3. mgr. 44. gr. g taka mið af þessari staðreynd og því sömuleiðis að gæta verði, eftir því sem kostur er, jafnræðis milli ákæruvalds og ákærða. Þannig er lagt til að réttargæslumanni verði óheimilt að spyrja þá beint, sem skýrslur gefa fyrir dómi, öfugt við ákæranda og verjanda, sbr. 2. mgr. 59. gr. laganna. Á hinn bóginn geti hann óskað þess að dómari eða ákærandi leggi spurningar fyrir þá. Skv. 5. mgr. 172. gr. laganna skal dómari gefa brotaþola eða réttargæslumanni, sbr. 39. gr. frumvarpsins, kost á að tjá sig um einkaréttarkröfur brotaþola. Þessi réttur þess síðarnefnda til að tjá sig er áréttaður í 3. mgr. 44. gr. g, og jafn-

framt er þar tekið fram að honum sé heimilt að tjá sig munnlega um réttarfarsatriði, sem snúa sérstaklega að brotaþola, sbr. 4. mgr. 107. gr. c í norsku lögunum um meðferð sakamála. Sem dæmi má nefna skyldu brotaþola til að svara spurningu fyrir dómi eða kröfu um að sakborningur víki úr þinghaldi en á hinn bóginn er skýrt kveðið á um það í 3. mgr. 44. gr. g að réttargæslumanni sé óheimilt að fjalla um kröfu ákæruvalds um refsingu og önnur viðurlög. Þó getur hann jafnan komið sjónarmiðum skjólstæðings síns á framfæri með því að fá bókaðar stuttorðar athugasemdir í þingbók samkvæmt nánari ákvörðun dómara.

Í 44. gr. h er kveðið á um rétt réttargæslumanns, svo og brotaþola sjálfs, til aðgangs að gögnum máls. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að aðgangur réttargæslumanns, sem og brotaþola sjálfs, sbr. 2. og 3. mgr., verði takmarkaður meðan á rannsókn stendur. Byggist þetta á því sjónarmiði að óheftur aðgangur að málsgögnum á rannsóknarstigi gæti skaðað rannsókn málsins sem væri í raun og veru andstætt hagsmunum brotaþola. Nauðsynlegt er þó að brotaþoli og réttargæslumaður hans fái ávallt aðgang að gögnum til þess að geta sett fram einkaréttarkröfur í málinu og fer að sjálfsögðu eftir atvikum hvaða gögn það eru. Að auki væri lögreglu heimilt, en ekki skylt, að veita frekari aðgang að gögnum telji hún það gagnlegt í þágu rannsóknar. Þegar ákæra hefur verið gefin út ætti venjulega ekkert að vera því til fyrirstöðu að brotaþoli og réttargæslumaður fái aðgang að gögnum máls á sama hátt og ákærði og verjandi. Þó er sleginn sá varnagli í 1. mgr. 44. gr. h að dómari geti neitað að veita réttargæslumanni og þar með brotaþola aðgang að tilteknum gögnum ef hann telur að það kunni að torvelda að mál upplýsist, t.d. í því tilviki að hætta væri á því að brotaþoli hagræddi vitnisburði sínum fyrir dómi með hliðsjón af því sem fram kæmi í gögnunum. Aðgangur að þeim skal þó í síðasta lagi veittur áður en málið er flutt, þ.e. eftir að skýrslutökum er lokið, sbr. 3. mgr. 129. gr. laganna. Ákvæði 2. mgr. 44. gr. h er sama efnis og 2. mgr. 43. gr. laganna. Í 3. mgr. 44. gr. h er brotaþola, sem ekki nýtur aðstoðar málsvara, tryggður réttur til aðgangs að gögnum máls með sama hætti og réttargæslumanni skv. 1. mgr. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á 2. tölul. 47. gr. frumvarpsins þar sem gerð er tillaga um breytingu á 3. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga þess efnis að brotaþoli fái að kynna sér gögn máls eftir að það hefur verið fellt niður eða því lokið á annan hátt.

Eins og áður segir er gengið út frá í frumvarpinu að þóknun réttargæslumanns, hvort sem hann er tilnefndur af lögreglu eða skipaður af dómara, verði greiddur úr ríkissjóði og teljist til sakarkostnaðar skv. 164. gr. laganna, sbr. 35. gr. frumvarpsins. Ákvæði þessa efnis er að finna í 3. mgr. 44. gr. i. Bæði 1. og 2. mgr. greinarinnar eru annars efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 44. gr. laganna og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 15. gr.

Að þessu ákvæði er vikið í athugasemdum við 14. gr. frumvarpsins og þarfnast það ekki frekari skýringa.

Um 16. gr.

Fyrirmæli 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð hafa verið skýrð svo að sönnunarfærsla fyrir dómi skuli að jafnaði vera milliliðalaus, þ.e. að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þetta þýðir að ætlast er til að dómari eða dómarar, sem dæma mál að efni til, skuli taka sjálfir skýrslur af ákærða og vitnum, þar á meðal brotaþola. Rökin fyrir þessari reglu eru fyrst og fremst þau að með þessu móti geta dómendur metið trúverðugleika ákærða og vitna sem auðveldar þeim að leggja mat á sönnunargildi þeirra skýrslna sem gefnar eru fyrir dómi. Slíkt eykur líkur á því að dómur sé byggður á efnislega réttum forsendum.

Í 2. og 3. mgr. 48. gr. laga um meðferð opinberra mála er að finna undantekningar frá meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu. Ákvæði 3. mgr. tekur til þess að þegar vitni hefur gefið skýrslu fyrir lögreglu eða öðrum rannsóknaraðila, en ekki er kostur að leiða það fyrir dóm, er dómara skv. 2. mgr. heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði eða vitni, þar á meðal brotaþoli, hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð skv. XV. kafla laganna, ef kostur er, og ákærði og verjandi hans krefjast eða dómari telur annars ástæðu til.

Í þessari grein frumvarpsins er gengið út frá því, þrátt fyrir nokkrar breytingar á núverandi orðalagi 2. mgr. 48. gr., að efni hennar haldist óbreytt að öðru leyti en því að bætt verði nýju ákvæði við hana þar sem kveðið sé á um það að leiki grunur á að barn, yngra en 18 ára, hafi orðið fyrir kynferðisbroti þurfi það að jafnaði ekki að koma fyrir dóm að nýju ef skýrsla hefur verið tekin þar af því á rannsóknarstigi, sbr. 23. gr. frumvarpsins. Markmiðið með þessu ákvæði er að hlífa börnum, eftir því sem kostur er, við því að þurfa að rifja oftar en einu sinni upp atburði sem oftast nær hafa valdið þeim miklum andlegum og jafnvel líkamlegum þjáningum. Með tilliti til reglunnar um milliliðalausa sönnunarfærslu er þó ekki rétt að girða algerlega fyrir að barn komi fyrir dóm að nýju við meðferð máls fyrir dómi, t.d. ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að skýrsla var tekin af barninu eða vafi þykir leika á sönnunargildi framburðar þess. Þegar svo stendur á er gert ráð fyrir að dómari geti ákveðið, annaðhvort að eigin frumkvæði eða eftir kröfu annars hvors málsaðila, ákæranda eða ákærða (eða verjanda hans), að barnið gefi skýrslu fyrir dómi á ný. Hins vegar væri dómara ekki skylt að fara eftir kröfum aðila í þessu tilfelli, öfugt við önnur tilvik sem 2. mgr. 48. gr. tekur til. Þess má geta að bæði í Danmörku og Noregi, sbr. t.d. 2. mgr. 234. gr. norsku laganna um meðferð sakamála, eru reglur um meðferð sakamála þannig úr garði gerðar að í framkvæmd þurfi börn, sem grunur leikur á að hafi verið misnotuð kynferðislega, ekki að gefa skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð máls, eins og nánar verður vikið að í athugasemdum við 23. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Þegar lög nr. 91/1991, um meðferð einkamála, voru sett var tekin upp í 4. mgr. 51. gr. laganna heimild til að taka skýrslu af vitni um síma eða annað fjarskiptatæki ef sérstakar aðstæður væru fyrir hendi. Þessi háttur hefur gefist vel í einkamálum og er því lagt til að sams konar heimild verði tekin upp í lög um meðferð opinberra mála. Ákvæðið er nákvæmlega eins orðað og umrætt ákvæði í lögum um meðferð einkamála. Vegna þess að opinber mál eru annars eðlis en einkamál ber að beita heimild sem þessari af varúð, enda er hér um að ræða frávik frá meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu. Þannig ætti dómari að sjá til þess að fyrir dóm kæmu jafnan þau vitni sem mikilvæg gætu talist, t.d. brotaþoli. Athygli er og vakin á því að samkvæmt orðanna hljóðan væri ekki unnt að beita þessari heimild til að taka skýrslu af ákærða um síma eða annað fjarskiptatæki.

Um 18. gr.

Markmiðið með skýrslutöku af vitnum, þar á meðal brotaþolum, er að upplýsa mál svo sem kostur er. Af þeim sökum er mikilvægt að við skýrslutöku sé gætt hagsmuna beggja málsaðila, ákæruvaldsins jafnt sem ákærða. Í d-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu er sakborningi sérstaklega tryggður réttur til að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum á sama hátt og önnur vitni. Samhliða ber að horfa til þess sjónarmiðs að skýrslutaka sé framkvæmd á þann hátt að sem til minnstra óþæginda verði fyrir vitni. Þetta á ekki síst við um brotaþola, sérstaklega ef hann er ungur að árum.

Með vísun til þessa er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við 59. gr. laganna þar sem í fyrsta lagi verði mælt svo fyrir að þegar skýrsla er tekin af brotaþola, yngri en 18 ára, geti dómari kvatt til kunnáttumann, t.d. sálfræðing eða sérþjálfaðan lögreglumann, sér til aðstoðar við skýrslutöku. Í 4. mgr. 10. gr. laga um meðferð einkamála er heimild til að kalla til kunnáttumann ef sá sem á að gefa skýrslu fyrir dómi er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli. Þessa heimild er ekki að finna í lögum um meðferð opinberra mála, en í 1. og 2. mgr. 239. gr. norsku laganna um meðferð sakamála er að finna sams konar heimild og þá sem hér er gerð tillaga um þótt aldursmarkið þar sé reyndar lægra eða 14 ár. Áherslu ber að leggja á það að hér um að ræða heimild sem síður er ástæða til að nota eftir því sem barnið er eldra og hefur náð meiri þroska. Í öðru lagi verði kveðið á um það, þegar tekin er skýrsla af brotaþola sem hefur ekki náð 18 ára aldri, að ákærandi, ákærði og verjandi hans skuli ekki eiga fortakslausan rétt á að vera viðstaddir í dómsal eða annars staðar þar sem dómþing er háð, sbr. 1. mgr. 7. gr. laganna, ef dómari telur að nærvera þeirra geti orðið brotaþola sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð hans. Þar eð hér er um að ræða skerðingu á mikilvægum réttindum málsaðila, ekki síst sakbornings, til að fylgjast með skýrslutöku og beina spurningum til vitnis, þ.e. brotaþola í þessu tilviki, er tekið fram að dómari skuli sjá til þess að aðilar geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram, jafnframt því sem þeir geti látið leggja fyrir brotaþola þær spurningar sem þeir óska. Þetta þýðir með öðrum orðum að ef þessu verður ekki við komið, t.d. þannig að aðilar geti fylgst með skýrslutöku af sjónvarpsskjá um leið og hún fer fram, yrði ekki unnt að beita þessari heimild. Rétt er að taka fram að með tilliti til réttinda sakbornings (og verjanda hans) ætti að sjálfsögðu aðeins að nota hana þegar brýna nauðsyn ber til á sama hátt og heimildina í 6. mgr. 59. gr. til að víkja sakborningi úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis, þar á meðal brotaþola, er tekin. Sérstök athygli er vakin á því að gert er ráð fyrir að réttargæslumaður eigi ávallt rétt á því að vera viðstaddur skýrslutöku af brotaþola og öðrum vitnum fyrir dómi, sbr. 1. og 2. mgr. 44. gr. g, svo og 2. mgr. 74. gr. a, sbr. 14. og 23. gr. frumvarpsins.

Í niðurlagi greinarinnar segir að dómsmálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun skýrslutöku samkvæmt hinni nýju málsgrein. Þar væri t.d. unnt að mæla svo fyrir að skýrslutaka af brotaþolum, yngri en 18 ára, skuli að jafnaði fara fram í sérstöku herbergi, þannig útbúnu að börnum, sem eiga að gefa skýrslu, líði þar eins vel og kostur er. Þá þarf að vera þar fyrir hendi myndatökubúnaður og önnur aðstaða til að framkvæma skýrslutöku í samræmi við það sem kveðið er á um í málsgreininni.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Í lögum um meðferð opinberra mála er almennt gengið út frá því að því aðeins verði efnt til rannsóknar samkvæmt lögunum ef ljóst er eða grunur leikur á að refsivert brot hafi verið framið, sbr. 1. og 2. mgr. 66. gr. laganna. Í því felst áskilnaður um að refsingu eða öðrum refsikenndum viðurlögum verði við komið. Skv. 3. mgr. 66. gr. skal þó rannsókn fara fram út af mannslátum, mannshvörfum, eldsvoðum, slysum og öðrum óförum, enda þótt ekki liggi fyrir grunur um refsivert atferli. Gerð er tillaga um að tekið verði upp nýtt ákvæði í 66. gr. þar sem ríkissaksóknara verði veitt heimild til þess, þegar sérstaklega stendur á, að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök sé fyrnd. Þetta verði þó því aðeins gert að ríkir almannahagsmunir jafnt sem einkahagsmunir mæli með því. Samkvæmt þessu yrði rannsóknin að beinast að háttsemi sem ljóst væri

eða grunur léki á að hefði verið refsiverð þegar hún var framin, auk þess sem ríkar ástæður yrðu að vera fyrir hendi til þess að unnt væri að mæla fyrir um rannsókn samkvæmt þessu ákvæði, svo sem sú að skaðabótakrafa gæti stofnast í kjölfar slíkrar rannsóknar.

Um 21. og 22. gr.

Um skýringar á greinunum vísast til athugasemda við 23. gr.

Um 23. gr.

Í niðurlagi 1. mgr. 74. gr. laga um meðferð opinberra mála er að finna heimild til að taka skýrslu fyrir dómi af sakborningi eða vitnum, þar á meðal brotaþola, meðan á rannsókn opinbers máls stendur. Um er að ræða undantekningu frá meginreglu 1. mgr. 48. gr. laganna um milliliðalausa sönnunarfærslu þar sem áskilið er að sakborningur og vitni komi fyrir dóm við meðferð máls, þá fyrst og fremst aðalmeðferð þess, sbr. 129. gr. laganna. Við sérstakar aðstæður getur hins vegar verið réttlætanlegt að víkja frá þessari reglu, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

Lagt er til að tekin verði upp sérstök grein í lög um meðferð opinberra mála, 74. gr. a, þar sem kveðið verði á um það í hvaða undantekningartilvikum skuli vera skylt eða heimilt að taka skýrslu fyrir dómi á rannsóknarstigi. Skv. 48. gr. laga um meðferð opinberra mála er einvörðungu heimilt að taka til greina sem sönnunargögn í opinberum málum þær skýrslur sem gefnar hafa verið fyrir dómi, nema þess sé ekki kostur að vitni, sem hefur gefið skýrslu fyrir lögreglu, komist fyrir dóm, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Þessi greinarmunur, sem gerður er á skýrslu fyrir dómi annars vegar og lögreglu hins vegar, helgast fyrst og fremst af því að sakborningur og verjandi hafa betra tækifæri til þess að fylgjast með skýrslutöku fyrir dómi og spyrja eða láta spyrja þá sem þar gefa skýrslu en við skýrslutöku hjá lögreglu sem eðli máls samkvæmt er óformlegri. Þá má heldur ekki líta fram hjá þeirri staðreynd að meðan lögregla heyrir undir ákæruvaldið, sbr. t.d. 5. mgr. 27. gr. og 2. mgr. 66. gr. laganna, er dómari sjálfstæður í störfum sínum. Af þessum sökum er engum vafa undirorpið að réttaröryggis sakbornings er betur gætt við skýrslutöku fyrir dómi en hjá lögreglu og því hljóta skýrslur, sem gefnar eru fyrir dómi, almennt að hafa ríkara sönnunargildi en lögregluskýrslur.

Í athugasemdum við 16. gr. frumvarpsins var m.a. gerð grein fyrir því markmiði, sem stefnt er að með frumvarpinu, að börnum, sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðisbroti, verði hlíft við því, eftir því sem kostur er, að þurfa gefa skýrslu í opinberu máli oftar en einu sinni. Þannig er mælt svo fyrir í 1. mgr. 298. gr. og 1. mgr. 239. gr., sbr. 2. mgr. 234. gr., norsku laganna um meðferð sakamála að í þeim tilvikum skuli þeirri meginreglu fylgt að skýrsla sé tekin af brotaþola fyrir dómi á rannsóknarstigi og skuli sú skýrsla koma í stað skýrslu við aðalmeðferð málsins. Dönsku réttarfarslögin hafa ekki að geyma sambærileg ákvæði, en þó hefur sams konar heimild og sú sem er nú að finna í niðurlagi 1. mgr. 74. gr. laga um meðferð opinberra mála verið notuð til að taka skýrslu af börnum fyrir dómi á rannsóknarstigi í Danmörku, m.a. að frumkvæði danska ríkissaksóknarans. Af einhverjum ástæðum hefur heimildin verið notuð í mjög takmörkuðum mæli hér á landi, en hins vegar hefur færst í vöxt í kynferðisbrotamálum að framburður barna fyrir lögreglu sé tekinn upp á myndband og hann síðan lagður til grundvallar dómi í slíkum málum. Með vísun til þess sem að framan segir um sönnunargildi skýrslna sem gefnar eru fyrir dómi í samanburði við lögregluskýrslur er í a-lið 1. mgr. 74. gr. a mælt fyrir um það að beinist rannsókn að kynferðisbroti og sé brotaþoli yngri en 18 ára þegar rannsókn máls hefst sé lögreglu skylt að leita atbeina dómara sem sjái um að taka skýrslu af honum. Með þessu móti er komið í veg fyrir að skýrsla verði fyrst tekin hjá lögreglu en síðar fyrir dómi. Þrátt fyrir þessa tilhögun getur lög-

regla látið leggja fyrir brotaþola þær spurningar sem hún kýs því að ákærandi á þess jafnan kost að vera viðstaddur eða a.m.k. fylgjast með skýrslutöku og spyrja eða láta spyrja brotaþola, sbr. athugasemdir við 18. gr. frumvarpsins.

Í b-lið 1. mgr. 74. gr. a segir, í samræmi við ráðgerðar breytingar á 1. mgr. 42. gr. og 43. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 11. og 12. gr. frumvarpsins, að lögregla geti á rannsóknarstigi leitað atbeina dómara til að taka skýrslu af sakborningi, brotaþola eða vitnum ef hún telur það nauðsynlegt til þess að upplýsa mál áður en verjandi sakbornings fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess. Með tilliti til sönnunargildis skýrslu sem gefin er fyrir dómi í samanburði við lögregluskýrslu getur lögregla með þessu leitast við að tryggja sönnun áður en sakborningur fær aðgang að gögnum og þar með tækifæri til að hagræða framburði sínum, t.d. með hliðsjón af framburði annarra sakborninga eða vitna í málinu. Jafnframt er ekkert því til fyrirstöðu að sakborningur fái aðgang að málsgögnum eftir að hann hefur gefið skýrslu skv. b-lið 1. mgr. 74. gr. a. Gert er ráð fyrir að dómari geti, ef þörf krefur, framlengt einnar viku frestinn í 1. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 12. gr. frumvarpsins, í samtals allt að þrjár vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans, en slíkt gæti orðið nokkuð tímafrekt ef taka þyrfti skýrslu af mörgum sakborningum og vitnum.

Vitni, sem kemur fyrir dóm í opinberu máli, er almennt skylt að svara spurningum um atvik málsins að viðlagðri vitnaábyrgð, sbr. 1. mgr. 59. gr. laganna. Hins vegar er vitni, sem mætir til skýrslutöku hjá lögreglu, ekki skylt að svara spurningum hennar um atvik máls. Vegna þessa verður lögregla að eiga þess kost, eins og nú er fyrir mælt í 1. mgr. 74. gr. laganna, að láta taka skýrslu fyrir dómi af brotaþola eða öðrum vitnum meðan á rannsókn stendur ef þau neita að svara spurningum hennar. Sömuleiðis ef ætla má að þau komist ekki fyrir dóm við meðferð málsins, sbr. það sem að framan segir um sönnunargildi skýrslna sem gefnar eru fyrir dómi umfram lögregluskýrslur. Að lokum geta hagsmunir brotaþola eða vitna réttlætt að skýrslur verði teknar af þeim fyrir dómi á rannsóknarstigi til þess að hlífa þeim við því, á sama hátt og þeim börnum sem a-liður 1. mgr. 74. gr. a tekur til, að gefa oftar en einu sinni skýrslu í málinu. Einkum ætti þetta við ef um börn væri að ræða eins og berum orðum er tekið fram í niðurlagi c-liðar 1. mgr. 74. gr. a, en sams konar reglu er t.d. að finna í 2. mgr. 239. gr. norsku laganna um meðferð sakamála.

Skv. 2. mgr. 74. gr. a skal tilkynna ákæranda, verjanda og réttargæslumanni brotaþola um skýrslutöku sem fram á að fara fyrir dómi meðan á rannsókn máls stendur skv. 1. mgr. greinarinnar þannig að þeir geti verið viðstaddir hana. Til þess að tryggja enn frekar sönnunargildi skýrslutöku er kveðið á um að framburður sakbornings, brotaþola og vitna skuli tekinn upp á myndband sé þess kostur, sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna. Í aðalatriðum gilda sömu reglur um skýrslutöku sakbornings, brotaþola og vitna fyrir dómi, hvort sem hún fer fram á rannsóknarstigi eða við meðferð máls. Þannig skal gætt ákvæða 59. gr. laganna, eftir því sem við á, þegar tekin er skýrsla af vitnum, þar á meðal brotaþola, skv. 1. mgr. 74. gr. a. Því til áréttingar er tekið fram að gætt skuli ákvæða 7. mgr. 59. gr. þegar tekin er skýrsla af brotaþola, yngri en 18 ára, þar á meðal ákvæða í reglugerð þeirri sem þar er vísað til, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Athygli er vakin á því að skv. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, skal ákærandi tilkynna hlutaðeigandi barnaverndarnefnd þegar taka á skýrslu af barni fyrir dómi og er nefndinni heimilt að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan skýrslutöku.

Um 24. gr.

Um skýringu á greininni vísast til athugasemda við 14. gr. frumvarpsins.

Um 25. gr.

Lagt er til að sú breyting verði gerð á 1. mgr. 87. gr. laga um meðferð opinberra mála að lögregla og aðrir rannsóknaraðilar þurfi framvegis undantekningalaust að afla dómsúrskurðar til þess að hlera síma og önnur fjarskiptatæki og þar með taka upp símtöl og önnur fjarskipti í þágu rannsóknar opinbers máls án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því, sbr. a-lið 86. gr. laganna. Samkvæmt gildandi lögum nægir samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis til þess að unnt sé að taka upp símtöl eða önnur fjarskipti í þágu rannsóknar. Þar eð aðgerðir sem þessar hafa í för sér mjög verulega skerðingu á friðhelgi einkalífs, sem m.a. er lýst friðheilagt í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, er eðlilegt að dómsúrskurð þurfi jafnan til þeirra til þess að koma í veg fyrir að þær séu misnotaðar. Öðru máli gegnir hins vegar um það þegar einungis er aflað upplýsinga um símtöl við tiltekinn síma eða fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki, sbr. b-lið 86. gr. laga um meðferð opinberra mála, enda felur slíkt í sér veigaminni skerðingu á friðhelgi einkalífs. Af þeirri ástæðu er gert ráð fyrir að samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis nægi eftir sem áður til þess að lögregla geti aflað umræddra upplýsinga án dómsúrskurðar.

Um 26. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að fyrri málslið 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð opinberra mála verði efnislega óbreyttur. Í síðari málslið er kveðið á um það, í samræmi við 1. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga, að ákærandi skuli rökstyðja ákvörðun sína um að fella mál niður skv. 112. gr. eða falla frá saksókn skv. 113. gr. ef þess er krafist, hvort sem er af sakborningi eða brotaþola.

Um 27. gr.

Í 4. mgr. 115. gr. a laganna, eins og hún hljóðar nú, er tekið fram að ákvörðun dómara þess efnis að synja um áritun á sektarboð verði ekki skotið til æðra dóms. Að fenginni reynslu verður að telja það óæskilegt og er því gerð tillaga um að lögreglustjóri geti kært slíka ákvörðun til Hæstaréttar skv. 1. mgr. 142. gr. laganna.

Um 28. gr.

Í 3. mgr. 119. gr. er mælt svo fyrir að dómari skuli synja um að gefa út fyrirkall á hendur ákærða ef hann telur að þeir ágallar séu á ákæru eða málatilbúnaði ákæruvalds að öðru leyti að máli skuli vísað frá dómi af sjálfsdáðum. Þessi háttur er óvenjulegur og verður að telja að hann samrýmist tæplega því hlutverki dómara að vera sjálfstæður og óháður málsaðilum í störfum sínum. Skv. 3. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála skal dómari benda stefnanda, sem óskar að fá útgefna stefnu, á galla sem hann sér á málatilbúnaði og geta varðað frávísun máls frá dómi. Hins vegar má dómari ekki synja um útgáfu stefnu af þeim sökum, enda er hann óbundinn af slíku áliti þegar kemur að úrlausn málsins. Lagt er til að samsvarandi regla verði tekin upp í lög um meðferð opinberra mála. Ef ákærandi sér ekki ástæðu til að breyta ákæru eða málatilbúnaði af hálfu ákæruvalds, þrátt fyrir ábendingar dómara, yrði fyrirkall gefið út, ákæra birt ákærða og málið þingfest. Dómari gæti svo vísað máli frá dómi með úrskurði, eins og gert er ráð fyrir í gildandi 3. mgr. 122. gr. laga um meðferð opinberra mála (4. mgr. 122. gr. skv. 30. gr. frumvarpsins), ef hann teldi ástæðu til eftir að báðum málsaðilum hefði gefist kostur á að tjá sig um málefnið. Síðan ætti ákærandi þess kost að kæra þann úrskurð til Hæstaréttar skv. 1. mgr. 142. gr. laganna.

Um 29. gr.

Þær breytingar, sem lagðar eru hér til á upphafsákvæði 1. mgr. 120. gr. laga um meðferð opinberra mála, stafa m.a. af ráðgerðri breytingu á 3. mgr. 119. gr. þeirra, sbr. 28. gr. frumvarpsins. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að dómari þurfi ekki lengur að hafa samráð við ákæranda þegar hann ákveður stað og stund þinghalds þar sem opinbert mál skal þingfest.

Um 30. gr.

Í samræmi við breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á 1. mgr. 42. gr. og 43. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 11. og 12. gr. frumvarpsins, svo og ákvæðið í b-lið 1. mgr. 74. gr. a, sbr. 23. gr. frumvarpsins, er gengið út frá því að ákærði eigi ávallt rétt á því að fá aðgang að öllum skjölum og öðrum gögnum sem lögð eru fram í opinberu máli þegar við þingfestingu þess. Þá er gerð tillaga um það, í samræmi við 1. mgr. 44. gr. c, sbr. 14. gr. frumvarpsins, að brotaþola skuli að jafnaði skipaður réttargæslumaður við þingfestingu máls. Ef því verður ekki við komið, t.d. vegna þess að ekki hefur náðst til brotaþola til að gefa honum kost á að benda á lögmann til að taka að sér starf réttargæslumanns, verði það gert svo fljótt sem verða má eftir þingfestingu.

Um 31. gr.

Ætlast er til þess, í tengslum við ráðgerðar breytingar á 2. mgr. 8. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 1. gr. frumvarpsins, að dómari taki ákvörðun um það fyrir fram hvort aðalflutningur skuli fara fram fyrir luktum dyrum þannig að það liggi fyrir nokkru áður en hann hefst. Með því móti verður ákvörðun eða úrskurði um það atriði skotið til Hæstaréttar með kæru, sbr. 1. mgr. 142. gr. laganna, þ.e. eftir að b-lið þeirrar málsgreinar hefur verið breytt eins og lagt er til í 32. gr. frumvarpsins.

Um 32. gr.

Gerð er tillaga um að 1. mgr. 142. gr. laga um meðferð opinberra mála verði breytt á tvo vegu. Fyrri breytingin er að ákvörðun eða úrskurði dómara um lokun þinghalds verði framvegis skotið til Hæstaréttar með kæru, sbr. a-lið þessarar greinar. Sú síðari lýtur að því að ákvörðun dómara um að skipa skuli réttargæslumann skv. 44. gr. c í lögunum, sbr. 14. gr. frumvarpsins, verði ekki kæranleg frekar en ákvörðun um að skipa verjanda, sbr. b-lið greinarinnar. Synjun um að skipa réttargæslumann verður hins vegar kærð til Hæstaréttar á sama hátt og synjun um að skipa verjanda.

Um 33. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er gerð tillaga um breytingar á 3. mgr. 145. gr. laganna. Í þeirri grein laganna er fjallað um aðgerðir héraðsdómara eftir að fram er komin kæra á úrskurði hans eða ákvörðun til Hæstaréttar, svo og fyrstu aðgerðir Hæstaréttar eftir að kærumál hefur borist honum. Í 3. mgr. er mælt fyrir um frest sem aðilar kærumáls hafa til að senda Hæstarétti skriflegar greinargerðir sínar um málið. Er sá frestur nú þrír sólarhringar frá því að málið berst Hæstarétti, en að liðnum þeim fresti eða eftir að greinargerðir hafa komið fram getur Hæstiréttur lagt dóm á kærumálið, sbr. 1. mgr. 146. gr. laganna

Fresturinn, sem aðilar að kærumáli hafa til að koma á framfæri skriflegum greinargerðum, getur í mörgum tilvikum reynst vera óeðlilega rúmur, en hafa verður í huga að langflest kærumál til Hæstaréttar á sviði opinberra mála eru vegna úrskurðar um gæsluvarðhald. Verður að gæta að því að ófært er að óvissa standi um réttmæti slíkrar frelsissviptingar í lengri tíma en brýna nauðsyn ber til. Í framkvæmd eru greinargerðir í slíkum málum að öðru

jöfnu óverulegar að lengd. Þær eru og samdar í kjölfar úrskurðar um gæsluvarðhaldskröfu sem ákærandi og verjandi ákærða hafa tjáð sig munnlega um fyrir héraðsdómi. Er því vandséð að þörf sé á þriggja sólarhringa fresti til að rita greinargerð í tilvikum sem þessum.

Með þau rök í huga, sem að framan eru rakin, er lagt til að 3. mgr. 145. gr. laga um meðferð opinberra mála verði breytt þannig að frestur til að skila greinargerð til Hæstaréttar í kærumáli verði einn sólarhringur. Vekja verður athygli á því að eftir hljóðan ákvæðisins tæki það til allra kærumála á sviði opinberra mála en ekki aðeins mála um gæsluvarðhald sem fyrrgreindar röksemdir snúa þó helst að. Þetta er lagt til í ljósi þess fjölda kærumála sem varða gæsluvarðhald, svo og þess að óeðlilegt væri að setja reglu um mislanga fresti til greinargerðar eftir því hvert kæruefnið er í hverju tilviki. Í þessu sambandi verður og að hafa í huga að skv. 146. gr. laganna er fresturinn, sem hér um ræðir, lágmarksfrestur fyrir málsaðila. Hæstiréttur getur þannig lengt frestinn samkvæmt beiðni málsaðila, auk þess sem greinargerð kemst að í máli þótt hún berist eftir lok frestsins ef hún berst Hæstarétti áður en dómur gengur. Verður því ekki séð að hallað geti verið á málsaðila með þeirri reglu sem hér er lögð til.

Um 34. gr.

Ef úrlausn héraðsdóms um einkaréttarkröfur hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar er ástæða til þess að skipa brotaþola réttargæslumann til að gæta hagsmuna hans þar fyrir dómi, þá fyrst og fremst til að tjá sig um þær kröfur, sbr. 5. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. og 163. gr. Lagt er til að Hæstiréttur skipi réttargæslumann ef skilyrði eru á annað borð til þess skv. 1. mgr. 44. gr. c, sbr. 44. gr. b, sbr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 35. gr.

Helsta breytingin, sem lagt er til að gerð verði á 164. gr. laga um meðferð opinberra mála, er að fallið verði frá að ákvarða sérstakan saksóknarkostnað í ríkissjóð til að mæta kostnaði við saksókn og flutning opinberra mála af hálfu ákæruvalds. Þá er gert ráð fyrir, eins og áður hefur komið fram, að þóknun réttargæslumanns brotaþola, hvort sem hann er tilnefndur af lögreglu eða skipaður af dómara, teljist til sakarkostnaðar á sama hátt og þóknun verjanda, sbr. a-lið 1. mgr. 164. gr. Að öðru leyti er ekki um að ræða teljandi efnisbreytingar á greininni.

Um 36. gr.

Ráðgerðar breytingar á 167. gr. laga um meðferð opinberra mála eru í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 37. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 1. mgr. 168. gr. laga um meðferð opinberra mála verði löguð að þeirri breytingu að hætt verði að ákvarða saksóknarkostnað, þ.m.t. málsóknarlaun, í ríkissjóð. Enn fremur er tekið mið af því nýmæli að þóknun réttargæslumanns skuli greiðast úr ríkissjóði, sbr. 44. gr. i, sbr. 14. gr. frumvarpsins, og teljast til sakarkostnaðar, sbr. a-lið 1. mgr. 164. gr. laganna, sbr. 35. gr. frumvarpsins.

Um 38. gr.

Með þessari grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 169. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar sem mælt er fyrir um hver bera eigi kostnað af áfrýjun eða kæru opinbers máls til Hæstaréttar. Svo sem 1. mgr. greinarinnar hljóðar nú verður kostnaður af áfrýjun

máls lagður á ríkissjóð ef ríkissaksóknari áfrýjar til Hæstaréttar en ákærði ekki og viðurlög eru ekki þyngd fyrir æðra dómi svo neinu nemi. Um önnur tilvik fer samkvæmt almennum reglum XIX. kafla laganna, eins og fram kemur í 2. mgr. 169. gr. Þetta hefur m.a. í för með sér að ef ákærði áfrýjar héraðsdómi og refsing hans er milduð en hann þó ekki sýknaður verður hann að öðru jöfnu dæmdur til að greiða einn allan kostnað af áfrýjuninni. Þau málalok verði að teljast óeðlileg.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, er lagt til að tekið verði af skarið um að kostnaður af áfrýjun opinbers máls verði felldur á ríkissjóð í öllu ríkara mæli en heimild stendur til eftir gildandi reglum. Er þannig ráðgert í 1. mgr. að áfrýjunarkostnaður falli á ríkissjóð ef ákærði áfrýjar og hefur þann árangur af málskoti að hann hljóti sýknu eða refsing hans verði milduð, en við síðargreindu aðstæðurnar mætti þó skipta áfrýjunarkostnaði þannig að ákærði bæri hluta af honum. Í 2. mgr. er hliðstæð regla við þá sem nú er að finna í 1. mgr. 169. gr., en orðalagi þó breytt lítillega. Í 3. mgr. eru lögð til nýmæli um að kostnaður af kæru opinbers máls verði ekki dæmdur sérstaklega fyrir Hæstarétti nema máli ljúki endanlega með dómi í kærumáli, t.d. þegar máli er vísað frá héraðsdómi. Vekja verður athygli á því að með þessu ákvæði er engan veginn ætlast til að t.d. verjandi sakbornings, sem er aðili að kærumáli, fái ekki málsvarnarlaun vegna þessa þáttar í störfum sínum, heldur er ætlast til þess, eins og venja hefur verið í framkvæmd, að við ákvörðun heildarlauna verjanda verði m.a. tekið tillit til þóknunar vegna starfa hans við kærumál. Það kæmi hins vegar ekki í hlut Hæstaréttar að ákveða þann hluta þóknunarinnar sérstaklega. Ákvæði 4. mgr. eru efnislega á sama veg og gildandi regla í 2. mgr. 169. gr. laganna og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 39. gr.

Eina breytingin, sem lagt er til að gerð verði á 5. mgr. 172. gr. laganna, er að heitið „réttargæslumaður“ komi í stað „umboðsmanns“.

Um 40. gr.

Um skýringu á þessari grein vísast til athugasemda við 41. gr. frumvarpsins.

Um 41. gr.

Með þessari grein er lagt til að fyrirsögn á XX. kafla laga um meðferð opinberra mála verði breytt úr „Kröfur borgararéttarlegs eðlis“ í „Einkaréttarkröfur“ til samræmis við 3. gr. laganna.

Um 42. gr.

Þegar lög nr. 19/1991 tóku gildi voru fáar breytingar gerðar á XXI. kafla laga um meðferð opinberra mála sem hefur að geyma ákvæði um bætur handa sakborningi. Með nokkurri einföldun má segja að þessi ákvæði hafi í megindráttum lítið breyst frá því að fyrstu lögin um meðferð opinberra mála sáu dagsins ljós hér á landi árið 1951. Vegna breytinga á aðstæðum og viðhorfum í þjóðfélaginu sem orðið hafa frá þeim tíma er tímabært að taka umræddan kafla til endurskoðunar í heild sinni, eins og t.d. var gert í Danmörku þegar árið 1978, sbr. nú kafla 93. a í dönsku réttarfarslögunum.

Þar eð ákvæðin um bætur handa sakborningi tengjast öðrum reglum laga um meðferð opinberra mála þykir rétt að láta breytingar á XXI. kafla bíða heildarendurskoðunar á lögunum. Eitt efnisatriði í 1. mgr. 175. gr. laganna er þó þess eðlis að rétt þykir að leggja til breytingu þegar í stað. Í niðurlagi b-liðar málsgreinarinnar er það gert að skilyrði fyrir því að maður, sem t.d. hefur verið sýknaður af refsikröfu vegna þess að sök hans hefur ekki verið sönnuð

í opinberu máli, fái bætur úr ríkissjóði að fremur megi telja hann líklegan til að vera saklausan af háttseminni en sekan. Í ljósi reglunnar um að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, svo og reglunnar um að hver maður, sem sviptur hefur verið frelsi að ósekju, skuli eiga rétt til skaðabóta, sbr. 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmálans, er lagt til að skilyrði þetta verði afnumið.

Samhliða þeirri breytingu er, með hliðsjón af 3. mgr. 1018. gr. a í dönsku réttarfarslögunum, gerð tillaga um breytt orðalag á því ákvæði sem nú er að finna í a-lið 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Um 43. gr.

Breytingin, sem hér er lögð til á 177. gr. laga um meðferð opinberra mála, er í samræmi við breytingu sem ráðgerð er á 1. mgr. 175. gr. laganna, sbr. athugasemdir við 42. gr. frumvarpsins.

Um 44. gr.

Ákvæðið í 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga var fellt á brott með skaðabótalögum, nr. 50/1993, og komu 1. og 2. mgr. 18. gr. þeirra laga í þess stað. Eðlilegt er þess vegna að breyta tilvísuninni í 180. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Um 45. gr.

Ákvæði um endurupptöku dæmdra mála, sem er að finna í XXII. kafla laganna, eru að stofni til frá árinu 1951 þegar fyrstu lögin um meðferð opinberra mála voru sett. Við fyrirhugaða heildarendurskoðun laganna er nauðsynlegt að huga nánar að þessum ákvæðum. Þó þykir rétt að leggja til að við lögin verði bætt heimild til að taka mál upp á ný í því skyni að endurmeta sönnunargögn.

Hér er um að ræða ákvæði, sem ætlað er að treysta réttaröryggi við mjög sérstakar aðstæður, í líkingu við samsvarandi ákvæði í 3. tölul. 1. mgr. 977. gr. dönsku réttarfarslaganna og 2. mgr. 392 gr. norsku laganna um meðferð sakamála.

Um 46. gr.

Ef frumvarp þetta verður að lögum er gert ráð fyrir að þau öðlist gildi 1. júlí 1999. Með því móti ætti þeim sem að opinberum málum koma að gefast nokkur tími til þess að búa sig undir breytingar sem frumvarpið hefur að geyma, en þær eru sumar hverjar nokkuð viðamiklar.

Um 47. gr.

Í 1. tölul. þessarar greinar er gerð tillaga um að sams konar ákvæði og gert er ráð fyrir að tekið verði upp í 3. mgr. 10. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 2. gr. frumvarpsins, verði einnig tekið upp í 2. mgr. 14. gr. laga um meðferð einkamála. Um skýringu á ákvæðinu vísast annars til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Í 2. tölul. er lagt til að brotaþoli geti krafist þess, á sama hátt og sakborningur, að fá að kynna sér gögn í opinberu máli eftir að það hefur verið fellt niður eða því lokið með öðrum hætti, hvort sem rannsókn hefur verið hætt skv. 76. gr. laganna, mál hefur verið fellt niður skv. 112. gr. eða fallið hefur verið frá saksókn skv. 113. gr. Engin ástæða er til þess að gera að þessu leyti greinarmun á sakborningi og brotaþola, eins og nú er gert í 3. mgr. 15. gr.

stjórnsýslulaga, enda hefur brotaþoli ekki síður hagsmuni af því að fá aðgang að málsgögnum, t.d. til þess að ganga úr skugga um hvort ástæða sé til þess að höfða einkamál til heimtu skaðabóta vegna þess tjóns sem hann hefur beðið.

Í 3. tölul. er að finna tvær smávægilegar breytingar á nýsettum lögum nr. 77/1998, um lögmenn, sem taka gildi 1. janúar nk. Í raun og veru er réttargæslumanni og talsmanni brotaþola skotið inn í 2. mgr. 2. gr. laganna við hlið verjanda og talsmanns sakbornings, sbr. fyrirmælin í nýjum VII. kafla laga um meðferð opinberra mála, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Óþarft er að láta heitið „ákærði" standa áfram í ákvæðinu vegna þess að „sakborningur" er á við sakaðan mann, jafnt fyrir sem eftir útgáfu ákæru. Þá segir í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 77/1998 að lögmanni sé skylt að taka við skipun sem verjandi eða réttargæslumaður í opinberu máli. Lagt er til að lögmönnum verði framvegis skylt að taka bæði við skipun og tilnefningu sem verjendur sakborninga, sem og réttargæslumenn brotaþola í opinberum málum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er samið í samráði við réttarfarsnefnd en megintilgangur þess er að styrkja réttarstöðu brotaþola auk nokkurra annarra breytinga á lögum um meðferð opinberra mála. Að mati fjármálaráðuneytis hafa eftirtalin atriði fjárhagsleg áhrif:

1. Sé brotaþoli yngri en 18 ára skal lögregla skv. 14. gr. tilnefna réttargæslumann meðan á rannsókn máls stendur en dómari skal að jafnaði aðeins skipa réttargæslumann hafi mál verið höfðað með útgáfu ákæru. Þetta er nýmæli en þóknun réttargæslumanns skal telja til sakarkostnaðar. Ákærði skal endurgreiða þennan kostnað sé hann fundinn sekur en ella fellur kostnaður á ríkissjóð. Ekki er hægt að áætla fjölda mála, í hve mörgum tilvikum ríkissjóður greiðir kostnað eða hvert umfang slíkra mála er. Ljóst er þó að þessi breyting mun hafa einhvern kostnaðarauka í för með sér. Rétt er að geta þess að erfitt hefur reynst að innheimta þann sakarkostnað sem ákærðum hefur verið skylt að greiða þegar þeir hafa verið fundnir sekir og hefur ríkissjóður því í reynd staðið undir verulegum hluta þessa kostnaðar.
2. Í 35. gr. er fallið frá að ákvarða sérstakt saksóknargjald í ríkissjóð til að mæta kostnaði við saksókn og flutning opinberra mála af hálfu ákæruvalds. Álagt gjald nam um 14,5 m.kr. 1996 og um 16,5 m.kr. á árinu 1997 en hefur innheimst treglega og raunveruleg áhrif þessarar breytingar því lítil.
3. Í 42. gr. er lögð til breyting á bótarétti ákærðra. Ef ákærði er sýknaður af refsikröfu vegna þess að sekt hans hefur ekki verið sönnuð í opinberu máli skal samkvæmt gildandi lögum ekki greiða honum bætur úr ríkissjóði megi telja hann líklegan til að vera sekur. Þetta ákvæði er fellt niður og á ákærði samkvæmt frumvarpinu rétt á bótum úr ríkissjóði óháð líkindum, hafi hann verið sýknaður. Ekki er gerlegt að áætla í hve miklum mæli þetta leiði til aukinna bótagreiðslna úr ríkissjóði en þær hafa verið óverulegar síðustu árin. Telja verði þó að tilvikin séu ekki mörg en umfang mála getur samt sem áður verið mjög misjafnt.

Það er mat fjármálaráðuneytis að frumvarp þetta muni leiða til einhvers útgjaldaauka fyrir ríkissjóð þótt reynslan verði að leiða í ljós í hvaða mæli það verður. Talið er að niðurfelling ákvörðunar um sérstakan saksóknarkostnað hafi lítil áhrif á tekjur ríkissjóðs. Ekki er talin ástæða til að breyta fjárveitingum til opinberrar réttaraðstoðar verði frumvarpið að lögum.

483. Fyrirspurn [355. mál]

til iðnaðarráðherra um fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Ef kemur til nýrrar stóriðju hér á landi, hvar verður hún staðsett?
2. Hvernig standa samningar við Norsk Hydro um byggingu álvers við Reyðarfjörð?
3. Hvaða aðrar framkvæmdir eru áformaðar náist ekki samkomulag við Norsk Hydro og á hvaða stigi eru þeir samningar?

484. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1999.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 1999 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**164.132,7**	**159.587,7**
Skattar á tekjur einstaklinga	34.280,0	32.748,0
Skattar á tekjur lögaðila	6.963,0	6.196,0
Tryggingagjöld	16.373,0	15.948,0
Eignarskattar	8.367,0	8.222,0
Virðisaukaskattur	61.471,0	60.134,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	35.391,7	35.062,7
Skattar ótaldir annars staðar	1.287,0	1.277,0

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Aðrar rekstrartekjur	**13.748,8**	**11.820,8**
Arðgreiðslur	2.447,0	2.447,0
Vaxtatekjur	6.994,0	5.086,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	4.307,8	4.287,8
Sala eigna	2.416,0	2.416,0
Fjármagnstilfærslur	50,0	50,0
Fjárframlög	727,5	727,5
Tekjur samtals	**181.075,0**	**174.602,0**
Æðsta stjórn ríkisins	1.595,2	1.595,2
Forsætisráðuneyti	1.020,2	1.020,2
Menntamálaráðuneyti	19.740,1	19.740,1
Utanríkisráðuneyti	3.165,2	3.165,2
Landbúnaðarráðuneyti	8.650,8	8.650,8
Sjávarútvegsráðuneyti	2.468,2	2.468,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	9.796,7	9.796,7
Félagsmálaráðuneyti	10.918,5	10.918,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	65.650,7	65.625,7
Fjármálaráðuneyti	25.281,8	14.011,8
Samgönguráðuneyti	11.535,3	12.199,7
Iðnaðarráðuneyti	1.520,8	1.520,8
Viðskiptaráðuneyti	1.274,3	1.274,3
Hagstofa Íslands	287,3	287,3
Umhverfisráðuneyti	2.714,6	2.714,6
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.300,0	11.400,0
Gjöld samtals	**180.919,7**	**166.389,1**
Tekjujöfnuður	**155,3**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Árið 1999 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	155,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	6.772,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-475,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-639,0
Handbært fé frá rekstri	**5.813,3**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-5.225,0
Afborganir veittra lána	7.000,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-900,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**7.475,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**13.288,3**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	11.600,0
Afborganir lána	-24.900,0
Fjármögnun samtals	**-13.300,0**
Breyting á handbæru fé	**-11,7**

Ýmis ákvæði.
Skerðingarákvæði.

6. gr. hljóðar svo:
Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 480 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1999 umfram 235 m.kr. renna í ríkissjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1999 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

4. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skulu tekjur af brunavarnargjaldi umfram 89 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir breytast eða bætast við og hljóða svo:

	m.kr.
00-201 Alþingi	
Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	386,1
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	46,7
1.03 Fastanefndir	67,5
1.04 Alþjóðasamstarf	65,7
1.06 Almennur rekstur	330,4
1.07 Sérverkefni	18,7
1.10 Rekstur fasteigna	57,6
Almennur rekstur samtals	972,7
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	53,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	48,0
Gjöld samtals	**1.073,7**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**1.066,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.066,0

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	214,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,2
Gjöld umfram tekjur	**204,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	204,2

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	99,3
1.20 Stjórnarráðshús	12,7
Almennur rekstur samtals	112,0
Gjöld samtals	**112,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	112,0

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,5
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,0

	m.kr.
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15,3
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,1
1.23 Hrafnseyri	4,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	2,5
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	27,0
1.53 Landafundanefnd	130,5
1.90 Ýmis verkefni	12,1
Almennur rekstur samtals	212,0
Stofnkostnaður:	
6.52 Minningarkapella á Ljósavatni	7,0
Gjöld samtals	**219,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	218,0
Innheimt af ríkistekjum	1,0

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðhagsstofnun	125,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,6
Gjöld umfram tekjur	**121,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,0
Innheimt af ríkistekjum	58,5

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Óbyggðanefnd	19,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,9

m.kr.

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	131,8
1.02 Sameiginleg útgjöld	405,3
1.03 Rekstur fasteigna	235,7
1.05 Aðrar stofnanir og verkefni	502,4
1.06 Kennslu- og vísindadeildir	1.570,5
1.07 Alþjóðaskrifstofa	15,6
1.09 Verkfræðistofnun	73,2
1.20 Rannsóknarnám	46,2
Almennur rekstur samtals	2.980,7
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	120,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Ritakaupasjóður	46,5
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	180,0
Stofnkostnaður samtals	226,5
Gjöld samtals	**3.327,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-626,0
Gjöld umfram tekjur	**2.701,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.401,2
Innheimt af ríkistekjum	300,0

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	145,4
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma	20,2
Almennur rekstur samtals	165,6
Gjöld samtals	**165,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -61,5

Gjöld umfram tekjur **104,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 102,1
Innheimt af ríkistekjum 2,0

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Tækniskóli Íslands 266,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,0

Gjöld umfram tekjur **255,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 255,3

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 191,8
1.02 Rannsóknastarfsemi 42,8
1.05 Kennsla 386,0
1.10 Íslenska menntanetið 23,3
1.20 Endurmenntun 17,5
Almennur rekstur samtals 661,4

Gjöld samtals **661,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -58,0

Gjöld umfram tekjur **603,4**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	603,4

02-225 Samvinnuháskólinn

Almennur rekstur:	
1.01 Samvinnuháskólinn	58,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**57,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,1

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	37,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður	226,0
Gjöld samtals	**263,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	263,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.12 Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á Austurlandi	5,2
1.13 Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á Vesturlandi	7,0
1.15 Nýsköpunarsjóður	15,0
1.21 Fjarkennsla á háskólastigi	12,0
1.23 Þróunarsetur Vestfjarða	7,0

	m.kr.
1.61 Norræna eldfjallastöðin	14,9
1.71 Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir	2,0
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	41,0
Almennur rekstur samtals	104,1
Gjöld samtals	**104,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	104,1

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.08 Menntaskólinn í Kópavogi	90,0
6.54 Fjölbrautaskóli Vesturlands	25,0
6.56 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	5,0
6.58 Verkmenntaskóli Austurlands	9,0
6.60 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	65,0
6.65 Borgarholtsskóli	60,0
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	189,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	10,0
Stofnkostnaður samtals	453,0
Gjöld samtals	**453,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	453,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	21,0
1.12 Orlof kennara	43,7
1.13 Forfallakennsla	45,5
1.14 Sérkennsla	85,5
1.15 Prófkostnaður	46,2
1.16 Nýjungar í skólastarfi	21,4
1.17 Námsskrárgerð	29,8
1.18 Námsefnisgerð	16,2
1.19 Kennslueftirlit	5,0

	m.kr.
1.20 Framhaldsdeildir	7,3
1.21 Nám tannsmiða	7,0
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna	5,6
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,6
1.26 Þróunarsjóður	14,0
1.27 Íslenskukennsla	12,6
1.28 Mat á skólastarfi	22,6
1.30 Endurmenntun	21,9
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	10,0
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	9,0
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	0,5
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	61,9
1.51 Fjarkennsluverkefni á Norðurlandi vestra	7,0
1.53 Fjarkennsluverkefni á Suðurlandi	7,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	71,3
Almennur rekstur samtals	572,6
Gjöld samtals	**572,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	572,6

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	232,4
1.09 Önnur verkefni	29,2
Almennur rekstur samtals	261,6
Gjöld samtals	**261,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,7
Gjöld umfram tekjur	**246,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	246,9

m.kr.

02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla í dagskóla	73,5
1.02 Annað en kennsla	74,8
Almennur rekstur samtals	148,3
Gjöld samtals	**148,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,9
Gjöld umfram tekjur	**145,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	94,4
Innheimt af ríkistekjum	51,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	188,2
1.10 Skólaakstur	31,6
Almennur rekstur samtals	219,8
Gjöld samtals	**219,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	219,8

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	119,4
1.10 Byggða- og minjasöfn	24,2
Almennur rekstur samtals	143,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**145,6**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,2
Gjöld umfram tekjur	**135,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	135,4

02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	296,9
Stofnkostnaður:	
6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	46,5
6.71 Íslenskar fornbókmenntir á Netinu	7,0
Stofnkostnaður samtals	77,0
Gjöld samtals	**373,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-67,9
Gjöld umfram tekjur	**306,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	306,0

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Listasafn ASÍ	2,0
1.11 Nýlistasafn	4,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5,0
1.90 Söfn	9,5
Almennur rekstur samtals	20,5
Gjöld samtals	**20,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,5

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana 480,0
6.91 Langbylgjumastur á Gufuskálum og á Eiðum 50,0
Stofnkostnaður samtals 530,0

Gjöld samtals **530,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 530,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 1.625,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.625,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 150,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,2

02-979 Húsafriðunarsjóður

Stofnkostnaður:
6.10 Húsafriðunarsjóður 25,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,5

m.kr.

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	17,8
1.15 Þýðingarsjóður	7,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður	5,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	16,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	3,0
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	20,0
1.25 Starfsemi hljómsveita	2,5
1.27 Tónlist fyrir alla	3,5
1.28 Barnamenningarsjóður	2,0
1.29 Íslensk tónverkamiðsstöð	7,6
1.30 Íslenska óperan	61,2
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	37,1
1.51 Höfundaréttarsjóður	47,0
1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald	4,0
1.54 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir	1,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	14,0
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	5,5
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.82 Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000	50,0
1.90 Listir	38,4
Almennur rekstur samtals	354,1
Gjöld samtals	**354,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	354,1

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	5,3
1.11 Styrkir til útgáfumála	2,3
1.14 Kynning á íslenskum og norrænum fræðum	5,0
1.20 Iðnsaga Íslands	6,4
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,0
Almennur rekstur samtals	22,0
Gjöld samtals	**22,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,0

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:
1.10 Æskulýðsráð ríkisins 2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands 17,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta 9,0
1.17 Landssamband KFUM og KFUK 6,0
1.90 Æskulýðsmál 6,0
Almennur rekstur samtals 40,0

Gjöld samtals **40,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 31,7
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra 1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra 12,5
1.15 Skólaíþróttir 3,0
1.16 Íþróttasjóður 16,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 2,0
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands 1,0
1.19 Handknattleikssamband Íslands 14,0
1.20 Glímusamband Íslands 3,5
1.21 Skáksamband Íslands 7,5
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák 6,7
1.25 Skákskóli Íslands 3,1
1.27 Landssamband akstursíþróttafélaga 1,0
1.30 Bridgesamband Íslands 3,0
1.90 Ýmis íþróttamál 23,0
Almennur rekstur samtals 129,8

Stofnkostnaður:
6.12 Bridgesamband Íslands, byggingarstyrkur 3,0

	m.kr.
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	10,0
Stofnkostnaður samtals	13,0
Gjöld samtals	**142,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	142,8

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Forvarnastarf í skólum	5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd	2,5
1.43 Skriðuklaustur	4,0
1.44 Snorrastofa	2,6
1.45 Eiríksstaðanefnd	20,0
1.90 Ýmis framlög	12,6
Almennur rekstur samtals	46,7
Stofnkostnaður:	
6.93 Snorrastofa	5,0
Gjöld samtals	**51,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,7

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	460,3
1.02 Varnarmálaskrifstofa	55,8
1.53 Þýðingamiðstöð	20,8
1.91 Undirbúningur að stofnun nýrra sendiráða	15,0
Almennur rekstur samtals	551,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,2
Gjöld samtals	**560,1**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,8
Gjöld umfram tekjur	**546,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	546,3

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	3,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,9
1.22 American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa	5,6
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	2,0
Almennur rekstur samtals	14,0
Gjöld samtals	**14,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0

03-320 Sendiráð, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	39,3
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Viðhald	21,9
Stofnkostnaður:	
6.21 Sendiráð Íslands í Berlín	70,0
6.90 Tæki og búnaður	25,9
Stofnkostnaður samtals	95,9
Gjöld samtals	**157,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	157,1

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	44,0
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	7,5
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	18,3
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	9,5
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	22,2
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	2,5
1.22 Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu og Hersegóvínu	27,5
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	15,0
Almennur rekstur samtals	146,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**149,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	149,5

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	26,7
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	8,5
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	5,4
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	2,2
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	3,6
1.39 Evrópuráðið	15,5
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	14,0
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	34,0
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	38,0
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	54,8

	m.kr.
1.72 EFTA-dómstóllinn	18,1
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	10,9
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	0,6
1.85 Friðargæsla	126,4
Almennur rekstur samtals	358,7
Gjöld samtals	**358,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	358,7

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	17,8
1.12 Mat á búvörum	9,6
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	9,2
1.16 Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	4,5
1.21 Landþurrkun	0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	5,5
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	3,8
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	3,0
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	2,0
1.90 Ýmis verkefni	32,1
Almennur rekstur samtals	88,1
Gjöld samtals	**88,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,1
Innheimt af ríkistekjum	10,0

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	268,4
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	4,0

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
6.20 Fasteignir	1,3
Stofnkostnaður samtals	9,3
Gjöld samtals	**281,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-114,8
Gjöld umfram tekjur	**166,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	166,9

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastjóri	13,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,3

04-261 Bændaskólinn á Hvanneyri

Almennur rekstur:	
1.01 Bændaskólinn á Hvanneyri	172,7
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	4,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
6.20 Fasteignir og lóðir	7,0
Stofnkostnaður samtals	14,0
Gjöld samtals	**190,9**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -77,3

Gjöld umfram tekjur **113,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 113,6

04-271 Bændaskólinn á Hólum

Almennur rekstur:
1.01 Bændaskólinn á Hólum 137,4

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.20 Fasteignir og lóðir 21,0
Stofnkostnaður samtals 23,0

Gjöld samtals **164,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -57,7

Gjöld umfram tekjur **106,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,9

04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 15,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **14,4**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,4

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Landgræðsla ríkisins	257,5
1.90 Fyrirhleðslur	37,0
Almennur rekstur samtals	294,5
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	5,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,5
6.20 Fasteignir	2,0
Stofnkostnaður samtals	6,5
Gjöld samtals	**306,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-74,6
Gjöld umfram tekjur	**231,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	231,4

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:	
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	64,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**62,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	62,2

m.kr.

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Bændasamtök Íslands	83,3
1.10 Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri	14,3
1.91 Kynbótastöðvar	25,2
1.92 Héraðsbúnaðarsambönd	48,5
1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri	7,9
Almennur rekstur samtals	179,2
Stofnkostnaður:	
6.95 Búfjárræktarframlög	30,0
6.97 Jarðabætur	40,0
Stofnkostnaður samtals	70,0
Gjöld samtals	**249,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	249,2

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:	
1.11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða	25,0
1.91 Loðdýrafóður	53,0
Almennur rekstur samtals	78,0
Gjöld samtals	**78,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,0

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,0
1.25 Verðlagsráð sjávarútvegsins	1,1
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	18,8

	m.kr.
1.42 Verktakasamningur um upplýsingaöflun	23,2
1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	20,7
1.49 Úrskurðarnefndir	12,8
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	8,1
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	18,3
1.90 Ýmislegt	11,1
Almennur rekstur samtals	144,2
Gjöld samtals	**144,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	144,2

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	598,2
1.30 Rannsóknaskip	310,0
Almennur rekstur samtals	908,2
Stofnkostnaður:	
6.31 Tæki og búnaður í skip	18,0
6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa	15,0
Stofnkostnaður samtals	33,0
Gjöld samtals	**941,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-166,1
Gjöld umfram tekjur	**775,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	775,1

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	41,5
1.02 Útgáfa hæstaréttardóma	11,7

	m.kr.
Almennur rekstur samtals	53,2
Gjöld samtals	**53,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,4
Gjöld umfram tekjur	**45,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,8

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	63,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,2

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	225,5
1.05 Innheimta sekta	20,4
Almennur rekstur samtals	245,9
Gjöld samtals	**245,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,9

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.453,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0

	m.kr.
6.80 Bifreiðir	21,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**1.477,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,7
Gjöld umfram tekjur	**1.447,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.447,6

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:	
1.20 Fíkniefnamál	3,5
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	35,0
Almennur rekstur samtals	38,5
Gjöld samtals	**38,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,5

06-390 Ýmis löggæslumál

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	20,5
1.11 Eftirlit með ökuritum	20,4
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips	18,9
1.22 Löggæsla vegna skemmtanahalds	7,5
Almennur rekstur samtals	67,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,0
6.10 Bifreiðir	45,0
Stofnkostnaður samtals	55,0
Gjöld samtals	**122,3**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **117,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,3

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Stofnkostnaður:
6.21 Fasteignir 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 30,9
1.20 Löggæsla 43,7
Almennur rekstur samtals 74,6

Gjöld samtals **74,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **72,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,9

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður 28,2
1.11 Útgáfa vegabréfa og ökuskírteina 15,6
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs ... 87,8

	m.kr.
1.60 Gagnalínukostnaður	21,7
Almennur rekstur samtals	153,3
Gjöld samtals	**153,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	153,3

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	5,0
Stofnkostnaður:	
6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	40,0
6.19 Húsnæði sýslumannsins á Hólmavík	10,0
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna	77,0
Stofnkostnaður samtals	127,0
Gjöld samtals	**132,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	132,0

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	506,4
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**516,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-55,4
Gjöld umfram tekjur	**461,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	461,0

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðkirkja Íslands	657,8
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands	1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði	1,2
1.91 Skálholtsskóli	6,8
Almennur rekstur samtals	667,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	6,0
6.22 Hallgrímskirkja	6,0
6.23 Hóladómkirkja	3,0
6.25 Dómkirkjan	3,0
Stofnkostnaður samtals	18,0
Gjöld samtals	**685,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-26,3
Gjöld umfram tekjur	**658,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	658,7

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	435,0
1.13 Kirkjugarðasjóður	26,0
Almennur rekstur samtals	461,0
Gjöld samtals	**461,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	461,0

m.kr.

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	125,0
1.90 Reynslusveitarfélög	3,3
1.99 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	7,6
Almennur rekstur samtals	135,9
Gjöld samtals	**135,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**135,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	135,8

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	40,5
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	154,6
1.21 Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	66,7
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	85,5
Almennur rekstur samtals	347,3
Gjöld samtals	**347,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	347,3

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.20 Vistun geðfatlaðra	35,8
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	37,8
1.80 Starfsþjálfun	18,8
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	4,7
1.90 Ýmis verkefni	32,9

	m.kr.
1.91 Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	29,6
Almennur rekstur samtals	159,6
Gjöld samtals	**159,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	159,6

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	46,6
1.10 Svæðisráð	1,6
1.20 Sambýli	313,2
1.21 Heimili fyrir börn Akurgerði 20	17,9
1.26 Sambýli Stigahlíð 71	19,1
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	30,1
1.31 Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands	7,1
1.33 Vinnustofa Blindrafélagsins	5,3
1.60 Dagvistun	62,3
1.64 Skammtímavistun Álfalandi 6	29,3
1.70 Heimili einhverfra	60,3
1.77 Vistheimili fyrir börn	28,1
1.85 Félag heyrnarlausra	5,0
Almennur rekstur samtals	625,9
Gjöld samtals	**625,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	625,9

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	17,1
1.10 Svæðisráð	0,6
1.20 Sambýli Akranesi	49,1
1.21 Sambýli Borgarnesi	9,4

	m.kr.
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	7,2
1.30 Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	29,3
1.40 Leikfangasöfn Vesturlandi	5,5
1.61 Skammtímavistun	15,5
Almennur rekstur samtals	133,7
Gjöld samtals	**133,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,7
Gjöld umfram tekjur	**123,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	123,0

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	15,9
1.10 Svæðisráð	0,7
1.20 Sambýli	83,5
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	4,8
1.40 Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	7,9
1.60 Skammtímavistun	8,8
1.61 Dagvistun	12,4
Almennur rekstur samtals	134,0
Gjöld samtals	**134,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	134,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.885,0

	m.kr.
1.12 Jöfnun húsaleigubóta	285,6
Almennur rekstur samtals	3.170,6
Stofnkostnaður:	
6.21 Einsetning grunnskóla	265,0
Gjöld samtals	**3.435,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.435,6

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:	
1.10 Almennur rekstur	12,7
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4,3
1.30 Norræni verkalýðsskólinn í Genf	0,2
1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	6,0
Almennur rekstur samtals	23,2
Gjöld samtals	**23,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,2

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	11,1
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992	62,8
1.30 Sjómannastofur	0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir	36,4
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	4,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	20,8
1.41 Stígamót	10,1
1.50 Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	2,2
1.53 Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	3,2

	m.kr.
1.60 Verkefni á sviði húsnæðismála	14,3
1.90 Ýmis framlög	22,5
Almennur rekstur samtals	187,9
Gjöld samtals	**187,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	187,9

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	724,5
1.90 Rekstrarhagræðing	15,0
Almennur rekstur samtals	739,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,5
Gjöld samtals	**770,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-164,5
Gjöld umfram tekjur	**605,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	605,5

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	1.738,9
1.15 Lyf	4.100,0
1.21 Hjálpartæki	670,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	75,0
1.31 Þjálfun	580,0
1.35 Tannlækningar	810,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	98,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	370,0

	m.kr.
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	42,0
1.55 Sjúkradagpeningar	215,0
1.91 Annað	50,0
Almennur rekstur samtals	8.748,9
Gjöld samtals	**8.748,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.748,9

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	63,3
1.10 Læknaráð	2,2
1.20 Sjúkraflutningaráð	0,7
1.30 Slysavarnaráð	10,6
1.40 Siðaráð	0,9
Almennur rekstur samtals	77,7
Gjöld samtals	**77,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	77,7

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	119,9
Stofnkostnaður:	
6.10 Fasteign	1,0
Gjöld samtals	**120,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,1
Gjöld umfram tekjur	**91,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	91,8

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	15,0
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	4,8
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	11,4
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	12,9
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2,4
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	5,2
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	2,6
1.80 Gigtarráð	3,4
1.90 Ýmis starfsemi	1,6
Almennur rekstur samtals	59,3
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	5,0
Gjöld samtals	**64,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	64,3

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.853,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	21,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,0
6.50 Nýbygging	35,0
Stofnkostnaður samtals	45,0
Gjöld samtals	**1.919,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -70,0

Gjöld umfram tekjur **1.849,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.849,0

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisspítalar 10.163,4

Viðhaldsverkefni:
5.60 Stjórnarnefnd, viðhald 75,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.21 Barnaspítali 185,0
6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður 169,0
6.70 Nýframkvæmdir á Landspítalalóð 39,0
Stofnkostnaður samtals 395,0

Gjöld samtals **10.633,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.070,0

Gjöld umfram tekjur **9.563,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9.563,4

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur 6.029,1

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 147,0

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	65,0
Gjöld samtals	**6.241,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-647,0
Gjöld umfram tekjur	**5.594,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.494,1
Innheimt af ríkistekjum	100,0

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:	
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	50,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjakaup, óskipt	30,0
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	170,5
Stofnkostnaður samtals	200,5
Gjöld samtals	**250,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	250,5

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	14,2
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	128,9
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	33,7
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1,6
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	44,9
1.50 Tannverndarsjóður	10,0
1.53 Tóbaksvarnir	36,1

	m.kr.
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	18,0
1.63 Áfallahjálp	0,5
1.65 Heilsuefling	4,3
1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	7,0
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn	7,5
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	8,9
1.90 Ýmis framlög	12,5
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
Almennur rekstur samtals	333,8
Gjöld samtals	**333,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	333,8

08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	411,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-34,1
Gjöld umfram tekjur	**376,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	376,9

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Garðvangur, Garði	122,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**121,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 121,2

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu 66,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 66,2

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði 51,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,9

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði 61,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,5

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn 21,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,9

m.kr.

08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 225,1

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteignar 5,0

Gjöld samtals **230,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,9

Gjöld umfram tekjur **222,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 222,2

08-431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Endurhæfingardeild 72,0
1.10 Heilsuhælisdeild 169,9
Almennur rekstur samtals 241,9

Gjöld samtals **241,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 241,9

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:
1.11 Seljahlíð, Reykjavík 94,9
1.12 Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík 72,0
1.13 Hornbrekka, Ólafsfirði 0,2
1.15 Dalbær, Dalvík 61,0
1.17 Hulduhlíð, Eskifirði 0,3
1.19 Hjallatún, Vík 27,6
1.21 Höfði, Akranesi 74,3

	m.kr.
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	49,2
1.25 Barmahlíð, Reykhólum	26,2
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	56,0
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði	11,5
1.31 Naust, Þórshöfn	0,1
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	15,8
1.35 Jaðar, Ólafsvík	7,9
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	33,9
1.39 Lundur, Hellu	0,3
1.41 Hrafnista, Reykjavík	509,3
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði	435,1
1.45 Grund, Reykjavík	451,8
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	139,4
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	101,7
1.51 Fellsendi, Búðardal	34,6
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	590,5
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	7,9
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	38,7
1.59 Reynslusveitarfélagið Akureyri	1,3
1.61 Reynslusveitarfélagið Höfn	0,6
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	24,7
1.65 Lindargata, Reykjavík	24,1
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	37,7
1.69 Múlabær, Reykjavík	35,5
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	64,8
1.73 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	4,9
1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	62,8
1.81 Hjúkrunarheimili í Garðabæ	25,2
Almennur rekstur samtals	3.121,8
Gjöld samtals	**3.121,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-330,8
Gjöld umfram tekjur	**2.791,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.791,0

m.kr.

08-496 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.11 Hjúkrunarrými	205,3
1.21 Dagvistun aldraðra	5,5
Almennur rekstur samtals	210,8
Gjöld samtals	**210,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	210,8

08-497 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.11 Hjúkrunarrými	99,8
1.21 Dagvistun aldraðra	1,8
1.31 Fæðingar	3,9
Almennur rekstur samtals	105,5
Gjöld samtals	**105,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,5

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	236,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald, óskipt	27,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	25,0
6.90 Tölvuvæðing	49,6
Stofnkostnaður samtals	74,6
Gjöld samtals	**337,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	337,7

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	234,0
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	32,2
1.15 Sjúkraflug	16,2
Almennur rekstur samtals	282,4
Gjöld samtals	**282,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	282,4

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	318,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-58,9
Gjöld umfram tekjur	**259,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	259,2

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:	
1.01 Læknavaktin	137,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,5
Gjöld umfram tekjur	**124,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 124,1

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi 52,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,6

Gjöld umfram tekjur **46,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,3

08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 140,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -21,1

Gjöld umfram tekjur **118,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 118,9

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 43,4
1.11 Sjúkrasvið 649,6
Almennur rekstur samtals 693,0

Gjöld samtals **693,0**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,9
Gjöld umfram tekjur	**661,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	661,1

08-715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	21,6
1.11 Sjúkrasvið	154,4
Almennur rekstur samtals	176,0
Gjöld samtals	**176,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,9
Gjöld umfram tekjur	**165,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	165,1

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	28,6
1.11 Sjúkrasvið	92,5
Almennur rekstur samtals	121,1
Gjöld samtals	**121,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,8
Gjöld umfram tekjur	**115,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 115,3

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 81,4
1.11 Sjúkrasvið 339,3
Almennur rekstur samtals 420,7

Gjöld samtals 420,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -39,4

Gjöld umfram tekjur 381,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 381,3

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 33,7
1.11 Sjúkrasvið 160,0
Almennur rekstur samtals 193,7

Gjöld samtals 193,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,5

Gjöld umfram tekjur 185,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 185,2

m.kr.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	38,5
1.11 Sjúkrasvið	360,7
Almennur rekstur samtals	399,2
Gjöld samtals	**399,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,6
Gjöld umfram tekjur	**378,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	378,6

08-761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	40,7
1.11 Sjúkrasvið	312,5
Almennur rekstur samtals	353,2
Gjöld samtals	**353,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,7
Gjöld umfram tekjur	**319,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	319,5

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	41,8
1.11 Sjúkrasvið	262,1
Almennur rekstur samtals	303,9

	m.kr.
Gjöld samtals	**303,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,7
Gjöld umfram tekjur	**282,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	282,2

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	56,8
1.11 Sjúkrasvið	367,1
Almennur rekstur samtals	423,9
Gjöld samtals	**423,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-27,7
Gjöld umfram tekjur	**396,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	396,2

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	127,9
1.11 Sjúkrasvið	411,7
Almennur rekstur samtals	539,6
Gjöld samtals	**539,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-53,1
Gjöld umfram tekjur	**486,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 486,5

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 328,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 6,0

Gjöld samtals **334,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,0

Gjöld umfram tekjur **330,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 330,7

09-103 Ríkisbókhald

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisbókhald 191,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **196,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **195,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 195,7

m.kr.

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík 247,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,0

Gjöld samtals **251,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 251,0

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Reykjaness 137,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **135,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 135,1

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld 7,2
1.02 Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur 3,3
1.03 Forúrskurðir í skattamálum 10,9
1.04 Útgáfa úrskurða í skattamálum 12,8
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa 5,1
1.06 Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið 13,0
1.07 Athugun á virðisaukaskattskerfi 2,0
1.10 Skatteftirlit 22,1
1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli 25,0
1.30 Þungaskattur 26,2
1.40 Fjármagnstekjuskattur 10,5
Almennur rekstur samtals 138,1

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.45 Tölvuvæðing útflutningsskýrslna	4,0
Gjöld samtals	**142,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	142,1

09-261 Ríkistollstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkistollstjóri	126,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,0
Gjöld samtals	**136,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**135,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	135,4

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	526,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
Gjöld samtals	**534,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,8
Gjöld umfram tekjur	**521,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	521,6

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:	
6.05 Stjórnarráðsbyggingar	25,0
6.24 Tryggingastofnun ríkisins	70,0
6.60 Sölvhóll	10,0
6.80 Listaskóli	10,0
Stofnkostnaður samtals	115,0
Gjöld samtals	**115,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,0

09-995 Skýrsluvélakostnaður

Almennur rekstur:	
1.01 Launagreiðslukerfi	67,6
1.02 Tekjubókhaldskerfi	130,1
1.03 Skattvinnslukerfi	127,8
1.04 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	45,2
1.05 Innheimtuskilakerfi	15,5
1.06 Forsendukerfi innheimtugagna	18,3
1.09 Fjárlagakerfi	2,0
Almennur rekstur samtals	406,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	41,0
6.02 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	114,0
6.03 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	19,4
6.04 Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	26,0
6.08 Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal	12,6
6.09 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi	3,5
6.90 Tölvukerfi, óskipt	25,0
Stofnkostnaður samtals	241,5
Gjöld samtals	**648,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	648,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35,8
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	24,1
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	5,1
1.13 Kjarasamningar	18,3
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	31,3
1.15 Kjararannsóknir	5,9
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður	21,4
1.18 Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar og skriflegri umsókn þingflokka	130,0
1.19 Ýmsar endurgreiðslur	50,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	20,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	115,0
1.45 Ýmsar nefndir	3,4
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,5
1.60 Dómkröfur	53,0
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd	12,9
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Óviss útgjöld	19,5
Almennur rekstur samtals	552,2
Gjöld samtals	**552,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	552,2

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	19,0
1.14 Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	10,0
1.16 Landflutningasjóður	5,1
1.20 Rannsóknanefnd sjóslysa	16,9
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,4

	m.kr.
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	45,1
1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	23,7
1.25 GPS-staðsetningarkerfi	7,5
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.27 Slysavarnafélag Íslands	31,7
1.28 Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	38,0
1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	15,3
1.31 Landsbjörg	11,0
1.33 Flugeftirlitsnefnd	2,9
1.34 Flugskóli Íslands	9,7
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Ferðamál og markaðsstarf	10,0
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	30,0
1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	4,0
1.91 Athugun á öryggi fiskiskipa	1,2
Almennur rekstur samtals	287,6
Gjöld samtals	**287,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**286,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	282,5
Viðskiptahreyfingar	4,1

10-472 Flugvellir

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur flugvalla	353,8
Stofnkostnaður:	
6.80 Flugvellir, framkvæmdir	532,0
6.91 Framlag til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar	55,0
Stofnkostnaður samtals	587,0
Gjöld samtals	**940,8**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,7
Gjöld umfram tekjur	**910,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	823,3
Innheimt af ríkistekjum	86,8

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálaráð	43,9
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	8,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	10,2
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	14,8
1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	68,0
Almennur rekstur samtals	144,9
Gjöld samtals	**144,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,9
Gjöld umfram tekjur	**142,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	142,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.13 Hafsbotnsrannsóknir	2,0
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun	500,0
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	150,0
1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið	10,0
1.18 Hitaveitur á köldum svæðum	45,0
1.21 Nýskipan orkumála	3,0
Almennur rekstur samtals	710,0
Gjöld samtals	**710,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	710,0

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppnisstofnun	95,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,9
Gjöld samtals	**97,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	97,4

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	131,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,5
Gjöld samtals	**132,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	132,5

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	28,9
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	10,3
1.35 Umhverfisvöktun	30,0
1.40 Alþjóðastofnanir	11,7
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,8
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	5,0

	m.kr.
1.56 Vernd Breiðafjarðar	1,5
1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2,6
1.58 Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	3,0
1.59 Náttúruverndarráð	4,0
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	5,8
Almennur rekstur samtals	115,6
Gjöld samtals	**115,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,6

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	38,2
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	48,5
Almennur rekstur samtals	86,7
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	4,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**95,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,4
Gjöld umfram tekjur	**72,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	72,3

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	166,1

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
Gjöld samtals	**174,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-44,0
Gjöld umfram tekjur	**130,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	130,1

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	14,4
1.02 Setur í Reykjavík	112,0
1.03 Setur á Akureyri	32,3
Almennur rekstur samtals	158,7
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	0,5
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	2,5
Gjöld samtals	**161,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,5
Gjöld umfram tekjur	**118,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	118,2

m.kr.

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:	
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	4,9
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	4,9
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	7,9
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	4,9
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	4,9
1.15 Náttúrustofa Reykjanesi	1,0
Almennur rekstur samtals	28,5
Gjöld samtals	**28,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,5

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	350,2
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	97,6
Almennur rekstur samtals	447,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	14,5
6.11 Bifreiðar	2,5
Stofnkostnaður samtals	17,0
Gjöld samtals	**464,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-126,7
Gjöld umfram tekjur	**338,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	338,1

Fjárveiting á viðfangsefninu 02-319 1.90, sbr. brtt. í þskj. 439, skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
02-301 1.01	Menntaskólinn í Reykjavík	5,5
02-302 1.01	Menntaskólinn á Akureyri	3,4
02-303 1.01	Menntaskólinn á Laugarvatni	1,2
02-304 1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	5,5
02-304 1.09	Menntaskólinn við Hamrahlíð	0,9
02-305 1.01	Menntaskólinn við Sund	4,9
02-306 1.01	Framhaldsskóli Vestfjarða	1,4
02-307 1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1,7
02-308 1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	5,4
02-308 1.09	Menntaskólinn í Kópavogi	0,2
02-309 1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	2,9
02-350 1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	8,2
02-350 1.09	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1,6
02-351 1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	4,2
02-352 1.01	Flensborgarskóli	3,5
02-352 1.09	Flensborgarskóli	0,5
02-354 1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	4,2
02-355 1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1,5
02-356 1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	2,5
02-357 1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	4,4
02-357 1.09	Fjölbrautaskóli Suðurlands	0,2
02-358 1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	1,0
02-359 1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	7,5
02-359 1.09	Verkmenntaskólinn á Akureyri	0,4
02-360 1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	3,1
02-361 1.01	Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	0,6
02-362 1.01	Framhaldsskólinn á Húsavík	0,9
02-363 1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	0,7
02-365 1.01	Borgarholtsskóli	3,8
02-365 1.09	Borgarholtsskóli	0,1
02-506 1.01	Vélskóli Íslands	1,9
02-507 1.01	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1,0
02-514 1.01	Iðnskólinn í Reykjavík	11,2
02-514 1.09	Iðnskólinn í Reykjavík	0,8
02-516 1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði	2,5

Fjárveiting á viðfangsefninu 07-700 1.90, sbr. brtt. á þskj. 439, skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
07-702 1.01	Sveðisskrifstofa	0,3
07-702 1.20	Sambýli	3,8
07-702 1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,6
07-702 1.30	Verndaður vinnustaður, Örvi	0,6

07-702 1.60	Skammtímavistun	0,8
07-702 1.61	Dagvistun Keflavík	0,2
07-702 1.64	Hæfingarstöðvar	0,9
07-702 1.72	Gistiheimili Kópavogi	0,2
07-702 1.73	Vistheimili fyrir börn	1,7
07-704 1.01	Svæðisskrifstofa	0,4
07-704 1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-704 1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	1,0
07-706 1.20	Sambýli	0,8
07-706 1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	3,2
07-707 1.01	Svæðisskrifstofa	0,2
07-707 1.20	Sambýli Egilsstöðum	0,6
07-707 1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,3
07-708 1.01	Svæðisskrifstofa	0,5
07-708 1.20	Sambýli Selfossi	1,7
07-708 1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,2
07-708 1.30	Verndaður vinnustaður Selfossi	0,4
07-708 1.50	Vistheimili fyrir börn	0,9
07-708 1.70	Lambhagi	0,4
07-708 1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	1,4
07-711 1.20	Sambýli	3,1
07-711 1.30	Vinnustofan Ás	0,6
07-711 1.60	Dagvistun Lækjarási	1,0
07-711 1.61	Dagvistun Bjarkarási	1,0
07-711 1.62	Dagvistun Lyngási	1,8
07-711 1.63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	0,6
07-711 1.64	Skammtímavistun Hólabergi	0,5
07-720 1.70	Vistheimilið Skálatúni	0,9

Fjárveiting á viðfangsefninu 08-399 1.90, sbr. brtt. í þskj. 439, skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-368 1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	2,2
08-407 1.01	Sundabúð II, Vopnafirði	0,3
08-408 1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	1,1
08-409 1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	2,4
08-410 1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	2,6
08-412 1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	1,6
08-413 1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	1,3
08-420 1.01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	1,5
08-421 1.01	Víðines	0,6
08-422 1.01	Hlaðgerðarkot	0,2
08-432 1.01	Vistheimilið Bjarg	0,1
08-435 1.01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	0,3
08-490 1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	0,6
08-505 1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	4,3

08-524 1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,1
08-525 1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,1
08-526 1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	0,2
08-551 1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,1
08-552 1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	0,2
08-553 1.01	Reynslusveitarfélagið Akureyri	1,4
08-558 1.01	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjasýslu	0,4
08-561 1.01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	0,2
08-565 1.01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	0,3
08-566 1.01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	0,1
08-567 1.01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	0,1
08-568 1.01	Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	0,2
08-571 1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,1
08-572 1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,1
08-574 1.01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	0,1
08-575 1.01	Heilsugæslustöðin Hellu	0,1
08-576 1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	0,4
08-579 1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,1
08-583 1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	0,4
08-584 1.01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	1,4
08-585 1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1,1
08-586 1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	0,3
08-731 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-731 1.11	Sjúkrasvið	0,3
08-735 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-735 1.11	Sjúkrasvið	0,3
08-741 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-741 1.11	Sjúkrasvið	0,7
08-755 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-755 1.11	Sjúkrasvið	1,0
08-765 1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-765 1.11	Sjúkrasvið	0,8
08-771 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-771 1.11	Sjúkrasvið	0,6
08-775 1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-775 1.11	Sjúkrasvið	1,5

Sundurliðun 2.
Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta.

	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21).	
1. Háskóli Íslands, Náttúrufræðihús	43.000
2. Háskólinn á Akureyri,	
Sólborg, nýbygging	60.000
búnaður	10.000
3. Kennaraháskóli Íslands,	
byggingaframkvæmdir	70.000
viðhald	25.000
búnaður	20.000
4. Tækniskóli Íslands,	
viðhald	2.000
búnaður	23.000
5. Tilraunastöð Háskólans að Keldum	7.000
6. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, viðhald	2.000
7. Stofnun Árna Magnússonar, viðhald	1.000
Samtals	**263.000**
2. Almennir framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90).	
1. Menntaskólinn við Hamrahlíð	45.000
2. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	5.000
3. Fjölbrautaskólinn Ármúla	5.000
4. Iðnskólinn í Reykjavík	5.000
5. Menntaskólinn í Reykjavík	5.000
6. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, heimavist	5.000
7. Framhaldsskólar við Eyjafjörð	50.000
8. Framhaldsskólinn á Húsavík	4.000
9. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	1.000
10. Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.000
11. Skólar á Laugarvatni	35.000
12. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1.000
Óskipt	27.000
Samtals	**189.000**
3. Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).	
1. Fræðasetrið Sandgerðisbæ	500
2. Kirkjubæjarstofa	500
3. Síldarminjasafnið	500
4. Safnið Líf í fersku vatni á Hólum	500
Óskipt	7.500
Samtals	**9.500**

	Þús. kr.
4. Menningarstofnanir (02-969 6.21).	
1. Þjóðminjasafn Íslands	133.000
2. Þjóðleikhúsið	10.000
3. Verndun gamalla húsa	50.000
4. Þjóðskjalasafn	60.000
5. Reykholt	50.000
6. Safnahúsið við Hverfisgötu	127.000
7. Byggðasöfn	25.000
8. Brydebúð	3.000
9. Lista- og menningarmiðstöðin Skaftfell	5.000
Óskipt	17.000
Samtals	**480.000**
5. Listir, framlög (02-982 1.90).	
1. Tónleikahald í Stykkishólmskirkju	400
2. Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.500
3. Kammersveit Reykjavíkur	1.500
4. Collegium Musicum	500
5. Íslenska brúðuleikhúsið	400
6. Bláa kirkjan	400
7. Djassklúbbur Egilsstaða	400
8. Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	400
9. Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000
10. Sumartónleikar í Akureyrarkirkju	400
11. Sumartónleikar við Mývatn	400
12. Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000
13. Kaffileikhúsið	400
14. Listvinafélag Vestmannaeyja	400
15. Leikbrúðuland	500
16. Möguleikhúsið	500
17. Skaftárhreppur	400
18. Óperustúdíó Austurlands	400
19. Reykholtshátíð	400
20. Flugfélagið Loftur	1.000
21. Leikhópurinn Á senunni	400
22. Menning um landið	400
Óskipt	25.300
Samtals	**38.400**
6. Norræn samvinna (02-984 1.90).	
Norræna félagið	3.000
Óskipt	7.500
Samtals	**10.500**

	Þús. kr.
7. Ýmis framlög (02-999 1.90).	
1. Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500
2. Kvenréttindafélag Íslands	500
3. Kvenfélagasamband Íslands	1.500
4. Á seyði, menningar- og listastarfsemi á Seyðisfirði	500
5. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300
6. Fornleifastofnun Íslands	500
7. Hvalamiðstöðin á Húsavík	500
8. Heimili og skóli	500
Óskipt	6.800
Samtals	**12.600**
8. Ýmis verkefni (04-190 1.90).	
1. Flóaáveitufélagið	500
2. Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	3.000
3. Landvernd	2.000
4. Æðarræktarfélag Íslands	300
5. Skjólskógar, Vestfjörðum	3.000
6. Landgræðsluskógar	10.000
Óskipt	13.300
Samtals	**32.100**
9. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).	
a. Fyrirhleðslur:	
1. Héraðsvötn	4.000
2. Hornafjarðarfljót	1.000
3. Kotá í Öræfum	1.000
4. Skaftá	500
5. Kúðafljót	500
6. Klifandi/Hafursá	6.000
7. Þjórsá	1.000
8. Markarfljót	15.000
Samtals	**29.000**
b. Fyrirhleðslur og viðhald:	
1. Vesturlandskjördæmi	500
2. Vestfjarðakjördæmi	500
3. Norðurlandskjördæmi vestra	2.000
4. Norðurlandskjördæmi eystra	2.000
5. Austurlandskjördæmi	1.000
6. Suðurlandskjördæmi	2.000
Samtals	**8.000**
Samtals	**37.000**

		Þús. kr.
10.	**Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).**	
1.	Barnaheill	500
2.	Landssamband eldri borgara	500
3.	Blindrafélagið	6.500
4.	Daufblindrafélag Íslands	700
5.	Félag heyrnarlausra	3.000
6.	Félag ábyrgra feðra	200
7.	Fræðsla fyrir aðstandendur fatlaðra	500
8.	Samtökin '78	600
9.	Umsjónarfélag einhverfra	600
10.	Þroskahjálp	3.800
11.	Kvennaráðgjöfin	700
12.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
13.	Félag einstæðra foreldra	1.000
14.	Sjálfsbjörg	3.500
15.	Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	600
16.	Geðhjálp	3.500
17.	Íslensk ættleiðing	2.000
18.	Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
19.	Barnamál	200
20.	Félagasamtökin Vernd	500
	Óskipt	1.900
	Samtals	**36.400**
11.	**Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).**	
1.	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	14.900
2.	Þingeyri, heilsugæslustöð og hjúkrunarheimili	3.500
3.	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	4.000
4.	Grenivík, heilsugæslusel	2.000
5.	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	8.000
6.	Fáskrúðsfjörður, hjúkrunarheimili	18.500
7.	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	40.000
8.	Heilsugæslustöðin Garðabæ	23.600
9.	Heilsugæslustöðin Kópavogi	17.000
10.	Heilsugæsla í Reykjavík	39.000
	Samtals	**170.500**
12.	**Ýmis framlög (08-399 1.90).**	
1.	Samtök sykursjúkra	200
2.	Alnæmissamtökin á Íslandi	500
3.	Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	500
4.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300
5.	Landssamtök hjartasjúklinga	200
6.	MS-félag Íslands	200
7.	Gigtarfélag Íslands	200

		Þús. kr.
8.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000
9.	Húsnæðisfélag SEM	1.500
10.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	200
11.	Samtök lungnasjúklinga	500
12.	Parkinsonsamtökin	400
13.	Stórstúka Íslands	1.500
14.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga	500
15.	PKU-félagið á Íslandi	100
16.	Umhyggja	500
17.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	700
18.	Sundurliðun í *sérstöku yfirliti III*	197.900
	Óskipt	3.500
	Samtals	**210.400**

13. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).

a. Almennir styrkir:

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Snæfellsbær, undir Jökli	140
3.	Dalahérað	180
4.	Reykhólahreppur	280
5.	Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	90
6.	Vesturbyggð	500
7.	Súðavíkurhreppur	90
8.	Hólmavík – Nauteyrarhreppur	140
9.	Ísafjarðarbær	450
10.	Árneshreppur	1.150
11.	Djúpavík og Gjögur	140
12.	Kaldrananeshreppur	140
13.	Skagahreppur	120
14.	Skefilsstaðahreppur	120
15.	Fljótahreppur	180
16.	Ólafsfjarðarsveit	90
17.	Svarfaðardalur	140
18.	Grýtubakkahreppur	70
19.	Hálshreppur	70
20.	Mývatnssveit	90
21.	Mývatn – Húsavíkurflugvöllur	90
22.	Fjallahreppur	370
23.	Öxarfjörður – Kópasker	50
24.	Þórshöfn	50
25.	Bakkafjörður	50
26.	Vopnafjörður	50
27.	Borgarfjörður eystri	280
28.	Austur-Hérað	160
29.	Norður-Hérað	180
30.	Möðrudalur	90

	Þús. kr.
31. Fjarðarheiði	640
32. Oddsskarð	640
33. Breiðdalsvík	200
34. Djúpivogur	300
35. Svínafell í Nesjum	100
36. Mýrdalshreppur	220
Samtals	**7.800**
b. Stofnstyrkir:	
1. Fljótahreppur	500
2. Grýtubakkahreppur, snjótroðari	300
Samtals	**800**
c. Styrkir til flugfélaga:	
Óskipt	9.700
d. Óskipt	700
Samtals	**19.000**

485. Breytingartillögur [228. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá Vilhjálmi Egilssyni og Ágústi Einarssyni.

1. Við 1. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Við skil á staðgreiðslu tryggingagjalds skal taka tilliti til lækkunar skv. 8. mgr. einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða. Um uppgjör og álagningu gilda ákvæði V. kafla.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „banka, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: banka eða naut slíkrar ábyrgðar 31. desember 1997, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum iðgjalda- og.
   b. Við 3. mgr. bætist: enda hafi slíkt val ekki farið fram fyrir gildistöku laganna.

486. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá Vilhjálmi Egilssyni og Ágústi Einarssyni.

Við 10. gr. 3. mgr. orðist svo:
Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem annars yrði skv. 1. mgr. í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað.

487. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997, sbr. lög nr. 120/1997.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun. Fellst hún á þær tillögur sem fram koma í frumvarpinu og leggur til að það verði **samþykkt.**

Alþingi, 4. des. 1998.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson, með fyrirvara.	Sturla Böðvarsson.
Árni Johnsen.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni M. Mathiesen.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Hjálmar Jónsson.
Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.		Arnbjörg Sveinsdóttir.

488. Tillaga til þingsályktunar [356. mál]

um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Flm.: Arnbjörg Sveinsdóttir, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hefja nú þegar undirbúning að gerð jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Miðað verði við að framkvæmdir hefjist árið 2003.

Greinargerð.

Í skýrslunni „Jarðgöng á Austurlandi — nefndarálit 1993“ sem Vegagerð ríkisins sá um útgáfu á segir svo m.a.:

„Á veginum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar var meðalumferð ársins 1991 180 bílar og sumardagsumferð 240 bílar. Með tilkomu jarðganga styttist vegalengdin um 32 km og umferð mundi vafalaust aukast, enda Fáskrúðsfjörður þá kominn inn á sama þjónustu- og atvinnusvæði og kjarninn á Mið-Austurlandi (áfangi 1). Vegalengdin frá Fáskrúðsfirði til Reyðarfjarðar yrði um 20 km og til Egilsstaða um 48 km.

Heildarkostnaður við framkvæmdir er áætlaður 2.250 m.kr. (miðað við verðlag 1998). Þar er reiknað með 5,3 km löngum jarðgöngum, 100 m löngum forskálum og 11,5 km af nýjum vegum utan ganga.

Fyrir arðsemisreikninga var gerð lausleg umferðarspá. Þar var reiknað með að samkvæmt lágspá ykist umferðin um 25%, samkvæmt meðalspá um 50% og samkvæmt háspá um 100%. Þegar jarðgangaframkvæmdir voru bornar saman við kostnað við að endurbyggja núverandi veg og leggja á hann bundið slitlag (140 m.kr.) reiknaðist arðsemin verða um 4% fyrir lágspá um umferð, 5,4% fyrir meðalspá og rúm 8% fyrir háspá. Reiknað er með 30 ára afskriftartíma og áætlaðir skattar (20%) dregnir frá kostnaðaráætlun. Ef reiknað er með að göng verði ekki byggð fyrr en búið verður að fjárfesta í endurbótum á núverandi vegi reiknast arðsemin verða 4,6% fyrir meðalspá í umferð. Til að ná 5% arðsemi þarf þannig meðalumferð ársins að aukast frá 180 bílum eins og hún er í dag og upp í um 300 bíla, eða um tæp 70%.“

Þessi tilvitnun sýnir hversu hér er um hagkvæman kost í vegaframkvæmdum að ræða. Af jarðgöngum sem gerð hafa verið hér á landi eða skýrslur liggja fyrir um eru það einungis jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og Hvalfjarðargöng sem teljast arðbær. Ekki er þá tekið með í reikninginn að einungis munar 13 km hvort ekið er um Breiðdal og Skriðdal eða Fjarðarleiðina til Egilsstaða. Enginn vafi leikur á að jarðgöngin mundu því draga að sér mun meiri umferð en fram kemur í skýrslunni sem hér er vitnað til. Þá er enn fremur vert að benda á að vegurinn um Vattarnes og Reyðarfjarðarströnd er stundum varhugaverður, einkum hvað varðar grjóthrun, snjóflóð og hálku, og eru því jarðgöng af þeirri ástæðu einnig mikilvæg umferðarbót.


Samkvæmt skýrslu Vegagerðarinnar mundi kostnaður við þessar vegaframkvæmdir nema 2.250 millj. kr. á verðlagi þessa árs. Ef dreginn væri frá kostnaður við vegaframkvæmdir milli Breiðdalsvíkur og Egilsstaða og með ströndinni frá Fáskrúðsfirði til Reyðarfjarðar stæðu einungis eftir u.þ.b. 1.300 millj. kr. sem nettókostnaður við framkvæmdina. Mundi það enn frekar auka arðsemi þessarar framkvæmdar en þau atriði sem að framan er getið.


Augljóst er að jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar eru einkar ákjósanlegur kostur í vegaframkvæmdum, auk þess sem hringleið með fjörðum mundi styttast um u.þ.b. 35 km og Suðurfirðir Austfjarða kæmust inn í sama atvinnu- og þjónustusvæði og kjarni byggðarinnar á Mið-Austurlandi. Vegurinn frá Fáskrúðsfirði til Reyðarfjarðar yrði um 20 km og til Egilsstaða um 48 km. Þessar umbætur í vegamálum eru því í fullu samræmi við þær áherslur sem uppi eru í byggðamálum hér á landi, að ekki sé talað um þegar til stórframkvæmda kemur eins og stóriðju við Reyðarfjörð.

Það er því von flutningsmanna að máli þessu, sem er eitt brýnasta framfaramál á Austurlandi um þessar mundir, verði vel tekið og framgangur þess tryggður á yfirstandandi þingi.

2394

Fylgiskjal.





489. Fyrirspurn [357. mál]

til menntamálaráðherra um náttúrufræðikennslu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Telur ráðherra að áætlanir um tímafjölda til kennslu í náttúrufræðigreinum sem fram koma í bæklingnum „Enn betri skóli“ og í drögum að nýrri námsskrá fyrir framhaldsskóla samrýmist aukinni áherslu á náttúrufræðigreinar sem fram kom í kjölfar niðurstaðna TIMSS-könnunarinnar? Ef svo er ekki, hvernig hyggst ráðherra bregðast við?

490. Framhaldsnefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Valdníðsla meiri hlutans.

Við afgreiðslu málsins milli 2. og 3. umræðu gerðust þau fáheyrðu tíðindi að meiri hluti ríkisstjórnarinnar í nefndinni hafnaði algjörlega óskum fulltrúa fimm stofnana og félagasamtaka um að fá að koma á fund nefndarinnar til að segja álit sitt á grundvallarbreytingum á frumvarpinu sem meiri hlutinn hafði boðað við 2. umræðu. Þær breytingar sem hér um ræðir fela í sér gjörbreytta meðferð á erfðaupplýsingum sem samkvæmt tillögum meiri hlutans verður hægt að samkeyra hvenær sem er við gagnagrunn á heilbrigðissviði án sérstakrar heimildar tölvunefndar.

Samtökin, sem meiri hlutinn meinaði að koma á fund nefndarinnar, voru: Mannvernd, Læknafélag Íslands, Læknafélag Reykjavíkur, siðaráð Læknafélags Íslands og læknadeild Háskóla Íslands. Tillaga minni hlutans um að fulltrúum framangreindra yrði leyft að mæta á fund nefndarinnar var felld í formlegri atkvæðagreiðslu í nefndinni.

Í sömu atkvæðagreiðslu hafnaði meiri hlutinn tillögu minni hlutans um að fá á fund nefndarinnar fulltrúa vísindasiðanefndar, sérfræðing í erfðalækningum krabbameina, auk fulltrúa Ríkisendurskoðunar, til að ræða kostnaðarhlið við gerð gagnagrunns.

Þá hafnaði meiri hlutinn einnig, eftir að hafa hlýtt á andmæli tölvunefndar gegn fyrirhugaðri breytingu á meðferð erfðaupplýsinga, að fengið yrði skriflegt álit tölvunefndar á viðkomandi breytingartillögu sinni.

Jafnframt hafnaði meiri hlutinn að fulltrúar Samkeppnisstofnunar yrðu fengnir til að ræða breytingar á ákvæðum um aðgengi vísindamanna að gagnagrunni á heilbrigðissviði.

Enn fremur féllst meiri hlutinn ekki á að aðrar tillögur en hans eigin yrðu ræddar á fundi nefndarinnar sem felur í sér að stjórnarliðið er ekki til viðtals um samþykkt neinna þeirra breytingartillagna sem 1. minni hluti hafði lagt fram og kallað aftur til 3. umræðu.

Afstaða tölvunefndar.

Tölvunefnd var eini aðilinn sem meiri hlutinn treysti sér ekki til að meina minni hlutanum að fá til fundar um breytingarnar, enda óhjákvæmilegt að heyra afstöðu hennar þar sem

breytingartillaga meiri hlutans felur í sér sérstakt hlutverk tölvunefndar gagnvart meðferð erfðaupplýsinga.

Viðbrögð tölvunefndar á fundinum við umræddri breytingu meiri hlutans voru skýlaus. Hún tjáði nefndinni það skorinort að tölvunefnd yrði að fá fyrirmæli í lögum um vinnuferli eins og það sem lagt er til í breytingartillögum nefndarinnar þar sem án skýrrar lagaskipunar treysti nefndin sér ekki til að taka að sér það hlutverk sem tillagan ætlar henni. Þegar spurt var út í rökin sem lægju að baki því viðhorfi var svarið eftirfarandi: „Vegna þess að frá sjónarhóli persónuverndar felur það svo mikla ógn í sér.“

Utanaðkomandi þrýstingur.

Eftir að hafa lokið þessum morgunverkum samþykkti meiri hlutinn síðan að fá til fundar við nefndina tvo einstaklinga. Annar þeirra er starfsmaður Íslenskrar erfðagreiningar og hinn einn höfunda álits Lagastofnunar sem Íslensk erfðagreining pantaði og borgaði.

Athygli vekur að í fjölmiðlum varði varaformaður nefndarinnar og talsmaður meiri hlutans ákvörðun hans um að boða fulltrúa Íslenskrar erfðagreiningar til fundar við nefndina efnislega svo að ekki væri athugavert að „fulltrúa starfsleyfishafa“ væri boðið að segja álit sitt á breytingunum. Af því tilefni verður að rifja upp að engum hefur enn verið veitt starfsleyfi samkvæmt frumvarpinu sem hefur ekki einu sinni verið samþykkt á Alþingi.

Fyrir utan þá vanvirðu sem ummæli af þessu tagi eru gagnvart Alþingi er vert að rifja upp að í áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands er lögð áhersla á að áður en starfsleyfi er veitt verði þeim aðilum sem kynnu að hafa áhuga á gerð gagnagrunns á heilbrigðissviði kynnt áform um gerð hans til að skapa jafnræði með áhugasömum fyrirtækjum, enda væri annað brot á almennum reglur stjórnsýslunnar og 65. gr. stjórnarskrárinnar. Einn höfunda álitsins, prófessor Davíð Þór Björgvinsson, áréttaði þessa skoðun sína á fundi nefndarinnar 7. desember.

Þegar á fyrri fundi nefndarinnar að morgni föstudagsins 7. desember lýsti meiri hlutinn afdráttarlausri ætlan sinni að afgreiða málið þann sama dag. Þó var ljóst að samkvæmt starfsáætlun þingsins einsog hún lá þá fyrir hafði nefndin að minnsta kosti fjóra daga til að fjalla rækilega um málið. Engum dylst því að þrýstingur utan nefndarinnar varð til þess að meiri hlutinn kom til fundar milli 2. og 3. umræðu með skýr fyrirmæli um að ljúka málinu strax hvað sem það kostaði og án nauðsynlegrar umræðu.

Rétt er að upplýsa Alþingi um að fulltrúar tölvunefndar, sem voru boðaðir til fundarins með afar skömmum fyrirvara og höfðu þá ekki fengið að skoða breytingartillögur meiri hlutans, greindu frá að formaður tölvunefndar væri erlendis en kæmi til landsins á sunnudagskvöld og fundur væri boðaður í tölvunefnd á mánudag. Tölvunefnd gæti því skilað skriflegu áliti á mánudag, eða tveimur dögum áður en 3. umræða málsins var ákveðin. Eigi að síður var tillögu um að veita tölvunefnd frest fram á mánudagskvöld til að skila skriflegu áliti og um að fá þá formann hennar á fund nefndarinnar einnig hafnað.

Í þessu samhengi er einnig rétt að rifja upp að heilbrigðisráðherra hafnaði því að staðfesta við 2. umræðu málsins að þær breytingar sem meiri hlutinn vildi gera á meðferð erfðafræðilegra upplýsinga væru að beiðni heilbrigðisráðuneytisins. Á engu stigi umfjöllunar nefndarinnar komu fram óskir um breytingar í þessa veru frá fulltrúum ráðuneytisins. Þvert á móti kom ítrekað fram af þeirra hálfu að gert væri ráð fyrir að um meðferð erfðagagna, sem ekki eru hluti sjúkraskráa, skyldu gilda almennar reglur gildandi laga um persónuvernd.

Grundvallarbreytingarnar sem meiri hlutinn leggur til á meðferð erfðaupplýsinga eru því ekki gerðar að tilhlutan heilbrigðisráðherra heldur keyrðar í gegn á lokastigum málsins vegna óhóflegs þrýstings aðila sem ekki tengjast Alþingi.

Blekkingar.

Í upphaflega frumvarpinu var skýlaust tekið fram að einungis upplýsingar úr sjúkraskrám skyldu fara í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Í greinargerðinni eru sömuleiðis tekin af tvímæli um að samkeyrslur við önnur gögn þurfi að lúta gildandi lögum um vernd persónulegra upplýsinga og þar með að vera háð sérstöku leyfi tölvunefndar í sérhvert sinn sem hinn fyrirhugaði gagnagrunnur á heilsufarssviði yrði samkeyrður við aðra grunna, svo sem erfðafræðigrunna rekstrarleyfishafa eða annarra. Í tillögum meiri hlutans felst hins vegar sú grundvallarbreyting að samkeyrsla erfðagagnagrunns rekstrarleyfishafa við fyrirhugaðan gagnagrunn á heilbrigðissviði verður heimil án þess að sérstakt leyfi tölvunefndar verði veitt í sérhvert skipti eins og upphaflegt frumvarp gerði ráð fyrir. Í þessu felst því eðlisbreyting á frumvarpinu. Gildir þá einu hvort horft er til persónuverndar eða áhættunnar sem felst í þátttöku sjúklinga í gagnagrunni á heilbrigðissviði.

Þessi viðhorf minni hlutans voru staðfest á fundum stjórnarandstöðunnar með sérfræðingum á sviði læknisfræði og erfðafræði, þar á meðal þeirra samtaka og stofnana sem meiri hlutinn meinaði um fund með heilbrigðis- og trygginganefnd.

Af hálfu meiri hlutans komu einungis fram þau rök að yrði farið að almennum ákvæðum gildandi laga um samkeyrslur gagna eins og heilsufarsupplýsinga í miðlægum gagnagrunni á heilsufarssviði og erfðauppýsinga, þar sem sérstakt leyfi tölvunefndar þarf fyrir hverri samkeyrslu, yrði það of tafsamt fyrir rekstrarleyfishafann. Hagsmunum einstaklingsins í formi persónuverndar er því varpað fyrir róða vegna fjárhagslegra hagsmuna eins fyrirtækis.

Öll umræða um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði hefur síðustu mánuði farið fram á grundvelli upphaflegrar gerðar frumvarpsins og þar með verið gert ráð fyrir að erfðafræðiupplýsingar, sem ekki eru í sjúkraskrám, væru ekki hluti grunnsins. Því er ljóst að með tillögu sinni um gjörbreytta meðferð erfðaupplýsinga er ríkisstjórnin uppvís að því að hafa blekkt bæði þingið og vísindasamfélagið. Engum dylst að hefði þessi ætlan stjórnarliðsins verið ljós fyrir fram hefðu viðbrögð við grunninum heima og erlendis orðið enn harkalegri en þau eru í dag.

Þessi meginbreyting hefði því átt að leiða til þess að afgreiðslu málsins yrði frestað svo að vísindamenn, læknar og þjóðin öll hefðu fengið tóm til að meta frumvarpið í nýrri mynd. Í raun hefði því verið eðlilegt, eins og vísindamenn hafa bent á síðustu daga, að frumvarpið yrði sent aftur til umsagnar öllum þeim sem sendu nefndinni umsagnir um frumvarpið eins og það var lagt fyrir í þingbyrjun. Minni hlutinn setti þó aðeins fram þá hógværu ósk að auk þeirra fimm stofnana og samtaka sem óskuðu eftir að fá að koma á fund nefndarinnar yrðu þrír aðilar kvaddir til samráðs við hana, það er tölvunefnd, vísindasiðanefnd og Reynir Arngrímsson, sérfræðingur í erfðafræði krabbameina. Eins og áður er rakið var þessu alfarið hafnað.

Í þessu ljósi er því efalaust að ríkisstjórnin hefur leitt þing og þjóð á villigötur í umræðunni. Það frumvarp sem meiri hlutinn leggur til að verði samþykkt við 3. umræðu felur í sér grundvallarbreytingar sem ekki komu fram fyrr en á lokastigum málsins í meðferð Alþingis. Þjóðin, þingið og vísindasamfélagið hefur því verið blekkt til að ræða málið á allt öðrum forsendum og í allt öðrum búningi en birtist við lokaafgreiðslu málsins.

Ábyrgð stjórnarliðsins.

Í allri sögu Alþingis finnast vart dæmi þess að eitt einstakt fyrirtæki, sem hagsmuna á að gæta gagnvart lagasetningu, hafi með svo grófum hætti getað hlutast til um veigamiklar breytingar á frumvarpinu sem er komið til lokaafgreiðslu í þinginu. Með háttsemi af þessu tagi er Alþingi vanvirt og á því ber ríkisstjórnin alla ábyrgð.

Hér er jafnframt um freklegt brot á viðteknum vinnuhefðum Alþingis að ræða. Meiri hlutinn hafnaði því með atkvæðagreiðslu að grundvallarbreytingar sem fólust í tillögum hans yrðu rannsakaðar faglega eins og er þingleg ábyrgð nefnda þingsins.

Meiri hlutinn hafnaði sömuleiðis að aðrar breytingar á frumvarpinu yrðu ræddar, en eins og kunnugt er voru breytingartillögur frá stjórnarandstöðunni kallaðar til 3. umræðu. Þar með er ljóst að stjórnarliðið er ekki til viðtals um breytingar sem fela m.a. í sér bann við misnotkun upplýsinga sem verða unnar í krafti gagnagrunns á heilbrigðissviði á t.d. vinnumarkaði eða tryggingamarkaði.

Í ljósi þess að breytingum á frumvarpinu er stjórnað utan þingsins og með hliðsjón af þeim gerræðislegu vinnubrögðum sem hér er lýst og fela í sér að Alþingi er svipt hinum lýðræðislega rétti til að vinna málið faglega er ljóst að meiri hlutinn hefur eyðilagt alla möguleika á lágmarkssamstöðu um málið. Minni hlutinn telur því einboðið að frumvarp til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði verði alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Hann mun því ekki flytja neinar breytingartillögur og greiða atkvæði gegn málinu við 3. umræðu.

Ögmundur Jónasson hefur setið fundir nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og tekur fram að hann hefur frá upphafi verið andvígur máli þessu og stóð að flutningi frávísunartillögu ásamt öðrum þingmönnum óháðra. Hann er samþykkur nefndarálitinu.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat einnig fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk álitinu.

Alþingi, 15. des. 1998.

Össur Skarphéðinsson, form.	Bryndís Hlöðversdóttir, frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

491. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og hækka útlánaramma vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bolla Þór Bollason frá fjármálaráðuneyti. Umsögn um málið barst frá Verðbréfaþingi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að samþykkja aukningu á hlutafé í Norræna fjárfestingarbankanum til samræmis við samþykkt ráðherranefndar Norðurlanda frá 24. júní sl. Jafnframt er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að samþykkja hækkun á útlánarömmum bankans vegna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda frá 1. janúar 1999. Í 3. gr. frumvarpsins er loks leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að samþykkja breytingar á samþykktum bankans til samræmis við framangreindar breytingar.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.
Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk álitinu.

Alþingi, 11. des. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Svavar Gestsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.

492. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [109. mál]

í málinu: Frv. til l. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Svavari Gestssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

Þar sem fjölmörg atriði mæla gegn afgreiðslu frumvarpsins, meiri hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar beitti eindæma gerræði við afgreiðslu málsins á fundi sínum eftir 2. umræðu á Alþingi og þar sem málið fékk ekki fullnægjandi umfjöllun í nefnd milli 2. og 3. umræðu gagnstætt því sem heitið var og líkur eru á að lögfesting frumvarpsins leiði til átaka og tjóns í heilbrigðiskerfinu ályktar Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

493. Nefndarálit [322. mál]

um frv. til l. um afnám l. nr. 62/1984, um húsaleigu sem fylgir breytingum á vísitölu húsnæðiskostnaðar.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hallgrím Snorrason frá Hagstofu Íslands. Málið var ekki sent til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði úr gildi lög nr. 62/1984, um húsaleigu sem fylgir breytingum á vísitölu húsnæðiskostnaðar. Nefndin tekur undir sjónarmið sem fram koma í greinargerð um að lögin séu barn síns tíma og ákvæði þeirra úreld eftir að tekist hefur að ná tökum á verðbólgunni hér á landi. Grunnur vísitölu húsnæðiskostnaðar er tengdur meðallaunum og er því verðbólguhvetjandi auk þess sem þessi tilhögun samrýmist ekki núverandi stöðu mála varðandi verðtryggingu í íslensku efnahagslífi.

Mjög hefur dregið úr notkun ýmiss konar vísitalna sem viðmiða hækkana á endurgjaldi fyrir vöru og þjónustu hér á landi. Nefndin vill beina því til ríkisstjórnarinnar að láta kanna í hve miklum mæli vísitölur eru enn við lýði sem greiðsluviðmið og leggur til að slík viðmið verði felld brott úr lögum í áföngum.

Þá vill nefndin beina því til félagsmálaráðherra að vel verði staðið að kynningu þeirrar breytingar sem frumvarpið felur í sér verði það að lögum og að stöðluðum eyðublöðum skv. 4. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994, verði breytt við gildistöku laganna til samræmis við efni þeirra.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Einar Oddur Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk álitinu.

Alþingi, 14. des. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Svavar Gestsson.		Pétur H. Blöndal.

494. Fyrirspurn [358. mál]

til umhverfisráðherra um svæðisskipulag fyrir miðhálendið.

Frá Ágústi Einarssyni.

1. Hversu miklu fé hefur verið varið í svæðisskipulag fyrir miðhálendið, hvernig er sundurliðun þess og til hverra hafa greiðslur runnið?
2. Hverjir bera faglega ábyrgð á vinnu við svæðisskipulagið?
3. Hvað bárust mörg tilboð þegar vinna við svæðisskipulag fyrir miðhálendið var boðin út árið 1994, hversu há voru þau, frá hverjum, hvaða tilboði var tekið og hvaða faglegar forsendur voru lagðar til grundvallar ákvörðuninni?
4. Hefur kostnaður við svæðisskipulagið farið fram úr því tilboði sem tekið var, sbr. 3. lið? Ef svo er, hvers vegna, hversu mikið, hver ber ábyrgð á því og hafa útgjöld ríkisins aukist vegna þessa umfram það sem áætlað var?
5. Var tekið fullt tillit til fyrri samþykkta Alþingis um landnotkun á miðhálendinu við gerð skipulagsins og hvað bindur það landnotkun á þessu svæði til margra ára ef það hlýtur staðfestingu ráðherra?
6. Hvaða umhverfissjónarmið voru lögð til grundvallar við gerð skipulagsins, hvernig var tekið tillit til þeirra og til hvaða ráðgjafa var leitað á því sviði?

7. Liggur fyrir til lokaafgreiðslu hjá Skipulagsstofnun og/eða ráðherra endanleg skipulagstillaga fyrir miðhálendið og ef svo er, hvenær var hún gerð opinber og hvenær má vænta afstöðu stofnunarinnar og/eða ráðherra?

Skriflegt svar óskast.

495. Frumvarp til laga [359. mál]

um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. málslið 8. tölul. 31. gr. laganna bætist: þó ekki af félögum sem hafa starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags.

2. gr.

Við 3. mgr. 67. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir um arð og söluhagnað einstaklinga utan rekstrar af hlutafé í félagi sem hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags.

3. gr.

Við 1. mgr. 72. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Tekjuskattur félags sem hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags skal vera 5% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

4. gr.

Á eftir 3. mgr. 84. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal félag sem hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags vera undanþegið eignarskatti.

II. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

5. gr.

Við b-lið 3. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Félag sem hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags skal þó undanþegið sérstökum eignarskatti samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

6. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., ákvæði 4. gr. og ákvæði III. kafla skulu skjöl er ella væru stimpilskyld samkvæmt lögum þessum vera stimpilfrjáls ef þau varða kaup og sölu félags, sem hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags, á flugvélum og skipum sem því eru heimil lögum samkvæmt, skrásetningu réttinda og stofnun takmarkaðra eignarréttinda yfir slíkum eignum alþjóðlegs viðskiptafélags eða lántökur, lánveitingar eða viðskipti slíks félags vegna lögheimillar starfsemi þess.

IV. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 1. og 2. tölul., svohljóðandi:

1. Starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags ..... 100.000 kr.
2. Árlegt eftirlitsgjald alþjóðlegs viðskiptafélags ..... 100.000 kr.

V. KAFLI

Gildistaka.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Ákvæði 1.–5. gr. koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999 og eigna í lok þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um alþjóðleg viðskiptafélög. Er þeim lagabreytingum sem hér er kveðið á um ætlað að skapa félögum sem sérstaklega eru stofnuð og starfrækt samkvæmt starfsleyfi hér á landi, í því skyni að stunda viðskipti utan íslenskrar lögsögu, samkeppnishæf skattaleg skilyrði samanborið við það sem annars staðar býðst. Í frumvarpi til laga um alþjóðleg viðskiptafélög er nánar lýst þeirri starfsemi sem slík félög mega stunda og kveðið á um skilyrði fyrir því að starfsleyfi séu veitt. Rekstur alþjóðlegs viðskiptafélags skal vera fjárhagslega óháður og aðskilinn rekstri annarra aðila.

Samkvæmt þessu frumvarpi sem kveður á um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga og lögum um stimpilgjald, munu alþjóðleg viðskiptafélög greiða 5% tekjuskatt, þau verða undanþegin eignarskatti og sérstökum eignarskatti og skjöl sem tengjast lögheimilli starfsemi þeirra verða stimpilfrjáls. Það skilyrði er ávallt sett að viðkomandi félag hafi starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags lögum samkvæmt.

Frumvarpið kveður einnig á um breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs þar sem gert verður ráð fyrir sérstöku skráningargjaldi alþjóðlegs viðskiptafélags og sérstöku árlegu gjaldi til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit starfsleyfisnefndar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Vegna þeirrar sérstöku skattalegu stöðu sem alþjóðlegum viðskiptafélögum verður búin, sbr. 3.–5. gr. frumvarpsins, er í 1. gr. gert ráð fyrir að arður af hlutafé í alþjóðlegum viðskiptafélögum verði ekki frádráttarbær frá tekjum lögaðila og einstaklinga í rekstri eins og

gildir um arð sem þessir aðilar fá greiddan af hlutum og hlutabréfum í öðrum innlendum félögum. Af sömu ástæðum er í 2. gr. gert ráð fyrir að arður af hlutafé sem einstaklingar utan rekstrar eiga í alþjóðlegu viðskiptafélagi og hagnaður einstaklinga utan rekstrar vegna sölu slíks hlutafjár verði ekki meðhöndlaður eins og fjármagnstekjur almennt heldur fari um þetta sem aðrar tekjur. Um skattlagningu arðs sem aðilar er bera takmarkaða skattskyldu hér á landi hafa af hlutafé í alþjóðlegu viðskiptafélagi mun hins vegar fara samkvæmt gildandi ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt og ákvæðum tvísköttunarsamninga eftir því sem við á.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að tekjuskattur alþjóðlegra viðskiptafélaga verði 5% af tekjuskattsstofni. Í þessu sambandi ber að hafa hugfast að samkvæmt frumvarpi til laga um alþjóðleg viðskiptafélög verður unnt að heimila alþjóðlegu viðskiptafélagi að færa bókhald sitt og reikningsskil í erlendri mynt. Skal þá við ákvörðun skattstofna ekki beita ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt um verðlagsbreytingar og endurmat við útreikning á söluhagnaði og fyrningum eða ákvæðum sömu laga um tekjur og gjöld vegna verðbreytinga. Mun tekjuskattur alþjóðlegs viðskiptafélags í slíku tilviki reiknast af tekjuskattsstofni svo sem hann ákvarðast án reiknaðra verð- og verðlagsbreytinga.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um að alþjóðleg viðskiptafélög verði undanþegin eignarskatti.

Um 5. gr.

Hér er tekið fram að alþjóðleg viðskiptafélög skuli undanþegin sérstökum eignarskatti samkvæmt lögum nr. 83/1989.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, sem felur í sér að skjöl, sem ella væru stimpilskyld samkvæmt þeim lögum, skuli vera stimpilfrjáls ef þau varða kaup og sölu alþjóðlegs viðskiptafélags á flugvélum og skipum sem því eru heimil lögum samkvæmt, þ.e. vegna flutnings á vörum eða farþegum utan Íslands, ef þau varða skrásetningu réttinda og stofnun takmarkaðra eignarréttinda yfir slíkum eignum alþjóðlegs viðskiptafélags eða ef þau varða lántökur, lánveitingar eða viðskipti slíks félags vegna starfsemi sem því er heimil samkvæmt lögum um alþjóðleg viðskiptafélög. Um stimpilgjald vegna fasteigna sem alþjóðlegt viðskiptafélag eignast hér á landi fer á hinn bóginn samkvæmt almennum ákvæðum laga um stimpilgjald.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um alþjóðleg viðskiptafélög sem lagt er fram af viðskiptaráðherra. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að skapa alþjóðlegum viðskiptafélögum samkeppnishæf skattaleg skilyrði samanborið við það sem annars staðar býðst. Með samþykkt frumvarpsins þurfa skattyfirvöld að breyta hugbúnaði og framtalseyðublöðum og má áætla kostnað við þær breytingar um 0,5 m.kr. Gera má ráð fyrir að aukning á umfangi skatteftirlitis verði ekki umtalsverð.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, komi til með að skapa ríkissjóði teljandi útgjöld.

496. Frumvarp til laga [360. mál]

um breytingu á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.

Flm.: Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé ekki unnt að manna stöðugildi leikskólakennara skulu leiðbeinendur, sem sérstaklega eru þjálfaðir til starfa á leikskólum, ráðnir eftir þörfum til að sinna þessum störfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um leikskóla, nr. 78/1994, er kveðið á um að leikskólastjóri og það starfslið sem annast uppeldi og menntun barna skuli hafa menntun leikskólakennara. Hvergi í lögunum er minnst á annað starfsfólk leikskóla, né hvaða kröfur eru gerðar til þess. Í reglugerð um starfsemi leikskóla sem sett var 6. apríl 1995 segir að fyrir hvert stöðugildi leikskólakennara sem sjá um umönnun, uppeldi og menntun barna í leikskóla skuli vera átta barngildi samkvæmt reiknireglu 7. gr. Þessu til viðbótar koma störf leikskólastjóra, störf vegna sérstaks stuðnings, afleysinga og ræstinga og störf í eldhúsi samkvæmt mati rekstraraðila miðað við stærð leikskóla.

Þegar leikskólalögin voru í undirbúningi á Alþingi árið 1994 var ítrekað bent á þörf á því að geta sérstaklega annarra starfsmanna leikskóla í lögunum sjálfum, og var meðal annars um þetta fjallað í umræðum á Alþingi. Nauðsynlegt væri að geta um ófaglært starfsfólk í lögunum til að treysta réttarstöðu þess. Þá fullvissaði þáverandi menntamálaráðherra þingmenn

um að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af þessu, minnst væri á annað starfsfólk en leikskólakennara í athugasemdum með frumvarpinu og séð yrði til þess í erindisbréfum að réttarstaða starfsmanna væri tryggð.

Í eldri lögum var tekið á þessum málum með öðru móti. Í lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, sem giltu til ársins 1991 sagði í 10. gr. að forstöðumaður dagvistarheimilis og starfslið er annaðist fósturstörf skyldi hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir sem önnuðust umsjón með dagvistarheimilum á vegum rekstraraðila. Heimilt væri þó með samþykki ráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði væri þess enginn kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs.

Í lögum um leikskóla frá 18. mars 1991 sagði í 1. mgr. 10. gr. að við hvern leikskóla skyldi vera leikskólastjóri. Leikskólastjóri og starfslið sem annaðist fósturstörf skyldi hafa fósturmenntun, svo og þeir sem önnuðust faglega umsjón og eftirlit með leikskólum á vegum rekstraraðila. Við undirbúning að þessum lögum reyndi Starfsmannafélagið Sókn að tryggja réttarstöðu félagsmanna sinna og fékk þá fyrirheit ráðherra um að í reglugerð yrði sérstaklega hugað að öðru starfsfólki leikskóla en leikskólakennurum. Sú reglugerð var ekki sett.

Meira en helmingur allra starfsmanna leikskóla uppfyllir ekki þau skilyrði sem lög um leikskóla setja, er með öðrum orðum ekki leikskólakennarar. Samkvæmt ársskýrslu Dagvistar barna í Reykjavíkur árið 1994 tilheyrðu 57% allra starfsheita hjá Dagvist barna félagsmönnum Sóknar eða 612,58 stöðugildi af samtals 1.074.37. Í samantekt menntamálaráðuneytisins yfir fjölda starfsmanna leikskóla á landsvísu kemur í ljós að ófaglært starfsfólk er 59% allra starfsmanna leikskóla. Ófaglært starfsfólk leikskóla utan félagssvæðis Sóknar er ýmist í verkalýðsfélögum sem eru aðilar að Verkamannasambandi Íslands eða í starfsmannafélögum viðkomandi bæjarfélaga eða landsvæða.

Þrátt fyrir svo hátt hlutfall ófaglærðs starfsfólks á leikskólum er hvergi minnst á þetta fólk í lögum. Réttarstaða þess er slök og í ljósi núgildandi reglugerðar um leikskóla telja leikskólakennarar sig hafa einkarétt til starfa á leikskólum. Þess eru mörg dæmi að starfsmönnum leikskóla með margra ára starfsreynslu sé vikið úr starfi þegar leikskólakennarar sækja um.

Í starfsgreinaráði uppeldis- og tómstundagreina, sem hefur það hlutverk að skipuleggja nám á stuttum starfsmenntabrautum, er nú fjallað um menntunarmál þessa starfshóps. Við þá umfjöllun hefur réttleysi hans komið fram. Menn hafa velt því fyrir sér hvort hægt er að skipuleggja nám fyrir starfsfólk á leikskólum sem ekki er getið í lögum, hóp sem lög um leikskóla gera ekki ráð fyrir að starfi á leikskólum. Enn fremur má geta þess að Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög hafa viljað stuðla að bættri stöðu starfsmanna á leikskólum með langan starfsaldur með því að bjóða upp á aðfaranám að leikskólakennaramenntun við Kennaraháskóla Íslands. Þessi áform hafa nú verið lögð til hliðar þar sem úrlausn málsins veltur á því að leikskólalög geri ráð fyrir tilvist þessa starfsfólks. Aðrir en menntaðir leikskólakennarar hafa ekki heimild til að sinna þessum störfum.

Forusta Starfsmannafélagsins Sóknar og fleiri launþegasamtök hafa á liðnum árum stöðugt minnt á laka stöðu þessa hóps og gert kröfur til þess að hún sé bætt og ófaglærðu fólki tryggður sess í störfum á leikskólum með lögum. Meðal annars hefur þetta verið gert með málflutningi innan þeirra nefnda sem hafa unnið að frumvarpi til leikskólalaga, við setningu laga um leikskóla á Alþingi á sínum tíma og eins með viðtölum við menntamálaráðherra og borgarstjóra. Fyrir u.þ.b. einu ári kom meðal annars fram á ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga einlægur vilji sveitarstjórnarmanna til að finna lausn á þessu vandamáli. Þrátt fyrir skilning, vilja og fögur fyrirheit hefur ekkert orðið úr efndum.

Á þessu ári sendi Sókn erindi til umboðsmanns Alþingis og óskaði álits hans á því hvort reglugerð um leikskóla stæðist þar sem hún gengi enn lengra en sett lög í því að útiloka aðra en leikskólakennara frá störfum á leikskólum. Umboðsmaður taldi ekki ástæðu til athugasemda við reglugerðina, en tók jafnframt fram í tilefni þess að í kvörtun Starfsmannafélagsins Sóknar var vikið að því að ákvæði skorti um réttarstöðu og starfssvið ófaglærðs starfsfólks á leikskólum í lögum um leikskóla að það væri ekki hlutverk umboðsmanns að fjalla um hvernig til hefði tekist með löggjöf sem sett hefði verið á Alþingi.

Í þessu frumvarpi er hugtakið leiðbeinandi notað, enda hefur það verið notað það hugtak um ófaglært starfsfólk á leikskólum. Er það gert að fyrirmynd grunnskólalaga um þá sem stunda kennslu án þess að hafa lokið kennaranámi.

497. Frumvarp til laga [361. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Aðrir fundir skulu haldnir samkvæmt ákvörðun ráðsins.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar sjö menn í Ferðamálaráð og jafnmarga til vara. Skipunartími Ferðamálaráðs skal vera fjögur ár, en skipunartími ráðherraskipaðra fulltrúa skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar þá. Skulu tveir skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins og hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu eftirtalinna: Samtaka ferðaþjónustunnar, sem tilnefna tvo menn, Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem tilnefnir tvo, og Ferðamálasamtaka Íslands, sem tilnefna einn.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum. Í undirnefndir er heimilt að skipa menn sem ekki eiga sæti í Ferðamálaráði.

4. gr.

Á eftir 1. tölul. 7. gr. laganna kemur nýr töluliður og breytist töluröð annarra liða til samræmis við það:

2. Rannsóknir og kannanir á sviði ferðamála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu í samráði við Samtök ferðaþjónustunnar. Tilgangur þess er að breyta skipan Ferðamálaráðs og gera störf þess skilvirkari, en fjöldi fulltrúa í ráðinu hefur gert störf Ferðamálaráðs nokkuð þung í vöfum og því mikið hvílt á framkvæmdastjórninni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna breytist þar sem framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs verður lögð niður.

Um 2. gr.

Lagt er til að breyting verði gerð á skipan Ferðamálaráðs. Samkvæmt gildandi lögum eru fulltrúar í Ferðamálaráði 23, þar af eru fimm skipaðir af samgönguráðherra án tilnefningar og 18 skipaðir af samgönguráðherra eftir tilnefningu tiltekinna hagsmunaaðila í ferðaþjónustu.

Í framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs eiga sæti sjö fulltrúar og eiga þar allir jafnframt sæti í Ferðamálaráði, en hlutverk framkvæmdastjórnar er að fara með yfirstjórn á starfsemi Ferðamálaráðs á milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess. Samkvæmt gildandi lögum eiga eftirtaldir aðilar sæti í framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs: formaður Ferðamálaráðs, varaformaður Ferðamálaráðs, ferðamálasamtök landshluta, Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf., Reykjavíkurborg og Samband veitinga- og gistihúsa.

Lagt er til að fulltrúum í Ferðamálaráði verði fækkað úr 23 í sjö og að ráðið verði skipað á svipaðan hátt og framkvæmdastjórnin áður. Af sjö fulltrúum í Ferðamálaráði skipar samgönguráðherra tvo menn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins og hinn varaformaður. Tveir fulltrúar skulu skipaðir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi af Ferðamálasamtökum Íslands. Þá er gert ráð fyrir að Samtök ferðaþjónustunnar tilnefni tvo fulltrúa í Ferðamálaráð, en þau voru stofnuð 11. nóvember 1998.

Samkvæmt gildandi lögum eiga m.a. eftirfarandi hagsmunaaðilar, sem rúmast innan Samtaka ferðaþjónustunnar, fulltrúa í Ferðamálaráði: Félag hópferðaleyfishafa, Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Félag sérleyfishafa, Flugleiðir hf., Samband veitinga- og gistihúsa og önnur flugfélög en Flugleiðir hf. Við það er miðað að tveir fulltrúar komi frá þessum nýju samtökum, en þau félög sem að því standa eiga þrjá fulltrúa í framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs samkvæmt gildandi lögum. Miðað er við að Samtök íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo menn, en Reykjavíkurborg á samkvæmt gildandi lögum einn fulltrúa í framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs. Ferðamálasamtök Íslands tilnefna einn fulltrúa í Ferðamálaráð, en ferðamálasamtök landshluta tilnefna einn fulltrúa í framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs samkvæmt gildandi lögum.

Um 3. gr.

Lagt er til að framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs verði lögð niður þar sem ekki þykir þörf á sérstakri framkvæmdastjórn þegar fjöldi fulltrúa í ráðinu er orðinn sjö í stað 23 áður. Ferðamálaráð, eins og það verður skipað skv. 2. gr. frumvarpsins, tekur því við þeim verkefnum sem framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs hefur nú með höndum, en 2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að fulltrúar sömu aðila skipi Ferðamálaráð og nú eiga sæti í framkvæmdastjórn þess. Hins vegar er miðað við að Ferðamálaráði verði eftir sem áður heimilt að skipa undirnefndir til að vinna að einstökum málaflokkum í umboði ráðsins.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að í 7. gr. verði tekinn upp nýr töluliður um verkefni Ferðamálaráðs, þ.e. rannsóknir og kannanir á sviði ferðamála.

Nýlega hefur verið stofnuð sérstök rannsóknarstaða hjá Ferðamálaráði og er ráðið í samstarfi við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri um rannsóknir á sviði ferðaþjónustu.

Um 5. gr.

Miðað er við að verði frumvarpið að lögum taki þau þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði breyting á skipan Ferðamálaráðs og það verði skipað líkt og framkvæmdastjórn áður. Við það fækkar fulltrúum sem skipaðir eru í ráðið af samgönguráðherra úr sjö af 23 í tvo af sjö. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Ferðamálaráði verði falið að vinna að rannsóknum á sviði ferðamála, en stofnuð hefur verið rannsóknarstaða hjá ráðinu og er það í samstarfi við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri um rannsóknir á sviði ferðamála. Ferðamálaráð hefur um árabil annast landkynningu og markaðsmál og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það verði í samstarfi við hagsmunaaðila um slík verkefni. Gera má ráð fyrir 1 m.kr. lækkun útgjalda við breytta skipan ráðsins og fækkun fulltrúa. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins hafi frekari áhrif á afkomu ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

498. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Hafstein Hafsteinsson, forstjóra Landhelgisgæslu Íslands, Ingólf Sverrisson og Valgeir Hallvarðsson frá Samtökum iðnaðarins, Björn Friðfinnsson, ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í EES-málum, og frá Ríkiskaupum Júlíus Ólafsson og Guðmund I. Guðmundsson. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Landhelgisgæslu Íslands, Samtökum iðnaðarins, Ríkiskaupum og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði ákvæði við lög um Landhelgisgæslu Íslands um samningsgerð við smíði varðskipa og viðhald þeirra. Þykir nauðsynlegt að reglur þar að lútandi verði lögfestar áður en hafin verður fyrirhuguð smíði á nýju varðskipi.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Hjálmar Jónsson, Kristín Halldórsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 14. des. 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Kristján Pálsson.
Ólafur Örn Haraldsson.	Tómas Ingi Olrich.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

499. Svar [310. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur um fækkun umferðarslysa á árinu 1997.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptist sú fækkun umferðarslysa sem sagt er í skýrslu ráðherra um stöðu umferðaröryggismála að hafi orðið árið 1997, eftir umdæmum, þ.e.:*
   a. *Reykjavík,*
   b. *öðrum umdæmum?*
2. *Hvernig er skiptingin á milli þessara umdæma eftir:*
   a. *fjölda dauðaslysa,*
   b. *fjölda alvarlegra slysa,*
   c. *fjölda slasaðra?*

Leitað var til Umferðarráðs um svör við fyrirspurninni. Þau er að finna í eftirfarandi töflu:

	Látnir			**Mikil meiðsl**			**Alls**		
	1997	Meðaltal 1991–96	Fækkun, %	1997	Meðaltal 1991–96	Fækkun, %	1997	Meðaltal 1991–96	Fækkun, %
Reykjavík	4	4	0	56	69	18,8	60	73	17,8
Önnur umdæmi	11	14	21,4	147	167	12,0	158	181	12,7
Alls	15	18	16,7	203	236	14,0	218	254	14,2

Fram kemur í töflunni að árið 1997 létust eða slösuðust alvarlega umtalsvert færri en að meðaltali árin 1991–96.

Varðandi c-lið síðari liðar fyrirspurnarinnar, um fjölda slasaðra, er því til að svara að mjög erfitt er að bera saman tölur úr lögregluskýrslum um fjölda þeirra sem hljóta lítils háttar meiðsl í umferðarslysum. Kemur þar m.a. til að miklum tilviljunum er háð hvort slík slys eru tilkynnt til lögreglu. Meginhersla er lögð á að koma í veg fyrir alvarleg slys í umferð-

inni, sbr. umferðaröryggisáætlun áranna 1997–2000 sem gerir ráð fyrir að í lok tímabilsins slasist alvarlega eða látist færri en 200 á ári.

500. Svar [315. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur af hálfu stjórnvalda verið gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlun í samræmi við markmiðin sem sett voru í umferðaröryggisáætlun fyrir árin 1997–2000?*
2. *Ef svo er, hvernig hljóðar sú áætlun með tilliti til einstakra verkefna og fjárframlaga til þeirra?*

Hinn 25. nóvember 1994 samþykkti ríkisstjórnin stefnumörkun í umferðaröryggismálum þar sem meðal annars er lagt til að gerð verði framkvæmdaáætlun um aukið umferðaröryggi til ársloka 2000. Í samþykktinni var þess getið að stefnt yrði að verulegri fækkun alvarlegra umferðarslysa á tímabilinu. Í framhaldinu skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem fékk það verkefni að skila tillögum að stefnumörkun og framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum fyrir 15. janúar 1995. Á grundvelli skýrslunnar var á Alþingi, 28. febrúar 1996, samþykkt þingsályktun um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun. Þar var jafnframt gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra kynnti Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki.

Helstu tillögur nefndarinnar voru taldar upp í athugasemdum með tillögu til framangreindrar þingsályktunar:

„1. Dómsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón umferðaröryggismála. Dómsmálaráðherra skipi starfshóp til að fjalla um verkaskiptingu milli dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis með það að markmiði að samnýta betur tækniþekkingu og tryggja skilvirkari framkvæmd umferðaröryggismála í landinu.
2. Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal starfrækt á ný og rannsaki hún alvarlegustu umferðarslysin ásamt því að vera ráðgefandi fyrir Alþingi í sérstökum málum er varða umferðaröryggi.
3. Stofnaður verði sjóður sem veiti fé til rannsóknarverkefna á umferðaröryggissviði. Sjóðurinn geti einnig stutt áhugaverðar aðgerðir ef sýnt þykir að þær stuðli að meira umferðaröryggi, t.d. hjá sveitarfélögum. Nú er innheimt umferðaröryggisgjald við aðalskoðun, nýskráningu og eigandaskipti hverrar bifreiðar að upphæð 100 kr. Til að efla umferðaröryggisstarfið er lagt til að hækka gjaldið í 150 kr. Umferðarráð nýti hluta þessarar fjárhæðar til að styrkja einstök umferðaröryggisverkefni sem áhugaverð eru. Ef ákveðið verður að heimila sérnúmeraplötur og á þær lagt sérstakt umferðaröryggisgjald sem renni til Umferðarráðs verði það fé einnig notað í sama tilgangi. Einnig er æskilegt að vátryggingafélög, Vegagerðin og fleiri aðilar leggi fé í sjóðinn.
4. Samvinna þeirra fjölmörgu aðila er að umferðaröryggismálum vinna er forsenda öflugs og árangursríks umferðaröryggisstarfs.

5. Samræma skal skráningu umferðarslysa á landinu öllu. Umferðarráð samræmi skráningu lögreglu, sjúkrastofnanir sína skráningu og tryggingafélögin sína. Þessir þrír aðilar sameini síðan sínar skrár í eina slysaskrá.
6. Opinberar stofnanir, sem að umferðaröryggismálum vinna, sendi skýrslu til dómsmálaráðuneytis fyrir lok hvers árs um fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði umferðaröryggismála. Sama gildi um sveitarfélög með fleiri en 1.000 íbúa.
7. Samkvæmt forkönnun, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði til að meta kostnað þjóðfélagsins vegna umferðarslysa, reyndist heildarkostnaður vera um 8 milljarðar kr. Lagt er til að Háskólinn geri heildarúttekt á þjóðfélagskostnaði vegna umferðarslysa og skili skýrslu þar að lútandi í haust. Nauðsynlegt er að Háskólinn komi í ríkari mæli inn í umferðaröryggisrannsóknir.
8. Æskilegt er að kannað verði hvort niðurfelling skatta á sérstökum öryggisbúnaði bifreiða, t.d. loftpúðum, leiði til aukinnar notkunar og meira umferðaröryggis.
9. Rétt er að láta kanna hvort opinber gjöld standi í vegi fyrir að ökutæki séu búin bestu fáanlegu öryggistækjum.
10. Auka þarf umferðarfræðslu, bæta ökunám og efla upplýsinga- og áróðursstarf.
11. Lögleiða þarf notkun hjólreiðahjálma innan nokkurra ára.
12. Samræma þarf reglur um allt ökunám og gera öllum ökuskólum skylt að starfa með starfsleyfi frá Umferðarráði.
13. Breyta þarf reglum um heimild til aksturs á léttum bifhjólum, dráttarvélum, vélsleðum og torfærutækjum.
14. Gera þarf bóklegt ökunám fyrir alla flokka ökuréttinda að skyldu.
15. Koma þarf upp ökugerðum sem víðast í tengslum við ökukennslu og önnur umferðaröryggismál.
16. Sérstakur ökuréttindaflokkur verði tekinn upp fyrir bifreiðir með stóra eftirvagna.
17. Samræma þarf reglur um ökutæki og búnað þeirra EES-reglugerðum og þar sem leyfilegt er að hafa strangari séríslenskar reglur sem stuðla að auknu umferðaröryggi skal það gert þar sem rök mæla með.
18. Vinna skal að því að bæta umferðarmannvirki með tilliti til aukins umferðaröryggis. Umferðaröryggi verði fastur þáttur í allri skipulagsvinnu sem tengist vega- og gatnakerfi og í umhverfismati.
19. Auka þarf eftirlit og löggæslu. Þar ber sérstaklega að nefna áhrifamátt sjálfvirks umferðareftirlits með myndavélabúnaði og ber að stefna að uppsetningu slíks búnaðar.
20. Taka ber upp punktakerfi í tengslum við ökuferilsskrá sem fyrst.
21. Stórefla ber rannsóknir á sviði umferðaröryggismála og nýta erlendar rannsóknir í umferðaröryggisstarfinu.
22. Gera þarf eiganda ökutækis ábyrgari vegna aðildar bifreiðar hans að umferðarlagabroti."

Í samræmi við þingsályktunina hefur dómsmálaráðherra skilað skýrslu til Alþingis í byrjun hvers árs um stöðu umferðaröryggismála ásamt tillögu að nýrri framkvæmdaáætlun eins og ráð er fyrir gert. Vísað er í þessu sambandi til þskj. nr. 741, 435. mál á 121. löggjafarþingi, og þskj. nr. 714, 393. mál á 122. löggjafarþingi. Í skýrslunum er gerð grein fyrir meginviðfangsefnum í umferðaröryggismálum fyrir viðkomandi ár, þ.e. 1997 og 1998, og gefið yfirlit yfir aðgerðir og verkefni ársins á undan, auk fleiri atriða. Í sambandi við umferðaröryggismál hefur ekki verið gerð sérstök fjárhagsáætlun, enda í öllum tilvikum um að ræða verkefni þar sem fjölmargir aðilar eiga í hlut; ríkisstofnanir, einkaaðilar og félagasamtök, sem í hverju tilviki leggja mismunandi mikið fram í samræmi við áætlanir hvers og eins. Er

þar stór hlutur Umferðarráðs, Vegagerðarinnar, ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytisins, auk fleiri stofnana og sveitarfélaga, svo og félagasamtaka og einkaaðila, einkum tryggingafélaga. Til að standa straum af kostnaði við sérstök verkefni var stofnaður sjóður hjá Umferðarráði en tekjur í hann koma af sölu einkanúmera á bíla auk þess sem framlög hafa komið frá öðrum aðilum í sjóðinn. Nauðsynlegt er að styrkja þennan sjóð í framtíðinni en fyrirsjáanlegt er að tekjur hans muni minnka á næstu árum.

Rétt er að taka fram að flestum verkefnunum sem tilgreind voru í niðurstöðum nefndarinnar og í skýrslum dómsmálaráðherra til Alþingis er þegar lokið eða þau komin til framkvæmda, eins og nánar er gerð grein fyrir í framangreindum skýrslum dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra mun í byrjun næsta árs leggja fram skýrslu á Alþingi um stöðu umferðaröryggismála í samræmi við framangreinda þingsályktun.

501. Svar [290. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um nám í arkitektúr og skipulagsfræði.

1. *Hve margir Íslendingar stunda nú nám í arkitektúr og skipulagsfræði og er fjöldi þeirra nægur til þess að eðlileg endurnýjun verði í stéttinni á næstu árum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna eru 54 íslenskir lánþegar við nám í arkitektúr háskólaárið 1998–99. Síðustu ár hefur fjöldi lánþega verið eftirfarandi:

1990–1991	127
1991–1992	114
1992–1993	98
1993–1994	83
1994–1995	67
1995–1996	61
1996–1997	49
1997–1998	46
1998–1999	54

Skráðir lánþegar í skipulagsfræðum síðustu ár hafa verið 1–2.

Við athugun á þörf fyrir menntun einstakra starfsstétta þarf jafnan að vega og meta mörg álitamál. Ráðuneytið telur sig ekki hafa tök á að meta á hlutlægan hátt hvort framangreindur fjöldi nemenda er nægur til þess að eðlileg endurnýjun verði í stéttinni á næstu árum.

2. *Telur ráðherra tímabært að hefja kennslu í arkitektúr og skipulagsfræðum hér á landi og þá hvenær?*

Í ræðu menntamálaráðherra við opnun sýningar nýrra arkitekta og hönnuða í Ráðhúsi Reykjavíkur 23. janúar 1998 segir m.a. um þessa kennslu:

„Íslenskir arkitektar hafa lengi barist fyrir því að kennd verði byggingarlist hér á landi. Var samþykkt á félagsfundi í Arkitektafélagi Íslands árið 1985 að hefja undirbúning að kennslu í greininni. Fyrir tæpum tíu árum lá fyrir skýrsla nefndar, sem starfaði á vegum menntamálaráðherra, þar sem lagt var til að kennsla í þessari grein yrði hafin hér sem fyrst.

Arkitektafélag Íslands stofnaði síðan Íslenska arkitektaskólann, ÍSARK, í apríl 1994. Hefur skólinn það meginmarkmið að miðla kennslu í byggingarlist með sérstöku tilliti til ís-

lenskra aðstæðna, með ríkri áherslu á samfélagslega vitund, umhverfislega víðsýni, faglegan metnað og listrænt innsæi.

Þessi lýsing á inntaki námsins í ÍSARK gefur til kynna metnaðarfull markmið og hefur þeim verið fylgt eftir á fjórum sumarnámskeiðum skólans, sem 73 nemendur, þar af 10 Íslendingar, hafa sótt. Stjórn ÍSARK telur ekki unnt að halda fleiri sumarnámskeið nema þau séu þáttur í starfsemi raunverulegs skóla, eins og það er orðað. Boðar stjórnin að hún muni á grunni sumarnámskeiðanna undirbúa enn frekar jarðveginn fyrir stofnun viðurkennds arkitektaskóla á Íslandi. Gæti námið í upphafi verið 1–2 ár fyrir lengra komna nemendur sem stunda nám við erlenda arkitektaskóla.

Ég rek þetta hér vegna þess að undanfarið hefur verið unnið markvisst að því af hálfu menntamálaráðuneytisins að auðvelda framkvæmd þeirra áforma sem arkitektar hafa í menntamálum.

Með lögum frá 1995 hefur menntamálaráðherra heimild til að ganga til samninga við einkaaðila um að annast menntun á háskólastigi í listum, sem fram færi á vegum sjálfstæðrar stofnunar, og er gert ráð fyrir að háskólinn verði til húsa á Laugarnesi hér í Reykjavík. Frá því snemma árs 1997 hefur bráðabirgðastjórn fyrir Listaháskólann starfað og lagt á ráðin um stofnun hans.

Hinn 1. janúar 1998 gengu fyrstu íslensku heildarlögin um háskóla í gildi. Samkvæmt þeim hefur menntamálaráðherra heimild til þess að veita einkaskólum leyfi til að starfa sem háskólastofnun. Jafnframt ber að gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra og setja reglur um gæðaeftirlit með námi og kennslu.

Á grundvelli þessara lagaheimilda er ýmsum eldri, formlegum hindrunum rutt úr vegi og skapað nýtt svigrúm til að þróa nám á háskólastigi með allt öðrum hætti en áður. Tel ég að þeir sem vilja stuðla að háskólanámi í byggingarlist eða öðrum nýjum greinum hafi nú fengið vísbendingu og heimild frá löggjafanum til að láta að sér kveða með nýjum hætti. Háskólar verða þó að sjálfsögðu að starfa á þeim grunni að ekki verði vefengt að nemendur þeirra öðlist menntun sem standist alþjóðlegar kröfur.“

3. Hvort ætti slíkt nám heima í Háskóla Íslands eða Listaháskólanum?

Í áliti nefndar um kennslu í byggingarlist er starfaði á vegum menntamálaráðuneytisins og skilaði áliti í desember 1988 segir m.a.:

„Arkitektúr er ofinn þremur meginþáttum: Tækni, notum og list. Arkitekt þarf að kunna góð skil á byggingartækni, jafnframt því sem hann þarf að geta skipulagt og samræmt nýtingu og not þeirra húsa eða mannvirkja er hann mótar en framar öllu verður hann að fella báða höfuðþætti í röklega og listræna heild.“

Þegar nám í arkitektúr er athugað kemur í ljós að víðast hvar erlendis tekur það að nokkru mið af hinu framangreinda þrískipta eðli greinarinnar og er í stórum dráttum víðast hvar eins upp byggt, þ.e. að stofni til hið listræn mótunarstarf er annars vegar tengist tækni og raungreinum og hins vegar listum og hugvísindum. Á grundvelli þessa telur ráðuneytið jöfnum höndum koma til greina að nám í arkitektúr á Íslandi fari fram innan vébanda Háskóla Íslands eða fyrirhugaðs Listaháskóla.

Í 3. tbl. Fréttabréfs menntamálráðuneytisins 1998 er viðtal við fyrsta rektor Listaháskóla Íslands, Hjálmar H. Ragnarsson. Þar bendir hann á að við undirbúning að stofnun Listaháskólans hafi menn hingað til aðallega rætt um nám á sviði tónlistar, myndlistar og leiklistar en að þó sé ljóst að við uppbyggingu skólans þurfi að gefa sérstaklega gaum að frekari þróun hönnunarnáms og náms á sviði byggingarlistar.

Stjórn Íslenska arkitektaskólans hefur átt viðræður við fulltrúa Háskóla Íslands og fulltrúa Listaháskólans um menntun arkitekta. Ráðuneytið telur rétt að þegar niðurstöður viðræðnanna liggja fyrir verði þær metnar með tilliti til hagkvæmni í rekstri og faglegs ávinnings. Ákvörðun um frekara framhald málsins verði tekin á grundvelli þess mats.

502. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á ákvæðum ýmissa skattalaga.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Guðjónsdóttur og Tómas N. Möller frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum er lúta að álagningu og innheimtu opinberra gjalda. Í 1. gr. er lagt til að kveðið verði skýrt á um að draga beri staðgreiðslu af dæmdum eða úrskurðuðum launakröfum. Í 2. gr. er lagt til að álagning og innheimta sérstaks eignarskatts samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, verði framlengd um fimm ár. Í 3. og 4. gr. er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, meðal annars að kveðið verði á um gjald fyrir leyfi til að reka almenna póstþjónustu, fjarskipta- og talþjónustu, fyrir leyfi til útvarps, leyfisbréf fyrir lífeyrissjóði og skráningu póstrekenda og aðila sem veita fjarskiptaþjónustu. Að lokum er lagt til í 5. gr. að 0,5% af tekjum af bensíngjaldi verði ráðstafað í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við álagningu og innheimtu gjaldsins.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Annars vegar er um að ræða breytingu á gjaldtöku fyrir útgáfu vegabréfa samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, í samræmi við breytingar sem til stendur að gera á reglum um vegabréf. Hins vegar er lagt til að bætt verði við 14. gr. sömu laga tveimur nýjum töluliðum um gjaldtöku fyrir útgáfu ökuskírteina. Jafnframt er lagt til að felld verði brott úr frumvarpinu ákvæði um gjaldtöku fyrir innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum og fyrir skráningu sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu voru gjaldtökuheimildirnar lagðar til á þeim grundvelli að sett yrðu innheimtulög og lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur á þessu haustþingi. Nú er ljóst að svo verður ekki og er því lagt til að umræddar gjaldtökuheimildir verði felldar brott.

Alþingi, 16. des. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.
Ágúst Einarsson, með fyrirvara.
Einar Oddur Kristjánsson.

Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.

503. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á ákvæðum ýmissa skattalaga.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, ÁE, EOK, VS, SP, GMS, SvG, SJS).

1. 32. tölul. 3. gr. falli brott.
2. A-liður 4. gr. falli brott.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
   a. 1. tölul. orðast svo:
      1. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir 18–66 ára:
         a. Almennt gjald ..... 4.600 kr.
         b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 9.200 kr.
         c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 2.300 kr.
   b. 2. tölul. orðast svo:
      2. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir aðra:
         a. Almennt gjald ..... 1.700 kr.
         b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 3.400 kr.
         c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 850 kr.
   c. Við greinina bætast tveir nýir töluliðir sem orðast svo:
      15. Fyrir ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE og til farþegaflutninga í atvinnuskyni ..... 3.500 kr.
      16. Fyrir bráðabirgðaökuskírteini, ökuskírteini 65 ára og eldri og ökuskírteini fyrir flokkana M og T ..... 2.000 kr.

504. Breytingartillaga [231. mál]

við frv. til l. um vegabréf.

Frá Sólveigu Pétursdóttur.

Við 12. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. apríl“ í 1. mgr. komi: 1. júní.

505. Beiðni um skýrslu [362. mál]

frá félagsmálaráðherra um kjör einstæðra foreldra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Svavari Gestssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Sigríði Jóhannesdóttur og Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að félagsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um kjör einstæðra foreldra.

Í skýrslunni er óskað eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

1. Hve margir einstæðir foreldrar búa, skipt eftir kyni og fjölda barna,
   a. í eigin húsnæði, skipt eftir félagslegu húsnæði og húsnæði á almennum markaði,
   b. í leiguhúsnæði,
      i. á almennum markaði,
      ii. á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka,
   c. við aðrar húsnæðisaðstæður,
   og hvernig er húsnæðisaðstaða þeirra miðað við aðra þjóðfélagshópa?
2. Hvað má áætla að framfærslukostnaður einstæðra foreldra sé hár skipt eftir barnafjölda og aldri barna og hvað má ætla að meðalhúsnæðiskostnaður einstæðra foreldra á mánuði sé hár annars vegar í leiguhúsnæði og hins vegar í eigin húsnæði?
3. Hverjar eru félagslegar aðstæður barna einstæðra foreldra með tilliti til þátttöku í tómstundastarfi utan skóla, svo sem tónlistarnámi, íþróttum o.fl.? Hvernig er menntun þeirra háttað samanborið við menntun barna sambýlis- eða hjónafólks?
4. Hvernig er menntun einstæðra foreldra háttað?
5. Hverjar hafa meðaltekjur einstæðra foreldra verið á árunum 1995–98, skipt eftir kyni, og hver hefur meðalhækkun þeirra verið á þeim árum? Beðið er um samanburð við tekjur og hækkun hjá öðrum hópum á þessum árum.
6. Hve margir einstæðir foreldrar hafa atvinnutekjur,
   a. undir 100 þús. kr.,
   b. 100–150 þús. kr.,
   c. 150–200 þús. kr.,
   d. yfir 200 þús. kr.,
   og í hvaða atvinnugreinum eru einstæðir foreldrar fjölmennastir?
7. Hverjar voru ráðstöfunartekjur einstæðra foreldra á árunum 1994–98 samanborið við aðra þjóðfélagshópa og hvernig skiptust ráðstöfunartekjurnar?
8. Hvað má áætla að meðlagsgreiðslur til einstæðra foreldra séu hátt hlutfall af framfærslukostnaði annars vegar barna 0–15 ára og hins vegar 15–19 ára?
9. Hver var eigna- og skuldastaða einstæðra foreldra árlega á árunum 1995–98 samanborið við aðra hópa?
10. Hve margir einstæðir foreldrar fengu árlega fjárhagsaðstoð hjá stærstu sveitarfélögunum á árunum 1994–98 samanborið við aðra hópa sem leitað hafa eftir fjárhagsaðstoð?
11. Hve margir einstæðir foreldrar fá
    a. barnabætur,
    b. húsaleigubætur,

c. námslán,
d. bætur,
frá Tryggingastofnun ríkisins og þá hverjar?

12. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á mæðralaunum sl. fjögur ár og hvaða áhrif hafa þær haft?
13. Eru uppi áform af hálfu ráðherra eða ríkisstjórnarinnar til að bæta kjör, aðbúnað eða stöðu einstæðra foreldra?

Greinargerð.

Á ráðstefnu sem Félag einstæðra foreldra hélt nýlega komu fram upplýsingar um mjög slæma stöðu einstæðra foreldra og barna þeirra, bæði fjárhagslega og félagslega. Virðist svo vera að á margan hátt hafi einstæðir foreldrar dregist aftur úr öðrum hópum á umliðnum árum og má í því sambandi geta þess að á sl. þremur árum hefur einstæðum foreldrum sem leita þurfa fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum fjölgað verulega. Auk þess eru einstæðir foreldrar mjög fjölmennir í hópi láglaunafólks og þeirra sem þurfa á leiguhúsnæði og félagslegu húsnæði að halda. Því hefur einnig verið haldið fram að félagsleg staða barna einstæðra foreldra sé um margt miklu lakari en annarra barna, m.a. til tómstundaiðkana og menntunar. Einnig hefur komið fram hjá landlæknisembættinu að samhengi sé milli heilsufars barna og félagslegrar stöðu foreldra.

Í ljósi framangreinds er nauðsynlegt að fá fram heildstæða mynd af kjörum og aðbúnaði einstæðra foreldra og barna þeirra sem gæti gefið upplýsingar um hvaða leið sé vænlegust til að bæta hag þeirra í þjóðfélaginu, en það er tilgangurinn með þessari skýrslubeiðni.

506. Tillaga til þingsályktunar [363. mál]

um Stofnun jafnréttismála fatlaðra.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðuneyti að koma á fót Stofnun jafnréttismála fatlaðra sem verði starfrækt á vegum ráðuneytisins.

Markmiðið með stofnuninni er að tryggja að fatlaðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að stofnunin geti með aðgerðum sínum dregið úr eða komið í veg fyrir mismunun fatlaðra og ófatlaðra.

Helstu verkefni Stofnunar jafnréttismála fatlaðra verði:

1. að skoða og meta hvaða samfélagslegir þættir skipta máli til að flýta fyrir jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra,
2. að safna þekkingu á þjóðfélagsstöðu fatlaðra á hverjum tíma og afleiðingum fötlunar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og þjóðfélagið þannig að á einum stað sé til nauðsynleg þekking og yfirsýn á þessum víðfeðma málaflokki,

3. að vera stjórnvöldum og stofnunum ráðgefandi, sem og fyrirtækjum eða einstaklingum sem leita til hennar eftir þekkingu eða ráðgjöf, svo að úrbætur í þágu fatlaðra verði markvissar og byggðar á nauðsynlegri þekkingu,
4. að fylgjast með setningu laga og reglugerða, kanna áhrif þeirra á hagi fatlaðra og benda viðkomandi stjórnvöldum á það ef áhrif eða afleiðingar lagasetninga leiða til mismununar eða skerðingar á lífskjörum fatlaðra,
5. að fylgjast með þróun mála, lagasetningu eða öðru sem snertir málaflokkinn annars staðar á Norðurlöndum, innan Evrópusambandsins og á alþjóðavettvangi og beita sér fyrir umræðu um þróun eða nýjungar og koma ábendingum þar að lútandi til stjórnvalda og hagsmunasamtaka fatlaðra,
6. að leita umsagnar heildarhagsmunasamtaka fatlaðra um mál sem fjallað er um,
7. að gefa Alþingi árlega skýrslu um stöðu fatlaðra í þjóðfélaginu.

Greinargerð.

Hugmyndafræði og stefna í málefnum fatlaðra hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugunum, hver stefnan hefur leyst aðra af hólmi. Lykilhugtökin á árunum 1970–90 voru blöndun eða samskipan og komu þau í stað stofnanahugmyndafræðinnar. Nær alls staðar í hinum vestræna heimi er unnið að því að loka sólarhringsstofnunum fyrir fatlaða og ný og frjálsari búsetuúrræði hafa komið í þeirra stað. Margar merkar ákvarðanir og lagasetningar hafa vissulega breytt lífsskilyrðum fatlaðra hér á landi og í æ ríkari mæli hefur verið stuðlað að skipan þeirra við hlið ófatlaðra í þjóðfélaginu. Á ýmsan hátt hefur því verið slegið föstu að málefni fatlaðra eru málefni samfélagsins alls og um úrlausnarefni málaflokksins ber að fjalla á þeim grundvelli.

Árið 1979 voru fyrstu lögin um aðstoð við þroskahefta sett af Alþingi og markaði sú lagasetning þáttaskil. Áður hafði þjónusta verið mjög takmörkuð og grundvölluð á lögum um endurhæfingu og lögum um fávitastofnanir. Lögin um málefni þroskaheftra voru strax endurskoðuð og ný lög, sem náðu til allra hópa fatlaðra, lögin um málefni fatlaðra, tóku gildi 1984. Þau hafa nú tvívegis verið endurskoðuð og eru enn undirstaða lagalegra réttinda fatlaðra til þjónustu. Við síðustu endurskoðunina, árið 1992, var þó sú stefna mörkuð að ávallt skyldi leitast við að veita fötluðum þjónustu eftir almennum lögum og á almennum stofnunum samfélagsins áður en gripið væri til sértækrar þjónustu. Þar var enn fremur ákveðið að færa suma þætti þjónustunnar til sveitarfélaganna á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og jafnframt stefnt að því að halda áfram á sömu braut við næstu endurskoðun að fjórum árum liðnum.

Sú endurskoðun hefur nú staðið yfir um nokkurt skeið og frumvarp hefur verið lagt fyrir Alþingi þar sem lagt er til að málaflokkurinn flytjist til sveitarfélaganna árið 1999.

Réttur fatlaðra til grunnskólamenntunar var lögfestur 1974 og réttur þeirra til framhaldsskólanáms tryggður með lögum um framhaldsskóla frá 1988. Byggingarreglugerð um opinberar framkvæmdir er einnig skýrt dæmi um vilja stjórnvalda til að greiða aðgang fatlaðra að stofnunum samfélagins.

Á alþjóðavettvangi hefur Ísland staðfest þennan vilja sinn. Meðal annars með því að samþykkja yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi fatlaðra frá 1975 og taka á nýjan leik undir stefnu Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra með því að undirrita yfirlýsingu þeirra frá 1993 um „grundvallarreglur um jafnrétti og jöfnun tækifæra fatlaðra“.

Skilningur hefur tvímælalaust aukist mjög meðal almennings og stjórnvalda á lífsskilyrðum fatlaðra og fjölmargar aðgerðir hafa leitt til bættrar stöðu einstaklinga á mörgum sviðum

mannlífsins. Þrátt fyrir það er ljóst að enn er langt í að fjölmörgum hindrunum hafi verið rutt úr vegi og að samfélagið geti talist vera fyrir alla.

Sú skoðun hefur rutt sér til rúms hér á landi og í næstu nágrannalöndum okkar að rétt sé að þjónusta við fatlaða sé veitt á sama stjórnsýslustigi og félagsleg þjónusta fyrir aðra, þ.e. á sveitarstjórnarstigi. Með tilfærslu á rekstri grunnskólans til sveitarfélaganna hefur þjónusta skólanna og ábyrgð gagnvart fötluðum börnum færst til sveitarfélaganna og því er hægt að færa rök fyrir því að önnur þjónusta við þennan hóp geti að sama skapi verið jafn vel komin hjá sveitarfélögunum. Það verður því rökrétt framhald á þeirri þróun að fella ákvæði sérlaga inn í lög um félagsþjónustu sveitarfélaganna og fella úr gildi sérlög um málefni fatlaðra.

Sjálfsagt er að horfa til næstu nágrannalanda. Meta hver reynsla þeirra hefur verið við svipaðar kringumstæður og draga lærdóm af henni. Það er mat Dana að þegar þjónusta við viðkvæma hópa, eins og fatlaða, var flutt frá ríki til sveitarfélaga hafi að nokkru leyti glatast yfirsýn yfir afleiðingar og samspil ýmissa aðgerða stjórnvalda og að mismununar í þjónustu milli einstakra sveitarfélaga eða á milli hópa fatlaðra hafi orðið vart. Þess vegna hafa Danir sett á fót stofnun jafnréttismála fatlaðra með það að markmiði að gæta að réttindum og réttaröryggi fatlaðra.

Mismunandi leiðir hafa verið farnar til að tryggja réttindi fatlaðra. Lög sem banna alla mismunun gegn fötluðum voru sett í Bandaríkjunum árið 1990 og gera ráð fyrir að þeir sæti viðurlögum sem brjóta þau. Í Svíþjóð hefur verið stofnað sérstakt embætti umboðsmanns fatlaðra, svo fátt eitt sé nefnt.

Samkvæmt þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir að sett verði á fót Stofnun jafnréttismála fatlaðra í því skyni að treysta enn betur réttindagæslu og réttaröryggi fatlaðra og til að tryggja að á einum stað verði nauðsynleg yfirsýn yfir málaflokkinn.

Grundvallarhugmyndafræði að baki Stofnunar jafnréttismála fatlaðra er að öðlast þekkingu og stuðla að breytingum sem mega verða til þess að auka jöfnuð og jafna lífsskilyrði fatlaðra og ófatlaðra. Með tillögu að slíkri stofnun er gengið út frá því að enn njóta fatlaðir ekki jafnréttis á öllum sviðum, en einnig því að mismununin á sér ekki alltaf stað af ásetningi eða skipulega, miklu fremur sem afleiðing pólitískrar og fjárhagslegrar forgangsröðunar og skorti á yfirsýn eða þekkingu.

Mikilvægt er að stjórnvöld marki skýra stefnu um hvernig jafnrétti fatlaðra á að nást. En stefnumótun nær því aðeins tilætluðum markmiðum að hún sé sett fram á grundvelli skýrrar og vel skilgreindrar greiningar á stöðu málaflokksins. Ef ekki er þannig að verki staðið að stefnumörkun endurspegli veruleikann sem henni er ætlað að ná til er hún gagnslaus.

Gert er ráð fyrir því að stofnun jafnréttismála fatlaðra leiti eftir samráði við heildarhagsmunasamtök fatlaðra og umsagnar þeirra um mál sem stofnunin fjallar um. Er hér átt við Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands eða einstök aðildarfélög þeirra.

Innan Stofnunar jafnréttismála fatlaðra getur skapast þekking og yfirsýn sem þörf er á til að treysta enn frekar þróun í þá átt að fatlaðir megi á jafnréttisgrundvelli njóta sömu tækifæra í samfélaginu og aðrir. Stofnun jafnréttismála fatlaðra á einnig samkvæmt þessari tillögu að senda ár hvert skýrslu um lífskjör fatlaðra til Alþingis.

Þingsályktunartillaga þessi hefur verið flutt áður og var fyrsti flutningsmaður hennar Ásta B. Þorsteinsdóttir. Tillagan hefur verið send til umsagnar og fékk hún góðar viðtökur umsagnaraðila. Í áliti nokkurra kom fram að fatlaðir nytu að mörgu leyti ekki jafnréttis á við aðra í samfélaginu og að nauðsynlegt væri að tryggja fötluðum réttindagæslu. Þá var víða komið að því að framundan væru miklar breytingar á málefnum fatlaðra við yfirfærslu þeirra til sveitarfélaganna. Við þessar gagngeru breytingar verði að huga vel að réttindum fatlaðra,

nauðsynlegt væri að varðveita heildarsýn yfir málaflokkinn, tryggja eftirlit með því að einstök sveitarfélög ræki skyldur sínar, svo og almenna samræmingu milli sveitarfélaga.

507. Tillaga til þingsályktunar [364. mál]

um skipan nefndar til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Vilhjálmur Egilsson, Sólveig Pétursdóttir, Egill Jónsson, Árni M. Mathiesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

Greinargerð.

Ályktun sama efnis var samþykkt á Alþingi 13. apríl 1989. Þáverandi forsætisráðherra skipaði nefnd 22. apríl 1989 til framgangs málinu. Hún kom saman til fundar 13. júní 1991 og lagði á ráðin um gagnaöflun fyrir nefndarstarfið. Nokkrum gögnum var safnað saman en fundir nefndarinnar urðu ekki fleiri og engu áliti var skilað.

Flutningsmenn telja mikilvægi málsins ekki síðra nú en þá.

508. Lög [109. mál]

um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 461 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Gerð og starfræksla gagnagrunns á heilbrigðissviði eru einungis heimilar þeim sem fengið hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum.

Að fenginni umsókn er heilbrigðisráðherra heimilt að veita rekstrarleyfi til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara.

Rekstrarleyfishafi skal greiða gjald fyrir veitingu rekstrarleyfis til þess að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess. Leyfishafi skal jafnframt árlega greiða gjald sem nemur kostnaði af starfi nefndar skv. 6. gr. og öðrum kostnaði sem tengist þjónustu og eftirliti með starfrækslunni, þ.m.t. eftirliti tölvunefndar sem starfar samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, og kostnaði við útgáfu og kynningu skv. 8. gr.

Rekstrarleyfishafi skal greiða allan kostnað við vinnslu upplýsinga til flutnings í gagnagrunn, sbr. 8. tölul. 5. gr.

Ráðherra og rekstrarleyfishafa er heimilt að semja um frekari greiðslur í ríkissjóð og skal þeim varið til eflingar heilbrigðisþjónustu, rannsókna og þróunar.

6. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skal skipa nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera heilbrigðisstarfsmaður með þekkingu á faraldsfræði, annar skal hafa þekkingu á sviði upplýsinga- og/eða tölvunarfræði. Sá þriðji skal vera lögfræðingur og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu uppfylla sömu skilyrði.

Hlutverk nefndarinnar er að sjá um að gerð og starfræksla gagnagrunnsins sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra og skilyrði sem sett eru í rekstrarleyfi, að því leyti sem ekki er um að ræða lögbundið hlutverk tölvunefndar. Nefndin skal hafa umsjón með gerð samninga rekstrarleyfishafa annars vegar og heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna hins vegar. Hún skal gæta hagsmuna heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og vísindamanna við gerð samninganna. Þar skal m.a. samið um endurgjald rekstrarleyfishafa skv. 4. mgr. 4. gr. og endurgjald í formi aðgangs heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna þeirra að upplýsingum úr gagnagrunninum vegna vísindarannsókna. Nefndin skal veita heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlækni ráðgjöf varðandi nýtingu upplýsinga úr gagnagrunninum. Verði rekstrarleyfi afturkallað eða leyfishafi sviptur rekstrarleyfi skal nefndin starfrækja gagnagrunninn uns ráðherra hefur tekið ákvörðun um starfrækslu hans til frambúðar, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Nefndinni skal séð fyrir starfsmönnum og starfsaðstöðu. Nefndin skal afla sér sérfræðiaðstoðar eftir því sem þurfa þykir.

Nefndin skal tafarlaust gera ráðherra og tölvunefnd viðvart ef hún telur að misfellur séu á starfrækslu gagnagrunnsins.

Nefndin skal eigi síðar en 1. mars ár hvert skila ráðherra skýrslu um starfrækslu gagnagrunnsins undangengið ár.

9. gr. hljóðar svo:

Aðgengi heilbrigðisyfirvalda að upplýsingum í gagnagrunni á heilbrigðissviði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlæknir eiga ávallt rétt á tölfræðilegum upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði í aðgengilegu formi þannig að þær nýtist til gerðar heilbrigðisskýrslna, áætlana, stefnumótunar og annarra verkefna þeirra. Upplýsingar skulu látnar fyrrgreindum aðilum í té án endurgjalds.

10. gr. hljóðar svo:

Upplýsingar, sem skráðar eru eða aflað er með úrvinnslu í gagnagrunni á heilbrigðissviði, má nýta til þess að þróa nýjar eða bættar aðferðir við heilsueflingu, forspá, greiningu og meðferð sjúkdóma, til að leita hagkvæmustu leiða í rekstri heilbrigðiskerfa og í þágu skýrslugerðar á heilbrigðissviði.

Rekstrarleyfishafa skal heimil vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði úr þeim heilsufarsupplýsingum úr sjúkraskrám sem þar eru skráðar, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu upplýsinga að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum. Rekstrarleyfishafi skal móta verklag og vinnuferli sem uppfylla skilyrði tölvunefndar til að tryggja persónuvernd við samtengingu upplýsinga úr gagnagrunni á heilbrigðissviði, gagnagrunni með ættfræðiupplýsingum og gagnagrunni með erfðafræðilegum upplýsingum. Um samtengingu upplýsinga í gagnagrunni á heilbrigðissviði við aðra gagnagrunna en fyrrgreinda fer samkvæmt ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Óheimilt er að veita upplýsingar um einstaklinga og skal það m.a. tryggt með aðgangstakmörkunum.

Rekstrarleyfishafa er óheimilt að veita beinan aðgang að gögnum í gagnagrunninum.

Rekstrarleyfishafa er á leyfistíma heimil fjárhagsleg hagnýting upplýsinga úr gagnagrunninum með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum og í rekstrarleyfi.

Gagnagrunn á heilbrigðissviði má eigi flytja úr landi og úrvinnsla úr honum má einungis fara fram hér á landi.

18. gr. hljóðar svo:

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerðum.

Ráðherra skal setja reglugerð um starfsemi nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sbr. 6. gr., og um aðgangstakmarkanir skv. 2. mgr. 10. gr.

509. Lög [114. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (refsiábyrgð lögaðila).

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 412.

510. Lög [115. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (mútur til opinbers starfsmanns).

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 115.

511. Lög [116. mál]

um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 116.

512. Lög [123. mál]

um afnám laga nr. 70 1. júlí 1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 123.

513. Lög [134. mál]

um breytingar á lögum um mannanöfn og hjúskaparlögum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 134.

514. Leiklistarlög. [146. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 411.

515. Lög [176. mál]

um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 419 með þessari breytingu:

10. gr. hljóðar svo:

Hver sjóðfélagi sem orðinn er fullra 67 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku lífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um tiltekið hlutfall í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem annars yrði skv. 1. mgr. í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað.

516. Lög [232. mál]

um breyting á lögum um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36 8. september 1931.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 259.

517. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, ásamt síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Gunnar Ottósson, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, Árna Bragason, forstjóra Náttúruverndar ríkisins, Ævar Petersen frá Reykjavíkursetri Náttúrufræðistofnunar, Hörð Kristinsson frá Akureyrarsetri Náttúrufræðistofnunar og Ármann Höskuldsson frá Náttúrustofu Suðurlands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnarfyrirkomulagi Náttúrufræðistofnunar Íslands þannig að forstjóri stofnunarinnar fari með stjórn hennar og beri þær skyldur sem stjórn stofnunarinnar hefur nú og ráði jafnframt alla starfsmenn stofnunarinnar. Einnig er lagt til að þær kröfur verði gerðar til forstjórans að hann hafi háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Þá er lagt til að eitt af hlutverkum stofnunarinnar verði að skrá jarðefni og flokka námasvæði og skapa þannig grunn fyrir áætlun til langs tíma um nýtingu og vernd jarðefna á einstökum landsvæðum. Loks er lagt til að sérstaklega verði tekið fram í lögunum að ekki megi flytja örverur sem uppruna sinn eiga á jarðhitasvæðum og erfðaefni þeirra úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um hugtakið náttúrugripur sem kemur fyrir í 4. mgr. 15. gr. laganna. Telur nefndin æskilegt að umrætt hugtak verði skilgreint betur en nú er gert í lögunum.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 2. gr. verði breytt þannig að lögfest verði að forstöðumenn setra skuli taka þátt í mótun stefnu Náttúrufræðistofnunar.
2. Þá er lagt til að bætt verði við 3. gr. málslið þar sem fram komi að Náttúrufræðistofnun skuli við mat á verndargildi hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins.
3. Loks er gerð tillaga um að 6. gr. verði breytt á þann veg að örverur verði ekki taldar til náttúrugripa. Þrátt fyrir það verði ákvæði greinarinnar um náttúrugripi látin ná til örvera á jarðhitasvæðum og erfðaefnis þeirra.

Margrét Frímannsdóttir og Árni M. Mathiesen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1998.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Hjörleifur Guttormsson.	Kristján Pálsson.	Lúðvík Bergvinsson.

Lára Margrét Ragnarsdóttir.

518. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, ásamt síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 2. gr. 1. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Þá mótar hann stefnu hennar í samráði við forstöðumenn setra.
2. Við 3. gr. Við bætist nýr málsliður sem orðist svo: Við mat á verndargildi skal Náttúrufræðistofnun hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Við 4. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama á við um örverur sem eiga uppruna sinn á jarðhitasvæðum og erfðaefni þeirra.

519. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Hjálmarsson frá fjármálaráðuneyti. Umsögn um málið barst frá landbúnaðarnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með svohljóðandi

BREYTINGU:

Í stað fjárhæðarinnar „462“ í 1. gr. komi: 480.

Alþingi, 17. des. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.

520. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Lillý Baldursdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Ástu S. Helgadóttur og Gunnar M. Sandholt frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur og Einar I. Magnússon og Mörtu Bergmann frá Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar. Þá kom Bragi Guðbrandsson frá Barnaverndarstofu á fund nefndarinnar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um vernd barna og ungmenna vegna nýrra lögræðislaga, nr. 71/1997, þar sem sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Núgildandi lög gera nokkurn greinarmun á ákvæðum sem gilda um börn annars vegar og ungmenni hins vegar, m.a. með tilliti til þess að foreldrar fóru í tíð eldri lögræðislaga einungis með forsjá barna til 16 ára aldurs. Þykir nauðsynlegt að breyta því á þann veg að með hugtakinu börn í lögunum verði átt við einstaklinga að 18 ára aldri. Er þessi málnotkun í samræmi við ákvæði barnalaga og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir nýju ákvæði um réttindi barna við málsmeðferð þar sem réttur þeirra til að tjá sig er aukinn í samræmi við aldur og þroska. Loks er lagt til að ákvæði núgildandi laga um skipun talsmanns verði rýmkuð.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að orðið „vaxandi“ í b-lið 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins verði fellt brott.
2. Í öðru lagi er lagt til að í c-lið 27. gr. komi fram hvaða málslið 4. mgr. breytingin nái til. Er það til að samræmi verði í texta frumvarpsins þar sem alls staðar annars staðar í frumvarpinu er vísað til málsliða þar sem það á við.
3. Þá er lagt til að 29. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að lögð verði til sams konar breyting á fyrirsögn 54. gr. laganna og öðrum fyrirsögnum þeirra.

4. Loks er lagt til að á eftir orðunum „eða ungmenna“ í 34. gr. komi: hvarvetna.

Alþingi, 16. des. 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm. | Einar K. Guðfinnsson. | Siv Friðleifsdóttir.

Kristján Pálsson. | Magnús Stefánsson. | Guðný Guðbjörnsdóttir.

Arnbjörg Sveinsdóttir. | Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.

521. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hlutinn telur að í íslensku sé fólk yngra en u.þ.b. 12 ára kallað börn, fólk á aldrinum 13–19 ár unglingar og eldra fólk fullorðið. Nú er samkvæmt reglum utan úr heimi búin til ný íslenskska þar sem allt fólk yngra en 18 ára er nefnt börn. Þetta er dæmigert „lögfræðimál“, sem oft hefur verið gagnrýnt og getur myndað gjá milli þeirra sem túlka lög og almennings. Þrátt fyrir andstöðu við slíka málnotkun leggur minni hlutinn ekki til breytingar á þessu atriði, enda er hina nýju málnotkun þegar að finna í fjölda lagabálka. Eðlilegra hefði verið að tala alls staðar um „börn og unglinga“ í staðinn fyrir „börn og ungmenni“ þegar aldursmörk sjálfræðis voru hækkuð.

Samkvæmt 24. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd skipi barni talsmann. Við þessa tilhögun hefur minni hlutinn eftirfarandi að athuga:

Mörg mál sem koma til kasta barnaverndarnefnda eru viðkvæmustu mál sem yfirvöld fjalla um yfirleitt. Vistun unglings á opinberri stofnun gegn vilja hans er dæmi um þetta, sem og taka barns af heimili foreldra sinna. Þó að barnaverndarnefnd starfi með hagsmuni barnsins í huga er hún engu síður óvinur barnsins frá sjónarhorni þess þegar gera á svo veigamiklar ráðstafanir á högum þess og foreldra þess. Ef nefndin sjálf skipar barninu talsmann, jafnvel einn úr nefndinni, er hætt við að sá talsmaður eigi trauðla trúnað barnsins. Hann er þó skipaður til að aðstoða barnið og verður því að eiga trúnað þess. Þess vegna er mikilvægt að talsmaður barnsins sé óháður barnaverndarnefndinni í erfiðri stöðu þess milli foreldra sinna og nefndarinnar. Sömu rök eiga við um unglinga sem sæta nauðungarvistun. Því leggur minni hlutinn til að talsmaðurinn verði skipaður af umboðsmanni barna.

Rök hafa komið fram um að umboðsmaður barna eigi ekki að skipta sér af einstökum málum og því sé óeðlilegt að hann skipi slíkan talsmann. Því er til að svara að talsmaðurinn er ekki starfsmaður umboðsmanns barna frekar en margir aðilar sem tilnefndir eru af Hæstarétti eru ekki starfsmenn hans.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Lokamálsgrein 24. gr. orðist svo:
Barnaverndarnefnd ber að skipa barni talsmann samkvæmt tilnefningu umboðsmanns barna til að gæta hagsmuna þess ef þörf krefur.

Alþingi, 16. des. 1998.

Pétur H. Blöndal.

522. Breytingartillögur [106. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (KÁ, EKG, SF, KPál, MS, GGuðbj, ArnbS, RG).

1. Við 1. gr. Orðið „vaxandi“ í b-lið falli brott.
2. Við 27. gr. Í stað orðanna „4. mgr.“ í c-lið komi: 1. málsl. 4. mgr.
3. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verða á 54. gr. laganna:
   a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. og „og ungmenna“ í 2. málsl. falla brott.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Eftirlit með vinnu barna.*
4. Við 34. gr. Í stað orðanna „í 61.–66. gr“ komi: hvarvetna í 61.–66. gr.

523. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands. Málið var ekki sent til umsagnar.

Í frumvarpinu er lagt til að 1. mgr. 8. gr. laganna verði breytt þannig að barn 17 ára og yngra skuli eiga sama lögheimili og foreldrar þess ef þeir búa saman, en ella hjá því foreldrinu sem hefur forsjá þess. Var áður miðað við 15 ára aldur. Búi barnið hjá öðrum verður það ekki skráð með lögheimili þar nema með samþykki foreldra eða með annari lögmæltri skipan.

Hinn 1. janúar 1998 tóku gildi ný lögræðislög, nr. 71/1997, þar sem sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Í kjölfar þess að lögin voru samþykkt skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um hvaða lögum þyrfti að breyta við hækkun sjálfræðisaldurs. Lagði umrædd nefnd m.a. til þá breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Er ljóst að ósam-

ræmi er nú milli umræddra laga um þetta atriði og því nauðsynlegt til samræmis að gera þessa breytingu á lögheimilislögum.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að nokkuð virðist skorta á að breytingar sem gera verður á lögum vegna hækkunar sjálfræðisaldurs séu gerðar á samræmdan hátt. Er því talsverð hætta á ósamræmi milli laga um þetta efni. Leggur nefndin áherslu á að nauðsynlegt er að móta heildarstefnu í þessum efnum sem fyrst.

Þá telur nefndin nauðsynlegt að heildarendurskoðun fari fram á lögum um lögheimili í ljósi breyttra þjóðfélagshátta.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Stefánsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

524. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands. Málið var ekki sent til umsagnar.

Í frumvarpinu er lagt til að 1. mgr. 9.gr. laganna verði breytt þannig að skylda til að tilkynna um breytt aðsetur samkvæmt lögunum hvíli á 18 ára einstaklingum og eldri, en nú er slík skylda miðuð við 16 ára aldur. Þá er lagt til að sú skylda verði lögð á forráðamenn yngri einstaklinga en 18 ára að þeir tilkynni um breytt aðsetur þeirra, en miðað er við forráðamenn einstaklinga yngri en 16 ára nú.

Hinn 1. janúar 1998 tóku gildi ný lögræðislög, nr. 71/1997, þar sem sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Í kjölfar þess að lögin voru samþykkt skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um hvaða lögum þyrfti að breyta vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Lagði umrædd nefnd m.a. til þá breytingu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Í lögum um tilkynningar aðsetursskipta hefur verið miðað við að sjálfráða einstaklingar tilkynni um breytt aðsetur sitt og forráðamenn ósjálfráða einstaklinga um breytt aðsetur þeirra. Með nýjum lögræðislögum sem áður var getið hækkaði forsjáraldur í 18 ár. Er því eðlilegt að breyta lögunum um tilkynningar aðsetursskipta á þann veg sem lagt er til í frumvarpi þessu þannig að áfram verði við það miðað að skylda þessi hvíli á sjálfráða einstaklingum og forráðamönnum ósjálfráða einstaklinga.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að nokkuð virðist skorta á að þær breytingar sem gera verður á lögum vegna hækkunar sjálfræðisaldurs séu gerðar á samræmdan hátt. Er því talsverð hætta á ósamræmi milli laga um þetta efni. Leggur nefndin áherslu á að nauðsynlegt er að móta heildarstefnu um þetta efni sem fyrst.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Stefánsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

525. Nefndarálit [331. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. l. nr. 161/1996.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sturlaug Tómasson frá félagsmálaráðuneyti. Málið var ekki sent til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að frestað verði yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem koma átti til framkvæmda 1. janúar 1999.

Með lögum nr. 161/1996, um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, var sett bráðabirgðaákvæði þar sem tekið var fram að félagsmálaráðherra skyldi gera ráðstafanir til að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Var jafnframt tekið fram í ákvæðinu að yfirfærslan kæmi til framkvæmda 1. janúar 1999, enda hefði Alþingi þá samþykkt þrenn ný lög, þ.e. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tækju til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Á yfirstandandi ári hafa félagsmálaráðuneytinu borist beiðnir frá fjölda sveitarfélaga þar sem farið er fram á að yfirfærslunni verði frestað. Er ástæðan fyrir því fyrst og fremst sú að ekki hafa náðst samningar milli ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum þeirra.

Í máli fulltrúa félagsmálaráðuneytis kom fram að markvisst er unnið að yfirfærslunni sem er mikið og vandasamt verk. Fellst nefndin á að þó að mikilvægt sé að því starfi verði lokið sem fyrst er þó aðalatriðið að þjónusta við fatlaða verði sem best tryggð til frambúðar.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.

526. Nefndarálit [332. mál]

um frv. til l. um byggingarsamvinnufélög.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson og Inga Val Jóhannsson frá félagsmálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Ragnar Hafliðason frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Sigríður Jónsdóttir og Gunnar Jónatansson frá Búseta hsf.

Frumvarpi þessu er ætlað, verði það að lögum, að koma í stað VI. kafla núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum, en þau munu falla úr gildi 1. janúar 1999. Hefur orðalagi aðeins verið lítillega breytt með tilliti til stofnunar Íbúðalánasjóðs.

Við umfjöllun í nefndinni var fjármálastarfsemi slíkra félaga skoðuð sérstaklega. Ákvað nefndin að leggja til þá breytingu á ákvæði til bráðabirgða II að félagsmálaráðherra verði gert að láta kanna sérstaklega eftirlit með slíkri starfsemi félaga af þessu tagi. Þá telur nefndin óeðlilegt að tilgangur slíks félags sé m.a. að taka til ávöxtunar fé félagsmanna sinna, eins og gert er ráð fyrir í a-lið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Leggur nefndin því til að umræddur liður verði felldur brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með áðurnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. des. 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Stefánsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

527. Breytingartillögur [332. mál]

við frv. til l. um byggingarsamvinnufélög.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. A-liður 1. mgr. falli brott.
2. Við ákvæði til bráðabirgða II. Fyrri málsliður ákvæðisins orðist svo: Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra láta kanna starfshætti byggingarsamvinnufélaga og eftirlit með fjármálastarfsemi slíkra félaga.

528. Nefndarálit [333. mál]

um frv. til l. um húsnæðissamvinnufélög.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson og Inga Val Jóhannsson frá félagsmálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Ragnar Hafliðason frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Sigríður Jónsdóttir og Gunnar Jónatansson frá Búseta hsf.

Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp til laga um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög. Komu fram ýmsar athugasemdir við það frá félagsmálanefnd og hefur frumvarpinu verið breytt í samræmi við þær. Þá var tekið tillit til athugasemda húsnæðissamvinnufélagsins Búseta hsf. og einstaklinga sem staðið hafa að undirbúningi að stofnun húsnæðissamvinnufélagsins Búmenn.

Frumvarpi þessu er ætlað, verði það að lögum, að koma í stað VII. kafla gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum, en þau munu falla úr gildi 1. janúar 1999. Koma helstu breytingarnar frá gildandi lögum fram í 5. og 13. gr. en þar er kveðið skýrar á um hvernig meta eigi ástand húsnæðis við endurgreiðslu andvirðis búseturéttar og um heimildir húsnæðissamvinnufélaga til þess að endurákvarða búseturéttargjald við endurráðstöfun búseturéttar til annars félagsmanns.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um ákvæði a-liðar 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem segir að markmið húsnæðissamvinnufélaga skuli m.a. vera að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna sinna. Telur nefndin óeðlilegt að húsnæðissamvinnufélög séu með slíka starfsemi og leggur til að umrætt ákvæði verði fellt brott.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** með áðurnefndri breytingu sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. des. 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Stefánsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

529. Breytingartillaga [333. mál]

við frv. til l. um húsnæðissamvinnufélög.

Frá félagsmálanefnd.

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Markmið félaga skv. 1. mgr. skal jafnframt vera að eiga aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögunum um samvinnufélög, og hlutafélögum, þar með töldum einkahlutafélögum, enda standi slík félög að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir starfsemi húsnæðissamvinnufélaga.

530. Nefndarálit [347. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson og Inga Val Jóhannsson frá félagsmálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að sá frestur á gildistöku sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjöleignarhús verði framlengdur frá 1. janúar 1999 til 1. janúar 2001. Samkvæmt því frestast gildistaka fyrirmæla 16. gr. laganna sem kveða á um að þinglýst eignaskiptayfirlýsing skuli vera skilyrði fyrir þinglýsingu á eignayfirfærslum í fjöleignarhúsum. Var frestur-inn ætlaður eigendum og húsfélögum til undirbúnings og gerðar eignaskiptayfirlýsinga og hlutaðeigandi stjórnvöldum til fræðslu, kynningar og annarra undirbúningsráðstafana. Ljóst er að þörf er á lengri fresti þar sem enn eru nokkrir annmarkar á því að ákvæði 16. gr. laganna geti tekið gildi.

Nefndin leggur áherslu á að nauðsynlegt er að nýta þann frest er hér um ræðir vel þannig að tryggt verði að lögin taki gildi 1. janúar 2001.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Stefánsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

531. Frumvarp til laga [365. mál]

um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.

b. 2. mgr. orðast svo:

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur samkvæmt staðli sem læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins semur á grundvelli afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. Staðallinn skal staðfestur af tryggingaráði og birtur í reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur. Tryggingayfirlækni er heimilt að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu áður en til örorkumats kemur, sbr. 8. gr. laga um félagslega aðstoð. Tryggingastofnun er heimilt að semja um kostnað sjúkratrygginga vegna mats á möguleikum til endurhæfingar.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins gefur út örorkuskírteini til þeirra sem metnir eru a.m.k. 75% öryrkjar samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. koma átta nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 241.344 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 241.344 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem eru ekki hærri en 482.688 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 482.688 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 362.016 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 362.016 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi, en hitt ellilífeyrisþegi, skulu hafa sömu tekjuviðmið og einhleypir á viðkomandi lífeyrissviði og miðast tekjur hvors þeirra við helming sameiginlegra tekna.

Tekjur hjóna, sem bæði njóta lífeyris, skulu metnar sameiginlega og ef aðeins annað hjóna nýtur lífeyris skal helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans. Til tekna sem notaðar eru til viðmiðunar í ákvæði þessu teljast ekki bætur almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

b. Í stað orðanna „uppbót á lífeyri“ í 4. mgr. kemur: tekjutryggingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999, en 1. gr. öðlast þó gildi 1. mars 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. laga þessara gilda um þá einstaklinga sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta felur í sér veigamiklar breytingar á löggjöf um almannatryggingar sem ætlað er að styrkja réttarstöðu lífeyrisþega. Breytingarnar eru af tvennum toga.

Í fyrsta lagi kveður frumvarpið á um breytingar á forsendum mats við ákvörðun á örorku, sbr. 1. gr., þannig að mat byggist á læknisfræðilegum staðli og allir sem metnir eru 75% öryrkjar njóti tiltekinna réttinda. Jafnframt er gert ráð fyrir að aukin áhersla verði lögð á endurhæfingu sem forsendu fyrir örorkumati.

Í öðru lagi er um að ræða breytingar á ákvæðum laga er varða lífeyri til elli- og örorkulífeyrisþega að því er varðar skerðingu lífeyris, einkum vegna tekna maka, og með þeim er leitast við að skýra reglur sem gilda á þessu sviði í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis í máli, nr. 1815/1996 sem lokið var með áliti 13. apríl 1998 og SUA 1988:33. Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru fyrsta skrefið í þá átt að milda verulega skerðingu bóta vegna tekna maka.

II. Breytingar á ákvæðum varðandi örorkumat.

Fyrsta grein frumvarpsins gerir ráð fyrir að gerðar verði breytingar á forsendum fyrir ákvörðun örorkulífeyris. Ákvæði þess efnis í almannatryggingalögum hafa ekki fylgt þeim þjóðfélagslegu breytingum sem orðið hafa frá því að lögin voru sett og tekjutenging bóta og tenging ýmissa réttinda við örorkuskírteini Tryggingastofnunar ríkisins hafa m.a. breytt forsendum örorkumatsins. Örorkuskírteinið, sem upphaflega var staðfesting á rétti til lífeyris, tryggir öryrkjum nú lægri greiðslu fyrir læknisþjónustu, lyf og sjúkra-, iðju- og talþjálfun með aukinni niðurgreiðslu af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins. Auk þess hafa aðrir aðilar fellt niður eða lækkað greiðslur þeirra fyrir þjónustu gegn framvísun örorkuskírteinisins. Öryrkjar, sem haldnir eru erfiðum sjúkdómum eða eru mikið fatlaðir, geta þurft að fara oft til læknis eða í þjálfun og nota mikið af lyfjum. Þessu getur fylgt mikill kostnaður. Trygginga-

stofnun ríkisins kemur að miklu leyti til móts við þann kostnað með útgáfu örorkuskírteinis. Þeir sem geta þrátt fyrir erfiða sjúkdóma eða fötlun stundað vinnu fá hins vegar ekki örorkuskírteini. Í þessu felst ójafnræði og telja verður að slíkt fyrirkomulag sé vinnuletjandi.

Þeir sem hafa verið örorkulífeyrisþegar í mörg ár og býðst vinna missa örorkulífeyrinn ef tekjur fara yfir ákveðið mark. Við næsta endurmat á örorku geta þeir jafnframt misst örorkuskírteinið (þ.e. örorka er metin 65%, 50% eða jafnvel minni en 50% án þess að sjúkdómsástand eða fötlun hafi nokkuð batnað). Þetta getur haft í för með sér verulega aukinn kostnað vegna læknisþjónustu, lyfja og þjálfunar. Þau störf sem þessum einstaklingum bjóðast eru yfirleitt lágt launuð. Það er hins vegar sorglegt að einstaklingur sem vill komast út í lífið og nýta sína ýtrustu krafta til að fá tekjuaukningu getur lækkað í tekjum vegna tekjutenginga, auk þess sem viðkomandi missir þau hlunnindi sem örorkukortið veitir.

Sem raunverulegt dæmi má nefna einhleyping sem fékk greiddan örorkulífeyri. Þegar hann fór að vinna og fékk 50.000 kr. á mánuði í launatekjur var örorkumat hans hjá Tryggingastofnun lækkað úr 75% í 65%.

Mánaðartekjur hans voru eftirfarandi:

Fyrir breytingu:	*Eftir breytingu:*
Örorkulífeyrir 14.541 kr.	Örorkustyrkur 10.906 kr.
Tekjutrygging 27.503 kr.	Tekjutrygging – 0
Heimilisuppbót 12.792 kr.	Heimilisuppbót – 0
Sérstök heimilisuppbót 6.257 kr.	Sérstök heimilisuppbót – 0
Launatekjur – engar	Launatekjur – 50.000 kr.
Samtals 61.093 kr.	*Samtals 60.906 kr.*

Í þessu dæmi eru einungis raktar breytingar á tekjum viðkomandi, en ekki önnur fjárhagsleg áhrif þess að missa örorkuskírteinið (m.a. vegna minnkaðrar niðurgreiðslu Tryggingastofnunar á sjúkrakostnaði).

Tilgangur breytts örorkumatsgrundvallar er að falla frá beinni tekjuviðmiðun þannig að örorkumatið byggist alfarið á læknisfræðilegum forsendum. Með því mundu þeir sem læknisfræðilega eru öryrkjar á háu stigi fá örorkuskírteini og þau réttindi sem því fylgja, óháð því hvort þeir eru svo heppnir að geta unnið fyrir sér að hluta eða ekki. Lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar mundi hins vegar fylgjast með tekjum þeirra og greiða örorkubætur í samræmi við þær.

Örorkulífeyrir á að vera trygging fyrir framfærslu ef heilsan brestur en ekki almennur framfærslulífeyrir. Örorkumatið á að vera læknisfræðilegt. Ekki á að meta örorku vegna félagslegra aðstæðna sem slíkra (aðeins ef þær hafa sjúkdóm í för með sér, t.d. þunglyndi).

Almannatryggingalögunum hefur nýlega verið breytt í þessa veru í Svíþjóð og Noregi.

Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna skilgreinir örorku (impairment) sem sérhvert frávik í sálrænu, líkamlegu eða líffræðilegu ástandi eða starfsemi. Bókin „Guides to the evaluation of permanent impairment", sem gefin er út af bandarísku læknasamtökunum (American Medical Association), er oft notuð sem viðmið þegar metin er örorka. Þar er örorka (impairment) skilgreind sem frávik frá eðlilegu ástandi í líkamshluta eða líffærakerfi og varanleg örorka sem ástand sem hafi verið óbreytt það lengi að hámarksbata vefja sé náð og að jafnvel með frekari meðferð séu ekki líkur á frekari bata. Miðað er við ástand sem hamlar athöfnum daglegs lífs, svo sem eigin umhirðu, að nærast, að matreiða, tjá sig, standa, ganga eða sitja, annast heimili sitt og fjármál sín, ferðast um, vinna fyrir sér og að stunda félagsstörf og áhugamál. Í þessu riti er örorka skoðuð sem læknisfræðilegt viðfangsefni.

Ef af þessari lagabreytingu verður mun Tryggingastofnun ríkisins útbúa mælikvarða fyrir örorkumat með hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og reynslu hérlendis.

III. Breytingar á ákvæðum varðandi lífeyrisgreiðslur.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til verulegar breytingar á reglum varðandi áhrif tekna á lífeyrisgreiðslur.

Allar lífeyrisgreiðslur almannatrygginga til elli- og örorkulífeyrisþega taka mismunandi skerðingum með hækkandi tekjum. Reglur eru mismunandi eftir tegundum bóta og hjúskaparstöðu lífeyrisþega. Þannig eru það ekki einungis tekjur lífeyrisþegans sjálfs sem hafa áhrif á bótaupphæðir, heldur einnig tekjur makans, og á það einnig við þegar makinn er lífeyrisþegi.

Tekjur hjóna og sambúðarfólks eru ætíð lagðar saman og þeim deilt til helminga, en það er regla sem lýtur að gagnkvæmri framfærsluskyldu hjóna og er yfirfærð á sambúðarfólk eins og gerist annars staðar í almannatryggingalögunum. Ef báðir aðilar í sambúð eru lífeyrisþegar nýtur tekjuaflandi lífeyrisþeginn einnig frítekjumarks maka síns. Ef einungis annar aðila í sambúð er lífeyrisþegi nýtur hann 50% hærra frítekjumarks en einhleypur vegna maka síns. Ef vinnandi maki er ekki lífeyrisþegi nýtur hann með hærri tekjum aukins yfirfæranlegs skattfrádráttar eftir því sem bætur lífeyrisþegans skerðast. Þannig eru skerðingar fjölskyldutekna í heild mun minni en ætla mætti af skerðingu bótanna eingöngu vegna tekna maka.

Á hinn bóginn hefur það verið nokkuð áhyggjuefni hve lág frítekjumörk eru í almannatryggingalöggjöfinni þannig að skerðing tekna hefst við lágar tekjur. Sérstaklega á þetta við um stöðu hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar og stöðu öryrkja sem hafa takmarkaða möguleika til að afla sér lífeyrisréttinda og búa einnig við of þröngan ramma frítekjumarks tekna, jafnvel með tilliti til lágra tekna verndaðra vinnustaða. Þá á þetta einnig við hvað varðar skerðingu bóta vegna tekna maka, einkum skerðingu lífeyrisbóta öryrkja af fyrrgreindum ástæðum.

Í frumvarpinu er lagt til að hækka frítekjumark hjóna sem bæði eru ellilífeyrisþegar úr 28.156 kr. í 40.224 kr. Er þá því marki náð að frítekjumark hjóna er það sama og frítekjumark tveggja einhleypinga með ellilífeyri, en það er 30% lægra nú. Til viðbótar þessu er eftir sem áður gefinn kostur á 12.747 kr. frádrætti frá mánaðarlegum viðmiðunartekjum vegna lífeyrissjóðstekna hjóna sem bæði eru ellilífeyrisþegar.

Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að frítekjumark annars hjóna sem er ellilífeyrisþegi, en hitt ekki lífeyrisþegi, hækki frítekjumark þess úr 20.112 kr. í 30.168 kr. þannig að það njóti 50% hærra frítekjumarks en einhleypur vegna hugsanlega hærri fjölskyldutekna. Til viðbótar þessu er eftir sem áður gefinn kostur á 9.104 kr. frádrætti frá mánaðarlegum viðmiðunartekjum vegna lífeyrissjóðstekna einhleypings sem gildir þegar einungis annað hjóna er lífeyrisþegi.

Þá er lagt til, með sérstöku tilliti til þess að öryrkjar hafa mun minni möguleika en aðrir til að afla sér lífeyrissjóðsréttinda, að frítekjumark allra öryrkja verði hækkað þannig að viðbót vegna lífeyrissjóðstekna, eins og ellilífeyrisþegar fá, verði innifalin í almennu frítekjumarki öryrkja. Öryrkjar geta þá notið þessa marks með tekjum sínum og haldið bótum óskertum á hærra tekjustigi þótt þeir hafi e.t.v. aldrei haft tækifæri til að afla réttinda í lífeyrissjóði. Þar af leiðir að ekki er gert ráð fyrir sérstökum frádrætti frá mánaðarlegum viðmiðunartekjum vegna lífeyrissjóðstekna hjá öryrkjum.

Hækkun almenns frítekjumarks hjá einhleypum öryrkjum nemur þannig 50% og fer úr 20.112 kr. og verður 30.168 kr. á mánuði. Hækkunin nemur rúmum 114% hjá hjónum og fer úr 14.078 kr. og verður hjá hvoru hjóna fyrir sig það sama og hjá einhleypum öryrkjum,

30.168 kr. á mánuði, þegar bæði eru örorkulífeyrisþegar. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að frítekjumark annars hjóna sem er örorkulífeyrisþegi, en hitt ekki lífeyrisþegi, hækki úr 20.112 kr. í 45.252 kr. á mánuði þannig að það njóti 50% hærra frítekjumarks en einhleypur vegna hugsanlegra hærri fjölskyldutekna. Hækkun frítekjumarksins í heild hjá þessum einstaklingum nemur 125%.

Hækkun frítekjumarka á að stuðla að því að tekjur öryrkja eða maka þeirra nýtist þeim betur og bætur verði ekki fyrir skerðingu fyrr en við mun hærri mörk en áður var, eða við 60.336 kr. hjá hjónum sem bæði eru öryrkjar, en við 45.252 kr. hjá því hjóna sem er öryrki, en maki þess ekki. Áður var sameiginlegt frítekjumark hjóna 28.156 kr. Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað ellilífeyrisþegi en hitt örorkulífeyrisþegi, verða meðhöndluð eins og einhleypingar, hvort á sínu lífeyrissviði.

Í frumvarpinu er skýrt kveðið á um að helmingur samanlagðra tekna hjóna verði lagður til viðmiðunar varðandi hugsanlega skerðingu bóta lífeyrisþegans. Með því er komið til móts við gagnrýni sem fram hefur komið í áliti umboðsmanns Alþingis, SUA 1988:33, og í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1815/1996 þar sem Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á Akureyri og nágrenni kvartaði m.a. yfir því að 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, ætti sér ekki stoð í lögum nr. 117/1993. Í niðurstöðu umboðsmanns Alþingis segir m.a.:

„Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða mín í máli þessu að skerðing tekjutryggingar lífeyrisþega vegna tekna maka hans, sem einnig nýtur elli- eða örorkulífeyris, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, fari ekki í bága við lög. Ég hef komist að sömu niðurstöðu um þá skerðingu uppbótar samkvæmt 17. gr. laga nr. 117/1993, sem felst í því, að taka skuli tillit til tekna maka, sem ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, sbr. 2. mgr. 4. gr. ofangreindrar reglugerðar. Á hinn bóginn er það skoðun mín, að lagaákvæði um þau réttindi, sem hér er um að ræða, séu hvorki nægilega aðgengileg né skýr, þar á meðal um það, hvaða takmörkunum þau megi binda."

Í samræmi við framangreinda niðurstöðu umboðsmanns Alþingis eru jafnframt birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu drög að nýrri reglugerð um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um breytingar er varða forsendur fyrir ákvörðun örorkulífeyris. Megintilgangur með breytingunum er að falla frá beinni tekjuviðmiðun þannig að örorkumatið byggist alfarið á læknisfræðilegum forsendum. Þessi breyting er í samræmi við breytingar sem nýlega hafa verið gerðar á almannatryggingalöggjöf í Svíþjóð og Noregi. Með því mundu þeir sem læknisfræðilega teljast öryrkjar á háu stigi fá örorkuskírteini og þau réttindi sem því fylgja, óháð því hvort þeir stunda vinnu eða ekki. Örorkuskírteinið tryggir öryrkjum m.a. lægri greiðslu fyrir læknisþjónustu, lyf og sjúkra-, iðju- og talþjálfun.

Gert er ráð fyrir að læknadeild Tryggingastofnunar ríksins semji á grundvelli afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar staðal sem staðfestur er af tryggingaráði og birtur í reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur. Þannig verður saminn opinber og ítarlega kynntur mælikvarði fyrir örorkumat með hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og reynslu hér á landi. Að öðru leyti er vísað til ítarlegrar umfjöllunar um forsendur þessarar breytingar í II. kafla almennra athugasemda.

Þá er gert ráð fyrir að tryggingayfirlækni sé heimilt að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir endurhæfingu áður en til örorkumats kemur. Sérfræðingar Tryggingastofnunar ríkisins telja að framboð á starfrænni endurhæfingu, þ.e. endurhæfingu sem tekur mið af því að auka færni til vinnu, sé ófullnægjandi hér á landi og að þeirri starfrænu endurhæfingu sem í boði er sé beitt of seint eða ekki fyrr en viðkomandi einstaklingur hefur verið viðurkenndur öryrki. Eigi starfræn endurhæfing að skila tilætluðum árangri þarf að mati sérfræðinga að grípa til hennar sem fyrst eftir að viðkomandi einstaklingur verður óvinnufær. Sú staða gæti komið upp að tryggingayfirlæknir telji nauðsynlegt að einstaklingur sem orðið hefur fyrir sjúkdómi eða slysi gangist eins fljótt og mögulegt er undir mat á möguleikum til endurhæfingar. Því kann að vera nauðsynlegt að grípa til þessa úrræðis áður en til þess kemur að sótt sé um örorkubætur.

Ákvæði frumvarpsins er ætlað að skapa grundvöll fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins komi á fót matsteymi sem hægt sé að vísa þeim til sem verið hefur óvinnufær í tvo til þrjá mánuði, þannig að unnt verði að meta möguleika á endurhæfingu hjá viðkomandi. Til þess að ákvæðið nái tilgangi sínum verður jafnframt að tryggja framboð á endurhæfingu þannig að Tryggingastofnun geti hugsanlega gert þjónustusamninga við endurhæfingarstofnanir um endurhæfingu á forsendum sem sérfræðingar stofnunarinnar hafa gefið. Tryggingastofnun semur um kostnað sjúkratrygginga sem af þessu hlýst.

Um 2. gr.

Í greininni eru lagðar til verulegar breytingar á frítekjumörkum lífeyrisþega.

Breytingarnar taka fyrst til frítekjumarka hjóna sem bæði eru ellilífeyrisþegar og eru þau mörk rýmkuð þannig að þau nema nú sömu upphæð og frítekjumark einhleyps ellilífeyrisþega. 30% munur hefur verið á mörkum þessum fram til þessa. Hjón geta eftir sem áður lagt frítekjumörk sín saman, hvort sem bæði vinna eða einungis annað þeirra, og verður sameiginlegt frítekjumark þeirra þannig tvöfalt frítekjumark tveggja einstaklinga. Einnig er tekið tillit til þess ef einungis annað hjóna er ellilífeyrisþegi með sérstakri viðbót frítekjumarks vegna maka.

Þá eru gerðar verulegar breytingar á frítekjumörkum öryrkja. Frítekjumark einhleypings er hækkað um helming frá því sem var og frítekjumark hvors hjóna er sett á sama stig og þannig tæplega þrefaldað. Einnig er tekið tillit til þess ef einungis annað hjóna er örorkulífeyrisþegi með sérstakri viðbót frítekjumarks vegna maka. Þessar breytingar eiga að hvetja öryrkja til sækja á vinnumarkaðinn og nota möguleika sína eftir föngum til að afla sér lífeyrisréttinda auk betra viðurværis. Með þessum rýmri frítekjumörkum til handa öryrkjum felst viðurkenning á þeirri staðreynd að þeir eiga vegna fötlunar sinnar alla jafna erfiðara um vik að afla sér góðra tekna í langan tíma, og þar með lífeyrisréttinda um leið, en heilbrigt fólk.

Nauðsynlegt er að taka fram hvernig fara skal með mál hjóna með mismunandi lífeyri. Niðurstaðan er að hvort um sig verður meðhöndlað sem einhleypingur, annars vegar með ellilífeyri og hins vegar með örorkulífeyri.

Tekið er ótvírætt fram samkvæmt tilmælum umboðsmanns Alþingis hvernig fara skuli með sameiginlegar tekjur hjóna þannig að þau geri bæði tilkall til sameiginlegra tekna og njóti frítekjumarks vegna maka. Er þetta ákvæði í anda almannatryggingalaga frá upphafi, svo og samkvæmt gagnkvæmri framfærsluskyldu hjóna.

Tekjuhugtak viðmiðunartekna til tekjutryggingar er nákvæmlega skilgreint í 8. efnismgr. a-liðar og eru þar taldir fjórir liðir tekna sem ekki koma til viðmiðunar við ákvörðun tekjugrundvallar. Þar að auki koma ákvæði 18. gr. almannatryggingalaga sem ekki eru hér til athugunar.

Í b-lið er lögð áhersla á að kalla tekjutryggingu réttu nafni sem hluta lífeyris en ekki sem uppbót á lífeyri.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að 1. gr. öðlist gildi 1. mars nk. enda þarfnast reglur um breyttar forsendur örorkumats verulegs undirbúnings og kynningar af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er talið að kveða á um það í ákvæði til bráðabirgða að nýjar reglur um forsendur örorkumats hafi einungis áhrif gagnvart þeim sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku laganna. Hafi forsendur upphaflegs örorkumats ekki breyst þegar til endurmats kemur skal örorkumat ekki breytast á grundvelli nýs staðals. Ekki er talið eðlilegt að breytingarnar öðlist fyrirvaralaust gildi gagnvart þeim sem þegar hafa verið metnir á grundvelli þeirra reglna sem gilt hafa hingað til.

Fylgiskjal I.

Drög að reglugerð um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

1. gr.

Skilyrði greiðslu tekjutryggingar.

Tekjutrygging greiðist þeim sem fá greiddan ellilífeyri, örorku-, endurhæfingar- eða slysalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og eiga lögheimili hér á landi eða í ríki sem Ísland hefur gert samninga við á sviði almannatrygginga.

Óskert tekjutrygging greiðist þeim sem átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. 40 almanaksár frá 16 ára til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. og 3. gr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist tekjutrygging í hlutfalli við lögheimilistímann.

Við ákvörðun lögheimilistíma örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs.

2. gr.

Tekjutrygging elli- og sjómannalífeyrisþega.

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 241.344 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu á lífeyri hans að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 241.344 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta ellilífeyris en hafa sameiginlega tekjur sem fara ekki fram úr 482.688 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 482.688 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

3. gr.

Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 362.016 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 362.016 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta örorkulífeyris en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

4. gr.

Ákvæði varðandi hjón og sambúðarfólk.

Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi, en hitt ellilífeyrisþegi, skulu hafa sömu tekjuviðmið og einhleypir á viðkomandi lífeyrissviði og miðast tekjur hvors þeirra við helming sameiginlegra tekna.

Vegna tekjutryggingar skulu tekjur hjóna, sem bæði njóta lífeyris, metnar sameiginlega og ef aðeins annað hjóna nýtur lífeyris skal helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans.

Sama rétt til bóta og hjón hafa einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð sem skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár eða ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá. Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri rétt en þau hefðu haft ef þau væru hjón.

5. gr.

Tekjur úr lífeyrissjóðum.

Tekjur ellilífeyrisþega úr lífeyrissjóði, allt að 109.260 kr. á ári hjá einhleypingi eða 152.966 kr. á ári hjá hjónum eða sambúðarfólki sem bæði eru lífeyrisþegar, sbr. 4. gr., reiknast ekki inn í framangreindar viðmiðunartekjur.

Til lífeyrissjóðstekna í þessu sambandi teljast greiðslur úr lífeyrissjóðum sem starfa eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir og háðir eru eftirliti Bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, sbr. IX. kafla laga nr. 129/1997.

6. gr.

Tekjuhugtakið og aðrar frádráttarbærar tekjur.

Allar skattskyldar tekjur skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að frádregnum bótum almannatrygginga, húsaleigubótum og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu fjármagnstekjur metnar að 50 hundraðshlutum.

7. gr.

Tekjur erlendis frá.

Tekjur, sem bótaþegi fær greiddar erlendis frá, skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að því marki sem slíkar tekjur hefðu áhrif á ákvörðun tekjutryggingar væri þeirra aflað hérlendis. Auk þess er heimilt að skerða greiðslur vegna bóta erlendis frá sem eru fyrir sama tímabil og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

8. gr.

Eignatekjur.

Eignir hafa ekki áhrif á útreikning tekjutryggingar ef þær skila engum tekjum sem skattskyldar teljast. Hafa skal þó hliðsjón af því hvort eignum bótaþega hafi verið ráðstafað með þeim hætti að tekjur falli niður og þannig hafi skapast tölulegur grundvöllur hækkunar bótanna.

9. gr.

Ákvörðun tekna og tekjuyfirlýsing.

Við ákvörðun tekna samkvæmt reglugerð þessari skal fara eftir nýjustu upplýsingum sem skattayfirvöld geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnun ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar.

Nú hættir elli- eða örorkulífeyrisþegi vinnu eða missir á annan hátt tekjur sem hafa komið í veg fyrir að hann fengi hækkun tekjutryggingar samkvæmt þessari reglugerð, og skal hann þá, eftir því sem við verður komið, færa sönnur á tekjulækkunina og gefa skriflega yfirlýsingu um hana. Er þá heimilt að taka tillit til tekjulækkunarinnar, en komi síðar í ljós að gefnar voru rangar upplýsingar eða tekjur hafa hækkað aftur skal ofgreiðslan endurheimt.

10. gr.

Endurskoðun bótaupphæða.

Ákvarðaðar bætur samkvæmt þessari reglugerð skal endurskoða árlega með tilliti til breytinga á tekjum bótaþega. Hinar nýju ákvarðanir skulu almennt gilda frá 1. september ár hvert. Í sérstökum undantekningartilfellum skal þó heimilt að láta hinar breyttu tekjur hafa áhrif á útreikning bóta þegar eftir að lífeyrisþegi hefur fært sönnur á tekjulækkun.

Hafi um breytingu tekna verið að ræða er heimilt að láta hina nýju ákvörðun gilda aftur í tímann allt að tveimur árum. Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

11. gr.

Úrskurðir og kæra til Tryggingaráðs.

Lífeyristryggingadeild ákvarðar um vafatilfelli og ágreiningsmál vegna tekjutryggingar og skal þá gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

Ákvarðanir lífeyristryggingadeildar eru kæranlegar til tryggingaráðs.

12. gr.

Verklagsreglur.

Tryggingastofnun ríkisins setur verklagsreglur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar og skulu þær hljóta umfjöllun og samþykki tryggingaráðs.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 66. gr., sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 485/1995, með síðari breytingu. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur 18. og 65. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að frítekjumörk vegna tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega verði hækkuð og að skilgreiningu á örorku verði breytt þannig að mat á örorku miðist eingöngu við læknisfræðilegar forsendur.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á skilgreiningu á örorku og réttur til örorku skilgreindur án tillits til hæfni til að afla tekna. Með breytingunni munu þeir öryrkjar sem afla sér tekna og hafa hingað til lækkað í örorkumati halda óbreyttum kjörum hjá sjúkratryggingum. Frumvarpið mun þannig hafa þau áhrif að lyfja-, læknis- og þjálfunarkostnaður sjúkratrygginga mun aukast. Á móti kemur að vægi félagslegra og fjárhagslegra aðstæðna minnkar við mat á örorku og við það fjölgar þeim minna sem fá greiddan örorkulífeyri. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar í almannatryggingakerfinu um það hve marga breytingin snertir. Er það mat Tryggingastofnunar ríkisins að kostnaðarauki sjúkratryggingadeildar vegist upp á móti minni útgjöldum lífeyristrygginga þegar frá líður og nettó áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði því hverfandi. Kostnaður hlýst af því að Tryggingastofnun verður heimilt að semja um þóknun til þeirra sem annast mat á möguleikum til endurhæfingar og má áætla hann 5–10 m.kr. á ári. Tryggingastofnun mun einnig semja við endurhæfingarstofnanir um endurhæfingu til að auka starfshæfni og koma í veg fyrir varanlega örorku og er kostnaðurinn áætlaður um 40 m.kr. á ári í sjúkratryggingum. Áætlað er að sá kostnaður sparist á tveimur árum.

Í 2. gr. er lögð til talsverð hækkun á frítekjumörkum lífeyrisþega með það að meginmarkmiði að minnka skerðingu vegna tekna maka. Áætlað er að breytingarnar leiði til 190 m.kr. hærri greiðslna til tekjutryggingar öryrkja og 210 m.kr. aukinni tekjutryggingu til ellilífeyrisþega. Samtals er áætlað að breytingar samkvæmt 2. grein hafi um 400 m.kr. kostnaðarauka árlega í för með sér.

Alls mun frumvarpið hafa um 450 m.kr. kostnaðarauka í för með sér fyrstu tvö árin og um 400 m.kr. á ári eftir það. Kostnaðurinn verður eitthvað meiri í upphafi vegna aukinna útgjalda í sjúkratryggingum þar sem fleiri öryrkjar munu njóta afsláttarkjara í lyfja-, lækknis- og þjálfunarkostnaði.

532. Lög [231. mál]

um vegabréf.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 463 með þessari breytingu:

12. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1999.
Jafnframt falla úr gildi lög um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953.

533. Frumvarp til laga [122. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

163. gr. laganna orðast svo:
Í þessum kafla hafa eftirfarandi hugtök svofellda merkingu:

a. *Björgun:* sérhver athöfn sem hefur það að markmiði að hjálpa skipi eða öðru lausafé sem farist hefur eða er statt í hættu á hvaða haf- eða vatnasvæði sem er.
b. *Skip:* sérhvert skip eða far eða önnur smíð sem er fær til siglinga.
c. *Lausafé:* sérhver hlutur sem ekki er varanlega við ströndina skeyttur.
d. *Umhverfistjón:* umtalsvert tjón á heilsu manna, eða lífi eða auðlindum í ám eða vötnum, við ströndina og nálægum svæðum eða í íslensku efnahagslögsögunni, af völdum mengunar, elds, sprengingar eða annarra sambærilegra alvarlegra atvika.

2. gr.

164. gr. laganna orðast svo:
Ákvæðum þessa kafla skal beitt um björgunarmál sem höfðað er fyrir íslenskum dómstóli eða gerðardómi.

Ákvæði þessa kafla gilda jafnt þótt það skip sem bjargaði sé eign sama manns og hitt er bjargað var. Þá gilda ákvæðin einnig um björgun sem framkvæmd er af skipi í eigu ríkisins.

Þótt björgunaraðgerðir fari fram undir stjórn eða séu framkvæmdar af stjórnvöldum í skjóli valdheimilda þeirra fer um rétt þeirra sem tekið hafa þátt í slíkum björgunaraðgerðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um skip eða lausafé sem falla undir III. kafla þjóðminjalaga.

3. gr.

165. gr. laganna orðast svo:
Ákvæðum þessa kafla skal þá aðeins beita að ekki sé um annað samið. Óheimilt er að semja um takmörkun á skyldu til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni.

Skipstjóri hefur umboð til að gera samning fyrir hönd eiganda skips. Eigandi skips, útgerðarmaður og skipstjóri hafa hver um sig umboð til að gera samning um björgun fyrir hönd eigenda þess lausafjár sem er eða hefur verið um borð í skipinu.

Björgunarsamningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef hann er gerður meðan hættan stóð yfir eða undir áhrifum hennar og það yrði talið ósanngjarnt að bera hann fyrir sig. Samningi um upphæð björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar skv. 170. gr. a má víkja til hliðar eða breyta ef krafan er ekki í eðlilegu samræmi við umfang vinnu að björgun.

4. gr.

166. gr. laganna orðast svo:

Skylt er sjófarendum að leitast við að bjarga mönnum úr hættu verði það gert án þess að björgunarmönnum eða skipi þeirra sé stefnt í háska.

Björgunarmaður er skyldur til þess gagnvart eiganda og útgerðarmanni skips og eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga að:

a. sýna aðgát við framkvæmd björgunar og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni,
b. leita aðstoðar annarra björgunarmanna þegar aðstæður krefjast þess og
c. samþykkja íhlutun annarra björgunarmanna þegar útgerðarmaður, skipstjóri eða eigandi annars lausafjár sem í hættu er krefst þess og krafan telst sanngjörn; björgunarlaun skulu þó ekki lækka ef krafan er ósanngjörn.

Eiganda skips, útgerðarmanni eða skipstjóra, ásamt eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga, ber gagnvart björgunarmanni skylda til að:

a. veita honum liðsinni við björgunina,
b. sýna aðgát meðan björgunaraðgerðir standa yfir og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni og
c. taka við hinu bjargaða eftir að því hefur verið komið á öruggan stað og björgunarmaður leggur fram sanngjarna kröfu þess efnis.

5. gr.

167. gr. laganna orðast svo:

Björgunarmaður á rétt til björgunarlauna beri björgunaraðgerðir árangur. Að frátöldum vaxta- og málskostnaði má ekki ákvarða björgunarlaun hærri en sem nemur verðmæti þess sem bjargað var.

Björgun mannslífa veitir ekki rétt til björgunarlauna. Sá sem bjargar mannslífi við framkvæmd björgunar á þó rétt á sanngjarnri hlutdeild í björgunarlaunum eða í sérstakri þóknun skv. 170. gr. a.

Ákvæði 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að krefjast sérstakrar þóknunar skv. 170. gr. a.

6. gr.

168. gr. laganna orðast svo:

Björgunarlaun skal ákvarða með það í huga að hvetja til björgunar. Við ákvörðunina skal þessa gætt:

a. verðmætis þess sem bjargað var,
b. verklagni þeirrar og atorku sem björgunarmenn beittu við björgun skips, annars lausafjár og mannslífa,
c. verklagni og atorku björgunarmanna við að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni,

d. að hve miklu leyti björgunin tókst,
e. eðlis og umfangs hættunnar,
f. hve langan tíma björgunaraðgerðir tóku ásamt útgjöldum og tjóni því sem björgunarmenn urðu fyrir,
g. hve skjótt hjálpin var veitt,
h. áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni og annarrar hættu sem björgunarmönnum eða eigum þeirra var stofnað í,
i. að björgunarskip eða annar búnaður var notaður eða var til reiðu við framkvæmd björgunarinnar,
j. umfangs björgunarviðbúnaðar, afkastagetu og verðmætis búnaðar björgunarmanna.

Nú var skip það sem bjargað var eigi statt í yfirvofandi hættu en gat þó eigi komist til hafnar fyrir eigin vélarafli og skal þá atriða b–j-liða 1. mgr. einkum gætt við ákvörðun björgunarlauna.

7. gr.

169. gr. laganna orðast svo:

Eigandi skips og eigendur annars lausafjár sem bjargað var eru ábyrgir fyrir greiðslu björgunarlauna í hlutfalli við verðmæti hinna björguðu eigna þeirra.

8. gr.

170. gr. laganna orðast svo:

Við skiptingu björgunarlauna milli tveggja eða fleiri björgunarmanna skal viðmiða 1. mgr. 168. gr. gætt.

9. gr.

Við lögin bætast sjö nýjar greinar, 170. gr. a–g, og orðast svo:

a. (170. gr. a.)

Ef björgunarmaður hefur unnið að björgun skips sem eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni getur hann krafið eiganda skips og útgerðarmann um sérstaka þóknun sem er jafnhá kostnaði hans við björgunarvinnuna. Aðeins er hægt að krefjast sérstakrar þóknunar í þeim mæli sem hún er hærri en björgunarlaun ákvörðuð skv. 1. mgr. 168. gr.

Hafi björgunarmaður komið í veg fyrir eða dregið úr umhverfistjóni er heimilt að hækka hina sérstöku þóknun um allt að 30% af kostnaði björgunarmanns. Sé það talið sanngjarnt, þegar horft er til þeirra atriða sem nefnd eru í 1. mgr. 168. gr., má hækkunin nema allt að 100%.

Með kostnaði björgunarmanns er átt við bein og hæfileg útgjöld björgunarmanns vegna björgunaraðgerða auk sanngjarns endurgjalds fyrir notkun búnaðar og mannafla. Við ákvörðun þess endurgjalds ber að líta til atriða sem nefnd eru í g-, i- og j-liðum 1. mgr. 168. gr.

Ef björgunarmaður hefur vegna gáleysis vanrækt að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni má lækka eða fella niður hina sérstöku þóknun.

b. (170. gr. b.)

Nú hefur einhver samkvæmt samningi tekist á hendur verk áður en hætta skapast og á hann þá aðeins rétt á björgunarlaunum eða sérstakri þóknun að því leyti sem talið verður að veitt aðstoð hafi verið umfram skyldu samkvæmt samningnum.

Nú tekur einhver þátt í vinnu að björgun gegn beru og réttmætu banni eiganda skips, útgerðarmanns eða skipstjóra og á hann þá engan rétt til björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Sama á við um bann eiganda annars lausafjár sem er í hættu en hefur hvorki verið né er um borð í skipi.

Lækka má eða fella niður björgunarlaun eða sérstaka þóknun ef mistök björgunarmanns eða vanræksla hefur gert björgunina nauðsynlega eða erfiðari en ella, eða björgunarmaður hefur gerst sekur um svik eða aðra óheiðarlega háttsemi.

c. (170. gr. c.)

Nú hefur skip sem er skrásett á Íslandi bjargað einhverju á ferð og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón sem varð á því skipi, farmi þess eða á öðrum fjármunum sem á skipinu voru, ásamt útgjöldum vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar sem af björgunarstarfinu leiddi. Af óskiptum björgunarlaunum skal einnig greiða þóknun skv. 3. mgr.

Því sem þá er eftir af björgunarlaununum skal skipt þannig að þrír fimmtu hlutar falli til útgerðarinnar en tveir fimmtu hlutar til áhafnarinnar. Hlut áhafnar skal skipt á þann veg að skipstjóri fái einn þriðja hluta en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta. Milli skipshafnar skal skipt að réttri tiltölu miðað við föst laun hvers og eins eða hlutaskiptareglur, eftir því sem við á. Hlutur skipstjóra skal þó aldrei vera lægri en tvöfaldur hlutur þess skipverja sem hæst björgunarlaun fær. Leiðsögumaður um borð í skipi því sem bjargar fær skiptahlut í hluta skipshafnarinnar þótt hann sé ekki ráðinn hjá útgerðinni. Skal skiptahlutur hans vera jafn hæsta stýrimannshlut. Á skipum þar sem tekjur skipstjóra og skipshafnar miðast hvorki við föst laun né tiltekinn hlut skulu allir skipverjar, að skipstjóra meðtöldum, eiga jafna hlutdeild í björgunarlaunum.

Nú hefur einhver björgunarmanna skarað fram úr við björgunarstörfin, t.d. náð þar sérstaklega ríkum árangri eða stofnað sér í hættu umfram aðra, og má þá veita honum sérstaka aukaþóknun af þeim sökum. Útgerðarmaður getur greitt þessa þóknun ótilkvaddur en að öðrum kosti þarf rökstudd beiðni að hafa borist honum áður en mánuður er liðinn frá því að björgun lauk. Hafi skipverji, án nægra ástæðna, látið hjá líða að hlýðnast réttmætum fyrirmælum yfirmanns síns um að taka þátt í björgunarstörfum verður hann að hlíta því að hlutdeild hans í björgunarlaunum kunni að vera lækkuð eða jafnvel felld niður ef nægar ástæður eru og hækkar þá að sama skapi heildarskiptahlutur annarra skipverja, að skipstjóra frátöldum.

Jafnskjótt og björgunarlaun hafa verið ákvörðuð með samningi eða endanlegum dómi skal útgerðarmaður senda hverjum þeim sem á hlutdeild í björgunarlaununum tilkynningu um upphæð þeirra ásamt áætlun um skiptingu. Mótmæli gegn skiptaáætlun útgerðarmanns skulu hafa borist honum áður en einn mánuður er liðinn frá því að framangreind tilkynning var send.

Samningsákvæði, sem mæla fyrir um að skipstjóri eða skipshöfn skuli hafa minni hlut í björgunarlaunum en 2. mgr. mælir fyrir um, skulu vera ógild nema viðkomandi hafi verið ráðinn á skip til björgunarstarfa eða á skip sem sérstaklega var búið til björgunar eða samningurinn hafi verið gerður við ráðninguna og þá vegna tiltekinnar björgunaraðgerðar.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda einnig um skiptingu sérstakrar þóknunar skv. 2. mgr. 170. gr. a.

Nú er skip sem bjargar ekki skráð á Íslandi og gildir þá löggjöf þess lands þar sem skipið er skráð.

Ef það er ekki skip sem bjargar skal um skiptingu björgunarlauna fara eftir þeirri löggjöf sem gildir um réttarsambandið milli björgunarmanns og starfsmanna hans.

d. (170. gr. d.)

Krefjist björgunarmaður þess skal sá sem ábyrgð ber á greiðslu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu að meðtöldum vöxtum og kostnaði björgunarmanns. Þegar trygging hefur verið sett getur björgunarmaður ekki gengið að sjóveði sínu vegna björgunarlauna.

Eigandi og útgerðarmaður skips þess sem bjargað var skulu gera sitt ýtrasta til að eigandi farms leggi fram fullnægjandi tryggingu vegna ábyrgðar gagnvart björgunarmanni, áður en honum er afhentur farmurinn.

Þar til sett hefur verið trygging skv. 1. mgr. er óheimilt án samþykkis björgunarmanns að flytja skip eða lausafé sem bjargað var frá þeim stað þar sem því var komið fyrir eftir björgunina.

e. (170. gr. e.)

Dómstóll sá eða gerðardómur sem dæma skal um kröfu björgunarmanna getur ákveðið að greiða skuli fyrir fram hluta björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Setja má það sem skilyrði fyrir fyrirframgreiðslu að björgunarmaður setji tryggingu.

f. (170. gr. f.)

Dómsmál um ákvörðun eða skiptingu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar má höfða fyrir dómstóli í því umdæmi þar sem björgunin fór fram eða þar sem hið bjargaða var flutt að landi. Mál um skiptingu skv. 170. gr. c má höfða fyrir dómstóli í heimahöfn þess skips sem bjargaði eða þar sem mál um ákvörðun björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar eða um skiptingu skv. 170. gr. er höfðað.

Þegar björgun er lokið getur útgerð þess skips sem bjargaði krafist kyrrsetningar allra hinna björguðu verðmæta. Um kyrrsetninguna gilda lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Frestur til málshöfðunar skv. 1. mgr. 36. gr. þeirra laga skal vera átta vikur frá lokum gerðar. Til gerðarinnar nægir að boða skipstjóra fyrir hönd allra gerðarþola.

Ef mál ef höfðað til að fá leyst úr ágreiningi um skiptingu björgunarlauna skal stefna öllum þeim aðilum sem kröfu eiga til hlutdeildar. Stefndu geta gert sjálfstæðar kröfur án þess að höfða gagnsök. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um meðferð einkamála. Sé ekki öllum aðilum stefnt skal málinu vísað frá dómi.

g. (170. gr. g.)

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um herskip eða önnur skip sem ekki eru rekin í viðskiptalegum tilgangi, eru í eigu erlends ríkis og njóta á björgunarstundu friðhelgi samkvæmt reglum þjóðaréttar, nema hlutaðeigandi ríki ákveði annað.

Ákvæði þessa kafla veita ekki heimild til kyrrsetningar eða annarrar tímabundinnar réttaraðgerðar ef farmur er í eigu ríkisins og er ekki fluttur í viðskiptalegum tilgangi. Þetta gildir ekki ef kyrrsetning eða önnur tímabundin réttaraðgerð er í samræmi við reglur þjóðaréttar.

Ákvæði þessa kafla veita ekki heimild til kyrrsetningar eða annarrar tímabundinnar réttaraðgerðar ef farmur er ætlaður til mannúðarmála og það ríki sem gefið hefur farminn fellst á að greiða björgunarlaun eða sérstaka þóknun vegna farmsins.

10. gr.

1. tölul. 175. gr. laganna orðast svo: kröfu um björgunarlaun, kröfu um sérstaka þóknun skv. 170. gr. a, framlags til sameiginlegs sjótjóns eða endurgjalds samkvæmt samningi vegna úrræða sem greind eru í 4., 5. eða 6. tölul. 1. mgr. 174. gr.

11. gr.

1. tölul. 215. gr. laganna orðast svo: Krafa um björgunarlaun og sérstaka þóknun: innan tveggja ára frá því að björgunarstarfi lauk.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

13. gr.

14. gr. laga um bátaábyrgðarfélög, nr. 18 23. apríl 1976, fellur brott.

534. Lög [228. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 255 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Við 2. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Geri launamaður eða sá sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi samning um tryggingavernd á grundvelli iðgjalds sem hann ákvarðar og hefur beinan ráðstöfunarrétt yfir, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal almennt tryggingagjald lækka um allt að 0,2% af gjaldstofni og sá hluti tryggingagjaldsins nýttur sem iðgjaldshluti launagreiðanda á móti iðgjaldshluta launamanns. Frádráttarbær iðgjaldshluti launagreiðanda skal vera 10% af iðgjaldshluta launamanns, þó aldrei hærri en 0,2% af gjaldstofni tryggingagjalds.

Skilyrði lækkunar skv. 8. mgr. er að mótframlag sé innt af hendi um leið og sparnaður er dreginn af launum og ráðstafað til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Við skil á staðgreiðslu tryggingagjalds skal taka tilliti til lækkunar skv. 8. mgr. einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða. Um uppgjör og álagningu gilda ákvæði V. kafla.

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki er háður skyldu til að skila launaframtali, sbr. 3. mgr. 12. gr., skal gera grein fyrir frádráttarbærum iðgjaldshluta á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

4. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „banka, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: banka eða naut slíkrar ábyrgðar 31. desember 1997, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum iðgjalda- og.
b. Við 3. mgr. bætist: enda hafi slíkt val ekki farið fram fyrir gildistöku laganna.

5. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

535. Nefndarálit [336. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði þannig að réttur til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna komi ekki í veg fyrir að nemendur á framhaldsskólastigi geti fengið námsstyrki sem veittir eru þeim sem þurfa að stunda nám fjarri lögheimili og fjölskyldu. Þar sem úthlutunarreglur LÍN hafa verið rýmkaðar á síðustu árum hafa margir nemendur misst rétt til námsstyrks samkvæmt lögunum þótt þeir nýti ekki heimild til töku námsláns. Frumvarpið gerir því ráð fyrir bættri stöðu nemenda í framhaldsskólum að þessu leyti.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 14. des. 1998.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Svanfríður Jónasdóttir.	Hjálmar Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Ólafur Örn Haraldsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Árni Johnsen.

536. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Hjálmari Árnasyni, Svanfríði Jónasdóttur, Tómasi Inga Olrich, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Ólafi Erni Haraldssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Árna Johnsen og Svavari Gestssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-982 Listir, framlög**			
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	14,0	0,3	14,3

2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).

		Þús. kr.
1.	Atli Heimir Sveinsson	1.100
2.	Árni Kristjánsson	1.100
3.	Ásgerður Búadóttir	1.100
4.	Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.100
5.	Hannes Pétursson	1.100
6.	Indriði G. Þorsteinsson	1.100
7.	Jón Nordal	1.100
8.	Jón úr Vör	1.100
9.	Jórunn Viðar	1.100
10.	Kristján Davíðsson	1.100
11.	Matthías Johannessen	1.100
12.	Stefán Hörður Grímsson	1.100
13.	Thor Vilhjálmsson	1.100
	Samtals	14.300

537. Nefndarálit [278. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, Ragnheiði Snorradóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Árna Tómasson og Ólaf Nilson frá Félagi löggiltra endurskoðenda og Guðjón Rúnarsson og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Félagi löggiltra endurskoðenda, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Verðbréfaþingi Íslands, Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Með frumvarpinu er lagðar til tvær mikilvægar breytingar á skattlagningu, annars vegar varðandi skattlagningu jöfnunarhlutabréfa, sbr. 2., 3. og 10. gr., og hins vegar samsköttun móður- og dótturfélaga sem lagt er til að verði heimiluð innan ákveðinna marka, sbr. 6. gr. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að ávöxtun langtímasparnaðar í formi innlánsreikninga verði skattlögð í lok binditíma en ekki á því tímamarki þegar vextir eða önnur ávöxtun er færð eiganda reiknings til eignar, sbr. 1. gr., að tekið verði fram í lögunum að greiðslur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða séu skattlagðar hjá erfingjum, sbr. 4. gr., að breytt verði reglum um undanþágu happdrættisvinninga, sbr. a-lið 5. gr. og 9. gr., að skattafrádráttur vegna fjárfestingar manna í hlutabréfum verði framlengdur til ársloka 2002 með breyttum skilyrðum, sbr. b-lið 5. gr. og 11. gr., að breytt verði ákvæðum varðandi skattlagningu við slit félaga og lækkun hlutafjár, sbr. 7. gr.

og að breytt verði ákvæðum um meðferð ónýtts persónuafsláttar að því er snertir ráðstöfun hans til greiðslu fjármagnstekjuskatts, sbr. 8. gr.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú viðbót við 2. mgr. b-liðar 3. gr. að uppfærsla á kaupverði hlutabréfa við útreikning á söluhagnaði verði miðuð við kaupverð eða jöfnunarverðmæti í árslok 1996. Jafnframt er lagt til að tilvísun í 1. mgr. b-liðar 3. gr. verði færð til samræmis við tilvísun 1. mgr. 6. gr.
2. Lagt er til að bætt verði við 4. mgr. 5. gr. hliðstæðu ákvæði og nú er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt um að ef hlutabréf sem skattaafsláttur hefur verið veittur vegna eru seld verði að kaupa ný bréf í stað þeirra á sama ári og ekki síðar en 30 dögum eftir að sala fer fram til að komast hjá tekjufærslu frádráttarins. Þá er lögð til viðbót við 8. mgr. 5. gr. um að regla þeirrar málsgreinar eigi ekki við um aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri sem heimilt var að flytja á milli ára á árunum 1996 og fyrr. Jafnframt er lögð til leiðrétting á númeri laga og tilvísun í 4. mgr. Regla 3. málsl. skal eiga við um mismuninn skv. 5. málsl. 4. mgr.
3. Lagt er til að tvær nýjar greinar komi á eftir 5. gr. Fyrri greinin er um breytingar á 56. gr. A laganna um að skipting með yfirfærslu skattalegra réttinda verði heimil þó svo að hið fyrra félag haldi áfram með sama nafni. Síðari greinin er um breytingar á 57. gr. A um að heimilað verði að miða uppgjör við þann tíma þegar skiptin eiga sér stað samkvæmt samþykktum félaganna.
4. Lögð er til lagfæring á orðalagi 1. efnismgr. 6. gr. Jafnframt er lagt til að lágmarkstími í samsköttun verði fimm ár og að hana megi hefja að nýju fimm árum eftir að henni var hætt.
5. Lagt er til að fellt verði brott úr frumvarpinu ákvæði um að við slit á félagi verði úthlutun umfram 3. m.kr. skattlögð samkvæmt fullu skatthlutfalli.
6. Þá er lagt til að 2. málsl. 12. gr. falli brott en ekki þykir ástæða til þess að fresta gildistöku 8. gr. frumvarpsins.

Gunnlaugur M. Sigmundsson skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara. Fyrirvarinn lýtur annars vegar að andstöðu hans við skattfrelsi happdrættisvinninga og hins vegar þeirri mismunun sem gerð er milli hlutafélaga varðandi skattaafslátt vegna fjárfestingar almennings í atvinnurekstri.

Alþingi, 16. des. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson, með fyrirvara.
Ágúst Einarsson, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.

538. Breytingartillögur [278. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EOK, VS, SP, PHB, GMS).

1. Við 3. gr.
   a. Í stað tilvísunarinnar „1. tölul. 2. gr.“ í 1. efnismgr. b-liðar komi: 1. tölul. 1. mgr. 2. gr.
   b. Við 2. efnismgr. b-liðar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti í árslok 1996 þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
2. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á b-lið:
   a. Í stað laganúmersins „136/1996“ í 2. málsl. 4. efnismgr. komi: 137/1996.
   b. Á eftir orðunum „á sama ári“ í 4. málsl. 4. efnismgr. komi: og eigi síðar en 30 dögum eftir söluna.
   c. Í stað tilvísunarinnar „2. málsl.“ í 5. málsl. 4. efnismgr. komi: 3. málsl.
   d. Við 8. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þetta á þó ekki við um aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri sem heimilt var að flytja á milli ára á árunum 1996 og fyrr, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 137/1996.
3. Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (6. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. A laganna:
      a. Orðin „og því slitið“ í 1. málsl. falla brott.
      b. 2. málsl. orðast svo: Eignarhlutir hluthafa í félögunum skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og eignarhlutirnir voru í því félagi sem skipt er.
      c. 4. málsl. orðast svo: Ákvæði þessarar málsgreinar eiga einnig við þegar hlutafélagi er skipt þannig að fleiri en eitt hlutafélag taka við hluta eigna og skulda í upprunalegu félagi.
      d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
         Við skiptingu skv. 1. mgr. skiptast skattalegar skyldur og réttindi milli félaganna í sama hlutfalli og bókfært verð eigna að frádregnum skuldum sem flytjast til þeirra.
   b. (7. gr.)
      Við 57. gr. A laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Við skiptingu eða sameiningu félaga er heimilt að miða uppgjör rekstrar og framtalsskil, sbr. 91. gr., félaga þeirra er skiptingin eða slitin varða við það tímamark þegar skiptingin eða slitin eiga sér stað samkvæmt samþykktum félaganna.
4. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. efnismgr.:
   a. Í stað orðsins „eitt“ í 1. málsl. komi: tvö.
   b. 4. málsl. orðist svo: Samsköttun skal að lágmarki standa í fimm ár og ef samsköttun er slitið er ekki heimilt að fallast á hana að nýju fyrr en að liðnum fimm árum frá því að henni var slitið.

5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Orðin „t.d. við slit félags og lækkun hlutafjár“ í 3. málsl. 3. mgr. 67. gr. laganna falla brott.
6. Við 12. gr. 2. málsl. falli brott.

539. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstakur eignarskattur, 0,25%, sem upphaflega var lagður á til að reisa Þjóðarbókhlöðu og falla á niður um áramótin 1999/2000 verði framlengdur um fimm ár eða út árið 2004.

Það hafa löngum orðið örlög skatta, sem lagðir eru á til að fjármagna ákveðna góða framkvæmd, að þeir verða lífseigir og detta ógjarnan út aftur. Þjóðarbókhlöðuskatturinn er gott dæmi um það. Nú er búið að reisa Þjóðarbókhlöðuna en skatturinn skal lifa áfram.

Fyrir nokkrum árum urðu miklar umræður um svokallaðan „ekknaskatt“ en það er skattur á ellilífeyrisþega sem oft búa í stórum húsum sem krefjast mikils viðhalds og eru skattlagðar ríflega bæði af ríki og sveitarfélagi. Í Reykjavík er holræsagjaldið dæmi um nýja skattlagningu á þennan þjóðfélagshóp sem oft hefur litlar ráðstöfunartekjur. Fólkið getur illa selt þessar eignir sínar vegna þess að skattlagningin og opinber lánafyrirgreiðsla hefur orðið til þess að þær hafa fallið í verði. Sá skattur, sem hér er verið að framlengja, er hluti af vanda þessa fólks.

Í alþjóðlegum samanburði eru eignarskattar hér á landi með þeim hæstu meðal OECD-ríkja eða 1,45% á allar eignir umfram eignamörk sem ekki eru sérlega há. Ríkið tekur þannig allar eignir einstaklinga umfram þessi mörk á 70 ára fresti. Þetta skýrir mikla söfnun eigna hjá opinberum aðilum og rýrnun eigna einstaklinga. Þá vekur athygli að fyrirtæki hér á landi greiða eignarskatt en víða eru fyrirtæki eignarskattsfrjáls í OECD-ríkjum og liggur það sjónarmið sennilega að baki því að hvatt er til eignamyndunar í atvinnulífi til þess að það geti betur staðið af sér erfiðleikatímabil.

Að sjálfsögðu þarf ekki að geta þess að allar eignir ríkis og sveitarfélaga eru undanþegnar þessum sköttum, sem og öðrum.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

2. gr. falli brott.

Alþingi, 16. des. 1998.

Pétur H. Blöndal.

540. Nefndarálit [296. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Helga Ágústsson og Eið Guðnason frá utanríkisráðuneytinu og Kristján Skarphéðinsson frá sjávarútvegsráðuneytinu. Utanríkismálanefnd óskaði eftir umsögn sjávarútvegsnefndar um málið og er hún meðfylgjandi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska stofninum á árinu 1999 verði óbreytt frá samkomulaginu fyrir árið 1998.

Guðný Guðbjörnsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, áheyrnarfulltrúar á fundum nefndarinnar, eru samþykk áliti þessu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 16. des. 1998.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Árni R. Árnason.	Margrét Frímannsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni M. Mathiesen.	Sighvatur Björgvinsson.	Siv Friðleifsdóttir.

Fylgiskjal.

Umsögn sjávarútvegsnefndar.
(15. desember 1998.)

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Arnór Halldórsson og Kristínu Haraldsdóttur frá sjávarútvegsráðuneytinu. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar en minni hlutinn (LB og SvanJ) vísar jafnframt til afstöðu í umsögn sjávarútvegsnefndar sem send var utanríkismálanefnd vorið 1996 þegar upphaflegi samningurinn um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum var til umfjöllunar á Alþingi.

Sjávarútvegsnefnd beinir þeim tilmælum til utanríkismálanefndar að nefndin hlutist til um að samningur sá er hér um ræðir verði birtur hið fyrsta í C-deild Stjórnartíðinda eftir að Alþingi hefur lokið afgreiðslu málsins.

F.h. formanns sjávarútvegsnefndar,
Gunnar Jakobsson, nefndarritari.

541. Nefndarálit [291. mál]

um till. til þál. um hafnaáætlun 1999–2002.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Guðjónsson, Jón Leví Hilmarsson og Kristján Helgason frá Siglingastofnun Íslands. Þá komu Magnús Gunnarsson bæjarstjóri, Már Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Valgerður Sigurðardóttir, formaður hafnarstjórnar, frá Hafnarfjarðarhöfn, Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri, Smári Hermannsson og Eyþór Þórhallsson frá Garðabæjarhöfn og Sigurður Geirdal bæjarstjóri og Hörður Jóhannsson frá Kópavogshöfn.

Samkvæmt 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, með síðari breytingum, skal Siglingastofnun Íslands gera sérstaka fjögurra ára áætlun um hafnaframkvæmdir á tveggja ára fresti. Við áætlunargerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild og ber Siglingastofnun við áætlunargerðina að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð. Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar í formi þingsályktunartillögu.

Við gerð þessarar hafnaáætlunar var höfð hliðsjón af niðurstöðum reiknilíkans sem Siglingastofnun hefur útbúið. Í stórum dráttum er aðferðin sú að fyrst er höfnum landsins skipt í flokka og hverjum flokki sniðinn stakkur eftir vexti þannig að ekki er samþykkt að taka inn framkvæmd nema hún sé í samræmi við stærðarflokk hafnarinnar. Líkanið byggist á því að reiknaðar eru tvær megineinkunnir. Annars vegar svokölluð umsvifaeinkunn, sem tekur tillit til umferðar, aflamagns og aflaverðmætis í höfninni, auk þess sem tekið er tillit til kostnaðar við viðkomandi framkvæmd og mikilvægis útvegs og fiskvinnslu fyrir byggðarlagið. Þannig hlýtur ódýr framkvæmd hærri einkunn en dýr í sömu höfn. Hins vegar er tekið tillit til áhrifa af framkvæmdinni. Þá er reiknað út hversu mikið hún bætir aðstöðu í höfninni. Ef framkvæmdin hefur áhrif umfram viðmiðunarmörk Siglingastofnunar fær hún ekki einkunn. Þannig fær bryggja ekki einkunn (þ.e. 0,0) ef þarfir fyrir viðlegu og löndun eru þegar uppfylltar. Þessar tvær einkunnir fyrir umsvif og hafnarbætur sem hver framkvæmd fær eru að lokum margfaldaðar saman. Þetta þýðir að jafnvel þótt mikil umsvif séu í höfninni dugir það ekki til að framkvæmdin komist ofarlega á lista. Nefndin telur rétt að halda áfram að þróa reiknilíkanið í samvinnu við Siglingastofnun Íslands.

Gildandi hafnaáætlun er sú fyrsta sem Alþingi hefur samþykkt. Við afgreiðslu hennar mótaði samgöngunefnd ákveðnar verklagsreglur sem koma fram í nefndaráliti. Reynslan af þeim hefur verið góð og skapað nauðsynlega festu sem m.a. sést af því að skuldbindingar ríkisins vegna hafnaframkvæmda hafa minnkað. Nefndin vísar til umfjöllunar í nefndaráliti frá 121. löggjafarþingi, þskj. 1177, þar sem þessi mál eru útskýrð. Nefndin telur mikilvægt að verklagsreglurnar verði áfram í heiðri hafðar til þess að skapa festu við framkvæmd á samþykktum Alþingis og að unnt sé að bregðast við aðstæðum sem ávallt geta komið upp og orðið til þess að nauðsynlegt verði að flýta einstökum framkvæmdum.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Breytingarnar taka allar mið af því að framlag ríkisins til hafnaframkvæmda verði hið sama og tillagan gerir ráð fyrir en um nokkrar tilfærslur verkefna er að ræða, fyrst og fremst innan sveitarfélaga. Reynt hefur verið að taka tillit til athugasemda hafnarstjórna þar sem það hefur verið hægt. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að verkefni verði flutt á milli ára í Rifshöfn og Ólafsvík. Þannig verði slitlag á tengibraut og breikkun þekju á Rifi unnin árið 1999 í stað 2001 og nýir björgunarstigar á bátabryggju unnir árið 1999 í stað 2001.
2. Í Vesturbyggð er lagt til að bætt verði inn liðnum þekja á Brjánslæk að upphæð 1 millj. kr. árið 1999 og enn fremur liðnum flotbryggja á Bíldudal að upphæð 3 millj. kr. árið 2001 en í stað þess verði lækkað framlag til lagfæringar á innsiglingu á Patreksfirði sem því nemur.
3. Lagt er til að uppsátur fyrir smábáta á Tálknafirði verði fært til ársins 1999 frá 2001 en í stað þess verði steyptri þekju skipt upp og hluti verksins færður til ársins 2001 þannig að fjárframlög verði óbreytt.
4. Gert er ráð fyrir að bætt verði við verkinu viðgerðarbryggja á Ísafirði. Áætlað er að bryggjan kosti 18,5 millj. kr. en í staðinn verði hluta af endurbyggingu á Ásgeirsbakka frestað þannig að framlög verði óbreytt.
5. Lagt er til að stálþil við Norðurgarð á Sauðárkróki verði lengt um 60 metra í stað 40 metra. Þá er lagt til að ný verk bætist við á Hofsósi og Haganesvík. Á Hofsósi verði skjólgarður fyrir smábáta lengdur og í Haganesvík verði dýpkað.
6. Þá er lagt til að skerðing framlaga til framkvæmda í Hafnasamlagi Norðurlands á árunum 2001 og 2002 gangi til baka. Þar sem framlög eru ekki aukin verður lenging Oddeyrarbryggju felld niður. Við bætist nýtt verk, stálþil við Krossanes, 2. áfangi, undirbúningsframkvæmdir. Áætlun um dýpkun fiskihafnar er endurskoðuð til lækkunar.
7. Lagt er til að verkefninu styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (500 m^3) í Grímsey verði flýtt um eitt ár.
8. Á Húsavík er lagt til að við bætist nýr liður, smábátaaðstaða. Á móti verði dregið úr framlagi til frágangs og þekju á Bökubakka. Þá er áfangaskiptum í framkvæmdinni brimvarnargarður við Böku breytt lítils háttar.
9. Áætlun um þekju við II. og III. áfanga stálþils á Þórshöfn er endurskoðuð til lækkunar.
10. Lagt er til að landgangur fyrir ferjur á Seyðisfirði verði felldur niður, en í stað hans komi aukin dýpkun við bryggjur, sandfangari og frágangur bryggju í Fjarðarhöfn.
11. Lagt er til að steypt þekja á Breiðdalsvík verði færð fram til ársins 1999 frá árinu 2000. Hlutur ríkisins er að mestu fjármagnaður með eldri fjárveitingu sem ekki hefur verið notuð þannig að ekki er þörf á framlögum til þessa.
12. Áætlun um þekju við löndunarkant í Gleðivík á Djúpavogi er endurskoðuð til lækkunar.
13. Einnig er lagt til að ekki komi til skerðingar framlaga til framkvæmda í Vestmannaeyjum árin 2001 og 2002 eins og fyrirhugað var. Þar sem framlög eru ekki aukin verður tekinn fyrir minni áfangi í endurbyggingu stálþils við norðurkant Friðarhafnar. Einnig er lögð til nokkur tilfærsla verkefna innan tímabilsins. Þar er fyrst og fremst um að ræða að endurbygging Nausthamarsbryggju getur hafist árið 1999 í stað ársins 2000, en endurbyggingu ískants í Friðarhöfn er frestað á móti. Enn fremur eru framkvæmdir í smábátahöfn færðar til ársins 1999 frá árunum 2000 og 2001.
14. Áætlun um löndunarbryggju við fiskmarkað í Sandgerði er endurskoðuð til lækkunar.
15. Lagt er til að við bætist nýtt verkefni hjá Hafnasamlagi Suðurnesja, undirbúningur að lengingu grjótgarðs í Njarðvík.
16. Loks er lagt til að undir liðnum Reykjanes, Hafnarfjörður verði bætt við lið, Háibakki, lenging, stálþil. Gert er ráð fyrir að greiðsluþátttaka ríkissjóðs verði 30% eins og í gildandi hafnaáætlun. Jafnframt verði frestað fram yfir lok áætlunartímans uppgjöri á 19 millj. kr. skuld ríkissjóðs við Hafnarfjarðarhöfn. Þetta hefur í för með sér að heildar-

skuld ríkissjóðs við hafnarsjóðina við lok áætlunartímabilsins mun hækka úr 464,6 millj. kr. í 483,6 millj. kr.

Stefán Guðmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.
Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.
Egill Jónsson.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Árni Johnsen.
Magnús Stefánsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
Kristján Pálsson.

542. Breytingartillaga [291. mál]

við till. til þál. um hafnaáætlun 1999–2002.

Frá samgöngunefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar skv. 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, að árin 1999–2002 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun.

I. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs.

Upphæðir í milljónum króna. Tölur í svigum tákna að til er ónotuð fjárveiting.

Kjördæmi	1999			2000			2001			2002			Samtals
Höfn	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	1999–2002
Vesturland													
Grundartangi	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Akranes	14,3	0,0	14,3	0,0	6,7	6,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	21,0
Snæfellsbær	5,5	(2,2)	3,3	4,1	(1,2)	2,9	0,5	0,0	0,5	45,8	0,0	45,8	52,5
Grundarfjörður	21,0	0,0	21,0	29,6	0,0	29,6	19,0	0,0	19,0	7,4	0,0	7,4	77,0
Stykkishólmur	6,2	3,3	9,5	0,0	0,0	0,0	1,3	0,0	1,3	12,4	0,0	12,4	23,2
Búðardalur	0,0	0,0	0,0	4,0	0,0	4,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,0
	47,0	**1,1**	**48,1**	**37,7**	**5,5**	**43,2**	**20,8**	**0,0**	**20,8**	**65,6**	**0,0**	**65,6**	**177,7**

Kjördæmi	1999			2000			2001			2002			Samtals
Höfn	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	1999–2002
Vestfirðir													
Reykhólahöfn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Vesturbyggð	0,6	4,1	4,7	0,0	3,6	3,6	1,8	0,0	1,8	12,6	0,0	12,6	22,7
Tálknafjörður	4,4	(2,1)	2,3	0,0	0,0	0,0	1,9	0,0	1,9	0,0	0,0	0,0	4,2
Bolungarvík	4,4	(4,4)	0,0	19,2	(6,6)	12,6	0,0	0,0	0,0	1,9	0,0	1,9	14,5
Ísafjarðarbær	74,8	(15,5)	59,3	59,8	0,0	59,8	37,7	0,0	37,7	11,1	0,0	11,1	167,9
Súðavík	0,0	0,0	0,0	8,0	0,0	8,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	8,0
Norðurfjörður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Drangsnes	12,2	(0,1)	12,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,7	0,0	3,7	15,8
Hólmavík	7,7	(0,4)	7,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	7,3
	104,1	**(18,4)**	**85,7**	**87,0**	**(3,0)**	**84,0**	**41,4**	**0,0**	**41,4**	**29,3**	**0,0**	**29,3**	**240,4**
Norðurland vestra													
Hvammstangi	0,0	0,0	0,0	11,5	(3,4)	8,1	0,0	0,0	0,0	2,5	0,0	2,5	10,6
Blönduós	0,0	0,9	0,9	4,9	0,0	4,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,8
Skagaströnd	0,0	7,5	7,5	4,3	0,0	4,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	11,8
Skagafjörður	14,2	(14,0)	0,2	0,0	0,0	0,0	19,6	0,0	19,6	53,6	0,0	53,6	73,4
Siglufjörður	30,8	(1,9)	28,9	38,4	0,0	38,4	13,6	0,0	13,6	0,0	0,0	0,0	80,9
	45,0	**(7,5)**	**37,5**	**59,1**	**(3,4)**	**55,7**	**33,2**	**0,0**	**33,2**	**56,1**	**0,0**	**56,1**	**182,5**
Norðurland eystra													
Hafnasamlag Eyjafjarðar	37,6	10,7	48,3	10,5	0,0	10,5	0,0	10,1	10,1	100,4	3,0	103,4	172,3
Hafnasamlag Norðurlands	51,6	43,3	94,9	27,6	36,5	64,1	61,8	1,9	63,7	21,6	0,0	21,6	244,3
Grímsey	0,0	2,5	2,5	6,2	0,0	6,2	0,0	0,0	0,0	6,1	0,0	6,1	14,8
Húsavík	2,3	8,4	10,7	98,8	0,0	98,8	111,2	0,0	111,2	83,3	0,0	83,3	304,0
Tjörneshöfn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kópasker	2,2	1,2	3,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,8	0,0	3,8	7,2
Raufarhöfn	29,8	10,4	40,2	1,2	10,0	11,2	7,4	0,0	7,4	5,3	0,0	5,3	64,1
Þórshöfn	0,0	0,0	0,0	13,6	0,0	13,6	42,2	0,0	42,2	46,3	0,0	46,3	102,1
	123,5	**76,5**	**200,0**	**157,9**	**46,5**	**204,4**	**222,6**	**12,0**	**234,6**	**266,8**	**3,0**	**269,8**	**908,8**
Austurland													
Bakkafjörður	2,0	(1,6)	0,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	9,3	0,0	9,3	9,7
Vopnafjörður	44,8	(1,5)	43,3	42,2	0,0	42,2	11,8	0,0	11,8	82,3	0,0	82,3	179,6
Borgarfjörður eystri	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,0	0,0	5,0	5,0
Seyðisfjörður	1,6	4,8	6,4	5,5	0,0	5,5	36,4	0,0	36,4	0,0	0,0	0,0	48,3

Kjördæmi	1999			2000			2001			2002			Samtals
Höfn	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	1999-2002
Nesk./Eskifj./ Reyðarfj.	23,5	4,9	28,4	22,0	8,5	30,5	65,1	0,0	65,1	35,3	0,0	35,3	159,3
Fáskrúðsfjörður	2,2	5,2	7,4	0,0	0,0	0,0	17,9	0,0	17,9	26,8	0,0	26,8	52,1
Stöðvarfjörður	2,4	2,0	4,4	2,5	0,0	2,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	6,9
Breiðdalsvík	5,3	(4,6)	0,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,7
Djúpivogur	0,0	0,0	0,0	55,9	0,0	55,9	23,4	0,0	23,4	7,4	0,0	7,4	86,7
Hornafjörður	40,7	5,3	46,0	61,5	0,0	61,5	93,5	0,0	93,5	39,3	0,0	39,3	240,3
	122,5	**14,5**	**137,0**	**189,6**	**8,5**	**198,1**	**248,1**	**0,0**	**248,1**	**205,4**	**0,0**	**205,4**	**788,6**
Suðurland													
Vestmannaeyjar	65,2	11,6	76,8	73,9	0,0	73,9	82,9	4,0	86,9	68,7	22,4	91,1	328,7
Þorlákshöfn	0,0	8,5	8,5	0,0	8,5	8,5	0,0	0,0	0,0	46,2	0,0	46,2	63,2
	65,2	**20,1**	**85,3**	**73,9**	**8,5**	**82,4**	**82,9**	**4,0**	**86,9**	**114,9**	**22,4**	**137,3**	**391,9**
Reykjanes													
Grindavík	32,9	61,1	94,0	73,0	70,0	143,0	46,3	90,7	137,0	84,8	35,0	119,8	493,8
Sandgerði	0,0	61,6	61,6	4,2	28,4	32,6	82,0	0,0	82,0	16,4	0,0	16,4	192,6
Hafnasamlag Suðurnesja	0,0	34,0	34,0	2,1	33,3	35,4	0,0	3,0	3,0	16,7	0,0	16,7	89,1
Hafnarfjörður	10,0	(4,0)	6,0	9,0	0,0	9,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	15,0
Garðabær	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kópavogur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
	42,9	**152,7**	**195,6**	**88,3**	**131,7**	**220,0**	**128,3**	**93,7**	**222,0**	**117,9**	**35,0**	**152,9**	**790,5**
Reykjavík	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**
Óskipt	**3,8**	**0,0**	**3,9**	**5,2**	**0,0**	**5,2**	**6,0**	**0,0**	**6,0**	**6,6**	**0,0**	**6,6**	**21,7**
Samtals allt landið	**554,0**	**239,0**	**793,0**	**698,7**	**194,3**	**893,0**	**783,3**	**109,7**	**893,0**	**862,6**	**60,4**	**923,0**	**3.502,0**

II. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum.

Skýringar við töflu:

Áætlanatölur byggja á kostnaðarútreikningum Siglingastofnunar yfir heildarkostnað. Í aftasta dálk er þátttökuhlutfall ríkissjóðs.

Verðlag miðast við áætlun um mitt ár 1999 (byggingarvísitala 237 stig).

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
VESTURLAND					
Grundartangi					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Akranes					
Aðalhafnargarður, styrking á brimvörn (100 m kafli næst enda)	19,0				75%
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Viðhaldsdýpkun (700–900 m³ á ári)	0,6		0,6	0,6	75%
Lenging viðlegu (sprengingar og dýpkun)		5,5			75%
Rifshöfn:					
Slitlag á tengibraut að trébryggju (300 m² malbik)	0,9				60%
Breikkun þekju við stálþil í 20 m á 100 m kafla (500 m² malbik)	1,4				60%
Endurbygging og lenging staurakistu, um 10 m, stálþil (35 m)				21,6	60%
Dýpkun til að viðhalda dýpi í innsiglingu og höfn (u.þ.b. 6.000 m³)				3,0	75%
Lenging stálþils, 1. áfangi – þil með kanti (80 m, dýpi 6 m)				46,2	60%
Ólafsvík:					
Endurnýjun innsiglingarbauju	2,2				75%
Bátabryggjan, nýir björgunarstigar með ljósi (18 stk.) og vatnslögn (6 úttök)	3,3				60%
Dýpkun til að viðhalda dýpi í innsiglingu og höfn (u.þ.b. 6.000 m³)				3,0	75%
Grundarfjörður					
Lenging stórubryggju, stálþil (100 m dýpi 8 m), lagnir, lýsing og þekja (1.800 m²)	35,0	49,3	27,1		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)			3,1		60%
Lýsing og vatns- og raflögn við smábátahöfn			1,5		60%
Smábátaaðstaða, dýpkun (u.þ.b. 3.000 m³)				3,1	75%
Smábátaaðstaða, flotbryggja (40 m), fylling og grjótvörn fláa				8,5	60%
Stykkishólmur					
Stykkishöfn hafskipabryggja, styrking landgangs (stöplar og handrið á brú)	7,2				60%
Steinbryggjan, frágangur, rafmagn og vatnslögn	3,1				60%
Skipavík, ljósamasturs- og vatnshús			2,1		60%
Stálþil næst brúarbás Súgandisey (áætl. 20 m þil) og þekja við þilið				14,7	60%
Dráttarbraut Skipavík, endurbygging – hönnun og undirbúningur				6,0	60%
Búðardalur					
Smábátaaðstaða		5,3			75%
	72,7	**60,1**	**34,4**	**106,7**	
VESTFIRÐIR					
Reykhólar					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Vesturbyggð					
Brjánslækur:					
Steypt þekja (u.þ.b. 120 m²)	1,0				60%
Patreksfjörður:					
Innsigling lagfærð, stauravirki við enda hafskipabryggju				21,0	60%
Bíldudalur:					
Flotbryggja, lenging (20 m)			3,0		60%
Tálknafjörður					
Þekja við stálþil, lagnir og lýsing (steypt 300 m², klæðning 900 m²)	4,1		3,1		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)	3,1				60%
Ísafjarðarbær					
Þingeyri:					
Tengibraut að flotbryggju smábátahöfn (klæðning u.þ.b. 700 m²)			1,2		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)			3,1		60%
Flateyri:					
Grjótvörn og steyptur kantur á 70 m þil við hafnarkant (lokið verki frá 1998)	16,4				60%
Endurbygging hafnarkants, frágangur, lagnir og steypt þekja (1.100 m²)		12,3			60%
Suðureyri:					
Grjótvörn við Brjótinn og á Norðurgarði, endurröðun og styrking (2.500 m³)	8,2				75%
Ísafjörður:					
Lenging Sundabakka (efni 1998), þilrekstur, kantur (70 m), lagnir og þekja (1.400 m²)	27,9	17,9			60%
Dýpkun í 7,5 m í Sundahöfn, Rennu og við Suðurtanga (110.000 m³)	56,1				75%
Bátahöfn við Olíumúla, endurbygging 1. áfangi		24,0			60%
Dýpkun við Olíumúla og viðgerðarbryggju (24.000 m³ – gröftur)		36,4			75%
Ferjubryggja Sundahöfn, lenging, staurabryggja úr harðviði (17 m)			11,2		60%
Ásgeirsbakki, endurbygging, 1. áfangi, stálþil (85 m, dýpi 8 m)			47,4		60%
Viðgerðarbryggja skipasmíðastöðvar, staurabryggja úr stáli og harðviði (38 m)				18,5	60%
Bolungarvík					
Bætt aðstaða smábáta (flotbryggja 40 m)	7,4				60%
Grundargarður, breikkun og grjótvörn á u.þ.b. 300 m kafla (24.000 m³)		25,6			75%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)				3,1	60%
Súðavík					
Viðlegubryggja við Suðurgarð (20 m léttbyggð timburbryggja – dýpi 3 m)		5,8			60%
Dýpkun hafnar – gröftur (u.þ.b. 3.000 m³)		6,0			75%
Norðurfjörður					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Drangsnes					
Dýpkun í innsiglingu og höfn í 4–5 m (sprengja boða og grafa u.þ.b. 5.000 m³)	16,2				75%
Drangsnesbryggja, hækkun efri hluta bryggju, steypt þekja (400 m²) og veggur (18 m)				6,2	60%
Hólmavík					
Viðlegubryggja úr timbri við Norðurgarð, síðari áfangi (20 m)	12,9				60%
	153,3	**128,0**	**69,0**	**48,8**	

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐURLAND VESTRA					
Hvammstangi					
Dýpkun hafnar í 5–6 m og innsiglingin í 7 m, sprengt að hluta (5.000 m³)		15,3			75%
Endurbygging vestur- og miðhluta Suðurbryggju, nýtt dekk og kantur (260 m²)				4,2	60%
Blönduós					
Dýpkun, innan hafnar, hreinsað laust efni og grjót ofan af klöpp (2.000 m³)		5,6			75%
Hækkun kants sunnan á bryggju (100 m)		1,2			60%
Skagaströnd					
Skúffugarður, steyptur kantur 44 m, lýsing og þekja (1.500 m² malbik)		7,2			60%
Skagafjörður					
Sauðárkrókur:					
Tengibraut hafnargarður – Sandeyri (800 m²)	3,0				60%
Stálþil Norðurgarði, endurbygging fremsta hluta og lenging 60 m (130 m dýpi 8,5 m)			27,9	45,3	60%
Dýpkun, snúningssvæði og innsigling í 8 m, við þil í 8,5 m (75.000 m³)	16,2			13,2	75%
Stálþil við Norðurgarð, lagnir, lýsing og þekja (1.900 m² steypt, 700 m² malbik)				27,5	60%
Hofsós:					
Lenging Þvergarðs um 5 m (u.þ.b. 1000 m³)			3,6		75%
Haganesvík:					
Viðhaldsdýpkun	0,2		0,2		75%
Siglufjörður					
Skjólgarður frá enda Brjótsins (33.000 m³)	41,1				75%
Bæjarbryggja, endurbygging, 1. áfangi, stálþil (100 m dýpi 8 m)		64,0			60%
Bæjarbryggja, endurbygging, lagnir og steypt þekja (u.þ.b. 1.800 m²)			22,6		60%
	60,5	**93,3**	**54,3**	**90,2**	
NORÐURLAND EYSTRA					
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Ólafsfjörður:					
Norðurgarður, styrking ysta hluta (grjótgarður 32.000 m³)				71,0	75%
Loðnulöndunarkantur, endurbygging, harðviðarbryggja (84 m, dýpi 6 m)				58,0	60%
Dalvík:					
Norðurgarður stálþil, endurbygging fremsta hluta (53 m, dýpi 8 m)	30,4				60%
Suðurgarður, þekja (600 m²)		4,5			60%
Norðurgarður, stálþil, þekja og lagnir (u.þ.b. 1.000 m²)		13,0			60%
Suðurgarður, styrking og endurröðun grjótvarnar (u.þ.b. 260 m x 30 m³/m)				16,4	75%
Árskógssandur/Hauganes:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Hrísey:					
Lenging Norðurgarðs (16.000 m³)	25,7				75%
Hafnasamlag Norðurlands					
Hjalteyri:					
Viðhaldsdýpkun	0,2		0,2		75%

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Akureyri:					
Fiskihöfn Vesturbakki, stálþil, 1. áfangi (120 m, dýpi 9 m, þekja 2.400 m²)	85,6	30,6			60%
Fiskihöfn, dýpkun, 2. áfangi (91.000 m³)			37,0		75%
Fiskihöfn Vesturbakki, stálþil, 2. áfangi (70 m, dýpi 9 m, þekja 1.400 m²)			50,1	12,9	60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)			2,0		60%
Tangabryggja lenging, stálþil (30 m dýpi 8 m), Sverrisbryggja rifin			4,2	18,2	60%
Stálþil Krossanesi 2. áfangi, undirbúningsframkvæmd				5,0	60%
Svalbarðseyri:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Grenivík:					
Smábátaaðstaða, flotbryggja – öldubrjótur (40 m)		13,4			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)		2,0			60%
Grímsey					
Styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (500 m³)		8,2			75%
Endurbygging fremsta hluta hafnargarðs, þekja (u.þ.b. 300 m²) og skvettmúr				10,1	60%
Húsavík					
Innsiglingarmerki, leiðarmerki færð og garðsendaljós	3,1				75%
Brimvarnargarður við Böku (300.000 m³ – grjót á lager 30.000 m³)		228,8	245,3		75%
Bökubakki, stálþil (150 m, dýpi 10 m)				132,3	60%
Bökubakki, frágangur, lagnir og steypt þekja, fyrri áfangi (1.000 m²)				17,0	60%
Smábátaaðstaða, dýpkun (u.þ.b. 500 m³)				0,5	75%
Smábátaaðstaða, flotbryggja (27 m)				4,5	60%
Tjörneshöfn					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Kópasker					
Viðlegubryggja smábáta (15 m flotbryggja)	3,7				60%
Dýpkun hafnar (10.000 m³ dæling)				5,1	75%
Raufarhöfn					
Löndunarbryggja við bræðslu, stálþil (50 m, dýpi 9 m), lokið verki frá 1998	39,1				60%
Fiskavíkurbryggja rifin	1,5				60%
Grjótgarður við bátahöfn (4.000 m³)	7,2				75%
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur		1,6			75%
Löndunarbryggja við bræðslu, lagnir, lýsing og steypt þekja (1.000 m²)			12,3		60%
Dýpkun innsiglingar, undirbúningsframkvæmd				7,0	75%
Þórshöfn					
Tengibraut að hafskipabryggju, grjótfláa (37 m) og steypt þekja (600 m²)		7,2			60%
Hafskipakantur, lenging, stálþil (15 m, dýpi 7 m)		11,7			60%
Hafskipakantur, lagnir, lýsing og steypt þekja (300 m²)		3,8			60%
Stálþil, II. og III. áfangi (105 m dýpi 8 m), olíubryggja rifin			70,3		60%
Stálþil, II. og III. áfangi, lagnir, lýsing og steypt þekja (u.þ.b. 1.400 m²)				20,1	60%
Dýpkun við stálþil og snúningssvæði (u.þ.b. 30.000 m³)				45,6	75%
	196,5	**324,8**	**421,4**	**423,7**	

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
AUSTURLAND					
Bakkafjörður					
Vatnslögn á hafnarsvæði að Sjafnarbryggju (200 m)	3,3				60%
Lenging löndunarbryggju, harðviðarbryggja (20 m, dýpi 3 m)				10,3	60%
Lenging Sjafnarbryggju, léttbyggð furubryggja (20 m, dýpi 2,5 m)				5,1	60%
Vopnafjörður					
Löndunarbryggja, stálþil (80 m, dýpi 8 m) samkvæmt líkantilraunum	11,0	70,3	19,6		60%
Dýpkun að löndunarbryggju (23.000 m³, sprengdir 1.000 m²)	46,9				75%
Smábátahöfn, lýsing og raflögn (stofnlögn, hús og mastur)	5,0				60%
Skjólgarður (u.þ.b. 210 m, 81.000 m³) samkvæmt líkantilraunum				106,0	75%
Tengibraut, miðbryggja – lýsisbryggja (u.þ.b. 1.800 m² klæðning og lýsing)				4,7	60%
Borgarfjörður eystri					
Dýpkun sunnan gömlu bryggju og í bátakví (u.þ.b. 3.600 m³)				6,7	75%
Seyðisfjörður					
Stormpolli við vesturenda Fjarðarhafnar	2,6				60%
Smábátahöfn og mjölhúsbryggja, lagnir og lýsing		3,9			60%
Dráttarbraut, lokafrágangur		1,5			60%
Dýpkun rennu við Fjarðarhöfn í 8 m dýpi (85.000 m³) og við trébryggjur (5.000 m³)		3,0	41,6		75%
Sandfangari við mynni Fjarðarár (2.500 m³)			4,1		75%
Bryggja við Fjarðarhöfn, frágangur			3,5		60%
Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður					
Neskaupstaður:					
Lenging Togarabryggju, stálþil, 1. áfangi – þil með kanti (70 m, dýpi 8 m)			44,7		60%
Dýpkun vegna tilfærslu á flotbryggju (15.000 m³)			11,3		75%
Stækkun togarahafnar, færsla skjólgarðs (u.þ.b. 30.000 m³)			10,2	37,3	75%
Eskifjörður:					
Stálþil austan Bæjarbryggju, 1. áfangi, (80 m, dýpi 10 m, þekja 1.600 m²)	39,1	19,6			60%
Dýpkun við stálþil (9.000 m³)		6,7			75%
Lenging bræðslubryggju, lagnir, kantur (66 m) og þekja (520 m²)		8,7	4,1		60%
Stálþil austan Bæjarbryggju, 2. áfangi, (50 m, dýpi 10 m, þekja 1.000 m²)			32,7	12,2	60%
Reyðarfjörður:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Fáskrúðsfjörður					
Hafskipabryggja, raflögn frágangur	3,6				60%
Stækkun loðnulöndunarbryggju (harðviðarbryggja 40 m, dýpi 7 m)			29,8		60%
Endurbygging Bæjarbryggju, 1. áfangi (50 m, dýpi 7 m)				32,4	60%
Endrubygging Bæjarbryggju, lagnir, lýsing og þekja (1.000 m³)				12,4	60%
Stöðvarfjörður					
Smábátahöfn, flotbryggja (20 m)	3,9				60%
Smábátahöfn, lagnir, lýsing og slitlag á tengibraut (1.500 m²)		4,1			60%
Breiðdalsvík					
Gengið frá lögnum og lokið við þekju (1.080 m²)	8,9				60%
Djúpivogur					
Skjólgarður í Gleðivík (u.þ.b. 45.000 m³)		74,5			75%
Löndunarkantur í Gleðivík, stálþil (60 m, dýpi 8 m, þekja 900 m²)			39,0	12,4	60%

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Hornafjörður					
Dýpkun hafnar, viðhaldsdæling í höfn og innsiglingu (15.000 m³ árlega)	6,3	6,3	6,3	6,3	75%
Þinganesgarður milli Austurfjöru og Þinganesskerja (30.000 m³)	48,0				75%
Faxeyrarhöfn, skjólgarður (u.þ.b. 15.000 m³)		24,3			75%
Faxeyrarhöfn, dýpkun í höfn og innsiglingarrennu (u.þ.b. 400.000 m³)		51,4	56,5		75%
Leiðigarður sunnan hafnarmynnis (u.þ.b. 2.500 m³)			4,1		75%
Faxeyrarhöfn, stálþilsbryggja (100 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja 2.000 m²)			72,1	24,5	60%
Endurbygging bryggju við vogarhús, harðviðarbryggja (45 m, dýpi 5 m)				33,1	60%
	178,6	**274,3**	**379,6**	**303,4**	
SUÐURLAND					
Vestmannaeyjar					
Friðarhafnarkantur, austurendi, nýbygging, lagnir, lýsing og steypt þekja (1.400 m²)	18,5				60%
Friðarhafnarkantur, lokið endurbyggingu stálþils (210 m, dýpi 9 m, þekja 2.500 m² steypt)	24,7	22,7			60%
Smábátahöfn innan Nausthamars, dýpkun í 2 m (u.þ.b. 4.000 m³)	2,0				75%
Smábátaaðstaða, landstöplar (3 stk.), færa flotbryggjur, lýsing og frágangur	6,2				60%
Nausthamarsbryggja, endurbygging, efniskaup og sprengdur skurður	56,9	28,5			60%
Nausthamarsbryggja, endurbygging, stálþil (300 m, dýpi 9 og 5 m, þekja 3.800 m² malbik)		72,0	36,9		60%
Dýpkun norðan Nausthamarsbryggju í 9 m (u.þ.b. 15.000 m³, 6.000 m²)			15,6	4,9	75%
Friðarhöfn ískantur, endurbygging, stálþil (74 m, dýpi 8 m, þekja 1.700 m² malbik)			37,8	11,0	60%
Friðarhöfn, endubygging suðurkants, stálþil (86 m, dýpi 7 m, þekja 1.400 m² malbik)			44,0	11,2	60%
Dýpkun að Friðarhafnarkanti og suðurkanti (u.þ.b. 30.000 m³, að hluta klapparsprenging)				14,4	75%
Dýpkun snúningssvæðis og siglingarleiðar innan hafnar í 7,5 m (u.þ.b. 20.000 m³)				9,3	75%
Dýpkun í innsiglingu (viðhaldsdýpkun, u.þ.b. 40.000 m³ dæling)				20,6	75%
Friðarhöfn endurbygging norðurkants, stálþil (65 m, dýpi 7 m)				30,6	60%
Þorlákshöfn					
Dýpkun innan hafnar (u.þ.b. 30.000 m³ sprengt og grafið)				61,6	75%
	108,3	**123,2**	**134,3**	**163,6**	
REYKJANES					
Grindavík					
Dýpkun innsiglingarleiðar, ytri hluti (540x70 m, dýpi 9,5 m)	228,5	228,5			75%
Merking siglingarleiðar, tveir staurar við rennu og ný leiðarmerki í landi		7,2			75%
Skjólgarður vestan innsiglingar (80.000 m³)			92,4		75%
Skjólgarður austan innsiglingar (100.000 m³)				113,0	75%
Sandgerði					
Flotbryggja (40 m)		7,0			60%
Dýpkun milli Norðurgarðs og Suðurbryggju (u.þ.b. 37.000 m³, spr.10.000 m²)			154,0		75%
Norðurgarður, lenging, stálþil (50 m, dýpi 8 m, þekja 1.000 m²)			39,7	12,3	60%
Suðurbryggja, norðurhlið, stálþil (80 m, dýpi 7m)			54,5	13,4	60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)				3,0	60%
Löndunarbryggja við fiskmarkað, harðviðarbryggja (20 m, dýpi 5 m)				15,4	60%

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Hafnasamlag Suðurnesja					
Garður:					
Endurbætt lýsing og innsiglingarljós á bryggjuhaus		3,5			60%
Reykjanesbær:					
Öldudempari Helguvík, sprengt berg við suðurhluta hafnar				15,4	75%
Festipollar við vestur- og austurenda viðlegu í Helguvík (2 stk. 100 t pollar)				2,1	60%
Undirbúningur að lengingu grjótgarðs í Njarðvík				5,0	75%
Vogar:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Hafnarfjörður					
Háibakki lenging, stálþil (75 m, dýpi 8 m, þekja 1.500 m² malbik)	33,3	30,1			30%
Garðabær					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Kópavogur					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
	261,8	**276,3**	**340,6**	**179,6**	
REYKJAVÍK					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
ALLT LANDIÐ					
Óskipt:	5,8	7,8	9,0	9,9	
Heildarkostnaður hvert ár:	**1.037,5**	**1.287,8**	**1.442,6**	**1.325,9**	
Samtals árin 1999–2002:				**5.093,8**	
Þar af hlutur ríkisins:				3.419,0	
Hlutur hafnarsjóða:				1.674,8	

543. Nefndarálit [297. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Helga Ágústsson og Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneytinu.

Guðný Guðbjörnsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, áheyrnarfulltrúar á fundum nefndarinnar, eru samþykk áliti þessu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 18. des. 1998.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson, með fyrirvara.
Árni R. Árnason.	Margrét Frímannsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni M. Mathiesen.	Sighvatur Björgvinsson.	Siv Friðleifsdóttir.

544. Tillaga til þingsályktunar [366. mál]

um bætta réttarstöðu íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, sólarhringsstofnunum og vistheimilum fyrir aldraða og fatlaða.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytingar á lögum um almannatryggingar þannig að þeir sem dveljast langdvölum eða eiga heimili sitt á hjúkrunar- eða dvalarheimilum, vistheimilum eða sólarhringsstofnunum sökum öldrunar eða fötlunar njóti sömu réttinda hvað varðar lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, hjálpartæki og aðra fyrirgreiðslu og þeir sem búa utan umræddra stofnana. Unnið verði að málinu í samvinnu við hagsmunasamtök aldraðra og fatlaðra.

Niðurstöður og nauðsynlegar lagabreytingar verði lagðar fyrir Alþingi fyrir árslok 1999.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að bæta úr því misrétti sem þeir sem dveljast á stofnunum verða fyrir. Hugsunin á bak við tillöguna er sú að íbúar umræddra stofnana og heimila fái greiddan elli- eða örorkulífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót. Þeir greiði síðan til heimilisins vegna eðlilegs framfærslukostnaðar, svo sem fyrir fæði, húsaleigu o.fl., á sama hátt og aðrir.

Þegar aldraðir eða fatlaðir vistast á sólarhringsstofnunum, hjúkrunar- og vistheimilum, missa þeir réttinn til beinna bótagreiðslna úr almannatryggingakerfinu en fá eingöngu greiddan mánaðarlega vasapeninga sem nú eru rétt um 12.000 kr. Þetta fyrirkomulag sviptir fólk sjálfstæði og sjálfsvirðingu og réttinum til að ráða fjármálum sínum sjálft. Í því felst ákveðin forræðishyggja sem samræmist illa jafnræðisreglu og mannréttindasjónarmiðum, sviptir fólk fjárræði og er lítilsvirðandi.

Markmiðið með tillögunni er m.a. það að settar verði skýrar reglur um hvaða þættir í þjónustu stofnana skuli greiðast af stofnuninni sjálfri og hvaða kostnað þeir einstaklingar sem búa á stofnunni eigi að bera.

Fólk sem býr á þessum stofnunum eða heimilum hefur samkvæmt reglugerð rétt til ýmiss konar heilbrigðisþjónustu, svo sem lyfja, hjálpartækja o.fl. sem stofnun greiðir að fullu. Virði stofnun ekki þennan rétt að mati sjúklings eða aðstandenda þeirra er nauðsynlegt að til sé úrræði, svo sem kæru- eða kvörtunarleið, til að fá skorið úr um réttindi sjúklingsins. Það er brýnt réttindamál að íbúar umræddra stofnana sitji við sama borð hvað þetta varðar og þeir sem hafa átt kost á annarri búsetu, svo sem sambýlum, vernduðu húsnæði eða eigin heimili.

Kostir breytinganna sem lagðar eru til eru margvíslegir. Það er augljóst réttlætismál að allir aldraðir og fatlaðir, líka þeir sem dveljast á stofnunum og þurfa verulega aðstoð, njóti sambærilegra réttinda og kjara og þeir sem geta búið sjálfstætt. Með breytingunum væri komið í veg fyrir að fólki væri mismunað eftir búsetu eða tegund stofnunar sem það býr á.

Endurskoða þarf reglur um framfærslu. Setja þarf reglur sem tryggja þessum hópi lágmarksframfærslu en greiðsla 12.000 kr. vasapeninga er niðurlægjandi fyrir fólk sem býr á þessum stofnunum. Einnig er rétt að hafa í huga að vasapeningar eru tekjutengdir og skerðingarmörk mjög lág eða rúmlega 3.000 kr. Séu aðrar tekjur en greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins hærri en rúmlega 3.000 kr. skerðast vasapeningar um 65% þeirra tekna. Ef íbúar hjúkrunarstofnana eða vistheimila fengju bætur greiddar beint, eins og hér er lagt til, yrði greiðslukerfið sýnilegra og gagnsærra. Því væri betur hægt að koma í veg fyrir misræmi og mismunum sem virðist víða vera í þjónustukerfi elli- og örorkulífeyrisþega.

Það væri einnig í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að tryggja öllum sambærileg réttindi, óháð búsetu eða stöðu, en draga má í efa að núverandi fyrirkomulag uppfylli þá reglu.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til hafa reynst vel í Danmörku. Fyrirkomulagið var sett á til reynslu í tvö ár en frá árinu 1994 hefur það verið lögfest. Flutningsmenn tillögunar leggja til að við endurskoðun þessara mála verði danska leiðin skoðuð vel.

Ef þær breytingar sem hér eru lagðar til ná fram að ganga þarf að setja skýrar reglur um hvernig hægt verði að styðja þá sem þurfa sérstaka aðstoð í fjármálum. Skoða þarf hvort nýleg endurskoðun á lögræðislögum tryggi að slíkt fyrirkomulag geti komist á.

Gagnger endurskoðun þarf að fara fram á tilhögun og útreikningum fastra fjárveitinga til þeirra hjúkrunar- og vistheimila og sólarhringsstofnana sem málið varðar og skila þarf fé inn í almannatryggingakerfið í því skyni að standa straum af lífeyrisgreiðslum til þeirra sem hér um ræðir, sem og öðrum kostnaði sem þessar breytingar hafa í för með sér fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

Þingsályktunartillaga þessi hefur verið flutt áður og var fyrsti flutningsmaður hennar þá Ásta B. Þorsteinsdóttir. Tillagan hefur verið send fjölmörgum félögum og félagasamtökum til umsagnar. Margar umsagnir bárust þar sem lýst var yfir stuðningi við hana. Við endurflutning málsins hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda og ábendinga sem gerðar voru.

545. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Gunnarsson frá utanríkisráðuneyti, Árna Pál Árnason héraðsdómslögmann, Benedikt Árnason og Jón Ingimarsson frá Fjárfestingarstofu, Jón Ásbergsson og Pál Sigurjónsson frá Útflutningsráði Íslands, Birgi Ármannsson og Guðjón Rúnarsson frá Verslunarráði Íslands, Stefán Guðjónsson og Hauk Þór Hauksson frá Samtökum verslunarinnar, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Svein Hjört Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Jón Sigurðsson frá Vinnumálasambandinu, Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Ágúst H. Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva.

Umsagnir um málið bárust frá Bændasamtökum Íslands, Samtökum verslunarinnar, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Samtökum íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, Útflutningsráði Íslands, Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tekjustofnum og skipulagi Útflutningsráðs Íslands. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV við lög um Útflutningsráð Íslands fellur markaðsgjaldið, helsti tekjustofn ráðsins, niður í lok árs 1998. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Útflutningsráði verði áfram tryggðar tekjur í formi markaðsgjalds en í stað þess að miða það við 0,015% af veltu fyrirtækja eins og nú er lagt til að það miðist við 0,05% af tryggingagjaldsstofni. Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu um að fyrirtækjum verði heimilt að draga markaðsgjaldið frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndast. Lagt er til í frumvarpinu að 14% af tekjum af markaðsgjaldi skuli ráðstafað til verkefna í tengslum við vinnu að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta. Þá er lagt til að skipan stjórnar ráðsins verði breytt og komið verði á fót samráðsnefnd Útflutningsráðs sem í sitja fulltrúar samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** málsins með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. tölul. 2. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

Alþingi, 18. des. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Sólveig Pétursdóttir.

546. Framhaldsnefndarálit [173. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Minni hluti nefndarinnar gagnrýnir harðlega þá fjármálastjórn sem lýsir sér í niðurstöðutölum þessa frumvarps. Fjárlög þessa árs voru afgreidd með 133 millj. kr. afgangi. Nú er ljóst að viðurkenndur halli nemur 5,5 milljörðum kr. Minni hlutinn telur hins vegar að þegar öll kurl eru komin til grafar sé raunverulegur halli 9–10 milljarðar kr. og er þar um að ræða vanáætlaðar lífeyrisskuldbindingar og launakostnað, ofáætlaðar tekjur af virðisaukaskatti, launakostnað og uppsafnaðan halla í heilbrigðiskerfinu.

Fjárlög fyrir 1998 voru fyrstu fjárlögin sem voru gerð upp á rekstrargrunni og eru fjáraukalögin sem við nú erum að afgreiða þau fyrstu sem gerð eru upp á þann hátt. Verður að ítreka það sem sagði í fyrra nefndaráliti að óvissuþættir eru miklir í niðurstöðutölum og er mjög á reiki hvað menn telja að t.d. lífeyrisskuldbindingar eigi að reiknast á en þar er vandinn mikill á þessu ári vegna kerfisbreytinga þar sem hluti af yfirvinnu fer inn í fastalaun.

Þegar fjárlagafrumvarpið 1998 var lagt fram þótti minni hlutanum sem tekjuáætlunin væri trúlega varlega áætluð. Er nú að koma betur og betur í ljós að minni hlutinn reyndist hafa rétt fyrir sér og höfðu tekjurnar verið vanáætlaðar um rúma 9 milljarða kr. Áætlun nú gerir ráð fyrir að tekjur ársins hækki um 21% en gjöld um 34% frá fyrra ári. Ríkisendurskoðun bendir þó á í umsögn sinni til nefndarinnar að tekjur af virðisaukaskatti gætu verið ofáætlaðar um 1,5–2 milljarða kr. Einnig bendir stofnunin á að launahækkanir gætu í reynd hafa verið meiri en áætlun fjáraukalaga gerir ráð fyrir eða um 16% milli ára. Það hefur svo aftur áhrif á lífeyrisskuldbindingar sem munu verða verulega hærri ef þetta reynist rétt vera. Þetta eru því ekki lengur hallalaus fjárlög eins og mjög var glaðst yfir þegar frumvarpið var lagt fram á síðasta ári.

Minni hlutinn ítrekar það sem kom fram í nefndaráliti við 2. umræðu, að neysluspár hafa á undanförnum árum reynst óraunhæfar og virðist ekki vera sterkur vilji til að læra af þeirri reynslu. Í nefndarálitinu gagnrýndi minni hlutinn harðlega að ekki væri komið nægilega til móts við fjárhagsvanda stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þrátt fyrir framlag upp á 459 millj. kr. í fjáraukatillögum ríkisstjórnarinnar leit út fyrir að þau mundu draga á eftir sér yfir áramótin rúmlega 1 milljarðs kr. uppsafnaðan halla frá fyrri árum og því ári sem nú er að líða. Minni hlutinn lagði til við 2. umræðu að þessi tvö sjúkrahús fengju samtals 600 millj. kr. til að mæta þessum mikla vanda en dró þá tillögu til baka í trausti þess að meiri hlutinn væri að vinna að lausn sem munaði um. Nú mun minni hlutinn leggja fram þá tillögu aftur þar sem hún gengur lengra til lausnar á þeim vanda sem við er að glíma en tillaga meiri hlutans sem leggur til að 500 millj. kr. fari til þessara stofnana af fjáraukalögum. Er það að sjálfsögðu til bóta þó að vandinn sem eftir verður sé enn allt of stór en talið er að sjúkrahúsin geti ekki dregið með sér svo vel fari nema um mánaðarveltu. Ef tillaga meiri hlutans verður samþykkt er að mati Ríkisendurskoðunar enn óleystur vandi svo nemur meira en hálfum milljarði króna hjá þessum stofnunum.

Nú hefur það gerst á síðasta sólarhring að búið er að semja um að setja bæði þessi sjúkrahús undir eina yfirstjórn og er þess nú að vænta að dragi úr þeim óraunhæfu sparnaðarkröfum sem gerðar hafa verið til hátæknisjúkrahúsanna hér í Reykjavík á síðustu árum. Þó skal á það minnt að rekstrarvandi ýmissa stofnana í heilbrigðiskerfinu er ekki leystur með samþykkt þessara fjáraukalaga og má þar minna t.d. á Heyrnar- og talmeinastöð en þar er mikið

vandamál vegna uppsafnaðs rekstrarhalla hjá lítilli stofnun og hlýtur að verða að taka á því máli með einhverjum hætti á nýju ári svo að stofnunin geti starfað eðlilega. Minni hlutinn mun nú við 3. umræðu flytja breytingartillögu þess efnis að Heyrnar- og talmeinastöð verði bættur uppsafnaður rekstrarhalli.

Einnig er rétt að minna á að ekki er greiddur til aldraðra eða öryrkja sá munur sem Ríkisendurskoðun hefur sýnt fram á með útreikningum sínum að nemur 1.842 millj. kr. á síðustu fjórum árum milli þeirra sem búa við framfærslu sem ákvörðuð er með grunnlífeyri með tekjutryggingu og þeirra sem hafa lægstu umsamin laun. Þótt nokkrar leiðréttingar verði gerðar hjá hluta þessa fólks á næsta ári liggur enn óbættur hjá garði sá hluti sem nú hefur verið reiknað út að það hafi misst miðað við að allrar sanngirni hafi verið gætt. Mun minni hlutinn við þá umræðu flytja breytingartillögu sem gerir ráð fyrir að þessum hópum verði að nokkru bættur sá skaði sem þeir hafa orðið fyrir á þessu ári miðað við meðaltalshækkun launa.

Að lokum vill svo minni hlutinn enn minna á að ekki er ætlast til samkvæmt lögum að fjárveitingavaldið sé annars staðar en hjá Alþingi þó að framkvæmdarvaldið hafi heimild til að ráðstafa fé ef sérstaklega stendur á, svo sem ef um náttúruhamfarir eða önnur ófyrirsjáanleg atvik er að ræða. Því miður virðist ríkisstjórnin umgangast þessar heimildir nokkuð frjálslega. Það sýna dæmin hér í þessu frumvarpi og í þeim breytingartillögum frá ríkisstjórn og ráðuneytum sem hér eru til afgreiðslu.

Alþingi, 18. des. 1998.

Sigríður Jóhannesdóttir, frsm. Kristín Halldórsdóttir. Gísli S. Einarsson.

547. Framhaldsnefndarálit [173. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Í ræðu formanns nefndarinnar við 2. umræðu um frumvarpið kom fram að fjallað hafði verið um nokkur mál í nefndinni sem frestað var til 3. umræðu að taka ákvörðum um. Umfjöllun um þau mál er nú lokið í nefndinni og leggur meiri hluti hennar til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum við 3. gr. frumvarpsins sem gerðar eru tillögur um á þingskjali 548 en þær nema alls 770,1 m.kr. Auk þess er lögð til ein breyting við 7. gr. fjárlaga þessa árs. Einstakar breytingartillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu, auk þess sem fjallað verður um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi. Farið er fram á að framlag til Vestnorræna ráðsins verði hækkað um 2,3 m.kr. til að ljúka uppgjöri fyrir vestnorrænu æskulýðsráðstefnuna sem haldin var á Íslandi sl. sumar.

02 Menntamálaráðuneyti

989 Ýmis íþróttamál. Lögð er til tímabundin 4,5 m.kr. fjárveiting til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum til að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu skólans.

04 Landbúnaðarráðuneyti

811 Bændasamtök Íslands. Við 2. umræðu fjárlaga var samþykkt að hækka framlag á lið 1.10 Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri um 9,6 m.kr. vegna greiðslna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í fjárlagafrumvarpi var búið að gera ráð fyrir þessum kostnaði á viðfangsefni 1.01 Bændasamtök Íslands og því er lagt til að liðurinn verði lækkaður um sömu fjárhæð.

Þá er lagt til að framlag að fjárhæð 4,6 m.kr. vegna aukinna greiðslna í lífeyrisssjóð af launum starfsmanna sem fært var af misgáningi á viðfangsefni 1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri við 2. umræðu frumvarpsins verði flutt á viðfangsefnið 1.92 Héraðsbúnaðarsambönd. Engin breyting verður á útgjöldum ríkissjóðs við þá millifærslu.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að veittur verði 4 m.kr. styrkur á þessu ári til gerðar sjónvarpsþáttanna Aldahvörf. Heildarkostnaður er áætlaður 10 m.kr. og dreifist hann á þrjú ár. Sótt er um 3 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999 og gert er ráð fyrir að lokagreiðsla verði á árinu 2000. Þáttaröðin á að fjalla um sjávarútveg og verður hún sýnd í Ríkissjónvarpinu aldamótaárið 2000 sem framlag stofnunarinnar til höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar á liðinni öld.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

290 Dómsmál, ýmis kostnaður. Lagt er til að launagjöld héraðsdómstóla verði hækkuð um 5,7 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun dómstjóra og héraðsdómara sem gildir frá 1. júlí 1998. Sambærileg tillaga er gerð við 3. umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999.

390 Ýmis löggæslukostnaður. Gerð er tillaga um að framlag til viðfangsefnisins 1.10 Ýmis löggæslukostnaður hækki um 2,2 m.kr. vegna kostnaðar við samkomulag Reykjavíkurborgar og dómsmálaráðuneytisins um uppsetningu öryggismyndavéla í miðborginni.

07 Félagsmálaráðuneyti

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Lagt er til að stöðinni verði veittar 7 m.kr. greiðslu á uppsöfnuðum rekstrarhalla vegna aukinna umsvifa.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

371 Ríkisspítalar. Lagt er til að framlag hækki um 250 m.kr. til að greiða rekstrarhalla á árinu 1998. Er framlagið ætlað til að létta greiðsluvanda spítalans þannig að hann eigi auðveldara með að halda rekstrinum í jafnvægi á árinu 1999.

375 Sjúkrahús Reykjavíkur. Lagt er til að framlög verði hækkuð um 250 m.kr. til að greiða halla á rekstri árið 1998. Er framlagið ætlað til að létta greiðsluvanda spítalans þannig að auðveldara verði að halda rekstrinum innan ramma fjárlaga á árinu 1999.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Lögð er til 22 m.kr. hækkun á framlagi til kaupa á búnaði fyrir Heilsugæslustöðina í Kópavogi. Húsið er nýtilbúið til notkunar en heimildir skortir til kaupa á búnaði.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 25 m.kr. þar sem endurskoðuð áætlun um ríkistekjur sem renna til sjóðsins bendir til þess að þær verði nokkru hærri en ætlað var við setningu fjárlaga fyrir árið 1998.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Alls er farið fram á 299,3 m.kr. hækkun á þessum lið. Lagt er til að fjárveiting til viðfangefnisins 1.90 Ýmis framlög verði alls hækkuð um 295,3 m.kr. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 251,9 m.kr. framlag til að mæta áhrifum af nýlegum aðlögunarsamningum sem gerðir hafa verið við ýmis félög háskólamenntaðra starfsmanna á heilbrigðisstofnunum, svo sem meinatækna, röntgentækna, líffræðinga, sjúkraþjálfara o.fl., umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Sundurliðun framlagsins á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti I með breytingartillögum. Sambærileg tillaga er gerð við 3. umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999.

Í annan stað er gerð tillaga um 34,3 m.kr. hækkun í kjölfar endurmats á launakostnaði heilbrigðisstofnana vegna úrskurðar kjaranefndar um laun heilsugæslulækna. Við gerð mats sem lagt var til grundvallar í fjáraukalagafrumvarpi 1998 lágu ekki nægilega skýrt fyrir forsendur um aukna þörf fyrir afleysingar sem leiðir af auknum rétti heilsugæslulækna til vaktafría. Þær forsendur hafa nú verið endurskoðaðar. Þá hefur kjaranefnd breytt viðmiðunum í fyrri úrskurði um einingagreiðslur með tilliti til fjölda íbúa á hvern lækni. Sundurliðun fjárveitingarinnar á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti III. Sambærileg tillaga er gerð við 3. umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999.

Þá er í þriðja lagi gerð tillaga um 9,1 m.kr. fjárveitingu sem skipt verði á milli hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana í samræmi við sundurliðun í sérstöku fylgiskjali. Hækkunin er ætluð til að mæta endurmati á áhrifum af kjarasamningum lækna umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Aukningin samkvæmt endurmatinu er almennt minni háttar þar sem vægi launagreiðslna til lækna er fremur lágt í heildarlaunagjöldum þessara stofnana. Sambærileg tillaga er gerð við 3. umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999. Sundurliðun fjárveitingarinnar á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti II.

Loks er gerð tillaga um 4 m.kr. fjárveitingu í verkefni til að fækka slysum á börnum og unglingum. Óskað er eftir 7 m.kr. fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2000. Slys á börnum og unglingum eru hlutfallslega fleiri hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Ætlunin er að bregðast við þessari þróun með átaki sem leiði til fækkunar slysa, m.a. með því að samræma krafta þeirra er koma að verki, skipuleggja skráningu slysa á börnum og unglingum, samhæfa fræðslu og forvarnir og veita ráðgjöf um slysavarnir barna. Fræðslu- og kynningarstarf vegur þungt í útgjöldum verkefnisins. Gert er ráð fyrir ýmsum almennum kostnaði við rekstur

öryggismiðstöðvar, svo sem húsaleigu og kostnaði af skrifstofuhúsnæði. Ráðinn verður starfsmaður í fullt starf til að hrinda átakinu í framkvæmd.

09 Fjármálaráðuneyti

989 Launa- og verðlagsmál. Lagt er til að á þessum lið falli niður 120 m.kr. fjárheimild sem við framlagningu frumvarpsins var ætluð til að mæta áætluðum útgjöldum vegna endurmats á launakostnaði hjá framhaldsskólum. Þau útgjöld reyndust vera metin á 113,6 m.kr. og voru afgreidd með tillögu undir liðnum 02-319-1.40 Framhaldsskólar, óskipt við 2. umræðu frumvarpsins.

10 Samgönguráðuneyti

211 Vegagerðin. Lagt er til að framlag til nýframkvæmda verði lækkað um 45 m.kr. en á móti hækkar framlag til yfirstjórnar um 15 m.kr. og til ferja og flóabáta um 30 m.kr. Millifærslan er ráðstöfun á 119 m.kr. hækkun markaðra tekna til vegamála sem áætlað er að falli til á þessu ári. Þær 74 m.kr. sem eftir standa eru vegna tveggja þátta. Annars vegar er lagt til að 40 m.kr. framlag verði veitt til ferðamannaleiða og skiptist jafnt á kjördæmi eins og fyrirhugað er með framlag ársins 1999. Hins vegar er gert ráð fyrir að rekstrargrunnur og greiðslugrunnur á þessu ári verði ekki sá sami og er lagt til að 34 m.kr. fari til jöfnunar á þeim mismun. Þar með eru gjöld löguð að áætluðum tekjum á rekstrargrunni en gert er ráð fyrir þeim fjármunum í vegáætlun.

Hækkun framlags til yfirstjórnar Vegagerðarinnar um 15 m.kr. fer til þriggja verkefna á sviði ferðamála. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 5 m.kr. renni til upplýsingamiðstöðvar Ferðamálaráðs innan lands. Í öðru lagi er lagt til að veittar verði 5 m.kr. til skrifstofu Ferðamálaráðs í New York vegna ársins 2000. Að lokum er lagt til að veittar verði 5 m.kr. til samstarfs við landafundanefnd vegna ársins 2000. Framlagið er hluti af ráðstöfun á 119 m.kr. hækkun markaðra tekna til vegamála sem áætlað er að falli til á þessu ári.

Gert er ráð fyrir að framlagi til ferja og flóabáta sem hækkar um 30 m.kr verði varið til smíði nýrrar Hríseyjarferju. Heildaráhrif breytinga á þessum lið eru engin.

471 Flugmálastjórn. Lagt er til að framlag til rekstrar Flugmálastjórnar hækki um 6,9 m.kr. í kjölfar endurmats á hækkun lífeyrisiðgjaldagreiðslna vegna skekkju í reikniforsendum fyrir hækkun framlags við afgreiðslu fjárlaga ársins 1998. Samsvarandi tillaga er gerð við 3. umræðu fjárlaga fyrir árið 1999.

Þá er lagt til að framlag Íslands til ICAO hækki um 0,3 m.kr. í kjölfar endurmats á hækkun lífeyrisiðgjaldagreiðslna vegna skekkju í reikniforsendum fyrir hækkun framlags við afgreiðslu fjárlaga ársins 1998. Fjárhæðin samsvarar hlut ríkisins af hækkun gjalda alþjóðaflugþjónustunnar. Samsvarandi tillaga er gerð við 3. umræðu fjárlaga fyrir árið 1999.

472 Flugvellir. Lagt er til að framlag til reksturs flugvalla hækki um 11 m.kr. í kjölfar endurmats á hækkun lífeyrisiðgjaldagreiðslna vegna skekkju í reikniforsendum fyrir hækkun framlags við afgreiðslu fjárlaga ársins 1998. Samsvarandi tillaga er gerð við 3. umræðu fjárlaga fyrir árið 1999.

11 Iðnaðarráðuneyti

299 Iðja og iðnaður, framlög. Farið er fram á 1,5 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar. Vegna stækkunar álvers hefur fjármálaráðherra gert samning við Hafnarfjarðarbæ um

helmings hækkun á leigugjaldi vegna vatnsréttinda sem Ísal hefur í landi Straums við Hafnarfjörð. Hækkunin gildir frá 1. janúar 1997 og því þarf að greiða frá þeim tíma.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að til rannsókna á botndýrum á Íslandsmiðum verði veitt 4 m.kr. aukafjárveiting til að koma verkefninu á réttan kjöl og er um uppsafnaðan vanda að ræða. Jafnframt er lagt er til að gerður verði samningur milli Sandgerðisbæjar og ríkissjóðs um kostnaðarskiptingu vegna þessa verkefnis.

205 Náttúruvernd ríkisins. Lagt er til að Náttúruvernd ríkisins verði veittar 4 m.kr. vegna uppgjörsmála sem tengjast yfirtöku á verkefnum Náttúruverndarráðs.

Alþingi, 18. des. 1998.

Jón Kristjánsson, form., frsm. | Sturla Böðvarsson. | Arnbjörg Sveinsdóttir.

Árni Johnsen. | Árni M. Mathiesen. | Hjálmar Jónsson.

Ísólfur Gylfi Pálmason. | Kristinn H. Gunnarsson.

548. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP, KHG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
1.04 Alþjóðasamstarf	0,0	2,3	2,3
2. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
6.51 Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum	0,0	4,5	4,5
3. Við **04-811 Bændasamtök Íslands**			
a. 1.10 Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri	9,6	-9,6	0,0
b. 1.92 Héraðsbúnaðarsambönd	0,0	4,6	4,6
c. 1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri	4,6	-4,6	0,0
4. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmislegt	2,5	4,0	6,5
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-290 Dómsmál, ýmis kostnaður			
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	0,0	5,7	5,7
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,7*	*5,7*
6. Við **06-390 Ýmis löggæslukostnaður**			
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	50,0	2,2	52,2

7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins			
1.01 Yfirstjórn	0,0	7,0	7,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*7,0*	*7,0*
8. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
1.01 Ríkisspítalar	352,0	250,0	602,0
9. Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	373,0	250,0	623,0
10. Við **08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**			
6.60 Tækjakaup, óskipt	0,0	22,0	22,0
11. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra			
1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	0,0	25,0	25,0
Viðskiptahreyfingar	*0,0*	*25,0*	*25,0*
12. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	0,0	4,0	4,0
b. 1.90 Ýmis framlög	0,0	295,3	295,3
13. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
1.90 Launa- og verðlagsmál	1.058,0	-120,0	938,0
14. Við **10-211 Vegagerðin**			
a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	15,0	15,0
b. 6.10 Nýframkvæmdir	119,0	-45,0	74,0
c. 6.55 Ferjur og flóabátar	0,0	30,0	30,0
15. Við **10-471 Flugmálastjórn**			
a. 1.01 Flugmálastjórn	9,8	6,9	16,7
b. 1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	0,0	0,3	0,3
16. Við **10-472 Flugvellir**			
1.01 Rekstur flugvalla	0,0	11,0	11,0
Greitt úr ríkissjóði	*13,0*	*11,0*	*24,0*
17. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
11-299 Iðja og iðnaður, framlög			
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	0,0	1,5	1,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*1,5*	*1,5*
18. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	0,0	4,0	4,0
19. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
1.01 Yfirstjórn	0,0	4,0	4,0

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárveiting að fjárhæð 251,9 m.kr. á viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna aðlögunarsamninga við ýmis félög háskólamenntaðra starfsmanna sjúkrahúsa skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-358 1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	23,8
08-371 1.01	Ríkisspítalar	122,0
08-375 1.01	Sjúkrahús Reykjavíkur	76,0
08-711 1.11	Heilbrigðisstofnunin Akranesi, sjúkrasvið	4,5
08-715 1.11	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi, sjúkrasvið	1,1
08-721 1.11	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, sjúkrasvið	0,7
08-725 1.11	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, sjúkrasvið	2,7
08-731 1.11	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík, sjúkrasvið	0,5
08-735 1.11	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, sjúkrasvið	0,4
08-741 1.11	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, sjúkrasvið	0,9
08-745 1.11	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, sjúkrasvið	1,3
08-751 1.11	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, sjúkrasvið	2,7
08-755 1.11	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, sjúkrasvið	1,3
08-761 1.11	Heilbrigðisstofnunin Húsavík, sjúkrasvið	2,4
08-765 1.11	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, sjúkrasvið	1,2
08-771 1.11	Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði, sjúkrasvið	0,7
08-775 1.11	Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað, sjúkrasvið	1,8
08-781 1.11	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, sjúkrasvið	1,9
08-785 1.11	Heilbrigðisstofnunin Selfossi, sjúkrasvið	2,7
08-791 1.11	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sjúkrasvið	3,3
	Samtals	**251,9**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárveiting að fjárhæð 9,1 m.kr. á viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna endurmats á áhrifum af kjarasamningum lækna á launaútgjöld hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-407 1.01	Sundabúð II, Vopnafirði	0,1
08-408 1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	0,3
08-409 1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	0,6
08-410 1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	0,6
08-411 1.01	Garðvangur, Garði	0,2
08-412 1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	0,4
08-413 1.01	Droplaugarstaðir	0,3
08-420 1.01	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	0,4
08-421 1.01	Víðines	0,1
08-422 1.01	Hlaðgerðarkot	0,1

08-430 1.01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	0,4
08-431 1.01	Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands	0,4
08-435 1.01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	0,1
08-490 1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	0,1
08-495 1.11	Seljahlíð, Reykjavík	0,1
08-495 1.13	Hornbrekka, Ólafsfirði	0,1
08-495 1.15	Dalbær, Dalvík	0,1
08-495 1.17	Hulduhlíð, Eskifirði	0,1
08-495 1.21	Höfði, Akranesi	0,1
08-495 1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	0,1
08-495 1.27	Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	0,1
08-495 1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,1
08-495 1.39	Lundur, Hellu	0,1
08-495 1.41	Hrafnista, Reykjavík	1,1
08-495 1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	1,0
08-495 1.45	Grund, Reykjavík	0,7
08-495 1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,2
08-495 1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	0,2
08-495 1.51	Fellsendi, Búðardal	0,1
08-495 1.57	Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	0,1
08-495 1.59	Reynslusveitarfélagið Akureyri	0,3
08-495 1.61	Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	0,1
08-495 1.67	MS-félag Íslands, Reykjavík	0,1
08-495 1.69	Múlabær, Reykjavík	0,1
08-495 1.71	Dagvistun aldraðra, aðrar stofnanir	0,1
	Samtals	**9,1**

SÉRSTÖK YFIRLIT III

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárveiting að fjárhæð 34,3 m.kr. á viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna endurmats á breytingum á launakjörum heilsugæslulækna skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

	M.kr.
08-505 1.01 Heilsugæsla í Reyjavík	2,2
08-522 1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	0,8
08-524 1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,2
08-525 1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,1
08-526 1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal	0,2
08-551 1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,2
08-552 1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík	0,3
08-553 1.01 Heilsugæslustöðin Akureyri	3,5
08-558 1.01 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	0,2
08-561 1.01 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	1,2
08-565 1.01 Heilsugæslustöðin Eskifirði	0,2
08-566 1.01 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	0,1

08-567 1.01 Heilsugæslustöðin Djúpavogi 0,1
08-568 1.01 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði 0,2
08-571 1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 0,1
08-572 1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 0,1
08-574 1.01 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli 0,2
08-575 1.01 Heilsugæslustöðin Hellu 0,5
08-576 1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási 0,4
08-578 1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði 0,3
08-579 1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 0,5
08-582 1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 1,3
08-583 1.01 Heilsugæslustöðin Garðabæ 2,6
08-584 1.01 Heilsugæslustöðin Kópavogi 7,1
08-585 1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 0,8
08-586 1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 1,5
08-711 1.01 Heilbrigðisstofnunin Akranesi, heilsugæslusvið 0,6
08-715 1.01 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi, heilsugæslusvið 0,2
08-721 1.01 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, heilsugæslusvið 0,4
08-725 1.01 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, heilsugæslusvið 1,1
08-731 1.01 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík, heilsugæslusvið 0,4
08-735 1.01 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, heilsugæslusvið 0,2
08-741 1.01 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, heilsugæslusvið 0,2
08-745 1.01 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, heilsugæslusvið 0,6
08-751 1.01 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, heilsugæslusvið 0,9
08-755 1.01 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, heilsugæslusvið 0,4
08-765 1.01 Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, heilsugæslusvið 0,8
08-775 1.01 Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað, heilsugæslusvið 0,5
08-781 1.01 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, heilsugæslusvið 0,9
08-785 1.01 Heilbrigðisstofnunin Selfossi, heilsugæslusvið 1,2
08-791 1.01 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, heilsugæslusvið 1,0
Samtals **34,3**

549. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP, KHG).

Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:
Við bætist nýr liður:
8.21 Að semja við Reykjavíkurborg um yfirtöku núverandi hluta Íþróttasambands Íslands í Laugardalshöll, Laugardal, í tengslum við niðurfellingu 40 m.kr. skuldar sambandsins við Endurlán ríkissjóðs.

550. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umræða fór fram 11. og 12. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hlutastofnana, þ.e. Ríkisútvarpsins, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, RARIK og Íbúðalánasjóðs. Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem verða á tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á sundurliðunum 2–4. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði á 5. gr. frumvarpsins en framsögumaður meiri hlutans mun gera grein fyrir helstu breytingum sem lagt er til að verði á 7. gr. í ræðu sinni við upphaf 3. umræðu.

Endurmat Þjóðhagsstofnunar á efnahagshorfum næsta árs leiðir til nokkurrar hækkunar á tekju- og veltusköttum. Auk þess gefur álagning tekjuskatta á fyrirtæki árið 1998 (en hún lá ekki fyrir þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram fyrr í haust) tilefni til þess að hækka fyrri áætlun. Loks hafa áform um eignasölu ríkisins verið endurskoðuð, meðal annars í ljósi reynslunnar það sem af er árinu. Að öllu samanlögðu felur endurskoðuð tekjuáætlun fyrir árið 1999 í sér 3.742 m.kr. hækkun frá því sem áætlun fjárlagafrumvarpsins gerði ráð fyrir. Að venju er álit efnahags- og viðskiptanefndar á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins og áhrifum skattalagabreytinga birt sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Tillögur meiri hluta nefndarinnar er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til hækkunar útgjalda um 1.397,9 m.kr.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

205 Framkvæmdir á Alþingisreit. Gerð er tillaga um að veita 70 m.kr. til byggingar þjónustuskála við Alþingishúsið. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður 400 m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 20 m.kr. styrk til byggingar stafkirkju í Vestmannaeyjum vegna þjóðargjafar Norðmanna. Styrkurinn er háður því að gerður verði samningur milli forsætisráðuneytis og framkvæmdaraðila annars vegar og Vestmannaeyjabæjar hins vegar. Áætlað er að verkinu ljúki árið 2000.

221 Byggðastofnun. Í samræmi við þingsályktunartillögu um byggðamál hefur Byggðastofnun hafið þátttöku í undirbúningi að stofnun eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni sem ætlað er að styrkja atvinnulíf þar og auka fjölbreytni atvinnuframboðs. Í þingsályktunartillögunni segir að allt að 300 m.kr. verði varið til stofnunar eignarhaldsfélaga og er lagt til að á árinu 1999 verði veitt framlag sem nemi þeirri fjárhæð til Byggðastofnunar. Kveðið er á um slík eignarhaldsfélög í reglugerð um Byggðastofnun frá 8. maí 1998 og eru þar sett tiltekin skilyrði fyrir þátttöku stofnunarinnar í þeim.

02 Menntamálaráðuneyti

210 Háskólinn á Akureyri. Farið er fram á 7 m.kr. fjárveitingu til Háskólans á Akureyri vegna rekstrarkostnaðar við fjarkennslu.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Lagt er til að framlag til stofnkostnaðar hækki um 20 m.kr. til endurbóta á húsnæði Sjómannaskólans. Auk þess er gerð tillaga um 5 m.kr. hækkun framlags til byggingarframkvæmda við Framhaldsskóla Vestfjarða.

319 Framhaldsskólar, almennt. Lagt er til að almenn framlög til framhaldsskóla hækki um 40 m.kr. Menntamálaráðuneytið hefur gert svonefnda skólasamninga við einstaka skóla. Með þessari fjárhæð er gert kleift að endurmeta samninga við skólana, einkum fámennari skóla á landsbyggðinni. Fjárhæðin færist á viðfangsefnið 1.90 Framhaldsskólar, óskipt.

884 Jöfnun á námskostnaði. Lagt er til að framlag hækki um 40 m.kr. og verði upphæðinni varið til hækkaðra styrkveitinga.

905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á fjárveitingu til safnsins vegna aukins rekstrarkostnaðar.

907 Listasafn Íslands. Lögð er til 3 m.kr. hækkun á framlagi til Listasafns Íslands vegna lægri sértekna en gert er ráð fyrir í fjárlögum.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Gerð er tillaga um nýtt viðfangsefni, 6.92 Kaupangur á Vopnafirði. Kaupangur er rúmlega 100 ára gamalt verslunar- og íbúðarhús sem er talið hafa mikið gildi fyrir byggingarlist á landinu og byggingartæknilega þróun. Lagður er til 5 m.kr. styrkur til viðgerðar á húsinu.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Farið er fram á 4,7 m.kr. hækkun á framlagi til hljómsveitarinnar til að fjölga hljóðfæraleikurum í strengjasveit um fjóra.

981 Kvikmyndasjóður. Lagt er til að framlag til Kvikmyndasjóðs hækki um 30 m.kr. til að ná markmiðum samkomulags sem menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrirhuga að gera við innlenda kvikmyndaframleiðendur um eflingu Kvikmyndasjóðs á næstu árum.

982 Listir, framlög. Lagt er til að framlag til óskipts viðfangsefnis, 1.90 Listir, hækki um 2 m.kr. til að auka svigrúm til styrkveitinga á þessum lið.

984 Norræn samvinna. Gerð er tillaga um 3 m.kr. fjárveitingu til hækkunar á óskiptri fjárhæð liðarins.

988 Æskulýðsmál. Gerð er tillaga um að framlag til Ungmennafélags Íslands hækki um 5 m.kr. vegna undirbúnings fyrir norrænt menningarmót árið 2000. Gerður verði samningur um þátttöku ríkissjóðs í verkefninu.

989 Ýmis íþróttamál. Gerð er tillaga um 0,3 m.kr. hækkun á viðfangsefninu 1.90 Ýmis íþróttamál og er gert ráð fyrir að fjárhæðin renni til Íþrótta fyrir aldraða.

999 Ýmislegt. Óskað er eftir 3 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Snorrastofu í Reykholti til fasteignakaupa.

03 Utanríkisráðuneyti

611 Útflutningsráð Íslands. Gerð er tillaga um að hækka framlag til Útflutningsráðs um 20 m.kr. Í fyrirhuguðum lagabreytingum er gert ráð fyrir breytingum á markaðsgjaldi og hafa þær m.a. í för með sér 20 m.kr. hærri tekjur en áætlað var í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár. Tekjur þessar renna í ríkissjóð en samsvarandi fjárhæð er ráðstafað til Útflutningsráðs.

04 Landbúnaðaráðuneyti

331 Héraðsskógar. Lögð er til 5 m.kr. hækkun á fjárframlögum til að stækka skógræktarsvæðið á Fljótsdalshéraði til norðurs.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Lagt er til að framlag til Jarðasjóðs hækki um 3 m.kr. vegna endurskipulagningar á rekstri og nýrrar löggjafar um sjóðinn.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Gerð er tillaga um 7,5 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að kosta slátrun 1.600 hrossa og sporna þannig við ofbeit.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að veitt verði 2,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknar á viðurlögum við afbrotum og þróun þeirra. Rannsóknin varðar dóma vegna líkamsmeiðinga, kynferðisbrota og fíkniefnabrota.

210 Héraðsdómstólar. Lagt er til að launagjöld héraðsdómstóla verði hækkuð um 11,4 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun dómstjóra og héraðsdómara sem gildir frá 1. júlí 1998. Sambærileg tillaga er gerð við 3. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1998. Jafnframt er lagt til að dómstólaráð fái 12 m.kr. fjárveitingu til tölvubúnaðar héraðsdómstóla og upplýsingakerfis.

303 Ríkislögreglustjóri. Gerð er tillaga um 3 m.kr. hækkun launagjalda vegna starfs lögfræðings hjá Útlendingaeftirlitinu en verkefni hafa aukist við undirbúning Schengensamkomulags auk þess sem einstaklingum sem leita eftir pólitísku hæli á Íslandi hefur fjölgað.

397 Schengen-samstarf. Lagt er til að framlag til tækja og búnaðar verði hækkað um 72,2 m.kr. vegna kostnaðar við upplýsingakerfi fyrir Schengen. Kostnaður Íslands við sameiginlegt útboð Norðurlanda á upplýsingakerfunum nemur 82,2 m.kr. Að auki bætist við kostnaður innan lands vegna aðlögunar á hugbúnaði og kaupa á vélbúnaði og er sá kostnaður metinn 40–60 m.kr. og kemur um helmingur af þeim kostnaði til greiðslu á næsta ári. Hér er reiknað með að 20 m.kr. falli til á næsta ári. Á móti framangreindum kostnaðarauka koma 20 m.kr. vegna uppsafnaðra heimilda áranna 1997–98 og á næsta ári er þegar áætlað fyrir 10 m.kr. á þessum lið. Alls er því lögð til hækkun að fjárhæð 72,2 m.kr.

420 Sýslumaðurinn á Blönduósi. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu til sýslumannsembættisins á Blönduósi. Fjárveitingin verði notuð til að styrkja löggæslu í umdæminu.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á liðnum til kaupa á tækjum og búnaði.

701 Biskup Íslands. Gerð er tillaga um 12 m.kr. framlag til Hólanefndar til byggingar Auðunarstofu á Hólum í Hjaltadal. Gjafaloforð liggur fyrir um timbur til byggingarinnar frá Noregi.

07 Félagsmálaráðuneyti

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lögð er til 1 m.kr. hækkun á liðnum vegna stofnunar fjölskylduráðs en sýnt er að 2 m.kr. fjárveiting sem áætluð er til þess í frumvarpinu nægir ekki til þeirra verkefna sem ráðinu er ætlað að vinna að.

311 Jafnréttisráð. Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun fjárveitingar til Jafnréttisráðs vegna launakostnaðar.

Alþingi samþykkti sl. vor þingsályktun um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum og var sérstök nefnd skipuð í þessu skyni. Lagt er til að framlag til hennar hækki um 2 m.kr.

400 Barnaverndarstofa. Lagt er til að framlag til viðfangsefnisins 1.20 Heimili fyrir börn og unglinga verði lækkað um 8 m.kr. Við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 1999 var veitt fé til Krossgatna. Fjárhæð þessi er nú millifærð á fjárlagalið 999 Félagsmál, ýmis starfsemi á nýtt viðfangsefni 1.43 Krossgötur.

700 Málefni fatlaðra. Alls er óskað eftir 67 m.kr. hækkun framlaga til fatlaðra og er hún þríþætt. Í fyrsta lagi er farið fram á 60 m.kr. framlag til málefna fatlaðra vegna nýrra stofnana í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi í samræmi við skýrslu nefndar um biðlista eftir búsetu og annarri þjónustu hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Gert er ráð fyrir að 46 m.kr. fari til reksturs og 14 m.kr. til húsnæðismála.

Þá er lagt til að handverkstæðið Ásgarður, sem er verndaður vinnustaður fyrir fatlaða í Lækjarbotnum í Reykjavík, fái 5 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að breyta húsi sem það fékk að gjöf sl. vor og reisa viðbyggingu fyrir starfsemi sína.

Loks er farið fram á sérstaka tímabundna fjárveitingu til viðfangsefnaliðar 1.90 Ýmis verkefni að fjárhæð 2 m.kr. til að styðja fjölskyldu til að annast tvö alvarlega veik börn sín.

711 Styrktarfélag vangefinna. Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun fjárveitinga til þriggja dagvistunarstofnana. Í fyrsta lagi er lögð til 3 m.kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.60 Dagvistun Lækjarási, í öðru lagi 3 m.kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.61 Dagvistun Bjarkarási og loks 4 m.kr. hækkun á framlagi til viðfangsefnisins 1.62 Dagvistun Lyngási.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Lagt er til að framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki um 20 m.kr. í kjölfar endurskoðunar á tekjum ríkissjóðs árið 1999. Samkvæmt lögum ákvarðast framlagið annars vegar af 1,4% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og hins vegar af 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 er í útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs gert ráð fyrir tæplega 3% atvinnuleysi. Í ljósi spár Þjóðhagsstofnunar um 2,5% atvinnuleysi á næsta ári er lagt til að útgjöld vegna atvinnuleysisbóta lækki um 230 m.kr. Í frumvarpi til fjárlaga var gert ráð fyrir að atvinnutryggingagjald lækkaði úr 1,15% í 1% af gjaldstofni. Nú hefur verið horfið frá því og verður gjaldið óbreytt. Þá hafa spár um stofn atvinnutryggingagjalds verið endurmetnar. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi verða því um 500 m.kr. hærri en áætlað var í frumvarpinu og breytist tekjuáætlun fjárlaga samsvarandi. Miðað við spá um atvinnuleysi og áætlaðar tekjur af atvinnutryggingagjaldi myndast um 700 m.kr. inneign Atvinnuleysistryggingasjóðs hjá ríkissjóði á næsta ári. Er það í samræmi við áform um að sjóðurinn byggi upp eignir þegar vel árar og gangi á þær ef atvinnuleysi eykst. Þannig mun sjóðurinn virka til jöfnunar á sveiflum í atvinnulífinu.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Gerð er tillaga um 15,7 m.kr. hækkun á fjárveitingum til þessa liðar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir nýju viðfangsefni, 1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili. Framlag til þess er millifært af fjárlagalið 400 Barnaverndarstofa þar sem það var fært við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins og lækkar sá liður því um sömu fjárhæð, sbr. skýringar við þann lið.

Þá er gerð tillaga um 5 m.kr. hækkun á viðfangsefninu 1.90 Ýmis framlög og er þar um tímabundna fjárveitingu til Súðavíkurhrepps að ræða vegna vinnu við eftirfylgni og áfallahjálp í hreppnum.

Í þriðja lagi er óskað eftir að meðferðarheimilið Byrgið fái 2 m.kr. fjárveitingu til reksturs.

Að lokum er lögð til 0,7 m.kr. hækkun á viðfangsefninu 1.31 Félagasamtök, styrkir og er gert ráð fyrir að framlagið renni til Landssambands aldraðra. Þá lækkar framlag til Blindrafélagsins um 1,5 m.kr., sbr. skýringar við fjárlagalið 08-326, og við það hækkar óskipt fjárhæð jafnmikið.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

201 Tryggingastofnun ríkisins. Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun framlags til Tryggingastofnunar ríkisins. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins flutti starfsemi sína frá Tryggingastofnun fyrr á þessu ári en hann hafði tekið þátt í sameiginlegum kostnaði við rekstur, svo sem bókhald, rekstur húsnæðis og rekstur tölvukerfis. Við endurmat á kostnaði í kjölfar flutninganna kom í ljós að lífeyrissjóðurinn hafði greitt hærri hlut síðustu árin en honum með réttu bar af rekstri tölvukerfis. Kostnaður Tryggingastofnunar vegna brotthvarfs lífeyrissjóðsins nemur 10 m.kr. á ári.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Vegna endurskoðunar á áætlun Tryggingastofnunar ríkisins byggðri á útgjöldum janúar til október 1998 og áforma um að bætur hækki um 4% í stað 3,65% frá 1. janúar 1999 eru eftirfarandi breytingar lagðar til: Framlag til umönnunarbóta hækki um 20 m.kr., ekkju- og ekkilsbætur lækki um 10 m.kr., heimilisuppbætur hækki um 10 m.kr., sérstök heimilisuppbót lækki um 5 m.kr. og uppbætur lækki um 65 m.kr.

204 Lífeyristryggingar. Gerð er tillaga um hækkun á þessum lið sem nemur alls 360 m.kr. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að framlag til tekjutryggingar ellilífeyrisþega hækki alls um 150 m.kr. og eru skýringar á því af tvennum toga. Annars vegar er farið fram á 210 m.kr. hækkun á framlögum. Er það í samræmi við áform um talsverða hækkun á frítekjumörkum ellilífeyrisþega sem ætlað er að draga úr þeim áhrifum sem tekjur maka hafa á bótagreiðslur. Þannig er ráðgert að frítekjumörk hjóna sem bæði eru ellilífeyrisþegar hækki úr 28.156 kr. á mánuði í 40.224 kr. Er þá því marki náð að frítekjumark hjóna er það sama og tveggja einhleypinga með ellilífeyri, en það er 30% lægra nú. Einnig er gert ráð fyrir að frítekjumark annars hjóna sem er ellilífeyrisþegi hækki úr 20.112 kr. á mánuði í 30.168 kr. þannig að það njóti 50% hærri frítekjumarka en einhleypur vegna hærri fjölskyldutekna. Frítekjumörk vegna tekna úr lífeyrissjóðum eru óbreytt. Með breytingunum er stefnt að því að draga úr skerðingu bóta vegna tekna maka þannig að lífeyrisþegar haldi eftir meiru af sjálfsaflatekjum sínum en áður var. Hins vegar er farið fram á 60 m.kr. lækkun vegna endurskoðaðrar áætlunar Tryggingastofnunar ríkisins byggðri á útgjöldum janúar til október 1998 og áforma um að bætur hækki um 4% í stað 3,65% frá 1. janúar 1999.

Þá er lögð er til breyting á framlögum til tekjutryggingar sem nemur alls 170 m.kr. og er hún einnig af tvennum toga. Annars vegar er lögð til 190 m.kr. hækkun á framlögum og er það í samræmi við áform um mikla hækkun á frítekjumörkum örorkulífeyrisþega sem ætlað er að draga úr þeim áhrifum sem tekjur maka hafa á bótagreiðslur. Einnig er lögð til hækkun á frítekjumarki einhleypinga sem eru öryrkjar, en sérstök frítekjumörk vegna tekna úr lífeyrissjóðum eru felld inn í almenn frítekjumörk örorkulífeyrisþega. Þannig hækka frítekjumörk hjóna sem bæði eru örorkulífeyrisþegar úr 14.178 kr. á mánuði í 30.168 kr. Frítekjumark einhleypinga sem eru öryrkjar hækkar úr 20.112 kr. í 30.168 kr. á mánuði. Einnig er gert ráð fyrir að frítekjumark annars hjóna sem er örorkulífeyrisþegi hækki úr 20.112 kr. á mánuði í 45.252 kr. þannig að það njóti 50%

hærri frítekjumarka en einhleypur vegna hærri fjölskyldutekna. Með breytingunum er að því stefnt að lífeyrisþegar haldi eftir meiru af sjálfsaflatekjum sínum en áður. Samtals er áætlað að breytingin kosti 190 m.kr. á ári og er farið fram á aukna fjárheimild sem því nemur. Hins vegar er farið fram á 20 m.kr. lækkun vegna endurskoðaðrar áætlunar Tryggingastofnunar ríkisins byggðrar á útgjöldum janúar til október 1998 og áforma um að bætur hækki um 4% í stað 3,65% frá 1. janúar 1999.

Til viðbótar þessu eru lagðar til nokkrar breytingar vegna endurskoðunar á áætlun Tryggingastofnunar ríkisins byggðri á útgjöldum janúar til október 1998 og áforma um að bætur hækki um 4% í stað 3,65% frá 1. janúar 1999. Þannig er lagt til að framlag til ellilífeyris hækki um 70 m.kr., framlag til örorkustyrks lækki um 10 m.kr., barnalífeyrir lækki um 15 m.kr., framlag til fæðingarorlofs lækki um 15 m.kr. og loks hækki framlag til óskipts liðar, 1.91 Annað um 10 m.kr.

206 Sjúkratryggingar. Lögð er til 11,1 m.kr. hækkun á framlagi til sjúkratrygginga vegna endurskoðunar á áætlun um lækniskostnað.

326 Sjónstöð Íslands. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. fjárveitingu til að hægt sé að ráða félagsráðgjafa við Sjónstöð Íslands. Á móti lækkar fjárveiting til Blindrafélagsins um sömu fjárhæð á liðnum 07-999 1.31 Félagasamtök, styrkir en það hefur ekki áhrif heildarfjárhæð þess liðar þar sem óskipt fjárhæð hans hækkar jafnmikið.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Lagt er til að veittar verði 25 m.kr. til tækjakaupa á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Lagt er til að framlag til bygginga sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækki um 12 m.kr. Fjárhæðin skiptist á eftirfarandi hátt: Til Sjúkrahúss Suðurlands eru veittar 4 m.kr. til að gera nýtingaráætlun fyrir sjúkrahúsið og kanna hvort heppilegt sé að byggja við það álmu í stað hjúkrunarheimilisins Ljósheima og láta fara fram áætlunargerð í framhaldi af því í samræmi við lög um skipan opinberra framkvæmda, til sjúkrahússins á Hólmavík eru veittar 4 m.kr. til endurbóta og til Sjúkrahúss Sauðárkróks eru veittar 4 m.kr. vegna þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við endurhæfingardeild.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Farið er fram á 305,9 m.kr. hækkun alls á viðfangsefninu 1.90 Ýmis framlög. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 251,9 m.kr. framlag til að mæta áhrifum af nýlegum aðlögunarsamningum sem gerðir hafa verið við ýmis félög háskólamenntaðra starfsmanna á heilbrigðisstofnunum, svo sem meinatækna, röntgentækna, líffræðinga, sjúkraþjálfara o.fl., umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Sundurliðun framlagsins á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti I með breytingartillögum.

Þá er lagt til að fjárveiting liðarins verði hækkuð um 44,9 m.kr. í kjölfar endurmats á launakostnaði heilbrigðisstofnana vegna úrskurðar kjaranefndar um laun heilsugæslulækna. Við gerð mats sem lagt var til grundvallar í fjárlagafrumvarpi 1999 lágu ekki nægilega skýrt fyrir forsendur um aukna þörf fyrir afleysingar sem leiðir af auknum rétti heilsugæslulækna til vaktafría. Þær forsendur hafa nú verið endurskoðaðar. Þá hefur kjaranefnd breytt viðmiðunum í fyrri úrskurði um einingagreiðslur með tilliti til fjölda íbúa á hvern lækni. Sundurliðun fjárveitingarinnar á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti III með breytingartillögum.

Loks er gerð tillaga um 9,1 m.kr. fjárveitingu sem skipt verði á milli hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana í samræmi við sundurliðun í sérstöku yfirliti II með breytingartillögum. Hækkunin er ætluð til að mæta endurmati á áhrifum af kjarasamningum lækna umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Aukningin sam-

kvæmt endurmatinu er almennt minni háttar þar sem vægi launagreiðslna til lækna er fremur lágt í heildarlaunagjöldum þessara stofnana. Sambærilegar tillögur eru gerðar við 3. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ. Gerð er tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu til Heilsugæslustöðvarinnar í Mosfellsbæ til að fjölga starfsfólki í heimahjúkrun.

09 Fjármálaráðuneyti

201 Ríkisskattstjóri. Lagt er til að veittar verði 5 m.kr. til að undirbúa breytingar á framtals- og álagningarkerfum sem notuð eru við skattheimtu ríkisins.

212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld. Farið er fram á að framlag til viðfangsefnisins 1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa verði hækkað um 5 m.kr til sérstaks þjónustuátaks í skattkerfinu. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði maður til þess að skipuleggja og koma á þjónustu á skattstofunum með það fyrir augum að veita skattborgurum sem bestar upplýsingar um skatta, leiðbeina þeim um rétt þeirra og veita þeim leiðsögn um málsmeðferð.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Óskað er eftir 110 m.kr. hækkun til þessa liðar. Annars vegar er lagt til að framlög vegna kostnaðar við heimildarákvæði skv. 7. gr. fjárlaga hækki um 80 m.kr. Áformað er að framlaginu verði ráðstafað til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu á svæðum sem ekki njóta góðs af stóriðju. Hins vegar er farið er fram á 30 m.kr. viðbótarframlag til að mæta kostnaði við ýmis tilefni til ráðstafana samkvæmt heimildarákvæðum fjárlagafrumvarpsins.

989 Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um að fjárheimild liðarins verði hækkuð um 100 m.kr. til að mæta ýmiss konar endurmati á launaútgjöldum stofnana sem eftir er að ganga frá og ýmsum ófyrirséðum breytingum sem kunna að verða á launakjörum á árinu, m.a. vegna nýrra úrskurða kjaranefndar.

10 Samgönguráðuneyti

211 Vegagerðin. Lagt er til að styrkir til sérleyfishafa hækki um 34 m.kr. Er hér ekki um útgjaldaaukningu að ræða þar sem felld eru brott úr lögum um fjáröflun til vegagerðar ákvæði um endurgreiðslur til sérleyfishafa. Við þá lagabreytingu hækka tekjur af þungaskatti um samsvarandi upphæð. Gert er ráð fyrir að Vegagerðin annist úthlutun umræddra styrkja með tilliti til aksturs og stöðu einstakra sérleiða í samgöngukerfinu.

335 Siglingastofnun Íslands. Óskað er eftir 26,6 m.kr. hækkun alls á fjárveitingu til stofnunarinnar og er hún af þrennum toga. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag hækki um 9,6 m.kr. til samræmis við hafnaáætlun. Við vinnslu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999 lá tillaga til þingsályktunar um hafnaáætlun ekki fyrir. Samkvæmt framlagðri áætlun eiga framkvæmdir að vera 9,6 m.kr. hærri.

Þá er gerð tillaga um 9 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Hafnabótasjóðs vegna niðurfellingar á skuldum hafnarsjóðs Breiðdalshrepps.

Loks er farið fram á 8 m.kr. hækkun framlaga vegna fyrirsjáanlegrar lækkunar sértekna. Þegar níu mánaða uppgjör stofnunarinnar 1998 er athugað bendir margt til þess að tekjur verði nokkuð lægri en ráð var fyrir gert og virðist ástæðan einkum veruleg aukning stjórnvaldsverkefna sem fjármögnuð eru af fjárlögum og stofnunin hefur ekki tekjur af.

471 Flugmálastjórn. Farið er fram á að framlag til rekstrar Flugmálastjórnar hækki um 6,9 m.kr. í kjölfar endurmats á hækkun lífeyrisiðgjaldagreiðslna vegna skekkju í reikniforsendum fyrir hækkun framlags við afgreiðslu fjárlaga ársins 1998.

Þá er lagt til að framlag Íslands til ICAO hækki um 0,3 m.kr. í kjölfar endurmats á hækkun lífeyrisiðgjaldagreiðslna vegna skekkju í reikniforsendum fyrir hækkun framlags við afgreiðslu fjárlaga ársins 1998. Fjárhæðin samsvarar hlut ríkisins af hækkun gjalda alþjóðaflugþjónustunnar. Hér er því gerð tillaga um 7,2 m.kr. hækkun alls á liðnum og er samsvarandi tillaga gerð við 3. umræðu fjáraukalaga fyrir árið 1998.

472 *Flugvellir.* Lagt er til að framlag til reksturs flugvalla hækki um 11 m.kr. í kjölfar endurmats á hækkun lífeyrisiðgjaldagreiðslna vegna skekkju í reikniforsendum fyrir hækkun framlags við afgreiðslu fjárlaga ársins 1998. Samsvarandi tillaga er gerð við 3. umræðu fjáraukalaga fyrir árið 1998.

11 Iðnaðarráðuneyti

399 *Ýmis orkumál.* Gerð er tillaga um að niðurgreiðsla á rafhitun hækki um 100 m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

190 *Ýmis verkefni.* Farið er fram á 2 m.kr. framlag til Neytendasamtakanna vegna þjónustusamnings um verkefni á sviði neytendamála.

14 Umhverfisráðuneyti

190 *Ýmis verkefni.* Lögð er til 2,2 m.kr. hækkun fjárveitingar til rannsókna á botndýrum á Íslandsmiðum.

310 *Landmælingar Íslands.* Gerð er tillaga um að framlag hækki um 2,2 m.kr. Alls hækka útgjöld um 15 m.kr. vegna stafrænnar kortagerðar en á móti hækka sértekjur um 12,8 m.kr.

410 *Veðurstofa Íslands.* Farið er fram á 11,5 m.kr. hækkun framlags til Veðurstofunnar. Annars vegar er lagt til að framlög til stofnkostnaðar hækki um 10 m.kr. til kaupa og leigu á nýjum jarðskjálftamælum og nauðsynlegum tækjabúnaði þeim tengdum. Vegna tíðra jarðskjálfta á Suðvesturlandi nýverið þykir ástæða til að fylgjast nánar með jarðskorpunni með eflingu rannsókna. Fyrirhugað er að rannsaka spennubreytingar og hnik í jarðskorpunni á Reykjanesskaga og austur í Ölfus. Til viðbótar stofnkostnaðinum er einnig lagt til að framlag til reksturs hækki um 1,5 m.kr. Er tillagan í samræmi við niðurstöður álitsgerðar fjögurra sérfræðinga sem tilnefndir voru af vísindamannaráði Almannavarna.

Hins vegar er lagt til að framlög til reksturs hækki um 1,5 m.kr. til reksturs og úrvinnslu upplýsinga úr nýjum jarðskjálftamælum á Suðvesturlandi og í nágrenni höfuðborgarinnar.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

801 *Vaxtagjöld ríkissjóðs.* Gerð er tillaga um að fjárveiting vegna áfallinna vaxtagjalda ríkissjóðs á árinu 1999 hækki um 300 m.kr. en greiddir vextir um 700 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um þróun þessara útgjalda

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 3 (B-HLUTA)

B-hlutaáætlanir hafa verið endurmetnar frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram í október. Í endurskoðuðum áætlunum hefur verið tekið tillit til ýmissa leiðréttinga á fyrri áætlunum, áhrifa af ráðstöfunum í A-hluta fjárlaga, breytinga á lántökum og nýrra upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi fyrirtækja og sjóða. Í framhaldi af því gerir meiri hluti fjárlaganefndar tillögu um breytingar á fimm áætlunum í B-hluta.

22 Menntamálaráðuneyti

971 Ríkisútvarpið. Framlag til Ríkisútvarpsins hækkaði um 80 m.kr. við 2. umræðu í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur af afnotagjöldum sem hækkuðu um 5% frá 1. desember 1998. Áætlað er að rekstrargjöld hækki um sömu fjárhæð.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Framlag ríkisins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands var hækkað um 5,2 m.kr. við 2. umræðu. Þar af eru 2,2 m.kr. vegna kostnaðar við kjarasamninga og 3 m.kr. vegna leigukostnaðar og kaupa á búnaði. Þá hækkaði framlagið um 4,7 m.kr. við 3. umræðu til að fjölga hljóðfæraleikurum um fjóra. Samtals hækkar framlag ríkisins því um 9,9 m.kr. Áætlað er að þessi breyting leiði til þess að rekstrargjöld hljómsveitarinnar aukist samtals um 20,4 m.kr. og er þá miðað við að hljómsveitin afli sjálf 2,7 m.kr. meiri tekna og að framlag annarra rekstraraðila en ríkisins hækki um 7,8 m.kr. á móti 9,9 m.kr. hækkun ríkisframlags.

23 Utanríkisráðuneyti

114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Framlag úr ríkissjóði til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er leiðrétt til hækkunar um 13 m.kr. og verður þá 146 m.kr. Framlagið samanstendur af 91 m.kr. frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og 55 m.kr. af flugmálaáætlun á fjárlagalið 10-472-6.91 Framlag til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Lagt er til að mismuninum, 13 m.kr., verði varið til að greiða niður lán örar en gert var ráð fyrir áður.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Áætlun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hefur verið endurskoðuð. Í endurskoðaðri áætlun, sem byggir á sölutölum fyrstu 11 mánuða líðandi árs, er gert ráð fyrir að tekjur hækki frá fyrri áætlun um 446 m.kr. eða 4,4%. Jafnframt er áætlað að rekstrargjöld hækki um 346 m.kr. Þar af eru 309 m.kr. vegna vörunotkunar, 15 m.kr. vegna aukinna greiðslna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og 22 m.kr. vegna nýrra áfengisútsala, í Mosfellsbæ, á Dalvík, á Þórshöfn og í Grindavík. Þá eykst fjárfesting um 20 m.kr. vegna nýrra verslana og endurnýjunar á tölvukerfi. Gert er ráð fyrir að greiðslur fyrirtækisins í ríkissjóð aukist um 82 m.kr. frá fjárlagafrumvarpi og verði 2.908 m.kr. Þar af eru 2.647 m.kr. magnálagning en afgangurinn, 261 m.kr., er arður af eigin fé.

31 Iðnaðarráðuneyti

321 Rafmagnsveitur ríkisins. Í endurskoðaðri áætlun um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins er miðað við að ríkissjóður dragi úr samningsbundinni 194 m.kr. arðkröfu á árinu 1999 um 44 m.kr. til þess að auka rannsóknar- og þróunarstarf hjá fyrirtækinu, m.a. jarðhitaleit á köldum svæðum. Samkvæmt þessu verður arðgreiðsla til ríkissjóðs 150 m.kr. og greiðir ríkissjóður fyrirtækinu sömu fjárhæð til baka. Þar af verður 139 m.kr. ráðstafað til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 11 m.kr. til rannsóknar- og þróunarverkefna.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA)

C-hlutaáætlanir hafa verið endurmetnar frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram í október. Í endurskoðuðum áætlunum hefur verið tekið tillit til ýmissa leiðréttinga á fyrri áætlunum, áhrifa af ráðstöfunum í A-hluta fjárlaga, breytinga á lántökum og nýrra upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi fyrirtækja og sjóða. Í framhaldi af því gerir meiri hluti fjárlaganefndar tillögu um breyingar á sex áætlunum í C-hluta.

41 Forsætisráðuneyti

221 *Byggðastofnun.* Framlag til Byggðastofnunar hækkar um 300 m.kr. í þeim tilgangi að gera henni kleift að taka þátt í stofnun eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni og leggja þannig fé til nýsköpunar í atvinnulífinu. Í reglugerð um Byggðastofnun verður kveðið á um að þátttaka Byggðastofnunar nemi mest 40% af hlutafé í viðkomandi félagi.

42 Menntamálaráðuneyti

872 *Lánasjóður íslenskra námsmanna.* Áætlun Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur verið endurskoðuð. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verða fjármagnsgjöld 1.930 m.kr. sem er 170 m.kr. minna en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Jafnframt er áætlað að afborganir af löngum lánum verði um 2.200 m.kr. sem er 200 m.kr. lækkun frá fyrri áætlun. Þetta leiðir til þess að fyrirhugaðar lántökur minnka um 400 m.kr. og verða þá 3.100 m.kr. á árinu 1999. Önnur rekstrargjöld sjóðsins hækka um 17 m.kr. og verða 232 m.kr. Breyting skýrist í fyrsta lagi af 21 m.kr. auknum kostnaði við rekstur skrifstofu og málskotsnefnd sem er áætlaður alls 159 m.kr. á næsta ári. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 8 m.kr. minni útgjöldum vegna vaxtastyrks sem er áætlað að nemi samtals 50 m.kr. og að lokum er 4 m.kr. hækkun á ríkisábyrgðargjaldi sem talið er nema 23 m.kr. á næsta ári. Þá er áætlað fyrir 7 m.kr. til viðbótar við þær 16 m.kr. sem eru fyrir til fjárfestingar í tölvukerfi. Framangreindar breytingar hafa ekki áhrif á framlag ríkisins sem er 57,6% af áætluðum útlánum sjóðsins eða 1.810 m.kr. á árinu 1999.

44 Landbúnaðarráðuneyti

823 *Lánasjóður landbúnaðarins.* Í áætlun um rekstur Lánasjóðs landbúnaðarins í fjárlagafrumvarpi eru aðrar rekstrartekjur taldar nema 157 m.kr. Hið rétta er að sjóðurinn verður á árinu 1999 fjármagnaður með 147 m.kr. framlagi til rekstrar úr ríkissjóði auk þess sem áætlað er að hann afli sjálfur 10 m.kr. tekna. Áætlun um sjóðinn er leiðrétt til samræmis við þetta.

47 Félagsmálaráðuneyti

201 *Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild.* Samkvæmt nýjum upplýsingum frá sjóðnum verða húsbréfalán 700 m.kr. meiri en gert var ráð fyrir í áætlun fyrir húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999. Nýjum lánveitingum verður mætt með því að gefa út húsbréf.

221 *Íbúðalánasjóður, viðbótarlán.* Veitt lán aukast um 220 m.kr. frá áætlun fjárlagafrumvarps í ljósi nýrra upplýsinga frá sveitarfélögum um að veita þurfi lán vegna 927 íbúða sem er fjölgun um 147 íbúðir frá fyrri áætlun. Áformað er að lánveitingar verði fjármagnaðar með sölu húsnæðisbréfa. Þá er áætlað að fjármunatekjur og fjármagnsgjöld aukist um 10 m.kr. vegna aukinna lánveitinga og er gert ráð fyrir að útlánsvextir ráðist af þeim vöxtum sem standa sjóðnum til boða.

215 *Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna.* Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum sjóðsins verða afborganir af veittum lánum 250 m.kr. meiri en áætlað var í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999. Áætlað er að afborganir af teknum lánum hækki um sömu fjárhæð og hefur breytingin því ekki áhrif á greiðslustöðu sjóðsins.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ 5. GR.

1. Lántökuheimild ríkissjóðs lækkar úr 11.600 m.kr. í 2.000 m.kr. í kjölfar endurmats á lánahreyfingum ríkissjóðs og vegna góðrar sjóðstöðu í árslok 1998. Einkum er þrennt

sem skýrir bætta stöðu í árslok 1998. Í fyrsta lagi hefur ríkissjóður ekki greitt eins mikið niður af erlendum skammtímalánum á síðustu mánuðum og ráðgert var vegna áhrifa á gjaldeyrisstöðu. Í öðru lagi greiddi Landsvirkjun upp lán frá ríkissjóði fyrir gjalddaga að upphæð 3,5 milljarðar kr. í október. Loks hefur handbært fé frá rekstri verið nokkru meira en en áætlanir gerðu ráð fyrir á síðustu mánuðum ársins. Styrk staða ríkissjóðs í árslok gerir þannig kleift að ganga á sjóði á næsta ári auk þess sem tekjuafgangur hefur aukist frá fjárlagafrumvarpi og minnka því langtímalántökur á næsta ári.

2. Lögð er til ein breyting á 2. tölul., þ.e. að lántökuheimild Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 400 m.kr. og verði 3.100 m.kr. í stað 3.500 m.kr. Lækkunin stafar af minni fjármagnsgjöldum og minni afborgunum sjóðsins af langtímalánum en áætlað var í frumvarpi til fjárlaga.
3. Lagðar eru til þrjár breytingar á 3. tölul.:
   a. Lagt er til að lántökuheimild Íbúðalánasjóðs, húsbréfadeildar hækki um 700 m.kr. og verði 23.320 m.kr. Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum sjóðsins er gert ráð fyrir að útgáfa húsbréfa verði 700 m.kr. meiri en samkvæmt fjárlagafrumvarpi.
   b. Lagt er til að viðbótarlán Íbúðalánasjóðs verði 1.140 m.kr. eða 220 m.kr. hærri en áætlað var. Er endurskoðuð áætlun byggð á upplýsingum frá sveitarfélögunum um fjölda lána. Er nú gert ráð fyrir að lán verði veitt til 927 íbúða eða 147 íbúðum fleiri en í fyrri áætlun.
   c. Lagt er til að við bætist nýr liður með heimild til handa Hitaveitu Suðurnesja til að taka allt að 1.000 m.kr. að láni árið 1999. Er lántakan fyrst og fremst ætluð til að fjármagna endurbyggingu elsta hluta orkuversins. Nauðsynlegt er talið að ríkissjóður veiti heimild til lántökunnar þar sem ríkið á 20% eignarhlut í sameignarfélaginu og ber ábyrgð í samræmi við það.

Alþingi, 18. des. 1998.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.	Hjálmar Jónsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.		Kristinn H. Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1999, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin fjallað um 1. gr. fjárlagafrumvarpsins, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Nefndin fékk á sinn fund Bolla Þór Bollason og Pál Kolbeins frá fjármálaráðuneyti og Friðrik Þór Baldursson og Björn R. Guðmundsson frá Þjóðhagsstofnun til að skýra málið frekar.

Þær skattabreytingar sem mestu varða um tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1999 koma fram í breytingum á lögum um tryggingagjald og ákvæðum laga um skattafslátt vegna hlutabréfakaupa.

Tvenns konar breytingar verða á tryggingagjaldi frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Annars vegar er horfið frá lækkun atvinnutryggingagjalds um 0,15% sem gert var ráð fyrir í áætlun fjárlagafrumvarps og ákveðið að verja tekjuaukanum, um 450 m.kr., til þess að styrkja fjárhag Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hins vegar er gert ráð fyrir að tekjur af almenna gjaldinu lækki vegna þeirrar ákvörðunar að heimila atvinnurekendum að draga allt að 0,2% mótframlag til sérstaks lífeyrissparnaðar einstaklinga frá skilum af tryggingagjaldi. Miðað er við að kostnaður vegna þessa nemi um 300 m.kr. Samanlagt er því áætlað að tekjur af tryggingagjaldi hækki um nálægt 150 m.kr. við þessar breytingar frá fjárlagafrumvarpi.

Með breytingum á ákvæðum laga um skattafslátt vegna hlutabréfakaupa er lagt til að heimila allt að 60% frádrátt frá tekjum næstu fimm ár í stað þess að afnema hann í áföngum á næstu tveimur árum. Þessi breyting er talin geta lækkað skatttekjur ríkissjóðs um nálægt 400 m.kr.

Aðrar skattabreytingar hafa ekki umtalsverð áhrif á tekjuhlið fjárlaga, þegar á heildina er litið. Breytingar á lögum um bifreiðagjald leiða til lítils háttar tekjuauka, en þessi breyting tengist þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um vörugjald af ökutækjum síðastliðið vor og fólu í sér hliðstæða lækkun. Áhrif breytinga á ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, um jöfnunarhlutabréf og samsköttun móður- og dótturfélaga, á tekjur ríkissjóðs eru vandmetin. Hér hins vegar gengið út frá því að tekjuáhrifin séu í heild óveruleg.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 voru heildartekjur ríkissjóðs árið 1999 áætlaðar 181,1 milljarður króna (á rekstrargrunni). Innheimtutölur það sem af er þessu ári gefa ekki tilefni til að breyta grunni þessarar áætlunar í veigamiklum atriðum. Endurmat Þjóðhagsstofnunar á efnahagshorfum næsta árs leiðir hins vegar til nokkurrar hækkunar á tekju- og veltusköttum. Auk þess gefur álagning tekjuskatta á fyrirtæki árið 1998 (en hún lá ekki fyrir þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram fyrr í haust) tilefni til þess að hækka fyrri áætlun. Loks hafa áform um eignasölu ríkisins verið endurskoðuð, meðal annars í ljósi reynslunnar það sem af er árinu. Að öllu samanlögðu er nú talið að tekjur ríkissjóðs á árinu 1999 geti numið rúmlega 3.700 m.kr. umfram það sem áætlun fjárlagafrumvarpsins gerði ráð fyrir. Breytingin á sjóðstreymi er heldur minni, eða um 3.600 m.kr. Um það bil helming þessarar aukningar, um

1.800 m.kr., má rekja til meiri hagvaxtar og aukinna umsvifa í efnahagslífinu en áður var spáð.

Ágúst Einarsson, Steingrímur J. Sigfússon og Svavar Gestsson skrifa undir álitið með fyrirvara og munu gera nánari grein fyrir afstöðu sinni við 3. umræðu fjárlagafrumvarpsins.

Alþingi 18. des. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Ágúst Einarsson, með fyrirvara.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara
Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Einar Oddur Kristjánsson.
Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.
Pétur H. Blöndal.

551. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP, KHG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit**			
6.50 Nýbygging	30,0	70,0	100,0
2. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
6.53 Stafkirkja í Vestmannaeyjum	0,0	20,0	20,0
Greitt úr ríkissjóði	*218,0*	*20,0*	*238,0*
3. Við **01-221 Byggðastofnun**			
6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	0,0	300,0	300,0
4. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
1.01 Háskólinn á Akureyri	300,9	7,0	307,9
5. Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	189,0	25,0	214,0
6. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	71,3	40,0	111,3
7. Við **02-884 Jöfnun á námskostnaði**			
1.01 Jöfnun á námskostnaði	188,2	40,0	228,2
8. Við **02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn**			
1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	296,9	10,0	306,9

9. Við **02-907 Listasafn Íslands**			
Sértekjur	-16,2	3,0	-13,2
10. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.92 Kaupangur á Vopnafirði	0,0	5,0	5,0
11. Við **02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**			
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	150,2	4,7	154,9
12. Við **02-981 Kvikmyndasjóður**			
1.01 Kvikmyndasjóður	130,7	30,0	160,7
13. Við **02-982 Listir, framlög**			
1.90 Listir	38,4	2,0	40,4
14. Við **02-984 Norræn samvinna**			
1.90 Norræn samvinna	10,5	3,0	13,5
15. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
1.12 Ungmennafélag Íslands	17,0	5,0	22,0
16. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
1.90 Ýmis íþróttamál	23,0	0,3	23,3
17. Við **02-999 Ýmislegt**			
6.93 Snorrastofa	5,0	3,0	8,0
18. Við **03-611 Útflutningsráð Íslands**			
1.10 Útflutningsráð Íslands	125,0	20,0	145,0
19. Við **04-331 Héraðsskógar**			
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	64,0	5,0	69,0
20. Við **04-811 Bændasamtök Íslands**			
a. 1.01 Bændasamtök Íslands	83,3	9,6	92,9
b. 1.10 Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri	14,3	-9,6	4,7
c. 1.92 Héraðsbúnaðarsambönd	48,5	4,6	53,1
d. 1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri	7,9	-4,6	3,3
21. Við **04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**			
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	65,8	3,0	68,8
Greitt úr ríkissjóði	*30,5*	*3,0*	*33,5*
22. Við **04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði**			
1.13 Átak til að draga úr ofbeit hrossa	0,0	7,5	7,5
23. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.73 Rannsókn á viðurlögum við afbrotum	0,0	2,4	2,4
Greitt úr ríkissjóði	*35,5*	*2,4*	*37,9*
24. Við **06-210 Héraðsdómstólar**			
a. 1.01 Héraðsdómstólar	411,5	17,4	428,9
b. 1.11 Meðdómsmenn	17,2	-6,0	11,2
c. 6.01 Tæki og búnaður	4,5	12,0	16,5
25. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
1.01 Ríkislögreglustjóri	225,5	3,0	228,5
26. Við **06-397 Schengen-samstarf**			
6.01 Tæki og búnaður	10,0	72,2	82,2
27. Við **06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi**			
1.20 Löggæsla	34,7	2,5	37,2

28. Við **06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna**			
6.01 Tæki og búnaður	0,0	5,0	5,0
29. Við **06-701 Biskup Íslands**			
6.26 Auðunarstofa	0,0	12,0	12,0
30. Við **07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	125,0	1,0	126,0
31. Við **07-311 Jafnréttisráð**			
a. 1.01 Jafnréttisráð	24,1	4,0	28,1
b. 1.12 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	2,1	2,0	4,1
32. Við **07-400 Barnaverndarstofa**			
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	154,6	-8,0	146,6
33. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
a. 1.90 Ýmis verkefni	32,9	7,0	39,9
b. 1.93 Ný sambýli	0,0	60,0	60,0
34. Við **07-711 Styrktarfélag vangefinna**			
a. 1.60 Dagvistun Lækjarási	39,1	3,0	42,1
b. 1.61 Dagvistun Bjarkarási	43,0	3,0	46,0
c. 1.62 Dagvistun Lyngási	64,2	4,0	68,2
35. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.885,0	20,0	2.905,0
36. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.11 Atvinnuleysisbætur	2.280,0	-230,0	2.050,0
37. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.31 Félagasamtök, styrkir	36,4	0,7	37,1
b. 1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	0,0	8,0	8,0
c. 1.44 Byrgið, líknarfélag	0,0	2,0	2,0
d. 1.90 Ýmis framlög	22,5	5,0	27,5
38. Við **08-201 Tryggingastofnun ríkisins**			
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	724,5	8,0	732,5
39. Við **08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**			
a. 1.15 Umönnunarbætur	560,0	20,0	580,0
b. 1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	85,0	-10,0	75,0
c. 1.41 Heimilisuppbót	1.555,0	10,0	1.565,0
d. 1.45 Sérstök heimilisuppbót	155,0	-5,0	150,0
e. 1.51 Uppbætur	2.065,0	-65,0	2.000,0
40. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.11 Ellilífeyrir	4.380,0	70,0	4.450,0
b. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.350,0	150,0	6.500,0
c. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.240,0	170,0	2.410,0
d. 1.31 Örorkustyrkur	250,0	-10,0	240,0
e. 1.35 Barnalífeyrir	960,0	-15,0	945,0
f. 1.41 Fæðingarorlof	1.590,0	-15,0	1.575,0
g. 1.91 Annað	30,0	10,0	40,0
41. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.11 Lækniskostnaður	1.738,9	11,1	1.750,0

42. Við **08-326 Sjónstöð Íslands**			
1.01 Sjónstöð Íslands	46,5	1,5	48,0
43. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
6.01 Tæki og búnaður	10,0	25,0	35,0
44. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
1.01 Ríkisspítalar	10.163,4	-200,0	9.963,4
45. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-373 Sjúkrahús í Reykjavík			
1.01 Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni	0,0	300,0	300,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*300,0*	*300,0*
46. Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	6.029,1	-100,0	5.929,1
Greitt úr ríkissjóði	*5.494,1*	*-100,0*	*5.394,1*
47. Við **08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**			
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	170,5	12,0	182,5
48. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.90 Ýmis framlög	12,5	305,9	318,4
49. Við **08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ**			
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	61,1	2,0	63,1
50. Við **08-996 Íslenska upplýsingasamfélagið**			
a. 6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	101,0	2,0	103,0
b. Sértekjur	2,0	-2,0	0,0
51. Við **09-201 Ríkisskattstjóri**			
1.01 Yfirstjórn	254,7	5,0	259,7
52. Við **09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**			
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa	5,1	5,0	10,1
53. Við **09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**			
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	160,0	110,0	270,0
54. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
1.90 Launa- og verðlagsmál	300,0	100,0	400,0
55. Við **10-211 Vegagerðin**			
1.11 Styrkir til sérleyfishafa	20,0	34,0	54,0
Greitt úr ríkissjóði	*8.933,0*	*34,0*	*8.967,0*
56. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
a. 6.70 Hafnamannvirki	544,5	9,6	554,1
b. 6.90 Hafnabótasjóður, framlag	18,0	9,0	27,0
c. Sértekjur	-118,4	8,0	-110,4
d. Breyting á fjármögnun, sbr. a–c-lið:			
Greitt úr ríkissjóði	*1.182,7*	*17,0*	*1.199,7*
Viðskiptahreyfingar	*-248,5*	*9,6*	*-238,9*
57. Við **10-471 Flugmálastjórn**			
a. 1.01 Flugmálastjórn	585,0	6,9	591,9
b. 1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	61,0	0,3	61,3
c. *Greitt úr ríkissjóði, sbr. a- og b-lið*	*438,2*	*7,2*	*445,4*

58. Við **10-472 Flugvellir**			
1.01 Rekstur flugvalla	353,8	11,0	364,8
Greitt úr ríkissjóði	*823,3*	*11,0*	*834,3*
59. Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun	500,0	100,0	600,0
60. Við **12-190 Ýmis verkefni**			
1.10 Neytendasamtökin	3,5	2,0	5,5
61. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	10,3	2,2	12,5
62. Við **14-310 Landmælingar Íslands**			
a. 1.01 Landmælingar Íslands	166,1	15,0	181,1
b. Sértekjur	-44,0	-12,8	-56,8
63. Við **14-410 Veðurstofa Íslands**			
a. 1.01 Almenn starfsemi	350,2	1,5	351,7
b. 6.01 Tæki og búnaður	14,5	10,0	24,5
64. Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**			
a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.300,0	-300,0	15.000,0
b. Breyting á fjármögnun, sbr. a-lið:			
Greitt úr ríkissjóði	*11.400,0*	*-700,0*	*10.700,0*
Viðskiptahreyfingar	*3.900,0*	*400,0*	*4.300,0*

	Þús. kr.
65. Við sundurliðun 2. Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta:	
a. Við 2. tölul., **Almennir framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90),** bætist tveir nýir liðir:	
Sjómannaskólinn í Reykjavík	20.000
Framhaldsskóli Vestfjarða	5.000
b. Við 5. tölul., **Listir, framlög (02-982 1.90),** Óskipt.	
Í stað „25.300“ komi	27.300
c. Við 6. tölul., **Norræn samvinna (02-984 1.90),** Óskipt.	
Í stað „7.500“ komi	10.500
d. Á eftir 6. tölul. komi nýtt yfirlit, svohljóðandi:	
Ýmis íþróttamál (02-989 1.90)	
Íþróttir fyrir aldraða	300
Óskipt	23.000
Samtals	23.300
e. Við 10. tölul., **Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).**	
1. Við 3. Blindrafélagið.	
Í stað „6.500“ komi	5.000
2. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:	
Landssamband aldraðra	700
3. Við Óskipt.	
Í stað „1.900“ komi	3.400
f. Við 11. tölul., **Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).** Við bætist þrír nýir liðir, svohljóðandi:	
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	4.000
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	4.000
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	4.000

g. Á eftir 13. tölul. komi þrjú ný yfirlit, svohljóðandi:

1. Hafnamannvirki (10-335 6.70).

Vesturland:	
1. Akranes	14.300
2. Snæfellsbær	3.300
3. Grundarfjörður	21.000
4. Stykkishólmur	9.500
Samtals	48.100
Vestfirðir:	
1. Vesturbyggð	4.700
2. Tálknafjörður	2.300
3. Ísafjarðarbær	59.300
4. Drangsnes	12.100
5. Hólmavík	7.300
Samtals	**85.700**
Norðurland vestra:	
1. Blönduós	900
2. Skagaströnd	7.500
4. Skagafjörður	200
5. Siglufjörður	28.900
Samtals	**37.500**
Norðurland eystra:	
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	48.300
2. Hafnasamlag Norðurlands	94.900
3. Grímsey	2.500
4. Húsavík	10.700
5. Kópasker	3.400
6. Raufarhöfn	40.200
Samtals	**200.000**
Austurland:	
1. Bakkafjörður	400
2. Vopnafjörður	43.300
3. Seyðisfjörður	6.400
4. Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður	28.400
5. Fáskrúðsfjörður	7.400
6. Stöðvarfjörður	4.400
7. Breiðdalsvík	700
8. Hornafjörður	46.000
Samtals	**137.000**

Suðurland:	
1. Vestmannaeyjar	76.800
2. Þorlákshöfn	8.500
Samtals	**85.300**
Reykjanes:	
1. Grindavík	94.000
2. Sandgerði	61.600
3. Hafnasamlag Suðurnesja	34.000
4. Hafnarfjörður	6.000
Samtals	**195.600**
Óskipt	3.800
Samtals	**793.000**

2. Lendingarbætur (10-335 6.74).

1. Hellnar í Snæfellsbæ	400
2. Reykjarfjörður á Ströndum	400
3. Reykir á Reykjaströnd	400
4. Kleifar í Ólafsfirði	400
5. Skálavík í Seyðisfirði	400
6. Kjörvogur Reykjarfirði	300
Óskipt	200
Samtals	**2.500**

3. Sjóvarnargarðar (10-335 6.80).

1. Akranes	3.200
2. Snæfellsbær	4.100
3. Ísafjarðarbær	6.100
4. Blönduós	500
5. Höfðahreppur	300
6. Dalvíkurbyggð	600
7. Arnarneshreppur	500
8. Svalbarðsstrandarhreppur	500
9. Grýtubakkahreppur	7.300
10. Vopnafjörður	2.400
11. Neskaupstaður	3.200
12. Árborg	7.200
13. Selvogshreppur	2.300
14. Gerðahreppur	1.800
15. Reykjanesbær	2.600
16. Vatnsleysustrandarhreppur	4.400
17. Bessastaðahreppur	4.000
Samtals	**51.000**

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárveiting að fjárhæð 251,9 m.kr. á viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna aðlögunarsamninga við ýmis félög háskólamenntaðra starfsmanna sjúkrahúsa skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-358 1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	23,8
08-371 1.01	Ríkisspítalar	122,0
08-375 1.01	Sjúkrahús Reykjavíkur	76,0
08-711 1.11	Heilbrigðisstofnunin Akranesi, sjúkrasvið	4,5
08-715 1.11	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi, sjúkrasvið	1,1
08-721 1.11	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, sjúkrasvið	0,7
08-725 1.11	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, sjúkrasvið	2,7
08-731 1.11	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík, sjúkrasvið	0,5
08-735 1.11	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, sjúkrasvið	0,4
08-741 1.11	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, sjúkrasvið	0,9
08-745 1.11	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, sjúkrasvið	1,3
08-751 1.11	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, sjúkrasvið	2,7
08-755 1.11	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, sjúkrasvið	1,3
08-761 1.11	Heilbrigðisstofnunin Húsavík, sjúkrasvið	2,4
08-765 1.11	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, sjúkrasvið	1,2
08-771 1.11	Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði, sjúkrasvið	0,7
08-775 1.11	Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað, sjúkrasvið	1,8
08-781 1.11	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, sjúkrasvið	1,9
08-785 1.11	Heilbrigðisstofnunin Selfossi, sjúkrasvið	2,7
08-791 1.11	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sjúkrasvið	3,3
	Samtals	**251,9**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárveiting að fjárhæð 9,1 m.kr. á viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna endurmats á áhrifum af kjarasamningum lækna á launaútgjöld hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-407 1.01	Sundabúð II, Vopnafirði	0,1
08-408 1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	0,3
08-409 1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	0,6
08-410 1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	0,6
08-411 1.01	Garðvangur, Garði	0,2
08-412 1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	0,4
08-413 1.01	Droplaugarstaðir	0,3
08-420 1.01	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	0,4
08-421 1.01	Víðines	0,1
08-422 1.01	Hlaðgerðarkot	0,1

08-430 1.01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	0,4
08-431 1.01	Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands	0,4
08-435 1.01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	0,1
08-490 1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	0,1
08-495 1.11	Seljahlíð, Reykjavík	0,1
08-495 1.13	Hornbrekka, Ólafsfirði	0,1
08-495 1.15	Dalbær, Dalvík	0,1
08-495 1.17	Hulduhlíð, Eskifirði	0,1
08-495 1.21	Höfði, Akranesi	0,1
08-495 1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	0,1
08-495 1.27	Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	0,1
08-495 1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,1
08-495 1.39	Lundur, Hellu	0,1
08-495 1.41	Hrafnista, Reykjavík	1,1
08-495 1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	1,0
08-495 1.45	Grund, Reykjavík	0,7
08-495 1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,2
08-495 1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	0,2
08-495 1.51	Fellsendi, Búðardal	0,1
08-495 1.57	Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	0,1
08-495 1.59	Reynslusveitarfélagið Akureyri	0,3
08-495 1.61	Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	0,1
08-495 1.67	MS-félag Íslands, Reykjavík	0,1
08-495 1.69	Múlabær, Reykjavík	0,1
08-495 1.71	Dagvistun aldraðra, aðrar stofnanir	0,1
	Samtals	**9,1**

SÉRSTÖK YFIRLIT III

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárveiting að fjárhæð 44,9 m.kr. á viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna endurmats á breytingum á launakjörum heilsugæslulækna skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

	M.kr.
08-505 1.01 Heilsugæsla í Reykjavík	2,9
08-522 1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	1,0
08-524 1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,2
08-525 1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,1
08-526 1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal	0,2
08-551 1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,2
08-552 1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík	0,4
08-553 1.01 Heilsugæslustöðin Akureyri	4,6
08-558 1.01 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	0,3
08-561 1.01 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	1,6
08-565 1.01 Heilsugæslustöðin Eskifirði	0,2
08-566 1.01 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	0,1

08-567 1.01 Heilsugæslustöðin Djúpavogi 0,1
08-568 1.01 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði 0,3
08-571 1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 0,1
08-572 1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 0,1
08-574 1.01 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli 0,3
08-575 1.01 Heilsugæslustöðin Hellu 0,7
08-576 1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási 0,5
08-578 1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði 0,4
08-579 1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 0,6
08-582 1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 1,7
08-583 1.01 Heilsugæslustöðin Garðabæ 3,5
08-584 1.01 Heilsugæslustöðin Kópavogi 9,5
08-585 1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 1,1
08-586 1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 2,0
08-711 1.01 Heilbrigðisstofnunin Akranesi, heilsugæslusvið 0,8
08-715 1.01 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi, heilsugæslusvið 0,2
08-721 1.01 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, heilsugæslusvið 0,5
08-725 1.01 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, heilsugæslusvið 1,4
08-731 1.01 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík, heilsugæslusvið 0,5
08-735 1.01 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, heilsugæslusvið 0,3
08-741 1.01 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, heilsugæslusvið 0,2
08-745 1.01 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, heilsugæslusvið 0,8
08-751 1.01 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, heilsugæslusvið 1,2
08-755 1.01 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, heilsugæslusvið 0,5
08-765 1.01 Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, heilsugæslusvið 1,1
08-775 1.01 Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað, heilsugæslusvið 0,6
08-781 1.01 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, heilsugæslusvið 1,2
08-785 1.01 Heilbrigðisstofnunin Selfossi, heilsugæslusvið 1,6
08-791 1.01 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, heilsugæslusvið 1,3
Samtals **44,9**

552. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP, KHG).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

I Skatttekjur

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	32.510,0	31.230,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	770,0	698,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	1.300,0	1.100,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**34.580,0**	**33.028,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	7.413,0	6.546,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	300,0	300,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	540,0	530,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**840,0**	**830,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**42.833,0**	**40.404,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	13.486,0	13.061,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.452,0	3.452,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**16.938,0**	**16.513,0**
2.4	Tryggingagjöld, ótalin annars staðar	45,0	45,0
	Tryggingagjöld	**16.983,0**	**16.558,0**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	117,0	117,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	2.059,0	1.956,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	2.256,0	2.215,0
	Skattar á hreina eign	**4.315,0**	**4.171,0**
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	480,0	480,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.678,0	2.677,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	154,0	154,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	740,0	740,0
	Sértækir eignarskattar	**894,0**	**894,0**
	Eignarskattar	**8.367,0**	**8.222,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	61.871,0	60.474,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.297,0	2.188,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	710,0	696,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	4.257,0	4.258,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.975,0	1.975,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	5.483,0	5.485,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	25,0	25,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	688,0	688,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	4.769,0	4.769,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.666,1	1.665,1
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	2.908,0	2.908,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.634,0	2.517,0
5.1.2.15	Útflutningsgjöld	26,8	26,8
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.357,0	1.357,0
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	4,0	4,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**90.670,9**	**89.035,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.213,0	2.181,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	3.541,0	3.482,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	125,0	125,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	61,3	61,3

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa ..	3,0	3,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	326,8	326,8
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	389,7	389,7
5.2.2.35	Ýmislegt	14,0	14,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**6.673,8**	**6.582,8**
	Skattar á vörur og þjónustu	**97.344,7**	**95.618,7**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	117,0	117,0
6.1.15	Markaðsgjald	145,0	145,0
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	58,0	58,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**320,0**	**320,0**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	30,0	30,0
	Aðrir skattar	**350,0**	**350,0**
	Skatttekjur, samtals	**165.994,7**	**161.269,7**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	393,0	393,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	2.554,0	2.554,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**2.947,0**	**2.947,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	3.176,0	1.387,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	3.718,0	3.599,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	100,0	100,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	17,0	17,0
	Aðrar eignatekjur	**7.011,0**	**5.103,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**9.958,0**	**8.050,0**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	472,0	472,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	105,0	105,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	1.625,0	1.625,0
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	508,1	508,1
9.1.3.20	Prófgjöld	45,0	45,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	57,5	57,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	483,4	483,4
9.1.3.35	Ýmislegt	82,0	82,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	220,8	220,8
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	37,0	37,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**3.735,8**	**3.735,8**
	Ýmsar tekjur	**3.735,8**	**3.735,8**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	360,0	340,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	100,0	100,0
10.3	Ýmsar sektir	45,0	45,0
	Sektir	**505,0**	**485,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	130,0	130,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**14.328,8**	**12.400,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. söluhagnaður**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	3.700,0	3.700,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	16,0	16,0
	Sala eigna, samtals	**3.716,0**	**3.716,0**
IV	**Fjármagnstilfærslur**		
16	**Fjármagnstilfærslur frá öðrum en opinberum aðilum**		
16.1.1.10	Endurgreiddur kostnaður við virkjanarannsóknir frá Landsvirkjun	50,0	50,0
	Fjármagnstilfærslur, samtals	**50,0**	**50,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	182,5	182,5
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	100,0	100,0
18.1.15	Hluti Seðlabanka Ísland í rekstri Vísindasjóðs	145,0	145,0
	Rekstrarframlög	**427,5**	**427,5**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	300,0	300,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**727,5**	**727,5**
	Fjárframlög, samtals	**727,5**	**727,5**
	Heildartekjur samtals:	**184.817,0**	**178.164,0**

553. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP, KHG).

Sundurliðun 3 (**Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta**) og sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**) orðist svo:

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta.

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti.

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	1.866,0
Rekstrargjöld	1.495,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	16,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**387,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	-74,0
Hagnaður (-tap)	**313,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	313,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	15,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	5,0
Handbært fé frá rekstri	**333,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-5,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	21,0
Greitt til Háskóla Íslands	279,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-300,0**

	m.kr.
Breyting á handbæru fé	**28,0**
Handbært fé í ársbyrjun	121,0
Handbært fé í árslok	149,0

22-202 Lyfjabúð Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	130,0
Rekstrargjöld	120,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**
Sjóðstreymi:	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	0,2
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	2,0
Handbært fé frá rekstri	**2,2**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,9
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,9**
Breyting á handbæru fé	**-0,7**
Handbært fé í ársbyrjun	4,0
Handbært fé í árslok	3,3

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	903,0
Rekstrargjöld	2.647,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	80,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-1.664,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.625,0
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	50,0
Hagnaður (-tap)	**11,0**

	m.kr.
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	11,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	330,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-50,0
Handbært fé frá rekstri	**291,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	630,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-630,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	400,0
Afborganir af teknum löngum lánum	50,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**350,0**
Breyting á handbæru fé	**11,0**
Handbært fé í ársbyrjun	193,0
Handbært fé í árslok	204,0

22-973 Þjóðleikhúsið

Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	115,0
Rekstrargjöld	512,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-3,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-400,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	367,0
Hagnaður (-tap)	**-33,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-33,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	37,0
Handbært fé frá rekstri	**4,0**
Breyting á handbæru fé	**4,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,0
Handbært fé í árslok	5,0

m.kr.

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	39,7
Rekstrargjöld	369,4
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	11,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-318,7**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	154,9
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	116,8
Hagnaður (-tap)	**-47,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-47,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	46,0
Handbært fé frá rekstri	**-1,0**
Breyting á handbæru fé	**-1,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4,0
Handbært fé í árslok	3,0

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti.

23-101 Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	3.100,0
Rekstrargjöld	2.626,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-4,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**470,0**
Hagnaður (-tap)	**470,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	470,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	35,0

	m.kr.
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-55,0
Handbært fé frá rekstri	**450,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-40,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	410,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-410,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	32,0
Handbært fé í árslok	32,0

23-114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	780,0
Rekstrargjöld	410,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-340,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**30,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	146,0
Hagnaður (-tap)	**176,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	176,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	152,0
Handbært fé frá rekstri	**328,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	609,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-609,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	525,0
Afborganir af teknum löngum lánum	244,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**281,0**

	m.kr.
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	68,0
Handbært fé í árslok	68,0

23-118 Ratsjárstofnun

Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	745,0
Rekstrargjöld	745,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**
Sjóðstreymi:	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	31,5
Handbært fé frá rekstri	**31,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	21,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-21,5**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	60,0
Handbært fé í árslok	60,0

23-121 Umsýslustofnun varnarmála

Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	120,0
Rekstrargjöld	118,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	3,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**5,0**
Hagnaður (-tap)	**5,0**

	m.kr.
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	5,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	3,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-2,5
Handbært fé frá rekstri	**6,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	6,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-6,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	14,0
Handbært fé í árslok	14,0

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti.

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	10.585,0
Rekstrargjöld	7.889,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	14,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**2.710,0**
Hagnaður (-tap)	**2.710,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	2.710,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	184,0
Handbært fé frá rekstri	**2.894,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	45,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	2,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-43,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt í ríkissjóð	2.908,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2.908,0**

	m.kr.
Breyting á handbæru fé	**-57,0**
Handbært fé í ársbyrjun	990,0
Handbært fé í árslok	933,0

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti.

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	1.159,0
Rekstrargjöld	1.220,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-61,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	61,0
Sjóðstreymi:	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	50,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	20,0
Handbært fé frá rekstri	**70,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	30,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-30,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	50,0
Afborganir af teknum löngum lánum	90,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-40,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4,0
Handbært fé í árslok	4,0

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti.

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	4.800,0
Rekstrargjöld	4.924,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-90,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-214,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	150,0
Hagnaður (-tap)	**-64,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-64,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	1.004,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	60,0
Handbært fé frá rekstri	**1.000,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	748,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-728,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	84,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	150,0
Eigið fé	13,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-247,0**
Breyting á handbæru fé	**25,0**
Handbært fé í ársbyrjun	52,0
Handbært fé í árslok	77,0

Sundurliðun 4.
Fjármál lánastofnana í C-hluta.

41 Forsætisráðuneyti, C-hluti.

41-221 Byggðastofnun

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	400,0
Fjármagnsgjöld	220,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	15,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	100,0
Hreinar fjármunatekjur	**65,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	502,0
Aðrar rekstrartekjur	10,0
Önnur rekstrargjöld	333,0
Hagnaður (-tap)	**244,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	244,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	180,0
Handbært fé frá rekstri	**424,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.300,0
Afborganir af veittum löngum lánum	850,0
Áhættufjármunir	350,0
Viðskiptahreyfingar	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-820,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	700,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**400,0**
Breyting á handbæru fé	**4,0**
Handbært fé í ársbyrjun	204,0
Handbært fé í árslok	208,0

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti.

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	1.170,0
Fjármagnsgjöld	1.930,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	476,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	100,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.336,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.810,0
Aðrar rekstrartekjur	1,0
Önnur rekstrargjöld	232,0
Hagnaður (-tap)	**243,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	243,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	180,0
Handbært fé frá rekstri	**423,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.140,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.800,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	16,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.356,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.200,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**900,0**
Breyting á handbæru fé	**-33,0**
Handbært fé í ársbyrjun	333,0
Handbært fé í árslok	300,0

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti.

44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	7,0
Fjármagnsgjöld	0,5
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	2,5
Hreinar fjármunatekjur	**4,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	175,0
Aðrar rekstrartekjur	35,0
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**-36,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-36,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	4,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	**-22,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-17,0**
Handbært fé í ársbyrjun	90,0
Handbært fé í árslok	73,0

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	700,0
Fjármagnsgjöld	650,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	50,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	25,0
Hreinar fjármunatekjur	**-25,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	147,0

	m.kr.
Aðrar rekstrartekjur	10,0
Önnur rekstrargjöld	107,0
Hagnaður (-tap)	**25,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	25,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	10,0
Handbært fé frá rekstri	**35,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.200,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-200,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.200,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.200,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**0,0**
Breyting á handbæru fé	**-165,0**
Handbært fé í ársbyrjun	300,0
Handbært fé í árslok	135,0

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti.

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	270,0
Fjármagnsgjöld	420,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	40,0
Hreinar fjármunatekjur	**-190,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	740,0
Önnur rekstrargjöld	1.090,0
Hagnaður (-tap)	**-540,0**

Sjóðstreymi:	m.kr.
Hagnaður (-tap)	-540,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	40,0
Handbært fé frá rekstri	**-500,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	500,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**500,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	750,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.100,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-1.350,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.350,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.420,0
Handbært fé í árslok	70,0

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti.

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	11.830,0
Fjármagnsgjöld	11.690,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-57,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	150,0
Hreinar fjármunatekjur	**47,0**
Aðrar rekstrartekjur	72,0
Önnur rekstrargjöld	260,0
Hagnaður (-tap)	**-141,0**

Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-141,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	6.995,0
Handbært fé frá rekstri	**6.854,0**

	m.kr.
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	23.950,0
Afborganir af veittum löngum lánum	3.490,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-20.460,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	23.320,0
Afborganir af teknum löngum lánum	9.668,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**13.652,0**
Breyting á handbæru fé	**46,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3.500,0
Handbært fé í árslok	3.546,0

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	42,0
Fjármagnsgjöld	36,6
Framlög í afskriftasjóð útlána	1,4
Hreinar fjármunatekjur	**4,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	180,0
Hagnaður (-tap)	**184,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	184,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	14,0
Handbært fé frá rekstri	**198,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.060,0
Afborganir af veittum löngum lánum	15,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.045,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	870,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**870,0**

	m.kr.
Breyting á handbæru fé	**23,0**
Handbært fé í árslok	23,0

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	63,4
Fjármagnsgjöld	56,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	1,4
Hreinar fjármunatekjur	**6,0**
Hagnaður (-tap)	**6,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	6,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	21,0
Handbært fé frá rekstri	**27,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.385,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.385,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.360,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.360,0**
Breyting á handbæru fé	**2,0**
Handbært fé í árslok	2,0

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	6.300,0
Fjármagnsgjöld	7.800,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	700,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	220,0
Hreinar fjármunatekjur	**-2.420,0**

	m.kr.
Aðrar rekstrartekjur	195,0
Önnur rekstrargjöld	240,0
Hagnaður (-tap)	**-2.465,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-2.465,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	86,0
Handbært fé frá rekstri	**-2.379,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	450,0
Afborganir af veittum löngum lánum	9.224,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	45,0
Uppboðsíbúðir	297,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**8.432,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	5.370,0
Afborganir af teknum löngum lánum	11.200,0
Skyldusparnaður	220,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-6.050,0**
Breyting á handbæru fé	**3,0**
Handbært fé í ársbyrjun	537,0
Handbært fé í árslok	540,0

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti.

50-335 Hafnabótasjóður

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	51,0
Fjármagnsgjöld	3,5
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	12,5
Hreinar fjármunatekjur	**35,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	18,0
Önnur rekstrargjöld	85,0
Hagnaður (-tap)	**-32,0**

	m.kr.
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-32,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	5,0
Handbært fé frá rekstri	**-27,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	30,0
Afborganir af veittum löngum lánum	65,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**35,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	41,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-41,0**
Breyting á handbæru fé	**-33,0**
Handbært fé í ársbyrjun	177,0
Handbært fé í árslok	144,0

50-651 Ferðamálasjóður

Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	100,0
Fjármagnsgjöld	67,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	2,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	5,0
Hreinar fjármunatekjur	**26,0**
Aðrar rekstrartekjur	3,0
Önnur rekstrargjöld	15,0
Hagnaður (-tap)	**14,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	14,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	5,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	**29,0**

	m.kr.
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	130,0
Afborganir af veittum löngum lánum	130,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**0,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	360,0
Afborganir af teknum löngum lánum	425,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-65,0**
Breyting á handbæru fé	**-36,0**
Handbært fé í ársbyrjun	42,0
Handbært fé í árslok	6,0

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti.

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	8,3
Fjármagnsgjöld	4,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	12,0
Hreinar fjármunatekjur	**-7,7**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	77,3
Önnur rekstrargjöld	72,6
Hagnaður (-tap)	**-3,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-3,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	12,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	11,1
Handbært fé frá rekstri	**20,1**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	60,0
Afborganir af veittum löngum lánum	0,5
Áhættufjármunir	6,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-65,5**

	m.kr.
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	14,6
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-14,6**
Breyting á handbæru fé	**-60,0**
Handbært fé í ársbyrjun	107,0
Handbært fé í árslok	47,0

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti.

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	300,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	118,0
Hreinar fjármunatekjur	**182,0**
Önnur rekstrargjöld	262,0
Hagnaður (-tap)	**-80,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-80,0
Handbært fé frá rekstri	**-80,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	158,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	3,0
Áhættufjármunir	629,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-474,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Stofnfjárframlag	650,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**650,0**
Breyting á handbæru fé	**96,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4.655,0
Handbært fé í árslok	4.751,0

554. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP, KHG).

1. Við 5. gr. Í stað „11.600 m.kr.“ í 1. tölul. komi: 2.000 m.kr.
2. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 2. tölul.:
   a. Í stað „5.225 m.kr.“ komi: 4.825 m.kr.
   b. Í stað „3.500 m.kr.“ í lið 2.1 komi: 3.100 m.kr.
3. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 3. tölul.:
   a. Í stað „22.620 m.kr.“ í lið 3.2 komi: 23.320 m.kr.
   b. Í stað „1.140 m.kr.“ í lið 3.5 komi: 1.360 m.kr.
   c. Við bætist nýr liður er orðist svo:
      3.9. Hitaveitu Suðurnesja, allt að 1.000 m.kr., sbr. 1. og 11. gr. laga nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, með áorðnum breytingum.

555. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP, KHG).

1. Við 7. gr. Nýr liður:
   1.9 Að fella niður stimpilgjöld vegna veðsetningar Flugfélags Íslands hf. á tveimur flugvélum sem bera einkennisstafina TF-JME og TF-JML.
2. Við 7. gr. Nýir liðir:
   2.34 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
   2.35 Að selja fasteignina Laugaveg 176, Reykjavík, og verja andvirðinu til að innrétta aðstöðu fyrir Sjónvarpið í Útvarpshúsinu, Efstaleiti 1, Reykjavík.
   2.36 Að selja fasteignina Tjarnarbraut 39a, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
   2.37 Að selja fasteignina Tjarnarbraut 39b, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
   2.38 Að selja fasteignina Tjarnarbraut 39c, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
   2.39 Að selja fasteignina Austurstræti 16 og verja andvirðinu til að greiða upp lán sem tekin voru vegna kaupa á húsinu og til bygginga í þágu Háskóla Íslands.
   2.40 Að selja fasteignina Bjarkargötu 6 og verja andvirðinu til bygginga í þágu Háskóla Íslands.
   2.41 Að selja íbúðarhús að Eiðum, Eiðahreppi, Suður-Múlasýslu.
   2.42 Að selja fasteignina Axelshús í landi Reykja í Hveragerði og ráðstafa andvirðinu til hinnar nýju garðyrkjumiðstöðvar Garðyrkjuskóla ríkisins.
   2.43 Að hafa makaskipti á húsnæði Vegagerðarinnar í Borgarnesi og öðru hentugra.

3. Við 7. gr. Nýir liðir:
   3.29 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Aðalstræti 26, Þingeyri, Ísafjarðarbæ, og verja andvirðinu til að ljúka byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar og dvalar- og hjúkrunarheimilis á sama stað.
   3.30 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Klausturhólum, Flatey, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.
   3.31 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Vesturbergi 100, Reykjavík.
   3.32 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hringbraut 119, Reykjavík.
   3.33 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Ásgarði 18, Reykjavík.
   3.34 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hrafnhólum 6, Reykjavík.
   3.35 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Sigtúni 37, Reykjavík.
4. Við 7. gr. Nýir liðir:
   4.21 Að selja jörðina Arnhólsstaði í Skriðdal, Suður-Múlasýslu.
   4.22 Að selja jörðina Traðir í Staðarsveit, Snæfellsbæ.
   4.23 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði, Eyrarsveit.
   4.24 Að selja eyðijörðina Laugaból í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ.
   4.25 Að selja jörðina Stekk, Hafnarfirði.
   4.26 Að selja jörðina Glaumbæ í Staðarsveit, Snæfellsbæ.
   4.27 Að selja spildur úr landi Reykhóla, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.
5. Við 7. gr. Nýir liðir:
   6.5 Að selja hluta af heitavatnsréttindum jarðarinnar Mosfells í Mosfellsdal, Kjalarnesprófastsdæmi.
6. Við 7. gr. Nýir liðir:
   7.19 Að kaupa læknisbústað á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
   7.20 Að kaupa eða leigja húsnæði í Þorlákshöfn fyrir aðstöðu fyrir lögreglu og sýslumannsembættið og taka til þess nauðsynleg lán.
   7.21 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir heilsugæslulækni á Eskifirði og taka til þess nauðsynleg lán.
   7.22 Að kaupa eða leigja húsnæði á Sundasvæðinu fyrir afgreiðslu og eftirlit hjá tollstjóranum í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
   7.23 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
   7.24 Að kaupa jarðirnar Vestaraland I og III og Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum og taka til þess nauðsynleg lán.
   7.25 Að kaupa viðbótarhúsnæði til nota fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
   7.26 Að kaupa eða leigja húsnæði í nágrenni Alþingishússins fyrir starfsaðstöðu Alþingis og taka til þess nauðsynleg lán.
   7.27 Að kaupa eða leigja húsnæði í Grundarfirði fyrir aðstöðu fyrir lögreglu og sýslumannsembættið og taka til þess nauðsynleg lán.
   7.28 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Brunamálastofnun ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
7. Við 7. gr. Nýir liðir:
   8.13 Að endurgreiða Vegagerðinni kostnað vegna slita félagsins Skallagríms hf.
   8.14 Að ráðstafa, að fengnum tillögum iðnaðarráðherra, allt að 80 m.kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Sérstaklega skal huga að

atvinnusköpun á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði.

8.15 Að semja, í samráði við fjárlaganefnd, við Breiðdalshrepp um niðurfellingu vaxta og verðbóta af skuld hreppsins við Hafnarbótasjóð.

8.16 Að semja við Reykjavíkurborg um uppgjör skuldbindinga samkvæmt samningi ríkis og Reykjavíkurborgar frá 17. desember 1998 um Sjúkrahús Reykjavíkur.

8.17 Að semja, að fengnum tillögum nefndar um þjóðhagslega hagkvæmni grasköggla framleiðslu, við framleiðendur um endurskipulagningu grasköggla framleiðslu í landinu, stuðningsaðgerðir við greinina, skuldbreytingu og niðurfellingu lána.

8.18 Að veita kvikmyndafélögum stuðning vegna framleiðslu kvikmynda hér á landi, enda verði sett sérstök lög þar sem nánar verði kveðið á um þær reglur sem um stuðning þennan eiga að gilda.

8.19 Að semja um lokauppgjör á skuldum lítilla hitaveitna við ríkissjóð.

8.20 Að semja við Reykhólahrepp um lokauppgjör skulda vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar í kjölfar sölu á hitaveitu Reykhólahrepps.

556. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (SJóh, GE, KH).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.11 Ellilífeyrir	-67	146	79
Greitt úr ríkissjóði	*-870*	*146*	*-724*
2. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
1.01 Ríkisspítalar	352	300	652
3. Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	373	300	673

557. Nefndarálit [279. mál]

um frv. til l. um breytingar á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald, l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, Áslaugu Guðjónsdóttur, Tómas Möller, Pál Kolbeins og Eggert J. Hilmarsson frá fjármálaráðuneyti. Frá Skráningarstofunni komu Sigurður Pétursson og Högni Eyjólfsson, frá Íslandspósti hf. kom Eysteinn Gunnarsson, frá samtökum ferðaþjónustunnar komu Erna Hauksdóttir, Garðar

K. Vilhjálmsson og Pálmar Sigurðsson, Jónas Þór Steinarsson kom frá Bílgreinasambandinu, Runólfur Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Ingimar Kjartansson, Elvar Ólafsson og Árni Jóhannsson frá Samtökum iðnaðarins, Guðmundur Stefánsson frá Bændasamtökum Íslands, Guðbrandur Bragason og Snorri Bjarnason frá Ökukennarafélagi Íslands, Unnur Sverrisdóttir og Jón Pálsson frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Ómar Jóhannsson frá Trausta, félagi sendibílstjóra, Arngrímur Hermannsson frá Addís, Pétur Jóhannsson frá G.P. Krónum ehf., Sigfús Bjarnason frá Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, Guðmundur Arnaldsson frá Landvara, Jón Birgir Jónsson frá samgönguráðuneyti, Friðrik Pálmason sem rekur steypustöð á Sauðárkróki og Steinar Jónsson sem rekur steypustöð á Blönduósi.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá sveitarstjóra Búðahrepps, Húsavíkurkaupstað, Strætisvögnum Reykjavíkur hf., Bændasamtökum Íslands, Snæfellsbæ, Þórshafnarhreppi, Vegagerðinni, Trausta, félagi sendibílstjóra, Bílgreinasambandinu, Frama, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum iðnaðarins, G.P. Krónum ehf., Landssambandi vörubifreiðastjóra, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Verslunarráði Íslands, Landsvirkjun, Ökukennarafélagi Íslands, ríkisskattstjóra, Landvara og Steypustöð Skagafjarðar ehf.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga um bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum. Lagt er til að sett verði að nýju hámark á fjárhæð bifreiðagjalds og jafnframt að gerðar verði breytingar á gjaldskránni. Lagt er til að gjaldskrá þungaskatts verði hækkuð til samræmis við vegáætlun. Þá er lagt til að breytt verði ákvæðum um ákvörðun hlutfallstalna vörugjalds á ökutækjum þannig að þær verði ákveðnar í lögunum í stað reglugerðar eins og nú. Um nánari efnisatriði frumvarpsins er vísað til athugasemda við það.

Meiri hlutinn er samhuga um að taka þurfi lög um fjáröflun til vegagerðar til endurskoðunar. Vill hann því beina þeim tilmælum til fjármálaráðherra að hann hlutist til um slíka endurskoðun fyrir 1. október 1999 þannig að taka megi upp nýtt kerfi árið 2000. Nefndin skuli meðal annars hafa að markmiði einföldun þungaskattskerfisins og að álagning þungaskatts taki mið af nýtingu ökutækja, akstri og sliti á vegum. Æskilegt er að nefndin hafi í störfum sínum samráð við helstu samtök hagsmunaaðila á þessu sviði.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði hámark á fjárhæð bifreiðagjalds og telur nefndin rétt að greiðendum bifreiðagjalds á 2. gjaldtímabili 1998 verði endurgreiddur mismunur þess og þeirrar greiðslu sem þeir inntu af hendi. Lagt er til að bráðabirgðaákvæði þess efnis verði bætt við lögin um bifreiðagjald, sbr. 1. tölul. breytingartillagna.
2. Þá er lagt til að í upphafi II. kafla verði bætt við nýrri grein sem kveði á um að námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum verði undanþegnar greiðslu þungaskatts, enda meginmarkmið þungaskattsins að notendur vegakerfisins greiði fyrir notkun sína.
3. Lagt er til að fellt verði niður fast árgjald að fjárhæð 100.000 kr. af tengi- og festivögnum en í stað þess verði kílómetragjald þessara ökutækja hækkað, sbr. a- og d-liði 3. tölul. breytingartillagna. Jafnframt er lagt til að fast árgjald verði ekki innheimt af slökkvibifreiðum sem falla undir vörulið 8705.3009, sbr. b-lið 3. tölul. tillagnanna. Þá er lagt til að eigendum eða umráðamönnum ökutækja verði heimilað í upphafi gjaldárs að velja á milli þess að greiða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt mæli eða fast gjald sem samsvari 95.000 km akstri á gjaldárinu, sbr. d-lið 3. tölul. breytingartillagna. Ákvörðun þessari verður ekki breytt eftir að gjaldár er hafið. Einnig leggur nefndin til að ákvæði um endurgreiðslur til sérleyfishafa verði felld brott úr lögunum um fjáröflun

til vegagerðar, sbr. e-lið 3. tölul. breytingartillagna. Samhliða þeirri breytingu verða framlög Vegagerðar til viðfangsefnisins 10-211 1.11 Styrkur til sérleyfishafa í frumvarpi til fjárlaga hækkuð. Nefndin mælist til þess að Vegagerðin hafi fyrst um sinn við úthlutun þess fjár hliðsjón af áður gildandi ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 593/1987, um þungaskatt, en þar er kveðið á um að styrkurinn skuli miðast við bifreiðar sem eru 15,0–15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd og nýttar í sérleyfisferðum.

4. Þá er lögð til leiðrétting á tilvísun í 1. efnismgr. 4. gr. og orðalagsbreyting til skýringar á lokamálslið þeirrar greinar.
5. Lagt er til í nýju ákvæði til bráðabirgða að eigendum og umráðamönnum ökutækja verði heimilt að greiða fast gjald sem samsvari samtals 63.333 km akstri á öðru og þriðja gjaldtímabili á því gjaldári sem þegar er hafið í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt mæli. Eðli málsins samkvæmt getur val samkvæmt d-lið 3. tölul. breytingartillagna ekki farið fram við gildistöku laga þessara fyrir það gjaldár sem þegar er hafið og nefndin telur eðlilegt að umræddir aðilar njóti þessa vals þá á síðari tveimur tímabilum gjaldársins. Einnig er leiðrétt tilvísun í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins með hliðsjón af b-lið 3. tölul. breytingartillagnanna.
6. Lagt er til að sérsmíðaðar keppnisbifreiðar verði undanþegnar vörugjaldi. Hér er eingöngu átt við bifreiðar sem eru sérsmíðaðar frá grunni sem keppnisbifreiðar en ekki venjulegar fólksbifreiðar sem hefur verið breytt. Einnig er lagt til að vélsleðar í eigu fyrirtækja í ferðaþjónustu og eingöngu eru ætlaðir til útleigu til ferðamanna eða til flutnings á þeim skuli bera 30% vörugjald í stað 70%. Þá er lögð til frekari lækkun frá því sem í frumvarpinu greinir á vörugjaldi af leigubifreiðum til fólksflutninga frá 1. janúar 2000, sbr. c-lið 6. og 7. tölul. breytingartillagna.
7. Lögð er til breyting á gildistöku laganna þannig að ákvæði 3. gr. taki ekki gildi fyrr en í upphafi 2. gjaldtímabils þess gjaldárs sem nú er hafið.

Alþingi, 18. des. 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Sólveig Pétursdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.

558. Nefndarálit [279. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald, l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Stjórnarfrumvarpið fjallar um breytingu á lögum um bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum. Frumvarpið fjallar fyrst og fremst um lagfæringar á þungaskattskerfinu. Það kerfi hefur verið í gjörgæslu Alþingis í mörg ár, mikil óánægja er með kerfið meðal starfandi manna og sífellt er verið að gera breytingar á lögunum.

Minni hlutinn telur að hér þurfi kerfisbreytingu og styður að í stað þessa kerfis verði tekið upp olíugjald. Frumvarp um slíkt var lagt fram á síðasta þingi en ríkisstjórnin heyktist á lögfestingu þess og hélt áfram að plástra þungaskattskerfið með lagabreytingu. Sú löggjöf tókst ekki betur en svo að fyrirliggjandi frumvarp fjallar enn um breytingar á þessum lögum. Minni hlutinn hafnar þessum vinnubrögðum og vill að olíugjald komi í stað eldra kerfis. Mikil vinna var lögð í málið á síðasta ári og stjórnarandstaðan studdi útfærslu starfandi manna í atvinnugreininni.

Rökin fyrir olíugjaldi eru í fyrsta lagi að fyrra kerfið þótti óskilvirkt.

Í öðru lagi ræðst gjaldið í þungaskattskerfinu fyrst og fremst af því hversu mikið er ekið. Í olíugjaldskerfi ræðst gjaldið af því hversu mikilli olíu er eytt. Það hefur vitaskuld í för með sér að menn leitast við að nota sparneytin ökutæki og haga akstri sínum á hagkvæman hátt. Olíugjald er þannig mikilvægur liður í umhverfisgjaldtöku og upptaka þess hér á landi væri fyrsta skrefið í þá átt.

Í þriðja lagi hefur olíugjald þann kost að dísilbifreiðar verða algengari en nú er. Íslendingar eru nokkuð á eftir nágrannalöndunum hvað þann þátt varðar. Kosturinn við dísilknúnar bifreiðar er að þær eru sparneytnari og valda minni kolsýringsmengun en aðrar bifreiðar. Það fellur mjög vel að nútímalegri umhverfisstefnu.

Í fjórða lagi felur olíugjald í sér að gjaldtakan er samhliða akstri, þ.e. menn greiða gjaldið um leið og keypt er olía í stað þess að greiða þungaskatt á nokkurra mánaða fresti með háum einstökum greiðslum eins og nú.

Í fimmta lagi er talið að eftirlit með olíugjaldi verði einfaldara og ódýrara en í núverandi kerfi.

Minni hlutinn leggur mikla áherslu á umhverfisþáttinn varðandi upptöku olíugjaldskerfis. Út frá því sjónarmiði er skynsamlegt að taka upp olíugjald á afmörkuðu sviði í stað þungaskatts.

Olíugjald er liður í mengunarsköttum framtíðarinnar sem mun hafa þau áhrif að dregið verður úr óhagkvæmri notkun eldsneytis og kolsýringsmengun verður minni. Einnig þarf að hafa í huga að bílar knúnir nýjum orkugjöfum munu sjá dagsins ljós á næstu árum, t.d. rafmagns- og gasbílar. Aukin áhersla á mengunarvænni orkugjafa mun móta stefnu stjórnvalda næstu ár, m.a. á sviði ríkisfjármála, með umhverfis- og mengunarsköttum.

Minni hlutinn telur besta kostinn að taka upp einfalt olíugjaldskerfi og leggja alveg af mælagjald þungaskatts. Slík skattlagning á eldsneytisnotkun, eins og olíugjaldið er, væri tvímælalaust jákvæð með tilliti til umhverfismála. Slíkt ætti að verka hvetjandi til orkusparnaðar og þar með auðvelda Íslendingum að standa við alþjóðlegar skuldbindingar á því sviði.

Það kom fram í umsögnum í fyrra að langflestir vildu olíugjald í stað eldra kerfis. Í umfjöllun um stjórnarfrumvarpið núna kom m.a. fram hjá samtökum bílstjóra að betra væri að fara í olíugjaldskerfið.

Mikilvægt er að tryggja samkeppnisstöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga í vöruflutningum. Þróunin undanfarin ár hefur verið í þá átt að stóru flutningsaðilarnir, svo sem skipafélögin, hafa haslað sér æ stærri völl í landflutningum. Þetta er varhugaverð þróun og stuðlar að enn meiri fákeppni og þrengir að smærri atvinnurekendum á þessu sviði.

Minni hlutinn vísar allri ábyrgð á ríkisstjórnina og meiri hluta hennar og situr hjá við afgreiðslu málsins. Minni hlutinn vill að aftur verði tekin upp vinna við undirbúning að upp-

töku olíugjalds. Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 17. des. 1998.

Ágúst Einarsson, frsm.	Svavar Gestsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

559. Breytingartillögur [279. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald, l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, SP, VS, PHB, EOK).

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., sem orðist svo:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
   Greiðendum bifreiðagjalds sem greiddu hærra gjald en 36.200 kr. á 2. gjaldtímabili 1998 skal endurgreiddur mismunurinn á 36.200 kr. og þeirri fjárhæð sem þeir greiddu.
2. Á undan 2. gr., í upphafi II. kafla, komi ný grein, er verði 3. gr., sem orðist svo:
   3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
   Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum eru undanþegnar skattskyldu.
3. Við 3. gr. er verði 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 4. gr. laganna:
   a. Orðin „tengi- og festivögnum“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal ekki greitt fast árgjald þungaskatts af slökkvibifreiðum sem falla undir vörulið 8705.3009 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987.
   c. 2. mgr. orðast svo:
      Kílómetragjald bifreiða skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,97	18.000–18.999	13,40
5.000–5.999	7,41	19.000–19.999	14,43
6.000–6.999	8,01	20.000–20.999	15,20
7.000–7.999	8,42	21.000–21.999	16,08
8.000–8.999	8,78	22.000–22.999	17,09
9.000–9.999	9,17	23.000–23.999	17,90
10.000–10.999	9,73	24.000–24.999	18,71
11.000–11.999	10,10	25.000–25.999	19,63
12.000–12.999	11,38	26.000–26.999	20,50

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
13.000–13.999	12,44	27.000–27.999	21,41
14.000–14.999	10,14	28.000–28.999	22,32
15.000–15.999	10,92	29.000–29.999	23,23
16.000–16.999	11,79	30.000–30.999	24,14
17.000–17.999	12,64	31.000 og yfir	25,05

d. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kílómetragjald festi- og tengivagna skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
6.000–6.999	7,63	19.000–19.999	17,31
7.000–7.999	8,01	20.000–20.999	18,24
8.000–8.999	8,36	21.000–21.999	19,29
9.000–9.999	8,73	22.000–22.999	20,51
10.000–10.999	9,28	23.000–23.999	21,49
11.000–11.999	9,62	24.000–24.999	22,46
12.000–12.999	10,83	25.000–25.999	23,55
13.000–13.999	11,85	26.000–26.999	24,59
14.000–14.999	12,17	27.000–27.999	25,70
15.000–15.999	13,10	28.000–28.999	26,79
16.000–16.999	14,15	29.000–29.999	27,87
17.000–17.999	15,18	30.000–30.999	28,96
18.000–18.999	16,08	31.000 og yfir	30,07

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eigendum eða umráðamönnum ökutækja heimilt að velja áður en gjaldár hefst að greiða gjald sem taki mið af áætluðum kílómetrafjölda er samsvari 95.000 km akstri á gjaldárinu í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Velji eigandi eða umráðamaður að greiða áætlað kílómetragjald skal hann að auki greiða 100.000 kr. fast árgjald, sbr. 3. málsl. 1. mgr. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein verður ekki breytt vegna viðkomandi ökutækis eftir að gjaldár er hafið.

e. Lokamálsliður 3. mgr. fellur brott.

4. Við 4. gr. er verði 6. gr.
   a. Í stað orðanna „skv. 2. mgr.“ í 1. efnismgr. komi: skv. 2. og 3. mgr.
   b. Lokamálsliður 1. efnismgr. orðist svo: Af bifreiðum, sem eru 4.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, og af eftirvögnum, sem eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, og nýtt eru í atvinnuskyni skal greiða þungaskatt samkvæmt ákvæðum B-liðar.
5. Við 8. gr. er verði 10. gr.
   a. Í stað orðsins „lokamálslið“ í 2. efnismgr. komi: 3. málsl.
   b. Við greinina bætist nýr liður, b-liður, ákvæði til bráðabirgða II, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. B-liðar 4. gr. er eigendum eða umráðamönnum ökutækja heimilt að velja að greiða gjald sem taki mið af áætluðum kílómetrafjölda er samsvari 63.333 km á öðru og þriðja gjaldtímabili í stað gjalds fyrir hvern ekinn

kílómetra auk fasts árgjalds skv. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laga þessara. Heimildin skal einungis veitt að mætt hafi verið í álestur á tímabilinu 20. janúar – 10. febrúar 1999 og umsókn borist ríkisskattstjóra fyrir 11. febrúar 1999.

6. Við 9. gr. er verði 11. gr.
   a. Við 1. tölul. 1. efnismgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Sérsmíðaðar keppnisbifreiðar sem eru skráðar sem slíkar og einungis notaðar í skipulögðum keppnum og æfingum á vegum samtaka akstursíþróttamanna, svo og til aksturs til og frá slíkum atburðum. Skráningarmerki bifreiðanna skulu auðkennd sérstaklega. Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útbúnað þeirra, svo og til hvaða atburða akstursheimildin taki. Sé brotið í bága við þær reglur skal vörugjald innheimt að fullu.
   b. Við 3. tölul. 1. efnismgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Vélsleðar í eigu fyrirtækja í ferðaþjónustu sem eingöngu eru ætlaðir til útleigu til ferðamanna eða flutnings á þeim.
   c. 4. tölul. 1. efnismgr. orðist svo: Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar mælt í rúmsentímetrum:

	Sprengirými aflvélar		
Flokkur	**Bensínvélar**	**Dísilvélar**	**Gjald í %**
I	0–1.600	0–2.100	10
II	1.601–2.500	2.101–3.000	12
III	yfir 2.500	yfir 3.000	17

   Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.
   d. Í stað orðanna „fullt starf í skilningi 4. tölul. greinarinnar“ í 2. efnismgr. komi: fyrirtæki í ferðaþjónustu, sbr. e-lið 3. tölul. 2. mgr., og hvað teljist vera aðalatvinna skv. 4. tölul. 2. mgr.
7. Á eftir 9. gr. komi ný grein, er verði 12. gr., og orðist svo:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga þessara skal gjald í % vera 14 fyrir I flokk, 16 fyrir II flokk og 21 fyrir III flokk á árinu 1999.
8. Við 10. gr., er verði 13. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999 að undanskildum ákvæðum 3. og 5. gr. sem öðlast gildi 11. febrúar 1999. Gjaldskrár 5. gr. taka gildi strax að loknu fyrsta álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 1999, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. laga nr. 3/1987. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok fyrsta álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

560. Breytingartillögur [254. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrri málsliður 2. efnismgr. orðist svo: Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö.
   b. Í stað orðsins „fimm“ í 3. efnismgr. komi: sex.
2. Við 2. gr. 1. efnismgr. falli brott.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Stjórnarskipunarlög þessi öðlast þegar gildi.

561. Nefndarálit [254. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til fundar við sig þá Eirík Tómasson prófessor og Ólaf Þ. Harðarson dósent, en einnig voru þeir Kristján Andri Stefánsson og Helgi Bernódusson nefndinni til ráðgjafar. Þá ákvað nefndin að senda frumvarpið til umsagnar til landshlutasamtaka sveitarfélaga, héraðsnefnda og Sambands íslenskra sveitarfélaga, en nefndinni bárust einnig erindi frá öðrum en þeim sem formlega var leitað álits hjá. Bárust nefndinni umsagnir frá Siglufjarðarkaupstað, héraðsnefnd Snæfellinga, sveitarstjóra Skagafjarðar, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum og bæjarráði Hornafjarðar.

Frumvarpið er byggt á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði 8. september 1997 til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin var skipuð samkvæmt tilnefningum allra þingflokka er þá voru á Alþingi að undangengnu samráði við formenn þeirra. Nefndin skilaði forsætisráðherra skýrslu 6. október sem hann lagði fyrir Alþingi. Þar er fjallað um núverandi kosningakerfi, þjóðfélagslega nauðsyn breytinga á því og markmið þeirra. Markmið og forsendur nefndarstarfsins voru í fyrsta lagi að gera kosningakerfið einfalt og auðskiljanlegt, í öðru lagi að draga úr misvægi atkvæða þannig að hlutfall kjósenda að baki hverju þingsæti, þar sem munurinn er mestur milli kjördæma, verði sem næst 1:1,5 til 1:1,8, í þriðja lagi að gera þingsætafjölda allra kjördæma sem jafnastan, í fjórða lagi að tryggja að áfram verði jöfnuður á milli stjórnmálasamtaka á landsvísu þannig að fjöldi þingsæta hvers flokks verði í sem bestu hlutfalli við atkvæðafylgi flokkanna og í fimmta lagi var út frá því gengið að fjöldi þingmanna verði áfram hinn sami og verið hefur. Þá lagði nefndin til grundvallar starfi sínu að úthlutun allra þingsæta, bæði kjördæmissæta og jöfnunarsæta, byggðist á svonefndri d'Hondt-reglu, enda verði fjöldi þingsæta allra kjördæma svipaður.

Frumvarp það sem stjórnarskrárnefnd hefur haft til umfjöllunar leggur grunninn að þeim breytingum sem síðar þarf að gera á lögum um kosningar til Alþingis og miðar að því að skapa stjórnskipuleg skilyrði fyrir nýrri kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi sem forystumenn stjórnmálaflokkanna hafa sameinast um að beita sér fyrir og byggist að stærstum hluta á tillögum nefndar forsætisráðherra.

Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á stjórnarskránni miða að því að gera nýtt kosningakerfi sveigjanlegra en verið hefur. Í því skyni er í frumvarpinu lagt til að í stað nákvæmra ákvæða um kjördæmamörk og úthlutun þingsæta hafi stjórnarskráin að geyma heldur færri og að sama skapi almennari ákvæði um megindrætti í kjördæmaskipan landsins og tilhögun kosninga til Alþingis. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir því að almenna löggjafanum verði eftirlátin útfærsla þeirra í lögum, stundum með tilstyrk aukins meiri hluta.

Frumvarpið felur í sér tillögur um að heildarfjöldi þingsæta og lágmarksfjöldi kjördæmasæta verði áfram stjórnarskrárbundinn, svo og lengd kjörtíma og fjöldi kjördæma eins og verið hefur. Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir að tilhögun kosninga í megindráttum verði áfram stjórnarskrárbundin, þ.e. að þær skuli vera leynilegar og hlutbundnar. Þá er lagt til að horfið verði frá núgildandi reglu um að þau stjórnmálasamtök komi ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem fengið hafa kjördæmissæti. Í staðinn er lagt til að í stjórnarskrá verði sett sú regla að þau samtök ein, sem hlotið hafa meira en fimm af hundraði atkvæða á landsvísu, geti fengið úthlutað jöfnunarsæti jafnvel þótt þau hafi ekki fengið þingsæti í kjördæmi. Loks er lagt til að í stjórnarskrá verði fest sú regla að ef misvægi á milli atkvæða kjósenda að baki hverju þingsæti í einstökum kjördæmum fer fram úr 1:2 að loknum alþingiskosningum skuli landskjörstjórn færa þingsæti á milli þeirra kjördæma þar sem munurinn er mestur til að draga úr misvæginu.

Í tillögum frumvarpsins felast jafnframt þau nýmæli að lagt er í vald almenna löggjafans að ákveða fjölda þingsæta í hverju kjördæmi, þó þannig að minnst fimm kjördæmissæti séu í hverju þeirra. Sömuleiðis er lagt til að nánari fyrirmæli um kjördæmaskipan og fyrirkomulag kosninga verði sett í lög, þar á meðal um mörk kjördæma utan Reykjavíkur og nágrennis og reglur um úthlutun þingsæta. Gert er ráð fyrir að slíkar breytingar á kosningalögum verði gerðar þegar stjórnarskrárbreytingar samkvæmt frumvarpi þessu hafa verið samþykktar á Alþingi öðru sinni.

Með því að eftirláta almenna löggjafanum að nokkru leyti útfærslu á rammaákvæðum stjórnarskrárinnar er hægt að breyta vissum atriðum sem lúta að kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi án þess að til þurfi stjórnarskrárbreytingu. Þó er gert ráð fyrir að áskilið verði að breytingar á lögmæltum kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verði aðeins gerðar með $\frac{2}{3}$ atkvæða á Alþingi. Leiði búsetuþróun næstu áratuga til verulegra breytinga á kjósendafjölda í kjördæmum er nauðsynlegt að endurskoða kjördæmaskipanina á nýjan leik, enda er það forsenda fyrirliggjandi tillagna að þingmannafjöldi í hverju kjördæmi sé tiltölulega jafn.

Um kjördæmaskipan þá sem fjallað hefur verið um í stjórnarskrárnefnd vísast til fylgiskjala með frumvarpinu, en kveðið verður á um hana í kosningalögum.

Stjórnarskrárnefnd hefur rætt einstaka þætti málsins ítarlega og mælir með **samþykkt** frumvarpsins, með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að fjöldi kjördæma geti fæst verið sex talsins, en flest sjö. Felst breytingin í því að unnt verður samkvæmt þessu að breyta fjölda kjördæma innan þessara marka með lögum. Er sú breyting lögð til í samræmi við það markmið frumvarpsins að gera ákvæði stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag sveigjanlegri.

Í þessari tillögu felast þó ekki áform um að fjölga kjördæmum frá því sem ráðgert er í drögum að lagafrumvarpi því til breytinga á kosningalögum er fylgir frumvarpinu í fylgiskjali. Þegar lögum um kosningar til Alþingis hefur verið breytt að þessu leyti í kjölfar umfjöllunar um frumvarp þetta á öðru þingi, verði það samþykkt, verður fjölda kjördæma þó ekki breytt innan þessara marka nema með tilstyrk ⅔ hluta atkvæða á Alþingi skv. 6. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, sbr. einnig 2. efnismgr. 2. gr.

2. Lögð er til breyting á 3. efnismgr. 1. gr. þar sem kveðið er á um fjölda þingsæta í hverju kjördæmi. Felst breytingin í því að lágmarksfjöldi kjördæmissæta í hverju hinna sex kjördæma verði aukinn úr fimm sætum í sex. Með þessari breytingu er tryggt að þingsætatala kjördæmis verði ekki lægri en sex án stjórnarskrárbreytingar. Með þeim breytingum sem ráðgerðar eru á kosningalögum, sbr. fylgiskjal með frumvarpinu, ættu þingsætin þó aldrei að verða færri en sjö í hverju kjördæmi, enda verða jöfnunarsætin bundin kjördæmum, m.a. til að draga úr misvægi í kerfinu. Samkvæmt kosningalagafrumvarpinu verða kjördæmissætin í upphafi níu í hverju kjördæmi og jöfnunarsætin eitt til tvö í hverju kjördæmi.
3. Þá er lagt til að 1. efnismgr. 2. gr., þ.e. ákvæði til bráðabirgða, falli brott, en þar er kveðið á um að ákvæði 5. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, sem ætlað er að koma í veg fyrir að misvægi atkvæða fari fram úr 1:2 milli einstakra kjördæma, verði virkt um áramótin 2000–2001, en upp frá því reynir á það á mest fjögurra ára fresti. Þykir stjórnarskrárnefnd rétt að kosið verði eftir nýrri tilhögun óbreyttri við næstu kosningar eftir að stjórnarskipunarlögin öðlast gildi, en þær geta í síðasta lagi orðið árið 2003.
4. Loks er lagt til að við frumvarpið verði bætt gildistökuákvæði þannig að stjórnarskipunarlögin geti öðlast gildi um leið og skilyrði eru til þess.

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 18. des. 1998.

Friðrik Sophusson, form.	Valgerður Sverrisdóttir, frsm.	Svavar Gestsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Jón Kristjánsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Sturla Böðvarsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Hjálmar Árnason.
Árni Johnsen.		Guðný Guðbjörnsdóttir.

562. Nefndarálit [334. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Kristínu Haraldsdóttur og Arnór Halldórsson frá sjávarútvegsráðuneyti. Málið var ekki sent út til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða um að leitað skuli leyfis sjávarútvegsráðherra til innflutnings á lifandi sjávardýrum verði framlengt til 31. desember 1999. Nefndin leggur til að bætt verði við frumvarpið einni grein til fyllri skýringar á því hvað teljist vera vinnsluskip samkvæmt lögunum. Samkvæmt núgildandi lagaákvæði er kveðið á um að fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting fisks um borð teljist ekki vinnsluskip, án nánari afmörkunar á því hvað falli undir hugtakið frysting fisks. Það er mat nefndarinnar að undir frystingu fisks falli, í skilningi EES-reglna, heilfrysting rækju og frysting á hausskornum fiski og því sé rétt að kveða skýrt á um það í skilgreiningunni á hugtakinu vinnsluskip, þ.e. hvaða skip falli ekki undir hana. Fiskiskip sem slíka vinnslu stunda teljast því ekki vinnsluskip í skilningi laganna. Jafnframt leggur nefndin til að samræmd sé hugtakanotkun í lögunum þannig að samheitið vinnsluskip sé notað yfir bæði verksmiðjuskip og þau frystiskip sem ekki eru sérstaklega undanskilin flokki vinnsluskipa.

Nefndin mælir með **samþykkt** málsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (1. gr.)
      Lokamálsliður skilgreiningar hugtaksins „Vinnsluskip“ í 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski, heilfrysting rækju eða suða á rækju og skelfiski teljast ekki vinnsluskip í skilningi laga þessara.
   b. (2. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 22., 26. og 28. gr. laganna:
      a. Á undan orðunum „afla fiskiskipa“ í 1. mgr. 22. gr. kemur: ferskum.
      b. Í stað orðanna „verksmiðjuskipum og frystiskipum“ í 3. mgr. 22. gr. kemur og vinnsluskipum.
      c. Í stað orðanna „vinnsluskipi eða frystiskipi“ í 1. mgr. 26. gr. kemur: eða vinnsluskipi.
      d. Í stað orðanna „verksmiðjuskipum og frystiskipum“ í 1. mgr. 28. gr. kemur: og vinnsluskipum.

2. Við 2. gr. er verði 4. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði a-liðar 2. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. apríl 1999.

Alþingi, 18. des. 1998.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Einar Oddur Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Hjálmar Árnason.
Stefán Guðmundsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Svanfríður Jónasdóttir.

563. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 551 [Fjárlög 1999].

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni og Rannveigu Guðmundsdóttur.

Þús. kr.

Við 65. lið. Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. g-liðar (**Hafnamannvirki (10-335 6.70)**, Reykjanes:

a. Við 4. Hafnarfjörður. Í stað „6.000“ komi 16.000
b. Við bætist tveir nýir liðir, svohljóðandi:
Garðabær 6.000
Kópavogur 10.000

564. Breytingartillögur [291. mál]

við brtt. á þskj. 542 [Hafnaáætlun 1999–2002].

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni og Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Eftirfarandi liðir í I. tölul., Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs, orðist svo:

Höfn	1999			2000			2001			2002			Samtals
	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	1999–2002
Hafnarfjörður	20	-4	16	18	0	18	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	34
Garðabær	6	0,0	6	6	0,0	6	6	0,0	6	6	0,0	6	24
Kópavogur	0,0	10	10	0,0	10	10	0,0	10	10	0,0	10	10	40

2. Eftirfarandi liðir í II. tölul., Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum, orðist svo:

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Hafnarfjörður					
Háibakki lenging, stálþil (75 m, dýpi 8 m, þekja 1.500 m² malbik)	33,3	30,1			60%
Garðabær					
Dýpkunarframkvæmdir	10	10	10	10	60%

565. Fyrirspurn [367. mál]

til landbúnaðarráðherra um fjárframlög til rannsókna á hrossaexemi.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu miklu af úthlutuðu fé útflutnings- og markaðsnefndar hefur verið varið til rannsókna á hrossaexemi við Bændaskólanum að Hólum?
2. Hversu miklar greiðslur frá nefndinni hafa runnið til markaðsfulltrúa Félags hrossabænda?
3. Hvaða lönd eiga samstarf við Íslendinga um rannsóknir á hrossaexemi?
4. Hvenær hófust þessar rannsóknir í hverju landi fyrir sig?
5. Hver er staða rannsóknanna nú?
6. Hver eru áform til eflingar hrossarækt og útflutningi hrossa á Íslandi?

Skriflegt svar óskast.

566. Fyrirspurn [368. mál]

til forsætisráðherra um vanskil hjá Byggðastofnun.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hver voru vanskil lántakenda hjá Byggðastofnun 1. júlí 1998?
2. Hver eru vanskil lántakenda hjá Byggðastofnun sem tengjast útflutningi hrossa til Evrópu?
3. Eru einhver vanskil eldri en frá árinu 1995 miðað við 1. júlí? Ef svo er, hversu miklar fjárhæðir er um að ræða og hve margir aðilar eiga hlut að máli?
4. Hvaða vinnuaðferðum er beitt við innheimtu vanskila ef einhver eru?
5. Er sams konar innheimtuaðgerðum beitt við alla lántakendur?

Skriflegt svar óskast.

567. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Tekjugreinin og efnahagsforsendur.

Endurskoðuð tekjuáætlun ríkissjóðs gerir ráð fyrir að tekjurnar verði 3.708 millj. kr. hærri en í fjárlagafrumvarpinu vegna endurskoðaðra forsendna. Þar af nemur aukning skatttekna um 1.828 millj. kr. og sala eigna er talin skila 1.300 millj. kr. viðbótartekjum miðað við áætlun 1. október sl. Þá er reiknað með að tekjur af virðisaukaskatti muni verða um 400 millj. kr. umfram það sem áætlað var í fjárlagafrumvarpinu. Til viðbótar þessu eru nokkrir smærri tekjuliðir.

Framangreindur tekjuauki nægir til að fjárlög sýni tekjuafgang sem nemur um 2,5 milljörðum kr. Fyrir 2. umræðu fjárlaga var rætt um að þjóðhagsspá fjárlagafrumvarpsins yrði ekki breytt fyrir þá þriðju. Nú hefur spáin hins vegar verið endurskoðuð eins og áður segir og gerir hún m.a. ráð fyrir meiri einkaneyslu og minni samdrætti í fjárfestingu á árinu 1999 en sú fyrri. Þá er aukning í innflutningi nú talin verða tæpt 1% á næsta ári, en í fyrri spá var gert ráð fyrir óbreyttum innflutningi milli ára.

Tillögur um hækkun útgjalda eru í sögulegu hámarki og nema um 3,5 milljörðum kr. Við 2. umræðu fjárlaga 1999 lágu fyrir tillögur um hækkun útgjalda að fjárhæð um 1.748 millj. kr. Með tillögum meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar milli umræðna hafa bæst við ríflega 1.397,9 millj. kr. Í raun nemur þó hækkunin tæpum 1.700 millj. kr. þar sem 300 millj. kr. vaxtagjöld eru dregin frá. Samtals eru þetta því tillögur til aukningar gjalda upp á um 3,5 milljarða kr. eins og áður segir. Það mun vera staðreynd að aldrei áður hafi útgjaldahlið fjárlagafrumvarps hækkað svo mikið í meðförum nefndar svo að hér er um sögulegan atburð að ræða!

Minni hlutinn telur að í þjóðhagsáætluninni felist vanmat á innflutningi og fjárfestingu. Í því sambandi má nefna að innflutningur er talinn munu aukast um einungis 0,9% á árinu 1999 samanborið við 23,3% vöxt á yfirstandandi ári samkvæmt síðustu áætlun. Talið er að fjárfesting dragist saman um 5% samanborið við 23% vöxt í ár. Þessir þættir geta haft talsverð áhrif á tekjuhliðina, einkum þó síðari þátturinn í tengslum við tekjur af vörugjöldum. Þá telur minni hlutinn að með tilliti til þróunar síðustu mánaða séu tekjur af virðisaukaskatti ofáætlaðar um allt að 2 milljarða kr. á þessu ári. Fyrir þessari ofáætlun virðist hins vegar vera áætlað í tekjugrunni virðisaukaskattsins samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Þrátt fyrir ábendingar minni hlutans var á hinn bóginn ekki gerð samsvarandi leiðrétting í fjáraukalögum fyrir árið 1998.

Þrátt fyrir að áætlaðar tekjur af sölu eigna séu nú taldar verða um 1.300 millj. kr. hærri en samkvæmt frumvarpinu kann þessi tekjuliður enn að vera verulega rangt áætlaður. Þannig má benda á að ef til kemur að seldur verði um 33% hlutur í Landsbanka og Búnaðarbanka gæti sú sala gefið í kringum 3 milljarða kr. í viðbótartekjur á næsta ári að því gefnu að ríkisstjórnin selji hlutabréf ríkissjóðs á markaðsverði.

Tekjur ríkissjóðs hafa aldrei verið áætlaðar hærri, en þær nema 184,8 milljörðum kr. sem er hækkun um 9% milli ára. Staðan er hins vegar þannig að útlit er fyrir tap af reglulegri starfsemi ríkissjóðs ef eignasalan er tekin frá. Minni hlutinn telur að flestar þær breytingar sem tillögur hafa verið gerðar um til hækkunar tekna hafi í rauninni legið fyrir við framlagningu frumvarpsins.

Minni hlutinn bendir á mikilvægi þess að áætlanir um kaupmátt og þróun einkaneyslu séu byggðar á traustum forsendum, en þessir þættir eru ráðandi um tekjur af sköttum einstaklinga, virðisaukaskatti o.fl. Spár um þessa þætti hafa verið ótrúlega fjarri lagi á síðustu árum.

Þróunin 1998.

Ljóst er að þjóðhagsforsendur fjárlaga ársins 1998 hafa reynst fjarri lagi. Ef að líkum lætur mun einkaneysla aukast um 7 prósentustig umfram þjóðhagsforsendurnar, fjárfesting um tæp 22 prósentustig og innflutningur um rúm 17 prósentustig. Þá er nú spáð að ráðstöfunartekjur heimilanna aukist um tæp 4 prósentustig umfram það sem gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1998 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar um 165,8 milljarðar kr. á rekstrargrunni. Samkvæmt fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir að tekjurnar aukist um 9,1 milljarð kr. frá áætlun fjárlaga eða sem nemur 5,5%.

Þrátt fyrir að nú stefni í að tekjur ríkissjóðs á þessu ári verði verulega umfram það sem fjárlög áætluðu hefur ríkisstjórninni ekki tekist að skila ríkissjóði með afgangi. Þannig telur minni hlutinn að miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir verði rekstrarhalli á ríkissjóði á árinu 1998 að fjárhæð 9–10 milljarðar kr. Þennan halla má að stærstum hluta rekja til rekstrarvanda stóru sjúkrahúsanna sem ekki var að fullu leystur í fjáraukalögum, aukinna launaútgjalda, vanmats á lífeyrisskuldbindingum og ofmats á virðisaukaskatti eins og áður hefur verið getið.

Ríkisfjármál og hagstjórn.

Þrátt fyrir góðæri í þjóðarbúskapnum og stórauknar tekjur samfara því hefur ríkisstjórnin ekki náð tökum á hallarekstri ríkissjóðs. Fyrirliggjandi fjárlagatillögur fyrir næsta ár í aðdraganda kosninga gefa alls ekki vonir um að grundvallarbreytingar verði þar á.

Minni hlutinn telur að við núverandi aðstæður í efnahagslífinu sé brýnt að styrkja tekjugrundvöll ríkissjóðs og ná þannig fram tveimur markmiðum samtímis, þ.e. að draga úr hallarekstri ríkissjóðs og minnka viðskiptahallann við útlönd. Ef heldur fram sem horfir gæti reynst óhjákvæmilegt að grípa til gengisfellingar krónunnar til að létta á þeim þrýstingi sem þrálátur viðskiptahalli setur á gengið. Þjóðin þekkir af eigin reynslu afleiðingar slíkrar handaflsaðgerðar á verðbólgu, kaupmátt og samkeppnishæfi innlendra iðngreina.

Tekjugrundvöll ríkissjóðs má styrkja með virkara skatteftirliti og sérstökum aðgerðum gegn skattsvikum. Þá bendir minni hlutinn á að í góðæri er eðlilegt að sækja aukið fé til sameiginlegra þarfa til atvinnurekstrar með auknum sköttum og ekki síst með breyttum lagaákvæðum um frádrátt einstakra útgjalda frá tekjum. Þegar verr áraði fyrir nokkrum árum var sköttum létt af fyrirtækjum og skattbyrðin flutt yfir á almenning. Nú sýnist rétti tíminn til að snúa þeirri þróun við aftur. Í framhaldsnefndaráliti minni hlutans um fjárlagafrumvarp fyrir árið 1998 var í þessu sambandi sérstaklega bent á mögulega hækkun tryggingagjalds og tekjuskatts á fyrirtæki. Þá liggur fyrir að ónotuð yfirfæranleg rekstrartöp fyrirtækja skipta milljarðatugum og verður ríkissjóður af verulegum skatttekjum vegna þessa við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðarbúskapnum. Möguleg leið í því sambandi gæti falist í því að setja þrengri tímamörk en nú gilda um nýtingu yfirfæranlegs rekstrartaps. Staða atvinnurekstrar sem var slæm á árabilinu frá 1990 til 1995 er allt önnur nú en þá enda miklum álögum af honum létt. Nú er staða fyrirtækjanna með ágætum svo sem þarf að vera og því eðlilegt að þau leggi fram fjármuni til sameiginlegra þarfa í formi skatta og með breyttum lagaákvæðum um frádrátt frá tekjum.

Minni hlutinn leggur því til að tryggingagjald verði hækkað um 0,5 prósentustig og þannig verði aflað um 1,5 milljarða kr. viðbótartekna. Enn fremur er ekki ósanngjarnt að leggja til að skatthlutfall fyrirtækja hækki í áföngum í 39%. Á næsta ári gætu komið til framkvæmda 2,5% af framangreindri hækkun. Það mundi hafa í för með sér um 500 millj. kr. viðbótartekjur í ríkissjóð. Á heildina tekið mundu framangreindar tillögur því skila um 2 milljörðum kr.

Ástæða er til að ítreka fyrri ábendingar um að heimildir til notkunar rekstrartapa eru afar rúmar og þurfa endurskoðunar við. Benda má á að eftir gífurlegan gróða bankanna síðastliðin ár hafa þeir getað nýtt sér þessar rúmu heimildir sínar til frádráttar vegna uppsafnaðra tapa.

Minni hlutinn telur ástæðu til að skattar verði lagðir á vegna sérstaks söluhagnaðs aflaheimilda þegar verið er að færa fjármagn út úr atvinnugreininni. Minni hlutinn telur einnig ríka ástæðu til að kanna hversu mikið fjármagn hefur verið flutt úr landi til varðveislu í bönkum í öðrum löndum, en mikil umræða er í þjóðfélaginu um slíka flutninga á fjármunum.

Minni hlutinn bendir á að þegar vel árar er brýnt að nota tækifærið til að byggja upp til að geta mætt þeim tíma þegar halla tekur undan fæti. Ætla má að samdráttarskeið geti verið fram undan þrátt fyrir tímabundið hátt fiskverð. Fiskbirgðir eru að safnast upp í Evrópu og Asíu og útflutningur á Bandaríkjamarkað hefur staðið í stað. Því eru blikur fram undan sem taka verður tillit til. Útgjöld ríkisins hafa vaxið í réttu hlutfalli eða því sem næst við tekjuaukningu undanfarinna ára. Það mun reynast örðugt að draga úr útgjöldum þegar þrengra verður í búi. Eina skynsamlega leiðin er sú að auka tekjur til þess að greiða niður skuldir, ekki síst á þeim tímum þegar hagvöxtur er með þeim hætti sem hér hefur ríkt og verður að líkindum næsta ár.

Lántökur, ríkisábyrgðir og endurlán.

Samkvæmt 5. gr. frumvarps til fjárlaga ársins 1999 var gert ráð fyrir lántökum að upphæð 11,6 milljarðar kr., en sú upphæð er lækkuð í 2 milljarða kr. nú við 3. umræðu. Ástæða þess-

arar breyttu stöðu er að frestað hefur verið greiðslum erlendra skulda og þess vegna mun nú vera fyrir hendi um 6 milljarða kr. inneign ríkissjóðs í Seðlabankanum. Einnig má vísa til endurgreiðslu skulda Landsvirkjunar til ríkissjóðs að upphæð 3,5 milljarðar kr. Þá er gert ráð fyrir 2.825 milljarða kr. viðbótarframlagi úr ríkissjóði sem er áætlað að endurlána þannig að alls er um að ræða 4.825 milljarða kr. lánafyrirgreiðslu til einstakra stofnana á vegum ríkisins.

Stofnunum og sjóðum á vegum ríkisins eru auk þess heimilaðar lántökur að upphæð 47,6 milljarðar kr. þannig að samtals eru heimilaðar lántökur sem nema 59,2 milljörðum kr. Ástæða hefði verið til að beita öflugu aðhaldi varðandi þessar lántökur og tengja þær heimildir sölu eigna ríkisins. Áætlun um sölu eigna á árinu 1998 var 7 milljarðar kr. Sú áætlun gekk ekki eftir, heldur nam sala eigna 5 milljörðum kr. á þessu ári. Ítrekuð er sú skoðun að sala eigna eigi að ganga beint til greiðslu skulda. Hins vegar er ljóst að ef hagnaður af sölu eigna er nýttur þannig en ekki varið til gjalda í A-hluta verður sýnilegur halli á ríkissjóði á næsta ári.

Tillaga til þingsályktunar um byggðamál.

Þrátt fyrir gagnrýni minni hlutans á ýmsa þætti ríkisfjármálanna er almennur stuðningur við þau áform sem felast í tillögum um aðgerðir í byggðamálum sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi. Nauðsynlegt er að spyrna við fótum gegn þeirri þróun sem verið hefur í fólksflutningum af landsbyggðinni til þéttbýlissvæða. Margvíslegar ástæður hafa leitt til ríkjandi ástands. Þar má fyrst nefna ótrúlegt andvaraleysi ríkisstjórnar gagnvart afleiðingum af stjórnunarkerfi fiskveiða, þ.e. stórfelldri tilfærslu veiðiheimilda frá einum landshluta til annars. Þessi þróun hefur haft það í för með sér að byggðir hafa bókstaflega hrunið í efnahagslegu tilliti og í kjölfar þess hefur orðið félagslegt hrun ásamt tilheyrandi lakara þjónustustigi. Þá er skortur á kennurum, læknum og hjúkrunarfólki orðinn mikið vandamál víða á landsbyggðinni. Þessu til viðbótar, og líklega veigamesti þátturinn, er mikill kostnaður við orkukaup heimilanna, en samkvæmt rannsóknum er hann ein helsta ástæða byggðaröskunar. Minni hlutinn styður tillögu um 300 millj. kr. til þátttöku í stofnun eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni sem fyrir liggur.

Áfangi í átt til réttlætis.

Minni hlutinn hefur lagt fram nákvæm gögn um mismunun gagnvart þeim sem búa við lök kjör aldraðra, öryrkja og fatlaðra, bæði einstaklingum og hjónum. Eftir ítrekaðar sanngirniskröfur um leiðréttingar hafa þeir loks öðlast nokkurn skilning sem fram kemur í lítils háttar hækkun bóta og frítekjumarks á næsta ári. Þó vantar verulega á að mætt sé þeirri sanngirniskröfu að þeir sem búa við þessi kjör fái þær hækkanir sem þeim ber með tilliti til vísitölu meðaltalslauna, hvað þá ef miðað er við umsamin lægstu laun.

Hækkun grunnlífeyris um 0,35% til þeirra sem hér um ræðir er til skammar og er langt frá því að nægja til að jafna þann mismun sem er á grunnlífeyri þessara hópa miðað við meðaltalslaunavísitölu. Þegar ríkisstjórn vísar til heimilisuppbóta og sérstakra heimilisuppbóta gleymist hversu örðugt aðgengi er að upplýsingum til viðkomandi aðila þar að lútandi. Margir vita ekki um rétt sinn til þessara greiðslna og þær fást ekki nema með ærinni fyrirhöfn. Hafa margir einfaldlega guggnað á því að ná rétti sínum til slíkra greiðslna. Minni hlutinn telur að til að rétta hlut þessa fólks verði að taka upp tryggingakerfið frá grunni. Öll frávik þarf að rannsaka nákvæmlega ef um sérstakar aðstæður er að ræða, þ.e. kostnað umfram eðlilega viðmiðun.

Tillögur minni hlutans.

Áður hefur verið gerð grein fyrir tillögum minni hlutans við þessa umræðu um hækkun tryggingagjalds og skatta á lögaðila. Þá leggur minni hlutinn fram tillögur um sérstakar greiðslur til hækkunar grunnlífeyris aldraðra, öryrkja og fatlaðra um 476 millj. kr. vegna mismunar á meðaltalsvísitölu launa og þess sem hefur verið greitt til þeirra. Með tillögum meiri hlutans er ljóst að aðeins er mætt hluta þessara krafna eða sem nemur 75 millj. kr. Því gerir minni hlutinn tillögu um að 401 millj. kr. verði varið til hækkunar grunnlífeyris til þessara aðila. Það er algjör óhæfa að ríkisstjórnin skuli ekki fara eftir þeim viðmiðunarmörkum sem hún hefur sjálf sett. Minni hlutinn bendir á að vegna atvinnuaukningar virðast ætla að sparast 230 millj. kr. í atvinnuleysisbótum og minni hlutinn hefur þar að auki lagt til og bent á tekjuauka sem verja má hluta af til að rétta af þá ósanngirni sem hér á sér stað. Að auki gerir minni hluti fjárlaganefndar tillögu um að 14 millj. kr. verði varið til að útrýma biðlistum heyrnarskertra sem nú sitja heima í einangrun og einmanaleika vegna miskunnarleysis ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem gumar af „sólskinsfjárlögum“ í „góðæri aldarinnar“.

Alþingi, 18. des. 1998.

Gísli S. Einarsson, frsm.	Kristín Halldórsdóttir.	Sigríður Jóhannesdóttir.

568. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Við 7. gr. Við bætist nýr liður:

1.9 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af rafbílum og öðrum farartækjum sem nýta innlenda orku.

569. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **01-211 Þjóðhagsstofnun**			
1.02 Grænir þjóðhagsreikningar	0,0	3,0	3,0
Greitt úr ríkissjóði	*63,0*	*3,0*	*66,0*

570. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
a. 6.59 Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, hönnun og undirbúningur (Nýheimar)	0,0	20,0	20,0
b. *6.59, til vara*	0,0	8,0	8,0
2. Við **02-999 Ýmislegt**			
6.94 Pakkhúsið á Höfn, endurbygging	0,0	4,0	4,0

571. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.64 Þjóðgarðar á miðhálendinu, undirbúningur ...	0,0	3,0	3,0
2. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
5.02 Breytingar á rekstri þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum	0,0	17,0	17,0
3. Við **14-301 Skipulagsstofnun**			
1.13 Svæðis- og aðalskipulag, samningsbundin og ný verkefni	0,0	70,0	70,0

Greinargerð.

Vísað er til álits frá minni hluta umhverfisnefndar um frumvarp til fjárlaga (fylgiskjal XIII á þskj. 438, bls. 36–38) til skýringar á 2.–5. tölul.

572. Svar [329. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um færslu aflaheimilda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið var flutt af aflaheimildum milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1997 til 31. ágúst 1998:

a. heildarmagn hverrar fisktegundar,

b. flutningur til og frá hverri verstöð?

Svar við fyrirspurninni kemur fram í eftirfarandi töflum:

Tafla 1. Heildarflutningur aflamarks og þorskaflahámarks.

Tafla 2. Heildarflutningur á aflahlutdeild milli fiskiskipa.

Tafla 3. Heildarflutningur aflamarks milli skipa eftir heimahöfnum.

Tafla 4. Heildarflutningur á aflahlutdeild milli skipa eftir heimahöfnum.

Tafla 5. Flutningur þorskaflahámarks milli krókabáta eftir heimahöfnum.

Tafla 6. Flutningur varanlegs þorskaflahámarks (hlutdeild í þorskaflahámarki) milli krókabáta eftir heimahöfnum.

Tafla 1. Flutningur aflamarks og þorskaflahámarks milli skipa á fiskveiðiárinu 1. september 1997 til 31. ágúst 1998.
Undanskilinn er flutningur á aflamarki í úthafskarfa og rækju á Flæmingjagrunni.

	Heildarflutningur aflamarks					Heildarflutningur þorskaflahámarks					
Tegund	**A**	**B**	**C**	**D**	**Samtals**	**N**	**O**	**P**	**T**	**Samtals**	**Alls**
Þorskur	38.180	19.036	6.171	49.675	113.062	66	852	2.466	1.771	5.155	**116.292**
Ýsa	11.809	4.231	3.041	9.967	29.047						**29.047**
Ufsi	11.089	3.833	2.358	9.387	26.667						**26.667**
Karfi	24.067	3.523	3.561	9.883	41.033						**41.033**
Steinbítur	2.721	2.760	419	4.398	10.297						**10.297**
Grálúða	5.325	444	1.510	2.452	9.731						**9.731**
Skarkoli	2.305	1.875	1.023	3.715	8.917						**8.917**
Langlúra	147	137	125	152	562						**562**
Sandkoli	621	927	534	744	2.826						**2.826**
Skrápflúra	452	760	543	550	2.305						**2.305**
Síld	24.697	25.972	18.137	35.351	104.157						**104.157**
Loðna	96.441	31.680	7.433	77.974	213.528						**213.528**
Humar	27	102	21	154	305						**305**
Úthafsrækja	23.575	10.326	6.351	25.250	65.501						**65.501**
Hörpudiskur	505	1.972	0	470	2.947						**2.947**
Innfjarðarrækja	277	382	0	98	758						**758**
Alls þorskígildi:	**129.987**	**54.480**	**29.668**	**128.052**	**342.187**	**66**	**852**	**2.466**	**1.771**	**5.155**	**345.417**

Allar tölur miðast við lestir. Tölur fyrir botnfisktegundir miðast við slægðan fisk.

Skýringar:

Flokkur A: Flutningur á aflamarki milli skipa innan sömu útgerðar.
Flokkur B: Flutningur á aflamarki milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð.
Flokkur C: Flutningur á aflamarki milli skipa miðað við jöfn skipti.
Flokkur D: Flutningur á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð.
Flokkur N: Flutningur á þorskaflahámarki milli krókabáta í eigu sama aðila.
Flokkur O: Flutningur á þorskaflahámarki milli krókabáta sem gerðir eru út frá sömu verstöð.
Flokkur P: Flutningur á þorskaflahámarki milli krókabáta sem ekki eru gerðir út frá sömu verstöð.
Flokkur T: Flutningur á þorskaflahámarki milli krókabáta (óflokkað).

Miðað er við þorskígildisstuðla fyrir fiskveiðiárið 1997/1998.

Tafla 2. Heildarflutningur á aflahlutdeild milli fiskiskipa á fiskveiðiárinu 1997/1998.
Undanskilinn er flutningur á aflahlutdeild í úthafskarfa og rækju á Flæmingjagrunni.

Tegund	Aflahlutdeild
Þorskur	31,3
Ýsa	27,9
Ufsi	28,8
Karfi	30,6
Steinbítur	43,0
Grálúða	34,7
Skarkoli	24,8
Langlúra	9,9
Sandkoli	20,9
Skrápflúra	23,7
Síld	28,8
Loðna	20,0
Humar	19,2
Úthafsrækja	44,4
Breiðafjarðarskel	5,7
Húnaflóaskel	75,0
Skel í Djúpi	25,0
Húnaflóarækja	20,7
Rækja í Djúpi	20,9
Rækja í Skjálfanda	33,3
Eldeyjarrækja	15,4

Aflahlutdeild miðast við prósentur af úthlutuðu heildaraflamarki.
Um veltutölur er að ræða þannig að ef sömu aflahlutdeildirnar hafa verið fluttar milli skipa oftar en einu sinni eru þær taldar í hvert sinn sem þær eru fluttar.

Tafla 3. Heildarflutningur aflamarks milli skipa eftir heimahöfnum á fiskveiðiárinu 1997/1998.

Flutningur skráist á þá heimahöfn sem skip tilheyra þegar flutningur á sér stað. Flutningur á aflamarki í úthafskarfa og rækju á Flæmingjagrunni er undanskilinn.
Meðtaldir eru allir flokkar aflamarksflutnings (A, B, C og D). Miðað er við þorskígildisstuðla fyrir fiskveiðiárið 1997/1998.

Heimahöfn		Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Skel	Innfj.-rækja	Alls þorskígildi
Vestmannaeyjar	Til	6.759	3.939	3.386	4.443	1.147	131	1.235	180	127	206	21.052	49.844	64	263	0	0	25.437
	Frá	-5.564	-2.420	-3.333	-2.897	-808	-154	-1.069	-108	-99	-92	-23.943	-41.298	-82	-1.268	0	0	-22.185
	Mismunur	1.195	1.519	53	1.546	339	-22	166	72	28	114	-2.891	8.546	-17	-1.005	0	0	3.252
Stokkseyri	Til	357	57	32	191	9	0	5	27	0	138			12	0	0	0	816
	Frá	-202	-55	-35	-117	0	0	-27	0	-45	0	0	0	-6	0	0	0	-474
	Mismunur	155	2	-3	74	9	0	-23	27	-45	138	0	0	6	0	0	0	342
Eyrarbakki	Til	517	43	356	1	2	0	88	3	2	1			7	40	0	0	995
	Frá	-158	-65	-234	-4	0	0	-117	0	0	0	0	0	-1	-40	0	0	-562
	Mismunur	359	-22	122	-3	2	0	-29	3	2	1	0	0	6	0	0	0	432
Þorlákshöfn	Til	2.686	518	681	810	210	42	288	90	197	521			100	1.876	0	0	8.559
	Frá	-1.881	-926	-874	-2.864	-135	-262	-628	-240	-631	-331	0	0	-45	-1.047	0	0	-9.489
	Mismunur	805	-408	-193	-2.054	75	-220	-340	-149	-434	190	0	0	55	829	0	0	-930
Grindavík	Til	17.374	2.474	2.417	2.726	894	743	452	33	243	122	14.293	8.697	16	2.450	0	0	31.870
	Frá	-13.284	-1.946	-3.146	-1.500	-1.024	-162	-567	-51	-239	-150	-14.237	-7.780	-28	-3.587	0	0	-27.123
	Mismunur	4.090	527	-729	1.226	-130	582	-115	-17	4	-28	56	917	-12	-1.137	0	0	4.747
Sandgerði	Til	2.194	399	376	1.113	90	0	152	17	298	73	1.000	3.220	20	814	0	0	5.604
	Frá	-1.482	-733	-379	-258	-136	-192	-179	-12	-180	-74	-400	-10.410	-16	-1.341	0	0	-6.029
	Mismunur	712	-334	-3	855	-46	-192	-26	5	117	-1	600	-7.190	4	-528	0	0	-426
Garður	Til	6.821	1.076	2.977	1.108	490	0	325	54	482	179	1.797		13	972	0	0	13.277
	Frá	-3.158	-803	-1.760	-686	-370	0	-462	-38	-379	-108	-4.059	0	-3	-1.468	0	0	-9.021
	Mismunur	3.663	272	1.217	423	120	0	-137	16	103	71	-2.262	0	10	-496	0	0	4.256
Keflavík	Til	5.457	792	759	37	125	63	85	0	194	52	4.796		0	440	0	1	8.362
	Frá	-2.778	-1.031	-632	-1.067	-83	-45	-202	-26	-200	-195	-4.374	-16.261	-14	-1.044	0	-1	-8.545
	Mismunur	2.679	-239	127	-1.030	42	19	-117	-25	-6	-143	422	-16.261	-14	-604	0	0	-183
Njarðvík	Til	130	12	13	0	0	0	0	0	0	0			0	0	0	0	149
	Frá	-34	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-34
	Mismunur	96	12	13	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	116
Vogar	Til	1.624	333	544	161	4	0	45	14	268	48			0	0	0	0	2.695
	Frá	-814	-235	-131	-4	-8	-1	-155	-5	-497	-71	0	0	0	-50	0	0	-1.791
	Mismunur	809	98	413	157	-4	-1	-110	9	-229	-23	0	0	0	-50	0	0	905
Hafnarfjörður	Til	2.375	460	735	1.618	289	111	136	10	36	20	1.040	2.000	5	421	0	0	5.913
	Frá	-1.611	-749	-536	-1.882	-305	-245	-134	-2	-30	-86	0	-7.029	-1	-603	0	0	-6.231
	Mismunur	764	-289	199	-265	-15	-135	2	9	6	-66	1.040	-5.029	3	-182	0	0	-318
Seltjarnarnes	Til	40	0	0	15	0	0	0	0	0	1			0	0	0	0	51
	Frá	-30	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-30
	Mismunur	10	0	0	15	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	21
Reykjavík	Til	6.725	2.019	3.728	7.363	298	776	516	38	591	33	5.299	6.018	1	4.131	0	0	25.308
	Frá	-4.920	-1.835	-2.525	-4.340	-205	-602	-743	-12	-91	-288	-2.947	-3.539	-7	-2.171	0	-3	-17.327
	Mismunur	1.804	184	1.202	3.023	93	174	-227	26	500	-254	2.352	2.479	-6	1.960	0	-3	7.981

Heimahöfn		Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Skel	Innfj.-rækja	Alls þorskígildi
Akranes	Til	2.180	493	397	2.147	55	999	85	0	38	9	2.268	2.690	0	1.663	0	0	9.420
	Frá	-1.491	-945	-432	-1.485	-113	-471	-112	-1	-78	-21	-2.079	-10.416	0	-2.659	0	0	-9.227
	Mismunur	689	-453	-34	663	-58	528	-27	-1	-40	-12	189	-7.726	0	-996	0	0	193
Arnarstapi	Til	135	0	5	0	0	0	1	0	0	0			0	0	0	0	139
	Frá	-88	-8	-4	0	-1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-99
	Mismunur	47	-8	2	0	-1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	41
Hellnar	Til	0	0	0	0	4	0	0	0	0	0			0	0	0	0	3
	Frá	-3	0	0	0	-9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-11
	Mismunur	-3	0	0	0	-5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-8
Hellissandur	Til	444	305	159	16	44	0	161	0	75	0			0	230	0	0	1.413
	Frá	-491	-299	-17	-17	-119	-23	-59	0	-78	-13	0	0	0	-239	0	0	-1.382
	Mismunur	-47	6	142	-1	-75	-23	103	0	-2	-13	0	0	0	-9	0	0	31
Rif	Til	1.216	509	209	193	639	157	269	0	0	0			0	46	0	0	3.252
	Frá	-2.636	-760	-619	-201	-854	-280	-195	-4	0	-6	0	0	0	-480	0	0	-6.081
	Mismunur	-1.419	-251	-410	-7	-215	-122	74	-4	0	-6	0	0	0	-434	0	0	-2.829
Ólafsvík	Til	2.111	198	49	13	83	1	373	19	10	11			0	1.514	11	0	4.727
	Frá	-1.839	-345	-336	-675	-184	-99	-122	0	-50	-2	-2.252	0	0	-996	0	0	-4.893
	Mismunur	272	-147	-288	-661	-102	-98	251	19	-39	9	-2.252	0	0	518	11	0	-166
Grundarfjörður	Til	1.468	733	153	1.174	477	13	62	1	1	6			0	462	594	0	4.400
	Frá	-1.634	-517	-302	-869	-123	-96	-85	0	-4	-35	0	0	-13	-1.484	-606	0	-5.533
	Mismunur	-166	216	-149	305	354	-82	-23	0	-3	-29	0	0	-13	-1.022	-11	0	-1.133
Stykkishólmur	Til	534	123	22	48	24	0	61	0	0	1			0	846	1.419	0	2.379
	Frá	-1.250	-183	-39	-52	-24	0	-35	0	0	-1	0	0	0	-548	-1.491	0	-2.809
	Mismunur	-716	-60	-17	-4	-1	0	26	0	0	0	0	0	0	297	-72	0	-430
Brjánslækur	Til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Frá	-13	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-13
	Mismunur	-13	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-13
Patreksfjörður	Til	2.505	439	5	14	648	0	628	0	31	0			0	651	0	0	5.032
	Frá	-716	-223	-62	-40	-513	-8	-312	-8	-74	-69	0	0	0	-427	0	-85	-2.535
	Mismunur	1.790	215	-57	-26	136	-8	315	-8	-43	-69	0	0	0	224	0	-85	2.497
Tálknafjörður	Til	908	126	57	13	27	0	84	2	2	29			3	0	0	0	1.252
	Frá	-773	-37	-118	-33	-92	-1	-57	-3	0	-36	0	0	0	0	-270	0	-1.185
	Mismunur	136	89	-61	-19	-64	-1	27	-1	2	-7	0	0	3	0	-270	0	66
Bíldudalur	Til	801	208	31	58	419	0	71	0	3	4			0	365	31	46	1.999
	Frá	-399	-58	-9	-23	-103	0	-83	0	-25	-7	0	0	0	-28	-31	-46	-786
	Mismunur	401	150	22	35	317	0	-13	0	-22	-3	0	0	0	337	0	0	1.213
Þingeyri	Til	254	158	145	314	214	170	103	1	13	16			0	520	0	0	2.066
	Frá	-383	-200	-165	-178	-207	-35	-37	-1	-27	-14	0	0	0	-46	0	0	-1.185
	Mismunur	-129	-42	-20	136	8	135	66	0	-15	2	0	0	0	474	0	0	881
Flateyri	Til	954	128	107	169	155	30	66	3	0	41			5	80	0	0	1.713
	Frá	-1.116	-308	-116	-166	-837	-30	-69	-1	0	0	0	0	-3	0	0	0	-2.466
	Mismunur	-162	-179	-9	4	-682	0	-3	2	0	41	0	0	2	80	0	0	-753

Heimahöfn		Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Skel	Innfj.-rækja	Alls þorskígildi
Suðureyri	Til	257	57	8	5	0	0	0	0	0	0			0	0	0	0	322
	Frá	-414	-42	-3	0	-173	0	-19	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-619
	Mismunur	-157	15	5	5	-173	0	-19	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-297
Bolungarvík	Til	2.065	691	123	268	283	116	123	3	0	5			7	2.303	0	77	6.591
	Frá	-4.225	-991	-571	-1.244	-625	-563	-208	-1	0	0	0	0	-1	-2.497	0	-34	-11.582
	Mismunur	-2.160	-301	-448	-975	-342	-447	-85	2	0	5	0	0	5	-194	0	43	-4.991
Hnífsdalur	Til	535	751	78	264	165	64	163	0	0	0	222		0	43	0	0	2.076
	Frá	-145	-10	-211	-581	-27	-235	-2	0	0	0	0	0	0	-213	0	0	-1.533
	Mismunur	390	741	-133	-317	138	-171	161	0	0	0	222	0	0	-171	0	0	543
Ísafjörður	Til	3.367	958	382	1.086	1.453	443	249	7	3	8	220		8	2.555	0	166	11.219
	Frá	-4.749	-598	-447	-1.528	-1.049	-557	-374	-3	-3	-9	-2.347	0	-2	-4.548	0	-208	-15.332
	Mismunur	-1.382	360	-65	-443	404	-114	-124	4	0	-1	-2.127	0	6	-1.993	0	-42	-4.113
Súðavík	Til	308	153	2	1	61	562	37	0	0	0			0	714	0	97	2.879
	Frá	-632	-216	-79	-634	-45	-97	-25	0	0	0	0	0	0	-1.048	0	-13	-2.909
	Mismunur	-324	-63	-77	-633	16	465	13	0	0	0	0	0	0	-333	0	84	-30
Djúpavík	Til	9	0	0	0	0	0	0	0	0	0			0	0	248	0	108
	Frá	-19	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-19
	Mismunur	-10	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	248	0	90
Drangsnes	Til	43	0	2	0	0	2	16	0	0	0			0	226	0	115	477
	Frá	-217	-6	-6	0	0	-3	-11	0	-1	0	0	0	0	-322	0	-96	-750
	Mismunur	-174	-6	-4	0	0	-2	5	0	-1	0	0	0	0	-96	0	20	-272
Hólmavík	Til	184	45	97	42	17	61	0	4	0	0			0	1.046	0	28	1.772
	Frá	-1.511	-182	-278	-316	-56	-226	-52	-10	-3	-1	0	0	0	-780	0	-44	-3.737
	Mismunur	-1.327	-138	-181	-274	-39	-165	-52	-5	-3	-1	0	0	0	267	0	-17	-1.965
Hvammstangi	Til	154	2	0	0	2	50	8	0	0	0			0	1.726	200	0	2.440
	Frá	-396	-142	-39	-107	-12	-50	-57	0	-1	-1	0	0	0	-1.000	0	0	-2.036
	Mismunur	-242	-140	-38	-107	-10	0	-49	0	-1	-1	0	0	0	726	200	0	404
Blönduós	Til	0	311	68	99	0	20	0	0	0	0			0	825	70	0	1.489
	Frá	-241	-399	-173	-116	0	-55	-36	0	0	0	0	0	0	-1.416	-280	0	-2.812
	Mismunur	-241	-88	-104	-17	0	-35	-36	0	0	0	0	0	0	-591	-210	0	-1.324
Skagaströnd	Til	1.834	544	262	538	83	304	159	0	0	1	1.109		0	2.672	375	1	7.390
	Frá	-3.116	-980	-655	-1.342	-82	-439	-231	0	0	-1	-1.109	0	-5	-1.906	-270	-1	-9.399
	Mismunur	-1.282	-436	-392	-804	1	-136	-72	0	0	0	0	0	-5	766	105	0	-2.009
Sauðárkrókur	Til	3.288	834	602	1.570	327	206	176	0	0	0			0	3.029	0	0	10.184
	Frá	-3.132	-861	-532	-2.222	-93	-490	-61	0	0	0	-1.353	0	-3	-1.921	0	0	-9.685
	Mismunur	156	-27	69	-651	234	-284	115	0	0	0	-1.353	0	-3	1.108	0	0	498
Hofsós	Til	101	25	0	0	1	0	132	0	0	0			0	0	0	0	285
	Frá	-122	-25	-2	0	-25	0	-28	0	-2	0	0	0	0	0	0	0	-204
	Mismunur	-21	1	-2	0	-24	0	104	0	-2	0	0	0	0	0	0	0	81
Haganesvík	Til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Frá	-9	0	-5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-12
	Mismunur	-9	0	-5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-12

Heimahöfn		Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Skel	Innfj.-rækja	Alls þorskígildi
Siglufjörður	Til	458	52	33	378	23	24	97	0	1	2			0	6.357	0	0	8.616
	Frá	-4.052	-534	-481	-1.356	-54	-278	-117	0	-1	-2	0	0	0	-5.432	0	0	-13.193
	Mismunur	-3.594	-482	-448	-978	-31	-254	-20	0	0	0	0	0	0	925	0	0	-4.576
Ólafsfjörður	Til	2.324	668	531	178	46	856	325	0	0	26		3.335	0	4.255	0	0	11.239
	Frá	-2.565	-623	-906	-1.530	-81	-415	-344	0	0	-8	-486	0	0	-1.239	0	0	-7.825
	Mismunur	-240	45	-375	-1.352	-34	441	-19	0	0	18	-486	3.335	0	3.015	0	0	3.414
Grímsey	Til	56	3	12	0	0	0	76	0	0	0			0	0	0	0	157
	Frá	-393	0	-41	0	-8	0	-48	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-482
	Mismunur	-337	3	-28	0	-8	0	28	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-325
Hrísey	Til	0	10	2	3	0	0	3	0	0	0			0	1.811	0	0	2.189
	Frá	-609	-84	-70	-16	-33	-1	-20	0	-1	-1	0	0	0	-365	0	0	-1.239
	Mismunur	-609	-75	-68	-14	-33	-1	-18	0	-1	-1	0	0	0	1.446	0	0	950
Dalvík	Til	1.349	854	563	1.130	148	284	52	0	0	0	788	14.185	0	1.134	0	0	6.500
	Frá	-2.716	-803	-761	-910	-108	-163	-115	-1	0	-2	-1.416	-3.457	0	-949	0	0	-6.828
	Mismunur	-1.367	-29	-198	220	40	120	-63	-1	0	-2	-628	10.728	0	185	0	0	-328
Árskógssandur	Til	876	114	102	30	3	0	99	1	0	2	1.616	3.762	0	958	0	0	2.766
	Frá	-974	-172	-253	-28	-16	-5	-145	-2	0	0	-329	0	0	-363	0	0	-1.996
	Mismunur	-98	-58	-151	2	-14	-5	-47	0	0	2	1.287	3.762	0	595	0	0	770
Hauganes	Til	20	0	0	0	0	0	0	0	0	0			0	25	0	0	49
	Frá	-284	-11	-16	-6	0	-1	-6	0	0	0	0	0	0	-24	0	0	-346
	Mismunur	-265	-11	-16	-6	0	-1	-6	0	0	0	0	0	0	1	0	0	-297
Hjalteyri	Til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Frá	-3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-3
	Mismunur	-3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-3
Akureyri	Til	9.932	1.515	1.461	4.874	240	1.754	432	0	2	2	6.469	28.028	0	3.789	0	0	27.664
	Frá	-9.468	-1.911	-1.447	-6.713	-199	-1.562	-375	0	0	0	-3.059	-14.884	0	-7.966	0	0	-32.125
	Mismunur	464	-396	14	-1.839	41	192	57	0	2	2	3.410	13.144	0	-4.177	0	0	-4.461
Svalbarðsströnd	Til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			0	0	0	0	0
	Frá	-5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-5
	Mismunur	-5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-5
Grenivík	Til	1.927	556	584	305	50	2	11	2	1	1	232	520	0	587	0	0	3.871
	Frá	-1.493	-253	-276	-152	-17	-43	-38	0	-4	-6	-1.353	0	-11	-984	0	0	-3.625
	Mismunur	433	303	308	153	33	-42	-27	2	-4	-5	-1.121	520	-11	-398	0	0	245
Húsavík	Til	2.464	674	495	383	131	291	158	4	0	9	222	3.351	1	4.612	0	226	10.749
	Frá	-4.043	-1.138	-672	-517	-149	-447	-306	-11	-1	-8	-2.474	-469	-4	-4.976	0	-226	-14.132
	Mismunur	-1.579	-464	-177	-134	-18	-156	-148	-7	-1	0	-2.252	2.882	-3	-363	0	0	-3.383
Kópasker	Til	4	3	0	0	0	0	20	0	0	0			0	0	0	0	31
	Frá	-28	-2	-3	-1	0	0	-15	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-49
	Mismunur	-23	1	-3	-1	0	0	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-18
Raufarhöfn	Til	329	46	36	20	7	0	7	5	109	21	1.123	1.881	13	2.192	0	0	3.514
	Frá	-2.122	-269	-193	-51	-66	-95	-11	0	0	-31	0	0	-1	-2.378	0	0	-5.720
	Mismunur	-1.792	-224	-157	-31	-59	-95	-4	5	109	-10	1.123	1.881	12	-186	0	0	-2.206

Heimahöfn		Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Skel	Innfj.-rækja	Alls þorskígildi
Þórshöfn	Til	1.008	157	439	152	15	149	194	0	0	1	3.668	24.512	0	887	0	0	5.111
	Frá	-2.301	-302	-365	-271	-12	-266	-64	0	-5	-12	-4.841	-19.479	0	-1.093	0	0	-6.811
	Mismunur	-1.294	-146	74	-119	3	-117	130	0	-5	-11	-1.173	5.033	0	-206	0	0	-1.700
Bakkafjörður	Til	70	41	10	0	1	0	14	0	0	0			0	0	0	0	135
	Frá	-448	-29	0	-1	-1	0	-5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-485
	Mismunur	-378	12	9	-1	0	0	9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-350
Vopnafjörður	Til	691	216	41	1.488	23	237	63	0	0	0	5.604	10.763	0	211	0	0	4.208
	Frá	-2.100	-411	-155	-274	-35	-88	-84	0	0	0	-2.920	-6.093	0	0	0	0	-3.851
	Mismunur	-1.409	-195	-113	1.214	-12	149	-21	0	0	0	2.684	4.670	0	211	0	0	356
Borgarfjörður Eys	Til	82	12	0	0	24	0	1	0	0	0			0	0	0	0	114
	Frá	-175	-71	-1	0	-6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-251
	Mismunur	-94	-59	-1	0	18	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-137
Seyðisfjörður	Til	367	486	284	246	103	65	27	0	0	0			0	60	0	0	1.538
	Frá	-217	-34	0	-23	-1	0	0	0	0	0	0	0	0	-60	0	0	-340
	Mismunur	150	452	284	223	102	64	27	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.197
Mjóifjörður	Til	3	1	0	0	0	0	0	0	0	0			0	0	0	0	3
	Frá	-48	-4	-1	0	0	0	-12	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-67
	Mismunur	-46	-3	-1	0	0	0	-12	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-64
Neskaupstaður	Til	1.585	733	492	559	110	261	261	0	1	0	8.529	25.889	0	1.634	0	0	8.569
	Frá	-2.164	-557	-278	-325	-51	-396	-141	0	-2	-4	-4.725	-46.518	0	-1.342	0	0	-9.248
	Mismunur	-580	176	214	235	58	-135	120	0	-1	-4	3.804	-20.629	0	292	0	0	-679
Eskifjörður	Til	538	197	194	181	26	223	95	0	0	1	2.687	18.876	0	2.240	0	0	5.793
	Frá	-1.272	-325	-336	-323	-39	-256	-16	0	-10	-6	-3.600	-24.082	0	-2.337	0	0	-7.383
	Mismunur	-734	-128	-142	-142	-13	-33	80	0	-10	-5	-913	-5.206	0	-97	0	0	-1.590
Reyðarfjörður	Til	479	218	348	300	10	95	0	0	0	0			0	0	0	0	1.351
	Frá	-83	0	0	-90	-8	-52	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-277
	Mismunur	396	218	348	210	2	43	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.074
Fáskrúðsfjörður	Til	1.837	681	692	2.213	45	155	12	0	0	0	2.218		0	103	0	0	5.295
	Frá	-1.407	-361	-199	-209	-56	-34	-5	0	0	0	-1.876	0	0	-103	0	0	-2.514
	Mismunur	430	320	494	2.004	-11	122	7	0	0	0	342	0	0	0	0	0	2.781
Stöðvarfjörður	Til	1.300	569	290	569	20	10	3	0	0	0	2.767	4.656	0	100	0	0	3.216
	Frá	-662	-216	-35	-100	-45	-13	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-1.037
	Mismunur	638	353	255	469	-25	-4	3	0	0	0	2.767	4.656	0	100	0	0	2.179
Breiðdalsvík	Til	116	9	1	0	0	0	11	0	1	0			0	0	0	0	139
	Frá	-7	-1	0	0	-23	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-27
	Mismunur	108	8	1	0	-23	0	11	0	1	0	0	0	0	0	0	0	113
Djúpivogur	Til	594	64	55	8	34	94	140	3	3	11	1.831		0	998	0	0	2.550
	Frá	-1.136	-408	-239	-243	-74	-26	-43	-1	-3	-26	-4.924	0	0	-363	0	0	-3.080
	Mismunur	-542	-344	-184	-235	-40	68	96	2	0	-14	-3.093	0	0	635	0	0	-530
Hornafjörður	Til	5.939	1.260	1.030	397	498	166	466	38	94	706	13.307	1.301	30	627	0	0	12.757
	Frá	-4.610	-1.314	-1.133	-448	-775	-168	-457	-20	-62	-587	-13.054	-1.813	-58	-349	0	0	-11.573
	Mismunur	1.328	-54	-103	-51	-278	-1	8	18	33	119	253	-512	-27	277	0	0	1.184

Tafla 4. Heildarflutningur á aflahlutdeild milli skipa eftir heimahöfnum á fiskveiðiárinu 1997/1998.

Flutningur skráist á þá heimahöfn sem skip tilheyra þegar flutningur á sér stað.
Flutningur aflahlutdeilda í úthafskarfa og rækju á Flæmingjagrunni er ekki meðtalinn.

Heimahöfn		Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Vestmannaeyjar	Frá	-1,553	-1,610	-3,631	-1,708	-2,165	-0,167	-1,150	-3,446	-6,361	-2,627	-3,327	-8,380	-7,168	-1,766	0,000	0,000
	Til	1,867	1,475	2,323	2,156	4,276	0,089	1,134	4,406	3,392	3,126	4,436	9,947	7,707	0,668	0,000	0,000
	Mismunur	0,315	-0,135	-1,309	0,448	2,111	-0,079	-0,016	0,960	-2,968	0,499	1,109	1,567	0,539	-1,098	0,000	0,000
Eyrarbakki	Frá	-0,080	-0,006	-0,251	0,000	0,000	0,000	-0,426	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,080	0,000	0,251	0,000	0,000	0,000	0,344	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,000	-0,006	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,082	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Þorlákshöfn	Frá	-0,602	-0,481	-1,153	-2,711	-0,099	-1,194	-1,109	-0,297	-0,045	-0,031	0,000	0,000	0,000	-1,656	0,000	0,000
	Til	0,557	0,503	0,619	0,254	0,179	0,080	0,292	0,415	0,014	0,020	0,000	0,000	0,602	3,341	0,000	0,000
	Mismunur	-0,045	0,022	-0,534	-2,458	0,080	-1,113	-0,816	0,118	-0,031	-0,011	0,000	0,000	0,602	1,686	0,000	0,000
Grindavík	Frá	-2,008	-1,404	-1,061	-0,792	-2,906	-0,826	-0,692	-1,236	-1,098	-0,953	-3,327	-3,391	-3,914	-2,338	0,000	-7,692
	Til	2,265	2,293	1,621	2,895	3,221	4,985	1,680	0,397	0,046	0,147	1,109	0,850	0,166	2,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,257	0,889	0,560	2,103	0,315	4,160	0,988	-0,839	-1,052	-0,806	-2,218	-2,541	-3,747	-0,338	0,000	-7,692
Sandgerði	Frá	-0,485	-1,390	-1,265	-1,561	-0,621	-1,202	-1,080	-0,092	-2,878	-0,477	0,000	-1,830	0,000	-0,961	0,000	0,000
	Til	0,323	0,329	0,013	0,328	0,438	0,000	1,602	0,148	7,092	1,577	0,000	0,000	1,689	0,213	0,000	0,000
	Mismunur	-0,161	-1,061	-1,252	-1,233	-0,183	-1,202	0,522	0,056	4,214	1,100	0,000	-1,830	1,689	-0,749	0,000	0,000
Garður	Frá	-0,215	-0,139	-0,610	-0,046	-0,497	0,000	-0,304	0,000	-0,115	-0,084	0,000	0,000	0,000	-0,172	0,000	0,000
	Til	0,151	0,050	0,723	0,006	0,419	0,000	0,406	1,706	2,438	1,318	0,000	0,000	0,717	0,028	0,000	0,000
	Mismunur	-0,063	-0,089	0,113	-0,040	-0,078	0,000	0,102	1,706	2,322	1,235	0,000	0,000	0,717	-0,144	0,000	0,000
Keflavík	Frá	-0,833	-0,492	-0,409	-0,036	-0,435	-0,072	-0,476	-0,663	-0,038	-0,288	0,000	0,000	-1,153	0,000	0,000	-7,692
	Til	0,589	0,825	0,151	0,687	1,371	0,004	1,110	0,167	0,307	0,122	2,218	0,000	0,000	0,000	0,000	7,692
	Mismunur	-0,244	0,333	-0,258	0,651	0,935	-0,068	0,634	-0,496	0,269	-0,166	2,218	0,000	-1,153	0,000	0,000	0,000
Njarðvík	Frá	-0,059	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,044	0,006	0,001	0,000	0,145	0,000	0,002	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,015	0,006	0,001	0,000	0,145	0,000	0,002	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Vogar	Frá	-0,060	0,000	-0,017	-0,006	-0,061	0,000	-0,454	-1,706	-2,322	-1,235	0,000	0,000	-0,717	0,000	0,000	0,000
	Til	0,004	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,075	0,029	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,056	0,000	-0,017	-0,006	-0,061	0,000	-0,454	-1,706	-2,247	-1,206	0,000	0,000	-0,717	0,000	0,000	0,000
Hafnarfjörður	Frá	-0,947	-1,299	-0,821	-0,291	-1,058	-0,071	-0,368	-0,010	-0,004	-0,655	0,000	0,000	0,000	-0,204	0,000	0,000
	Til	0,858	1,287	0,934	0,405	1,381	0,071	0,369	0,480	0,016	0,144	0,000	0,000	0,986	0,204	0,000	0,000
	Mismunur	-0,088	-0,012	0,113	0,114	0,324	0,000	0,001	0,470	0,012	-0,511	0,000	0,000	0,986	0,000	0,000	0,000
Kópavogur	Frá	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,010	0,001	0,003	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,010	0,001	0,003	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Seltjarnarnes	Frá	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,003	0,012	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,003	0,012	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Reykjavík	Frá	-0,797	-1,276	-3,298	-5,150	-0,904	-1,329	-0,356	-0,427	-0,455	-2,950	-2,218	-2,067	0,000	-1,219	0,000	0,000
	Til	0,947	1,435	3,969	5,211	0,789	1,604	2,756	0,049	4,481	0,239	1,109	0,082	1,353	4,393	0,000	0,000
	Mismunur	0,150	0,159	0,671	0,062	-0,115	0,275	2,400	-0,377	4,026	-2,712	-1,109	-1,984	1,353	3,174	0,000	0,000

Heimahöfn		Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Akranes	Frá	-0,093	-0,063	-0,008	0,000	-0,385	0,000	-0,003	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,008	0,000	0,000
	Til	0,141	0,694	0,696	0,847	0,032	1,002	0,002	0,000	0,373	0,174	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,048	0,631	0,688	0,847	-0,353	1,002	-0,001	0,000	0,373	0,174	0,000	0,000	0,000	-0,008	0,000	0,000
Hellnar	Frá	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,049	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,049	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Hellissandur	Frá	-0,132	-0,029	-0,003	0,000	-0,855	0,000	-0,532	-0,017	-0,006	-0,291	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,063	0,067	0,013	0,008	0,140	0,000	0,544	0,000	0,009	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,069	0,038	0,010	0,008	-0,716	0,000	0,012	-0,017	0,003	-0,291	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Rif	Frá	-0,881	-1,020	-0,746	-0,017	-0,749	-0,543	-0,398	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,362	0,000	0,000
	Til	0,917	0,636	0,751	0,067	1,475	1,334	1,019	0,224	0,000	0,005	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,036	-0,384	0,005	0,050	0,726	0,791	0,622	0,224	0,000	0,005	0,000	0,000	0,000	-0,362	0,000	0,000
Ólafsvík	Frá	-0,894	-0,577	-0,815	-0,930	-0,369	-1,073	-0,797	-0,160	-0,206	-0,003	-2,216	0,000	0,000	-1,068	0,000	0,000
	Til	0,454	0,147	0,026	0,001	0,279	0,000	0,002	0,000	0,002	0,002	0,000	0,000	0,000	2,266	0,000	0,000
	Mismunur	-0,441	-0,429	-0,789	-0,929	-0,090	-1,073	-0,795	-0,160	-0,204	-0,002	-2,216	0,000	0,000	1,198	0,000	0,000
Grundarfjörður	Frá	-0,859	-0,725	-0,876	-1,101	-0,591	-0,823	-0,994	-0,032	0,000	-0,154	0,000	0,000	-1,689	-1,032	-5,720	0,000
	Til	1,986	1,758	1,434	1,110	1,602	0,823	1,099	0,037	0,014	0,154	0,000	0,000	0,000	0,668	5,720	0,000
	Mismunur	1,127	1,032	0,558	0,009	1,010	0,000	0,105	0,005	0,014	0,000	0,000	0,000	-1,689	-0,364	0,000	0,000
Stykkishólmur	Frá	-0,120	-0,022	-0,004	-0,001	-0,017	0,000	-0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,091	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,029	-0,022	-0,004	-0,001	-0,017	0,000	-0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Reykhólar	Frá	-0,001	-0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	*0,016*	*0,010*	*0,001*	*0,000*	*0,041*	*0,000*	*0,002*	*0,000*	*0,000*	*0,000*	*0,000*	*0,000*	*0,000*	*0,000*	*0,000*	*0,000*
	Mismunur	0,015	0,010	0,001	0,000	0,041	0,000	0,002	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Brjánslækur	Frá	-0,009	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,009	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Patreksfjörður	Frá	-0,858	-1,032	-0,584	-0,849	-5,404	-2,695	-2,612	-0,254	-4,303	-0,125	0,000	0,000	0,000	-1,197	0,000	-5,690
	Til	0,250	0,066	0,569	0,002	5,532	0,004	0,016	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,637	0,000	0,000
	Mismunur	-0,608	-0,967	-0,015	-0,846	0,128	-2,692	-2,595	-0,254	-4,303	-0,125	0,000	0,000	0,000	-0,559	0,000	-5,690
Tálknafjörður	Frá	-0,742	-0,143	-0,067	-0,003	-3,101	-0,014	-0,088	-0,140	-0,064	-0,726	0,000	0,000	0,000	0,000	-25,000	0,000
	Til	0,456	0,293	0,214	0,022	2,997	0,000	0,127	0,060	0,007	0,077	0,000	0,000	0,669	0,000	0,000	7,692
	Mismunur	-0,286	0,150	0,147	0,019	-0,104	-0,014	0,040	-0,080	-0,057	-0,649	0,000	0,000	0,669	0,000	-25,000	7,692
Bíldudalur	Frá	-0,045	-0,081	-0,013	-0,006	-1,152	-0,003	-0,702	0,000	-0,632	-0,693	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,038	0,086	0,012	0,006	2,015	0,007	0,339	0,000	0,040	0,006	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,007	0,005	-0,001	0,000	0,863	0,003	-0,362	0,000	-0,592	-0,687	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Þingeyri	Frá	-0,026	-0,150	-0,003		-0,138	0,000	-0,275	-0,060	-0,843	-0,588	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,055	0,165	0,009		0,300	0,000	0,276	0,060	0,883	1,246	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,028	0,015	0,006		0,162	0,000	0,001	0,000	0,040	0,658	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Flateyri	Frá	-0,451	-0,271	-0,127	-0,001	-4,259	0,000	-0,005	-0,122	0,000	-0,006	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,213	0,002	0,310	0,001	0,053	0,014	0,002	0,097	0,000	0,576	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,238	-0,269	0,183	0,000	-4,206	0,013	-0,003	-0,026	0,000	0,570	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000

Heimahöfn		Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Suðureyri	Frá	-0,223	-0,082	-0,009	0,000	-1,255	0,000	-0,221	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,223	-0,082	-0,009	0,000	-1,255	0,000	-0,221	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Bolungarvík	Frá	-2,046	-1,942	-1,489	-1,388	-5,401	-4,868	-2,102	-0,010	0,000	-0,002	0,000	0,000	0,000	-1,830	0,000	-7,281
	Til	0,747	1,111	0,609	0,848	2,794	2,871	0,814	0,010	0,000	0,050	0,000	0,000	0,000	3,209	0,000	3,731
	Mismunur	-1,299	-0,831	-0,880	-0,541	-2,606	-1,997	-1,289	0,000	0,000	0,048	0,000	0,000	0,000	1,379	0,000	-3,549
Hnífsdalur	Frá	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,065	0,000	0,000	0,000	1,058	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,065	0,000	0,000	0,000	1,058	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Ísafjörður	Frá	-0,320	-0,168	-0,332	-0,292	-1,835	-0,001	-0,172	-0,122	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-2,859	-25,000	-7,970
	Til	1,645	2,083	1,295	0,170	6,400	0,001	0,339	0,245	0,021	0,008	0,000	0,000	1,353	2,045	25,000	11,519
	Mismunur	1,325	1,915	0,962	-0,122	4,565	0,000	0,167	0,122	0,021	0,008	0,000	0,000	1,353	-0,814	0,000	3,549
Súðavík	Frá	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,054	0,030	0,013	0,004	0,266	0,000	0,140	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,004	0,000	5,690
	Mismunur	0,054	0,030	0,013	0,004	0,266	0,000	0,140	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,004	0,000	5,690
Djúpavík	Frá	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,002	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	6,250	0,000
	Mismunur	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,002	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	6,250	0,000
Drangsnes	Frá	-0,058	0,000	-0,012	0,000	-0,001	-0,017	0,000	0,000	-0,009	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,321	0,000	-6,879
	Til	0,047	0,000	0,008	0,000	0,001	0,017	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,294	0,000	6,879
	Mismunur	-0,011	0,000	-0,004	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,009	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,027	0,000	0,000
Hólmavík	Frá	-0,107	-0,176	-0,034	0,000	-0,002	-0,432	-0,334	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,617	0,000	-9,437
	Til	0,107	0,176	0,034	0,000	0,002	0,432	0,334	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,617	0,000	9,437
	Mismunur	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Hvammstangi	Frá	0,000	0,000	-0,084	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,013	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,127	0,000	0,000
	Mismunur	0,013	0,000	-0,084	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,127	0,000	0,000
Blönduós	Frá	-0,099	-0,146	-0,002	-0,008	0,000	0,000	-0,344	0,000	0,000	-0,002	0,000	0,000	0,000	-1,985	-25,000	0,000
	Til	0,116	0,303	0,165	0,119	0,000	0,075	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,750	25,000	0,000
	Mismunur	0,017	0,156	0,163	0,111	0,000	0,075	-0,344	0,000	0,000	-0,002	0,000	0,000	0,000	-1,235	0,000	0,000
Skagaströnd	Frá	-1,624	-1,360	-1,284	-0,397	-0,388	-1,870	-0,937	0,000	0,000	-0,019	-1,109	0,000	0,000	-0,467	-25,000	-4,400
	Til	1,451	0,883	0,776	0,397	0,390	1,870	0,454	0,000	0,000	0,019	1,109	0,000	0,000	0,293	43,750	4,400
	Mismunur	-0,173	-0,477	-0,507	0,000	0,002	0,000	-0,483	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,173	18,750	0,000
Sauðárkrókur	Frá	-1,358	-0,773	-0,196	-1,742	-0,030	-1,871	-0,597	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-2,094	0,000	0,000
	Til	1,350	0,707	0,189	1,736	0,014	1,868	0,259	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	2,478	0,000	0,000
	Mismunur	-0,007	-0,066	-0,008	-0,006	-0,016	-0,003	-0,338	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,383	0,000	0,000
Hofsós	Frá	-0,030	-0,015	-0,007		-0,289	0,000	-0,001	0,000	-0,040	-0,006	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,015	0,001	0,004	0,000	0,010	0,000	0,483	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,015	-0,015	-0,003	0,000	-0,280	0,000	0,482	0,000	-0,040	-0,006	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Siglufjörður	Frá	-0,870	-0,532	-0,548	-0,232	-0,107	-0,796	-0,112	0,000	-0,068	-0,196	0,000	0,000	0,000	-4,068	0,000	0,000
	Til	1,329	0,792	0,406	1,695	0,077	0,796	0,462	0,000	0,068	0,196	0,000	0,000	0,000	1,471	0,000	0,000
	Mismunur	0,459	0,260	-0,142	1,463	-0,030	0,000	0,350	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-2,597	0,000	0,000

Heimahöfn		Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Ólafsfjörður	Frá	-0,777	-0,625	-0,286	-2,168	-0,044	-2,784	-1,742	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-1,443	0,000	0,000
	Til	0,211	0,341	0,038	0,552	0,041	2,785	1,444	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	5,842	0,000	0,000
	Mismunur	-0,567	-0,285	-0,248	-1,617	-0,003	0,000	-0,298	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	4,398	0,000	0,000
Grímsey	Frá	-0,049	0,000	-0,013	0,000	-0,043	0,000	-0,019	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,029	0,000	0,010	0,000	0,024	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,021	0,000	-0,003	0,000	-0,020	0,000	-0,019	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Hrísey	Frá	-0,113	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	1,447	0,000	0,000
	Mismunur	-0,112	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	1,447	0,000	0,000
Dalvík	Frá	-0,465	-1,002	-0,660	-0,502	-0,797	-0,125	-0,041	0,000	0,000	0,000	-1,109	0,000	0,000	-1,209	0,000	0,000
	Til	0,462	1,002	0,660	0,194	0,003	0,125	0,041	0,000	0,000	0,000	3,325	2,330	0,000	0,249	0,000	0,000
	Mismunur	-0,003	0,000	0,000	-0,308	-0,794	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	2,216	2,330	0,000	-0,960	0,000	0,000
Árskógssandur	Frá	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,040	0,000	0,000
	Til	0,026	0,001	0,002	0,000	0,020	0,000	0,610	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,667	0,000	0,000
	Mismunur	0,026	0,001	0,002	0,000	0,020	0,000	0,610	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,627	0,000	0,000
Akureyri	Frá	-3,536	-2,874	-1,790	-5,857	-1,239	-5,450	-1,295	-0,003	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-4,120	0,000	0,000
	Til	4,635	2,147	2,051	5,124	1,090	6,135	1,757	0,021	0,026	0,020	2,218	1,851	0,000	0,279	0,000	0,000
	Mismunur	1,100	-0,726	0,261	-0,733	-0,150	0,685	0,462	0,018	0,026	0,020	2,218	1,851	0,000	-3,841	0,000	0,000
Grenivík	Frá	-0,039	-0,034	-0,002	-0,002	-0,027	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,011	0,049	0,169	0,002	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,028	0,014	0,167	0,000	-0,027	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Húsavík	Frá	-1,981	-1,650	-1,539	-0,267	-0,211	-1,201	-1,582	-0,763	-0,014	-0,026	0,000	-0,082	-0,602	-6,056	0,000	-33,333
	Til	1,858	1,100	1,040	0,287	0,302	1,561	1,285	0,348	0,001	0,166	0,000	0,000	0,184	4,539	0,000	33,333
	Mismunur	-0,123	-0,550	-0,499	0,020	0,090	0,360	-0,298	-0,415	-0,013	0,140	0,000	-0,082	-0,418	-1,516	0,000	0,000
Raufarhöfn	Frá	-0,622	-0,066	-0,034	-0,051	-0,571	-0,791	-0,105	0,000	-0,003	-0,383	0,000	0,000	-0,184	-2,615	0,000	0,000
	Til	0,102	0,020	0,034	0,000	0,001	0,000	0,004	0,000	0,002	0,225	0,000	1,060	0,000	2,111	0,000	0,000
	Mismunur	-0,520	-0,046	0,000	-0,051	-0,570	-0,791	-0,101	0,000	-0,001	-0,158	0,000	1,060	-0,184	-0,504	0,000	0,000
Þórshöfn	Frá	-0,690	-0,429	-1,095	-0,222	-0,014	-1,275	-0,431	0,000	-0,085	-0,259	-2,218	0,000	0,000	-0,540	0,000	0,000
	Til	0,695	0,435	1,095	0,222	0,029	1,275	0,751	0,000	0,000	0,011	2,218	0,000	0,000	0,540	0,000	0,000
	Mismunur	0,006	0,006	0,000	0,000	0,015	0,000	0,320	0,000	-0,085	-0,247	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Bakkafjörður	Frá	-0,055	-0,005	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,010	0,003	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,045	-0,002	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Vopnafjörður	Frá	-0,236	-0,501	-0,173	-0,440	-0,277	-0,258	-0,569	-0,006	-0,001	-0,001	0,000	-1,350	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,296	0,512	0,165	0,441	0,239	0,258	0,307	0,006	0,001	0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,061	0,011	-0,008	0,000	-0,038	0,000	-0,262	0,000	0,000	0,000	0,000	-1,350	0,000	0,000	0,000	0,000
Borgarfjörður Eystr	Frá	0,000	-0,159	-0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,016	0,008	0,000	0,000	0,045	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,016	-0,151	-0,001	0,000	0,045	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Seyðisfjörður	Frá	-0,005	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,150	0,366	0,340	0,000	0,042	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,144	0,366	0,340	0,000	0,042	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000

Helmahöfn		Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Mjóifjörður	Frá	-0,004	0,000	-0,003	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,004	0,000	-0,003	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Neskaupstaður	Frá	-0,419	-0,519	-0,407	-0,288	-0,010	-1,603	-0,040	-0,001	0,000	0,000	0,000	-2,568	0,000	-1,341	0,000	0,000
	Til	0,446	0,632	0,484	0,294	0,370	1,625	0,047	0,001	0,000	0,000	1,109	2,068	0,000	2,084	0,000	0,000
	Mismunur	0,027	0,113	0,077	0,006	0,361	0,021	0,007	0,000	0,000	0,000	1,109	-0,500	0,000	0,743	0,000	0,000
Eskifjörður	Frá	-0,486	-0,254	-0,309	-0,251	-0,189	-0,212	-0,005	0,000	-0,164	-0,118	-2,218	-1,351	0,000	-0,583	0,000	0,000
	Til	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	2,218	1,831	0,000	0,092	0,000	0,000
	Mismunur	-0,486	-0,254	-0,309	-0,251	-0,189	-0,212	-0,005	0,000	-0,164	-0,118	0,000	0,480	0,000	-0,491	0,000	0,000
Reyðarfjörður	Frá	-0,476	-0,390	-0,535	-0,577	-0,142	-0,637	-0,010	0,000	0,000	-0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,000	0,000	0,000	0,000	0,069	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,476	-0,390	-0,535	-0,577	-0,074	-0,637	-0,010	0,000	0,000	-0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Fáskrúðsfjörður	Frá	-0,646	-0,880	-0,827	-0,306	-0,548	-0,314	-0,045	-0,036	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	1,166	1,158	1,717	3,017	0,476	1,507	0,115	0,037	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,520	0,277	0,890	2,711	-0,072	1,192	0,071	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Stöðvarfjörður	Frá	-0,045	-0,045	-0,002	0,000	-0,434	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,475	0,426	0,738	0,925	0,054	1,069	0,117	0,000	0,000	0,003	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	0,430	0,381	0,736	0,925	-0,380	1,069	0,117	0,000	0,000	0,003	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Breiðdalsvík	Frá	-0,002	-0,003	0,000	0,000	-0,256	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Til	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
	Mismunur	-0,002	-0,003	0,000	0,000	-0,256	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Djúpivogur	Frá	-0,118	-0,030	-0,203	-0,004	-0,207	0,000	-0,003	-0,053	0,000	-0,230	-3,327	0,000	0,000	-0,204	0,000	0,000
	Til	0,126	0,065	0,212	0,004	0,077	0,000	0,871	0,350	0,043	0,243	1,109	0,000	0,000	0,204	0,000	0,000
	Mismunur	0,008	0,035	0,009	0,000	-0,131	0,000	0,868	0,297	0,043	0,012	-2,218	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000
Hornafjörður	Frá	-1,034	-1,017	-1,142	-0,383	-2,839	-0,218	-1,239	-0,198	-1,101	-10,546	-7,764	0,000	-3,788	-0,062	0,000	0,000
	Til	1,250	1,410	1,883	0,549	2,399	0,451	1,009	0,592	1,500	13,759	6,655	0,000	3,788	0,676	0,000	0,000
	Mismunur	0,216	0,393	0,741	0,166	-0,440	0,233	-0,230	0,394	0,399	3,213	-1,109	0,000	0,000	0,614	0,000	0,000

Tafla 5. Flutningur þorskaflahámarks milli krókabáta eftir heimahöfnum á fiskveiðiárinu 1997/1998.

Flutningur skráist á þá heimahöfn sem skip tilheyra þegar flutningur á sér stað. Allar tölur miðast við lestir af slægðum fisk.

Heimahöfn	Fært til	Flutt frá	Mismunur
Vestmannaeyjar	50	-47	2.670
Eyrarbakki	4	-17	-13.074
Þorlákshöfn	254	-238	15.454
Grindavík	591	-628	-36.877
Sandgerði	80	-88	-7.316
Garður	5	0	5.040
Keflavík	16	-43	-26.553
Njarðvík	5	-19	-13.398
Hafnarfjörður	437	-514	-76.762
Kópavogur	4	-12	-8.027
Reykjavík	134	-184	-50.626
Akranes	22	-12	10.360
Borgarnes	4	-20	-15.915
Arnarstapi	35	-79	-43.952
Hellnar	0	-11	-10.920
Hellissandur	90	-74	15.120
Rif	169	-65	103.288
Ólafsvík	181	-132	48.893
Grundarfjörður	138	-50	87.936
Stykkishólmur	64	-155	-91.030
Brjánslækur	0	-12	-12.315
Patreksfjörður	235	-161	73.928
Tálknafjörður	138	-88	50.500
Bíldudalur	124	-12	112.264
Þingeyri	29	-19	10.619
Flateyri	8	-19	-10.288
Suðureyri	392	-132	260.540
Bolungarvík	684	-353	331.523
Ísafjörður	57	-65	-8.035
Súðavík	59	-56	2.906
Ögurvík	5	0	5.040
Norðurfjörður	0	-24	-24.071
Drangsnes	0	-23	-23.263
Hólmavík	11	0	10.500
Hvammstangi	4	-11	-7.156
Skagaströnd	0	-2	-1.680
Hofsós	2	-58	-56.169
Haganesvík	0	-12	-11.760
Siglufjörður	135	-39	95.703
Ólafsfjörður	8	-8	-9
Grímsey	141	-114	27.038
Hrísey	4	-40	-35.721
Dalvík	0	-10	-9.996
Árskógssandur	11	-4	6.720
Hauganes	5	-8	-2.919
Akureyri	30	-29	1.549
Grenivík	11	-29	-18.480
Húsavík	8	-49	-40.215
Kópasker	7	0	6.720
Raufarhöfn	127	-269	-142.655
Þórshöfn	5	-8	-3.350
Bakkafjörður	250	-312	-61.493
Vopnafjörður	30	-8	21.956
Borgarfjörður Eystri	17	-3	14.280
Seyðisfjörður	0	-15	-15.061
Mjóifjörður	0	-17	-17.213
Neskaupstaður	19	-116	-97.099
Eskifjörður	10	-42	-31.725
Reyðarfjörður	18	0	17.640
Fáskrúðsfjörður	4	-40	-35.777
Stöðvarfjörður	47	-90	-42.666
Breiðdalsvík	79	-25	53.183
Djúpivogur	30	-93	-63.018
Hornafjörður	127	-352	-224.785
Samtals:	**5.155.459**	**-5.155.459**	**0**

Tafla 6. Flutningur varanlegs þorskaflahámarks (hlutdeild í þorskaflahámarki) milli krókabáta, eftir heimahöfnum á fiskveiðiárinu 1997/1999.

Flutningur skráist á þá heimahöfn sem skip tilheyra þegar flutningur á sér stað.
Allar tölur miðast við lestir af slægðum fisk.

Heimahöfn	Fært til	Flutt frá	Mismunur
Vestmannaeyjar	17	-13	4
Eyrarbakki	0	-33	-33
Þorlákshöfn	293	-247	46
Grindavík	581	-554	27
Sandgerði	33	-93	-60
Garður	5	0	5
Keflavík	22	-54	-32
Njarðvík	10	-14	-4
Hafnarfjörður	585	-486	99
Kópavogur	0	-5	-5
Reykjavík	158	-92	67
Borgarnes	0	-22	-22
Arnarstapi	24	-73	-50
Hellissandur	97	-78	19
Rif	196	-100	95
Ólafsvík	31	-108	-77
Grundarfjörður	79	-23	56
Stykkishólmur	38	-169	-131
Patreksfjörður	145	-130	15
Tálknafjörður	189	-55	134
Bíldudalur	59	-4	54
Þingeyri	64	-52	12
Flateyri	8	-15	-6
Suðureyri	158	-72	86
Bolungarvík	685	-662	23
Ísafjörður	70	-49	21
Súðavík	42	-25	17
Norðurfjörður	0	-10	-10
Drangsnes	27	-8	19
Hólmavík	17	0	17
Hvammstangi	4	-4	0
Sauðárkrókur	17	0	17
Hofsós	0	-65	-65
Siglufjörður	21	-25	-4
Ólafsfjörður	0	-3	-3
Grímsey	114	-77	37
Hrísey	4	-42	-37
Hauganes	6	0	6
Akureyri	9	-27	-18
Grenivík	11	0	11
Húsavík	0	-24	-24
Raufarhöfn	116	-249	-134
Þórshöfn	5	0	5
Bakkafjörður	283	-381	-98
Vopnafjörður	17	0	17
Borgarfjörður Eystri	14	-3	12
Neskaupstaður	2	-67	-65
Eskifjörður	6	-23	-17
Fáskrúðsfjörður	0	-25	-25
Stöðvarfjörður	15	-5	10
Breiðdalsvík	0	-66	-66
Djúpivogur	13	-52	-39
Hornafjörður	199	-104	95
Samtals:	**4.487**	**-4.487**	**0**

573. Frumvarp til laga [369. mál]

um breytingar á lögum um fæðingarorlof.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

I. KAFLI
Breytingar á lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á fæðingarorlofi í allt að tólf mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. þó ákvæði laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Foreldrar geta tekið hluta fæðingarorlofs með hlutastarfi og lengist þá orlofið í hlutfalli við vinnu. Þá geta foreldrar einnig báðir verið í orlofi á sama tíma að fullu eða að hluta. Af tólf mánaða fæðingarorlofi eru sex mánuðir sérstaklega ætlaðir móður, þrír mánuðir ætlaðir föður en þremur mánuðum geta foreldrar skipt að vild. Taki faðir ekki fæðingarorlof sem honum er sérstaklega ætlað fellur sá hluti orlofsins niður.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs telst fæðingarorlofið hafið á fæðingardegi.

Upphaf tólf mánaða fæðingarorlofs vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. 2. gr., miðast við þann tíma þegar barnið kemur á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda skal ættleiðandi foreldri þó heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáist ættleitt. Ákvæði 1. mgr. á einnig við þegar barn er ættleitt eða tekið í fóstur.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, skulu fá greitt sem samsvarar fullum launum sínum í fæðingarorlofi. Um greiðslu fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga og greiðslur úr fæðingarorlofssjóði og lengingu á slíkum greiðslum af sérstökum ástæðum fer eftir ákvæðum laga um almannatryggingar.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. eiga foreldrar sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi frá gildistöku laga þessara til 1. janúar árið 2002 einungis rétt á fæðingarorlofi í allt að níu mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Frá þeim tíma til 1. janúar árið 2002 miðast orlofið við tíu mánuði, en tólf mánuði frá þeim tíma, sbr. þó í öllum tilvikum ákvæði almannatryggingalaga um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Af níu mánaða fæðingarorlofi er einn mánuður eingöngu ætlaður föður, af tíu mánuðum eru tveir mánuðir ætlaðir föður, en af tólf mánuðum þrír mánuðir. Samanlagt

fæðingarorlof foreldra verður aldrei lengra en níu mánuðir frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2002, tíu mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 2003, en 12 mánuðir frá þeim tíma. Taki faðir ekki fæðingarorlof sem honum er sérstaklega ætlað fellur sá hluti orlofsins niður.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sex mánuði“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: tólf mánuði.
b. Í stað orðsins „kjarasamningum“ í 2. mgr. kemur: lögum þessum eða kjarasamningum.
c. Í stað orðanna „sex mánuði“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: tólf mánuði.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 3. málsl. a-liðar orðast svo: Þeir sem eiga rétt samkvæmt lögum þessum eða kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt á greiðslum fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.
b. Í stað orðanna „sex mánuði“ í c-lið kemur: tólf mánuði.
c. F-liður fellur brott.

7. gr.

16. gr. a laganna orðast svo:

Fæðingarorlofssjóður.

a. Stofna skal sérstakan sjóð, fæðingarorlofssjóð, sem varðveita skal hjá Tryggingastofnun ríkisins. Foreldrar, sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi, eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum samkvæmt þessari grein. Það er þó háð því skilyrði að foreldrar hafi að jafnaði átt lögheimili hér á landi og starfað hér á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðinguna og eigi lögheimili hér við fæðingu barnsins. Nánar skal kveðið á um lögheimilisskilyrði í reglugerð. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu úr fæðingarorlofssjóði samkvæmt ákvæði þessu þann tíma sem óskert laun eru greidd.
b. Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði til foreldra í fæðingarorlofi skulu nema fjárhæð sem samsvarar heildarlaunum þeirra samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ákvæði 16. gr. um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum gilda einnig um foreldra sem fá greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.
c. Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.
d. Útgjöld lífeyristrygginga vegna greiðslna úr fæðingarorlofssjóði skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 15., 16. og 16. gr. a skulu fæðingarstyrkur, fæðingardagpeningar og greiðslur úr fæðingarorlofssjóði einungis greidd í níu mánuði í stað tólf frá 1. janúar 2000

til 1. janúar 2002, í tíu mánuði frá þeim tíma til 1. janúar 2003 en í tólf mánuði frá þeim tíma, sbr. þó ákvæði greinanna um framlengingu á greiðslum af sérstökum ástæðum.

III. KAFLI
Gildistaka.
9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Greinargerð.

Núverandi löggjöf um fæðingarorlof er um margt ófullnægjandi. Árið 1974 var samþykkt frumvarp sem tryggði konum sem „forfölluðust frá vinnu“ atvinnuleysisbætur í 90 daga. Fram að þeim tíma höfðu aðrar konur en þær sem voru opinberir starfsmenn aðeins átt rétt á ákveðinni lágmarksupphæð í fæðingarstyrk við fæðingu barns. Árið 1980 var umsjón greiðslna í fæðingarorlofi flutt frá Atvinnuleysistryggingasjóði til lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar. Sama ár var öllum konum tryggður lágmarksréttur til fæðingarstyrks. Árið 1987 var greiðslum skipt í annars vegar fæðingarstyrk, sem er óháður atvinnuþátttöku, og hins vegar fæðingardagpeninga, sem miðast við vinnuframlag. Jafnframt voru greiðslur í fæðingarorlofi lengdar fyrst í fjóra mánuði en í áföngum upp í sex mánuði árið 1990. Konur sem eru opinberir starfsmenn eða félagar í Sambandi íslenskra bankamanna fá greidd laun frá vinnuveitanda í fæðingarorlofi í stað greiðslna frá Tryggingastofnun. Á vorþingi 1997 var gildandi lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, breytt. Sú endurskoðun fól í sér nokkrar réttarbætur fyrir foreldra og börn, fyrst og fremst vegna fjölbura- og fyrirburafæðinga. Að mati flutningsmanna var með þeim breytingum hins vegar alls ekki gengið nægilega langt í því að bæta stöðu allra foreldra í fæðingarorlofi og þá sérstaklega feðra. Frá 1. janúar 1998 hafa feður þó fengið tveggja vikna sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Fæðingarorlof þetta skal taka innan átta vikna frá fæðingu eða heimkomu barnsins.

Ef litið er til Norðurlandanna er fæðingarorlof styst á Íslandi og í Danmörku eða sex mánuðir ef um einburafæðingu er að ræða. Fæðingarorlof hefur verið níu mánuðir í Finnlandi og tólf mánuðir í Svíþjóð. Í Noregi er fæðingarorlof 52 vikur eða 12 mánuðir á 80% launum eða 42 vikur á fullum launum. Í Finnlandi er greidd sama upphæð og þegar um sjúkradagpeninga er að ræða og í Svíþjóð miðast greiðslur við laun á vinnumarkaði, en hlutfallið hefur verið breytilegt í gegnum tíðina. Nú eru greidd 80% af launum, en hlutfallið breyttist úr 75% í 80% um áramótin 1997–98. Í Danmörku fá launþegar full laun. Á Íslandi eru greiðslur vegna fæðingarorlofs háðar atvinnuþátttöku og vinnuveitendum. Þetta yfirlit sýnir að annars vegar er litið á fæðingarorlof sem hluta af bótagreiðslum almannatrygginga en hins vegar er litið á það sem samningsbundinn rétt launþega til að halda launum sínum á meðan á fæðingarorlofi stendur.

Breytingar á lögum um fæðingarorlof hafa oft komið til endurskoðunar. Haustið 1989 var skipuð nefnd sem átti að fjalla um breytingar á lögum um fæðingarorlof. Sú nefnd samdi frumvarp sem aldrei var lagt fram. Þar var lagt til að greiðslur í fæðingarorlofi yrðu ákveðið hlutfall af tekjum, eða 80%. Opinberir starfsmenn voru á móti frumvarpinu, m.a. vegna þess að þeir töldu að það hefði leitt til skerðingar á kjörum þeirra og því verið skref aftur á bak.

Á árunum 1983–87 lögðu kvennalistakonur í þrígang fram frumvarp um að lengja fæðingarorlof úr þremur mánuðum í sex en það fékkst ekki samþykkt. Árið 1987 var hins vegar samþykkt frumvarp ríkisstjórnarinnar um lengingu fæðingarorlofs í sex mánuði í áföngum. Á árunum 1990–94 lögðu kvennalistakonur þrívegis fram frumvarp um lengingu fæðingaror-

lofs í níu mánuði. Helstu nýjungar í frumvarpi Kvennalistans voru eftirfarandi: Að lengja fæðingarorlofið um þrjá mánuði eftir fæðingu; að tryggja öllum mæðrum hvíldartíma fyrir fæðingu; að fæðingarorlof verði þremur mánuðum lengra eftir fjölburafæðingu; að fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra; og síðast en ekki síst að foreldrar geti dreift greiðslum fæðingarorlofs eftir ákveðinn tíma þannig að hægt sé að lengja fæðingarorlofið á þann hátt ef foreldrar æskja þess. Á 117. löggjafarþingi árið 1993–94 lagði Jóhanna Sigurðardóttir fram þingsályktunartillögu um að ríkisstjórnin skipaði nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir um fæðingarorlof þar sem m.a. átti að huga að rétti feðra og lengingu fæðingarorlofs í áföngum. Árin 1995 og 1996 lögðu Ögmundur Jónasson o.fl. fram tillögu til þingsályktunar um a.m.k. tveggja vikna fæðingarorlof feðra á launum. Árið 1995, á 120. löggjafarþingi, fluttu kvennalistakonur tillögu til þingsályktunar um fæðingarorlof (226. mál, þskj. nr. 307). Tillögugreinin hljóðaði á eftirfarandi hátt:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að láta semja frumvarp til laga um fæðingarorlof sem byggist á eftirfarandi markmiðum:

— að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði,
— að tryggja ungbörnum umönnun beggja foreldra á fyrsta æviárinu með því að lengja fæðingarorlof í tólf mánuði í áföngum,
— að gera foreldrum kleift að taka fæðingarorlofið á lengri tíma með hlutagreiðslum að eigin vali,
— að tryggja öllum mæðrum hvíldartíma fyrir fæðingu,
— að tryggja feðrum sérstakt fæðingarorlof í tvær vikur eftir fæðingu barns, sem ekki skerðir fæðingarorlof móður,
— að fæðingarorlof verði lengra eftir fjölburafæðingu,
— að fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra,
— að endurskoða fjármögnun fæðingarorlofs þannig að stofnaður verði sérstakur fæðingarorlofssjóður sem allir atvinnurekendur, jafnt í opinberum rekstri sem einkarekstri, greiði til ákveðið hlutfall af launum allra launþega, svokallað fæðingarorlofsgjald,
— að bæta kjör foreldra í fæðingarorlofi þannig að launþegar haldi sínum launum úr fæðingarorlofssjóði. Að auki greiði Tryggingastofnun ríkisins áfram fæðingarstyrk vegna þess kostnaðarauka sem fæðing barns hefur í för með sér. Þetta eigi við um fæðingar allra barna."

Frumvarpið sem hér er lagt fram byggist í meginatriðum á sömu markmiðum.

Umfjöllunin um að konur, eða foreldrar, njóti sömu réttinda til fæðingarorlofs þarf að taka mið af því hvort verið er að greiða fólki fyrir að eignast börn óháð atvinnuþátttöku eða hvort atvinnuþátttaka og laun á vinnumarkaði móta réttarstöðuna og greiðslurnar. Konur sem eru opinberir starfsmenn eða félagar í Sambandi íslenskra bankamanna fá laun frá vinnuveitanda í fæðingarorlofi en ekki greiðslur frá Tryggingastofnun. Þær konur sem starfa hjá ríkinu halda launum sínum óskertum fyrstu þrjá mánuði fæðingarorlofs en fá eftir það grunnlaun. Þær hafa einnig rétt til að lengja fæðingarorlofið með því að vinna hluta úr degi.

Þetta á hins vegar ekki við um feður. Fjármálaráðuneytið hefur túlkað lögin þannig að karlar sem vinna hjá ríkinu eigi ekki rétt á launuðu fæðingarorlofi. Eiginmenn kvenna sem eru ríkisstarfsmenn eiga heldur ekki rétt á dagpeningum frá Tryggingastofnun. Þannig hafa ríkisstarfsmenn í raun takmarkaða möguleika til að skipta greiðslum í fæðingarorlofi milli foreldra. Kærunefnd jafnréttismála hefur a.m.k. tvisvar fengið kæru vegna þessa og einu sinni hefur mál af þessu tagi farið fyrir Jafnréttisráð. Í áliti kærunefndar Jafnréttisráðs frá

10. september 1993 segir m.a.: „Með framkvæmd almannatryggingalaganna stendur stór hluti feðra ... án nokkurs réttar til greiðslna, taki þeir fæðingarorlof og eru beittir misrétti sem engin efnisleg rök virðast fyrir.“ Í niðurstöðum sínum beinir kærunefndin þeim tilmælum til fjármálaráðuneytisins að það „hlutist til um að gerðar verði þær ráðstafanir sem þarf til þess að viðurkenndur verði og tryggður réttur feðra í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi“.

Litlar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að tryggja þessi réttindi feðra, samanber þó þá réttarbót sem gekk í gildi um sl. áramót þegar karlar öðluðust sjálfstæðan rétt til tveggja vikna fæðingarorlofs. Formlega geta feður fengið greiðslur í fæðingarorlofi í allt að fimm mánuði með leyfi móður, en það skerðir fæðingarorlofsgreiðslur til hennar sem því nemur.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir fæðingarorlofsgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins árin 1995–97. Að auki er talið að fyrstu ellefu mánuði þessa árs hafi um 1050–1100 feður nýtt sér sjálfstæðan rétt til 14 daga fæðingarorlofs.

Fæðingarorlofsgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins.

	Fullir dagpeningar, konur	Hálfir dagpeningar, konur	Fæðingarstyrkur, konur	Fæðingardagpeningar karlar
1995	4177	252	5004	10
1996	4233	274	5039	15
1997	4170	257	4943	13

Reynsla annars staðar á Norðurlöndum sýnir að hægt er að hafa áhrif í þessu mikilvæga jafnréttismáli ef lög og reglur eru samin með jafnrétti kynjanna fyrir augum. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga þann kynbundna launamun sem enn ríkir. Ef einstaklingar halda ekki launum sínum í fæðingarorlofi má búast við að það foreldrið sem er tekjulægra nýti allt fæðingarorlofið nema það sé bundið við báða foreldra þannig að það nýtist ekki til fulls nema báðir foreldrar taki sinn hluta. Fáir sænskir feður fóru t.d. í fæðingarorlof fyrr en lögin urðu þannig að þeirra hluti nýttist ekki nema þeir tækju hann. Nú taka um 50% sænskra feðra einhvers konar leyfi í tengslum við fæðingu barns. Ef miðað er við börn fædd í Svíþjóð árið 1991 höfðu 25% feðra tekið að meðaltali 23 daga leyfi þegar börnin voru sex mánaða. Þegar börnin voru ársgömul höfðu 39% feðra tekið að meðaltali 53 daga leyfi. Við lok ársins 1992 höfðu 45,5% sænsku feðranna tekið að meðaltali 63 daga leyfi. Reynslan sýnir að feður taka frekar leyfi eftir að barnið er orðið sex mánaða. Í Noregi eru fjórar vikur af 42 eða 52 vikum sérstaklega ætlaðar föðurnum og eru ekki yfirfæranlegir til móðurinnar. Eftir að núgildandi löggjöf var samþykkt þar fyrir þremur árum taka um 80% norskra feðra fæðingarorlof en áður gerðu það 2–3% feðra. Þá eru ekki meðtaldir svokallaðir pabbadagar sem eru 1–2 vikur eftir fæðingu í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi og eru eingöngu ætlaðir feðrum. Á svipaðan hátt taka nú yfir 50% danskra feðra einhvers konar leyfi í tengslum við fæðingu barns.

Flutningsmenn leggja mikla áherslu á nauðsyn þess að tryggja mun betur rétt beggja foreldra til töku fæðingarorlofs, m.a. þriggja mánaða sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs. Það er mat flutningsmanna að á meðan kynbundinn launamunur er eins mikill og raun ber vitni verði slíkt ekki gert með því að heimila feðrum að taka hluta af leyfi móður. Hér er því lagt til að feður fái þriggja mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs sem einungis þeir geti nýtt, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir því að lenging fæðingarorlofs og sjálfstæður réttur föður lengist í áföngum.

Þá er það mat flutningsmanna að nauðsynlegt sé að breyta fyrirkomulagi á greiðslum í fæðingarorlofi þannig að stefnt verði að því að foreldrar fái full laun í fæðingarorlofi. Því er lagt til að stofnaður verði sérstakur sjóður, fæðingarorlofssjóður, sem sé varðveittur hjá Tryggingastofnun ríkisins. Greiðslur úr þeim sjóði eiga að tryggja foreldrum full laun í fæðingarorlofi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur, en fjármunir sjóðsins greiðast eins og fæðingardagpeningar úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Útgjöld lífeyristrygginga vegna greiðslna úr fæðingarorlofssjóði skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga. Á árinu 1997 námu þessar greiðslur 1.285 millj. kr., en á fjárlögum í ár er gert ráð fyrir 1.525 millj. kr. Þetta frumvarp kallar á mun hærri fjárveitingar bæði vegna áfangalengingar fæðingarorlofsins úr sex í tólf mánuði og vegna þess að gert er ráð fyrir að fólk á almennum vinnumarkaði haldi launum sínum í fæðingarorlofi líkt og ríkisstarfsmenn og bankamenn. Lifandi fædd börn á Íslandi voru 4.280 árið 1995, 4.329 árið 1996 og 4.073 árið 1997. Þar sem frjósemi kvenna er 2,1 um þessar mundir má gera ráð fyrir að kostnaður við fæðingarorlof nemi um árslaunum á starfsævi hvers vinnandi manns. Hér er gert ráð fyrir að heimavinnandi fái fæðingarstyrk eins og verið hefur og að vinna námsmanna verði áfram metin sem vinna með tilliti til fæðingardagpeninga sem þyrftu að hækka í hlutfalli við laun á vinnumarkaði.

Veruleg umræða um fæðingarorlof á sér nú stað í velflestum OECD-landanna, um vaxandi atvinnuþátttöku kvenna á öllum sviðum og þá kröfu að foreldrar sitji við sama borð varðandi réttindi og skyldur til fæðingarorlofs. Stórfyrirtæki og atvinnurekendur sýna málinu yfirleitt mikinn áhuga því að mikið er í húfi, ekki síst þegar um sérhæfðan mannafla er að ræða.

Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu skuldbinda stjórnvöld sig til að tryggja launafólki sama lágmarksrétt hér á landi og gildir í löndum Evrópusambandsins. Með tilskipun um vinnuvernd barnshafandi kvenna frá 19. október 1992 eru aðildarlöndin skyldug til að lögbinda að minnsta kosti 14 vikna fæðingarorlof með óskertum launum eða dagpeningum sem jafngilda veikindalaunum konunnar. Ljóst er að nauðsynlegt er að breyta reglum um fæðingarorlof hér á landi til að standa við ákvæði ofannefndrar tilskipunar en aðlögunartíminn, sem er tvö ár, er þegar útrunninn. Fæðingarorlofskerfið hefur ekki þróast í takt við breytingarnar í þjóðfélaginu. Fólk eignast æ færri börn, foreldrar af báðum kynjum vinna að jafnaði utan heimilis og æ fleiri líta á það sem sjálfsögð mannréttindi barna jafnt sem mæðra og feðra að fá að njóta samvista á fyrsta ári barnsins. Ekki verður lengur unað við ríkjandi ástand og því er þetta frumvarp flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til breytingar á ákvæði 2. gr. laga um fæðingarorlof. Í fyrsta lagi er lagt til að fæðingarorlof verði lengt úr sex mánuðum í tólf, en slíkt verður þó ekki gert í einu lagi, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Í því ákvæði er gert ráð fyrir því að fæðingarorlofið verði níu mánuðir frá 1. janúar 2000 til 1. janúar 2002, tíu mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 2003 og tólf mánuðir frá þeim tíma, sbr. athugasemdir við 4. gr. Þá er í öðru lagi kveðið á um að foreldrar geti tekið hluta fæðingarorlofsins með hálfu starfi og að orlofið lengist þá sem þeim tíma nemur. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði f-liðar 16. gr. almannatryggingalaga verði tekið upp í lögin en þar er gert ráð fyrir því að foreldrar geti skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið báðir í orlofi á sama tíma að fullu eða að hluta. Í fjórða lagi er síðan lagt til að af tólf mánaða fæðingarorlofi verði sex mánuðir sérstaklega ætlaðir móður, þrír sérstaklega ætlaðir föður en þremur mánuðum geti foreldrar skipt að vild. Ef faðir nýtir sér ekki sjálfstæðan rétt

sinn til fæðingarorlofs fellur hann niður, sbr. hér einnig ákvæði til bráðabirgða, athugasemdir við 4. gr.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að sá réttur sem feður hafa þegar fengið til 14 daga sjálfstæðs fæðingarorlofs verði hluti af því þriggja mánaða sjálfstæða orlofi sem þeim er ætlaður með frumvarpi þessu. Það er foreldrum í sjálfsvald sett hvernig þeir skipta með sér orlofinu og því í þeirra valdi að ákveða hvort þau verði bæði hjá barni sínu tvær vikur af fyrstu átta vikunum í lífi þess. Sama regla gildir ef barn er ættleitt eða tekið í varanlegt fóstur.

Um 3. gr.

Lagt er til að foreldrar sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi fái greidd full laun í fæðingarorlofi eða samsvarandi hlutfall launa ef um hlutastarf er að ræða. Ákvæði um greiðslur í fæðingarorlofi er að finna í 15. og 16. gr. almannatryggingalaga og nýmæli um fæðingarorlofssjóð verður í 16. gr. a, skv. 8. gr. þessa frumvarps. Ráðherra skal ákveða með reglugerð nánari skilgreiningu á fullum launum.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að í ákvæði til bráðabirgða komi fram að þrátt fyrir breytingar á ákvæðum 2. og 3. gr. laga um fæðingarorlof muni lenging fæðingarorlofs úr sex mánuðum í tólf ekki gerast í einu lagi og að ákvæðin komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en árið 2003, sbr. athugasemdir við 1. gr.

Um 5. gr.

Lagðar eru til nokkar breytingar á 15. gr. almannatryggingalaga til samræmis við breytingar sem gera ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs, sbr. athugasemdir við 1. gr., og fjármögnun, sbr. athugasemdir við 6. og 7. gr. Með hliðsjón af nýmæli 8. gr. frumvarpsins um greiðslur úr fæðingarorlofssjóði, sem skulu svara til fullra launa samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur, mun ákvæði 15. gr. almannatryggingalaga um fæðingarstyrk í framtíðinni fyrst og fremst taka til þeirra kvenna sem ekki eru á vinnumarkaði.

Um 6. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 16. gr. almannatryggingalaga til samræmis við breytingar sem gera ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs, sbr. athugasemdir við 1. gr., og ákvæði um fæðingarorlofssjóð og greiðslur úr sjóðnum, sbr. athugasemdir við 7. gr. Þá er lagt til að f-liður 16. gr. verði felldur brott, en seinni málsliður hans hefur verið tekin upp í 2. gr. laga um fæðingarorlof, sbr. athugasemdir við 1. gr. Fyrri málsliður f-liðar fellur því brott þar sem talið er rétt að foreldrar ákveði sjálfir hvenær faðir tekur fæðingarorlof sitt enda getur staðið misjafnlega á hjá foreldrum. Ákvæði 16. gr. um fæðingardagpeninga mun því í framtíðinni, með hliðsjón af nýmæli 16. gr. a um fæðingarorlofssjóð, fyrst og fremst taka til námsmanna sem fullnægja nánari skilyrðum ákvæðisins.

Um 7. gr.

Lagt er til það nýmæli að stofnaður verði sérstakur sjóður, fæðingarorlofssjóður, sem varðveittur verði hjá Tryggingastofnun ríkisins. Greiðslur úr sjóðnum eiga að tryggja foreldrum full laun í fæðingarorlofi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Fjárhæðir sem greiddar verða úr sjóðnum greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins að uppfylltum

um ákveðnum skilyrðum á sama hátt og fæðingardagpeningar. Útgjöld lífeyristrygginga vegna greiðslna úr fæðingarorlofssjóði skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga. Samkvæmt lauslegum útreikningum má ætla að kostnaðarauki vegna breytinga samkvæmt frumvarpinu, ef það verður samþykkt, 1. janúar árið 2003 þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda, verði á bilinu 2,1–3 milljarðar kr.

Um 8. gr.

Með hliðsjón af ákvæði til bráðabirgða um lengingu fæðingarorlofs í áföngum, sbr. athugasemdir við 4. gr., er hér lagt til að í ákvæði til bráðabirgða í almannatryggingalögum verði kveðið á um greiðslur í samræmi við fyrrnefnt ákvæði.

Um 9. gr.

Lagt er til að lög þessi öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 2000. Með því gefst nokkur tími til þess að undirbúa það að greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi aukast með tilkomu fæðingarorlofssjóðs, sbr. nánar umfjöllun í greinargerð.

574. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Frá Jóni Kristjánssyni og Sturlu Böðvarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-495 Daggjaldastofnanir**			
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	21,5	15,0	36,5

575. Svar [314. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um fiskveiðistjórnarkerfi og stöðu fiskstofna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið þróunin í stofnstærð helstu nytjastofna hér við land frá því að kerfi framseljanlegra aflaheimilda var tekið upp?*
2. *Verður staða þessara fiskstofna rakin til fiskveiðistjórnarkerfisins og hefur það náð því meginmarkmiði að byggja upp fiskstofna í hagkvæma stærð?*

Þorskur.

Árið 1983 var veiðistofn þorsks 795 þús. tonn og hafði ekki mælst eins lítill áður. Er stóru árgangarnir frá 1983 og 1984 komu í veiðistofninn á árunum 1987–89 stækkaði stofninn og var 1055 þús. tonn árið 1988. Mikil sókn ásamt lélegri nýliðun átti mestan þátt í því að stofninn komst í sögulegt lágmark, aðeins 548 þús. tonn, árið 1992. Í framhaldinu voru frið-

unaraðgerðir hertar og 25% aflareglunni komið á árið 1995. Þrátt fyrir laka nýliðun mestallan tíunda áratuginn hefur tekist að rétta stofninn smám saman við og er gert ráð fyrir að veiðistofn verði um 1030 þús. tonn í ársbyrjun 1999. Nýliðun 1997 og 1998 hefur verið ágæt og því er reiknað með góðum vexti í stofninum á næstu árum.

Ýsa.

Árið 1983 var ýsustofninn metinn 155 þús. tonn en hann minnkaði á næstu árum og var orðinn 138 þús. tonn árið 1986. Stofninn óx á ný þegar stóri árgangurinn frá 1983 kom í veiðarnar og stækkað veiðistofninn í 254 þús. árið 1989. Stofninn minnkaði síðan aftur í 162 þús. tonn árið 1992. Þegar 1990 árgangurinn bættist í veiðistofninn stækkaði hann í 204 þús. tonn árið 1994. Þar eð þessa árgangs gætir ekki lengur í veiðunum hefur stofninn minnkað á ný og er áætlað að hann verði um 155 þús. tonn í ársbyrjun 1999. Þess skal getið hér að nýliðun í ýsustofninum er mjög sveiflukennd þannig að sumir árgangar geta verið afar rýrir, en einstaka sinnum eru þeir mjög stórir og hafa þá veruleg áhrif á þróun stofnstærðar meðan þeirra gætir í stofninum.

Ufsi.

Árið 1983 var veiðistofn ufsa metinn 256 þús. tonn. Næstu ár stækkað stofninn þegar stóru árgangarnir frá 1983 og 1984 komu til sögunnar og komst stofninn í 442 þús. tonn árið 1988. Síðan fór stofninn hratt minnkandi, að hluta vegna veiðiálags en fyrst og fremst vegna lélegrar nýliðunar og var veiðistofninn kominn í sögulegt lágmark, tæp 140 þús. tonn, árið 1996. Þar sem ekki eru til neinar haldbærar mælingar á nýliðun í ufsastofninn hefur verið stuðst við meðalnýliðun einhvers tiltekins árabils þegar gerðar hafa verið tillögur um aflamark á þessa tegund. Á síðari árum hafa þessi meðaltöl reynst of há, þróun stofnstærðar því verið ofmetin og þar af leiðandi hefur ekki náðst að veiða upp í aflaheimildir.

Gullkarfi/djúpkarfi.

Mat á stærð gullkarfastofnsins byggist á vísitölum úr stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum, sem ná aftur til ársins 1985. Stofninn fór vaxandi fram til ársins 1987 en vegna vaxandi sóknar minnkaði stofninn stöðugt næstu árin og komst í lágmark 1995. Betri nýliðun, ásamt meiri takmörkunum á afla frá 1996, hefur leitt til þess að stofninn er nú aftur í vexti. Hvað djúpkarfa snertir er þróunin áþekk en afli á togtíma í djúpkarfaveiðunum sýnir að stofninn minnkaði talsvert frá 1988 til 1996. Á þessum árum féll afli á sóknareiningu á botnvörpu um meira en helming. Afli á sóknareiningu 1997 hefur aukist lítillega, en enn þá er ástand stofnsins slæmt. Þrátt fyrir aflamarkskerfið hefur heildarafli karfategundanna beggja á hverju ári farið fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, og á það sinn þátt í því hvernig þessir stofnar hafa þróast á umræddu tímabili. Karfastofnar eru sameiginlegir stofnar sem finnast í lögsögu Grænlands og Færeyja auk Íslands. Ekki hefur náðst samkomulag um heildarstjórnun á þessum stofnum.

Grálúða.

Veiðistofn grálúðu var 210 þús. tonn árið 1983. Stofninn stækkaði næstu ár og varð stærstur 277 þús. tonn árið 1987. Síðan hefur veiðistofninn verið á niðurleið og var kominn í 109 þús. tonn 1998, sem er sögulegt lágmark. Ástæður fyrir þessum mikla samdrætti má rekja til mikillar sóknar í grálúðu, en veiðar úr stofninum hafa árlega farið langt fram úr ráðgjöf. Stofninn er sameiginlegur við Grænland, Ísland og Færeyjar, og ekki hefur tekist samkomulag um stjórn veiðanna úr honum.

Skarkoli.

Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska fyrir árin 1985–98 benda til þess að veiðistofn skarkola hafi minnkað verulega á tímabilinu. Skarkoli var í aflamarkskerfinu árin 1984–85. Árið 1985 fór aflinn hátt í 15 þús. tonn, sem er mesti skarkolaafli á Íslandsmiðum frá upphafi. Veiðar á skarkola voru ekki takmarkaðar aftur fyrr en hann var tekinn í aflamarkskerfið á ný árið 1991. Heildaraflamark var þó alltaf sett hærra en tillögur Hafrannsóknastofnunar fram til fiskveiðiársins 1997/1998.

Steinbítur.

Vísitölur veiðistofns steinbíts í stofnmælingu botnfisk árin 1985–98 sýna að með aukinni sókn fór stofninn minnkandi fram til 1995. Steinbítur var utan aflamarkskerfisins á árunum 1986–96 og jókst aflinn þá úr 10 þús. tonnum 1985 upp í 18 þús. tonn árið 1991, sem er mesti steinbítsafli frá 1963. Aflinn var kominn í 13 þús. tonn árin 1993–95. Frá 1996 hefur stofninn verið í vexti.

Síld.

Stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar hefur verið mæld með bergmálsaðferðinni frá 1973. Stofninn hefur farið stöðugt vaxandi, enda nýttur nálægt kjörsókn og var hrygningarstofninn kominn í sögulegt hámark, 555 þús. tonn, árið 1994. Hrygningarstofninn er áætlaður um 485 þús. tonn árið 1998.

Loðna.

Loðnan er skammlífur fiskur og stærð stofnsins byggist á mjög fáum árgöngum, þannig að afraksturinn er mjög háður nýliðun. Veiðireglan er sú að skilja eftir í lok vertíðar 400 þús. tonn af hrygningarloðnu til viðhalds stofninum. Frá 1983 óx stofn kynþroska loðnu í upphafi vertíðar (1. ágúst) úr 1,1 millj. tonnum í 2,3 millj. tonna árið 1986. Hrygningarstofninn minnkaði svo í kjölfar lélegrar nýliðunar í um 750 þús. tonn árið 1990. Hann hefur svo farið ört vaxandi á ný og mældist 2,2, millj. tonn 1996. Spár gerðar fyrr á þessu ári bentu til að stærð stofnsins væri tæp 2,1 millj. tonn 1. ágúst sl. Í nóvemberleiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar mældist hins vegar mun minna af kynþroska loðnu en spáð hafði verið. Skilyrði á miðunum voru um margt óvenjuleg og því verður farið í annan leiðangur í upphafi nýs árs.

Humar.

Árið 1983 var veiðistofn humars metinn tæp 16 þús. tonn. Stofninn hefur smám saman farið minnkandi og komst í lágmark, rúm 9 þús. tonn, árið 1996. Minnkun stofnsins má m.a. rekja til mjög lélegrar nýliðunar í lok áttunda áratugarins. Veiðistofn í ársbyrjun 1999 er áætlaður um 10 þús. tonn. Frá 1978 hefur ávallt verið reynt að miða sókn í humarstofninn við kjörsókn. Það hefur gengið eftir í stórum dráttum en stundum hafa aðstæður, t.d. sveiflur í stofnstærð, leitt tímabundið til óvenju mikillar sóknar á tilteknum miðum. Með skiptingu leyfilegs hámarksafla eftir svæðum mæti hugsanlega laga sveiflur í sókn enn frekar að stærð veiðistofns á hverju svæði.

Úthafsrækja.

Úthafsrækjuveiðar hófust í byrjun 8. áratugarins, en fram til 1983 var úthafsrækjuaflinn aðeins brot af heildarrækjuaflanum. Veruleg aukning varð á árinu 1984 og árið 1986 var aflinn kominn í 30 þús. tonn. Aflamark var fyrst sett á úthafsrækju árið 1987. Helsti mæli-

kvarðinn á ástand rækjustofnsins er afli á sóknareiningu í veiðunum. Eftir smálægð á árunum 1989–90 fór afli á sóknareiningu vaxandi næstu ár og náði sögulegu hámarki 1996. Veiðistofninn hafði stækkað vegna góðrar nýliðunar í stofninn. Afli á sóknareiningu hefur á árinu 1997 og á þessu ári minnkað verulega. Það tengist m.a. aukinni þorskgengd á Norðurmiðum, sérstaklega í ár, sem hefur leitt til aukins afráns þorsks á rækju og enn fremur má ætla að þorskurinn hafi að einhverju leyti tvístrað rækjunni.

Hörpudiskur.

Á Breiðafirði, þar sem helstu hörpudiskmiðin við landið eru, var stofnvísitalan í sögulegu hámarki árið 1982. Hún hefur smám saman farið minnkandi og er talið að stofninn hafi minnkað um 30–40% á árunum 1983–93. Mjög mikil sókn framan af tímabilinu leiddi til þess að hlutdeild stærri (eldri) skelja í stofninum fór ört minnkandi. Eftir að dregið var út veiðum árið 1994 hefur hlutdeild eldri skelja í stofninum haldist mjög stöðug. Stofninn er nú aftur í vexti bæði vegna sóknartakmarkana og betri nýliðunar.

576. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn treystir sér ekki til að standa að samþykkt frumvarpsins eins og málið ber að. Ljóst er að ekki hefur tekist að ná samkomulagi um framtíðartilhögun og skipulag starfsemi Útflutningsráðs. Minni hlutinn hefði því talið eðlilegra að framlengja lögin um Útflutningsráð sem minnst breytt en að fara út í þær breytingar sem gera á samkvæmt frumvarpinu. Við bætist svo að auka á gjaldtökuna til að mæta kostnaði við rekstur Fjárfestingarstofu. Er tæpast mjög trúverðugt að hækka gjald sem þó er a.m.k. í orði kveðnu ætlunin að leggja af.

Minni hlutinn mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1998.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm.	Ágúst Einarsson.	Svavar Gestsson.

577. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (SJóh, KH, GE).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands			
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	0,0	25,0	25,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*25,0*	*25,0*

578. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

	Þús. kr.
Við sundurliðun 2, Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta:	
Við 8. tölul., **Ýmis verkefni (04-190 1.90),** bætist nýr liður:	
Visnurannsóknir	2.000

579. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	125,0	3,0	128,0

Greinargerð.

Á viðfangsefninu 1.01 er í frumvarpinu gert ráð fyrir 2 millj. kr. framlagi til fjölskylduráðs í kjölfar þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að 3 millj. kr. hækkun á þessum lið fari til ráðsins.

580. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Jóni Kristjánssyni og Sturlu Böðvarssyni.

Við 7. gr. Nýr liður:
8.13 Að semja við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.

581. Frumvarp til laga [370. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (ÓÖH, ÁMM, KPál, ÍGP, TIO).

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimili Landmælinga Íslands er á Akranesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í júlí 1996 ákvað umhverfisráðherra að flytja starfsemi Landmælinga Íslands frá Reykjavík til Akraness frá og með 1. janúar 1999 og hefur verið unnið að undirbúningi málsins á vegum umhverfisráðuneytisins og stofnunarinnar frá þeim tíma. Er honum nú nær lokið og starfsemi að nokkru hafin í nýju húsnæði.

Með dómi Hæstaréttar 18. desember 1998 var ákvörðun umhverfisráðherra um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness dæmd ólögmæt þar sem ráðherra hafi ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar frá Reykjavík til Akraness. Í dómi Hæstaréttar segir að þótt ekki séu bein fyrirmæli um það í lögum að ríkisstofnun skuli staðsett í Reykjavík verði ekki talið að það eitt gefi ráðherra frjálst val um hvar hún skuli vera. Vöntun á ákvæðum um þetta í lögum megi helst skýra með því að fyrirmæli séu í stjórnarskrá um staðsetningu ráðuneyta. Hafi það verið talið svo sjálfsagt fram á hin síðari ár að stofnanir, sem undir þau heyrðu, hefðu einnig aðsetur í höfuðborginni að ekki þyrfti að taka það fram í lögum.

Allt er nú til reiðu á Akranesi til að Landmælingar Íslands geti hafið þar starfsemi af fullum krafti. Þar hefur verið leigt húsnæði sem innréttað hefur verið að þörfum stofnunarinnar og einnig hafa verið sett þar upp ný tæki. Þá hefur verið gengið frá ráðningu starfsfólks og gögn hafa verið flutt frá Reykjavík til Akraness. Húsnæði stofnunarinnar í Reykjavík hefur hins vegar verið rýmt að mestu og leigusamningur varðandi það er senn á enda.

Með hliðsjón af framangreindum dómi Hæstaréttar og stöðu málsins að öðru leyti er nauðsynlegt að afla lagaheimildar þar sem kveðið er á um að aðsetur Landmælinga Íslands skuli vera á Akranesi.

Fylgiskjal.

Bréf meiri hluta allsherjarnefndar.

Með dómi Hæstaréttar 18. desember 1998 var ákvörðun umhverfisráðherra um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness dæmd ólögmæt þar sem ráðherra hafði ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar frá Reykjavík til Akraness. Í dómi Hæstaréttar segir að þó að ekki séu bein fyrirmæli um það í lögum að ríkisstofnun skuli staðsett í Reykjavík verði ekki talið að það eitt gefi ráðherra frjálst val um það hvar hún skuli vera. Vöntun á ákvæðum um þetta í lögum megi helst skýra með því að fyrirmæli séu í stjórnarskrá um staðsetningu ráðuneyta. Hafi það verið talið svo sjálfsagt fram á hin síðari ár að stofnanir, sem undir þau heyrðu, hefðu einnig aðsetur í höfuðborginni, að ekki þyrfti að taka það fram í lögum.

Í framhaldi af uppkvaðningu dómsins hefur allsherjarnefnd haft til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, er gerir ráð fyrir að ráðherra verði veitt almenn heimild með lögum til að ákveða aðsetur stofnana sem undir hann heyri. Meiri hluti nefndarinnar telur að dómur Hæstaréttar gefi tilefni til að taka heildstætt á málinu, enda þótt ekki næðist samstaða í allsherjarnefnd um að ráðast í slíkar breytingar með ekki lengri fyrirvara. Þó er ljóst að nú þegar verður að gera sértækar breytingar vegna fyrirhugaðs flutnings Landmælinga Íslands til Akraness 1. janúar nk. Því beinir meiri hluti allsherjarnefndar því til umhverfisnefndar að hún beiti sér fyrir breytingum á lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, er staðfesti þau áform um flutning stofnunarinnar sem boðuð hafa verið.

F.h. meiri hluta allsherjarnefndar,

Sólveig Pétursdóttir.

582. Frumvarp til útvarpslaga. [371. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI

Skilgreiningar.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a. Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er átt við hvers konar útsendingu dagskárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum, hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust, hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst.
b. Útvarpsstöð er sá aðili, einstaklingur eða lögaðili, sem leyfi hefur til útvarps, annast og ber ábyrgð á samsetningu útvarpsdagskrár í skilningi a- og c-liða, sendir hana út eða lætur annan aðila annast útsendingu hennar.
c. Útvarpsdagskrá er heildarsamsetning dagskárliða í útvarpi.

d. Auglýsing er hvers konar tilkynning sem útvarpað er gegn endurgjaldi eða í eigin þágu útvarpsstöðvar og felur í sér kynningu vöru eða þjónustu.
e. Dulin auglýsing er sýning eða önnur kynning í máli eða myndum á vöru, þjónustu, vörumerki eða starfsemi aðila er framleiðir vöru eða veitir þjónustu í útvarpsdagskrám utan afmarkaðra auglýsingatíma sé slík sýning til þess ætluð af hálfu útvarpsstöðvar að þjóna auglýsingamarkmiðum og villa um fyrir notendum.
f. Kostun er hvers konar fémætt framlag lögaðila eða einstaklinga til framleiðslu eða útsendingar dagskrárliða í útvarpi, með það fyrir augum að vekja athygli á nafni sínu, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum.
g. Fjarsala er beint tilboð sem sjónvarpað er til almennings með það í huga að bjóða fram vöru og þjónustu gegn greiðslu. Fjarsala tekur hér einnig til fasteigna, réttinda og skyldna.
h. Læst útsending er hljóðvarps- eða sjónvarpsútsending ætluð almenningi þar sem hljóð- eða myndmerkjum hefur verið breytt í því skyni að veita einungis þeim aðgang að útsendingunni sem greitt hafa fyrir hana (áskrifendum).
i. Myndlykill er búnaður sem einum sér eða með öðrum búnaði er ætlað að veita aðgang að innihaldi læstrar útsendingar.

II. KAFLI
Lögsaga.
2. gr.
Lögsaga yfir sjónvarpsstöðvum.

1. Lögin gilda um útsendingar á sjónvarpsdagskrám ef sendingu verður náð á Íslandi og/eða í einhverjum öðrum þeim ríkjum sem bundin eru af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið („EES-ríkjum"), sbr. lög nr. 2/1993, með síðari breytingum, og sú sjónvarpsstöð, sem í hlut á,

a. hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt skilgreiningu 3. mgr.,
b. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki en notar senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi,
c. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki, notar ekki senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi eða í öðru EES-ríki en notar gervitunglaflutningsgetu sem tilheyrir íslenskum aðila,
d. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki, notar ekki senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi eða í öðru EES-ríki, notar ekki gervitunglaflutningsgetu sem heyrir undir Ísland eða aðila í öðru EES-ríki en notar gervitunglajarðstöð sem staðsett er hér á landi,
e. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki, notar ekki senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi eða í öðru EES-ríki, notar ekki gervitunglaflutningsgetu sem tilheyrir íslenskum aðila eða aðila í öðru EES-ríki, notar ekki gervitunglajarðstöð sem staðsett er hér á landi eða í öðru EES-ríki en telst hafa staðfestu á Íslandi samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. sérstaklega 2. kafla III. hluta samningsins um staðfesturétt.

2. Enn fremur taka lögin til hvers þess aðila sem hefur öðlast staðfestu í öðru EES-ríki með það að markmiði að fara á svig við íslensk lög, enda beinist starfsemin aðallega að Íslendingum og íslenskum markaði.

3. Sjónvarpsstöð telst hafa staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum, sbr. a-lið 1. mgr., í eftirfarandi tilvikum:

a. Ef sjónvarpsstöðin hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi og ákvarðanir um dagskrárefni eru teknar hér á landi.
b. Ef sjónvarpsstöðin hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi, en ákvarðanir um dagskrárefni eru teknar í öðru EES-ríki telst stöðin hafa staðfestu hér á landi ef verulegur hluti starfsliðs við sjónvarpsútsendingar starfar hér á landi. Þó að verulegur hluti starfsliðs við sjónvarpsútsendingar starfi einnig í öðru EES-ríki telst stöðin hafa staðfestu hér á landi ef aðalskrifstofa hennar er hér. Þó að verulegur hluti starfsliðs við sjónvarpsútsendingar starfi hvorki hér á landi né í öðru EES-ríki telst stöðin hafa staðfestu hér á landi ef hún hefur hafið útsendingar samkvæmt útvarpsleyfi sem veitt var með stoð í íslenskum lögum, enda hafi stöðin haldið stöðugum og virkum tengslum við íslenskt efnahagslíf.
c. Ef sjónvarpsstöð hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni eru teknar utan EES-ríkja, eða öfugt, telst stöðin hafa staðfestu hér á landi að því tilskildu að verulegur hluti starfsliðs við sjónvarpsútsendingar starfi hér á landi.

3. gr.

Lögsaga yfir hljóðvarpsstöðvum.

Lög þessi gilda um allar hljóðvarpssendingar aðila sem nota senditíðni sem íslensk stjórnvöld hafa úthlutað eða dreifikerfi sem staðsett er á Íslandi.

4. gr.

Útsendingar sem lögin ná ekki til.

Ákvæði þessara laga ná ekki til dreifingar útvarpsdagskrár eða útsendinga sem eingöngu eru ætlaðar þröngum hópi og takmarkast við byggingar eða húsakynni á samfelldri lóð, svo sem einstök íbúðarhús, sjúkrahús, gistihús, skóla og verksmiðjur.

5. gr.

Tímabundin stöðvun á endursendingum sjónvarps frá EES-ríkjum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og skyldu íslenska ríkisins til þess að tryggja frelsi til móttöku á sjónvarpsútsendingum frá öðrum EES-ríkjum getur útvarpsréttarnefnd stöðvað tímabundið sjónvarpsútsendingar frá öðrum EES-ríkjum að uppfylltum eftirgreindum skilyrðum:

a. útsendingin brýtur ljóslega, verulega og alvarlega gegn ákvæðum 14. gr. laga þessara eða telst að öðru leyti geta haft alvarleg skaðleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, einkum dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, eða útsending telst geta kynt undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, trúarskoðana eða þjóðernis;
b. sjónvarpsstöðin, sem í hlut á, hefur að minnsta kosti tvívegis á síðastliðnum 12 mánuðum brotið gegn ákvæðum a-liðar;
c. útvarpsréttarnefnd hefur tilkynnt sjónvarpsstöðinni, og Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, hefur verið tilkynnt skriflega um meint brot og þær ráðstafanir sem íslensk stjórnvöld hyggjast grípa til ef um verður að ræða endurtekningu á broti og
d. samráð við útsendingarríki og Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, hefur ekki leitt til lausnar innan 15 daga frá tilkynningu skv. c-lið og framhald er á meintu broti.

III. KAFLI
Leyfi til útvarps.
6. gr.
Leyfi til útvarps.

1. Til útvarps, sem á uppruna sinn hér á landi, þarf leyfi útvarpsréttarnefndar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvarpið.

2. Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

3. Útvarpsréttarnefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarps. Leyfi til hljóðvarps má lengst veita til fimm ára í senn en til sjónvarps lengst til sjö ára í senn. Nánari ákvæði um gildistíma útvarpsleyfa skulu sett í reglugerð. Heimilt er að binda leyfi við afmörkuð svæði.

4. Leyfi til útvarps hér á landi er háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

a. Leyfishafi skal hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild erlends aðila utan EES-ríkis eða íslensks lögaðila, sem slíkur aðili á hlut í, til að reka útvarpsstöðvar fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
b. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva skal einvörðungu heimilað um þráð og/eða þráðlaust um örbylgju.
c. Útvarpsstöðvar skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er.
d. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni skv. IX. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.
e. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hvert sé kallmerki hennar.
f. Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum útvarpsstöðvar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum útvarpsleyfishafa. Útvarpsréttarnefnd getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum útvarpsstöðvar, ef þess er talin þörf, um hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafi verið brotin. Skal sérstakur trúnaðarmaður nefndarinnar annast öflun og könnun slíkra gagna í umboði nefndarinnar. Nefndarmenn, starfsmenn og trúnaðarmenn nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.
g. Hafi útvarpsstöð ekki hafið útvarp innan átta mánaða frá dagsetningu leyfis útvarpsréttarnefndar fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé útvarpsrekstri hætt og hann eigi hafinn á ný innan fjögurra mánaða telst útvarpsleyfi sjálfkrafa niður fallið.
h. Leyfi til útvarps verður ekki framselt, leigt eða flutt með nokkrum öðrum hætti til annars aðila. Nú er bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta, og fellur þá leyfið þegar í stað úr gildi.

5. Útvarpsréttarnefnd fylgist með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt og hefur að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpsútsendingum er lúta íslenskri lögsögu skv. 2. og 3. gr. laga þessara. Útvarpsréttarnefnd getur áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur sjónvarpsstöðva um útsendingu á evrópsku

dagskrárefni skv. 7. gr. og um sýningu efnis sem framleitt er af sjálfstæðum framleiðendum, sbr.10. gr.

6. Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar samkvæmt lögum þessum sæta ekki stjórnsýslukæru.

7. Kostnaður við starfsemi útvarpsréttarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

IV. KAFLI
Skyldur útvarpsstöðva.

7. gr.
Dagskrárframboð.

1. Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Þó skal heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku.

2. Sjónvarpsstöðvar skulu kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma útvarpsstöðva að frádregnum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarsölu.

3. Í reglugerð skal það nánar skilgreint hvað telst vera evrópskt efni.

8. gr.
Tal og texti á íslensku.

1. Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

2. Ákvæði greinar þessarar eiga ekki við þegar um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva. Þau eiga ekki heldur við þegar útvarpsstöð hefur fengi leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku, sbr. 1. mgr. 7. gr.

9. gr.
Lýðræðislegar grundvallarreglur.

Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Þó skal útvarpsstöð, sem fengið hefur útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað, vera óskylt að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar.

10. gr.
Dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum.

1. Sjónvarpsstöðvar skulu, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. mgr. 7. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Sjónvarpsstöðvar skulu leggja áherslu á að svo stór hluti af verkum sjálfstæðra framleiðenda sem unnt er séu sýnd innan fimm ára frá því að gerð þeirra lauk.

2. Í reglugerð skal það nánar skilgreint hverjir teljast vera sjálfstæðir framleiðendur samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Andsvarsréttur.

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að lögmætir hagsmunir þeirra, einkum orðspor og mannorð, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í útvarpsdagskrá, hafa rétt til andsvara í viðkomandi útvarpsstöð eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skulu send út innan hæfilegs tíma frá því að rök voru færð fyrir beiðninni og á þeim tíma og með þeim hætti sem hæfir þeirri útsendingu er beiðnin tekur til.

12. gr.

Kærur vegna 9. og 11. gr.

Telji einhverjir að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt skilyrði 9. og 11. gr. gagnvart þeim og þeim er synjað um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá á þann hátt sem þeir vilja við una geta þeir lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kæruefni, og er sá úrskurður bindandi fyrir aðila.

13. gr.

Skyldur vegna almannaheilla.

Skylt er útvarpsstöð að láta lesa endurgjaldslaust tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.

14. gr.

Vernd barna gegn óheimilu efni.

1. Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út efni, þar á meðal auglýsingar, um tilefnislaust ofbeldi með trúverðugum blæ eða með klámfengnum myndum á þeim dagskrártíma og á þann hátt að öðru leyti að á því sé veruleg hætta að börn sjái viðkomandi efni.

2. Nánar skal mælt fyrir um það í reglugerð að sjónvarpsefni, sem ekki er talið við hæfi barna, sé einungis sýnt á nánar tilteknum dagskrártíma eða tryggt sé með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði, er útsendingin nær til, muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskrárefni er sent út ólæst skal fara á undan því munnleg viðvörun eða það vera auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsending stendur yfir.

V. KAFLI

Tekjustofnar útvarpsstöðva.

15. gr.

Tekjustofnar.

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með afnotagjaldi, auglýsingum, fjarsöluinnskotum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þeirra.

VI. KAFLI
Auglýsingar, fjarsala og kostun.

16. gr.
Almennar meginreglur.

1. Auglýsingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni með myndskilti eða hljóðmerki. Hið sama gildir um fjarsöluinnskot.

2. Duldar auglýsingar eru bannaðar, sem og dulin fjarsöluinnskot.

3. Í auglýsingum og fjarsöluinnskotum skal ekki beita tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

17. gr.
Tímar fyrir auglýsingar og fjarsöluinnskot.

1. Almennt skulu auglýsingar fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða. Hið sama skal gilda um fjarsöluinnskot.

2. Einstök auglýsinga- og fjarsöluinnskot skulu ekki leyfð nema í undantekningartilvikum.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal vera heimilt að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingatíma og fjarsöluinnskotum, enda leiði það ekki til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi eða skerði rétt rétthafa, svo sem hér segir:

a. Útsendingu dagskrárliða sem samsettir eru úr sjálfstæðum þáttum, íþróttadagskrár eða sambærilega dagskrárliði, sem svipaðir eru að uppbyggingu, er heimilt að rjúfa með auglýsingatíma og fjarsöluinnskotum á þann veg að auglýsingum og fjarsöluinnskotum sé aðeins skotið inn á milli þátta eða í hléum.

b. Útsendingu kvikmynda, þar á meðal kvikmynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp og eru lengri en 45 mínútur í dagskrá, má rjúfa einu sinni fyrir hvert 45 mínútna tímaskeið með auglýsingatíma eða fjarsöluinnskoti. Heimilt er að rjúfa útsendingu öðru sinni ef sýningartími er meira en 20 mínútum lengri en tvö eða fleiri full 45 mínútna tímaskeið.

c. Ef dagskrárliðir, aðrir en þeir sem fjallað er um í a-lið, eru rofnir með auglýsingum eða fjarsöluinnskotum skulu líða a.m.k. 20 mínútur milli auglýsingahléa í sama dagskrárlið.

4. Óheimilt er að skjóta auglýsingum eða fjarsöluinnskotum inn í útsendingu á guðsþjónustu eða trúarlegri dagskrá, fréttum eða fréttatengdum dagskrárliðum eða dagskrá fyrir börn. Þó er heimilt að rjúfa fréttatengda dagskrárliði ef þeir eru lengri en 30 mínútur.

18. gr.
Takmarkanir á auglýsingatíma í sjónvarpi.

Í sjónvarpsdagskrám skal hlutfall auglýsingatíma ekki fara yfir 15% daglegs útsendingartíma. Þó má auka þetta hlutfall í 20% ef með eru talin fjarsöluinnskot að undanskildum fjarsöluþáttum í skilningi 19. gr. Hlutfall auglýsinga og fjarsöluinnskota innan tiltekins klukkutímaskeiðs má ekki fara yfir 20%. Hvað þessa grein varðar telst eftirfarandi ekki til auglýsinga:

a. Tilkynningar frá sjónvarpsstöð í tengslum við dagskrárefni hennar sjálfrar og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni.

b. Tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem birtar eru endurgjaldslaust.

19. gr.

Sérákvæði um fjarsöluþætti.

1. Um fjarsöluþætti í dagskrám sem ekki eru eingöngu helgaðar fjarsölu gilda eftirfarandi ákvæði:

a. Þeir skulu standa yfir í að minnsta kosti 15 mínútur órofið.
b. Slíkir þættir mega ekki vera fleiri en átta á degi hverjum. Heildarlengd þeirra má ekki vera meiri en þrjár klukkustundir á dag. Þeir skulu vera skýrt auðkenndir sem fjarsöluþættir með hljóðmerkjum og sjónrænt.

2. Öll ákvæði laga þessara gilda eftir því sem við á og að breyttu breytanda um sjónvarpsdagskrár sem eingöngu eru helgaðar fjarsölu. Auglýsingar eru leyfðar í slíkum dagskrám innan þeirra daglegu marka sem tiltekin eru í 18. gr., þó þannig að a- og b-liðir eiga ekki við.

3. Ákvæði 4.–8. gr. laga nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu, skulu gilda um fjarsölu samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

20. gr.

Vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum.

1. Útvarpsauglýsingar skulu þannig gerðar og fluttar að þær valdi ekki börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í útvarpsauglýsingum er óleyfilegt að:

a. hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgirni,
b. hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er,
c. notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks eða
d. sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um fjarsöluþætti. Í slíkum þáttum er óleyfilegt að hvetja börn til þess að gera samninga um kaup eða leigu á vöru eða þjónustu.

21. gr.

Kostun.

1. Heimilt er útvarpsstöð að afla kostunar við gerð einstakra dagskrárliða, svo framarlega sem kostandi hefur ekki áhrif á innihald eða efnistök við gerð kostaðs dagskrárliðar og raskar ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði útvarpsstöðvar.

2. Óheimilt er að kosta fréttaútsendingar og fréttatengt efni, svo sem veðurfréttir og íþróttafréttir.

3. Nú er dagskrárliður kostaður og má þá efni hans ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega. Heimilt er að ákveða með reglugerð að sérstakar reglur skuli gilda um dagskrárliði sem kostaðir eru af góðgerðar- eða líknarfélögum.

4. Kostaðar útvarpsdagskrár skulu vera ljóslega auðkenndar sem slíkar með kynningu, nafni og/eða vörumerki kostanda í upphafi og/eða lok dagskrár.

5. Óheimilt er að aðrir aðilar en sá sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.

6. Útvarpsdagskrár mega ekki vera kostaðar af aðilum sem bannað er að auglýsa vöru sína eða þjónustu. Þó er framleiðendum og söluaðilum lyfja heimilt að kynna nafn eða ímynd fyrirtækis síns með kostun útvarpsdagskrár, án þess þó að um sé að ræða kynningu á einstökum lyfjategundum eða læknisfræðilegri meðferð.

VII. KAFLI
Aðgangur að almennum fjarskiptanetum.

22. gr.

Aðgangur að almennum fjarskiptanetum.

1. Nú óskar útvarpsstöð að fá aðgang að kapalkerfi eða öðru almennu fjarskiptaneti sem hagnýtt er til útvarpssendinga, þar á meðal breiðbandi, og skal þá fara með málið svo sem fyrir er mælt í fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, hvort tveggja eftir því sem við á.

2. Ef þurfa þykir er heimilt í reglugerð að mæla fyrir um takmörkun á fjölda rása sem útvarpsstöðvar í eigu sömu eða tengdra aðila fá til afnota í framangreindum fjarskiptavirkjum.

VIII. KAFLI
Takmörkun á einkaréttindum.

23. gr.

Aðgangur almennings að þýðingarmiklum viðburðum.

1. Heimilt er að ákveða í reglugerð að einkaréttindi sjónvarpsstöðva til sjónvarps frá innlendum og erlendum viðburðum, sem taldir eru hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu, sé einungis heimilt að nýta á þann hátt að meginhluti þjóðarinnar eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum í beinum eða seinkuðum útsendingum án sérstaks endurgjalds. Í reglugerðinni skal vera tæmandi og nákvæm skrá um þá viðburði sem ákvörðun er ætlað að taka til, og skal ákvörðun um skrána tekin með góðum fyrirvara. Í reglugerð skulu enn fremur vera ákvæði um það hvort hinir tilteknu viðburðir skuli vera sýndir í heild eða að hluta í beinum útsendingum, eða í heild eða að hluta í seinkuðum útsendingum, ef það telst nauðsynlegt eða hagfellt vegna þarfa almennings, sem og önnur atriði sem nauðsynlegt þykir að kveða á um.

2. Sjónvarpsstöð, sem aflar sér einkaréttar sem um ræðir í þessari grein og gildir fyrir Ísland og önnur EES-ríki, skal þegar í stað tilkynna það til útvarpsréttarnefndar sem skal hafa eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

3. Bjóði sjónvarpsstöð annarri sjónvarpsstöð að senda út frá viðburði til þess að uppfylla skyldu sína skv. 1. mgr. skal rétturinn boðinn gegn sanngjörnu endurgjaldi. Í reglugerð skulu vera fyrirmæli um ákvörðun sanngjarns endurgjalds ef ekki næst um það samkomulag milli aðila.

4. Heimilt er að ákveða með reglugerð tilteknar takmarkanir á nýtingu sjónvarpsstöðva á einkaréttindum sínum til dreifingar á sjónvarpsútsendingum frá þýðingarmiklum viðburðum þannig að aðrar sjónvarpsstöðvar eigi þess kost með tilteknum skilmálum að flytja stuttar fréttir af þess háttar viðburðum.

24. gr.

Gagnkvæm viðurkenning á reglum EES-ríkja.

1. Sjónvarpsstöðvum, sem lúta íslenskri lögsögu, er einungis heimilt að nýta einkaréttindi sín til sjónvarps frá viðburðum, sem ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hefur ákveðið að teljist hafa verulega þýðingu í því þjóðfélagi, á þann hátt að meginhluti íbúanna í viðkomandi ríki eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds.

2. Einkaréttindi skulu nýtt í samræmi við reglur viðkomandi ríkis um útsendingu í heild eða að hluta og um beina eða seinkaða útsendingu frá viðburðunum.

3. Útvarpsréttarnefnd skal hafa eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

IX. KAFLI
Ábyrgð á útvarpsefni.

25. gr.
Skylda til varðveislu á frumsömdu útvarpsefni.

Hver sá sem heimild hefur til rekstrar útvarps samkvæmt lögum þessum skal varðveita í a.m.k. 18 mánuði upptöku af öllu frumsömdu útsendu efni. Þó skal heimilt að varðveita fréttir í handriti. Skylt er að láta þeim sem telur misgert við sig í útsendingu í té afrit af upptöku þeirrar útsendingar. Skylt er að láta útvarpsréttarnefnd í té afrit af upptöku útsendingar samkvæmt ósk nefndarinnar.

26. gr.
Ábyrgð.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

a. Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til samtals í útvarpi þannig að hver sem tekur þátt í samtali í eigin nafni ber ábyrgð á sínu framlagi í því.
b. Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.
c. Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.
d. Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.
e. Útvarpsstöð ber ábyrgð á greiðslu fésekta og skaðabóta sem starfsmanni stöðvar kann að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein. Má innheimta fésektir og skaðabætur hjá útvarpsstöð með fjárnámi.

27. gr.
Upplýsingaskylda, fyrning sakar o.fl.

1. Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 26. gr.

2. Um rétt til málsóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð fellur niður ef sex mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber rannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

X. KAFLI
Viðurlög.

28. gr.
Refsingar.

1. Eftirtalin brot gegn lögum þessum varða fésektum:

a. Útvarp án leyfis útvarpsréttarnefndar, sbr. 1. mgr. 6. gr.
b. Misbrestur á tal- eða textasetningu efnis á erlendu máli, sbr. 1. mgr. 8. gr.
c. Misbrestur á efndum skyldna vegna almannaheilla, sbr. 13. gr.
d. Misbrestur á varúðarráðstöfunum vegna velferðar barna sem ákveðnar verða í reglugerð skv. 2. mgr. 14. gr.
e. Óheimil nýting á einkaréttindum samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem sett kann að verða með stoð í 23. gr.

f. Óheimil nýting á einkaréttindum skv. 24. gr.
g. Misbrestur á efnd skyldu til varðveislu á frumsömdu útvarpsefni og til afhendingar á afriti af upptöku á útsendingu, sbr. 25. gr.
h. Misbrestur á efnd upplýsingaskyldu, sbr. 1. mgr. 27. gr.
i. Óheimil hagnýting útvarpsefnis, sbr. 32. gr.
j. Óheimil meðferð myndlykla, sbr. 33. gr.

2. Alvarleg eða ítrekuð brot skv. 1. mgr. geta varðað fangelsi.

29. gr.

Upptaka eigna.

1. Hluti og búnað, sem notaðir hafa verið við brot gegn ákvæðum 33. gr., skal gera upptæka, nema þeir séu eign aðila sem ekki er við brotið riðinn. Ávinning, sem aflað hefur verið með broti, skal gera upptækan. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal sá eiga forgang til andvirðis hins upptæka ef bætur fást ekki á annan hátt.

2. Gera má upptæk viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í tekjuöflunarskyni, sbr. 32. gr.

30. gr.

Stjórnvaldssektir.

1. Fari útvarpsstöð ekki að fyrirmælum 9. og 11. gr. og VI. kafla um auglýsingar, fjarsölu og kostun varðar það stjórnvaldssektum samkvæmt úrskurði útvarpsréttarnefndar. Gildir þetta nema brot varði refsiviðurlögum samkvæmt öðrum lögum.

2. Við ákvörðun stjórnvaldssekta skv. 1. mgr. skal m.a. tekið tillit til tekna útvarpsstöðvar af broti. Skal stjórnvaldssekt ákveðin sem tvöfalt til tífalt margfeldi af þeim tekjum sem útvarpsstöð hefur aflað sér með broti gegn VI. kafla laganna.

3. Sektarúrskurðir útvarpsréttarnefndar eru aðfararhæfir.

4. Útvarpsstöð getur skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Málshöfðunarfrestur er þrír mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð útvarpsréttarnefndar. Málskot frestar aðför.

5. Ef brot gegn þessari grein telst ekki alvarlegt eða er ekki ítrekað, getur útvarpsréttarnefnd látið við það sitja að beita áminningu.

31. gr.

Afturköllun útvarpsleyfis.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

32. gr.

Óheimil hagnýting útvarpsefnis.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til tekjuöflunar, t.d. með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

33. gr.

Myndlyklabrot.

1. Óheimilt er að framleiða, afhenda, leigja, setja upp eða gera við myndlykla í því skyni að veita einhverjum utan hóps áskrifenda aðgang að innihaldi læstrar útsendingar.

2. Óheimilt er að nota myndlykil til þess að taka á móti læstri útsendingu án þess að greiða áskriftargjaldið.

34. gr.

Stafrænt útvarp.

1. Heimilt er menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi.

2. Útvarpsstöðvum skal gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við undirbúning að stafrænu útvarpi.

3. Við útgáfu allra nýrra útvarpsleyfa samkvæmt lögum þessum og við endurnýjun annarra útvarpsleyfa skal sett að skilyrði að með reglugerð megi mæla fyrir um breytingu á merkjum útvarpsstöðvar í stafrænt form, enda verði slík breyting ákveðin með eðlilegum fyrirvara að teknu tilliti til tæknilegra og fjárhagslegra ástæðna. Ákvæði þetta gildir einnig um lögbundið leyfi Ríkisútvarpsins.

35. gr.

Setning reglugerðar.

1. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

2. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

36. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 30. desember 1998. Falla þá úr gildi ákvæði útvarpslaga, nr. 68/1985, með síðari breytingum, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum laganna sem varða Ríkisútvarpið: 1. mgr. 2. gr., III. kafli, IV. kafli, 31. gr. og 32. gr. Heiti þeirra laga verður: **Lög um Ríkisútvarpið.** Skulu lögin gefin út svo breytt með nýjum kafla- og greinanúmerum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þrátt fyrir það sem segir í 2. gr., 3. mgr. 6. gr. og a-lið 4. mgr. 6. gr. í lögum þessum er utanríkisráðuneytinu heimilt að veita varnarliðinu leyfi til áframhaldandi útvarpsrekstrar, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 106/1954, og skal þá tekið mið af ákvæðum I.–IV. kafla að svo miklu leyti sem við getur átt.

2. Þar til sett hefur verið reglugerð eða reglugerðir um framkvæmd laga þessara skulu reglugerðir samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem við getur átt.

3. Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Drög að frumvarpinu voru send 30 aðilum til umsagnar. Umsagnir bárust frá eftirgreindum sex aðilum: Fínum miðli ehf., Íslenska útvarpsfélaginu hf., Landssíma Íslands hf., Ríkisútvarpinu, samgönguráðuneytinu og útvarpsréttarnefnd. Umsagnaraðilar gerðu allmargar athugasemdir við frumvarps-

drögin í umsögnum sínum, og hefur við endanlega samningu frumvarpsins verið höfð hliðsjón af mörgum ábendingum þeirra um atriði sem betur máttu fara.

Hér er farin sú leið að leggja fram frumvarp til nýrra útvarpslaga í stað breytinga á einstökum ákvæðum. Þykir það skýrara af ýmsum ástæðum. Um er að ræða nokkuð margar breytingar, þótt misþýðingarmiklar séu, lagðar eru til breytingar á lagagreinum sem áður hefur verið breytt og gert er ráð fyrir nokkurri breytingu á tæknilegri skipulagningu laganna.

Að stofni til byggist frumvarp þetta á núgildandi útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

Helstu breytingarnar frá núgildandi löggjöf eru þessar:

1. Með frumvarpi þessu er ætlunin að mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði sjónvarp og hljóðvarp. Ekki er þar gert ráð fyrir sérákvæðum um Ríkisútvarpið, eins og eru nú í útvarpslögum, heldur er miðað við að um Ríkisútvarpið gildi sérlög, þó þannig að almenn ákvæði útvarpslaga gildi um Ríkisútvarpið nema annað sé sérstaklega ákveðið.

2. Hið beina tilefni endurskoðunar útvarpslaga nú er setning nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins 97/36/EB sem breytir sjónvarpstilskipun sambandsins 89/552/EBE. Við endurskoðun útvarpslaga með lögum nr. 82/1993 var að mestu leyti tekið tillit til fyrirmæla í tilskipun 89/552/EBE. Tilskipun 97/36/EB var birt 30. júlí 1997 og á að koma til framkvæmda í öllum aðildarríkjum EES eigi síðar en 30. desember 1998. Samkvæmt efni sínu tekur sjónvarpstilskipunin aðeins til sjónvarpsmála en ekki til þeirra þátta er varða hljóðvarp. Æskilegt þykir þó að láta sömu reglur gilda samkvæmt útvarpslögum um sjónvarp og hljóðvarp eftir því sem við getur átt.

3. Tilskipun 97/36/EB hefur meðal annars í för með sér eftirfandi breytingar á íslenskri útvarpslöggjöf:

a. Það er skýrt til hvaða sjónvarpssendinga íslensk lögsaga nær, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Ákvæði um þetta efni eru ekki í lögum nú. Reglur tilskipunar 89/552/EBE þóttu ekki nægilega skýrar, spruttu af þeim sökum dómsmál um túlkun þeirra, og hefur verið tekið tillit til niðurstaðna í þeim málum við mótun hinna nýju reglna. Lögsögureglur tilskipunarinnar byggjast á tveimur grundvallarsjónarmiðum: a) frelsi sjónvarpsstöðva innan hvers aðildarríkis EES til þess að sjónvarpa til allra annarra aðildarríkja og b) að sjónvarpsútsendingar eru heimilar um allt Evrópska efnahagssvæðið svo framarlega sem útsending er í samræmi við löggjöf útsendingarríkisins sem á lokaorðið um það. Frá síðarnefnda atriðinu er þó undanþáguheimild í þágu móttökuríkisins, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

b. Það nýmæli tilskipunar 97/36/EB, sem hvað mesta athygli hefur vakið, er heimildin í 3. gr. a fyrir hvert aðildarríki EES til þess að gera skrá um tiltekna þýðingarmikla viðburði sem senda skal út í dagskrá sem meginhluti almennings hefur aðgang að þó að sjónvarpsstöð sem selur sérstaklega aðgang að efni sínu hafi keypt einkarétt til sýningar frá þessum viðburðum. Í reynd mun heimild þessi, a.m.k. að sinni, fyrst og fremst geta átt við meiri háttar íþróttaviðburði, innlenda og fjölþjóðlega, svo sem landskeppni, Ólympíuleika, heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni í knattspyrnu og handknattleik. Er gert ráð fyrir heimild til þess að setja reglugerð um þetta efni í 23. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum kemur fram að gert er ráð fyrir að sjónvarpsstöð uppfylli það skilyrði að hún nái til meginhluta þjóðarinnar ef hin tiltekna útsending nær til a.m.k. 90% allra landsmanna. Gerir þetta að verkum að allar þrjár helstu sjónvarpsstöðvar landsins uppfylla þetta skilyrði, svo framarlega sem útsendingar þeirra eru opnar. Með þessu móti eru afskipti af samkeppni á sjónvarpsmarkaði í lágmarki. Auk þess verða það tiltölulega fáir viðburðir sem skráin um viðburðina getur náð til. Ástæðan fyrir þessu

ákvæði er hugmyndin um upplýsingaþjóðfélagið. Íslenska ríkinu er ekki skylt samkvæmt tilskipuninni að nýta þessa heimild, en rétt þykir að tryggður sé í lögum möguleikinn á að gera það vegna hins mikla áhuga sem ríkir hér á landi á sjónvarpsefni frá meiri háttar íþróttaviðburðum.

c. Í beinum tengslum við ákvæði 23. gr. frumvarpsins er ákvæði 24. gr. sem gerir íslenskum sjónvarpsstöðvum skylt að nýta einkaréttindi sín til sjónvarps frá viðburðum, sem ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hefur ákveðið að teljist hafa verulega þýðingu í því þjóðfélagi, á þann hátt að meginhluti íbúanna í viðkomandi ríki eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum. Ákvæði í þessa átt er skylt að leiða í íslensk lög samkvæmt tilskipun 97/36/EB.

d. Tekin er upp regla þess efnis að sjónvarpsstöðvar skuli, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til gerðar evrópskra verka, þar á meðal íslenskra verka, sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum (10. gr. frumvarpsins). Þetta ákvæði er fyrst um sinn aðallega stefnuyfirlýsing, en með því að Menningarsjóður útvarpsstöðva verður lagður niður verður sjónvarpsstöðvum gert auðveldara að fara eftir þessu ákvæði.

e. Reglur um auglýsingar og kostun eru gerðar nokkru skýrari en verið hefur. Auk þess er bætt inn ákvæðum um fjarsölu og fjarsöluinnskot, og gilda í meginatriðum sömu reglur um þessi efni og gilda um auglýsingar.

f. Tekin eru upp ákvæði um vernd barna gegn óheimilu efni (14. gr.), sem eiga að styrkja gildandi íslensk lög um það efni, sem og um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum (20. gr.), og er þeim ákvæðum ætlað að vera til fyllingar ákvæðum samkeppnislaga.

4. Þá er það nýmæli í frumvarpinu að menntamálaráðherra er heimilað að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi (34. gr). Stafrænt útvarp, sjónvarp og hljóðvarp, er nú hafið í nágrannalöndunum eða er u.þ.b. að hefjast, a.m.k. á tilraunastigi. Hin stafræna tækni gefur mikla möguleika til betri nýtingar tíðnisviðsins en nú og er þannig m.a. meginforsenda þess að fleiri aðilar eigi þess kost að hefja raunverulega samkeppni, sérstaklega í sjónvarpi, auk víðtækari nota af tíðnisviðinu. Þar sem öll nýting VHF-tíðnisviðsins er nú í raun og veru aðeins í höndum tveggja aðila, Ríkisútvarpsins og Íslenska útvarpsfélagsins hf., komast fleiri aðilar ekki að þar. Auk betri nýtingar á tíðnisviðinu mun sá kostur fylgja stafrænu útvarpi að gæði útsendinga aukast til mikilla muna auk fjölmargra annarra kosta, svo sem að skapa möguleika á þáttasölusjónvarpi („pay-per-view“) og kvikmyndapöntun („video on demand“). Hin stafræna tækni er forsenda hins svokallaða samruna („convergence“) sjónvarps, fjarskipta og tölvutækni í eitt svið með óljósum landamærum eða án landamæra. Gera verður ráð fyrir að innleiðing hinnar stafrænu tækni taki allmörg ár og hafi í för með sér verulegan stofnkostnað.

5. Ætlunin er að ákvæðin um leyfi til útvarps séu gerð fyllri í lögunum en þau hafa verið. Eru tekin upp í frumvarpið ýmis ákvæði um þetta efni sem verið hafa í reglugerð en réttara þykir að mæla fyrir um í lögum.

6. Hlutverk útvarpsréttarnefndar er aukið frá því sem verið hefur. Skal útvarpsréttarnefnd fylgjast með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt, eins og verið hefur, og hafa að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpssendingum er lúta íslenskri lögsögu (einnig Ríkisútvarpsins). Gert er ráð fyrir að nokkur viðbótarkostnaður verði vegna aukins verksviðs nefndarinnar.

7. Tekið er upp ákvæði (22. gr.) sem tryggir útvarpsstöðvum aðgang að almennum fjarskiptanetum sem hagnýtt eru til útvarpssendinga. Hefur þótt skorta ákvæði í útvarpslög um rétt útvarpsstöðva til aðgangs að kapalkerfum, og er úr því bætt með þessu ákvæði. Meðal

annars er ætlunin að tryggja útvarpsstöðvum aðgang að breiðbandi Landssímans. Með þessu ákvæði er útvarpsstöðvum veitt sama staða og rekstrarleyfishöfum samkvæmt fjarskiptalögum. Um aðgang útvarpsstöðva að fjarskiptanetum fer að öðru leyti samkvæmt fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, þar á meðal um ákvörðun endurgjalds fyrir aðganginn.

8. Ekki er lengur gert ráð fyrir að leyfi útvarpsréttarnefndar þurfi til endurvarps frá erlendum sjónvarpsstöðvum, heldur verði það Póst- og fjarskiptastofnun sem úthlutar rásum fyrir endurvarp.

9. Lagt er til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður. Sjóðurinn hefur verið mjög umdeildur, sérstaklega fjármögnun sjóðsins og ráðstöfun á fé hans, en hún hefur í raun og veru aðeins falist í því að færa fé á milli útvarpsstöðva. Þar sem í gildandi ákvæðum um Menningarsjóðinn (2. mgr. 11. gr. útvarpslaga) er gert ráð fyrir að hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands greiðist af framlagi Ríkisútvarpsins til sjóðsins þarf að huga sérstaklega að fjáröflun til rekstrar hljómsveitarinnar í tengslum við rekstur Ríkisútvarpsins.

10. Lagt er til að felld verði brott úr útvarpslögum nokkur ákvæði er varða tengsl útvarpslaga og fjarskiptalaga. Er hér m.a. um að ræða 5. gr. (lagning og not þráðar til útvarps), 6. gr. (m.a. móttaka útvarpsdagskrár um gervitungl) og 7. gr. (heimild útvarpsstöðva til að reisa sendistöðvar o.fl.). Með hliðsjón af fjarskiptalögum frá 1996 þykja þessi ákvæði nú óþörf í útvarpslögum, enda fjalla þau fyrst og fremst um málefni sem heyra undir fjarskiptayfirvöld.

Í skýringum við einstakar greinar frumvarpsins verður gerð nánari grein fyrir þeim breytingum sem leiðir af tilskipun 97/36/EB en gert hefur verið hér að framan. Hér þykir þó rétt að fjalla nokkuð frekar um meginsjónarmiðin að baki sjónvarpstilskipun 89/552/ EBE og breytingartilskipuninni við hana, tilskipun 97/36/EB.

Svo sem fram kemur í inngangsorðum tilskipunar 89/552/EBE er það megintilgangur tilskipunarinnar að tryggja frelsi í sjónvarpssendingum milli aðildarríkja Evrópusambandsins (og nú einnig aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins). Er þetta gert í samræmi við reglur Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins um sameiginlegan markað með afnámi hindrana á frjálsri þjónustu milli aðildarríkjanna og að komið verði á fót kerfi, er tryggi að samkeppni á svæðinu verði ekki raskað, sbr. einkum 2. mgr. 57. gr. og 66. gr. Rómarsáttmálans, sbr. 3. kafla í III. hluta EES-samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993. Tilskipun 97/36/EB byggist á sama sjónarmiði og tilskipun 89/552/EBE auk nokkurra nýrra áhersluatriða: Að stuðla að markmiðum hins svokallaða upplýsingasamfélags meðal aðildarríkjanna, að efla gerð hljóð- og myndefnis í Evrópu og samkeppnishæfni slíks efnis á heimsmarkaði, að stuðla að vernd barna og virðingu fyrir manngildi í hljóð- og myndmiðlum og upplýsingaþjónustu og að skýra sérstaklega lögsögu og ábyrgð einstakra aðildarríkja á sviði sjónvarpsmála með staðfestuhugtakið sem grundvallarviðmiðun. Ákvæði sjónvarpstilskipunarinnar fela eins og áður í sér lágmarkskröfur. Aðildarríkjunum er sem fyrr heimilt að krefjast þess af sjónvarpsstöðvum sem undir lögsögu þeirra heyra, að þær fari að nákvæmari eða strangari reglum á þeim sviðum er tilskipunin tekur til, sbr. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar eins og henni hefur verið breytt.

Hér er rétt að víkja sérstaklega að efni 2. gr. og 2. gr. a tilskipunar 97/36/EB er geymir fyrst og fremst þjóðréttarlegar reglur en rétt þykir þó að taka að verulegu leyti upp í innanlandsréttinn, í þessu tilviki útvarpslög. Í 1. mgr. 2. gr. er orðuð sú meginregla að hvert aðildarríki um sig skuli sjá til þess að allar sjónvarpsútsendingar, sem sendar eru út af sjónvarpsstöðvum undir lögsögu þess, fari að ákvæðum þeirra laga er gilda um sjónvarpsútsendingar

ætlaðar almenningi í því aðildarríki. Þessi regla stendur í beinu sambandi við meginregluna í 1. mgr. 2. gr. a, en þar skuldbinda aðildarríkin sig til þess að tryggja frelsi til viðtöku á sjónvarpsútsendingum frá öðrum aðildarríkjum og setja ekki hömlur á endurvarp þeirra innan yfirráðasvæðis síns af ástæðum er falla undir þau svið sem samræmd eru með tilskipuninni.

Í þessum tilvitnuðu ákvæðum koma fram tvær grundvallarreglur tilskipunarinnar sem áður var vikið að: a) frelsi sjónvarpsstöðva innan hvers aðildarríkis til þess að sjónvarpa til allra annarra aðildarríkja og b) að sjónvarpsútsendingar eru heimilar um allt Evrópska efnahagssvæðið svo framarlega sem útsending er í samræmi við löggjöf útsendingarríkisins.

Frá þeirri reglu, að móttökuríki verði að heimila útsendingu innan landamæra sinna á sjónvarpsefni sem löglegt telst í útsendingarríki, verða gerðar undantekningar í vissum þröngum undantekningartilvikum. Skorður við óheftri viðtöku sjónvarpsefnis verða þannig settar tímabundið ef a) sjónvarpsútsending frá öðru aðildarríki brýtur ljóslega, verulega og alvarlega gegn ákvæðum til verndar börnum og allsherjarreglu, b) sjónvarpsstöð hefur á síðustu 12 mánuðum a.m.k. tvívegis áður brotið gegn ákvæðum a-liðar, c) viðtökuríkið hefur tilkynnt sjónvarpsstöðinni og annaðhvort framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, skriflega um meint brot og þær ráðstafanir sem það hyggst grípa til ef brot verður endurtekið og d) samráð við útsendingarríkið og framkvæmdastjórnina eða eftirlitsstofnunina hefur ekki leitt til samkomulags innan 15 daga frá tilkynningu skv. c-lið og framhald er á meintu broti. Um framhald málsins eru svo nánari ákvæði í niðurlagsákvæði 2. gr. a.

Í 2.–6. mgr. 2. gr. er það ítarlega skilgreint hvaða sjónvarpsstöðvar heyra undir lögsögu hvers aðildarríkis. Er þar fyrst og fremst byggt á staðfestuhugtaki, í aðalatriðum svo sem Evrópudómstóllinn hefur skilgreint það í nokkrum dómum sem gengið hafa út af samsvarandi ákvæði í tilskipun 89/552/EBE. Hefur í dómum þessum verið miðað við að um væri að ræða raunverulega atvinnustarfsemi með föstu aðsetri um ótiltekinn tíma. Má hér sérstaklega nefna tvo dóma frá 10. september 1996 í málum framkvæmdastjórnarinnar gegn *Stóra-Bretlandi* (mál C-222/94) og gegn *Belgíu* (mál C-11/95), forúrskurð 29. maí 1997 í máli C-14/96, *Paul Denuit*, forúrskurð 5. júní 1997 í máli C-56/96, *VT4*, og forúrskurð 9. júlí 1997 í sameinuðum málum C-34, C-35 og C-36/95 *Konsumentombudsmannen gegn De Agostini (Svenska) Förlag AB og TV-Shop i Sverige AB*. Er talið rétt að taka nú upp í útvarpslög ákvæði um hvaða skilyrði sjónvarpsstöðvar þurfa að uppfylla til þess að þær falli undir íslenska lögsögu, og verður þar stuðst við fyrrnefnd ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr. tilskipunar 97/36/EB. Er ákvæði þetta orðað í 2. gr. frumvarpsins, en ákvæðin um heimild til tímabundinnar stöðvunar á sjónvarpsútsendingum frá EES-ríkjum er að finna í 5. gr. frumvarpsins.

Það nýmæli tilskipunar 97/36/EB, sem hvað mesta athygli hefur vakið, er heimildin í 3. gr. a fyrir hvert aðildarríki til þess að gera skrá um tiltekna viðburði sem senda skuli út í dagskrá sem meginhluti almennings hefur aðgang að þó að sjónvarpsstöð, sem selur sérstaklega aðgang að efni sínu, hafi keypt einkarétt til sýningar frá þessum viðburðum, sbr. það sem áður sagði almennt um þetta efni. Verður nánar fjallað um þessa heimild í athugasemdum við 22. gr. frumvarpsins.

Ákvæði tilskipunarinnar (4. gr.), sem skyldar sjónvarpsstöðvar, eftir því sem við verður komið, til að taka frá meiri hluta útsendingartíma síns fyrir evrópsk verk, er að mestu óbreytt. Skilgreining evrópskra verka í 6. gr. tilskipunarinnar hefur verið víkkuð út svo að til evrópskra verka teljast nú verk sem unnin eru í samvinnu við aðila utan aðildarríkjanna með tilteknum skilyrðum.

Þá eru tekin upp í tilskipunina nánari ákvæði en áður til verndar börnum gegn sjónvarpsefni sem ýmist er talið geta haft alvarleg skaðvænleg áhrif á þroska þeirra eða til þess fallið að hafa slík áhrif. Verður vikið að þessu efni í skýringu við 14. gr. frumvarpsins.

Geysilega mikil og ör tækniþróun á sér nú stað um allan heim á sviði sjónvarps og öðrum sviðum sem flokkast undir svokallaða hljóð- og myndmiðlun og upplýsingatækni („audiovisual and information services"). Er sama hver flutningsmiðillinn er, almennt sjónvarp, alnetið með fjarskipta- og tölvutækni eða sérþjónusta ýmiss konar. Evrópuþjóðirnar leggja ríka áherslu á að verða ekki eftirbátar annarra í þessum efnum, og á vettvangi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins er þetta svið orðið æði fyrirferðarmikið. Ein mesta byltingin í sjónvarpsmálum er sending sjónvarpsefnis, m.a. um gervitungl, stafrænt („digital") sem gerir það kleift að fjölga svo sjónvarpsrásum að ekki á að verða neinn skortur á sjónvarpsrásum þegar fullur skriður er kominn á þessa tækni. Stafrænar sjónvarpssendingar eru þegar hafnar í Evrópu. Er sérstaklega ör vöxtur í ýmiss konar þjónustu sem send er stafrænt um gervitungl. Nú hafa verið settir staðlar fyrir hvers konar stafrænar útvarpssendingar á vegum Evrópustofnana, m.a. fyrir sjónvarp um þráð og gervitungl og fyrir jarðbundið sjónvarp. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að hafinn verði hér á landi undirbúningur að stafrænu útvarpi, sjónvarpi og hljóðvarpi, sbr. nánar 34. gr. þess. Með frumvarpinu er þannig miðað við að íslensk útvarpslöggjöf sé opin fyrir hvers konar tækniþróun, og í því eru sérstök ákvæði um tengsl útvarpslaga og fjarskiptalaga, sérstaklega með hliðsjón af nýtingu ljósleiðaratækni í þágu sjónvarpssendinga, sbr. VII. kafla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er að verulegu leyti samhljóða 1. gr. núgildandi laga. Sú breyting er þó gerð að í greininni eru nú einungis skilgreiningar á hugtökum, en ákvæði greinarinnar, sem varða önnur atriði, eru færð á aðra staði í frumvarpinu. Skal nú vikið að einstökum breytingum.

a. Ákvæði 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga er fellt niður þar sem það þykir óþarft. Útvarpslög hljóta að taka mið af fjarskiptalögum í tæknilegum efnum og bera ýmis ákvæði frumvarpsins þess vott, sbr. sérstaklega ákvæði VII. kafla um aðgang útvarpsstöðva að almennum fjarskiptanetum.

   Í a-lið er nú orðuð skilgreining hugtaksins útvarps, og er hún samhljóða 2. mgr. 1. gr. útvarpslaga. Hugtakið útvarp tekur bæði til hljóðvarps og sjónvarps svo sem verið hefur. Almenna reglan samkvæmt frumvarpinu er sú að sömu reglur gildi um hljóðvarp og sjónvarp svo að útvarpslöggjöfin verði sem heildstæðust. Í nokkrum efnum gilda þó mismunandi reglur um hinar tvær mismunandi tegundir útvarps, og er þess þá sérstaklega getið.

   Að því er að sjónvarpi lýtur er skilgreiningin í samræmi við skilgreininguna á sjónvarpi í a-lið 1. gr. tilskipunar 89/552/EBE.

b. Ákvæði 3. mgr. 1. gr. laganna um útsendingar, sem útvarpslög gilda ekki um, er í frumvarpinu sett í sérstaka grein (4. gr.) þar sem betur þykir fara á því.

   Í b-lið er skilgreining á hugtakinu „útvarpsstöð", en skilgreiningin á þessu hugtaki er talsvert breytt frá skilgreiningu hugtaksins í gildandi lögum, sbr. 4. mgr. 1. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985. Þar er það skilgreint sem sá aðili sem leyfi hefur til útvarps samkvæmt lögunum. Hin nýja skilgreining í 1. gr. frumvarpsins hljóðar svo: „Útvarpsstöð er sá aðili, einstaklingur eða lögaðili, sem leyfi hefur til útvarps, annast og ber ábyrgð á samsetningu útvarpsdagskrár í skilningi a- og c-liða, sendir hana út eða lætur annan aðila annast útsendingu hennar." Breytingin er gerð í samræmi við breytingu á

áðurnefndri tilskipun 97/36/EB sem við breytinguna á tilskipun 89/552/EBE tók upp nýtt hugtak í 1. gr. b), þ.e. hugtakið „broadcaster" sem í merkingu tilskipunarinnar þykir rétt að þýða sem „sjónvarpsstöð" þar sem tilskipunin varðar aðeins sjónvarp. Svo virðist vera sem hugtökin „útvarpsstöð" og „sjónvarpsstöð" hafi haft tvenns konar merkingu í íslensku máli, þ.e. bæði náð yfir sendistöð og fyrirtækið sem slíka stöð rekur. Ekki hefur þess orðið vart að þessi hugtakanotkun hafi valdið ruglingi. Er hér því farin sú leið að nota hugtakið „útvarpsstöð" um þau fyrirtæki sem reka hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar. Gildi sérreglur um sjónvarpsstarfsemi er notað hugtakið sjónvarpsstöð um fyrirtæki sem annast sjónvarpsrekstur. Þykir þessi hugtakanotkun í samræmi við notkun hugtaksins „broadcaster" í tilskipuninni, en það hefur til dæmis verið þýtt sem „tvspredningsforetagende" í hinni dönsku þýðingu tilskipunarinnar og með orðinu „tvprogramföretag" í sænsku þýðingunni. Er gert ráð fyrir notkun hugtaksins sendistöðvar um þá tæknilegu starfsemi að senda dagskrá í loftið, en þetta hugtak er þó hvergi notað í frumvarpi þessu.

c. Ákvæði c-liðar um skilgreiningu á því hvað sé útvarpsdagskrá er samhljóða 5. mgr. 1. gr. útvarpslaga.

d. Í d-lið er rýmkuð skilgreining á auglýsingum svo að undir auglýsingar falli hvers konar tilkynningar sem útvarpað er í eigin þágu útvarpsstöðvar, auk þeirra tilkynninga sem útvarpað er fyrir aðra aðila gegn endurgjaldi. Er þessi breyting gerð í samræmi við ákvæði tilskipunar 97/36/EB. Í 39. skýringargrein („recital") í inngangi tilskipunarinnar er kveðið svo á að nauðsynlegt sé talið að taka af tvímæli um það að eigin kynning sjónvarpsstöðvar („self-promotional activities") sé sérstakt form auglýsingar á framleiðslu, þjónustu, efni eða rásum stöðvarinnar. Hér á landi þykir rétt að láta ákvæði þetta ná einnig til hljóðvarpsstöðva. Í hinni tilvitnuðu 39. skýringargrein tilskipunarinnar er sérstaklega tekið fram að svokallaðar „kynningarstiklur" eða „stiklur" („trailers"), sem eru útdrættir eða hlutar úr dagskrárefni, skuli meta sem dagskrárefni, þ.e. ekki sem auglýsingar. Hér þykir rétt að vekja athygli á því að þótt tilkynningar í eigin þágu útvarpsstöðvar falli almennt undir auglýsingahugtakið hefur birting slíkra tilkynninga ekki áhrif til skerðingar á heimilum auglýsingatíma í sjónvarpi, sbr. 18. gr. frumvarpsins.

e. Í e-lið er tekin upp óbreytt skilgreining 7. mgr. 1. gr. útvarpslaga á því hvað teljist duldar auglýsingar. Er sú skilgreining efnislega í samræmi við c-lið 1. gr. tilskipunar 89/552/EBE.

f. Í f-lið er því bætt inn í skilgreininguna á kostun að framlag kostanda til sýningar dagskrárefnis skuli vera fémætt til þess að það teljist kostun í skilningi laganna. Er þetta gert til þess að taka af tvímæli um að framlagið þurfi að vera fjárhagslegt, og er það í samræmi við almenna skilgreiningu á kostunarhugtakinu, sbr. d-lið 1. gr. tilskipunar 89/552/EBE.

g. Í g-lið er tekið upp nýmæli um svokallaða fjarsölu („teleshopping") í sjónvarpi og hugtakið skilgreint. Svo sem kunnugt er er þessi verslunarmáti nokkuð farinn að tíðkast í sjónvarpi hér á landi. Er ákvæði þetta samkvæmt ákvæði í tilskipun 97/36/EB. Fjarsala er í meginatriðum látin lúta sömu ákvæðum og auglýsingar í tilskipuninni, og svo verður einnig gert í lagafrumvarpi þessu eins og nánar mun koma fram í einstökum ákvæðum þess. Hugtakið fjarsala er þegar komið inn í íslensk lög, sbr. lög nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu. Skv. 4. mgr. 2. gr. þeirra laga merkir fjarsala í lögunum sölu sem fer fram milli kaupanda og seljanda án þess að þeir hittist augliti til auglitis, og getur þetta gerst með notkun síma, bréfsíma, sjónvarps, sölulista og heimatölvu. Ljóst er þó að inntak fjarsöluhugtaksins verður ekki hið sama í lögum nr. 96/1992 og í útvarpslögum. Að

sumu leyti verður hugtakið þrengra í útvarpslögum, en að öðru leyti rýmra. Til dæmis verður það þrengra í útvarpslögum að því leyti að eingöngu er gert ráð fyrir að tilboð til kaupanda fari fram um sjónvarp, en ekki með öðrum hætti. Hugtakið verður svo rýmra í útvarpslögum t.d. að því leyti að gert er ráð fyrir að bjóða megi m.a. fasteignir til sölu í fjarsöluþáttum sjónvarps, en svo er ekki í fjarsölu samkvæmt lögum nr. 96/1992, sbr. 3. gr. þeirra laga.

Hugtakið fjarsöluinnskot, sem er þýðing á hugtakinu „teleshopping spots“ í tilskipun 97/36/EB, er einnig allvíða notað í frumvarpinu. Er með því átt við auglýsingar um fjarsöluþætti.

h. Ákvæði h-liðar um læstar útsendingar er samhljóða 9. mgr. 1. gr. útvarpslaga.

i. Ákvæði i-liðar um myndlykla er samhljóða 10. mgr. 1. gr. útvarpslaga.

Um 2. gr.

Í greininni er það skilgreint til hvaða sjónvarpsstöðva lögsaga íslenska ríkisins nær. Er þetta nýtt ákvæði í útvarpslögum. Er greinin orðuð þannig að hún samsvarar efnislega ákvæði 2. gr. sjónvarpstilskipunar Evrópusambandsins eins og henni var breytt með tilskipun 97/36/EB. Þykir rétt að ákvæði um lögsögu íslenska ríkisins á þessu sviði séu tekin upp í íslenskar réttarreglur þannig að upplýsingar um þessi efni séu aðgengilegar almenningi hér á landi í innlendum réttarheimildum, sbr. álit umboðsmanns Alþingis um birtingu og miðlun upplýsinga um „gerðir“ samkvæmt EES-samningnum og réttarreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, í máli nr. 2151/1997. Í áliti sínu bendir umboðsmaður Alþingis m.a. á það að taka verði upp í íslenskan rétt þær réttarreglur þjóðaréttarins sem ætlunin er að ljá lagagildi hér á landi (bls. 32). Ákvæði um hvaða sjónvarpsstöðvar heyri undir lögsögu íslenska ríkisins hljóta að eiga heima í íslenskum innanlandsrétti.

Í fyrstu sjónvarpstilskipun Evrópusambandsins 89/552/EBE kom fram sú meginregla í 1. mgr. 2. gr. að allar sjónvarpsstöðvar í aðildarríkjunum lytu lögsögu einhvers aðildarríkisins. Var þar lögð sú skylda á hvert ríki að sjá til þess að allar sjónvarpssendingar innan lögsögu þess fari að þeim lögum er gilda um sjónvarpssendingar ætlaðar almenningi í því ríki. Er hvert ríki þannig gert ábyrgt gagnvart hinum ríkjunum í þessu efni, enda að aðalreglu til ekki gert ráð fyrir að aðildarríkin hafi eftirlit með eða önnur afskipti af sjónvarpssendingum frá öðrum aðildarríkjum, sbr. 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/552/EBE. Frá þessari aðalreglu eru tilteknar undantekningar sem vikið var að í almennum athugasemdum hér að framan.

Framangreindar meginreglur gilda óbreyttar samkvæmt hinni nýju sjónvarpstilskipun 97/36/EB, en reglurnar um ákvörðun þess hvaða ríki er ábyrgt fyrir sjónvarpssendingu hafa verið orðaðar mun nákvæmar og skýrar en áður. Í nýju tilskipuninni er að finna tæmandi lýsingu á þeim reglum sem ætlað er að ákvarða hvaða ríki er ábyrgt fyrir hverri sjónvarpssendingu. Sem fyrr er meginreglan sú að það aðildarríki er ábyrgt gagnvart hinum ríkjunum sem hefur sjónvarpsstöð innan lögsögu sinnar, sbr. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Við ákvörðun um hvort sjónvarpsstöð telst vera innan lögsögu tiltekins aðildarríkis er fyrst og fremst litið til þess hvar stöðin hefur staðfestu, sbr. nánar a-lið 1. mgr. 2. gr., sbr. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins og 2. og 3. mgr. 2. gr. hinnar breyttu sjónvarpstilskipunar Evrópusambandsins. Er kjarni þessa staðfestuhugtaks sá að um sé að ræða raunverulega atvinnustarfsemi með föstu aðsetri um ótiltekinn tíma, sbr. nánar skilgreininguna í 3. mgr. 2. gr.

Ef lögsagan verður ekki ákvörðuð á grundvelli staðfestuhugtaks frumvarpsins og tilskipunarinnar ber næst að leitast við að ákveða hana á grundvelli tæknilegra atriða, svo sem þess hvort senditíðni hefur verið úthlutað hér á landi, sbr. nánar b–d-liði 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins og 4. mgr. 2. gr. sjónvarpstilskipunarinnar eftir breytinguna með tilskipun 97/36/ EB.

Ef lögsagan verður hvorki ákvörðuð samkvæmt staðfestuhugtaki frumvarpsins og tilskipunarinnar né á grundvelli hinna tæknilegu atriða ber að ákveða hana með hliðsjón af hinu almenna staðfestuhugtaki 52. gr. Rómarsáttmálans, sbr. 2. kafla III. hluta EES-samningsins um staðfesturétt, sbr. e-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins og 5. mgr. 2. gr. sjónvarpstilskipunarinnar.

Loks er svo sérstakt ákvæði um lögsögu íslenska ríkisins yfir sjónvarpsstöðvum, sem öðlast hafa staðfestu í öðru EES-ríki með það að markmiði að fara á svig við íslensk lög, enda beinist starfsemi stöðvarinnar aðallega að Íslendingum og íslenskum markaði, sbr. 2. mgr. 2. gr., og á þessi regla sér stoð í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.

Lögsögureglurnar eru ítarlega orðaðar í frumvarpsgreininni svo að ekki er ástæða til frekari útlistunar en að framan greinir. Rétt er þó að benda á að í nokkrum skýringargreinum í inngangi að tilskipun 97/36/EB er vikið að efni hinna nýju reglna sem teknar eru upp í 2. gr. og tilefni þeirra. Í 10. skýringargrein er þannig vitnað til þess að þörf hafi reynst vera á því að skýra betur lögsöguhugtakið og ítrekað að við skilgreiningu þess skuli staðfesta vera meginviðmiðunin. Í 11. skýringargrein segir að staðfestuhugtakið, eins og það hafi verið skýrt af Evrópudómstólnum, feli í sér að um sé að ræða raunverulega atvinnustarfsemi með föstu aðsetri um ótiltekinn tíma. Í 12. skýringargrein eru talin upp nokkur raunhæf viðmið sem beita megi til þess að ákvarða hvar sjónvarpsstöð hafi staðfestu, svo sem aðsetur aðalskrifstofu, þann stað þar sem ákvarðanir um dagskrárstefnu eru venjulega teknar, þann stað þar sem sjónvarpsdagskrá er endanlega samsett og þann stað þar sem er aðsetur verulegs hluta þess starfsliðs sem þarf til útsendingar sjónvarpsefnisins (sbr. a-lið 1. mgr. og 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins). Í 13. skýringargrein er rifjað upp að þrátt fyrir það að tilgangurinn með því að setja fram ákveðnar viðmiðunarreglur hafi verið sá að eitt og aðeins eitt aðildarríki eigi lögsögu yfir tiltekinni sjónvarpsstöð verði með hliðsjón af dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og til þess að ekki geti komið upp tómarúm með tilliti til lögsögunnar að leggja til grundvallar sem síðasta viðmið um lögsögu staðfestuhugtakið skv. 52. gr. og greinunum þar á eftir í stofnsamningi Evrópubandalagsins. Það ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem svarar til 52. gr. Rómarsáttmálans, er 31. gr. EES-samningsins svo að í frumvarpstextanum, í e-lið 1. mgr. 2. gr., er vísað til 2. kafla III. hluta EES-samningsins um staðfesturétt. Í 14. skýringargrein er svo vitnað til þess að samkvæmt samfelldri dómaframkvæmd Evrópudómstólsins haldi aðildarríki rétti til þess að grípa til aðgerða gegn sjónvarpsstöð með staðfestu í öðru aðildarríki ef starfsemi stöðvarinnar er einvörðungu eða aðallega beint að fyrrnefnda ríkinu svo framarlega sem stöðin hafi valið sér staðfestu í þeim tilgangi að komast undan þeirri löggjöf sem það hefði verið háð ef það hefði haft staðfestu í fyrrnefnda ríkinu (sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins).

Um 3. gr.

Með grein þessari er orðað sérstakt ákvæði um lögsögu yfir hljóðvarpsstöðvum. Er hér nú orðuð sú regla, sem talin hefur verið gilda, að lögsagan nái til hljóðvarpssendinga þeirra aðila sem nota senditíðni sem íslensk stjórnvöld hafa úthlutað eða dreifikerfi sem staðsett er á Íslandi. Ef vafatilvik kæmu upp mætti að líkindum beita lögsögureglunum um sjónvarpsstöðvar með lögjöfnun um hljóðvarpsstöðvar.

Um 4. gr.

Hér er tekið upp óbreytt ákvæði 3. mgr. 1. gr. núgildandi útvarpslaga.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að í lög verði tekin upp regla um heimild íslenskra yfirvalda til þess að stöðva tímabundið sjónvarpssendingar frá öðrum EES-ríkjum að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Styðst regla þessi við 2. mgr. 2. gr. a sjónvarpstilskipunarinnar eins og henni hefur verið breytt með tilskipum 97/36/EB.

Í greininni felst undantekning frá þeirri meginreglu um lögsögu yfir sjónvarpsstöðvum samkvæmt reglum sjónvarpstilskipunarinar að viðtökuríki innan EES sé skylt að láta óáreittar sjónvarpssendingar frá öðrum EES-ríkjum sem eru löglegar samkvæmt lögum útsendingarríkisins, en 2. gr. frumvarpsins byggist á þessu sjónarmiði. Er tilgangur ákvæðis 5. gr. að vernda börn fyrir efni sem telst geta haft alvarleg skaðleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra. Er hér einkum miðað við dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi en er þó ekki takmarkað við slíkt efni. Sú viðmiðun, sem úrslitum ræður, er að efnið teljist geta haft alvarleg skaðleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna. Í flestum tilvikum væri hér um að ræða efni sem refsivert telst samkvæmt hegningarlögum, sbr. 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Efnið þyrfti þó ekki að vera svo alvarlegs eðlis því að ætlast er til að einnig verði mögulegt að banna tímabundið samkvæmt heimild greinarinnar sjónvarp á efni sem fellur undir 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Í greininni eru nánari fyrirmæli um það, hvernig að skuli farið, ef íslenska ríkið hyggst beita heimild greinarinnar til þess að stöðva útsendingu hér á landi á efni frá sjónvarpsstöð í öðru EES-ríki. Verður að fara nákvæmlega eftir fyrirmælum greinarinnar, og styðjast þau einnig við fyrrnefnda 2. mgr. 2. gr. a í sjónvarpstilskipuninni.

Samkvæmt túlkun EFTA-dómstólsins á þessum ákvæðum sjónvarpstilskipunarinnar eru það hin siðferðilegu viðhorf innan viðtökuríkisins sem skulu vera ráðandi í því siðferðilega mati er hér reynir á, en ekki þær siðferðishugmyndir sem ríkjandi eru í útsendingarríkinu, og ekki eru talin vera fyrir hendi nein sameiginleg siðferðisviðhorf í þessum efnum á EES-svæðinu öllu. Má í þessu efni vísa til ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins frá 12. júní 1998 í máli E-8/97: *TV 1000 Sverige AB gegn ríkisstjórn Noregs.* Álitið byggðist að vísu á túlkun 22. gr. sjónvarpstilskipunarinnar fyrir breytinguna með tilskipun 97/36/EB, en það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Mannréttindadómstóll Evrópu og Evrópudómstóllinn hafa einnig talið að hvert ríki hafi mjög rúm valdmörk til ákvarðana, þegar um siðferðileg álitaefni er að tefla.

Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd verði falið það hlutverk að stöðva tímabundið þær sjónvarpsútsendingar sem skilyrði greinarinnar eiga við. Er þá miðað við að útvarpsréttarnefnd hafi áður tilkynnt þeirri sjónvarpsstöð, sem í hlut á, um hina yfirvofandi stöðvun. Hins vegar kemur það að sjálfsögðu í hlut ríkisstjórnar að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, um þær ráðstafanir sem íslensk stjórnvöld hyggjast grípa til ef brot eru ítrekuð, sbr. nánar c-lið greinarinnar.

Grein þessi hefur engin bein áhrif á heimild íslenskra yfirvalda til þess að stöðva móttöku sjónvarpssendinga frá ríkjum utan EES-svæðisins.

Um 6. gr.

Í greininni er safnað saman ákvæðum er varða leyfi til útvarps, en ákvæði um þetta efni eru nú bæði í 2. og 3. gr. útvarpslaga. Þær breytingar, sem lagðar eru til, hafa flestar ekki mikla efnislega þýðingu.

Orðalagi 1. og 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga er breytt til samræmis við þá fyrirætlun að sérstök lög gildi um Ríkisútvarpið og ákvæði, sem sérstaklega lúta að því, verði tekin út úr hinum almennu útvarpslögum.

Orðalag 1. mgr. greinarinnar miðast við það að leyfi útvarpsréttarnefndar þurfi einungis til útvarps sem á uppruna sinn hér á landi en ekki til endurvarps. Er það breyting frá gildandi lögum, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. útvarpslaga. Að því er varðar endurvarp frá EES-ríkjum leiðir þessa breytingu af 1. mgr. 2. gr. a í hinni nýju sjónvarpstilskipun. Þar segir að aðildarríkin skuli tryggja frelsi til viðtöku á sjónvarpsútsendingum frá öðrum aðildarríkjum og ekki setja hömlur á endurútsendingar þeirra innan yfirráðasvæðis síns af ástæðum er falla undir þau svið sem eru samræmd með tilskipuninni. Er talið rétt að heimila endurvarp almennt án leyfis útvarpsréttarnefndar, einnig frá öðrum ríkjum en EES-ríkjum. Þykir eðlilegast að láta við það sitja að aðili, sem vill stunda endurvarp, afli sér til þess leyfis rétthafa, sem og leyfis Póst- og fjarskiptastofnunar að því er tæknileg atriði varðar. Er í samræmi við þetta ekki tekið upp í frumvarpið ákvæði í 2. mgr. 2. gr. útvarpslaga, en þar segir að útvarpsréttarnefnd veiti leyfi til starfrækslu útvarps þar sem einvörðungu er dreift viðstöðulaust óstyttri og óbreyttri heildardagskrá útvarpsstöðva. Slík leyfi séu þó einungis háð ákvæðum 5. og 6. gr. eftir því sem við á. Þrátt fyrir afnám leyfisveitingar útvarpsréttarnefndar í þessum efnum verður endurvarp útvarpsefnis ekki sjálfkrafa heimilt hverjum sem er. Í fyrsta lagi þarf að sjálfsögðu heimild frá rétthafa eins og áður sagði. Endurvarp án heimildar yrði stöðvað að kröfu rétthafa. Í öðru lagi verður endurvarpi ekki komið við án atbeina Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 3. gr. laga nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, einkum 5. tölul., og 1. mgr. 5. gr. laga um fjarskipti, nr. 143/1996.

Í 2. mgr. er tekið upp ákvæði 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga um skipun útvarpsréttarnefndar. Sú breyting er lögð til að nefndin kjósi sjálf formann og varaformann útvarpsréttarnefndar, en þeir verði ekki skipaðir af menntamálaráðherra eins og verið hefur.

Með 3. mgr. er lögð til nokkur breyting á ákvæði, sem nú er í 1. mgr. 3. gr. útvarpslaga. Lagt er til að málsgreininni verði breytt á þá leið að ekki verði lengur sérstaklega gert ráð fyrir heimild til þess að veita sveitarfélögum leyfi til útvarps, heldur teljist þau til þeirra lögaðila sem útvarpsréttarnefnd getur veitt leyfi til útvarps. Sveitarfélög hafa ekki sérstaklega sóst eftir útvarpsleyfum, en að sjálfsögðu er við það miðað að þau eigi sama möguleika og aðrir lögaðilar til þess að fá útvarpsleyfi í samræmi við hina frjálslegu framkvæmd sem verið hefur á veitingu útvarpsleyfa. Þá þykir ekki ástæða til annars en gera ráð fyrir þeim möguleika að einstaklingar geti fengið útvarpsleyfi alveg eins og lögaðilar, m.a. með vísun til jafnræðisreglu 1. mgr. 65 gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995, og skilgreininguna á hugtakinu útvarpsstöð í b-lið 1. gr. frumvarpsins sem er í samræmi við skilgreininguna á sjónvarpsstöð í b-lið 1. gr. sjónvarpstilskipunarinnar svo sem henni var breytt með tilskipun 97/36/EB. Lagt er til að í þessa málsgrein verði bætt ákvæði um gildistíma útvarpsleyfa. Er ákvæði um þetta efni nú aðeins að finna í reglugerð, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 610/1989 um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum. Segir þar að leyfi til hljóðvarps skuli veitt til þriggja ára þegar það er veitt aðila í fyrsta sinn, en eftir það til fimm ára í senn. Samkvæmt sama reglugerðarákvæði skal leyfi til sjónvarps í fyrsta sinn veitt til fimm ára, en eftir það til sjö ára í senn. Veita má leyfi til skemmri tíma sé um það sótt. Rétt þykir að taka í lögin ákvæði um hámark gildistíma einstakra útvarpsleyfa, en kveða að öðru leyti á um gildistíma þeirra í reglugerð. Er gert ráð fyrir að hámarksgildistími útvarpsleyfa verði óbreyttur frá því sem verið hefur samkvæmt reglugerðarákvæðinu.

Í lok 3. mgr. er orðuð sú regla að heimilt sé að binda útvarpsleyfi við afmörkuð svæði. Í 1. mgr. 3. gr. gildandi útvarpslaga er gert ráð fyrir því að leyfi sé aðeins gefið út til útvarps á afmörkuðum svæðum. Hefur regla þessi valdið nokkrum erfiðleikum í framkvæmd, og hefur t.d. þurft að veita ný útvarpsleyfi til útvarpsstöðva eftir því sem þær hafa náð að auka útbreiðslu sína. Verður að telja þetta óþarft umstang svo að gert er ráð fyrir að útvarpsleyfi

nái almennt til landsins alls. Rétt þykir þó að gera ráð fyrir þeim möguleika að útvarpsleyfi nái aðeins til afmarkaðra svæða, t.d. vegna óska umsækjanda sjálfs.

Í 4. mgr. eru tilgreind þau almennu skilyrði sem uppfylla þarf til þess að útvarpsleyfi verði veitt hér á landi. Orðalag a-liðar er nú miðað við lagastöðuna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. B-liður málsgreinarinnar kemur í stað 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. gildandi útvarpslaga, og er ekki um efnisbreytingu að ræða. Orðalagsbreytingar eru gerðar í samræmi við það að samkvæmt lögum nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, er það nú í verkahring þeirrar stofnunar að úthluta tíðnum, m.a. til útvarpsþjónustu, sbr. 5. tölul. 3. gr. laganna. Fjarskiptaeftirlit ríkisins hefur verið lagt niður, sbr. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 147/1996, og ekki er í lögunum gert ráð fyrir neinu samráði við samgönguráðherra, enda er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að vera sjálfstæð stofnun þótt undir yfirstjórn samgönguráðherra sé, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 147/1996. C- og d-liðir eru efnislega óbreyttir frá 6. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga. Í e-lið er tekið upp ákvæði, sem nú er í 3. gr. reglugerðar nr. 610/1989. Þykir réttara að ákvæði þetta sé í lögum. Efnislega er ákvæði f-liðar nú í 10. gr. reglugerðar nr. 610/1989, en eðlilegra þykir að ákvæði þetta sé í lögum eins og önnur helstu atriði er hafa áhrif á veitingu útvarpsleyfa. Í g-lið er tekið upp ákvæði sem nú er í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 610/1989, en það þykir eiga heima í lögum. H-liður þessarar málsgreinar er nýmæli í útvarpslögunum sjálfum. Í 2. mgr. 5. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 610/1989 er hins vegar mælt fyrir um það að leyfi til útvarps verði ekki framseld. Með vísun til þess sem hér að framan hefur verið getið um ýmis ákvæði reglugerðar nr. 610/1989, sem nú er lagt til að verði lögfest, verður að telja eðlilegra að ákvæði þetta sé í lögum og auk þess gert nokkru fyllra. Meðal annars þykir rétt að kveða á um það berum orðum að útvarpsleyfi falli úr gildi við gjaldþrot útvarpsleyfishafa. Verður sú regla að teljast í eðlilegu samræmi við framsalsbannið. Í reglu h-liðar þessarar málsgreinar felst ekki að útvarpsleyfi falli niður þó að hlutafélög, sem reka útvarp, sameinist, og er sú túlkun í samræmi við framkvæmd mála til þessa. Í slíkum tilvikum getur hins vegar reynt á reglur samkeppnislaga um samruna félaga, sbr. 18. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að ekki verði áfram í útvarpslögum regla 8. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga þar sem segir að gerður skuli samningur milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar þar sem nánar er kveðið á um ýmis atriði leyfisins. Samkvæmt frumvarpi þessu eiga öll helstu atriði er varða útgáfu útvarpsleyfis að vera í útvarpslögum, en einhver veigaminni atriði verða trúlega áfram í reglugerð. Með þessum breytingum verður sérstakur samningur um útvarpsleyfi óþarfur, í stað þess verður leyfisveitingin einhliða gerningur útvarpsréttarnefndar á grundvelli þess að skilyrði til útgáfu útvarpsleyfis samkvæmt útvarpslögum og reglugerð samkvæmt þeim séu uppfyllt. Meðal annars er í þessu sambandi fellt út ákvæði um að í samningi útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar sé kveðið á um leyfisgjald. Er gert ráð fyrir að leyfisgjald verði ákveðið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs í samræmi við þá stefnu að kveða á um þess háttar leyfisgjöld í þeim lögum. Virðist eðlilegast að ákvæði um gjald fyrir útvarpsleyfi verði bætt í 11. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Í 2. mgr. 2. gr. útvarpslaga kemur fram að auk þess að veita útvarpsleyfi skuli útvarpsréttarnefnd fylgjast með því að reglum samkvæmt leyfunum sé fylgt. Gildir þetta áfram, en rétt þykir að kveða enn afdráttarlausar á um hlutverk nefndarinnar, og verður hlutverk nefndarinnar með því talsvert aukið. Er lagt til að upphafsákvæði 5. mgr. 6. gr. orðist svo að útvarpsréttarnefnd fylgist með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt og nefndin hafi að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpssendingum er lúta íslenskri lögsögu skv. 2. og 3. gr. Samkvæmt þessu er eftirlitshlutverki nefndarinnar ætlað að ná til allrar útvarpsstarfsemi sem lýtur íslenskri lögsögu, og skiptir engu í því

efni hvort nefndin hefur veitt leyfi til starfseminnar eða ekki. Hingað til hefur verið litið svo á að menntamálaráðherra bæri að hafa eftirlit með starfsemi Ríkisútvarpsins samkvæmt útvarpslögum auk stjórnsýslulegs eftirlits með stofnuninni. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, yrði það einn aðili sem ætlað væri að hafa allt eftirlit með útvarpsstarfsemi innan íslenskrar lögsögu sem telja verður heppilegt, m.a. með tilliti til þess að gætt verði samræmis í eftirliti með einstökum útvarpsstöðvum.

Þá er ákveðið í 5. mgr. að útvarpsréttarnefnd geti áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur sjónvarpsstöðva um útsendingu á evrópsku dagskrárefni skv. 7. gr. og um sýningu efnis sem framleitt er af sjálfstæðum framleiðendum, sbr. 10. gr. Verður þannig fylgst með því hvernig íslenskar sjónvarpsstöðvar fylgja fyrirmælum og tilmælum samkvæmt sjónvarpstilskipun Evrópusambandsins. Er við það miðað að sjónvarpsstöðvarnar sjálfar haldi skýrslur um þessi efni sem útvarpsréttarnefnd geti látið faggilta skoðunarstofu staðfesta, sbr. lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, einkum 2. mgr. 11. gr. laganna.

Lagt er til að í 6. mgr. komi nýtt ákvæði þess efnis að ákvarðanir útvarpsréttarnefndar sæti ekki stjórnsýslukæru. Útvarpsréttarnefnd er þingkjörin, og þykir rétt að undirstrika sjálfstæði hennar með þessu ákvæði. Ákvarðanir nefndarinnar verða hins vegar að sjálfsögðu bornar undir dómstóla og undan þeim kvartað til umboðsmanns Alþingis.

Í 7. mgr. er lagt til að leitt verði í lög ákvæði, sem nú er í 11. gr. reglugerðar nr. 610/1989, þess efnis að kostnaður við starfsemi útvarpsréttarnefndar greiðist úr ríkissjóði. Verður þetta að teljast eðlileg regla, en jafnframt réttara að hún sé í lögum, en ekki einungis í reglugerð. Í umsögn útvarpsréttarnefndar um drögin að frumvarpi þessu er upplýst að kostnaður við störf nefndarinnar nemi nú um 2,5–2,9 millj. kr. á ári, en nefndin hefur haft aðsetur í menntamálaráðuneytinu sem dregið hefur úr rekstrarkostnaði hennar. Undanfarin ár hefur nefndin haft starfsmann í hálfu starfi auk lögfræðilegs ráðgjafa. Innheimt leyfisgjöld vegna útvarpsleyfa voru 1,4 millj. kr. árið 1997, 1,1 millj. kr. árið 1996 og 1,8 millj. kr. árið 1995. Samkvæmt lauslegri áætlun útvarpsréttarnefndar mun kostnaður aukast um 1–1,5 millj. kr. á ári vegna þess aukna hlutverks sem nefndinni er ætlað með frumvarpi þessu. Telur nefndin að vegna aukinna skyldna og vaxandi umsvifa í útvarpsstarfsemi muni nefndin þurfa á að halda starfsmanni í fullt starf auk lögfræðilegs ráðgjafa.

Um IV. kafla.

Í þennan kafla er safnað saman nokkrum ákvæðum um skyldur útvarpsstöðva. Er þar bæði um að ræða óbreytt ákvæði úr núgildandi lögum og nokkur nýmæli.

Um 7. gr.

Í upphafi 1. mgr. er tekið upp ákvæði, sem nú er í 3. tölul. a í 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, þar sem segir að útvarpsstöðvar skuli stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Hér er nú lagt til að bætt verði við ákvæði um að þó skuli vera heimilt að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku ef sérstaklega stendur á. Er ákvæði þetta sett til þess að unnt sé að sinna þörfum útlendinga sem hér kunna að dveljast um lengri eða skemmri tíma, og er þá hljóðvarp fyrst og fremst haft í huga. Þykir rétt vegna jafnréttis og tjáningarfrelsis að orða þessa heimild berum orðum í lögum þó að ekki sé gert ráð fyrir ásókn í að reka hér á landi stöðvar til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku. Frá sjónarmiði málverndar er auðvitað aðalatriðið að starfsmenn þeirra útvarpsstöðva sem útvarpa á íslensku tali rétt og vandað mál.

Í 2. mgr. er tekið upp, með smávægilegri orðalagsbreytingu, ákvæði 2. málsl. 3. tölul. a í 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga þess efnis að útvarpsstöð skuli kosta kapps um að meirihluti út-

sendrar dagskrár sé íslenskt dagskrárefni og dagskrárefni frá Evrópu. Kom ákvæði þetta í útvarpslög með 4. gr. laga nr. 82/1993, og var það sett með vísun til tilskipunar ráðherraráðs Evrópusambandsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur. Tilskipunin var birt sem fylgiskjal II með frumvarpi til laga um breyting á útvarpslögum nr. 68/1985 á 116. löggjafarþingi 1992 (305. mál, þskj. 474), en frumvarp þetta var undanfari laga nr. 82/1993. Að formi til er ákvæði þetta stefnuyfirlýsing þó að ákveðið sé stefnt að því að markmiði yfirlýsingarinnar verði náð „smám saman á grundvelli hæfilegra viðmiðunarreglna“ eins og segir í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 89/552/EBE. Aðildarríkin eiga að skila skýrslum til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, um hvernig gengur að koma á því hlutfalli evrópskra verka sem að er stefnt, og hafa íslenskar sjónvarpsstöðvar nýlega skilað skýrslu um efnið í fyrsta skipti.

Í 6. gr. tilskipunarinnar var skilgreind merking svokallaðra „evrópskra verka“, en sú skilgreining var ekki tekin upp í útvarpslögin við lagabreytinguna 1993 og heldur ekki í reglugerð samkvæmt þeim. Með áðurnefndri tilskipun 97/36/EB hefur þessari skilgreiningu verið breytt nokkuð. Ekki þykja frekar en áður efni til þess að taka skilgreininguna upp í sjálfan lagatextann. Hins vegar verður að teljast eðlilegt að hana sé að finna í innlendri réttarheimild, sbr. fyrrnefnt álit umboðsmanns Alþingis um birtingu og miðlun upplýsinga um „gerðir“ samkvæmt EES-samningnum og réttarreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, í máli nr. 2151/1997. Eru því sett í 3. mgr. greinarinnar fyrirmæli um að skilgreiningin skuli tekin upp í reglugerð.

Um 8. gr.

Í greininni er tekið upp óbreytt ákvæði 2. og 3. mgr. 3. tölul. a í 2. mgr. 3. gr. núgildandi útvarpslaga sem m.a. mælir fyrir um það að efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsstöð, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Við undantekningarákvæði 2. mgr. er bætt undantekningu í þeim tilvikum þegar útvarpsstöð hefur fengið leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku. Er undantekning þessi eðlilegur fylgifiskur hins nýja ákvæðis í 1. mgr. 7. gr. sem áður var gerð grein fyrir.

Um 9. gr.

Í greininni er ítrekuð óbreytt sú grundvallarstefna íslenskra útvarpslaga, sem nú kemur fram í 1. mgr. 3. tölul. b í 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, að útvarpsstöðvar skuli í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, þeim beri að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Í lok þessa málsliðar er lagt til að bætt verði við undantekningu frá reglunni um skyldu allra útvarpsstöðva til þess að stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Segir þá að útvarpsstöð, sem fengið hefur útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað, skuli vera óskylt að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar. Er ákvæði þetta í anda tjáningarfrelsis því að óeðlilegt verður að teljast að þeir sem á réttum forsendum hafa fengið leyfi til útvarpsreksturs til þess að vinna að framgangi einhvers tiltekins málefnis verði neyddir til þess að birta efni sem andstætt er því málefni sem þeir vilja vinna fyrir. Er útvarpsstöðvum í þessu efni játaður sami réttur og t.d. blöðum sem gefin eru út til stuðnings tilteknum málstað og engum dettur í hug að skylt sé að birta efni í andstöðu við baráttumál blaðsins. Hvort sem í hlut eiga útvarpsstöðvar eða blöð verður það að teljast góð blaðamennska og í samræmi við lýðræðislegar grundvallarreglur að ætla andstæðum sjónarmiðum nokkurt rúm, en fráleitt er að gera

það að lagaskyldu þegar skilyrði sérákvæðisins er uppfyllt. Skylda til birtingar andsvars skv. 12. gr. frumvarpsins (3. mgr. 3. tölul. b í 2. mgr. 3. gr. núgildandi útvarpslaga) mundi þó einnig gilda í þessum tilvikum.

Um 10. gr.

Með greininni kemur nýtt ákvæði inn í útvarpslögin. Er það tengt ákvæði 7. gr. um sýningu evrópskra verka. Kjarni ákvæðisins er sá að sjónvarpsstöðvar skuli, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Ákvæðin um þetta efni voru sett í 5. gr. tilskipunar 89/552/EBE að því er sjónvarp varðar. Ekki var tekið tillit til þeirra við setningu laga nr. 82/1993, en um þau getið í hinum almennu athugasemdum frumvarpsins til þeirra laga. Aðeins smávægileg breyting var gerð á þessu ákvæði tilskipunarinnar með tilskipun 97/36/EB. Ber að taka ákvæði um þetta efni inn í lögin, enda ætlast til að íslenskar sjónvarpsstöðvar fari eftir því, þó að formlega sé um stefnuyfirlýsingu að ræða, og gefi skýrslu um framkvæmd sína á þessu fyrirmæli.

Samkvæmt skýringu í inngangi tilskipunar 89/552/EBE (23. skýringargrein) er ákvæði þessu ætlað að vera hvatning fyrir ný framleiðslufyrirtæki á sviði sjónvarpsefnis, einkum hvatning til stofnunar lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja. Með þessu eru talin skapast ný tækifæri og auknir möguleikar á að koma á framfæri skapandi hæfileikafólki og fjölga störfum til handa þeim sem vinna að menningarmálum. Enn fremur segir að skilgreining aðildarríkjanna á hugtakinu óháður framleiðandi ætti að taka mið af framangreindu markmiði með tilhlýðilegu tilliti til lítilla og meðalstórra framleiðenda og með því að gera kleift að heimila fjárhagslega þátttöku dótturfyrirtækja í dagskrárgerð sjónvarpsstöðva. Ekki er enn til nein einhlít skýring á því hverjir teljast vera „sjálfstæðir framleiðendur". Ljóst er þó að átt er við fyrirtæki í myndefnisframleiðslu á Evrópska efnahagssvæðinu sem ekki eru í eigu sjónvarpsstöðvar, nema þá að einhverju litlu leyti, og ekki framleiða svo mikinn hluta efnis síns fyrir einstakar sjónvarpsstöðvar að framleiðendurnir geti talist þeim háðir fjárhagslega. Til viðbótar þessum atriðum kemur það fram í 31. skýringargrein við tilskipun 97/36/EB að einnig skuli litið til þess hver sé handhafi afleiddra réttinda. Á vegum samstarfsnefndar aðildarríkjanna um framkvæmd sjónvarpstilskipunarinnar, sem komið var á fót á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með tilskipun 97/36/EB (23. gr. a), er unnið að skilgreiningu á hugtakinu „sjálfstæður framleiðandi" sem gilt geti a.m.k. í stórum dráttum fyrir aðildarríkin. Þykir rétt að bíða eftir því að sú vinna komist lengra áleiðis, og er því lagt til að skilgreining hugtaksins verði ákveðin með reglugerð hér á landi. Geta má þess að í frumvarpi til útvarpslaga, sem nýlega hefur verið kynnt í Finnlandi, er framleiðandi sjónvarpsefnis talinn vera sjálfstæður framleiðandi ef ein sjónvarpsstöð á ekki meira en ¼ hluta hlutafjár í félaginu eða tvær eða fleiri sjónvarpsstöðvar eiga ekki meira en helming hlutafjárins, enda hafi framleiðandinn á seinustu þremur árum ekki framleitt meira en $^{9}/_{10}$ hluta af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð. Má sjálfsagt hafa þessa finnsku skilgreiningu til hliðsjónar við setningu reglugerðarákvæðis hér á landi ef ekki liggur fyrir sameiginleg skilgreining EES-ríkjanna þegar þar að kemur.

Um 11. gr.

Í greininni er aukið við ákvæði sem mælir fyrir um að andsvör skuli send út innan hæfilegs tíma frá því að rök voru færð fyrir beiðninni og á þeim tíma og með þeim hætti sem hæfir þeirri útsendingu er beiðnin tekur til. Er ákvæði þessu ætlað að styrkja andsvararétt þeirra sem telja útvarpsstöð brjóta gegn lögmætum hagsmunum sínum, einkum orðspori og mann-

orði, af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í útvarpsdagskrá. Ákvæði þetta á rót sína í aukinni vernd andsvarsréttar í tilskipun 97/36/EB, sem breytti 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 89/552/EBE.

Um 12. gr.

Í greininni er tekið upp meginefni 3. mgr. 3. tölul. b í 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga um kæru til útvarpsréttarnefndar vegna þeirra atriða sem greinir í 9. og 11. gr. frumvarpsins. Þó að úrskurður útvarpsréttarnefndar sé endanleg ákvörðun á stjórnsýslustigi eiga þeir, sem telja að útvarpsréttarnefnd hafi ekki rétt hlut þeirra kost á því að leggja mál sín fyrir umboðsmann Alþingis samkvæmt lögum nr. 85/1997, sem og að höfða mál fyrir dómstólum til þess að leita réttar síns, sbr. athugasemdir við 6. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í greininni er tekið upp óbreytt ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga um skyldu útvarpsstöðva til þess að birta tilkynningar frá almannavörnum o.fl. og gera hlé á dagskrá ef almannaheill krefst. Þó er því bætt við að tilkynningar þessar skuli birtar endurgjaldslaust. Mun þetta vera í samræmi við framkvæmd mála hjá öllum útvarpsstöðvum, en rétt þykir að orða skilyrðið í lögum.

Um 14. gr.

Í greininni er bætt við strangari skilyrðum en áður hafa verið í útvarpslögum til verndar börnum, en ákvæði um þetta efni eru nú í 5. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga. Eru hin nýju skilyrði í samræmi við 22. gr., 22. gr. a og 22. gr. b í tilskipun 89/552/EBE eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB. Sum atriði tilskipunar 97/36/EB eru þess eðlis að þeim er þegar fullnægt í íslenskri löggjöf, t.d. í almennum hegningarlögum. Þeim ákvæðum til viðbótar er mælt fyrir um það í 1. mgr. 14. gr. að sjónvarpsstöðvum skuli vera óheimilt að senda út efni um tilefnislaust ofbeldi með trúverðugum blæ eða með klámfengnum myndum á þeim dagskrártíma og á þann hátt að öðru leyti að á því sé veruleg hætta að börn sjái viðkomandi efni. Þá er gert ráð fyrir því í 2. mgr. að reglur í samræmi við önnur ákvæði tilskipunarinnar verði settar með reglugerð. Enn önnur ákvæði tilskipunarinnar eru fyrst og fremst stefnumarkandi til athugunar á næstu árum og ekki ætlast til reglusetningar um þau á þessu stigi málsins, sbr. sérstaklega 22. gr. b og 42. skýringargrein í inngangi tilskipunarinnar.

Til frekari skýringar á ákvæðum 14. gr. þykir rétt að gera hér nánari grein fyrir helstu ákvæðum tilskipunar 97/36/EB í þeim kafla hennar (V. kafla) sem varðar vernd barna og allsherjarreglu („Protection of minors and public order").

Í 1. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar er svo fyrir mælt að aðildarríkin, þ.e. aðildarríki Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, skuli gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að útsendingar sjónvarpsstöðva, sem heyra undir lögsögu þeirra, innihaldi ekkert dagskrárefni sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni, sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi. Telja verður að nú þegar sé þessu ákvæði fullnægt í íslenskum lögum, sbr. t.d. refsiákvæði 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 126/1996, um klám og barnaklám, og 1. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995. Í 41. skýringargrein tilskipunar 97/36/EB er tekið fram að ekki sé sérstaklega ætlast til fyrirframskoðunar („prior control") sjónvarpsútsendinga til þess að framfylgja ákvæðum tilskipunarinnar um vernd barna og allsherjarreglu. Hins vegar er á vettvangi Evrópusam-

bandsins mikil áhersla á það lögð að auk annarra ráðstafana, svo sem fræðslu fyrir foreldra og tæknilegra ráðstafana, beiti stjórnvöld í aðildarríkjunum sér fyrir eftirlitskerfi til verndar börnum á vegum þeirra aðila sjálfra sem hafa hljóð- og myndefni á boðstólum, hvort sem það er í sjónvarpi, á alnetinu eða öðrum þess háttar miðlum, („self-regulation"). Má hér sérstaklega benda á „Communication from the Commission to the Council, the European Parliament, the Economic and Social Committee and the Committee of the Regions on the follow-up to the Green paper on the protection of minors and human dignity in audiovisual and information services including a Proposal for a Council Recommendation concerning the protection of minors and human dignity in audiovisual and information services." (Brussel, 18.11.1997. COM (97) 570.)

Í 2. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar er tekið fram að þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í 1. mgr. 22. gr., skuli einnig ná til annars dagskrárefnis sem hætta er á að skaði líkamlegan, andlegan eða siðferðislegan þroska barna, nema þegar tryggt er með vali á útsendingartíma eða með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að þessu ákvæði verði fullnægt með því að menntamálaráðherra mæli í reglugerð fyrir um útsendingartíma eða tæknilegar ráðstafanir er stuðli að því að börn muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá sjónvarpsútsendingar sem ekki eru taldar við þeirra hæfi.

Í 3. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar er mælt svo fyrir að aðildarríkin skuli sjá til þess, þegar dagskrárefni sem ekki er talið við hæfi barna samkvæmt greininni er sent út ólæst, að á undan því fari hljóðræn viðvörun eða það sé auðkennt með sjónrænu merki allan tímann sem útsending stendur yfir. Er fyrirmæli þessu fullnægt með lokaákvæði 14. gr.

Í 22. gr. a í tilskipuninni er mælt fyrir um það að aðildarríkin skuli sjá til þess að sjónvarpsútsendingar kyndi ekki undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, trúarskoðana eða þjóðernis. Ekki verður talið að Íslendingar þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til viðbótar þeim sem þegar hafa verið gerðar til þess að fullnægja þessu ákvæði. Lagaskyldur í þessu efni eru uppfylltar með ákvæði 233. gr. a í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 96/1973 og 2. gr. laga nr. 135/1996. Í þessu tilvitnaða ákvæði segir að sá skuli sæta nánar tiltekinni refsingu sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar.

Í 1. mgr. 22. gr. b í tilskipuninni er fyrirmæli um það að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skuli gefa beitingu kaflans um vernd barna og allsherjarreglu sérstakan gaum í skýrslu, sem framkvæmdastjórnin á að leggja fram eigi síðar en 31. desember árið 2000, og á tveggja ára fresti eftir það, um beitingu tilskipunarinnar í heild og, ef nauðsyn ber til, gera frekari tillögur um aðlögun hennar að þróun mála á sviði sjónvarpsreksturs, einkum í ljósi nýlegrar tækniþróunar.

Í 2. mgr. 22. gr. b segir að framkvæmdastjórnin skuli innan eins árs frá birtingardegi tilskipunarinnar, í samráði við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, láta fara fram rannsókn á hugsanlegum kostum og göllum þess að gerðar verði frekari ráðstafanir með það í huga að auðvelda foreldrum og forráðamönnum að hafa eftirlit með því sjónvarpsefni sem börn kunna að horfa á. Athugunin á m.a. að taka til þess hversu æskilegt sé að krefjast þess að ný sjónvarpstæki hafi búnað sem geri foreldrum eða forráðamönnum kleift að loka fyrir tiltekið dagskrárefni, að koma upp viðeigandi matskerfum, að hvetja til fjölskyldustefnu um áhorf auk annarra ráðstafana sem miða að því að fræða fólk og efla vitund þess og að taka tillit til reynslu sem hefur verið aflað á þessu sviði í Evrópu og víðar og viðhorfa hagsmunaaðila eins

og sjónvarpsstöðva, framleiðenda, skólamanna, sérfræðinga um fjölmiðlun og þeirra samtaka sem máli skipta.

Í ákvæðum 22. gr. b í heild felast ýmist fyrirmæli til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða vilja- og stefnuyfirlýsingar aðildarríkjanna. Meðal annars er ljóst af ákvæðum greinarinnar að fyrirsvarsmenn Evrópuríkja vilja fylgjast náið með þróun tæknibúnaðar (t.d. hinnar svonefndu v-flögu) sem gerir það mögulegt fyrir foreldra og aðra forráðamenn barna að hafa áhrif á það hvaða sjónvarpsefni börn horfa á þó að magn sjónvarpsefnis og fjöldi sjónvarpsrása hafi til þessa dregið mjög úr möguleikunum í þessu efni. Það er sömuleiðis greinilegt að fyrirsvarsmenn Evrópuríkja telja mikilvægt að ábyrgð foreldra á aðgangi barna þeirra að sjónvarpsefni verði aukin, bæði með fyrrnefndum tækniráðstöfunum og virku eftirliti foreldra með sjónvarpsnotkun barna sinna. Eins og sakir standa, eru engin þessara atriða fallin til löggjafar hér á landi frekar en í öðrum Evrópuríkjum, en mál þessi verða í stöðugri endurskoðun eins og beinlínis kemur fram í tilskipuninni.

Um 15. gr.

Í grein þessari eru taldir upp tekjustofnar útvarpsstöðva af reglulegum rekstri sínum. Er greinin að verulegu leyti sama efnis og 1. mgr. 4. gr. gildandi útvarpslaga, þó þannig að bætt er við tekjum af fjarsöluinnskotum og kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni útvarpsstöðva, svokallaðri stoðframleiðslu, sbr. einnig a-lið 1. mgr. 19. gr. Hins vegar er fellt brott ákvæði 1. mgr. 4. gr. útvarpslaga um tekjur útvarpsstöðva af „sérstöku gjaldi vegna framleiðslu fræðslu- og skýringarefnis“. Er ekki vitað til að þetta hafi verið raunverulegur tekjustofn hjá útvarpsstöðvum.

Um VI. kafla

Í stórum dráttum eru ákvæði 16.–18. gr. frumvarpsins sama efnis og 2.–7. mgr. 4. gr. gildandi útvarpslaga. Ákvæði þessara greina skulu eftirleiðis gilda um svokölluð fjarsöluinnskot („teleshopping spots“) auk hefðbundinna auglýsinga, og er orðalagi breytt því til samræmis. Til gleggra yfirlits um efni ákvæðanna hefur 4. gr. útvarpslaga verið skipt í fleiri greinar í frumvarpinu. Ákvæði 19. og 20. gr. frumvarpsins eru nýmæli í útvarpslögum.

Um 16. gr.

Í þessari grein eru orðaðar nokkrar meginreglur um gerð og birtingu auglýsinga og fjarsöluinnskota. Er hér um að ræða fyrirmæli um að auglýsingar eigi að vera auðgreinanlegar frá dagskrárefni, bann við duldum auglýsingum og bann við beitingu þeirrar tækni í auglýsingum að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar. Nú er þessar reglur að finna í 2. mgr., 6. mgr. og 7. mgr. 4. gr. útvarpslaga að því er auglýsingar varðar, en samkvæmt frumvarpsgreininni eru þær einnig látnar ná til fjarsöluinnskota.

Um 17. gr.

Í greininni eru teknar upp reglur um auglýsingatíma og heimildir til rofs á dagskrárliðum til flutnings á auglýsingum og fjarsöluinnskotum. Aðalreglan verður áfram sú að auglýsingar verði fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða, sbr. 1. mgr. greinarinnar og 2. mgr. 4. gr. útvarpslaga.

Af framangreindri meginreglu leiðir meðal annars að flutningur einnar og einnar auglýsingar milli dagskrárliða er óheimill, auglýsingar á að flytja fleiri saman í heild. Lagt er til að í 2. mgr. verði tekin upp heimild til undantekningar frá reglu 1. mgr. þannig að einstök auglýsinga- og fjarsöluinnskot verði heimil í undantekningartilvikum. Er fyrst og fremst ætl-

ast til að undanþágunni verði beitt, ef um er að ræða óvenjulega langar auglýsingar, t.d. 10–15 mínútna langar. Þessi undantekningarregla er í samræmi við 2. mgr. 10. gr. í sjónvarpstilskipun Evrópusambandsins.

3. og 4. mgr. greinarinnar eru í samræmi við 3. og 4. mgr. 4. gr. útvarpslaga með einni undantekningu. Er lagt til að í lok 4. mgr. verði bætt við ákvæði um að heimilt sé að rjúfa fréttatengda dagskrárliði, ef þeir eru lengri en 30 mínútur. Er þessi breyting í samræmi við 5. mgr. 11. gr. tilskipunar 89/552/EBE, en ákvæði um þetta efni var ekki tekið í útvarpslögin við endurskoðun þeirra árið 1993. Í reynd eru mikil brögð að því að fréttatengdir þættir í sjónvarpi séu rofnir með auglýsingum, og þykir rétt að heimila það í lögum, þó með framangreindri takmörkun. Af ákvæðinu leiðir að ekki er heimilt að rjúfa sjálfa fréttatímana með auglýsingum, sem einnig er gert í framkvæmdinni, en þykir bera að taka fyrir.

Um 18. gr.

Grein þessi um takmarkanir á auglýsingatíma í sjónvarpi svarar til 5. mgr. 4. gr. útvarpslaga með nokkrum breytingum. Í fyrsta lagi er ákvæðinu breytt þannig að það taki jafnt til fjarsöluinnskota sem auglýsinga, svo sem gert er endranær í frumvarpinu. Í öðru lagi eru tekin upp í greinina tvö sérákvæði um tilkynningar sem ekki skuli teljast til auglýsinga í sjónvarpi og sá tími, sem til þessara tilkynninga er varið, skuli þar með ekki dragast frá heimilum auglýsingatíma sjónvarpsstöðva. Er hér annars vegar um að ræða tilkynningar frá sjónvarpsstöðvunum sjálfum í tengslum við dagskrárefni þeirra og stoðframleiðslu, sem leiðir beint af því efni (a-liður). Með stoðframleiðslu („ancillary products") er átt við framleiðslu eða vörur, sem beinlínis tengjast dagskrárefni, svo sem myndbönd, sem gerð eru eftir sjónvarpsþáttum, og bækur, er tengjast tungumálakennslu í sjónvarpi. Hins vegar er svo um að ræða tilkynningar, sem birtar eru endurgjaldslaust um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana (b-liður). Breyting þessi samrýmist 3. mgr. 18. tilskipunar 89/552/EBE, eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli. Fyrirmæli 1. mgr. varða fjarsöluþætti í dagskrám sem ekki eru eingöngu helgaðar fjarsölu, þ.e. fjarsöluþætti í venjulegum sjónvarpsdagskrám. Er tilgangur ákvæðisins tvíþættur, annars vegar að tryggja það að ekki fari á milli mála að um slíka þætti sé að ræða, og hins vegar að setja fyrirferð slíkra þátta nokkrar skorður í sjónvarpsdagskrám. Fyrirmæli 2. mgr. varða sjónvarpsdagskrár, sem eingöngu eru helgaðar fjarkaupum, en slíkar dagskrár hafa ekki tíðkast hingað til hér á landi. Gilda almenn ákvæði laganna um slíkar dagskrár eftir því sem við á, þó þannig að örlítið þrengri mörk eru sett á daglega auglýsingatíma en gilda um aðrar sjónvarpsdagskrár. Ákvæði þessarar greinar eiga fyrirmynd sína í 18. gr. a. og 19. gr. tilskipunar 89/552/EBE, svo sem henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB.

Í 3. mgr. er ákveðið að ákvæði 4.–8. gr. laga nr. 96/1992 um húsgöngu- og fjarsölu skuli gilda um fjarsölu, sem hér um ræðir, eftir því sem við á. Er hér um að ræða neytendaverndarákvæði, og þykir rétt að taka af öll tvímæli um að þau gildi um fjarsölu þá sem um ræðir í frumvarpi þessu.

Um 20. gr.

Með grein þessari er ætlunin að leiða í lög reglur um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum í útvarpi. Reglur greinarinnar eru efnislega í samræmi við 16. gr. sjónvarpstilskipunarinnar, en eru hér látnar taka til auglýsinga bæði í sjónvarpi og hljóðvarpi. Efnislega

skarast frumvarpsgreinin og 3.–5. mgr. 22. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, sem ætlað er að vernda börn gegn óeðlilegum ágangi af hvers konar auglýsingum.

Rík ástæða er til þess að setja nokkrar skorður við markaðssetningu, sem ætlað er að hafa áhrif á börn. Börnum hættir til trúgirni vegna reynsluleysis síns og þekkingarskorts. Jafnframt eru börn áhugaverður markhópur margra auglýsenda, þar sem þau eru framtíðarneytendur. Óskir barnanna hafa ekki einungis áhrif á kaup fyrir þau sjálf, heldur einnig á innkaupamynstur allrar fjölskyldunnar. Verður að gæta þess svo sem kostur er að með auglýsingum sé forráðamönnum barna ekki gert erfitt fyrir við ákvarðanir um kaup á vörum og þjónustu í þágu barnanna og fjölskyldunnar allrar eða að láta kaup hjá líða.

Efni greinarinnar er skýrt og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 21. gr.

Grein þessi fjallar um kostun dagskrárefnis í útvarpi. Ákvæði greinarinnar er að mestu í samræmi við 4. gr. a útvarpslaga, en greininni er skipt í fleiri málsgreinar, og er það gert til þess að auðvelda yfirlit um efnið. 1. og 2. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða upphafsákvæði 1. mgr. 4. gr. a útvarpslaga.

Í 2. mgr. er bannið við kostun frétta og fréttatengdra þátta orðað nokkuð skýrar en nú er í útvarpslögum þó að merkingin sé hin sama. Eru í málsgreininni orðuð þau dæmi að óheimilt sé að kosta veðurfréttir og íþróttafréttir. Hið sama mundi t.d. einnig eiga við um þætti um viðskiptamál, eins og hvert annað fréttatengt efni.

Í 3. mgr. er hnykkt nokkuð á orðalagi 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. a útvarpslaga, þar sem nú segir á þessa leið: „Nú er dagskrárliður kostaður og má þá efni hans ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostunaraðila.“ Er lagt til að við bætist orðin: „eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa líka vöru eða þjónustu sérstaklega“. Er þetta orðalag í samræmi við c-lið 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 89/552/EBE. Of mikið er um það að kostunarauglýsingar hér á landi séu jafnframt auglýsingar um vöru eða þjónustu kostanda, sem er andstætt tilgangi kostunarheimildarinnar, þ.e. að gefa fyrirtækjum færi á að kynna ímynd sína um leið og þau leggja fé af mörkum til dagskrárgerðar. Þykir verða að fylgja reglum þessum betur eftir en gert hefur verið.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 2. mgr. 4. gr. a í útvarpslögum, þó þannig að breytt er orðun ákvæðisins í þá átt að fyrirmæli um auðkenningu kostaðrar dagskrár er látið ná til hvers konar útvarpsdagskrár, en ekki einungis til sjónvarpsdagskrár.

Ákvæði 5. mgr. er samhljóða 7. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga.

Í 6. mgr. er nýmæli, og er það í samræmi við 3. mgr. 17. gr. tilskipunar 89/552/EBE eftir breytingu með tilskipun 97/36/EB. Hið raunverulega nýmæli ákvæðisins er það að framleiðendum og söluaðilum lyfja skuli vera heimilt að kynna nafn eða ímynd fyrirtækis síns með kostun útvarpsdagskrár, þó þannig að ekki sé um að ræða kynningu á einstökum lyfjategundum eða læknisfræðilegri meðferð. Aðalreglan skv. VI. kafla lyfjalaga, nr. 93/1994, er sú að bannaðar eru hvers konar lyfjaauglýsingar (13. gr.). Frá þessu banni eru þó ýmsar undantekningar, og þykir sú heimild til kostunar, sem hér er gert ráð fyrir, vera í góðu samræmi við þær undantekningar, sbr. einkum 16. gr. laganna.

Um VII. kafla.

Svo sem kunnugt er, færast fjarskipti, útvarp og jafnvel tölvunotkun nær hvert öðru í nútímaupplýsingatækni, svo að margir telja að á endanum muni þessi svið jafnvel renna saman. Við þessa endurskoðun útvarpslaga er ekki tilefni til þess að horfa til þess tíma, enda má gera ráð fyrir að hin hraða tækniþróun geri það nauðsynlegt að endurskoða útvarpslög og

fjarskiptalög oftar en gert hefur verið til þessa. Í ákvæðum þessa kafla er aðeins litið til þeirrar þróunar sem nokkuð fyrirsjáanleg virðist vera. Í hinni nýju sjónvarpstilskipun 97/36/EB eru engin bein ákvæði, sem varða hin nýju svið upplýsingatækninnar. Í 7. skýringargrein í inngangi tilskipunarinnar er hins vegar að því vikið að hvers konar lagasetning um nýja þjónustu á sviði hljóð- og myndmiðlunar („audiovisual services") verði að samrýmast því meginmarkmiði tilskipunarinnar að skapa lagalegan ramma fyrir frjálsa þjónustustarfsemi („free movement of services"). Í 8. skýringargrein er því enn fremur lýst yfir að aðildarríkin skuli gera ráðstafanir varðandi þjónustustarfsemi, er svipi til ráðstafana um sjónvarpssendingar, í því skyni að koma í veg fyrir brot á þeim grundvallarreglum sem gilda beri um upplýsingar og sporna við því að til meiri háttar ósamræmis komi innan sviða frjálsra flutninga og samkeppni. Á vegum Evrópusambandsins er nú mikið fjallað um samruna fjölmiðlunar, fjarskipta og upplýsingatækni og áhrif þessa samruna á setningu reglna um þessi svið með hliðsjón af þróun upplýsingasamfélagsins. Svokölluð Grænbók Evrópusambandsins um samruna kom út 3. desember 1997. Nefnist skýrsla þessi „Green Paper on the Convergence of the Telecommunications, Media and Information Technology Sectors, and the Implications for Regulation — Towards an Information Society Approach". Þær hugmyndir, sem fram eru settar í Grænbókinni, verða til meðferðar hjá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins á næstu missirum.

Um 22. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um atriði er varðar raunhæf tengsl milli útvarpslaga og fjarskiptalaga, aðgang útvarpsstöðva að almennum fjarskiptanetum fyrir starfsemi sína. Í núgildandi útvarpslögum er ekki að finna nein ákvæði um rétt útvarpsstöðva til aðgangs að kapalkerfum eða almennum fjarskiptanetum sem hagnýta má til útvarpssendinga, aðeins ákvæði 5. gr. laganna, um heimild útvarpsstöðva til lagningar þráðar samkvæmt heimild sveitarstjórna og um lagningu og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust dagskrárefni útvarpsstöðva óbreyttu og óstyttu.

Með hliðsjón af fyrirhugaðri útbreiðslu á breiðbandi Landssímans um landið verður að telja tímabært að kveða skýrt á um rétt útvarpsstöðva til þess að nýta sér breiðbandið og önnur almenn fjarskiptanet og eftir hvaða reglum farið skuli við tengingu útvarpsstöðva við almenn fjarskiptanet. Breiðbandið mun ásamt stafrænum útvarpssendingum hafa mikla þýðingu fyrir þróun og möguleika útvarpsstöðva í landinu á komandi árum.

Breiðband er þjónusta eða tenging sem gerir mögulegt að flytja umtalsvert magn upplýsinga, svo sem sjónvarpsmyndir. Breiðbandsnet hafa flutningsgetu sem svarar til a.m.k. 2 Mb/s.

Breiðband Landssímans er ljósleiðaranet sem lagt er neðan jarðar. Er nú þegar búið að leggja ljósleiðara í kringum landið, svo að nær allar símstöðvar landsins eru í ljósleiðarasambandi. Frá símstöðvunum er ætlunin að lagt verði ljósleiðaranet til notenda víðs vegar um landið.

Flutningsgeta breiðbandsins verður gríðarlega mikil. Eru tæknilegir eiginleikar þess þannig að það má nýta jafnt til almennrar fjarskiptaþjónustu, svo sem hvers konar símaþjónustu, sem til sendingar útvarpsefnis, hvort sem er í sjónvarpi eða hljóðvarpi, og einnig fyrir ýmiss konar tölvuþjónustu. Með tilkomu breiðbandsins má því segja að möguleikar skapist hér á landi til sameiginlegrar boðleiðar fyrir hvers konar fjarskipti. Fyrir útvarpsmiðla mun aðgangur að breiðbandinu geta haft mikla þýðingu í framtíðinni, sparað hverjum og einum fjárfestingu í dreifikerfi og leitt til rekstrarsparnaðar með þátttöku í sameiginlegu dreifikerfi með mörgum aðilum. Með skynsamlegri nýtingu breiðbandsins verður auðveldaður aðgangur

nýrra útvarpsmiðla að markaðnum. Með nýtingu breiðbandsins fyrir útvarpsmiðla og fjarskipti, þar á meðal hraðvirkt alnetssamband, er stuðlað að útbreiðslu hvers konar upplýsinga í landinu og þannig unnið að markmiðum upplýsingaþjóðfélags nútímans.

Landssíminn hefur þegar hafið útsendingar á sjónvarps- og hljóðvarpsefni á breiðbandinu. Samkvæmt upplýsingum frá Landssímanum eiga nú 23 þúsund heimili í landinu möguleika á að nýta sér sjónvarps- og hljóðvarpsútsendingar á breiðbandinu. Er gert ráð fyrir að innan 3–5 ára eigi 50–60% landsmanna þess kost að tengjast breiðbandinu og stefnt er að því að innan 10 ára verði þetta hlutfall komið upp í u.þ.b. 90%.

Vegna kostnaðar er þess naumast að vænta að annað breiðbandskerfi verði lagt um landið, a.m.k. ekki á næstu árum.

Setning núgildandi fjarskiptalaga, nr. 143/1996, markaði þáttaskil í fjarskiptamálum hér á landi. Var í lögunum m.a. ákveðið að frá og með 1. janúar 1998 félli niður að öllu leyti lögbundinn einkaréttur ríkisins til fjarskipta og jafnframt gert ráð fyrir því að þeir sem uppfylla skilyrði laganna geti fengið leyfi ríkisvaldsins til fjarskiptaþjónustu á öllum sviðum fjarskipta og til að eiga og reka grunnnet. Í fjarskiptalögunum er að finna ítarlegar reglur um frelsi í fjarskiptum og samkeppni á þessu sviði. Þessi skipan fjarskiptamála er í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins um samkeppni á sviði fjarskipta og afnám einkaréttar einstakra aðila, ríkisins sjálfs eða tiltekinna fjarskiptafyrirtækja, til þess að annast fjarskiptaþjónustu. Gilda þessar tilskipanir fyrir Evrópska efnahagssvæðið og eru þar með bindandi fyrir Íslendinga. Eru hér tvær tilskipanir þýðingarmestar, tilskipun ráðherraráðsins 90/387/EBE um frjálsan aðgang þjónustuveitenda að almennum fjarskiptanetum („Open Network Provision"), og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE, þar sem kveðið er á um skyldu ríkjanna til þess að koma á samkeppni í fjarskiptaþjónustu innan hins sameiginlega markaðar. Framangreindar tilskipanir eru gefnar út með hliðsjón af ákvæðum Rómarsáttmálans, einkum 59., 86. og 90. gr. sáttmálans, en ákvæði 36., 54. og 59. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið svara til framantaldra ákvæða Rómarsáttmálans. Með aðild sinni að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að taka upp í löggjöf sína ýmsar samþykktir Evrópusambandsins um fjarskiptamál. Segir í 7. gr. samningsins að gerðir, sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, skuldbindi samningsaðila, og skuli þær teknar upp í landsrétt með nánar tilteknum hætti. Viðauki nr. XI við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið fjallar um fjarskiptamál, og meðal ákvæða þessa viðauka eru framangreindar tilskipanir 90/387/EBE og 90/388/EBE.

Þau grundvallarsjónarmið um frjálsan aðgang þjónustuveitenda að almennum fjarskiptakerfum, sem á er byggt í núgildandi fjarskiptalögum í samræmi við Evrópureglur á þessu sviði, verða að teljast eiga við með sömu rökum um útvarp, þ.e. sjónvarp og hljóðvarp, ekki síst í ljósi þess hversu náin tengsl eru orðin milli þessara tveggja sviða, fjarskipta og útvarps, og skilin milli þeirra verða sífellt óljósari. Að því er útvarp varðar styðst frjáls aðgangur að almennum fjarskiptanetum einnig við grundvallarreglur lýðræðisþjóðfélags, sérstaklega skoðana- og tjáningarfrelsi, sem m.a. gerir ráð fyrir víðtækum aðgangi almennings að upplýsingum, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 19. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Útvarpsrekstur um þráð og fjarskiptalög tengjast með vissum hætti í núgildandi fjarskiptalögum, nr. 143/1996. Í 2. gr. laganna um fjarskipti, nr. 143/1996, er fjarskiptaþjónusta skilgreind svo að þar sé um að ræða þjónustu sem að nokkru eða öllu leyti felist í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, *öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi* (leturbreyting gerð hér). Í sömu grein laganna er kapalkerfi skilgreint svo að það sé þráð-

bundið kerfi sem ætlað sé til dreifingar á útvarpsmerkjum til almennings. Í 5. gr. laganna er svo fyrir mælt að Póst- og fjarskiptastofnun veiti leyfi til fjarskiptaþjónustu og til þess að reka almennt fjarskiptanet samkvæmt lögunum, þar með talið kapalkerfi. Er af þessum sökum líklegt að VII. kafli fjarskiptalaga, um samtengingu neta, gildi um kapalkerfi, en þetta er sá kafli fjarskiptalaganna er mestu máli skiptir í því sambandi sem hér um ræðir. Hins vegar telst breiðbandið ekki kapalkerfi í skilningi fjarskiptalaga, heldur almennt fjarskiptanet, svo sem merking þess er skilgreind í 2. gr. fjarskiptalaga.

Sáralítið er um hefðbundin kapalkerfi hér á landi. Kostnaður við lagningu þeirra hefur verið mikill og staðið útbreiðslu þeirra fyrir þrifum, en sá kostnaður fer að öllum líkindum lækkandi. Hvað sem því líður er óvíst um þróun þeirra og útbreiðslu hefðbundinna kapalkerfa hér á landi í framtíðinni. Hins vegar þykir víst að dreifing útvarpsefnis um breiðband muni hafa mikla þýðingu hér á næstu árum. Er af þeim sökum nauðsynlegt að tekin séu upp í lög ákvæði er tryggja möguleika útvarpsstöðva til dreifingar á efni sínu um breiðbandið, enda er einn megintilgangurinn með rekstri þess dreifing útvarpsefnis í sjónvarpi og hljóðvarpi. Í stað þess að koma upp sérstöku kerfi samkvæmt útvarpslögum um aðgang að breiðbandinu þykir eðlilegast að um þetta efni gildi hið almenna fyrirkomulag skv. VII. kafla fjarskiptalaga um samtengingu neta (12. og 13. gr. laganna) ásamt öðrum ákvæðum laganna eftir því sem við á og ákvæðum laga nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun. Er því í frumvarpi þessu lögð til lögfesting þeirrar reglu að óski útvarpsstöð að fá aðgang að kapalkerfi eða öðru almennu fjarskiptaneti sem hagnýtt er til útvarpssendinga, þar á meðal breiðbandi, skuli fara með málið svo sem fyrir er mælt í fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun eftir því sem þau eiga hér við. Þýðingarmest af þessum lagaákvæðum fyrir það mál sem hér um ræðir eru VII. kafli laga um fjarskipti, nr. 143/1996, er fjallar um samtengingu neta, og 8. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 147/1996, en þar er ákvæði um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Í 12. gr. fjarskiptalaga er kveðið svo á að vilji rekstrarleyfishafi tengja fjarskiptanet sitt fjarskiptaneti annars rekstrarleyfishafa skuli viðkomandi aðilar leita samkomulags um tenginguna og skilmála hennar. Í því sambandi, sem hér um ræðir, leiðir af þessu ákvæði að útvarpsstöð fær sömu stöðu og rekstrarleyfishafi samkvæmt fjarskiptalögum til aðgangs að almennu fjarskiptaneti sem hagnýtt er til útvarpssendinga. Óski útvarpsstöð eftir dreifingu efnis síns um breiðbandið, mundi hún leita samninga við Landssímann um tengingu við breiðbandið og samningsskilmála. Náist ekki innan hæfilegs tíma, sem lengstur skal vera þrír mánuðir, samkomulag milli aðilanna um samtengingu neta getur hvor aðili um sig leitað til Póst- og fjarskiptastofnunar sem skal leita sátta með aðilum. Er mælt fyrir um sáttaumleitun Póst- og fjarskiptastofnunar í 13. gr. fjarskiptalaga. Í 3. mgr. 13. gr. segir að náist ekki samkomulag milli rekstrarleyfishafa um gjald og aðra samningsskilmála vegna samtengingar fjarskiptaneta skuli stofnunin hafa milligöngu um ákvörðun samningsskilmála milli aðila. Náist ekki samkomulag innan sex mánaða frá upphafi sáttatilrauna skal Póst- og fjarskiptastofnun að kröfu aðila ákveða skilmála fyrir samtengingu. Í 1. mgr. 13. gr. segir um verðlagningu fyrir afnot af fjarskiptaneti að taka skuli mið af raunkostnaði þess sem netið rekur að teknu tilliti til hæfilegs hagnaðar. Getur Póst- og fjarskiptastofnun við sáttameðferð eða ákvörðunartöku krafist upplýsinga úr bókhaldi rekstrarleyfishafa og falið löggiltum endurskoðendum að fara yfir slík gögn.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, sæta ákvarðanir og úrskurðir stofnunarinnar kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Í úrskurðarnefndinni sitja þrír menn og jafnmargir varamenn þeirra. Er nefndin skipuð af samgönguráðherra. Formaður og varaformaður eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæsta-

réttar, einn nefndarmaður ásamt varamanni skipaður samkvæmt tilnefningu Verkfræðingafélags Íslands, og þriðji maðurinn ásamt varamanni hans eru skipaðir af samgönguráðherra án tilnefningar. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara.

Úrskurðir úrskurðarnefndarinnar skulu að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni, og eru úrskurðir hennar endanlegir á stjórnsýslustigi. Aðili, sem ekki vill una úrskurði nefndarinnar, getur borið úrskurðinn undir dómstóla, og skal höfða slíkt mál innan sex mánaða frá því aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Með framangreindum ákvæðum og almennum ákvæðum fjarskiptalaga sem ætlað er að tryggja frelsi í fjarskiptum, jafnræði allra aðila og mæla fyrir um skýr skilyrði og gegnsæi ákvarðana og grundvallar fyrir ákvörðunartöku, sbr. sérstaklega 6. gr. fjarskiptalaga, verður að telja allvel tryggða réttláta málsmeðferð og málefnalega aðferð við töku ákvarðana um aðgang útvarpsstöðva að breiðbandinu og öðrum almennum fjarskiptanetum, þar sem meginreglan er frjáls aðgangur. Að sjálfsögðu ber svo við allar ákvarðanir í þessum efnum að gæta almennra reglna um góða stjórnsýslu samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Í 2. mgr. greinarinnar er heimild til þess að sett verði fyrirmæli í reglugerð, ef til þess þykir þörf, um takmörkun á fjölda rása sem útvarpsstöðvar í eigu sömu eða tengdra aðila fá til afnota í framangreindum fjarskiptavirkjum. Á þessu stigi þykir ekki ástæða til þess að mæla nánar fyrir um þetta atriði í lögum. Ýmsir telja að nú þegar sé æskilegt að setja almennar reglur sem ætlað sé að girða fyrir óhæfilega samþjöppun valds yfir fjölmiðlum. Má vel á það fallast að meginstefnu til. Vandinn er hins vegar mikill þegar kemur að mótun slíkra reglna. Á vegum Evrópuráðsins hefur lengi verið unnið að þessu verkefni og stendur sú vinna enn yfir, og einnig er nú að því unnið á vettvangi Evrópusambandsins. Þykir rétt, að minnsta kosti að svo stöddu, að bíða þess hver niðurstaða verður af þessu fjölþjóðlega undirbúningsstarfi, enda er það ekki svo að engar lagareglur taki nú til þessa efnis. Gilda hér á landi um þetta svið, eins og önnur svið viðskipta, ákvæði samkeppnislaga, nr. 8/1993, sbr. einkum V. kafla (17.–19. gr.) þeirra laga. Samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga er til dæmis mögulegt að samkeppnisyfirvöld ógildi samruna útvarpsstöðva eða ráðstafanir sem gera það að verkum að eigendur með virk yfirráð yfir einni útvarpsstöð (eða öðru fjölmiðlafyrirtæki) nái virkum yfirráðum yfir annarri útvarpsstöð eða öðru fjölmiðlafyrirtæki.

Um 23. gr.

Reglur þær, sem heimilað er að setja í 23. gr., eiga rætur sínar í hugmyndinni um upplýsingasamfélagið, sem nú má heita viðurkennd hugmynd í aðildarríkjum Evrópuráðsins og Evrópska efnahagssvæðisins, sem og í ríkjum Norður-Ameríku. Í þessum ríkjum er það talin skylda yfirvalda, löggjafarvalds og stjórnvalda, að tryggja sem víðtækastan aðgang almennings að hvers konar upplýsingum, sem almenning varða og almenningur hefur áhuga á. Ákvæði 24. gr., sem varðar gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins hvers á ákvörðunum annars á þessu sviði sjónvarpsreksturs, er sprottið af sama meiði.

Ákvæði 23. og 24. gr., að undanskilinni 4. mgr. 23. gr., leiðir af tilskipun Evrópuþingsins og ráðherraráðsins 97/36/EB frá 30. júní 1997 um breytingu á tilskipun ráðherraráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur frá 3. október 1989. Þær greinar, sem hér um ræðir, eru í 3. gr. a, 1.–3. mgr., tilskipunarinnar, eins og hún verður eftir breytinguna með tilskipun 97/36/EB. Fyrirmynd þeirra er að finna í 9. gr. Evrópusamningsins um sjónvarp milli landa, sem gerður

var á vegum Evrópuráðsins hinn 5. maí 1989 („European Convention on Transfrontier Television").

23. gr. er frábrugðin 24. gr. að því leyti að efni 24. gr. ber að lögbinda skv. 3. mgr. 3. gr. a tilskipunarinnar, en það er hverju ríki í sjálfsvald sett hvort það nýtir heimildarákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni, eins og henni hefur verið breytt, en 23. gr. er reist á grundvelli þessa ákvæðis.

Skal nú nánar vikið að efni 23. gr., en til skýringar á greininni er nauðsynlegt að gera grein fyrir ákvæðum 1. mgr. 3. gr. a í sjónvarpstilskipun Evrópusambandsins og þeim sjónarmiðum sem að baki búa.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. a er hverju aðildarríki heimilað að gera ráðstafanir, sem að öðru leyti séu í samræmi við löggjöf sambandsins, er tryggi það að sjónvarpsstöð, sem heyrir undir lögsögu ríkisins, beiti ekki einkarétti, er hún hefur aflað sér til sjónvarps frá viðburðum, sem ríkið telur hafa mikilsverða þýðingu („major importance") fyrir borgarana, með þeim hætti að verulegur hluti almennings („a substantial proportion of the public") í því ríki sé sviptur möguleika á því að fylgjast með slíkum viðburðum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds, annað hvort í beinni eða seinkaðri útsendingu. Fari aðildarríki þessa leið skal það gera skrá um tiltekna viðburði, innlenda sem erlenda, er það telur hafa mikilsverða þýðingu fyrir almenning. Þetta skal gert með skýrum og gagnsæjum hætti og með góðum fyrirvara. Við gerð skrárinnar skal aðildarríkið jafnframt ákveða hvort þessir viðburðir skuli sýndir að öllu leyti eða að hluta í beinni útsendingu, eða að öllu leyti eða nokkru í seinkaðri útsendingu, ef það af málefnalegum ástæðum telst vera nauðsynlegt eða heppilegt fyrir almenning. Þar sem í 1. mgr. 3. gr. a. eru heimilaðar ráðstafanir með þeim fyrirvara að þær séu að öðru leyti í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins (og ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið) er fyrst og fremst við það átt að ráðstafanirnar séu í samræmi við samkeppnisreglur Evrópuréttarins.

Fyrsta spurningin, sem taka þarf afstöðu til, er hvort Ísland eigi að nýta sér heimild til ákvarðana skv. 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni eða láta það hjá líða, a.m.k. að svo stöddu. Millileið er að halda möguleikanum opnum með því að heimila ráðherra að nýta heimildina með setningu reglugerðar um efnið.

Við fyrstu sýn er það engan veginn augljóst að heimild þessa beri að nota. Það verður að viðurkenna að hún er að sumu leyti varhugaverð og nokkuð vandmeðfarin, þó að því séu vissulega verulega þröngar skorður settar um hvers konar viðburði heimildinni verður beitt. Með ráðstöfunum samkvæmt heimild málsgreinarinnar væri gripið inn í samkeppni aðila á sjónvarpsmarkaði og einnig höfð afskipti af hagsmunum rétthafa sjónvarpsréttindanna. En þetta eru ekki einu sjónarmiðin sem taka þarf tillit til. Að baki heimildinni býr fyrst og fremst hugmyndin um sem víðtækastan aðgang almennings að upplýsingum, sem vissulega er í anda nútímasjónarmiða. Í 18. skýringargrein inngangsorða tilskipunar 97/36/EB er lögð á það áhersla að afar þýðingarmikið sé að aðildarríkin geti gert ráðstafanir til þess að vernda rétt borgaranna til upplýsinga og tryggja þeim víðtækan aðgang að sjónvarpssendingum frá innlendum og erlendum viðburðum, sem hafi mikilsverða þýðingu fyrir viðkomandi þjóðfélag. Sem dæmi um slíka viðburði eru í skýringargreininni nefndir Ólympíuleikar og heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni landsliða í knattspyrnu. Segir síðan að í þessu skyni áskilji ríkin sér rétt til þess að gera ráðstafanir til þess að takmarka beitingu sjónvarpsstöðva undir lögsögu þeirra á einkarétti til sjónvarps frá slíkum viðburðum, enda samrýmist ráðstafanir þessar að öðru leyti löggjöf Evrópusambandsins. Auk hinna almennu sjónarmiða, sem byggt er á í 18. skýringargrein, hefur það mikla þýðingu í þessu efni að viðskipti með sjónvarpsréttindi eru að miklu leyti orðin alþjóðleg, verðlag á slíkum réttindum hefur hækkað

mjög mikið á síðustu árum, og víða erlendis er aðgangur að sumum íþróttaviðburðum eingöngu fáanlegur í þáttasölusjónvarpi („pay-per-view"). Íslendingar hafa nú þegar dæmi um að erlend fyrirtæki hafa boðið betur en íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa treyst sér til að bjóða í rétt til sýningar frá íslenskum íþróttaviðburðum, og er þar átt við kaup erlends fyrirtækis á sjónvarpsrétti á leikjum Íslandsmótsins í knattspyrnu. Ekkert er því til fyrirstöðu að erlendar sjónvarpsstöðvar kaupi sjónvarpsrétt fyrir Ísland t.d. um leið og þær kaupa sjónvarpsrétt fyrir önnur ríki. Ef Íslendingar nýta sér ekki heimild þá sem felst í 1. mgr. 3. gr. a í sjónvarpstilskipuninni er raunhæf hætta á því að þeir fari á mis við sjónvarp frá mikilvægum innlendum og erlendum íþróttaviðburðum. Gæti það stafað af því að hinar erlendu sjónvarpsstöðvar gæfu íslenskum sjónvarpsstöðvum ekki kost á sjónvarpsrétti nema á afarkjörum, sem íslensku fyrirtækin treystu sér ekki til að samþykkja, eða erlendu fyrirtækin hreinlega ákvæðu að nýta ekki sjónvarpsréttinn fyrir Ísland þó að þau hefðu keypt hann. Af þessum ástæðum öllum þykir ekki annað verjandi en leggja til að fest verði í íslensk lög ákvæði er gera kleift að tryggja Íslendingum aðgang að sjónvarpssendingum sem sjónvarpsstöðvar í EES-ríkjum hafa keypt rétt á og að öðru leyti falla undir ákvæði 1. mgr. 3. gr. a í sjónvarpstilskipuninni. Er því gert ráð fyrir því í 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins að ákvörðun um þetta efni verði tekin með setningu reglugerðar um efnið, ef heimildin verður á annað borð notuð.

Þar sem niðurstaðan um nýtingu heimildar skv. 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni er sú sem nú hefur verið greint frá er rétt að víkja að einstökum atriðum til skýringar á tilskipunargreininni og 23. gr. frumvarpsins.

Hvaða viðburðir eru það sem teljast hafa verulega þýðingu fyrir almenning? Hvað felst í því að íslenska ríkið þurfi að gera skrá yfir slíka viðburði? Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til þess að útsendingar sjónvarpsstöðvar teljist ná til meginhluta þjóðarinnar? Hvað eru einkaréttindi í skilningi tilskipunarinnar og 23. gr. frumvarpsins? Hvað telst vera sjónvarp án sérstaks endurgjalds? Um fleiri slíkar spurningar má fjalla auk þess sem ýmis atriði eru enn óljós varðandi framkvæmd þess réttar sem hér um ræðir.

Það er helsta skilyrði þess að skert verði einkaréttindi þeirra sem keypt hafa slíkan rétt til sjónvarps frá tilteknum viðburðum að um sé að ræða viðburði sem „hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu" eins og það er orðað í 23. gr. frumvarpsins, eða þeir séu „of major importance for society" eins og skilyrðið er orðað í hinum enska texta 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni. Í 21. skýringargrein tilskipunarinnar er þetta atriði skýrt frekar: Viðburðir, sem hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu samkvæmt skilgreiningu þessarar tilskipunar, verða að fullnægja tilteknum skilyrðum, þar eð þetta skulu vera sérstakir viðburðir („outstanding events"), sem þýðingu hafa fyrir almenning í Evrópusambandinu (innan Evrópska efnahagssvæðisins) eða í einhverju aðildarríkjanna eða í þýðingarmiklum hluta aðildarríkis, og vera fyrir fram skipulagðir af skipuleggjendum viðburða („event organisers"), sem að lögum hafa rétt til þess að selja réttindi, sem viðburðunum tengjast. Af þessu er ljóst að því eru þröng takmörk sett, hvaða viðburðum ætlunin er að tryggja almenningi aðgang að í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds, og dæmin sem vitnað var til að framan úr 18. skýringargrein tilskipunarinnar staðfesta það enn frekar. Það er því meginhluti allra viðburða sem sjónvarpsstöðvar hafa keypt einkarétt á sem einkaréttur þeirra mun áfram gilda um óskertur.

Á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er unnið að því í samvinnu við samstarfsnefndina skv. 23. gr. a í sjónvarpstilskipuninni að setja frekari leiðbeiningarreglur um þetta efni. Í vinnuskjali, sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir að minnst tveimur skilyrðum af eftirfarandi fjórum skilyrðum verði fullnægt til þess að viðburður verði talinn hafa svo mikla þýðingu fyrir almenning að framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, samþykki hann:

1. Viðburðurinn og úrslit hans eigi sérstakan og almennan hljómgrunn í því ríki sem í hlut á en ekki einungis meðal þeirra sem að öllu jöfnu fylgjast með þeirri íþróttagrein eða athöfn, sem um er að ræða.

2. Almennt sé viðurkennt að viðburðurinn hafi sérstaka menningarlega þýðingu („distinct cultural importance“) fyrir íbúa þess ríkis sem í hlut á, sérstaklega sem hvati („catalyst“) fyrir sjálfsvitund íbúanna.

3. Landslið þjóðarinnar sé þátttakandi í þýðingarmiklu („major“) íþróttamóti.

4. Hefð sé fyrir því að sjónvarpað hafi verið frá viðburðinum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds og sjónvarpssendingin hafi laðað að sér mikinn fjölda áhorfenda í því ríki sem í hlut á.

Þó að samþykktar verði reglur með hliðsjón af framangreindum skilyrðum eða einhverjar reglur í þessa átt, er ekki talið að á þær verði litið sem bindandi og ófrávíkjanlegar, heldur sem leiðbeiningarreglur. Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA geti því metið einstök tilvik sem upp kunna að verða borin af aðildarríkjunum með hliðsjón af þeim sérstöku rökum sem ríkin kunna að hafa fram að færa.

Nefna má hér að Danir hafa þegar ákveðið að setja reglur á grundvelli 1. mgr. 3. gr. a tilskipunarinnar. Á þeirri skrá um viðburði til sýningar í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds sem þeir hafa nú sent framkvæmdastjórninni eru taldir upp eftirgreindir íþróttaviðburðir:

a. Ólympíuleikar, sumar- og vetrarleikar.
b. Heimsmeistarkeppni og Evrópumeistarkeppni í knattspyrnu karla. Allir leikir danska landsliðsins og auk þess undanúrslitaleikir og úrslitaleikir.
c. Heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni í handknattleik karla og kvenna. Allir leikir danska landsliðsins og auk þess undanúrslitaleikir og úrslitaleikir.
d. Leikir danska landsliðsins í undankeppni heimsmeistaramótsins og Evrópumeistaramótsins í knattspyrnu karla.
e. Leikir danska landsliðsins í undankeppni heimsmeistaramótsins og Evrópumeistaramótsins í handknattleik kvenna.

Í 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild til þess að ákveða í reglugerð að gefa út skrá um þá viðburði sem Íslendingar vilja undanþiggja einkarétti sjónvarpsstöðva. Er það eðlileg aðferð, þar sem skráin getur verið breytileg frá einum tíma til annars eftir því sem áhugi almennings í landinu kann að breytast á tilteknum íþróttaviðburðum. Ef ákveðið verður hér á landi að nota heimildina til að setja reglugerð með skrá um þýðingarmikla viðburði virðist ekki ólíklegt að Íslendingar mundu setja saman skrá af sinni hálfu svipaðs efnis og danska skráin, sem að framan var greint frá. Trúlegt er þó að hún yrði ekki alveg sama efnis, því að íþróttahefðirnar eru ekki alveg hinar sömu í þessum tveimur löndum. Af ákvæði 1. mgr. leiðir að í skrá um viðburðina þyrfti nákvæmlega að greina heiti þeirra, svo og að tiltaka hvort þeir skuli vera sýndir í heild eða aðeins að hluta til. Þetta atriði getur t.d. skipt máli, þegar um er að ræða útsendingar frá mjög umfangsmiklum viðburðum, svo sem Ólympíuleikum og heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni í knattspyrnu. Enn fremur á það að koma fram í skránni, hvort viðburði skuli sjónvarpað beint eða með seinkun. Sjálfsagt verður að telja að vissir viðburðir séu sendir í beinni útsendingu, t.d. landsleikur í knattspyrnu sem leikinn er hér á landi. Á hinn bóginn getur verið eðlilegra að öðrum viðburðum, sem t.d. fara fram í öðrum heimshluta, verði sjónvarpað með seinkun, þar sem þeir fara fram að næturlagi að íslenskum tíma. Eðli málsins samkvæmt hlýtur skráin að verða stutt og hún verður að vera tæmandi og nákvæm. Skrána skal kynna með góðum fyrirvara. Fer það eftir atvikum hverju sinni hvað telst vera góður fyrirvari, en við það verður fyrst og fremst að miða að fyrirvari sé nægilega langur til þess að þeir aðilar, sem skipuleggja íþróttaviðburði

og sjónvarpsstöðvar í Evrópu, geti tekið tillit til þess í markaðsvinnu sinni og samningum að viðburður hefur verið settur á skrá samkvæmt lagaheimildinni.

Með notkun á heimild skv. 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins væri stefnt að því að vernda rétt „meginhluta þjóðarinnar" til þess að eiga þess kost að sjá í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds þá viðburði sem greinin nær til. „Meginhluti þjóðarinnar" er hér notað til þess að ná þeirri túlkun, sem fram kemur í fyrrnefndu vinnuskjali framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, að með vísun til þeirra ástæðna, sem búa að baki tilskipun 97/36/EB, sé miðað við „near universal coverage", „(or relevant part of the population)" í aðildarríki, sem þýðir að sjónvarpssending verði að ná til svo til allra íbúanna í því ríki sem við á. Þykir því heppilegast að taka nú þegar af allan vafa um hvað við er átt og tala um „meginhluta þjóðarinnar" í þeirri merkingu að átt sé við nær alla íbúa landsins. Í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar er mælt með að sjónvarpssending verði talin ná til nær allra íbúa ef hún nær til 95–100% íbúanna. Ljóst er þó að ríkin hafa nokkurt svigrúm til mats í þessu efni. Í Svíþjóð hefur verið talað um að verði heimildin notuð verði miðað við að útsending þurfi að ná til a.m.k. 95% þjóðarinnar. Í Danmörku hefur verið ákveðið að miða við a.m.k. 90% þjóðarinnar, sem talið er í minna lagi, en ekki eru þó gerðar athugasemdir við. Í Noregi er einnig gert ráð fyrir að miðað verði við 90% þjóðarinnar. Verði sett reglugerð um þetta efni hér á landi má vel hugsa sér að miðað yrði við að 90% þjóðarinnar a.m.k. ættu að geta náð útsendingu í opinni dagskrá. Væri það í samræmi við fordæmi annars staðar frá, og með því væri einnig væntanlega tryggt að allar helstu sjónvarpsstöðvar hér á landi gætu uppfyllt skilyrðið og þar með væru afskiptin af samningsfrelsi þeirra í lágmarki. Sjónvarp Ríkisútvarpsins, Stöð 2 og Sýn ná allar til 90% þjóðarinnar, Stöð 2 og Sýn þó með þeim fyrirvara að útsendingar þeirra séu opnar.

Í sjónvarpstilskipuninni er ekki skilgreint hvað við er átt með hugtakinu „einkaréttindi" eða „exclusive rights". Einnig er fjallað um skilgreiningu á þessu hugtaki í fyrrnefndu vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar. Þar segir að með hliðsjón af tilgangi 3. gr. a, eins og honum er lýst í 18. skýringargrein tilskipunar 97/36/EB (sbr. að framan), sé mælt með þeim skilningi að sjónvarpsstöð verði talin ráða yfir einkarétti til sjónvarps frá tilteknum viðburði á tilteknu landsvæði ef engri annarri sjónvarpsstöð er heimilt að sjá íbúum svæðisins fyrir heildarsjónvarpssendingu („full television coverage") frá þeim viðburði. Ekki verður annað sagt en þessi skilgreining sé rökrétt og liggi nokkuð í augum uppi. Í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar er einnig skýrt hvað í því sé talið felast að einkaréttarhafi „nýti" („exercises") rétt sinn með þeim hætti sem í tilskipuninni greinir, en þetta atriði er heldur ekki skilgreint í tilskipuninni sjálfri eða skýringargreinum í inngangsorðum hennar. Í vinnuskjalinu segir að í því sambandi sem um er fjallað í 3. gr. a sé sjónvarpsstöð talin „nýta" einkaréttindi sín á viðburði fyrir tiltekið landsvæði, þegar sjónvarpsdagskrá ætluð almenningi, sem gerir þessum viðburði skil, er send út á ábyrgð þeirrar sömu sjónvarpsstöðvar. Af þessari skýringu hefur svo verið dregin sú ályktun að sjónvarpsstöð brjóti ekki gegn skyldu sinni, þó að hún ákveði að senda alls ekki út frá viðburðinum, þ.e. að nýta hann ekki.

Skilgreining á hugtakinu „free television" í 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni liggur síður en svo í augum uppi eftir orðanna hljóðan. En með hliðsjón af skilgreiningu í 22. skýringargrein í inngangsorðum tilskipunar 97/36/EB er það í 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins þýtt með orðunum „án sérstaks endurgjalds", en mætti alveg eins þýða með orðunum „án aukagjalds". Í fyrrnefndri skýringargrein er hugtakið „free television" skýrt á þá leið að með því sé átt við sjónvarp á opnum („public") eða læstum („commercial") sjónvarpsrásum, sem eru aðgengilegar fyrir almenning án greiðslu umfram þá gjaldtöku fyrir sjónvarp sem almennt er beitt í sérhverju aðildarríki (svo sem afnotagjald og/eða áskriftargjald fyrir kapalsjónvarp). Þær sjónvarpsstöðvar, sem nú eru reknar hér á landi, falla undir þessa skilgreiningu.

Þó að ýmis ákvæði og hugtök í 3. gr. a sjónvarpstilskipunarinnar hafi þegar verið skýrð og skilgreind er enn talsvert starf óunnið í því efni. Er áfram unnið að þessum málum á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og samstarfsnefndarinnar skv. 23. gr. a. Ekkert er t.d. um það að finna, hvað sjónvarpsstöð, sem aflað hefur sér einkaréttar, beri að gera til þess að hún verði ekki talin brjóta gegn skyldum sínum skv. 1. mgr. 3. gr. a (1. mgr. 23. gr. frumvarpsins) gagnvart þeim EES-ríkjum sem hafa fengið samþykkta skrá um mikilvæga viðburði samkvæmt greininni. Viðurlagaákvæði eru engin í tilskipuninni, aðeins lögð skylda á aðildarríkin til þess að sjá um að sjónvarpsstöðvar, sem heyra undir lögsögu þeirra, fari að ákvæðum tilskipunarinnar. Ekkert er heldur um ákveðið endurgjald til þeirra sjónvarpsstöðva sem verða að þola skerðingu á einkarétti til sjónvarpssendinga sem þau hafa fest kaup á. Má e.t.v. gera því skóna að ekki sé nauðsynlegt að greiða fyrir skerðinguna þar sem sjónvarpsstöðvarnar hafi við ákvörðun kaupverðs síns mátt reikna með skerðingunni. Ekki virðist það þó eðlileg regla að einkaréttarhafi þurfi bótalaust að þola takmörkun á rétti sínum, og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hann fái sanngjarnt endurgjald úr hendi þess sem réttinn fær. Verður nánar að þessu atriði vikið þegar fjallað verður um 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins.

Ekki þykir annað fært en kveða nú á um a.m.k. einhver þeirra atriða í íslenskum lögum eða reglugerð sem ekki er kveðið á um í sjónvarpstilskipuninni eða skýringum við hana. Getur þurft að breyta slíkum ákvæðum síðar til samræmis við nýjar reglur eða skýringar sem samþykktar kunna að verða og bindandi verða taldar fyrir Ísland vegna aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Ýmsar spurningar rísa um framkvæmd þess ákvæðis 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins (og 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni) er heimilar að banna sjónvarpsstöðvum, sem hafa aflað sér einkaréttinda til sjónvarps frá viðburðum er undir ákvæðið eiga, að nýta réttindin á þann hátt að meginhluti þjóðarinnar eigi þess ekki kost að fylgjast með viðburðunum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds. Ljóst er að sjónvarpsstöð sem réttinn á getur sjálf sent út frá viðburðinum í opinni útsendingu án þess að þurfa að bjóða annarri sjónvarpsstöð réttinn, enda fullnægi útsending hennar kröfum greinarinnar að öðru leyti, sérstaklega skilyrðinu um að útsending hennar nái til meginhluta þjóðarinnar. Einnig getur stöðin framselt réttinn til annarrar sjónvarpsstöðvar sem fullnægir skilyrðum greinarinnar. Annar möguleiki er sá að stöðin afsali sér einkarétti sínum, þannig að öðrum sjónvarpsstöðvum sé einnig heimilað að sjónvarpa frá viðburðinum. Velji einkaréttarhafinn enga framangreindra leiða en láti hins vegar hjá líða að sjónvarpa frá viðburðinum, þ.e. nýti sér ekki einkarétt sinn, er litið svo á að einkaréttarhafinn brjóti ekki gegn skyldum sínum og verði þar með ekki látinn sæta ábyrgð þó að meginhluti þjóðarinnar sé með þessu móti sviptur möguleikanum á að fylgjast með viðburðinum í sjónvarpi.

Ljóst er af ákvæði 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins (og 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni) að til þess er ætlast að einkaréttarhafi, sem hyggst sýna frá viðburði en uppfyllir ekki sjálfur útbreiðsluskilyrðið, bjóði sjónvarpsréttinn sjónvarpsstöð sem fullnægir skilyrði ákvæðanna um útbreiðslu, enda verður það að teljast nauðsynlegt til þess að einkaréttarhafinn teljist hafa fullnægt skyldu sinni. Ekki er þó til þess ætlast að síðarnefnda sjónvarpsstöðin fái einkaréttinn í stað einkaréttarhafans. Einkaréttarhafanum sjálfum verður að sjálfsögðu einnig heimilt að sjónvarpa frá viðburðinum þó að sjónvarpsstöð, sem nær til meginhluta þjóðarinnar, sendi út frá hinum tiltekna viðburði.

Af ákvæðunum leiðir heldur enga skyldu fyrir sjónvarpsstöð, sem fullnægir útbreiðsluskilyrðinu, að sjónvarpa frá viðburðum sem ákvæðin eiga við um og sett hafa verið á skrá um slíka viðburði með reglugerð. Eins og endranær er það í valdi sjónvarpsstöðvarinnar sjálfrar að taka ákvörðun um það frá hvaða viðburðum hún sjónvarpar. Tilgangurinn með

ákvæðunum er ekki að þvinga sjónvarpsstöð, sem útbreiðsluskilyrðið á við, að sjónvarpa frá þeim viðburðum sem um ræðir.

Ætlunin er að um framkvæmd þeirra atriða, sem varða samskipti einkaréttarhafa og þeirra sjónvarpsstöðva sem fullnægja útbreiðsluskilyrðinu, verði settar sérstakar reglur, a.m.k. leiðbeiningarreglur, og stendur sú vinna yfir. Þar á meðal er ætlunin að taka á því vandamáli, hvernig hagað verði fjárhagslegum samskiptum þessara sjónvarpsstöðva. Eins og staðan er nú í þeim efnum geta komið upp erfið vandamál bæði fyrir þær sjónvarpsstöðvar sem verða fyrir réttindaskerðingu og eins fyrir þau stjórnvöld sem eiga að fylgja eftir framkvæmd ákvæðanna og hafa eftirlit með þeim. Í 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins er sett inn ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að einkaréttarhafinn fái sanngjarnt endurgjald fyrir þann rétt sem hann lætur af hendi. Svo langt sem það ákvæði nær, er það í samræmi við það sem rætt hefur verið um á vettvangi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og samstarfsnefndarinnar skv. 23. gr. a í sjónvarpstilskipuninni, en þar er gert ráð fyrir að einkaréttarhafinn bjóði réttinn sjónvarpsstöðvum, sem uppfylla útbreiðsluskilyrðið, gegn sanngjörnu endurgjaldi („fair remuneration"). Hins vegar er gert ráð fyrir því að það komi í hlut hvers aðildarríkis að ákveða hvernig endurgjaldið verður ákvarðað. Við ákvörðun þess í hverju ríki hvað teljast skuli eðlilegt endurgjald eða sanngjarnar bætur er e.t.v. eðlilegast að miða við þau kjör, sem þær sjónvarpsstöðvar sem flokkast undir skilgreininguna á sjónvarpsstöðvum sem sjónvarpa án sérstaks endurgjalds („free television"), hafa venjulega greitt fyrir sjónvarpsrétt að samsvarandi viðburðum. Þó væri sjálfsagt rétt að taka tillit til þess, ef réttindi til sjónvarps frá viðburðum þessum hafa almennt hækkað í verði. Um þessi atriði og ýmis önnur framkvæmdaratriði er gert ráð fyrir að sett verði ákvæði í reglugerð, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins. Niðurstaðan verður að líkindum sú að sanngjarnt endurgjald verði hverju sinni ákveðið í samræmi við markaðsverð á samkeppnismarkaði. Í Danmörku er gert ráð fyrir að hugsanlegum ágreiningi um þessi efni sé vísað til samkeppnisráðs. Samkvæmt samkeppnislögum, nr. 8/1993, er samkeppnisráði hér á landi ekki ætlað hlutverk af þessu tagi, sbr. 5. gr. laganna. Má því vel hugsa sér að t.d. útvarpsréttarnefnd yrði falið úrskurðarvald í þessu efni, ef til kemur.

Ákvæði 4. mgr. greinarinnar á sér ekki sérstaklega stoð í ákvæðum tilskipana 89/552/EBE eða 97/36/EB. Fyrirmynd þess er að finna í dönsku útvarpslögunum eins og þau voru fyrir aðlögun þeirra að tilskipun 97/36/EB, en þetta ákvæði var látið halda sér í dönsku lögunum eftir aðlögunina. Ákvæðið er sett í sama anda og ákvæði 1. mgr., þ.e. að greiða fyrir því að meginatriði sjónvarpsfrétta frá mikilvægum viðburðum fari ekki fram hjá stórum hluta sjónvarpsáhorfenda vegna beitingar sjónvarpsstöðva á einkaréttindum sínum til dreifingar á sjónvarpsefni. Er þá gert ráð fyrir að stjórnvöld geti mælt fyrir um rétt annarra sjónvarpsstöðva til þess að flytja stuttar fréttir af þess háttar viðburðum. Er hér í rauninni um að ræða tilvitnunarheimildir í þágu almennrar upplýsingar í þjóðfélaginu. Það er nokkuð algengt hér á landi og erlendis að sjónvarpsstöðvar heimili hver annarri að sýna stutta hluta úr efni sem þær hafa keypt einkarétt á og verða þess háttar viðskiptahættir að teljast til fyrirmyndar.

Verulegir hagsmunir geta verið því tengdir að farið verði eftir fyrirmælum sem kunna að verða gefin í reglugerð með stoð í 23. gr. frumvarpsins og byggð eru á 3. gr. a í sjónvarpstilskipuninni, og er því óhjákvæmilegt að beita viðurlögum ef brotið er gegn fyrirmælum greinarinnar, sbr. 28. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana.

Í lok athugasemda við þessa grein frumvarpsins þykir rétt að geta þess að skv. 2. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni eins og henni hefur verið breytt skulu aðildarríki Evrópusambandsins tilkynna framkvæmdastjórn sambandsins um þær ráðstafanir sem þau hafa gert eða hyggjast gera í því efni sem um ræðir í 23. gr. frumvarpsins. Innan þriggja mánaða frá slíkri tilkynningu skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um lögmæti slíkra ráðstafana og tilkynna

hinum aðildarríkjunum um þær. Hún skal leita álits samstarfsnefndarinnar sem komið er á fót skv. 23. gr. a. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna upplýsingar um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar, og eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal birtur heildarlisti yfir þær ráðstafanir sem aðildarríkin hafa gert. Allt framangreint um tilkynningar og birtingu gildir að breyttu breytanda um aðildarríki EFTA, en að því er þau varðar kemur Eftirlitsstofnun EFTA í stað framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Eftirlitsstofnun EFTA birtir í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB upplýsingar um þær ráðstafanir sem EFTA-ríkin gera í þessum efnum. Ákvæðin um tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA og birtingu upplýsinga um þær eru sett í því skyni að öll framkvæmd þessara mála verði svo sýnileg sem mögulegt er fyrir rétthafa, sjónvarpsstöðvar og aðra sem málið varðar og til þess að tryggja að ráðstafanir ríkjanna verði ekki víðtækari en nauðsyn krefur. Ekki þykir ástæða til þess að framangreind ákvæði verði tekin upp í lög, enda varða þau fyrst og fremst samskipti ríkisstjórna aðildarríkjanna og samskipti ríkisstjórnanna við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnun EFTA.

Í 20. skýringargrein við tilskipun 97/36/EB er fjallað um gildistöku ákvæðanna um þýðingarmikla viðburði. Þar segir: „Það verður að teljast sérstaklega við hæfi að setja í tilskipun þessa ákvæði um það, hvernig sjónvarpsstöðvar hagnýta einkarétt, sem þær kunna að hafa keypt til útsendinga frá viðburðum, sem taldir eru hafa verulega þýðingu fyrir borgarana í öðru aðildarríki en því, sem lögsögu hefur yfir þeim. Til þess að koma í veg fyrir spákaupmennsku í því skyni að sniðganga ráðstafanir einstakra ríkja er nauðsynlegt að þessi ákvæði gildi um samninga, sem gerðir verða eftir birtingu þessarar tilskipunar og varða viðburði, sem eiga sér stað eftir að hún kemur til framkvæmda. Þegar samningar, sem gerðir hafa verið fyrir birtingu tilskipunarinnar eru endurnýjaðir, ber að fara með þá sem nýja samninga".

Tilskipunin var birt hinn 30. júlí 1997 og hún á að koma til framkvæmda 30. desember 1998. Er ákvæðunum um þýðingarmikla viðburði ætlað að gilda um samninga sem gerðir eru eftir 30. júlí 1997 og varða viðburði sem eiga sér stað eftir 30. desember 1998.

Um 24. gr.

Í 3. mgr. 3. gr. a Evrópusambandstilskipunarinnar um „sjónvarp án landamæra", eins og henni var breytt með tilskipun 97/36/EB, er lögð sú skylda á þau ríki sem bundin eru af tilskipuninni að þau virði hvert annars skrár um þýðingarmikla viðburði og aðrar ákvarðanir í tengslum við skrárnar, svo sem um beinar eða seinkaðar útsendingar. Viðskipti með sjónvarpsréttindi að þýðingarmiklum viðburðum eru orðin alþjóðleg, og gagnkvæm viðurkenning ríkjanna á ákvörðunum hvers annars í þessu efni er nauðsynleg til þess að tryggja öllum sjónvarpsáhorfendum möguleika á því að fylgjast með viðburðunum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds.

Tekið skal fram að þó að ríki ákveði að nýta ekki heimild skv. 1. mgr. 3. gr. a í sjónvarpstilskipuninni (sbr.1. mgr. 23. gr. frumvarpsins) til þess að gera sjálft skrá ber því engu að síður að virða þær skrár sem önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu kunna að gera.

Í því ákvæði sjónvarpstilskipunarinnar, sem hér að framan var vitnað til, hvílir sú skylda á aðildarríkjunum, þar á meðal Íslandi, að tryggja það á viðeigandi hátt og innan ramma eigin löggjafar að sjónvarpsstöðvar, sem heyra undir lögsögu þeirra, neyti ekki einkaréttar, sem þau hafa keypt, með þeim hætti að það leiði til þess að umtalsverðum hluta almennings í öðru aðildarríki sé ekki gefinn kostur á að fylgjast í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds með viðburðum sem settir hafa verið á skrá um þýðingarmikla viðburði af öðrum aðildarríkjum og á þann hátt sem þau hafa ákveðið. Byggjast ákvæði 24. gr. frumvarpsins í heild á þessu samningsbundna tilliti til ákvarðana hvers heimaríkis. Af þessum sökum verður íslenska rík-

ið m.a. að gera ráðstafanir til þess að fylgst verði með því af þess hálfu að íslenskar sjónvarpsstöðvar fullnægi skyldum sínum í þessu efni, og er í frumvarpinu lagt til að þetta eftirlitshlutverk verði falið útvarpsréttarnefnd, sbr. 3. mgr. 24. gr. þess. Til að tryggja virka framkvæmd á skyldu íslenska ríkisins í þessum efnum er einnig óhjákvæmilegt að mæla fyrir um beitingu viðurlaga gegn íslenskum sjónvarpsstöðvum, sem brjóta gegn skyldum sínum samkvæmt grein þessari, og eru sett ákvæði um það í 28. gr. frumvarpsins.

Um IX. kafla.

Ákvæði þessa kafla frumvarpsins eru að verulegu leyti samhljóða VI. kafla um ábyrgð á útvarpsefni í núgildandi útvarpslögum. Ekki hefur orðið vart við sérstaka annmarka á þessum ákvæðum útvarpslaga og eru því ekki lagðar til nema fáeinar breytingar á þeim.

Um 25. gr.

Lagt er til að greinin verði samþykkt óbreytt frá gildandi útvarpslögum nema í eftirgreindum tveimur atriðum:

1. Þar sem í greininni er talað um „hljóðupptöku" komi „upptöku". Er þá við það miðað að hljóðvarpsstöðvar varðveiti hljóðupptöku af frumsömdu efni og beri skylda til að láta í té afrit af henni en sjónvarpsstöðvar aftur á móti myndbandsupptöku.
2. Við greinina verði bætt ákvæði um skyldu útvarpsstöðvar til þess að láta útvarpsréttarnefnd í té afrit af upptöku útsendingar samkvæmt ósk nefndarinnar. Ákvæði þessa efnis er nú í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 610/1989.

Um 26. gr.

Greinin svarar til 35. gr. útvarpslaga en lagðar eru til tvær breytingar frá þeirri grein:

1. Niður falli ákvæði 4. mgr. 35. gr. útvarpslaga, þar sem segir að á samsettu dagskrárefni beri sá ábyrgð sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal sem ábyrgðarreglur 2. og 3. mgr. taka til (a- og b-liðir 26. gr. frumvarpsins). Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að stjórnandi útsendingar hefur ekkert um efni eða efnistök í einstökum dagskrárliðum að segja þar sem starf hans lýtur fyrst og fremst að tæknihlið útsendingar. Af brottfellingu þessa ákvæðis leiðir að útvarpsstjóri ber ábyrgð á því efni sem hér um ræðir ef ábyrgðarreglur a- og b-liða 26. gr. frumvarpsins eiga ekki við, sbr. d-lið um ábyrgð útvarpsstjóra.
2. Með e-lið 26. gr. er gerð breyting á ákvæði 7. mgr. 35. gr. útvarpslaga um ábyrgð útvarpsstöðva á bótaskyldu starfsmanna. Ábyrgðin er einnig látin ná til greiðslu fésekta og því ákvæði einnig bætt við að innheimta megi fésektir og skaðabætur hjá útvarpsstöð með fjárnámi. Sjálfsagt er að einnig er heimilt að innheimta fésekt og skaðabætur hjá hinum brotlega starfsmanni. Heimildinni til innheimtu hjá útvarpsstöðinni er ætlað að bæta stöðu brotaþola. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í svipuðu ákvæði í 17. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

Um 27. gr.

Greinin svarar til 36. gr. útvarpslaga. Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á greininni:

1. Fellt verði út ákvæði 1. mgr. 36. gr. útvarpslaga þar sem segir að engan skuli dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni eða fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 35. gr. (26. gr. frumvarpsins). Þar sem ábyrgðarreglur 26. gr. eru tæmandi verður að telja ákvæðið óþarft.

2. Í 3. mgr. 35. gr. útvarpslaga er m.a. gert ráð fyrir að fébótaskylda (ásamt refsiábyrgð) falli niður ef sex mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber rannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn. Er hér um að ræða verulegt frávik frá almennum fyrningarreglum skaðabóta, en skaðabætur sem ekki byggjast á samningum fyrnast almennt á tíu árum. Verða ekki talin vera nein efnisrök til þess að víkja frá almennum reglum í útvarpslögum. Öðru máli gegnir um málshöfðunarfrestinn vegna refsingar. Hann er í samræmi við ákvæði 29. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem hér ætti oftast við.

Um X. kafla.

Í kaflanum eru tekin saman ákvæði um viðurlög við brotum á lögunum og þau gerð nokkru ítarlegri en nú er í útvarpslögum. Er í 37. gr. og 37. gr. a í útvarpslögum mælt fyrir um sektir eða varðhald fyrir brot gegn nokkrum greinum laganna, en aðalreglan er þó nú sú að um brot gegn ákvæðum laganna fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga. Þá eru upptökuákvæði vegna óheimillar hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni í 37. gr. og vegna myndlyklabrota í 4. mgr. 37. gr. a. Ákvæði um afturköllun útvarpsleyfis vegna alvarlegra og ítrekaðra brota gegn útvarpslögum er í 2. mgr. 8. gr. laganna.

Við endurskoðun útvarpslaga þykir rétt að skipa öllum viðurlagaákvæðum saman og gera þau skýrari. Brot gegn framkvæmd flestra ákvæða útvarpslaga verða naumast talin heyra undir ákvæði almennra hegningarlaga þó að öðru máli kunni að gegna um það efni sem flutt er í útvarp. Er því talið rétt að mæla fyrir í lögunum sjálfum um viðurlög við brotum gegn þeim eins og tíðkanlegt er um sérlög. Er óhjákvæmilegt að mæla fyrir um viðurlög við brotum á ýmsum ákvæðum laganna til þess að haldið verði uppi eðlilegum aga á sviði útvarpsmála þó að einnig verði að ætlast til þess að útvarpsréttarnefnd sem eftirlitsaðili með framkvæmd laganna beiti leiðbeiningum og áminningum í eftirlitsstarfi sínu auk stjórnvaldssekta þar sem það á við. Skal nú vikið nánar að einstökum ákvæðum þessa kafla.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar eru talin upp þau brot á lögunum sem refsingu geta sætt í skilningi refsilaga. Aðalreglan er sú að brot sæta fésektum, en skv. 2. mgr. geta alvarleg eða ítrekuð brot varðað fangelsisrefsingu. Um brot gildir refsirammi samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Um einstök brot samkvæmt greininni þarf ekki að fjölyrða heldur má í meginatriðum láta nægja að vísa til upptalningarinnar í a–j-lið 1. mgr.

Um heimildarlausa útvarpsstarfsemi, sem mælir um í a-lið 1. mgr. greinarinnar, skal þess getið að fyrir gildistöku útvarpslaga, nr. 68/1985, varðaði slíkt brot við 1. mgr. 24. gr. útvarpslaga, nr. 19/1971, en samsvarandi ákvæði var ekki tekið upp í lög nr. 68/1985. Hafa dómstólar talið að brot þetta ætti nú undir 1. mgr. 186. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. dóma Hæstaréttar í H 1987.748 og H 1987.757. Verður að telja eðlilegra að útvarp án leyfis teljist vera brot gegn útvarpslögum, eins og áður var, og mælt verði fyrir um viðurlög við slíku broti í útvarpslögum.

Ákvæði um refsingu fyrir óheimila hagnýtingu útvarpsefnis skv. i-lið 1. mgr., sbr. 32. gr., eru nú í 37. gr., sbr. 33. gr., útvarpslaga.

Ákvæði um refsingu fyrir myndlyklabrot skv. j-lið 1. mgr., sbr. 33. gr., eru nú í 3. mgr. 37. gr. a í útvarpslögum.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir að alvarleg eða ítrekuð brot skv. 1. mgr. geti varðað fangelsi. Stórfelld brot gegn ákvæðum útvarpslaga hafa varðað varðhaldsrefsingu, sbr. 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 37. gr. a útvarpslaga, nr. 68/1985. Með lögum nr. 82/1998, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar), sem tóku gildi 1. október 1998, hefur varðhald verið fellt niður sem refsing fyrir afbrot og fangelsi lögleitt sem eina tegund refsivistar hér á landi. Var ákvæðum almennra hegningarlaga og sérrefsilagaákvæðum breytt í þessa veru með nefndum lögum. Meðal annars var gerð breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985, með lögunum, sbr. 178. gr. þeirra. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir fangelsisrefsingu, en ekki varðhaldsrefsingu, vegna alvarlegra eða ítrekaðra brota gegn refsinæmum ákvæðum frumvarpsins.

Um 29. gr.

Ákvæði 1. mgr. um upptöku vegna myndlyklabrota skv. 33. gr. eru sama efnis og 4. og 5. mgr. 37. gr. a í útvarpslögum, nr. 68/1985.

Ákvæði 2. mgr. um upptöku viðtækja, sem notuð hafa verið til óheimillar hagnýtingar á útvarpsefni skv. 32. gr., er sama efnis og samsvarandi ákvæði í 1. mgr. 37. gr. útvarpslaga.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli. Er lagt til að fyrir brot á nokkrum ákvæðum laganna verði eftirleiðis beitt stjórnvaldssektum samkvæmt úrskurðum útvarpsréttarnefndar. Þykja brot þessi almennt vera þess eðlis að ekki sé ástæða til þess að vísa þeim til dómstóla nema sá aðili, sem talinn er brotlegur, kjósi svo, sbr. 4. mgr. greinarinnar. Þau brot, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi brot sem hingað til hafa verið kæranleg til útvarpsréttarnefndar skv. 3. tölul. b 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, þ.e. brot gegn lýðræðislegum grundvallarreglum í útvarpi (9. gr. frumvarpsins) og brot gegn andsvarsrétti (11. gr. frumvarpsins). Í öðru lagi er svo um að ræða brot gegn ákvæðum VI. kafla um auglýsingar, fjarsölu og kostun. Má vænta þess að viðbrögð við þeim brotum sem um ræðir í þessari grein verði skjótari hjá stjórnvaldi en vera mundi ef þau væru látin sæta dómstólameðferð. Oft og tíðum ætti það líka að duga, a.m.k. í fyrstu, að beita áminningu ef brot telst ekki alvarlegt eða er ekki ítrekað. Þá verður að telja það virkt úrræði, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. greinarinnar, að stjórnvaldssekt skuli ákveðin sem margfeldi af þeim tekjum sem útvarpsstöð hefur aflað sér með broti gegn VI. kafla laganna.

Rétt þykir að kveða á um það að sektarúrskurðir útvarpsréttarnefndar séu aðfararhæfir, sbr. 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar og 5. og 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

Loks er kveðið á um það í greininni að útvarpsstöð geti skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla og fresti málskot aðför, sbr. 4. mgr. greinarinnar.

Þó að meginreglan um brot gegn ákvæðum VI. kafla sé sú að þau varði stjórnvaldssektum geta sérákvæði leitt til þess að þau valdi refsingu samkvæmt ákvörðun dómstóla. Er gert ráð fyrir þessum möguleika í 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar. Þetta á t.d. við eftir ákvæði 3. mgr. 19. gr. þar sem segir að ákvæði 4.–8. gr. laga nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu, skuli gilda um fjarsölu samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á, sbr. sérstaklega 8. gr. nefndra laga þar sem segir að brot á lögunum fari að hætti opinberra mála og varði brot sektum. Enn fremur er hugsanlegt að brot gegn 20. gr. um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum þætti vera refsivert samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, nr. 8/1993, sbr. 3.–5. mgr. 22. gr. og 57. gr. þeirra laga.

Um 31. gr.

Hér er tekið upp óbreytt ákvæði 2. mgr. 8. gr. útvarpslaga, en þar segir að útvarpsréttarnefnd geti afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða. Er þetta í flestu tilliti þyngsta viðurlagaákvæði laganna og verður örugglega ekki til þess gripið nema í undantekningartilvikum og aðrar leiðir þyki ekki færar. Áður en til þess yrði gripið væri sjálfsagt búið að áminna stjórnendur útvarpsstöðvar og jafnvel beita öðrum viðurlögum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Engin leið er að leiða getum að því í hvaða tilvikum helst yrði gripið til þess úrræðis að svipta útvarpsleyfishafa leyfi sínu. Sú ákvörðun væri í hendi útvarpsréttarnefndar og yrði við hana að gæta ákvæða laga þessara og sjónarmiða um góða stjórnsýslu, sbr. sérstaklega ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Eins og endranær er ákvörðun útvarpsréttarnefndar endanleg á stjórnsýslustigi, en útvarpsleyfishafi gæti skotið málinu til úrlausnar dómstóla. Málskot til dómstóla mundi ekki fresta leyfissviptingu.

Um 32. gr.

Ákvæði greinarinnar er sama efnis og 33. gr. núgildandi útvarpslaga. Tengist það ýmsum ákvæðum V. kafla höfundalaga, nr. 73/1972, einkum 48. gr.

Um 33. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 1. og 2. mgr. 37. gr. a í útvarpslögum, en 37. gr. a var tekin upp í útvarpslög með 2. gr. laga nr. 98/1995. Ákvæði 3.–5. mgr. 37. gr. a um refsingar og upptöku eigna eru færð í j-lið 1. mgr. 1. gr. 28. gr. frumvarpsins og 1. mgr. 29. gr.

Um 34. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra verði heimilað að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi. Er þar átt bæði við stafrænt sjónvarp og stafrænt hljóðvarp.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það að samráð verði haft við útvarpsstöðvar um undirbúning málsins. Slíkt samráð er nauðsynlegt og eðlilegt, þar sem þær munu verða bundnar af þeim ákvörðunum, sem teknar verða í þessum efnum. Einnig verður nauðsynlegt að kalla til samráðs fleiri aðila, svo sem yfirvöld á sviði fjarskiptamála og aðra sérfróða aðila.

Þá er í 3. mgr. ákvæði um það að við útgáfu allra nýrra útvarpsleyfa og við endurnýjun þegar útgefinna útvarpsleyfa skuli sett að skilyrði að með reglugerð megi mæla fyrir um breytingu á merkjum útvarpsstöðvar í stafrænt form, enda verði slík breyting ákveðin með eðlilegum fyrirvara að teknu tilliti til tæknilegra og fjárhagslegra ástæðna. Ákvæði þessu er einnig ætlað að gilda um útvarpsleyfi Ríkisútvarpsins.

Stafrænt („digital“) útvarp er nú þegar hafið víða um heim, og breiðist útvarp með stafrænni tækni ört út. Stafræn tækni er notuð við vinnslu og framleiðslu útvarpsefnis og hefur einnig hlotið skjóta útbreiðslu við flutning útvarps um gervitungl, einkum sjónvarp, en einnig við flutning útvarps um þráð og í jarðbundnum sendingum, þ.e. hinum hefðbundnu útvarpssendingum í lofti.

Flestir sem grannt fylgjast með þróun útvarps-, fjarskipta- og tölvumála eru þeirrar skoðunar að stafrænt útvarp muni á komandi árum að verulegu leyti leysa af hólmi þær útvarpssendingar, sem lengstum hafa tíðkast, svokallað hliðrænt („analogt“) útvarp. Fáir virðast þó treysta sér til þess að segja til um hversu langan tíma það muni taka að breyta alveg úr hliðrænu útvarpi í stafrænt og margir eru þeirrar skoðunar að þessi þróun muni taka alllangan tíma. Í sumum nágrannalöndum okkar er við það miðað að algjör skipti gerist á 10 árum eða jafnvel eitthvað lengri tíma, og er þá m.a. höfð hliðsjón af endingartíma núverandi notenda-

búnaðar, sérstaklega sjónvarpsviðtækja, sem nú er nær eingöngu gerður fyrir móttöku hliðræns útvarps.

Hin stafræna tækni þarfnast miklu minna rýmis, eins og menn þekkja af geisladiskum, og hið sama gildir um nýtingu útvarpsrása. Sést oft miðað við að 3–4 stafrænar sjónvarpsrásir taki svipað rými á tíðnisviðinu og ein hliðræn sjónvarpsrás. Með því að nota stafræna tækni í stað hliðrænnar má því nýta ákveðið tíðnisvið miklu betur. Væri þess vegna unnt að koma fleiri sjónvarpsrásum fyrir með því að taka upp stafræna senditækni.

Það er viðurkennt í nútímasamfélagi að ein af skyldum ríkisvaldsins er að stuðla að því að tíðnisviðið sá notað á hagkvæmasta hátt, sem mögulegt er, enda er hér um að ræða takmörkuð gæði sem úthlutað hefur verið til fárra aðila, og á það hér á landi einkum við um sjónvarpsrásir. Með því að sjá til þess að tíðnisviðið verði nýtt svo vel sem nútímatækni best leyfir auðveldar ríkisvaldið fleiri aðilum aðgang að útvarpsrekstri og gegnir þar með meginskyldum sínum í afskiptum af rekstri fjölmiðla sem eru að treysta tjáningarfrelsi, fjölbreytni í upplýsingum og skoðunum og menningu samfélagsins.

Mikið af efni er nú framleitt með stafrænni tækni þó að sé síðan sent út hliðrænt. Við þjöppun stafrænna merkja er notaður alþjóðlegur staðall, svokallaður MPEG-2 staðall. Þjöppun gerir kleift að nota færri bita í vinnslu og flutningi útvarpsmerkja en áður þurfti. Fjarskiptastofnun Evrópu hefur gefið út staðla fyrir stafrænar sendingar, bæði fyrir sendingar um gervitungl, um þráð og nú síðast fyrir jarðbundnar útsendingar. Er hér um þrjá staðla að ræða sem þó verða samhæfðir fyrir móttöku allra stafrænna sjónvarpsmerkja.

Tæki til móttöku á útvarpssendingum eru enn aðallega miðuð við móttöku hliðrænna útvarpsmerkja. Á næstu árum mun framboð viðtækja til móttöku á stafrænum merkjum þó fara vaxandi. Í því millibilsástandi, sem skapast eftir að stafrænar útvarpssendingar hefjast og viðtæki fyrir hliðræna móttöku verða í notkun, munu notendur hliðrænna viðtækja þurfa að nota eins konar myndlykla, sem breyta hinum stafrænu merkjum fyrir hliðræna móttöku. Í Bandaríkjunum er talið að í fyrstu verði sjónvarpstæki fyrir stafræna móttöku 1.000–1.500 dollurum dýrari en sambærileg tæki fyrir hliðræna móttöku.

Að því er sjónvarp varðar hafa stafrænar sjónvarpssendingar margvíslega fleiri kosti en þann að nýta betur tíðnisviðið en nú er gert. Má nefna að hægt er að auka gæði myndar og hljóðs og fá fram betri myndir og t.d. geta hljómgæði tónlistar verið sambærileg við hljómgæði geisladisks. Þessir kostir munu þó ekki koma fram nema að hluta fyrr en móttakan verður einnig orðin stafræn. Þá gætir minni truflana í stafrænum sendingum. Þegar á líður verður það og ein meginbreytingin að hin stafræna tækni gefur möguleika á því að bjóða ýmiss konar nýja þjónustu þar sem um gagnvirkni verður að ræða. Af þessu má nefna svonefnt áttasölusjónvarp („pay-per-view“) og kvikmyndapöntun („video on demand“).

Það verður ekki aðeins á hinu hefðbundna sjónvarpssviði og náskyldum sviðum sem hin nýja tækni mun leiða til breytinga. Hinn svokallaði samruni („convergence“) sjónvarps, fjarskipta og tölvutækni í eitt svið með óljósum landamærum eða án nokkurra landamæra þeirra í milli mun að verulegu leyti byggjast á notkun stafrænnar tækni. Er því m.a. haldið fram að öll not, sem fólk getur haft af sjónvarpstæki sínu, muni það í framtíðinni geta haft af heimilistölvunni, og allt, sem heimilistölvuna megi nota til að gera, verði hægt að gera með sjónvarpstækinu.

Stafrænar sendingar hljóðvarpsmerkja munu valda svipuðum breytingum og stafrænar sendingar sjónvarpsmerkja. Betri nýting verður á rásum. Hljómgæði aukast þannig að hljómlist á t.d. að hljóma eins og af geisladiski. Stöðvaval verður auðveldara. Unnt verður að hljóðvarpa upplýsingum sem læsilegar verða á skjám, svo sem textavarpi og söngtextum. Möguleikar opnast til hljóðvarps á sérrásum sem greitt yrði sérstaklega fyrir hlustun á. Út-

sendingar verða ódýrari í rekstri þar sem minna afl þarf til útsendinga en á þeim rásum sem nú eru notaðar.

Eins og flestum öðrum tækniframförum mun verulegur kostnaður fylgja breytingu í stafrænt útvarp. Umtalsverður fjárfestingarkostnaður verður af því að koma upp sendibúnaði fyrir stafrænt útvarp. Og notendabúnaður mun, a.m.k. í fyrstu, verða dýrari en nú, alveg eins og litasjónvarpstæki voru í upphafi dýrari en sjónvarpstæki fyrir svart/hvíta móttöku.

Hér á landi hafa enn ekki verið gerðar neinar áætlanir um þann kostnað sem af þessari tæknibreytingu leiðir. Hlýtur kostnaðarathugun að verða eitt af fyrstu verkefnum í undirbúningi að stafrænu útvarpi hér á landi. Engum getum skal heldur að því leitt hvenær stafrænar útvarpssendingar geta hafist hér eða í hvers konar áföngum. Áætlanir þar að lútandi verða einnig liður í þeim undirbúningi sem lagt er til að heimilaður verði í þessari grein frumvarpsins. Víst er hins vegar að það er fyllilega tímabært fyrir Íslendinga að hefja nú athugun og undirbúning að stafrænu útvarpi svo að ekkert verði því til fyrirstöðu að hefja stafræna útvarpsstarfsemi þegar það verður metið hagkvæmt.

Um 35. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð.

Um 36. gr.

Gert er ráð fyrir að frumvarp þetta öðlist lagagildi 30. desember 1998 og jafnframt falli þá úr gildi ákvæði útvarpslaga, nr. 68/1985, með síðari breytingum, þó þannig að ekki verði með gildistöku laga samkvæmt frumvarpi þessu felld úr gildi ákvæði útvarpslaga er sérstaklega varða Ríkisútvarpið. Er gert ráð fyrir að ákvæðin um Ríkisútvarpið í útvarpslögum verði sérstök lög, lög um Ríkisútvarpið, og verði þau gefin út svo breytt.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði frumvarpsins er efnislega samhljóða bráðabirgðaákvæði núgildandi útvarpslaga. Aðeins er breytt tilvísunum til greina og kafla í frumvarpinu í samræmi við breytingu frá gildandi lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til útvarpslaga.

Í frumvarpinu eru almenn ákvæði um útvarpsrekstur í landinu sem löguð eru að nýrri tilskipun Evrópuþingsins og ráðherraráðs Evrópusambandsins um sjónvarp án landamæra. Gert er ráð fyrir sérstöku lagafrumvarpi um rekstur Ríkisútvarpsins. Saman eiga þessi frumvörp, ef að lögum verða, að mynda heildarlöggjöf um útvarpsmálefni hér á landi.

Tvö ákvæði frumvarpsins hafa helst áhrif á kostnað ríkissjóðs. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður, en hann veitir fjárframlög til innlendrar dagskrárgerðar. Sjóðurinn hefur tekjur af 10% gjaldi sem leggst á allar auglýsingar í útvarpi sem áætlað er að nemi 130 m.kr. á árinu 1999, þar af um 70 m.kr. frá Ríkisútvarp-

inu. Samkvæmt gildandi útvarpslögum greiðir sjóðurinn 25% hlut Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er greiðslan áætluð 62 m.kr. á árinu 1999. Þá má ætla, með hliðsjón af reynslu fyrri ára, að Ríkisútvarpið fái nokkurn styrk til dagskrárgerðar úr sjóðnum á árinu 1999 starfi hann þá samkvæmt gildandi lögum. Árið 1997 fékk Ríkisútvarpið 5,7 m.kr. framlag úr sjóðnum. Verði frumvarpið að lögum fellur það í hlut Ríkisútvarpsins að greiða lögbundinn hlut sinn í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar. Standist þessar áætlanir munu framangreindar breytingar hafa óveruleg áhrif á afkomu Ríkisútvarpsins.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd verði falið að hafa eftirlit með starfsemi allra útvarpsstöðva hér á landi, en til þessa hefur verið litið svo á að menntamálaráðuneytið hefði eftirlit með Ríkisútvarpinu. Gert er ráð fyrir að kostnaður nefndarinnar aukist um 1–1,5 m.kr. á ári, en ætla má að eftirlitskostnaður menntamálaráðuneytisins lækki eitthvað á móti.

583. Fyrirspurn [372. mál]

til dómsmálaráðherra um réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur ráðherra beitt sér fyrir kynningu á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð, sbr. ályktun Alþingis um opinbera fjölskyldustefnu frá 13. maí 1997?
2. Ef svo er, hvernig hefur kynningarstarfsemi verið háttað?

584. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (GE, SJóh, KH).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
A. Breytingar á sundurliðun 1:			
1. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	6.963,0	1.500,0	8.463,0
2. 2.2.1.5 Atvinnutryggingargjald	2.912,0	500,0	3.412,0
B. Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.45 Hækkun lífeyristrygginga vegna launabreytinga	0,0	401,0	401,0
2. Við **08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**			
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	119,9	14,0	133,9

585. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (SJóh, GE, KH).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
1.01 Ríkisspítalar	10.163,4	300,0	10.463,4
2. Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	6.029,1	300,0	6.329,1

586. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **07-400 Barnaverndarstofa**			
1.01 Yfirstjórn	40,0	80,0	120,0
2. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.50 Hækkun lífeyristrygginga, óskipt	0,0	100,0	100,0

587. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Gísla S. Einarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.83 Fríkirkjan í Hafnarfirði	0,0	3,0	3,0
b. 1.84 Fríkirkjan í Reykjavík	0,0	3,0	3,0
c. *Greitt úr ríkissjóði, sbr. a- og b-lið*	35,5	6,0	41,5

588. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Svavari Gestssyni, Kristínu Halldórsdóttur, Ögmundi Jónassyni og Rannveigu Guðmundsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir**			
6.21 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	180,0	720,0	900,0

589. Lög [122. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 533.

590. Lög [322. mál]

um afnám laga nr. 62/1984, um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 389.

591. Lög [285. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og hækka útlánaramma vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 333.

592. Fjáraukalög [3. mál]

fyrir árið 1997, sbr. lög nr. 120/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 3.

593. Frumvarp til laga [332. mál]

um byggingarsamvinnufélög.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt ásamt öðrum byggingum sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
b. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessara laga taka til, skal hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“ í nafni sínu og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

2. gr.

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, sjá þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Lágmarksfjöldi stofnenda sé 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarksfjöldi stofnenda vera 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum er miði m.a. að því að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda, verði sem skýrust.

Ef tvö eða fleiri byggingarsamvinnufélög óska að sameinast skal stjórnum hlutaðeigandi félaga skylt að kynna félagsmönnum á fullnægjandi hátt að tillaga um sameiningu liggi fyrir.

Tillagan skal rædd á tveimur almennum félagsfundum og skoðast samþykkt ef ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna á síðari fundinum samþykkja tillöguna, enda séu fundirnir lögmætir samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi félags. Nú næst ekki tilskilinn meiri hluti í öðru eða einu þeirra félaga sem í hlut á og er tillagan þá felld að því er það félag varðar.

3. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár á eftirfarandi hátt:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal í samþykktum þess og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
b. Með varasjóðstillagi er nemi allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær sem samkvæmt ákvæðum laga þessara renna í stofn- og rekstrarsjóð. Nánari ákvæði um ráðstöfun varasjóðs skulu sett í reglugerð.
c. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsu framlagi hvers félagsmanns í stofnsjóð sem nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann og færist á nafn hans og er séreign hans. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Íbúðalánasjóði eða innlánsstofnunum. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum innlánsstofnana á innstæðutímum. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna endurgreiðast að viðbættum vöxtum þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki sem þeir eiga aðild að og ganga þá ásamt vöxtunum upp í byggingarkostnað. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m.a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður skulu þeir sem aðild eiga að honum kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna og skal þá umsækjendum raðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði um stofnsjóðseign þannig að þeir sem fyrr uppfylltu skilyrðið gangi fyrir hinum sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim sem fullnægt hafa settum skilyrðum koma þeir sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð en ekki enn eignast tilskilinn ⅕ hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum þannig að þeir sem eiga meiri stofnsjóðseign ganga fyrir hinum sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis sem fyrr gengu í félagið.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum eða þarf að selja íbúðina áður en fimm ár eru liðin frá lóðarúthlutun og yfirtekur þá félagið eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagsmaður sem næstur er á umsóknalista um íbúðir taka við byggingarréttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigendaskiptunum.

5. gr.

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareiganda í málum sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar uns íbúðirnar hafa verið afhentar og er henni heimilt að taka að sér málarekstur á síðara stigi ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði allt að þeirri fjárhæð sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

6. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags að enginn sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á fimm ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra heimilað eftir tillögu viðkomandi byggingarflokks og að fenginni umsögn stjórnar byggingarsamvinnufélags að byggingarflokkur sem heild segi sig úr félaginu. Slík úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi getur þó aldrei átt sér stað fyrr en fimm árum eftir að byggingarsamvinnufélagið hefur lokið framkvæmdum, enda hafi uppgjör byggingarflokksins farið fram og allir byggjendur hans séu skuldlausir við félagið.

Enda þótt heimild skv. 3. mgr. verði veitt geta einstakir íbúðareigendur eftir sem áður verið félagar í byggingarsamvinnufélaginu, enda komi fram sérstök viljayfirlýsing þeirra þar að lútandi.

7. gr.

Íbúðalánasjóður skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra, enda komi gjald fyrir.

8. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga um húsnæðismál skal Íbúðalánasjóður taka við réttindum og skyldum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna samkvæmt lögum þessum.

II.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra láta kanna starfshætti byggingarsamvinnufélaga og eftirlit með fjármálastarfsemi slíkra félaga. Að slíkri könnun lokinni skal ráðherra vinna að endurskoðun löggjafar um byggingarsamvinnufélög.

594. Frumvarp til laga [333. mál]

um húsnæðissamvinnufélög.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

Samhljóða þskj. 415 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Gildissvið.

Lög þessi taka til félaga sem rekin eru að hætti samvinnufélaga og hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem íbúðir með búseturétti sem tryggir þeim ótímabundin afnot af þeim gegn greiðslu búseturéttargjalds.

Markmið félaga skv. 1. mgr. skal jafnframt vera að eiga aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögunum um samvinnufélög, og hlutafélögum, þar með töldum einkahlutafélögum, enda standi slík félög að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir starfsemi húsnæðissamvinnufélaga.

Félag sem ákvæði þessara laga taka til skal hafa orðið *húsnæðissamvinnufélag* sem skammstafa má *hsf.* í nafni sínu. Jafnframt er öðrum óheimilt að bera slíkt heiti.

595. Frumvarp til laga [106. mál]

um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðin „og ungmennum“ í 1. málsl. 1. mgr. og „eða ungmenni“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.

b. Í stað 4. málsl. 1. mgr. koma tveir málsliðir sem orðast svo: Skal barnaverndarstarfi hagað þannig að það stuðli að stöðugleika í uppvexti barna. Börn skulu njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska.
c. 2. mgr. orðast svo:
Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 18 ára aldurs.

2. gr.

Orðin „og ungmennum“ í 2. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „og ungmenni“ og „og ungmenna“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:
a. Orðin „og ungmennum“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og ungmenna“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
c. Orðin „eða ungmennis“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.

5. gr.

Orðin „og ungmennum“ í 2. málsl. 5. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 3. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 3. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr. laganna:
a. Orðin „og ungmenna“ og „eða ungmenna“ í 1. mgr. og „og ungmenna“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.*

9. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 1. og 2. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

11. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 4. málsl. 17. gr. laganna falla brott.

12. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í b-lið 1. mgr. og „eða ungmenna“ í 1. málsl. 2. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

13. gr.

Orðin „og ungmenni“ í 1. málsl. 20. gr. laganna falla brott.

14. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. og c-lið 1. mgr. 21. gr. laganna falla brott.

15. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir er barnaverndarnefnd heimilt í samráði við foreldra að vista barn til meðferðar og rannsóknar á viðeigandi stofnun eða heimili. Vistun skal ávallt vera tímabundin og eigi standa lengur en þörf krefur. Hún skal sæta endurskoðun eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Ef vistun er gegn vilja barns sem orðið er 12 ára skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta og rétt er að gefa barni undir 12 ára aldri kost á að tjá sig með sama hætti ef það þykir hafa aldur og þroska til eða óski barnið þess, sbr. 43. gr. a.

c. 3. mgr. fellur brott.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skylda barnaverndarnefndar við börn í hættu vegna eigin hegðunar.*

16. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 46. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 43. gr. a.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skylda barnaverndarnefndar við barn sem verður fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum.*

17. gr.

Í stað orðanna „sbr. 2. mgr. 27. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984“ í 1. málsl. 26. gr. laganna kemur: samkvæmt ákvæðum lögræðislaga.

18. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: 18 ára.

19. gr.

Orðin „eða ungmenni“ og „eða ungmenninu“ í 1. málsl. 28. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart einstökum börnum og fjölskyldum þeirra.**

21. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. og „og ungmenna“ í 2. mgr. 32. gr. laganna falla brott.

22. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 37. gr. laganna falla brott.

23. gr.

Orðin „eða ungmennis“ hvarvetna í 43. gr. laganna falla brott.

24. gr.

Við lögin bætist ný grein, 43. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttindi barns við málsmeðferð.

Veita ber barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn máls, allt í samræmi við aldur og þroska barnsins.

Ávallt skal veita barni 12 ára og eldra kost á að tjá sig um mál.

Barnaverndarnefnd ber að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess ef þörf krefur.

25. gr.

Orðið „ungmennum“ í 1. málsl. 1. mgr. 45. gr. laganna fellur brott.

26. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmennis“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað 2. og 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Um réttindi barns við málsmeðferð gilda ákvæði 43. gr. a.

27. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. Orðin „eða unglinga“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „fyrir unglinga“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fyrir börn.
c. Orðin „og ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr., „og ungmenni“ í 1. málsl. 4. mgr. og „og ungmennum“ í 5. mgr. falla brott.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Heimili fyrir börn.*

28. gr.

Orðin „og ungmenni“ í 2. mgr. 53. gr. laganna falla brott.

29. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. og „og ungmenna“ í 2. málsl. falla brott.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Eftirlit með vinnu barna.*

30. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 1. málsl. og „eða ungmennum“ í 2. málsl. 55. gr. laganna falla brott.

31. gr.

Í stað orðsins „ungmennum“ í 1. málsl. 56. gr. laganna kemur: börnum.

32. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 58. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmennum“ í 1. málsl. 2. mgr. og 4. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „Ungmenni“ í 3. mgr. kemur: Börn.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Aðgangur barna að dansleikjum og öðrum skemmtunum.*

33. gr.

Orðin „eða ungmennis“ í 60. gr. laganna falla brott.

34. gr.

Orðin „eða ungmenni“ hvarvetna í 61.–66. gr. laganna falla brott.

35. gr.

Heiti laganna verður: **Barnaverndarlög.**

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu lög nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995, halda gildi sínu gagnvart ungmennum, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra laga, sem fædd eru fyrir 1. janúar 1982.

596. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um ráðstafnir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið um ráðstafanir í ríkisfjármálum hefur breyst mikið frá því að hliðstæð frumvörp voru fyrst flutt. Ástæðan er ekki sú að ríkisstjórnin hafi alltaf hætt við að skerða þá tekjustofna sem þar var ætlað að skera niður. Þvert á móti hefur það gerst í sumum tilvikum að skerðingin hefur verið gerð varanleg með öðrum lögum.

Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn nokkrum greinum þessa frumvarps en sitja hjá við atkvæðagreiðslu um aðrar. Minni hlutinn mótmælir sérstaklega skerðingunni á Framkvæmdasjóði fatlaðra þar sem önnur hver króna er tekin af sjóðnum til rekstrar. Ljóst er að þessi niðurskurður hlýtur að hafa stórfelld áhrif á uppbyggingu þjónustustofnana í þágu fatlaðra á komandi árum og áratugum. Það er ábyrgðarhluti að seinka þjónustuúrræðum við fatlaða; margir þeirra eru á ungum aldri og það er fráleitt og siðlaust að skerða þjónustumöguleika við þau börn sem hér um ræðir og síst af öllum mega við aðgerðum af þessu tagi. Þar er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er hæstur.

Minni hlutinn mun enn fremur greiða atkvæði gegn 1. gr. frumvarpsins, um skerðingu á tekjum af svokölluðum þjóðarbókhlöðuskatti.

Minni hlutinn bendir á að í tillögum ríkisstjórnarinnar og meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir því að hafa að engu álit meiri hluta landbúnaðarnefndar um breytingu á lögum um

dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Er álit meiri hluta landbúnaðarnefndar, á því máli sérstaklega, birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu auk þess sem birt er sem fylgiskjal bréf frá Dýralæknafélagi Íslands um sama efni.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. des. 1998.

Svavar Gestsson, frsm.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal I.

Umsögn landbúnaðarnefndar um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

Nefndin hefur, sbr. bréf formanns efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. des. 1998, fjallað um 2. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

Fékk nefndin á sinn fund við umfjöllun málsins Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti og Halldór Runólfsson yfirdýralækni.

Meiri hluti nefndarinnar (GÁ, GuðjG, MS, ÁMM) telur að í 2. gr. frumvarpsins sé gert ráð fyrir of löngum fresti á gildistöku þeirra ákvæða laga nr. 66/1998, sem þar eru rakin. Telur meiri hlutinn mikilvægt að umrædd ákvæði laganna taki gildi fyrir næstu sláturtíð. Er því að mati meiri hlutans hæfilegt að fresta gildistöku ákvæðanna til 1. júlí 1999.

Minni hluti nefndarinnar (LB) hafnar því algerlega að gildistöku ákvæðanna verði frestað. Telur hann að hér sé fyrst og fremst um að ræða kjaradeilu og óeðlilegt sé að gripið sé inn í hana með þessum hætti. Þá gagnrýnir hann harðlega slæleg vinnubrögð landbúnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis við undirbúning og framkvæmd laga nr. 66/1998.

Egill Jónsson, Ágúst Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir og Hjálmar Jónsson voru fjarstödd við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. desember 1998.
F.h. landbúnaðarnefndar

Guðni Ágústsson, formaður.

Með nefndarálitinu var annað fylgiskjal: Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar frá Dýralæknafélagi Íslands (10. desember 1998).

597. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 551 [Fjárlög 1999].

Frá Jóni Kristjánssyni og Sturlu Böðvarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Við 53. lið. Liðurinn orðist svo:			
Við **09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**			
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	160,0	160,0	320,0

598. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins**			
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	69,4	5,0	74,4

599. Fyrirspurn [373. mál]

til forsætisráðherra um skipan nefndar um sveigjanleg starfslok.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hyggst ráðherra skipa á nýjan leik nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok?

600. Fyrirspurn [374. mál]

til félagsmálaráðherra um aðstöðu þingmanna og starfsmanna í Alþingishúsinu.

Frá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur.

1. Hafa Vinnueftirlitinu borist kvartanir um aðstöðu starfsmanna og þingmanna í Alþingishúsinu eða hefur Vinnueftirlitið sjálft haft frumkvæði að því að gera úttekt á aðstöðunni?

2. Telur ráðherra að uppfyllt séu ákvæði reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995, sbr. lög nr. 46/1980, varðandi eftirfarandi:
   a. kaffi- og matstofur, sbr. 31. gr.,
   b. fjölda salerna, sbr. 22. gr.,
   c. aðstöðu fréttamanna?
3. Eru önnur ákvæði reglugerðarinnar uppfyllt að mati ráðherra?
4. Mun hann beita sér fyrir úttekt á aðstöðunni og úrbótum í framhaldi af henni?

Skriflegt svar óskast.

601. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Við 7. gr. Nýr liður:
2.34 Að selja hluta lóðar Ríkisútvarpsins, Efstaleiti 1, Reykjavík.

602. Frumvarp til laga [375. mál]

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Johnsen, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Jónsson, Egill Jónsson, Tómas Ingi Olrich, Sigríður A. Þórðardóttir, Guðjón Guðmundsson, Einar Oddur Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristján Pálsson, Magnús Stefánsson.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Skipulagðar útihátíðir. Útihátíð merkir í lögum þessum skipulagða skemmtun sem haldin er utan dyra á afmörkuðu svæði, stendur eigi skemur en einn sólarhring og aðgangur er seldur að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt nú.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á lögum um virðisaukaskatt að skipulagðar útihátíðir verði undanþegnar virðisaukaskatti.

Nokkrar skipulagðar útihátíðir eru haldnar hér ár hvert, í flestum tilvikum um verslunarmannahelgina í byrjun ágúst. Hefð er komin fyrir slíku samkomuhaldi víðs vegar og nægir

í því sambandi að nefna þjóðhátíðina í Vestmannaeyjum og bindindismótið í Galtalæk sem áratugahefð er fyrir. Á skipulögðum útihátíðum er yfirleitt fjölbreytt dagskrá í tali og tónum í þrjá til fjóra daga.

Tilgangur þessa frumvarps er einkum tvíþættur. Í fyrsta lagi að tryggja jafnræði milli aðila en borið hefur á því á undanförnum árum að sumar útihátíðir hafa ekki þurft að greiða virðisaukaskatt en hann hefur verið innheimtur af þátttökugjaldi hjá öðrum. Í öðru lagi má nefna að þeir aðilar, sem greitt hafa virðisaukaskatt af útihátíðum, eru í mörgum tilvikum félagasamtök, t.d. Stórstúka Íslands eða íþróttafélög, sem halda slíkar útihátíðir í fjáröflunarskyni. Mundi sú breyting, sem hér er lögð til, verða til þess að styrkja stöðu slíkra félagasamtaka verulega en tekjutap ríkissjóðs yrði óverulegt.

Útihátíðir hafa verið haldnar í öllum kjördæmum landsins um langt árabil en þeim hefur oft fylgt mikill kostnaður vegna óvissu um veður og aðsókn. Í flestum tilvikum hafa mótshaldarar, sem nær undantekningarlaust hafa verið íþróttafélög eða önnur félög sem standa fyrir unglingastarfi, gefist upp við að halda útihátíðir reglulega. Miðað við aukinn áhuga á umhverfismálum og hlut fjölskyldunnar í þeim efnum er æskilegt að skapa hvetjandi aðstæður til útihátíða en virðisaukaskattur er síður en svo til þess. Til að mynda hefur verið lagður virðisaukaskattur á guðsþjónustur, íþróttir barna, kirkjukóra og margt fleira sem löggjafinn hefur aldrei ætlað að innheimta skatt af. Útihátíðir síðustu áratuga hafa verið haldnar á Húsafelli á Vesturlandi, Hólmavík á Vestfjörðum, Vindheimamelum á Norðurlandi vestra, í Vaglaskógi og á Melgerðismelum á Norðurlandi eystra, á Eiðum og í Atlavík á Austurlandi og á Kirkjubæjarklaustri, í Þjórsárdal og Vestmannaeyjum á Suðurlandi.

Reyndin hefur verið sú að stærstu sveitarfélög landsins hafa getað boðið upp á útihátíðir sem þau greiða að fullu og enginn aðgangseyrir er að en sveitarfélög og aðilar íþrótta- og æskulýðsstarfs úti á landsbyggðinni hafa ekki haft bolmagn til slíks. Afnám virðisaukaskatts af skipulögðum útihátíðum mundi auka jafnræði í þessum efnum til mikilla muna og vera hvatning fyrir aukið félagsstarf úti á landsbyggðinni þar sem byggð á nú víða undir högg að sækja.

603. Tillaga til þingsályktunar [376. mál]

um lækkun orkuverðs til íslenskrar garðyrkju.

Flm.: Árni Johnsen, Sturla Böðvarsson.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin beiti sér fyrir lækkun orkuverðs til íslenskrar garðyrkju. Garðyrkja, sérstaklega ræktun í gróðurhúsum, er vaxandi atvinnugrein á Íslandi og mikill vaxtarbroddur er í faginu sem kalla má græna stóriðju. Það stendur þó í vegi fyrir frekari vexti greinarinnar að orkuverð til garðyrkjunnar er of hátt. Með lækkun orkuverðs til garðyrkju má gera ráð fyrir að notkun aukist og þá opnast fjölmargir möguleikar. Til dæmis verður markaðssetning erlendis á íslensku grænmeti raunhæf með lækkuðu orkuverði, en eiturefnanotkun í garðyrkju á Íslandi er sú minnsta í allri Evrópu. Garðyrkjubændur eru nú stórkaupendur raforku og þegar orkunotkun þeirra er borin saman við orkunotkun stóriðju verður að hafa hliðsjón af því að íslensk garðyrkja er mjög umhverfisvæn og hefur jákvæð áhrif á loftslagsbreytingar og dregur úr neikvæðum áhrifum. Þá er garðyrkjan vaxtarbroddur í dreifðari byggðum landsins og stuðlar þannig að byggðajafnvægi.

Greinargerð.

Garðyrkjubú á Íslandi eru nú um 135 talsins og eru ársverk í garðyrkju talin vera um 500, eða tæplega 9% af ársverkum í landbúnaði. Af þessum 500 störfum eru 120 störf komin til vegna notkunar raflýsingar við ræktun í gróðurhúsum. Störf í þjónustu tengdri blóma- og grænmetisframleiðslu eru áætluð vera um 1.000. Þannig starfa alls 1.500 manns beint og óbeint við garðyrkju og er markaðsverðmæti greinarinnar nálægt þremur milljörðum króna. Því má segja að garðyrkjan sé stóriðja á íslenskan mælikvarða, græn stóriðja.

Kostnaðurinn sem liggur að baki hverri garðyrkjuafurð byggist að 85–88% á íslenskum aðföngum, t.d. raforku, heitu vatni og vinnuafli.

Á undanförnum árum hefur orðið mjög áhugaverð þróun í ylrækt hér á landi. Aukin raflýsing í gróðurhúsum hefur gert ræktendum fært að lengja ræktunartíma ýmissa tegunda, allt upp í að gera ræktun þeirra mögulega allt árið um kring. Hefur þróun í þessa átt ekki síst orðið vegna þeirrar ákvörðunar orkusölufyrirtækja að veita garðyrkjunni raforku á lækkuðu verði. Þrátt fyrir það er raforkuverð til íslenskra garðyrkjumanna enn miklu hærra en það verð sem garðyrkjubændur á sambærilegum breiddargráðum greiða. Sem dæmi um raforkunotkun til garðyrkju má nefna að Hveragerðisbær keypti á sl. ári alls 15 gwst. og af þeim fór 7,1 gwst. til garðyrkju. Notar garðyrkjan í landinu rúmlega tvöfalt meira rafmagn til lýsingar en notað er í Hveragerði með 1.700 íbúa, fyrir utan rafmagn til garðyrkju.

Garðyrkja á Íslandi er dreifð um allt land en að langmestu leyti (tæplega 90%) er hún stunduð á Suðurlandi og hún skiptir verulegu máli fyrir atvinnulífið í sumum sveitarfélögum á svæðinu.

Í Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi fer fram kennsla á sviði blóma-, grænmetis- og garðplönturæktunar, skrúðgarðyrkju og blómaskreytinga. Við skólann er að rísa tilraunagróðurhús og ráðinn hefur verið tilraunastjóri. Tilgangurinn er að leggja meiri áherslu á rannsóknir og tilraunir á sviði garðyrkju, landgræðslu o.fl. Tilraunastöðin kemur því örugglega til með að hafa mjög jákvæð áhrif á garðyrkjuna í landinu. Þá er á döfinni að reisa garðyrkjumiðstöð að Reykjum þar sem leiðbeiningar, kennsla og tilraunir verða á einum stað.

Við framleiðslu á helstu garðyrkjuafurðunum, svo sem blómum og grænmeti, er notuð kolsýra (CO_2) sem unnin er úr jarðgufu, en hún er mikilvægt hjálpartæki plantnanna við ljóstillífun. Heitt vatn er notað til upphitunar gróðurhúsa og kalda vatnið til vökvunar. Raforkan kemur úr fallvötnum og eiturefnanotkun í garðyrkju á Íslandi er sú minnsta í allri Evrópu þar sem fremur eru notaðar lífrænar varnir, þ.e. flugur og önnur dýr. Með þessum þáttum samanlögðum er óhætt að fullyrða að íslensk garðyrkja er umhverfisvæn framleiðsla.

Garðyrkjan er ein þeirra búgreina sem fær allar sínar tekjur frá markaðinum, þ.e. búgrein án beingreiðslna. Þannig eru bændur í góðum tengslum við markaðinn og verða varir við breyttar þarfir og óskir neytenda á hverjum tíma.

Um vetrarmánuðina er frjáls tollalaus innflutningur á helstu garðyrkjuafurðum til landsins og til þess að greinin geti þrifist í samkeppni við innfluttar afurðir þurfa rekstrarskilyrðin að vera þau sömu og í samkeppnislöndunum. Þess vegna er það ósk garðyrkjubænda að lækkun tollverndar á innfluttum afurðum verði í samræmi við minnkaðar niðurgreiðslur til garðyrkjubænda í samkeppnislöndunum. Þannig verða rekstrarskilyrðin samanburðarhæf og samkeppnin sanngjörn.

Umræðan um útflutning á garðyrkjuafurðum hefur staðið talsvert lengi og nú er kominn tími til að skoða málið af alvöru. EES-samningurinn gerir ráð fyrir tollalausum innflutningi yfir vetrarmánuðina á garðyrkjuafurðum frá Evrópubandalagslöndunum til Íslands, en ekki frá Íslandi til EB-landa þar sem tollar eru mjög háir eða oft jafnháir í krónum talið og af-

urðaverð til bænda hér á landi. Mikilvægt er að íslenskri garðyrkju verði tryggðir sömu tollar og öðrum atvinnugreinum varðandi útflutning í þeim milliríkjasamningum sem gerðir verða fyrir Íslands hönd hér eftir.

Gæði og ferskleiki aðgreina íslenskt grænmeti frá öðru grænmeti sem neytendum stendur til boða. Aðeins líða nokkrar klukkustundir frá því að grænmetið fer frá garðyrkjustöðvunum þar til það er komið í verslanir. Sama gildir um blóm, en nú eiga neytendur möguleika á að kaupa blóm í stórmörkuðum og á bensínstöðvum. Blóm skipa þess vegna hærri sess á heimilum landsmanna en áður. Þá bjóða garðplöntustöðvar sífellt fjölbreyttara úrval garð- og skógarplantna sem nær eingöngu eru íslensk framleiðsla.

„Vistvænt Ísland“ er gæðastjórnunarverkefni í landbúnaði þar sem stefnt er að því að allar íslenskar búvörur verði vottaðar. Tilgangurinn með verkefninu er að neytendur geti gengið að vöru sem framleidd hefur verið samkvæmt settum stöðlum sem tryggja eiga gæðin. Framleiðandinn getur verið öruggari með ræktun sína þar sem allt er skrásett og rekjanleiki er til staðar. Þær vörur sem fengið hafa vottun verða sérstaklega merktar, neytendum til glöggvunar. Garðyrkjan er fyrst búgreina í íslenskum landbúnaði til að koma verkefninu af stað. Þar er um að ræða gæðastjórnun í grænmetisræktun sem ætti að vera öðrum greinum fyrirmynd.

604. Tillaga til þingsályktunar [377. mál]

um úttekt á nýtingu lítilla orkuvera.

Flm.: Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á nýtingu og þróunarmöguleikum lítilla orkuvera þar sem kannað verði hvort hagkvæm uppbygging lítilla sjálfstæðra orkuvera gæti samanlagt jafnast á við stóra virkjun.

Niðurstaða úttektarinnar verði lögð fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Á Íslandi eru nú um 300 lítil orkuver, flest við býli í sveitum. Hefur þeim fækkað nokkuð á undanförnum árum, en þau voru um 1.000 fyrir 30 árum. Þó er ekki að finna í opinberum gögnum heildstæðar upplýsingar um það. Framleiðslugeta litlu orkuveranna er umtalsverð, eða yfir 4 megavött, og yfirleitt meiri en einstök býli geta nýtt. Hefur nýting orku frá þeim því ekki verið sem skyldi. Menn sjá sér þó hag í að setja upp slík orkuver og eru túrbínusmiðir hlaðnir verkefnum fram yfir aldamót.

Virkjanir og orkumál eru nú mikið til umræðu og þykir flutningsmanni tillögunnar rétt að áður en ráðist er í framkvæmdir við stóra virkjun á hálendinu verði kannað hvort ekki sé hagkvæmara að styrkja lítil orkuver vítt um landið og nýta betur það rafmagn sem þau framleiða og geta framleitt. Líklegt er að með tiltölulega litlum tilkostnaði væri hægt að framleiða 30–60 megavött í litlum orkuveitum við bæjarlækinn heima, eins og sagt er, eða á við það sem Nesjavallavirkjun eða Hitaveita Suðurnesja framleiða.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir þá staði þar sem rekin eru lítil orkuver, skipt eftir sýslum.

Fylgiskjal.

Skrá yfir einkarafstöðvar árið 1998.
Rafstöðvar í fullum rekstri.

Gullbringu- og Kjósarsýsla. Staður, Ísólfsskáli.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Hagi, Stóri-Ás, Giljar, Húsafell I og II, Húsafell (orlofshús), Kalmanstunga, Víghóll (veiðihús).

Snæfells- og Hnappadalssýsla. Mýrdalur, Heggsstaðir, Borg I og II, Hjarðarfell, Þverá, Elliði (sumarhús), Syðri-Knarrartunga, Brokey, Öxney, Rifgirðingar, Galtarey (sumarhús).

Dalasýsla. Giljaland, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður (sumarhús), Purkey, Kleifar I og II.

Austur-Barðastrandarsýsla. Gróustaðir, Garpsdalur, Flatey, Svefneyjar, Hvallátur, Skáleyjar.

Vestur-Barðastrandarsýsla. Vesturbotn, Kvígindisdalur I, Kvígindisdalur II, Hnjótur I, Geitagil, Tunga I og II, Hænuvík I og II, Tunguþorp, Eysteinseyri, Lambeyri, Kvígindisfell, Hjallatún, Fremri-Hvesta, Feigsdalur, Foss.

Vestur-Ísafjarðarsýsla. Ós og Laugaból, Lækur, Botn og Birkihlíð, Vaðlar.

Norður-Ísafjarðarsýsla. Eyri við Seyðisfjörð, Vigur, Bjarnastaðir (sumarhús).

Strandasýsla. Ófeigsfjörður, Þambárvellir I, Þambárvellir II, Símstöðin Brú í Hrútafirði.

Vestur-Húnavatnssýsla. Reykir, Þorgrímsstaðir.

Austur-Húnavatnssýsla. Hafnir, Víkur, Ásbúð, Kárdalstunga, Grund I og II, Hveravellir, Geitaskarð, Glaumbær (fjárhús), Þverá, Núpur, Fossar.

Skagafjarðarsýsla. Fagranes, Sleitu-Bjarnastaðir, Vatn, Fremrikot.

Eyjafjarðarsýsla. Brimnes, Karlsá, Melar, Hofsá, Ytra-Hvarf, Syðra-Hvarf, Leifsstaðir/Fífilgerði/Króksstaðir, Þormóðsstaðir, Eyvindarstaðir/Draflastaðir.

Suður-Þingeyjarsýsla. Ysta-Vík, Hléskógar, Skarð, Víðivellir, Nes og Tungunes, Lundur og Mörk, Reykir og Selland, Vésteinsstaðir (sumarhús), Syðri- og Ytri-Hóll, Fornhólar/Fornastaðir, Fjósatunga, Hallgilsstaðir/Sólvangur, Kambsstaðir/Birningsstaðir, Sigríðarstaðir, Birkihlíð, Stóru-Tjarnir, Ljósavatn, Fremstafell/Hrifla, Arnstapi, Öxará, Vatnsendi, Holtakot, Ystafell, Fell og Hlíð, Fellssel, Gvendarstaðir, Geirbjarnarstaðir/Syðri-Skál, Granastaðir, Ártún og Árteigur, Nípá, Björg, Svartárkot, Víðiker, Stóra-Tunga I, Stóra-Tunga II, Bjarnastaðir/Rauðafell, Sigurðarstaðir/Sunnuhvoll, Halldórsstaðir I og II, Engi, Ingjaldsstaðir, Skógar, Sólbakki, Miðgarður, Krosshús.

Norður-Þingeyjarsýsla. Sandfellshagi II, Hafrafellstunga I og II, Smjörhóll, Leifsstaðir, Þverá, Valþjófsstaðir I–III, Brekka, Sveinungsvík, Kollavík, Ártún (sumarhús), Hólssel (sumarhús), Nýhóll.

Norður-Múlasýsla. Helluland og Saurbær, Víðidalur, Möðrudalur (RARIK), Skjöldólfsstaðir I og II, Hofteigur, Hvanná I og II, Fossvellir, Skriðufell, Vörðubrún/Hallgeirsstaðir, Miðhúsasel (sumarhús), Geitagerði, Droplaugarstaðir, Hánefsstaðir, Sólbakki, Brekkukot (sumarhús), sumarhús Jens Péturssonar.

Suður-Múlasýsla. Litla-Sandfell, sumarhús við Litla-Sandfell, Hryggstekkur, Þorvaldsstaðir, Flaga, Arnkelsgerði, Ormsstaðir, Brekka, Bakkastaðir, Kolmúli I og II, Lækjamót, Þorgrímsstaðir, Þorvaldsstaðir, Skáli, Eyjólfsstaðir I og II.

Austur-Skaftafellssýsla. Jöklaferðir, Kvísker, Hof (austurhús), Litla-Hof III, Svínafell I, Svínafell II og III.

Vestur-Skaftafellssýsla. Kálfafell I og II o.fl., Maríubakki, Hvoll, Núpar, Seljaland/Dalshöfði, Teigingalækur, Slétta, Þverá, Hörgsdalur, Prestbakkakot, Mörtunga I, Mörtunga II, Hruni, Kirkjubæjarklaustur, Hæðargarður/Ytri-Tunga, sumarhús Kr. Guðbr., Ásgarður, Hátún o.fl., Þykkvibær I, Ytra-Hraun, Seglbúðir, Hólmur, Botnar, Svínadalur, Fagridalur, Skeiðflötur, Fóðurbætisverksmiðjan.

Rangárvallasýsla. Þorvaldseyri, Seljaland I, Seljaland II, Sauðhúsvellir, Syðsta-Mörk, Fljótsdalur og Fljót, Barkarstaðir, Háimúli og Eyvindarmúli, Gunnarsholt/Akurhóll, Galtalækur, Leirubakki, gistiskáli Austurleiðar.

Árnessýsla. Kerlingarfjöll (skíðaskáli), Haukadalur, Miðdalur, Eyvindartunga, Lækjarhvammur I og II, Stóra-Borg, Hraunprýði, Nesjavöllum, tilraunahús Hitaveitunnar á Nesjavöllum.

605. Tillaga til þingsályktunar [378. mál]

um rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn.

Flm.: Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um að Siglingastofnun Íslands hefji sem fyrst rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn.

Greinargerð.

Við suðurströnd Íslands er algjör hafnleysa. Eina skjólið fyrir suðvestanöldunni er í Skötubótinni í Þorlákshöfn. Þessar aðstæður nýttu menn sér upp úr 1960 þegar hafist var handa við byggingu fiskiskipahafnar í Þorlákshöfn. Höfnin var hönnuð fyrir algenga gerð vertíðarbáta á þeim tíma.

Í Vestmannaeyjagosinu 1973 varð ljóst að stækka þyrfti höfnina og var fengið lán hjá Alþjóðabankanum til að standa undir gerð fiski- og ferjuhafnar í Þorlákshöfn. Alþjóðabankinn gerði m.a. þá kröfu fyrir lánveitingu til Þorlákshafnar að höfnin þjónaði fiskiskipum og flutningaskipum sem væru allt að 100 m löng.

Lokið var við stækkun hafnarinnar árið 1976. Síðan hefur verið unnið að gerð löndunar- og viðlegumannvirkja innan hafnar. Þannig var aðstaða fyrir Herjólf gerð á árunum 1991–92 og nýr vörukantur tekinn í notkun á árinu 1997.

Núverandi hafnarsvæði er nær fullnýtt og annar höfnin að öllu leyti núverandi fiskiskipaflota Þorlákshafnar og flutningaskipum sem eru allt að 3.000 tonn að stærð. Dýpi er þó takmarkað fyrir djúprist fiskiskip (loðnuskip).

Siglingastofnun hefur að ósk hafnarstjórnar Þorlákshafnar unnið að gerð frumdraga að stækkun hafnarinnar miðað við annars vegar 10.000 tonna og hins vegar allt að 20.000 tonna vöruflutningaskip.

Vegna þess hve hafnarsvæðið er grunnt og takmörkuð stöðvunarvegalengd innan hafnar er ekki talið mögulegt að gera ráð fyrir stærri skipum en 20.000 tonn í reglulegum siglingum.

Stækkun I, viðmiðunarskip 10.000 tonn og 130 m langt.

Reiknaður hefur verið kostnaður við eina útfærslu á aðstöðu fyrir þetta viðmiðunarskip innan marka núverandi hafnar. Til að skapa 230 m snúningssvæði þarf að fjarlægja Norður-

vararbryggju þannig að aðeins standi eftir 60–70 m (næst landi). Byggð yrði ný bryggja fyrir 10.000 tonna skip við Suðurvararbryggju. Löndunarbryggja fyrir nótaveiðiskip kæmi við þann hluta Norðurvararbryggju sem eftir stæði. Dýpkað yrði í innsiglingu í 8,5 m, snúningssvæði í 8 m og 9 m við bryggjuna.

Áætlaður heildarkostnaður er um 600 millj. kr.

Stækkun II, viðmiðunarskip 20.000 tonn og 160 m langt.

Lengja þarf syðri brimvarnargarðinn um u.þ.b. 280 m svo að skjól haldist innan hafnar og í innsiglingu. Snúningssvæði innan hafnar þarf að vera 270 m og nýja stálþilið við Suðurvararbryggju 160 m langt. Dýpka þarf í innsiglingu í 10,5 m, í snúningssvæði í 10 m og 10 m við bryggjuna.

Reiknaður hefur verið kostnaður við tvær útfærslur á stækkun hafnarinnar fyrir þetta viðmiðunarskip.

Gerir önnur útfærslan ráð fyrir að snúningssvæðið innan núverandi hafnar sé stækkað úr 230 m í 270 m en hin að snúningssvæðið verði utan við Norðurvarargarð. Í síðara tilvikinu þarf að taka Norðurgarðinn upp alveg að Svartaskersbryggju og byggja nýjan skjólgarð utan við snúningssvæðið. Einnig þarf að fjarlægja um 40 m framan af L-inu til að rýmka aðkomu að Suðurvararbryggju.

Áætlaður heildarkostnaður við báðar tillögurnar er á bilinu 1.800–1.900 millj. kr.

Rök heimamanna.


Helstu rök fyrir stækkun hafnarinnar eru m.a. að við lengingu Suðurgarðs mun sog í höfninni minnka og hún þar með verða mun öruggari en áður. Þá mundi aðkoma flutningaskipa og stærri fiskiskipa batna mjög. Nú er þar lítið athafnapláss, of mikil þrengsli til að koma stórum flutningaskipum með góðu móti upp að bryggjum og mjög erfitt getur verið að hemja stærri skip og báta þegar brimar. Lenging Suðurgarðs gefur einnig möguleika á fjölgun bryggjukanta við hann.

Þar sem landrými innan hafnar er mjög takmarkað og veruleg þrengsli sem takmarka umferð stærri skipa telur hafnarstjórn að skoða eigi vandlega þann möguleika að nýr grjótgarður komi austan núverandi Norðurgarðs og nái nýi garðurinn alveg upp í land í Skötubót. Þannig myndast mikið landrými innan hafnar sem gerbyltir möguleikum hafnarinnar til framtíðar og gerir Þorlákshöfn að öruggri lífhöfn fyrir stór og smá skip á einu erfiðasta hafsvæði veraldar. Einnig opnast ótal möguleikar á hvers konar hafnsækinni starfsemi. Höfnin gæti t.d. nýst til ferjusiglinga og hvers konar vöruflutninga til og frá landinu. Lega hafnarinnar gefur kost á styttri siglingu til Evrópuhafna og gætu inn- og útflytjendur sem að öðrum kosti nýttu sér hafnir við Faxaflóa notfært sér það. Akstursleiðir frá höfninni eru mjög greiðar og góðir vegir til allra átta að ekki sé talað um þegar „Suðurstrandarvegurinn“ hefur verið lagaður. Nú eru athafnasvæði nálægt bryggjuköntum af skornum skammti. Ekki hefur verið hægt að verða við óskum aðila sem sótt hafa um lóðir og þeir því þurft að sækja annað. Er það miður þar sem hvert atvinnutækifæri er mikilvægt.


Stór og örugg höfn í Þorlákshöfn styrkir byggðir Suðurlands. Þá kæmi í Þorlákshöfn vel til greina við staðarval fyrir stóriðju og frekari útflutning og vinnslu á ýmiss konar jarðefnum svo að dæmi séu tekin. Auk þess eiga sér nú stað viðræður við erlent stórfyrirtæki í grófiðnaði og þurfa að liggja fyrir upplýsingar um möguleika á stækkun hafnarinnar svo að niðurstaða fáist í þeim.

Fylgiskjal.


Stækkun I. Hafnaraðstaða fyrir 10.000 tonna skip.



Stækkun II. Hafnaraðstaða fyrir 20.000 tonna skip.
Tillaga A.



Stækkun II. Hafnaraðstaða fyrir 20.000 tonna skip.
Tillaga B.



606. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Frá fjármálaráðherra.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
1. *Breytingar á sundurliðun 2:* Við **09-999** 1.18 Liðurinn orðist svo: Styrkur til stjórnmálaflokka, samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum Alþingiskosningum.	130,0	6,0	136,0

2. Við 7. gr. Nýr liður:
   8.13 Að verja allt að 5 millj. kr. til að styrkja starfsemi þingflokka sem starfa á Alþingi á vegum stjórnmálasamtaka sem ekki uppfylla skilyrði samkvæmt fjárlagalið 09-999 1.18.

607. Tillaga til þingsályktunar [379. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 19. desember 1998 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 6. janúar 1999.

608. Nefndarálit [365. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Stjórnarandstaðan er eindregið hlynnt því að þær ívilnanir til bótaþega almannatryggingakerfisins sem felast í frumvarpinu komi til framkvæmda hið fyrsta. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar við framlagningu frumvarpsins eru hins vegar stórlega ámælisverð. Hér er um að ræða frumvarp sem varðar grundvallaratriði er þurfa bæði ítarlega skoðun nefndarinnar og mikla umræðu. Þótt heilbrigðisráðherra telji nauðsynlegt að frumvarpið sé afgreitt fyrir árslok 1998 kom það ekki fram í þinginu fyrr en degi áður en þingi lýkur. Það er tekið til umræðu á lokadegi þingsins fyrir jól þannig að tóm til umræðu og hefðbundinnar skoðunar er nánast ekkert. Fyrir vikið gefst ekki tóm til að senda málið til umsagnar, og þó liggur fyrir að um

það er ekki eining í þeim hópum sem frumvarpið varðar. Sömuleiðis er ámælisvert í ljósi þess hve seint málið kemur fram að ekki hefur verið haft eðlilegt samráð við hagsmunasamtök.

Í frumvarpinu er í fyrsta sinn lagt til að fest verði í lög umdeild skerðingarákvæði þar sem tekjur maka lífeyrisþega skerða tekjutryggingu bótaþega. Fyrir liggur að hér kann að vera um brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Fyrir því liggja eftirfarandi rök:

1. Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“
2. Í 65. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

Í þessum greinum er skýlaust lýst yfir að allir skuli jafnir fyrir lögum og allir skuli njóta mannréttinda án nokkurrar mismununar. Undir orðalag 65. gr., þar sem rætt er um „stöðu að öðru leyti“, fellur ljóslega hjúskaparstaða. Þegnum ríkisins verður því ekki mismunað vegna hjúskaparstöðu.

Í ljósi þessa getur stjórnarandstaðan ekki greitt atkvæði með málinu. Hún hefur jafnframt bent á leiðir sem gætu tryggt að ívilnun gagnvart bótaþegum hefði náð fram að ganga án þess að lögfest yrðu ákvæði sem mögulega fælu í sér mannréttindabrot. Við því vildi meiri hlutinn ekki verða. Stjórnarliðið verður því að bera ábyrgð á samþykkt framangreindra laga.

Ögmundur Jónasson, áheyrnarfulltrúi þingflokks óháðra, og Guðný Guðbjörnsdóttir, áheyrnarfulltrúi Kvennalista, tóku þátt í afgreiðslu málsins og eru samþykk álitinu.

Alþingi, 19. des. 1998.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

609. Nefndarálit [365. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Þórðarson, Helga Seljan og Garðar Sverrisson frá Öryrkjabandalagi Íslands, Þóri Haraldsson og Jón Sæmund Sigurjónsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Ragnar Aðalsteinsson hrl.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tvenns konar breytingum á lögum um almannatryggingar sem ætlað er að styrkja réttarstöðu lífeyrisþega. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir breytingum á forsendum mats við ákvörðun á örorku þannig að mat byggist á læknisfræðilegum staðli og allir sem metnir eru 75% öryrkjar njóti tiltekinna réttinda. Þá er gert ráð fyrir að aukin áhersla verði lögð á endurhæfingu sem forsendu fyrir örorkumati. Í öðru lagi er gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum er varða skerðingu lífeyris til elli- og örorkulífeyrisþega vegna tekna,

einkum vegna tekna maka, en með þessum breytingum er leitast við að draga úr skerðingu bóta vegna tekna.

Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 1. gr. sem fjallar um forsendur fyrir ákvörðun örorkulífeyris verði felld brott. Meiri hlutinn telur þá efnisbreytingu sem felst í ákvæðinu vera til bóta og telur eðlilegt að hún komi til efnislegrar umfjöllunar í byrjun næsta árs þegar meira svigrúm gefst.
2. Þá er lagt til að 1. málsl. 8. mgr. a-liðar 2. gr. verði felldur brott þar sem í þeim málsgreinum 2. gr. sem fjalla um tekjutryggingu hjóna er kveðið á um að sameiginlegar tekjur þeirra séu lagðar til grundvallar við útreikning bóta. Meiri hlutinn telur að í þeim ákvæðum felist skýr lagastoð fyrir þeirri meðferð tekna hjóna sem tíðkast hefur um áratuga skeið og að þar með sé komið til móts við álit umboðsmanns Alþingis um þetta efni. Meiri hlutinn leggur jafnframt áherslu á að í þessum breytingum felist engin efnisbreyting heldur skulu tekjur hjóna, sem bæði njóta lífeyris, metnar sameiginlega og ef aðeins annað hjóna nýtur lífeyris skal helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans.
3. Loks eru lagðar til breytingar á 3. gr. og ákvæði til bráðabirgða í samræmi við niðurfellingu 1. gr.

Alþingi, 19. des. 1998.

Siv Friðleifsdóttir, frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Guðni Ágústsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.

610. Breytingartillögur [365. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar (SF, LMR, GHall, SP, GÁ, SAÞ).

1. Við 1. gr. Greinin falli brott.
2. Við 2. gr. 1. málsl. 8. mgr. a-liðar falli brott.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.
4. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið falli brott.

611. Lög [185. mál]

um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 201.

612. Lög [186. mál]

um breytingu á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 202.

613. Lög [332. mál]

um byggingarsamvinnufélög.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 593.

614. Lög [333. mál]

um húsnæðissamvinnufélög.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 594 (sbr. 415).

615. Lög [347. mál]

um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 451.

616. Lög [106. mál]

um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 595.

617. Lög [233. mál]

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 262.

618. Frumvarp til laga [205. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, ásamt síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Í stað orðsins „stjórnar“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: forstjóra.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri ræður forstöðumenn setra og aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Þá mótar hann stefnu hennar í samráði við forstöðumenn setra. Forstjóri samþykkir fjárhagsáætlanir setra og fylgist með fjárreiðum þeirra og ráðstöfun fjár. Fjármál einstakra setra eru að öðru leyti á ábyrgð forstöðumanna þeirra.

Forstjóri boðar árlega til fundar með starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar og forstöðumönnum náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra og forstöðumanna, svo og um aðsetur forstjóra á hverjum tíma.

3. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr stafliður sem orðast svo: að skrá berg- og jarðgrunna landsins með kerfisbundnum hætti og vinna að flokkun námasvæða eftir efni, magni, aðgengi,

gæðum og verndargildi. Við mat á verndargildi skal Náttúrufræðistofnun hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins.

4. gr.

Í stað orðsins „stjórnar“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: forstjóra.

5. gr.

4. málsl. 7. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Við 4. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama á við um örverur sem eiga uppruna sinn á jarðhitasvæðum og erfðaefni þeirra.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

619. Frumvarp til laga [334. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Lokamálsliður skilgreiningar hugtaksins „Vinnsluskip“ í 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski, heilfrysting rækju eða suða á rækju og skelfiski teljast ekki vinnsluskip í skilningi laga þessara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22., 26. og 28. gr. laganna:

a. Á undan orðunum „afla fiskiskipa“ í 1. mgr. 22. gr. kemur: ferskum.
b. Í stað orðanna „verksmiðjuskipum og frystiskipum“ í 3. mgr. 22. gr. kemur: og vinnsluskipum.
c. Í stað orðanna „vinnsluskipi eða frystiskipi“ í 1. mgr. 26. gr. kemur: eða vinnsluskipi.
d. Í stað orðanna „verksmiðjuskipum og frystiskipum“ í 1. mgr. 28. gr. kemur: og vinnsluskipum.

3. gr.

Í stað orðanna „Þar til IV. og V. kafli laga þessara taka gildi“ í ákvæði til bráðabirgða með lögunum kemur: Til og með 31. desember 1999.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði a-liðar 2. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. apríl 1999.

620. Þingsályktun [296. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 353.

621. Þingsályktun [297. mál]

um fullgildingu samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 354.

622. Frumvarp til laga [150. mál]

um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Hvers konar greiðslur skv. 1.–6. tölul. þessarar greinar sem inntar eru af hendi að gengnum úrskurði stjórnvalda, dómi, dómsátt eða öðru samkomulagi eftir að raunverulegu launatímabili lýkur.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað ártalsins „1999“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: 2004.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætast sjö nýir töluliðir, 29.–35. tölul., sem orðast svo:

29.	Leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu	80.000 kr.
30.	Leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets	20.000 kr.

31. Leyfi til reksturs póstþjónustu ..... 80.000 kr.
32. Leyfi til sjónvarps
    a. til þriggja ára ..... 96.000 kr.
    b. til fimm ára ..... 160.000 kr.
    c. til sjö ára ..... 224.000 kr.
33. Leyfi til hljóðvarps
    a. til allt að tveggja mánaða ..... 3.000 kr.
    b. til eins árs ..... 22.000 kr.
    c. til tveggja ára ..... 44.000 kr.
    d. til þriggja ára ..... 66.000 kr.
    e. til fimm ára ..... 110.000 kr.
34. Leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum, sem útvarpsréttarnefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum sem greinir í 32. tölul. og b–e-liðum 33. tölul.
35. Leyfisbréf fyrir lífeyrissjóð
    a. skv. 25. gr. laga nr. 129/1997 ..... 50.000 kr.
    b. skv. 52. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 ..... 30.000 kr.
    c. skv. 53. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 ..... 10.000 kr.

4. gr.

Við 13. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 14. og 15. tölul., er orðast svo:

14. Skráning póstrekenda ..... 10.000 kr.
15. Skráning aðila sem veita fjarskiptaþjónustu ..... 10.000 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo:
    1. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir 18–66 ára:
        a. Almennt gjald ..... 4.600 kr.
        b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 9.200 kr.
        c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 2.300 kr.
b. 2. tölul. orðast svo:
    2. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir aðra:
        a. Almennt gjald ..... 1.700 kr.
        b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 3.400 kr.
        c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 850 kr.
c. Við greinina bætast tveir nýir töluliðir sem orðast svo:
    15. Fyrir ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE og til farþegaflutninga í atvinnuskyni ..... 3.500 kr.
    16. Fyrir bráðabirgðaökuskírteini, ökuskírteini 65 ára og eldri og ökuskírteini fyrir flokkana M og T ..... 2.000 kr.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

6. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af bensíngjaldi skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun, að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við álagningu og innheimtu gjaldsins.

V. KAFLI

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999, að undanskilinni 2. gr. laganna sem öðlast þegar gildi.

623. Frumvarp til laga [321. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingu.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 154/1995, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 480 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

Um breytingu á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laganna skulu ákvæði 1. og 5. mgr. 2. gr., 4. mgr. 5. gr., 6., 8. og 9. gr. laga nr. 77/1981, um dýralækna, með síðari breytingum, halda gildi sínu til 1. janúar 2000 og gildistöku 4. mgr. 9. gr., 11. og 12. gr. laga nr. 66/1998 frestað til sama tíma.

Um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1999 umfram 235 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingu.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 161/1996, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1999 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. laganna.

Um breytingu á lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, með síðari breytingu.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 15/1997, skulu tekjur af brunavarnagjaldi umfram 89 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

624. Frumvarp til laga [278. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 8. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist nýr málsliður er orðast svo: Þó skulu vextir af reikningum þar sem höfuðstóll og vextir eru bundnir til lengri tíma en 36 mánaða ekki teljast til tekna fyrr en þeir eru greiddir eða greiðslukræfir.
b. Við bætist nýr töluliður er orðast svo: Vextir, verðbætur og önnur ávöxtun af lífeyrissparnaði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða teljast til tekna sem lífeyrir skv. A-lið 7. gr. þegar slíkar greiðslur eru greiddar út.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Til arðs telst ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa samkvæmt lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög sem hafa ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa í hlutafélagi og teljast því ekki til skattskyldra tekna hlutareigandans.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Nú er félagi slitið án þess að um sameiningu félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit sem er umfram kaupverð bréfanna. Einnig telst til arðs lækkun hlutafjár, sem er greidd út til hluthafa, umfram kaupverð. Hafi aðili eignast hlutabréfin fyrir árslok 1996 er honum heimilt að miða við upphaflegt kaupverð hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26.

gr. til ársloka 1996 eða jöfnunarverðmæti hlutabréfanna, sbr. 3. mgr. 17. gr., sé það hærra.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sbr. þó 4. mgr.

b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa hjá þeim félögum sem skráð voru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., í árslok 1996 skal vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996 að viðbættri þeirri fjárhæð sem heimilt væri að gefa út af jöfnunarhlutabréfum samkvæmt þeim reglum sem giltu í árslok 1996. Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélag er að ræða, tilkynnt nýtt nafnverð til hlutafélagaskrár, eða gert skattstjóra grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis í síðasta lagi í árslok 1999, skal jöfnunarverðmætið við sölu bréfanna vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996. Jöfnunarverðmætið skv. 1. og 2. málsl. skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og hlutafjármiðum.

Við sölu á hlutabréfum, sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996, skal skattskyldur söluhagnaður vera söluverð bréfanna að frádregnu jöfnunarverðmæti þeirra, sbr. 3. mgr., eða upphaflegu kaupverði hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996 ef það er hærra. Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti í árslok 1996 þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.

c. 3. mgr. fellur brott.

4. gr.

Við 1. tölul. 28. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þetta á þó ekki við um þann hluta lífeyrissparnaðar sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 3. tölul. A-liðar orðast svo: Tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða vinninga í happdrættum sem fengið hafa leyfi dómsmálaráðuneytisins, enda sé öllum ágóða af þeim varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi og ríkisskattstjóri hefur staðfest að uppfylli skilyrði þessa töluliðar.

b. 1. tölul. B-liðar orðast svo: Fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum hlutabréfum á árunum 1998–2002 samkvæmt þessum tölulið.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og vera 60% af verðmæti keyptra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa, en þó aldrei hærri en 80.000 kr. hjá einstaklingi og 160.000 kr. hjá hjónum.

Til keyptra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf í félögum sem uppfylla skilyrði 5. mgr. og ríkisskattstjóri hefur staðfest eða hlutabréf í félögum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að maður eigi viðkomandi hlutabréf yfir fimm áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra. Þó skal skilyrðið um þriggja ára

eignarhaldstíma samkvæmt lögum nr. 137/1996 halda gildi sínu fyrir þá sem nutu frádráttar samkvæmt þeim lögum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir söluna önnur hlutabréf í innlendu hlutafélagi fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var og félagið uppfyllir skilyrði þessa töluliðar. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 3. málsl. eiga við um mismuninn. Reglur þessarar málsgreinar eiga jafnframt við um kaup og sölu hlutabréfa fyrir gildistöku laga þessara.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er bundinn því skilyrði að um sé að ræða kaup á hlutabréfum í félagi með hlutafé a.m.k. að fjárhæð 22.000.000 kr., fjöldi hluthafa sé a.m.k. 25, engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar þess öllum aðgengilegir. Hlutafélag, sem ekki er skráð á Verðbréfaþingi Íslands, skal innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næstliðið reikningsár. Ríkisskattstjóri skal árlega veita þeim hlutafélögum staðfestingu um að skilyrðum þessa töluliðar sé fullnægt.

Ríkisskattstjóri getur heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt þessum tölulið þótt skilyrðum 5. mgr. hafi ekki verið fullnægt í árslok þegar um félag er að ræða sem stofnað var á árinu og fyrir liggur yfirlýsing þess um að stefnt sé að því að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því að sala hlutabréfa hófst. Einnig getur ríkisskattstjóri heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt þessum tölulið þótt skilyrðum 5. mgr. sé ekki fullnægt þegar um er að ræða starfandi hlutafélag sem er að auka hlutafé sitt eða hluthafafjölda. Til að ríkisskattstjóri veiti slíku hlutafélagi staðfestingu þarf að liggja fyrir yfirlýsing frá stjórn hlutafélagsins og gögn er geri það líklegt að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því að ákvörðun var tekin um hlutafjáraukningu eða fjölgun hluthafa.

Reglur þessa töluliðar skulu gilda á sama hátt um samvinnuhlutabréf og stofnfjárbréf í sparisjóðum, enda sé útboð slíkra stofnfjárbréfa opið fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og það staðfest af ríkisskattstjóra.

Ekki er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar. Þetta á þó ekki við um aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri sem heimilt var að flytja á milli ára á árunum 1996 og fyrr, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 137/1996.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. A laganna:

a. Orðin „og því slitið“ í 1. málsl. falla brott.
b. 2. málsl. orðast svo: Eignarhlutir hluthafa í félögunum skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og eignarhlutirnir voru í því félagi sem skipt er.
c. 4. málsl. orðast svo: Ákvæði þessarar málsgreinar eiga einnig við þegar hlutafélagi er skipt þannig að fleiri en eitt hlutafélag taka við hluta eigna og skulda í upprunalegu félagi.
d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við skiptingu skv. 1. mgr. skiptast skattalegar skyldur og réttindi milli félaganna í sama hlutfalli og bókfært verð eigna að frádregnum skuldum sem flytjast til þeirra.

7. gr.

Við 57. gr. A laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við skiptingu eða sameiningu félaga er heimilt að miða uppgjör rekstrar og framtalsskil, sbr. 91. gr., félaga þeirra er skiptingin eða slitin varða við það tímamark þegar skiptingin eða slitin eiga sér stað samkvæmt samþykktum félaganna.

8. gr.

Á eftir 57. gr. A laganna kemur ný grein, 57. gr. B, með fyrirsögninni *Samsköttun hlutafélaga,* svohljóðandi:

Skattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., séu skattlögð saman. Skilyrði samsköttunar eru að eigi minna en 90% hlutafjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samsköttunar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samsköttuninni. Jafnframt hafi öll hlutafélögin sama reikningsár og eignarhald hafi varað allt reikningsárið, nema þegar um nýstofnuð dótturfélög er að ræða eða slit á dótturfélagi. Samsköttun skal að lágmarki standa í fimm ár og ef samsköttun er slitið er ekki heimilt að fallast á hana að nýju fyrr en að liðnum fimm árum frá því að henni var slitið.

Umsókn um samsköttun skal beint til skattstjóra í því skattumdæmi þar sem móðurfélag er heimilisfast eigi síðar en þrjátíu dögum fyrir lok framtalsfrests vegna þess tekjuárs sem óskað er eftir að verði samskattað.

Við samsköttun skal tekjuskattur af sameiginlegum tekjuskattsstofni allra hlutafélaga sem taka þátt í samsköttuninni lagður á móðurfélagið en öll hlutafélögin bera sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslum. Þó er skattstjóra heimilt að leggja tekjuskatt á hvert og eitt félag óski hlutafélögin í samsköttun sérstaklega eftir því.

Tap sem verður á rekstri eins eða fleiri samskattaðra hlutafélaga má draga frá tekjum hinna áður en tekjuskattur er reiknaður. Þó skal viðkomandi tekjuár ávallt gert upp áður en tekið er tillit til yfirfæranlegs taps fyrri ára. Yfirfæranlegt tap hlutafélags sem stafar af rekstri frá því fyrir samsköttun má aðeins nýta í því félagi. Þó er heimilt að nýta yfirfæranlegt tap sem varð til fyrir samsköttun ef skilyrði 1. mgr. eru til staðar við gildistöku laga þessara og ef uppfyllt eru öll skilyrði 57. gr. A, um sameiningu félaga.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um samsköttun móður- og dótturfélaga, svo sem um nýtingu taps á milli félaga.

9. gr.

Orðin „t.d. við slit félags og lækkun hlutafjár“ í 3. málsl. 3. mgr. 67. gr. laganna falla brott.

10. gr.

4. málsl. 2. mgr. A-liðar 68 gr. laganna orðast svo: Af þeim persónuafslætti sem þá er óráðstafað skal $^{1}/_{38}$ hlutum ráðstafað til að greiða tekjuskatt sem lagður er á fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr.

11. gr.

120. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XXV með lögunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 97/1996, orðast svo:

Gera skal grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis hlutabréfa skv. 3. mgr. 17. gr. í síðasta lagi í árslok 1999. Skattstjóri skal staðfesta útreikninginn.

Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur og útbúa eyðublöð til notkunar við ákvörðun jöfnunarverðmætis.

13. gr.

Í stað orðanna „17., 30., 41.“ í ákvæði til bráðabirgða XXXVI með lögunum, sbr. f-lið 5. gr. laga nr. 65/1997, kemur: 17. gr., 2. tölul. B-liðar 30. gr., 41. gr.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu árið 1999 vegna tekna á árinu 1998. Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

625. Lög [151. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 462.

626. Lög [229. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 256.

627. Frumvarp til laga [279. mál]

um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,00 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 8,10 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.000 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.000 kr. og ekki hærra en 36.200 kr. á hverju gjaldtímabili.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Greiðendum bifreiðagjalds sem greiddu hærra gjald en 36.200 kr. á 2. gjaldtímabili 1998 skal endurgreiddur mismunurinn á 36.200 kr. og þeirri fjárhæð sem þeir greiddu.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

3. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum eru undanþegnar skattskyldu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 4. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „132.053 kr.“ og „7.555 kr.“ í 2. mgr. kemur: 136.675 kr., og: 7.819 kr.
b. 3. málsl. 4. mgr. orðast svo: Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi um leið og heimild hefur verið veitt og gildir í a.m.k. tólf mánuði.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 4. gr. laganna:

a. Orðin „tengi- og festivögnum“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal ekki greitt fast árgjald þungaskatts af slökkvibifreiðum sem falla undir vörulið 8705.3009 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987.

c. 2. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald bifreiða skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,97	18.000–18.999	13,40
5.000–5.999	7,41	19.000–19.999	14,43
6.000–6.999	8,01	20.000–20.999	15,20
7.000–7.999	8,42	21.000–21.999	16,08
8.000–8.999	8,78	22.000–22.999	17,09
9.000–9.999	9,17	23.000–23.999	17,90
10.000–10.999	9,73	24.000–24.999	18,71
11.000–11.999	10,10	25.000–25.999	19,63
12.000–12.999	11,38	26.000–26.999	20,50
13.000–13.999	12,44	27.000–27.999	21,41
14.000–14.999	10,14	28.000–28.999	22,32
15.000–15.999	10,92	29.000–29.999	23,23
16.000–16.999	11,79	30.000–30.999	24,14
17.000–17.999	12,64	31.000 og yfir	25,05

d. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kílómetragjald festi- og tengivagna skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
6.000–6.999	7,63	19.000–19.999	17,31
7.000–7.999	8,01	20.000–20.999	18,24
8.000–8.999	8,36	21.000–21.999	19,29
9.000–9.999	8,73	22.000–22.999	20,51
10.000–10.999	9,28	23.000–23.999	21,49
11.000–11.999	9,62	24.000–24.999	22,46
12.000–12.999	10,83	25.000–25.999	23,55
13.000–13.999	11,85	26.000–26.999	24,59
14.000–14.999	12,17	27.000–27.999	25,70
15.000–15.999	13,10	28.000–28.999	26,79
16.000–16.999	14,15	29.000–29.999	27,87
17.000–17.999	15,18	30.000–30.999	28,96
18.000–18.999	16,08	31.000 og yfir	30,07

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eigendum eða umráðamönnum ökutækja heimilt að velja áður en gjaldár hefst að greiða gjald sem taki mið af áætluðum kílómetrafjölda er samsvari 95.000 km akstri á gjaldárinu í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Velji eigandi eða umráðamaður að greiða áætlað kílómetragjald skal hann að auki greiða 100.000 kr. fast árgjald, sbr. 3. málsl. 1. mgr. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein verður ekki breytt vegna viðkomandi ökutækis eftir að gjaldár er hafið.

e. Lokamálsliður 3. mgr. fellur brott.

6. gr.

C-liður 4. gr. laganna orðast svo:

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, og af eftirvögnum, sem eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal greiða þungaskatt skv. 2. og 3. mgr. Af bifreiðum, sem eru allt að 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd, og nýttar eru í atvinnuskyni, sbr. 2. mgr. 4. gr. A, skal vikugjaldið vera 25% hærra. Af bifreiðum, sem eru 4.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, og af eftirvögnum, sem eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, og nýtt eru í atvinnuskyni skal greiða þungaskatt samkvæmt ákvæðum B-liðar.

Af ökutækjum skráðum erlendis skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

Eigin þyngd ökutækis, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.	Eigin þyngd ökutækis, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.
Allt að 1.000	1.813	2.800–2.999	3.380
1.000–1.499	2.176	3.000–3.199	3.531
1.500–1.999	2.628	3.200–3.399	3.681
2.000–2.199	2.779	3.400–3.599	3.831
2.200–2.399	2.929	3.600–3.799	3.982
2.400–2.599	3.079	3.800–3.999	4.132
2.600–2.799	3.230		

Sé eigin þyngd ökutækis meiri en 4.000 kg skal þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku hækka um 1.000 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg sem eigin þyngd er umfram 4.000 kg. Við ákvörðun þungaskatts samkvæmt þessari málsgrein reiknast brot úr viku sem heil vika.

7. gr.

Í stað orðanna „lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a.m.k. 30 daga samfellt“ í 3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna kemur: Skráningarstofunni hf. til geymslu í a.m.k. 15 daga samfellt.

8. gr.

Í stað orðanna „30 daga“ í 3. mgr. B-liðar 7. gr. laganna kemur: 15 daga.

9. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Endurákvörðun skv. 12., 14. og 15. gr. og úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. má skjóta til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

10. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. Gjaldskrár þungaskatts skv. A- og C-lið 4. gr. hækka um 2% 1. júlí 1999. Hækkunin nær þó ekki til ökutækja sem eru 0–1.499 kg.

Gjaldskrá þungaskatts skv. B-lið 4. gr. hækkar um 2% 11. júní 1999, að undanskildu föstu árgjaldi skv. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. Hækkun gjaldsins fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu öðru álestrartímabili sem er frá 20. maí til 10. júní 1999, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok annars álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

b. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. B-liðar 4. gr. er eigendum eða umráðamönnum ökutækja heimilt að velja að greiða gjald sem taki mið af áætluðum kílómetrafjölda er samsvari 63.333 km á öðru og þriðja gjaldtímabili í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk fasts árgjalds skv. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laga þessara. Heimildin skal einungis veitt að mætt hafi verið í álestur á tímabilinu 20. janúar – 10. febrúar 1999 og umsókn borist ríkisskattstjóra fyrir 11. febrúar 1999.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

11. gr.

2. og 3. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald af eftirfarandi ökutækjum vera sem hér greinir:

1. Eftirtalin ökutæki skulu undanþegin vörugjaldi:
   a. Dráttarbifreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
   b. Snjóplógar.
   c. Slökkvibifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
   d. Sjúkrabifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
   e. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.
   f. Bifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum, sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
   g. Dráttarvélar til nota á lögbýlum.
   h. Beltabifreiðar (snjóbílar), yfir 700 kg að eigin þyngd, sérstaklega ætlaðar til aksturs í snjó.
   i. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.
   j. Ökutæki sem knúin eru rafhreyfli og flutt eru inn eða smíðuð í tilraunaskyni.
   k. Sérsmíðaðar keppnisbifreiðar sem eru skráðar sem slíkar og einungis notaðar í skipulögðum keppnum og æfingum á vegum samtaka akstursíþróttamanna, svo og til aksturs til og frá slíkum atburðum. Skráningarmerki bifreiðanna skulu auðkennd sérstaklega. Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útbúnað þeirra, svo og til hvaða atburða akstursheimildin taki. Sé brotið í bága við þær reglur skal vörugjald innheimt að fullu.
2. Greiða skal 10% vörugjald af hópferðabifreiðum sem eru skráðar fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni og eru í eigu hópferða- eða sérleyfishafa eða í fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við hópferða- eða sérleyfishafa. Gjaldið skal lækka í 5% frá 1. janúar 2000.
3. Af eftirtöldum ökutækjum skal greiða 30% vörugjald:
   a. Ökutæki á beltum undir 700 kg sem eru sérstaklega ætluð til flutninga í snjó, á svæðum þar sem aðrar samgöngur eru erfiðleikum bundnar verulegan hluta árs.

b. Bifreiðar fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
c. Bifreiðar sem sérstaklega eru útbúnar og notaðar til líkflutninga.
d. Fólksbifreiðar sem falla í gjaldflokk II skv. 3. gr. og ætlaðar eru til útleigu hjá aðilum sem hafa tilskilin leyfi til reksturs bifreiðaleigu.
e. Vélsleðar í eigu fyrirtækja í ferðaþjónustu sem eingöngu eru ætlaðir til útleigu til ferðamanna eða flutnings á þeim.

4. Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar mælt í rúmsentímetrum:

	Sprengirými aflvélar		
Flokkur	**Bensínvélar**	**Dísilvélar**	**Gjald í %**
I	0–1.600	0–2.100	10
II	1.601–2.500	2.101–3.000	12
III	yfir 2.500	yfir 3.000	17

Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði um þau ökutæki sem falla undir 2. mgr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess, reglur um hvað teljist vera fyrirtæki í ferðaþjónustu, sbr. e-lið 3. tölul. 2. mgr., og hvað teljist vera aðalatvinna skv. 4. tölul. 2. mgr. og ákvæði um endurgreiðslu á mismuni vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar ef skilyrðunum er ekki fylgt.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga þessara skal gjald í % vera 14 fyrir I. flokk, 16 fyrir II. flokk og 21 fyrir III. flokk á árinu 1999.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999 að undanskildum ákvæðum 3. og 5. gr. sem öðlast gildi 11. febrúar 1999. Gjaldskrár 5. gr. taka gildi strax að loknu fyrsta álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 1999, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. laga nr. 3/1987. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok fyrsta álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

628. Frumvarp til laga [340. mál]

um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Útflutningsráði ber að stofna til samstarfs við þá aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta og skal ráðstafa 14% af tekjum af markaðsgjaldi skv. 1. tölul. 3. gr. til verkefna af þeim toga.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tekjur Útflutningsráðs eru:

1. Markaðsgjald, 0,05%, sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer eftir ákvæðum þeirra laga. Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.
2. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
3. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Útflutningsráðs skipa sjö menn sem valdir eru til tveggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu fulltrúa atvinnulífsins í samráðsnefnd, sbr. ákvæði 6. gr., og tvo án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Í samráðsnefnd Útflutningsráðs sitja fulltrúar samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda. Af hálfu atvinnulífsins sitja í nefndinni fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambandsins, Félags íslenskra stórkaupmanna, Verslunarráðs Íslands, Samtaka iðnaðarins, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva, Bændasamtakanna, Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja. Af opinberri hálfu sitja í nefndinni fulltrúi utanríkisráðherra, sem er formaður, og fulltrúar iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra. Þá eiga sæti í nefndinni fulltrúar Byggðastofnunar, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Iðntæknistofnunar. Utanríkisráðherra skipar í nefndina samkvæmt tilnefningu framangreindra aðila til tveggja ára í senn. Honum er jafnframt heimilt í reglugerð að veita öðrum samtökum eða stofnunum aðild að samráðsnefndinni að fenginni umsögn hennar.

Samráðsnefnd Útflutningsráðs er vettvangur til samráðs og skoðanaskipta um stefnu og starfsemi ráðsins og staðfestir hún reikninga þess. Nefndin fundar ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári.

Fulltrúar atvinnulífsins í samráðsnefnd velja fimm aðalmenn og fimm varamenn til setu í stjórn Útflutningsráðs.

5. gr.

8. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðast svo:

Utanríkisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Útflutningsráðs, að kveða nánar á í reglugerð um starfsemi Útflutningsráðs og um verkaskiptingu milli þess og utanríkisráðuneytisins.

6. gr.

Í stað ákvæða til bráðabirgða I–IV í lögunum kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 3. gr. laga þessara niður frá og með 1. janúar 2001, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2001 vegna gjaldstofns ársins 2000.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu tryggingagjalds á árinu 2000 og við staðgreiðslu þess á árinu 1999.

Við álagningu á árinu 1999 skal markaðsgjald lagt á virðisaukaskattsskylda veltu ársins 1998 í samræmi við 1. tölul. 3. gr. laga nr. 114/1990, eins og henni var breytt með 51. gr. laga nr. 122/1993.

629. Breytingartillaga [321. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2000“ í 2. gr. komi: 1. desember 1999.

630. Fjáraukalög [173. mál]

fyrir árið 1998.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 418 (sbr. 178) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1998, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**9.104,0**	**9.487,0**
Skattar á tekjur og hagnað	2.119,0	2.536,0
Tryggingagjöld	651,0	639,0
Eignarskattar	-16,0	-112,0
Skattar á vörur og þjónustu	6.350,0	6.424,0
Aðrar rekstrartekjur	107,0	57,0
Sala eigna	-121,0	-121,0
Tekjur samtals	**9.090,0**	**9.423,0**
Æðsta stjórn ríkisins	14,3	14,3
Forsætisráðuneyti	204,8	204,8
Menntamálaráðuneyti	574,4	574,4
Utanríkisráðuneyti	340,6	340,6
Landbúnaðarráðuneyti	415,5	415,5
Sjávarútvegsráðuneyti	64,3	64,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	365,5	365,5
Félagsmálaráðuneyti	334,5	334,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.621,5	1.596,5
Fjármálaráðuneyti	10.547,7	1.355,7
Samgönguráðuneyti	433,6	464,6
Iðnaðarráðuneyti	54,5	54,5
Viðskiptaráðuneyti	15,8	15,8
Umhverfisráðuneyti	129,0	129,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-400,0	-1.150,0
Gjöld samtals	**14.716,0**	**4.780,0**
Tekjujöfnuður	**-5.626,0**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-5.626,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	9.994,0
Fjárheimildir sem ekki leiða til gjaldfærslu í reikninga ársins	1.288,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	1.202,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-6,0
Handbært fé frá rekstri	**6.852,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt löng lán	2.485,0
Afborganir veittra lána	3.380,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-600,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	-1.900,0
Fjármunahreyfingar samtals	**3.365,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**10.217,0**
Fjármögnun	
Tekin löng lán	7.450,0
Afborganir lána	-9.698,0
Fjármögnun samtals	-2.248,0
Breyting á handbæru fé	**7.969,0**

Ýmis ákvæði.
Heimildir.

4. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:
Við bætist nýr liður:

8.21 Að semja við Reykjavíkurborg um yfirtöku núverandi hluta Íþróttasambands Íslands í Laugardalshöll, Laugardal, í tengslum við niðurfellingu 40 m.kr. skuldar sambandsins við Endurlán ríkissjóðs.

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í breytast eða bætast við og hljóða svo:

	m.kr.
00-201 Alþingi	
Almennur rekstur:	
1.04 Alþjóðasamstarf	2,3
1.06 Almennur rekstur	8,5
Almennur rekstur samtals	10,8
Gjöld samtals	**10,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,8
02-989 Ýmis íþróttamál	
Almennur rekstur:	
1.30 Bridgesamband Íslands	2,0
Stofnkostnaður:	
6.51 Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum	4,5
Gjöld samtals	**6,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,5
04-811 Bændasamtök Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Bændasamtök Íslands	9,6
1.92 Héraðsbúnaðarsambönd	4,6
Almennur rekstur samtals	14,2
Stofnkostnaður:	
6.97 Jarðræktarframlög o.fl.	170,0
Gjöld samtals	**184,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,2

m.kr.

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.42 Verktakasamningur um upplýsingaöflun	10,0
1.53 Ár hafsins	4,8
1.90 Ýmislegt	6,5
Almennur rekstur samtals	21,3
Gjöld samtals	**21,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,3

06-290 Dómsmál, ýmis kostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	5,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,7

06-390 Ýmis löggæslukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	52,2
1.14 Löggæsla í Bosníu	1,7
Almennur rekstur samtals	53,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	31,0
Gjöld samtals	**84,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,9

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	7,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,0

m.kr.

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisspítalar 724,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 724,0

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur 699,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 699,0

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjakaup, óskipt 22,0
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða ... 29,1
Stofnkostnaður samtals 51,1

Gjöld samtals 51,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,1

08-385 Framkvæmdasjóður aldraða

Almennur rekstur:
1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraða .. 25,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 25,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.53 Tóbaksvarnir 3,5
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili 5,0

	m.kr.
1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	4,0
Almennur rekstur samtals	12,5
Gjöld samtals	**12,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,5

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:	
1.11 Seljahlíð, Reykjavík	0,1
1.13 Hornbrekka, Ólafsfirði	0,1
1.15 Dalbær, Dalvík	0,1
1.17 Hulduhlíð, Eskifirði	0,1
1.21 Höfði, Akranesi	0,1
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	0,1
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	0,1
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,1
1.39 Lundur, Hellu	0,1
1.41 Hrafnista, Reykjavík	1,1
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði	1,0
1.45 Grund, Reykjavík	0,7
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,2
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	0,2
1.51 Fellsendi, Búðardal	0,1
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	36,5
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	0,1
1.59 Reynslusveitarfélag Akureyri	0,3
1.61 Reynslusvetiarfélag Höfn	0,1
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	0,1
1.69 Múlabær, Reykjavík	0,1
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	0,1
1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	67,0
Almennur rekstur samtals	108,5
Gjöld samtals	**108,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,5

m.kr.

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	938,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	938,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	15,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	74,0
6.55 Ferjur og flóabátar	30,0
Stofnkostnaður samtals	104,0
Gjöld samtals	**119,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	119,0

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	16,7
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	0,3
Almennur rekstur samtals	17,0
Gjöld samtals	**17,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**12,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,3

10-472 Flugvellir

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur flugvalla	11,0

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.80 Flugvellir, framkvæmdir	-18,0
Gjöld samtals	**-7,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,0
Viðskiptahreyfingar	-31,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	1,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	1,5
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	4,0
Almennur rekstur samtals	5,5
Gjöld samtals	**5,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,5

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	4,0
Sértekjur:	
Sértekjur	2,4
Gjöld umfram tekjur	**6,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,4

Fjárveiting á viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna aðlögunarsamninga við ýmis félög háskólamenntaðra starfsmanna sjúkrahúsa, sbr. brtt. í þskj. 548, skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-358 1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	23,8
08-711 1.11	Heilbrigðisstofnunin Akranesi, sjúkrasvið	4,5
08-715 1.11	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi, sjúkrasvið	1,1
08-721 1.11	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, sjúkrasvið	0,7
08-725 1.11	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, sjúkrasvið	2,7
08-731 1.11	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík, sjúkrasvið	0,5
08-735 1.11	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, sjúkrasvið	0,4
08-741 1.11	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, sjúkrasvið	0,9
08-745 1.11	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, sjúkrasvið	1,3
08-751 1.11	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, sjúkrasvið	2,7
08-755 1.11	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, sjúkrasvið	1,3
08-761 1.11	Heilbrigðisstofnunin Húsavík, sjúkrasvið	2,4
08-765 1.11	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, sjúkrasvið	1,2
08-771 1.11	Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði, sjúkrasvið	0,7
08-775 1.11	Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað, sjúkrasvið	1,8
08-781 1.11	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, sjúkrasvið	1,9
08-785 1.11	Heilbrigðisstofnunin Selfossi, sjúkrasvið	2,7
08-791 1.11	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sjúkrasvið	3,3

Fjárveiting viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna endurmats á áhrifum af kjarasamningum lækna á launaútgjöld hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana, sbr. brtt. í þskj. 548, skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-407 1.01	Sundabúð II, Vopnafirði	0,1
08-408 1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	0,3
08-409 1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	0,6
08-410 1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	0,6
08-411 1.01	Garðvangur, Garði	0,2
08-412 1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	0,4
08-413 1.01	Droplaugarstaðir	0,3
08-420 1.01	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	0,4
08-421 1.01	Víðines	0,1
08-422 1.01	Hlaðgerðarkot	0,1
08-430 1.01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	0,4
08-431 1.01	Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands	0,4
08-435 1.01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	0,1
08-490 1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	0,1

Fjárveiting á viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna endurmats á breytingum á launakjörum heilsugæslulækna, sbr. brtt. í þskj. 548, skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-505 1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	2,2
08-522 1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	0,8
08-524 1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,2
08-525 1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,1
08-526 1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	0,2
08-551 1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,2
08-552 1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	0,3
08-553 1.01	Heilsugæslustöðin Akureyri	3,5
08-558 1.01	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	0,2
08-561 1.01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	1,2
08-565 1.01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	0,2
08-566 1.01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	0,1
08-567 1.01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	0,1
08-568 1.01	Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	0,2
08-571 1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,1
08-572 1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,1
08-574 1.01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	0,2
08-575 1.01	Heilsugæslustöðin Hellu	0,5
08-576 1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	0,4
08-578 1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	0,3
08-579 1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,5
08-582 1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	1,3
08-583 1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	2,6
08-584 1.01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	7,1
08-585 1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	0,8
08-586 1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	1,5
08-711 1.01	Heilbrigðisstofnunin Akranesi, heilsugæslusvið	0,6
08-715 1.01	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi, heilsugæslusvið	0,2
08-721 1.01	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, heilsugæslusvið	0,4
08-725 1.01	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, heilsugæslusvið	1,1
08-731 1.01	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík, heilsugæslusvið	0,4
08-735 1.01	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, heilsugæslusvið	0,2
08-741 1.01	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, heilsugæslusvið	0,2
08-745 1.01	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, heilsugæslusvið	0,6
08-751 1.01	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, heilsugæslusvið	0,9
08-755 1.01	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, heilsugæslusvið	0,4
08-765 1.01	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, heilsugæslusvið	0,8
08-775 1.01	Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað, heilsugæslusvið	0,5
08-781 1.01	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, heilsugæslusvið	0,9
08-785 1.01	Heilbrigðisstofnunin Selfossi, heilsugæslusvið	1,2
08-791 1.01	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, heilsugæslusvið	1,0

631. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1999.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 484 (sbr. 1) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:
Árið 1999 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**165.994,7**	**161.269,7**
Skattar á tekjur einstaklinga	34.580,0	33.028,0
Skattar á tekjur lögaðila	7.413,0	6.546,0
Tryggingagjöld	16.983,0	16.558,0
Eignarskattar	8.367,0	8.222,0
Virðisaukaskattur	61.871,0	60.474,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	35.473,7	35.144,7
Skattar ótaldir annars staðar	1.307,0	1.297,0
Aðrar rekstrartekjur	**14.328,8**	**12.400,8**
Arðgreiðslur	2.947,0	2.947,0
Vaxtatekjur	6.994,0	5.086,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	4.387,8	4.367,8
Sala eigna	3.716,0	3.716,0
Fjármagnstilfærslur	50,0	50,0
Fjárframlög	727,5	727,5
Tekjur samtals	**184.817,0**	**178.164,0**
Æðsta stjórn ríkisins	1.665,2	1.665,2
Forsætisráðuneyti	1.340,2	1.340,2
Menntamálaráðuneyti	19.918,4	19.918,4
Utanríkisráðuneyti	3.185,2	3.185,2

Landbúnaðarráðuneyti	8.668,3	8.668,3
Sjávarútvegsráðuneyti	2.468,2	2.468,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	9.917,2	9.917,2
Félagsmálaráðuneyti	10.800,2	10.800,2
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	66.326,2	66.301,2
Fjármálaráðuneyti	25.557,8	14.287,8
Samgönguráðuneyti	11.614,1	12.268,9
Iðnaðarráðuneyti	1.620,8	1.620,8
Viðskiptaráðuneyti	1.276,3	1.276,3
Hagstofa Íslands	287,3	287,3
Umhverfisráðuneyti	2.730,5	2.730,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.000,0	10.700,0
Gjöld samtals	**182.375,9**	**167.435,7**
Tekjujöfnuður	**2.441,1**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Árið 1999 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	2.441,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	5.856,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-655,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-630,0
Handbært fé frá rekstri	**7.012,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-4.825,0
Afborganir veittra lána	7.500,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-900,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	8.300,0
Fjármunahreyfingar samtals	**9.675,0**

Hreinn lánsfjárjöfnuður	**16.687,0**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	2.000,0
Afborganir lána	-25.800,0
Fjármögnun samtals	**-23.800,0**
Breyting á handbæru fé	**-7.113,0**

B-hluti.
Fjárreiður ríkisfyrirtækja.

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1999 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

	Hagnaður tap, m.kr.	Arður til ríkissj., m.kr.	Fjárfesting, m.kr.	Lántökur, m.kr.
Happdrætti Háskóla Íslands	313,0	0	5,0	0
Lyfjabúð Háskóla Íslands	0	0	0	0
Ríkisútvarpið	11,0	0	630,0	400,0
Þjóðleikhúsið	-33,0	0	0	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-47,0	0	0	0
Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli	470,0	410,0	40,0	0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	176,0	0	609,0	525,0
Ratsjárstofnun	0	0	10,0	0
Umsýslustofnun varnarmála	5,0	6,0	0	0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.710,0	2.908,0	45,0	0
Alþjóðaflugþjónustan	0	0	30,0	50,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-64,0	150,0	748,0	0
Samtals	**3.541,0**	**3.474,0**	**2.117,0**	**975,0**

C-hluti.
Fjárreiður lánastofnana.

4. gr. hljóðar svo:

Árið 1999 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

	Hagnaður tap, m.kr.	Veitt lán, m.kr.	Fjárfesting, m.kr.	Lántökur, m.kr.
Byggðastofnun	244,0	1.300,0	0	1.100,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	243,0	3.140,0	16,0	3.100,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-36,0	0	0	0
Lánasjóður landbúnaðarins	25,0	1.200,0	0	1.200,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-540,0	0	0	750,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	-141,0	23.950,0	0	23.320,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	184,0	1.060,0	0	870,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	6,0	1.385,0	0	1.360,0
Íblánasj., byggsj. ríkis og verkm	-2.465,0	450,0	45,0	5.370,0
Hafnabótasjóður	-32,0	30,0	0	0
Ferðamálasjóður	14,0	130,0	0	360,0
Orkusjóður	-3,0	60,0	0	0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	-80,0	0	3,0	0
Samtals	**-2.581,0**	**32.705,0**	**64,0**	**37.460,0**

Ýmis ákvæði.
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

5. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 2.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 4.825 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.100 m.kr.
   - 2.2 Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 750 m.kr.
   - 2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 50 m.kr.
   - 2.4 Ríkisútvarpsins allt að 400 m.kr.
   - 2.5 Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar allt að 525 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 1999 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í lið 3.1 til 3.9, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins:

   3.1 Landsvirkjun, allt að 14.900 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 23.320 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 870 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.4 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum og eftirstöðva framkvæmdalána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 5.370 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.5 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 1.360 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.6 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.200 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   3.7 Byggðastofnun, allt að 1.100 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
   3.8 Ferðamálasjóði, allt að 360 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum
   3.9 Hitaveitu Suðurnesja allt að 1.000 m.kr. sbr. 1. og 11. gr. laga nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, með áorðnum breytingum.

4. Ýmis ákvæði.

   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs, sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.
   4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
      a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
      b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
      c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta, eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

Heimildir

7. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknartækjum sem eru gefin vísindastofnunum eða keypt fyrir styrki.

1.2 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt eru til landsins á vegum Landsíma Íslands hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

1.3 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði sem keypt er í tengslum við stækkun og breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo og að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna í tengslum við framkvæmdirnar. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og virðisaukaskatt af vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdirnar og skal við ákvörðun um endurgreiðslu gjalda af vinnuvélunum höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við framkvæmdirnar.

1.4 Að endurgreiða Listahátíð í Reykjavík skatta og önnur opinber gjöld sem lögð eru á Listahátíð og renna í ríkissjóð eða til stofnana á vegum ríkisins.

1.5 Að endurgreiða sveitarfélögum allt að 20 m.kr. vegna kaupa þeirra á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða á árinu 1999, í samræmi við yfirlýsingu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 1996.

1.6 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar ehf. vegna fjármögnunar jarðganga.

1.7 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugfélagsins Atlanta ehf. á níu flugvélum sem bera einkennisstafina TF-ABD, TF-ABE, TF-ABF, TF-ABI, TF-ABN, TF-ABT, TF-ABV, TF-ABY og TF-ABW.

1.8 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu MK Flugfélagsins ehf. á flugvél sem ber einkennisstafina TF-MKH.

1.9 Að fella niður stimpilgjöld vegna veðsetningar Flugfélags Íslands hf. á tveimur flugvélum sem bera einkennisstafina TF-JME og TF-JML.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.

2.2 Að selja fasteignina Borgartún 6, Reykjavík.

2.3 Að selja fasteignina Tryggvagötu 28, Reykjavík, og verja andvirði hennar til að endurbæta húsnæði Tryggingastofnunar og húsnæði ríkistollstjóra.
2.4 Að selja fasteignina Drekavog 16, Reykjavík.
2.5 Að selja fasteignina Sæbraut 2, Seltjarnarnesi.
2.6 Að selja íbúðarhús sem tilheyra Bændaskólanum á Hvanneyri og verja söluandvirðinu til skólans.
2.7 Að selja læknisbústað og heilsugæslustöð að Kleppjárnsreykjum í Reykholtsdal, Borgarfirði, og verja andvirði þeirra til að kaupa eða endurbæta leiguhúsnæði fyrir heilsugæsluna í Reykholtsskóla.
2.8 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Aðalgötu 7, Stykkishólmi.
2.9 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.
2.10 Að selja flugstöð á Suðureyri.
2.11 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði, og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.
2.12 Að selja prestssetrið Hólabraut 1, Skagaströnd.
2.13 Að selja prestsseturshúsið Glaumbæ, Skagafjarðarprófastsdæmi.
2.14 Að selja prestssetrið Suðurbraut 27, Hofsósi.
2.15 Að selja húsnæði lögreglunnar við Vesturgötu 17, Ólafsfirði, og kaupa annað hentugra.
2.16 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
2.17 Að selja íbúðarhúsið að Austurvegi 8, Hrísey, og verja andvirðinu til viðhalds dýralæknabústaða í eigu ríkisins.
2.18 Að selja fasteignir Ríkisútvarpsins að Ytri-Skjaldarvík, Glæsibæjarhreppi.
2.19 Að selja fasteignina Hrísalund 1b, Akureyri.
2.20 Að selja flugstöð í Grímsey.
2.21 Að selja prestsseturshúsið Laufási, Þingeyjarprófastsdæmi.
2.22 Að selja prestssetrið Baldursbrekku 11, Húsavík.
2.23 Að selja skrifstofuhúsnæði á Kópaskersflugvelli.
2.24 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.25 Að selja farþegaskýli og tækjageymslu á flugvellinum á Borgarfirði eystri.
2.26 Að selja farþegaskýli á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.27 Að selja prestssetrið Þykkvabæ, Rangárvallaprófastsdæmi.
2.28 Að selja prestssetrið Ránarbraut 1, Grindavík.
2.29 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfsemi stofnunarinnar.
2.30 Að selja dýralæknabústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
2.31 Að selja bústað varamanns sendiherra í New York og kaupa eða leigja annan í staðinn.
2.32 Að selja sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og verja andvirðinu til byggingar sendiherrabústaðar í Berlín.
2.33 Að selja bústað varamanns sendiherra í Ósló og kaupa eða leigja annan í staðinn.
2.34 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.35 Að selja fasteignina Laugaveg 176, Reykjavík, og verja andvirðinu til að innrétta aðstöðu fyrir Sjónvarpið í Útvarpshúsinu, Efstaleiti 1, Reykjavík.

2.36 Að selja fasteignina Tjarnarbraut 39a, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.37 Að selja fasteignina Tjarnarbraut 39b, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.38 Að selja fasteignina Tjarnarbraut 39c, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.39 Að selja fasteignina Austurstræti 16 og verja andvirðinu til að greiða upp lán sem tekin voru vegna kaupa á húsinu og til bygginga í þágu Háskóla Íslands.
2.40 Að selja fasteignina Bjarkargötu 6 og verja andvirðinu til bygginga í þágu Háskóla Íslands.
2.41 Að selja íbúðarhús að Eiðum, Eiðahreppi, Suður-Múlasýslu.
2.42 Að selja fasteignina Axelshús í landi Reykja í Hveragerði og ráðstafa andvirðinu til hinnar nýju garðyrkjumiðstöðvar Garðyrkjuskóla ríkisins.
2.43 Að hafa makaskipti á húsnæði Vegagerðarinnar í Borgarnesi og öðru hentugra.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Laugavegi 24, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Laugalækjarskóla í Reykjavík og verja andvirðinu til uppbyggingar Kennaraháskóla Íslands.
3.3 Að selja geymsluhúsnæði Þjóðminjasafns Íslands við Dugguvog 12, Reykjavík.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Krummahólum 4, Reykjavík.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Árkvörn 2, Reykjavík.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Hringbraut 119, Reykjavík.
3.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Yrsufelli 18, Reykjavík.
3.8 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Grettisgötu 98, Reykjavík.
3.9 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Borgartúni 21, Reykjavík.
3.10 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.11 Að selja eignarhlut Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.12 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Álfaskeiði 78, Hafnarfirði.
3.13 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Selvogsgötu 14, Hafnarfirði.
3.14 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað við Hjalla 4, Patreksfirði.
3.15 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Hvammstangabraut 13a, Hvammstanga.
3.16 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Víðigrund 2, Sauðárkróki, og verja andvirðinu til uppbyggingar endurhæfingaraðstöðu fyrir Sjúkrahúsið Sauðárkróki.
3.17 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Sjúkrahúsinu á Húsavík.
3.18 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Sjúkrahúsinu á Húsavík.
3.19 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í véla- og verkfærageymslu á jörðinni Grímstungu í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
3.20 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.21 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarði 4, Egilsstöðum, og verja andvirðinu til viðhalds og stofnkostnaðar.

3.22 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað við Laufás 4, Egilsstöðum, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.23 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Hafnarbraut 27, Höfn, og kaupa eða byggja hentugra húsnæði.
3.24 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað að Þrúðvangi 22, Hellu, og verja andvirðinu til kaupa á hentugra húsnæði.
3.25 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.26 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.27 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.28 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.29 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Aðalstræti 26, Þingeyri, Ísafjarðarbæ, og verja andvirðinu til að ljúka byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar og dvalar- og hjúkrunarheimilis á sama stað.
3.30 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Klausturhólum, Flatey, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu
3.31 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Vesturbergi 100, Reykjavík.
3.32 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Ásgarði 18, Reykjavík.
3.33 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hrafnhólum 6, Reykjavík.
3.34 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Sigtúni 37, Reykjavík.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja 6.577 fermetra landspildu Vegagerðarinnar við Stórhöfða, Reykjavík.
4.2 Að selja landspildu við Selvatn, Mosfellsbæ.
4.3 Að selja landspildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.4 Að selja íbúðar- og útihús á Kópareykjum í Reykholtsdal, Borgarfjarðarsýslu.
4.5 Að selja jörðina Laugaból í Ísafjarðarbæ, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
4.6 Að selja jörðina Gervidal í Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.7 Að selja jörðina Þverá í Ólafsfirði.
4.8 Að selja lóðina Glerá 3, Akureyri.
4.9 Að selja íbúðarhúsið að Krosshúsum í Flatey á Skjálfanda.
4.10 Að selja allt að 36 ha landspildu úr jörðinni Geitafelli í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.11 Að selja jörðina Halldórsstaði í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.12 Að selja jörðina Hól í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
4.13 Að selja jörðina Ánastaði á Héraði, Norður-Múlasýslu.
4.14 Að selja jörðina Gvendarnes (Hafnarnes) í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.15 Að selja jörðina Kambsel í Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.16 Að selja jörðina Haug í Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu.
4.17 Að semja um makaskipti á landspildum við Litla-Hraun, Eyrarbakka, Árnessýslu.
4.18 Að selja hluta af jörðinni Stöðlum í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.19 Að selja hluta af jörðinni Króki í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.20 Að selja hluta af jörðunum Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfushreppi, Árnessýslu.

4.21 Að selja jörðina Arnhólsstaði í Skriðdal, Suður-Múlasýslu.
4.22 Að selja jörðina Traðir í Staðarsveit, Snæfellsbæ.
4.23 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði, Eyrarsveit.
4.24 Að selja eyðijörðina Laugaból í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ.
4.25 Að selja jörðina Stekk, Hafnarfirði.
4.26 Að selja jörðina Glaumbæ í Staðarsveit, Snæfellsbæ.
4.27 Að selja spildur úr landi Reykhóla, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.
4.28 Að selja hluta lóðar Ríkisútvarpsins, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.2 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.4 Að selja, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra, hlutabréf ríkissjóðs í Hólalaxi hf. og verja söluandvirðinu til Bændaskólans á Hólum.
5.5 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja allt að 9 m.kr. af söluandvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Framkvæmdasjóð Íslands og Endurlán ríkisins.
5.6 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Internet á Íslandi hf.

Ráðstöfun annarra eigna

6.1 Að afhenda safnaðarstjórn Eiðasóknar Eiðakirkju.
6.2 Að selja rekstur Lyfjabúðar Háskóla Íslands.
6.3 Að selja þyrluna TF-GRO.
6.4 Að selja Hríseyjarferjuna Sævar.
6.5 Að selja hluta af heitavatnsréttindum jarðarinnar Mosfells í Mosfellsdal, Kjalarnesprófastsdæmi.

Kaup og leiga fasteigna

7.1 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
7.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
7.3 Að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.4 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskólann í Breiðholti og taka til þess nauðsynleg lán.
7.5 Að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Þjóðminjasafn Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
7.6 Að kaupa eða leigja skrifstofuhúsnæði fyrir yfirskattanefnd.
7.7 Að kaupa jarðir vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs á Snæfellsnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.8 Að kaupa jörðina Kvíabryggju, Eyrarsveit.
7.9 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrustofu í Bolungarvík og taka til þess nauðsynleg lán.

7.10 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir lögregluna á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.11 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrustofu á Sauðárkróki og taka til þess nauðsynleg lán.
7.12 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrustofu í Vestmannaeyjum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.13 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
7.14 Að kaupa eignarhlut Íþróttasambands Íslands í húseign Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni og taka til þess nauðsynleg lán.
7.15 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.16 Að kaupa sumarbústaði í landi þjóðgarðsins á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.17 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
7.18 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra í Helsinki og taka til þess nauðsynleg lán.
7.19 Að kaupa læknisbústað á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.20 Að kaupa eða leigja húsnæði í Þorlákshöfn fyrir aðstöðu fyrir lögreglu og sýslumannsembættið og taka til þess nauðsynleg lán.
7.21 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir heilsugæslulækni á Eskifirði og taka til þess nauðsynleg lán.
7.22 Að kaupa eða leigja húsnæði á Sundasvæðinu fyrir afgreiðslu og eftirlit hjá tollstjóranum í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.23 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.24 Að kaupa jarðirnar Vestaraland I og III og Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.25 Að kaupa viðbótarhúsnæði til nota fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
7.26 Að kaupa eða leigja húsnæði í nágrenni Alþingishússins fyrir starfsaðstöðu Alþingis og taka til þess nauðsynleg lán.
7.27 Að kaupa eða leigja húsnæði í Grundarfirði fyrir aðstöðu fyrir lögreglu og sýslumannsembættið og taka til þess nauðsynleg lán.
7.28 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Brunamálastofnun ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

8.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi 1999 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
8.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1999, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
8.3 Að heimila, með samþykki samgönguráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi sem fyrirhugað er að stofna ásamt Hugrúnu ehf. og fleirum til að efla þróunarstarf og stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á sviði upplýsingatækni um veður og sjólag til sjófarenda.

8.4 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
8.5 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
8.6 Að ábyrgjast mögulegar skaðabótaskyldar afleiðingar af töku lyfsins Thalidomide.
8.7 Að semja við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um stofnfjárgreiðslu ríkissjóðs til sjóðsins af söluandvirði hlutafjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.
8.8 Að ráðstafa allt að 20% arðs af eign ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.
8.9 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.
8.10 Að gera samning við aðra stofnaðila sjálfseignarstofnunarinnar Minjaverndar um breytt rekstrarform hennar og semja um eignarhlut stofnaðila.
8.11 Að semja við Súðavíkurhrepp um mismun söluverðs og kaupverðs sumarhúsa sem keypt voru í kjölfar snjóflóðs sem féll þann 16. janúar 1995.
8.12 Að stofna eignarhaldsfélög um eignarhlut ríkissjóðs í einstökum félögum sem tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytis á móti eignarhlut þriðju aðila, með það að markmiði að öflugri eignarhaldsfélög geti átt frumkvæði að stofnun nýrra iðnfyrirtækja m.a. með hlutafjárútboði. Meðferð eignarhluta ríkissjóðs í slíkum eignarhaldsfélögum skal háð sömu takmörkunum og gilda um eignarhlutinn nú.
8.13 Að endurgreiða Vegagerðinni kostnað vegna slita félagsins Skallagríms hf.
8.14 Að ráðstafa, að fengnum tillögum iðnaðarráðherra, allt að 80 m.kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Sérstaklega skal huga að atvinnusköpun á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði.
8.15 Að semja, í samráði við fjárlaganefnd, við Breiðdalshrepp um niðurfellingu vaxta og verðbóta af skuld hreppsins við Hafnabótasjóð.
8.16 Að semja við Reykjavíkurborg um uppgjör skuldbindinga samkvæmt samningi ríkis og Reykjavíkurborgar frá 17. desember 1998 um Sjúkrahús Reykjavíkur.
8.17 Að semja, að fengnum tillögum nefndar um þjóðhagslega hagkvæmni grasköglaframleiðslu, við framleiðendur um endurskipulagningu grasköglaframleiðslu í landinu, stuðningsaðgerðir við greinina, skuldbreytingu og niðurfellingu lána.
8.18 Að veita kvikmyndafélögum stuðning vegna framleiðslu kvikmynda hér á landi, enda verði sett sérstök lög þar sem nánar verði kveðið á um þær reglur sem um stuðning þennan eiga að gilda.
8.19 Að semja um lokauppgjör á skuldum lítilla hitaveitna við ríkissjóð.
8.20 Að semja við Reykhólahrepp um lokauppgjör skulda vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar í kjölfar sölu á hitaveitu Reykhólahrepps.
8.21 Að semja við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.
8.22 Að verja allt að 5 m.kr. til að styrkja starfsemi þingflokka sem starfa á Alþingi á vegum stjórnmálasamtaka sem ekki uppfylla skilyrði samkvæmt fjárlagalið 09-999 1.18.

Sundurliðun 1.
Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, **tekjur A-hluta**, hljóðar skv. brtt. á þskj. 552.

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir breytast eða bætast við og hljóða svo:

		m.kr.
00-205	**Framkvæmdir á Alþingisreit**	
	Stofnkostnaður:	
6.50	Nýbygging	100,0
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	100,0
01-190	**Ýmis verkefni**	
	Almennur rekstur:	
1.11	Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,5
1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,0
1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15,3
1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,1
1.23	Hrafnseyri	4,0
1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	2,5
1.42	Grænlandssjóður	1,0
1.52	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	27,0
1.53	Landafundanefnd	130,5
1.90	Ýmis verkefni	12,1
	Almennur rekstur samtals	212,0
	Stofnkostnaður:	
6.52	Minningarkapella á Ljósavatni	7,0
6.53	Stafkirkja í Vestmannaeyjum	20,0
	Stofnkostnaður samtals	27,0
	Gjöld samtals	**239,0**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	238,0
	Innheimt af ríkistekjum	1,0

m.kr.

01-221 Byggðastofnun

Almennur rekstur:	
1.10 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	65,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Byggðastofnun	137,0
6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	300,0
Stofnkostnaður samtals	437,0
Gjöld samtals	**502,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	502,0

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	307,9
1.02 Rannsóknastarfsemi	27,1
Almennur rekstur samtals	335,0
Gjöld samtals	**335,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,1
Gjöld umfram tekjur	**316,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	316,9

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.08 Menntaskólinn í Kópavogi	90,0
6.54 Fjölbrautaskóli Vesturlands	25,0
6.56 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	5,0
6.58 Verkmenntaskóli Austurlands	9,0
6.60 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	65,0

	m.kr.
6.65 Borgarholtsskóli	60,0
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	214,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	10,0
Stofnkostnaður samtals	478,0
Gjöld samtals	**478,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	478,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	21,0
1.12 Orlof kennara	43,7
1.13 Forfallakennsla	45,5
1.14 Sérkennsla	85,5
1.15 Prófkostnaður	46,2
1.16 Nýjungar í skólastarfi	21,4
1.17 Námsskrárgerð	29,8
1.18 Námsefnisgerð	16,2
1.19 Kennslueftirlit	5,0
1.20 Framhaldsdeildir	7,3
1.21 Nám tannsmiða	7,0
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna	5,6
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,6
1.26 Þróunarsjóður	14,0
1.27 Íslenskukennsla	12,6
1.28 Mat á skólastarfi	22,6
1.30 Endurmenntun	21,9
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	10,0
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	9,0
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	0,5
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	61,9
1.51 Fjarkennsluverkefni á Norðurlandi vestra	7,0
1.53 Fjarkennsluverkefni á Suðurlandi	7,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	111,3
Almennur rekstur samtals	612,6
Gjöld samtals	612,6

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	612,6

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	228,2
1.10 Skólaakstur	31,6
Almennur rekstur samtals	259,8
Gjöld samtals	**259,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	259,8

02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	306,9
Stofnkostnaður:	
6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	46,5
6.71 Íslenskar fornbókmenntir á Netinu	7,0
Stofnkostnaður samtals	77,0
Gjöld samtals	**383,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-67,9
Gjöld umfram tekjur	**316,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	316,0

m.kr.

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	71,8
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar	3,9
Almennur rekstur samtals	75,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Listaverkakaup	12,0
Gjöld samtals	**87,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,2
Gjöld umfram tekjur	**74,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	74,5

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	480,0
6.91 Langbylgjumastur á Gufuskálum og á Eiðum	50,0
6.92 Kaupangur á Vopnafirði	5,0
Stofnkostnaður samtals	535,0
Gjöld samtals	**535,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	535,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	154,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	154,9

m.kr.

02-981 Kvikmyndasjóður

Almennur rekstur:		
1.01	Kvikmyndasjóður	160,7
1.02	Kvikmyndasafn Íslands	15,7
Almennur rekstur samtals		176,4
Gjöld samtals		**176,4**
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		176,4

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:		
1.14	Bókasafnssjóður höfunda	17,8
1.15	Þýðingarsjóður	7,6
1.16	Bókmenntakynningarsjóður	5,5
1.22	Starfsemi áhugaleikfélaga	16,2
1.23	Bandalag íslenskra leikfélaga	3,0
1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	20,0
1.25	Starfsemi hljómsveita	2,5
1.27	Tónlist fyrir alla	3,5
1.28	Barnamenningarsjóður	2,0
1.29	Íslensk tónverkamiðsstöð	7,6
1.30	Íslenska óperan	61,2
1.40	Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	37,1
1.51	Höfundaréttarsjóður	47,0
1.53	Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald	4,0
1.54	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir	1,0
1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	14,3
1.76	Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80	Listahátíð í Reykjavík	5,5
1.81	Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.82	Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000	50,0
1.90	Listir	40,4
Almennur rekstur samtals		356,4
Gjöld samtals		**356,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 356,4

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:
1.90 Norræn samvinna 13,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,5

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:
1.10 Æskulýðsráð ríkisins 2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands 22,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta 9,0
1.17 Landssamband KFUM og KFUK 6,0
1.90 Æskulýðsmál 6,0
Almennur rekstur samtals 45,0

Gjöld samtals **45,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 31,7
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra 1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra 12,5
1.15 Skólaíþróttir 3,0
1.16 Íþróttasjóður 16,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 2,0
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands 1,0
1.19 Handknattleikssamband Íslands 14,0
1.20 Glímusamband Íslands 3,5
1.21 Skáksamband Íslands 7,5

	m.kr.
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	6,7
1.25 Skákskóli Íslands	3,1
1.27 Landssamband akstursíþróttafélaga	1,0
1.30 Bridgesamband Íslands	3,0
1.90 Ýmis íþróttamál	23,3
Almennur rekstur samtals	130,1
Stofnkostnaður:	
6.12 Bridgesamband Íslands, byggingarstyrkur	3,0
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	10,0
Stofnkostnaður samtals	13,0
Gjöld samtals	**143,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	143,1

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Forvarnastarf í skólum	5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd	2,5
1.43 Skriðuklaustur	4,0
1.44 Snorrastofa	2,6
1.45 Eiríksstaðanefnd	20,0
1.90 Ýmis framlög	12,6
Almennur rekstur samtals	46,7
Stofnkostnaður:	
6.93 Snorrastofa	8,0
Gjöld samtals	**54,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,7

m.kr.

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsráð Íslands 145,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,0

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 69,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur 67,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,2

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Bændasamtök Íslands 92,9
1.10 Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri 4,7
1.91 Kynbótastöðvar 25,2
1.92 Héraðsbúnaðarsambönd 53,1
1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri 3,3
Almennur rekstur samtals 179,2

Stofnkostnaður:
6.95 Búfjárræktarframlög 30,0
6.97 Jarðabætur 40,0
Stofnkostnaður samtals 70,0

Gjöld samtals 249,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 249,2

m.kr.

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 68,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **66,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,5
Innheimt af ríkistekjum 33,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða 25,0
1.13 Átak til að draga úr ofbeit hrossa 7,5
1.91 Loðdýrafóður 53,0
Almennur rekstur samtals 85,5

Gjöld samtals **85,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,5

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.11 Námsleyfi lögfræðinga 2,4
1.21 Próf málflytjenda 5,6
1.22 Próf skjalaþýðenda 0,9
1.23 Próf fasteignasala 1,7
1.31 Matsnefnd eignarnámsbóta 2,9
1.32 Tölvunefnd 4,6
1.33 Mannanafnanefnd 1,3
1.34 Örorkumatsnefnd 12,1
1.41 Útgáfa norræns dómasafns 0,6

	m.kr.
1.42 Norræn samvinna á sviði sakfræði	0,4
1.43 Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	3,0
1.44 Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	1,2
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0
1.51 Innheimta meðlaga	3,1
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga	5,6
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð	0,3
1.73 Rannsókn á viðurlögum við afbrotum	2,4
1.82 Biblíuþýðingar	3,6
Almennur rekstur samtals	55,7
Gjöld samtals	**55,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,2
Gjöld umfram tekjur	**39,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,9
Innheimt af ríkistekjum	1,6

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðsdómstólar	428,9
1.11 Meðdómsmenn	11,2
Almennur rekstur samtals	440,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	16,5
Gjöld samtals	**456,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	456,6

m.kr.

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	228,5
1.05 Innheimta sekta	20,4
Almennur rekstur samtals	248,9
Gjöld samtals	**248,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	248,9

06-397 Schengen samstarf

Almennur rekstur:	
1.01 Schengen samstarf	14,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	82,2
Gjöld samtals	**96,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	96,2

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	31,0
1.20 Löggæsla	37,2
Almennur rekstur samtals	68,2
Gjöld samtals	**68,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**67,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,8

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald húseigna 5,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0
6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi 40,0
6.19 Húsnæði sýslumannsins á Hólmavík 10,0
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna 77,0
Stofnkostnaður samtals 132,0

Gjöld samtals **137,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 137,0

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðkirkja Íslands 657,8
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands 1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði 1,2
1.91 Skálholtsskóli 6,8
Almennur rekstur samtals 667,0

Stofnkostnaður:
6.21 Skálholtsstaður 6,0
6.22 Hallgrímskirkja 6,0
6.23 Hóladómkirkja 3,0
6.25 Dómkirkjan 3,0
6.26 Auðunarstofa 12,0
Stofnkostnaður samtals 30,0

Gjöld samtals **697,0**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-26,3
Gjöld umfram tekjur	**670,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	670,7

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	126,0
1.90 Reynslusveitarfélög	3,3
1.99 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	7,6
Almennur rekstur samtals	136,9
Gjöld samtals	**136,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**136,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	136,8

07-311 Jafnréttisráð

Almennur rekstur:	
1.01 Jafnréttisráð	28,1
1.10 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	3,9
1.12 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	4,1
Almennur rekstur samtals	36,1
Gjöld samtals	**36,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,1

m.kr.

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:		
1.01	Yfirstjórn	40,5
1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	146,6
1.21	Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	66,7
1.50	Meðferðarstöð ríkisins	85,5
Almennur rekstur samtals		339,3
Gjöld samtals		**339,3**
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		339,3

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:		
1.20	Vistun geðfatlaðra	35,8
1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	37,8
1.80	Starfsþjálfun	18,8
1.81	Tölvumiðstöð fatlaðra	4,7
1.90	Ýmis verkefni	39,9
1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	29,6
1.93	Ný sambýli	60,0
Almennur rekstur samtals		226,6
Gjöld samtals		**226,6**
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		226,6

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:		
1.20	Sambýli	87,5
1.30	Vinnustofan Ás	30,1
1.60	Dagvistun Lækjarási	42,1
1.61	Dagvistun Bjarkarási	46,0
1.62	Dagvistun Lyngási	68,2
1.63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	20,5

	m.kr.
1.64 Skammtímavistun Hólabergi	16,8
Almennur rekstur samtals	311,2
Gjöld samtals	**311,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,1
Gjöld umfram tekjur	**297,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	297,1

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.905,0
1.12 Jöfnun húsaleigubóta	285,6
Almennur rekstur samtals	3.190,6
Stofnkostnaður:	
6.21 Einsetning grunnskóla	265,0
Gjöld samtals	**3.455,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.455,6

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	2.050,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	51,5
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	103,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	135,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd	21,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	200,0
1.41 Framlög og styrkir	35,0
1.45 Starfsmenntasjóður	50,0

	m.kr.
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	51,5
Almennur rekstur samtals	2.697,0
Gjöld samtals	**2.697,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-41,0
Gjöld umfram tekjur	**2.656,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.656,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	11,1
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992	62,8
1.30 Sjómannastofur	0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir	37,1
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	4,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	20,8
1.41 Stígamót	10,1
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	8,0
1.44 Byrgið, líknarfélag	2,0
1.50 Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	2,2
1.53 Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	3,2
1.60 Verkefni á sviði húsnæðismála	14,3
1.90 Ýmis framlög	27,5
Almennur rekstur samtals	203,6
Gjöld samtals	**203,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	203,6

m.kr.

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	732,5
1.90 Rekstrarhagræðing	15,0
Almennur rekstur samtals	747,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,5
Gjöld samtals	**778,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-164,5
Gjöld umfram tekjur	**613,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	613,5

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	210,0
1.15 Umönnunarbætur	580,0
1.21 Makabætur	30,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	75,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	200,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	58,0
1.41 Heimilisuppbót	1.565,0
1.45 Sérstök heimilisuppbót	150,0
1.51 Uppbætur	2.000,0
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	82,0
Almennur rekstur samtals	4.950,0
Gjöld samtals	**4.950,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.950,0

m.kr.

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:		
1.11	Ellilífeyrir	4.450,0
1.15	Örorkulífeyrir	1.600,0
1.21	Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.500,0
1.25	Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.410,0
1.31	Örorkustyrkur	240,0
1.35	Barnalífeyrir	945,0
1.41	Fæðingarorlof	1.575,0
1.91	Annað	40,0
Almennur rekstur samtals		17.760,0
Gjöld samtals		**17.760,0**
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		17.760,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:		
1.11	Lækniskostnaður	1.750,0
1.15	Lyf	4.100,0
1.21	Hjálpartæki	670,0
1.25	Hjúkrun í heimahúsum	75,0
1.31	Þjálfun	580,0
1.35	Tannlækningar	810,0
1.41	Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	98,0
1.45	Brýn meðferð erlendis	370,0
1.51	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	42,0
1.55	Sjúkradagpeningar	215,0
1.91	Annað	50,0
Almennur rekstur samtals		8.760,0
Gjöld samtals		**8.760,0**
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		8.760,0

m.kr.

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjónstöð Íslands	48,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**47,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,1

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.876,8
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	21,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	35,0
6.50 Nýbygging	35,0
Stofnkostnaður samtals	70,0
Gjöld samtals	**1.967,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-70,0
Gjöld umfram tekjur	**1.897,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.897,8

m.kr.

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisspítalar 10.085,4

Viðhaldsverkefni:
5.60 Stjórnarnefnd, viðhald 75,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.21 Barnaspítali 185,0
6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður 169,0
6.70 Nýframkvæmdir á Landspítalalóð 39,0
Stofnkostnaður samtals 395,0

Gjöld samtals **10.555,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.070,0

Gjöld umfram tekjur **9.485,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9.485,4

08-373 Sjúkrahús í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni 300,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 300,0

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur 6.005,1

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 147,0

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	65,0
Gjöld samtals	**6.217,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-647,0
Gjöld umfram tekjur	**5.570,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.470,1
Innheimt af ríkistekjum	100,0

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:	
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	50,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjakaup, óskipt	30,0
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	182,5
Stofnkostnaður samtals	212,5
Gjöld samtals	**262,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	262,5

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	14,2
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	128,9
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	33,7
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1,6
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	44,9
1.50 Tannverndarsjóður	10,0
1.53 Tóbaksvarnir	36,1

	m.kr.
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	18,0
1.63 Áfallahjálp	0,5
1.65 Heilsuefling	4,3
1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	7,0
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn	7,5
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	8,9
1.90 Ýmis framlög	12,5
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
Almennur rekstur samtals	333,8
Gjöld samtals	**333,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	333,8

08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	65,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,1
Gjöld umfram tekjur	**60,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,0

08-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	103,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	103,0

m.kr.

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	259,7
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	80,9
1.20 Skatteftirlit	38,9
Almennur rekstur samtals	379,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,5
Gjöld samtals	**390,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	390,0

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	7,2
1.02 Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	3,3
1.03 Forúrskurðir í skattamálum	10,9
1.04 Útgáfa úrskurða í skattamálum	12,8
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa	10,1
1.06 Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið	13,0
1.07 Athugun á virðisaukaskattskerfi	2,0
1.10 Skatteftirlit	22,1
1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli	25,0
1.30 Þungaskattur	26,2
1.40 Fjármagnstekjuskattur	10,5
Almennur rekstur samtals	143,1
Stofnkostnaður:	
6.45 Tölvuvæðing útflutningsskýrslna	4,0
Gjöld samtals	**147,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	147,1

m.kr.

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 320,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 320,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 400,0

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður 15,0

Gjöld samtals **415,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 415,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 35,8
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir 24,1
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 5,1
1.13 Kjarasamningar 18,3
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 31,3
1.15 Kjararannsóknir 5,9
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður 21,4
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka, samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum Alþingiskosningum 136,0
1.19 Ýmsar endurgreiðslur 50,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga 20,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda 115,0
1.45 Ýmsar nefndir 3,4
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB) 1,5

	m.kr.
1.60 Dómkröfur	53,0
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd	12,9
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Óviss útgjöld	19,5
Almennur rekstur samtals	558,2
Gjöld samtals	**558,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	558,2

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	335,0
1.11 Styrkir til sérleyfishafa	54,0
Almennur rekstur samtals	389,0
Viðhaldsverkefni:	
5.05 Þjónusta	1.734,0
5.10 Viðhald	1.548,0
5.52 Þéttbýlisvegir	382,0
Viðhaldsverkefni samtals	3.664,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	3.637,0
6.21 Landsvegir	67,0
6.40 Tilraunir	78,0
6.43 Safnvegir	196,0
6.45 Styrkvegir	26,0
6.47 Reiðvegir	26,0
6.55 Ferjur og flóabátar	464,0
Stofnkostnaður samtals	4.494,0
Gjöld samtals	**8.547,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.967,0
Viðskiptahreyfingar	-420,0

m.kr.

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:		
1.01	Yfirstjórn	394,7
Stofnkostnaður:		
6.01	Tæki og búnaður	20,7
6.60	Vitabyggingar	11,5
6.70	Hafnamannvirki	554,1
6.72	Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði	6,0
6.74	Lendingabætur	2,5
6.76	Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	5,0
6.80	Sjóvarnargarðar	51,0
6.90	Hafnabótasjóður, framlag	27,0
Stofnkostnaður samtals		677,8
Gjöld samtals		**1.072,5**
Sértekjur:		
Sértekjur		-110,4
Gjöld umfram tekjur		**962,1**
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		1.199,7
Innheimt af ríkistekjum		1,3
Viðskiptahreyfingar		-238,9

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:		
1.01	Flugmálastjórn	591,9
1.70	Alþjóðaflugþjónusta	772,8
1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmála-stofnunina, ICAO	61,3
Almennur rekstur samtals		1.426,0
Gjöld samtals		**1.426,0**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-946,4
Gjöld umfram tekjur	**479,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	445,4
Innheimt af ríkistekjum	34,2

10-472 Flugvellir

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur flugvalla	364,8
Stofnkostnaður:	
6.80 Flugvellir, framkvæmdir	532,0
6.91 Framlag til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar	55,0
Stofnkostnaður samtals	587,0
Gjöld samtals	**951,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,7
Gjöld umfram tekjur	**921,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	834,3
Innheimt af ríkistekjum	86,8

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.13 Hafsbotnsrannsóknir	2,0
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun	600,0
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	150,0
1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið	10,0
1.18 Hitaveitur á köldum svæðum	45,0
1.21 Nýskipan orkumála	3,0
Almennur rekstur samtals	810,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**810,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	810,0

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	5,5
1.20 Icepro-nefnd	3,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	8,5
Almennur rekstur samtals	17,0
Gjöld samtals	**17,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	28,9
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	12,5
1.35 Umhverfisvöktun	30,0
1.40 Alþjóðastofnanir	11,7
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,8
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	5,0
1.56 Vernd Breiðafjarðar	1,5
1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2,6
1.58 Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	3,0
1.59 Náttúruverndarráð	4,0
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	5,8
Almennur rekstur samtals	117,8
Gjöld samtals	**117,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	117,8

m.kr.

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	181,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
Gjöld samtals	**189,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-56,8
Gjöld umfram tekjur	**132,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	132,3

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	351,7
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	97,6
Almennur rekstur samtals	449,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	24,5
6.11 Bifreiðar	2,5
Stofnkostnaður samtals	27,0
Gjöld samtals	**476,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-126,7
Gjöld umfram tekjur	**349,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	349,6

m.kr.

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs 15.000,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10.700,0
Viðskiptahreyfingar 4.300,0

Fjárveiting á viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna aðlögunarsamninga við ýmis félög háskólamenntaðra starfsmanna sjúkrahúsa, sbr. brtt. í þskj. 551, skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-711 1.11	Heilbrigðisstofnunin Akranesi, sjúkrasvið	4,5
08-715 1.11	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi, sjúkrasvið	1,1
08-721 1.11	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, sjúkrasvið	0,7
08-725 1.11	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, sjúkrasvið	2,7
08-731 1.11	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík, sjúkrasvið	0,5
08-735 1.11	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, sjúkrasvið	0,4
08-741 1.11	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, sjúkrasvið	0,9
08-745 1.11	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, sjúkrasvið	1,3
08-751 1.11	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, sjúkrasvið	2,7
08-755 1.11	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, sjúkrasvið	1,3
08-761 1.11	Heilbrigðisstofnunin Húsavík, sjúkrasvið	2,4
08-765 1.11	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, sjúkrasvið	1,2
08-771 1.11	Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði, sjúkrasvið	0,7
08-775 1.11	Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað, sjúkrasvið	1,8
08-781 1.11	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, sjúkrasvið	1,9
08-785 1.11	Heilbrigðisstofnunin Selfossi, sjúkrasvið	2,7
08-791 1.11	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sjúkrasvið	3,3

Fjárveiting á viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna endurmats á áhrifum af kjarasamningum lækna á launaútgjöld hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana, sbr. brtt. í þskj. 551, skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-407 1.01	Sundabúð II, Vopnafirði	0,1
08-408 1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	0,3
08-409 1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	0,6
08-410 1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	0,6
08-411 1.01	Garðvangur, Garði	0,2
08-412 1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	0,4
08-413 1.01	Droplaugarstaðir	0,3
08-420 1.01	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	0,4

08-421 1.01	Víðines	0,1
08-422 1.01	Hlaðgerðarkot	0,1
08-430 1.01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	0,4
08-431 1.01	Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands	0,4
08-435 1.01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	0,1
08-490 1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	0,1
08-495 1.11	Seljahlíð, Reykjavík	0,1
08-495 1.13	Hornbrekka, Ólafsfirði	0,1
08-495 1.15	Dalbær, Dalvík	0,1
08-495 1.17	Hulduhlíð, Eskifirði	0,1
08-495 1.21	Höfði, Akranesi	0,1
08-495 1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	0,1
08-495 1.27	Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	0,1
08-495 1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,1
08-495 1.39	Lundur, Hellu	0,1
08-495 1.41	Hrafnista, Reykjavík	1,1
08-495 1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	1,0
08-495 1.45	Grund, Reykjavík	0,7
08-495 1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,2
08-495 1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	0,2
08-495 1.51	Fellsendi, Búðardal	0,1
08-495 1.57	Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	0,1
08-495 1.59	Reynslusveitarfélagið Akureyri	0,3
08-495 1.61	Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	0,1
08-495 1.67	MS-félag Íslands, Reykjavík	0,1
08-495 1.69	Múlabær, Reykjavík	0,1
08-495 1.71	Dagvistun aldraðra, aðrar stofnanir	0,1

Fjárveiting á viðfangsefninu 08-399 1.90 vegna endurmats á breytingum á launakjörum heilsugæslulækna, sbr. brtt. í þskj. 551, skiptist á önnur viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-505 1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	2,9
08-522 1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	1,0
08-524 1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,2
08-525 1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,1
08-526 1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	0,2
08-551 1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,2
08-552 1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	0,4
08-553 1.01	Heilsugæslustöðin Akureyri	4,6
08-558 1.01	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	0,3
08-561 1.01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	1,6
08-565 1.01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	0,2
08-566 1.01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	0,1
08-567 1.01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	0,1
08-568 1.01	Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	0,3

08-571 1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,1
08-572 1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,1
08-574 1.01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	0,3
08-575 1.01	Heilsugæslustöðin Hellu	0,7
08-576 1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	0,5
08-578 1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	0,4
08-579 1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,6
08-582 1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	1,7
08-583 1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	3,5
08-584 1.01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	9,5
08-585 1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1,1
08-711 1.01	Heilbrigðisstofnunin Akranesi, heilsugæslusvið	0,8
08-715 1.01	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi, heilsugæslusvið	0,2
08-721 1.01	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, heilsugæslusvið	0,5
08-725 1.01	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, heilsugæslusvið	1,4
08-731 1.01	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík, heilsugæslusvið	0,5
08-735 1.01	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, heilsugæslusvið	0,3
08-741 1.01	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, heilsugæslusvið	0,2
08-745 1.01	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, heilsugæslusvið	0,8
08-751 1.01	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, heilsugæslusvið	1,2
08-755 1.01	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, heilsugæslusvið	0,5
08-765 1.01	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, heilsugæslusvið	1,1
08-775 1.01	Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað, heilsugæslusvið	0,6
08-781 1.01	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, heilsugæslusvið	1,2
08-785 1.01	Heilbrigðisstofnunin Selfossi, heilsugæslusvið	1,6
08-791 1.01	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, heilsugæslusvið	1,3

Sundurliðun 2.

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta.

Sundurliðun 2, sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, hljóðar svo:

	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21).	
1. Háskóli Íslands, Náttúrufræðihús	43.000
2. Háskólinn á Akureyri,	
Sólborg, nýbygging	60.000
búnaður	10.000
3. Kennaraháskóli Íslands,	
byggingaframkvæmdir	70.000
viðhald	25.000
búnaður	20.000
4. Tækniskóli Íslands,	
viðhald	2.000
búnaður	23.000

		Þús. kr.
5.	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	7.000
6.	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, viðhald	2.000
7.	Stofnun Árna Magnússonar, viðhald	1.000
	Samtals	**263.000**

2. Almennir framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90).

1.	Menntaskólinn við Hamrahlíð	45.000
2.	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	5.000
3.	Fjölbrautaskólinn Ármúla	5.000
4.	Iðnskólinn í Reykjavík	5.000
5.	Menntaskólinn í Reykjavík	5.000
6.	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, heimavist	5.000
7.	Framhaldsskólar við Eyjafjörð	50.000
8.	Framhaldsskólinn á Húsavík	4.000
9.	Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	1.000
10.	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.000
11.	Skólar á Laugarvatni	35.000
12.	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1.000
13.	Sjómannaskólinn í Reykjavík	20.000
14.	Framhaldsskóli Vestfjarða	5.000
	Óskipt	27.000
	Samtals	**214.000**

3. Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).

1.	Fræðasetrið Sandgerðisbæ	500
2.	Kirkjubæjarstofa	500
3.	Síldarminjasafnið	500
4.	Safnið Líf í fersku vatni á Hólum	500
	Óskipt	7.500
	Samtals	**9.500**

4. Menningarstofnanir (02-969 6.21).

1.	Þjóðminjasafn Íslands	133.000
2.	Þjóðleikhúsið	10.000
3.	Verndun gamalla húsa	50.000
4.	Þjóðskjalasafn	60.000
5.	Reykholt	50.000
6.	Safnahúsið við Hverfisgötu	127.000
7.	Byggðasöfn	25.000
8.	Brydebúð	3.000
9.	Lista- og menningarmiðstöðin Skaftfell	5.000
	Óskipt	17.000
	Samtals	**480.000**

	Þús. kr.
5. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).	
1. Atli Heimir Sveinsson	1.100
2. Árni Kristjánsson	1.100
3. Ásgerður Búadóttir	1.100
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.100
5. Hannes Pétursson	1.100
6. Indriði G. Þorsteinsson	1.100
7. Jón Nordal	1.100
8. Jón úr Vör	1.100
9. Jórunn Viðar	1.100
10. Kristján Davíðsson	1.100
11. Matthías Johannessen	1.100
12. Stefán Hörður Grímsson	1.100
13. Thor Vilhjálmsson	1.100
Samtals	**14.300**
6. Listir, framlög (02-982 1.90).	
1. Tónleikahald í Stykkishólmskirkju	400
2. Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.500
3. Kammersveit Reykjavíkur	1.500
4. Collegium Musicum	500
5. Íslenska brúðuleikhúsið	400
6. Bláa kirkjan	400
7. Djassklúbbur Egilsstaða	400
8. Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	400
9. Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000
10. Sumartónleikar í Akureyrarkirkju	400
11. Sumartónleikar við Mývatn	400
12. Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000
13. Kaffileikhúsið	400
14. Listvinafélag Vestmannaeyja	400
15. Leikbrúðuland	500
16. Möguleikhúsið	500
17. Skaftárhreppur	400
18. Óperustúdíó Austurlands	400
19. Reykholtshátíð	400
20. Flugfélagið Loftur	1.000
21. Leikhópurinn Á senunni	400
22. Menning um landið	400
Óskipt	27.300
Samtals	**40.400**
7. Norræn samvinna (02-984 1.90).	
Norræna félagið	3.000
Óskipt	10.500
Samtals	**13.500**

	Þús. kr.
8. Ýmis íþróttamál (02-989 1.90)	
Íþróttir fyrir aldraða	300
Óskipt	23.000
Samtals	**23.300**
9. Ýmis framlög (02-999 1.90).	
1. Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500
2. Kvenréttindafélag Íslands	500
3. Kvenfélagasamband Íslands	1.500
4. Á seyði, menningar- og listastarfsemi á Seyðisfirði	500
5. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300
6. Fornleifastofnun Íslands	500
7. Hvalamiðstöðin á Húsavík	500
8. Heimili og skóli	500
Óskipt	6.800
Samtals	**12.600**
10. Ýmis verkefni (04-190 1.90).	
1. Flóaáveitufélagið	500
2. Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	3.000
3. Landvernd	2.000
4. Æðarræktarfélag Íslands	300
5. Skjólskógar, Vestfjörðum	3.000
6. Landgræðsluskógar	10.000
7. Visnurannsóknir	2.000
Óskipt	13.300
Samtals	**34.100**
11. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).	
a. Fyrirhleðslur:	
1. Héraðsvötn	4.000
2. Hornafjarðarfljót	1.000
3. Kotá í Öræfum	1.000
4. Skaftá	500
5. Kúðafljót	500
6. Klifandi/Hafursá	6.000
7. Þjórsá	1.000
8. Markarfljót	15.000
Samtals	**29.000**
b. Fyrirhleðslur og viðhald:	
1. Vesturlandskjördæmi	500
2. Vestfjarðakjördæmi	500
3. Norðurlandskjördæmi vestra	2.000
4. Norðurlandskjördæmi eystra	2.000

	Þús. kr.
5. Austurlandskjördæmi	1.000
6. Suðurlandskjördæmi	2.000
Samtals	**8.000**
Samtals	**37.000**

12. Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).

1. Barnaheill	500
2. Landssamband eldri borgara	500
3. Blindrafélagið	5.000
4. Daufblindrafélag Íslands	700
5. Félag heyrnarlausra	3.000
6. Félag ábyrgra feðra	200
7. Fræðsla fyrir aðstandendur fatlaðra	500
8. Samtökin '78	600
9. Umsjónarfélag einhverfra	600
10. Þroskahjálp	3.800
11. Kvennaráðgjöfin	700
12. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
13. Félag einstæðra foreldra	1.000
14. Sjálfsbjörg	3.500
15. Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	600
16. Geðhjálp	3.500
17. Íslensk ættleiðing	2.000
18. Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
19. Barnamál	200
20. Félagasamtökin Vernd	500
21. Landssamband aldraðra	700
Óskipt	3.400
Samtals	**37.100**

13. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).

1. Heilbrigðisstofnunin Akranesi	14.900
2. Þingeyri, heilsugæslustöð og hjúkrunarheimili	3.500
3. Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	4.000
4. Grenivík, heilsugæslusel	2.000
5. Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	8.000
6. Fáskrúðsfjörður, hjúkrunarheimili	18.500
7. Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	40.000
8. Heilsugæslustöðin Garðabæ	23.600
9. Heilsugæslustöðin Kópavogi	17.000
10. Heilsugæsla í Reykjavík	39.000
11. Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	4.000
12. Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	4.000
13. Heilbrigðisstofnunin Selfossi	4.000
Samtals	**182.500**

	Þús. kr.
14. Ýmis framlög (08-399 1.90).	
1. Samtök sykursjúkra	200
2. Alnæmissamtökin á Íslandi	500
3. Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	500
4. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300
5. Landssamtök hjartasjúklinga	200
6. MS-félag Íslands	200
7. Gigtarfélag Íslands	200
8. Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000
9. Húsnæðisfélag SEM	1.500
10. Félag heilablóðfallsskaðaðra	200
11. Samtök lungnasjúklinga	500
12. Parkinsonsamtökin	400
13. Stórstúka Íslands	1.500
14. Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga	500
15. PKU-félagið á Íslandi	100
16. Umhyggja	500
17. Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	700
Óskipt	3.500
Samtals	**12.500**
15. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).	
a. Almennir styrkir:	
1. Knarrarnes, Mýrabátur	150
2. Snæfellsbær, undir Jökli	140
3. Dalahérað	180
4. Reykhólahreppur	280
5. Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	90
6. Vesturbyggð	500
7. Súðavíkurhreppur	90
8. Hólmavík – Nauteyrarhreppur	140
9. Ísafjarðarbær	450
10. Árneshreppur	1.150
11. Djúpavík og Gjögur	140
12. Kaldrananeshreppur	140
13. Skagahreppur	120
14. Skefilsstaðahreppur	120
15. Fljótahreppur	180
16. Ólafsfjarðarsveit	90
17. Svarfaðardalur	140
18. Grýtubakkahreppur	70
19. Hálshreppur	70
20. Mývatnssveit	90
21. Mývatn – Húsavíkurflugvöllur	90
22. Fjallahreppur	370
23. Öxarfjörður – Kópasker	50

	Þús. kr.
24. Þórshöfn	50
25. Bakkafjörður	50
26. Vopnafjörður	50
27. Borgarfjörður eystri	280
28. Austur-Hérað	160
29. Norður-Hérað	180
30. Möðrudalur	90
31. Fjarðarheiði	640
32. Oddsskarð	640
33. Breiðdalsvík	200
34. Djúpivogur	300
35. Svínafell í Nesjum	100
36. Mýrdalshreppur	220
Samtals	**7.800**
b. Stofnstyrkir:	
1. Fljótahreppur	500
2. Grýtubakkahreppur, snjótroðari	300
Samtals	**800**
c. Styrkir til flugfélaga:	
Óskipt	9.700
d. Óskipt	700
Samtals	**19.000**

16. Hafnamannvirki (10-335 6.70).

Vesturland:	
1. Akranes	14.300
2. Snæfellsbær	3.300
3. Grundarfjörður	21.000
4. Stykkishólmur	9.500
Samtals	**48.100**
Vestfirðir:	
1. Vesturbyggð	4.700
2. Tálknafjörður	2.300
3. Ísafjarðarbær	59.300
4. Drangsnes	12.100
5. Hólmavík	7.300
Samtals	**85.700**
Norðurland vestra:	
1. Blönduós	900
2. Skagaströnd	7.500

	Þús. kr.
4. Skagafjörður	200
5. Siglufjörður	28.900
Samtals	**37.500**
Norðurland eystra:	
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	48.300
2. Hafnasamlag Norðurlands	94.900
3. Grímsey	2.500
4. Húsavík	10.700
5. Kópasker	3.400
6. Raufarhöfn	40.200
Samtals	**200.000**
Austurland:	
1. Bakkafjörður	400
2. Vopnafjörður	43.300
3. Seyðisfjörður	6.400
4. Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður	28.400
5. Fáskrúðsfjörður	7.400
6. Stöðvarfjörður	4.400
7. Breiðdalsvík	700
8. Hornafjörður	46.000
Samtals	**137.000**
Suðurland:	
1. Vestmannaeyjar	76.800
2. Þorlákshöfn	8.500
Samtals	**85.300**
Reykjanes:	
1. Grindavík	94.000
2. Sandgerði	61.600
3. Hafnasamlag Suðurnesja	34.000
4. Hafnarfjörður	6.000
Samtals	**195.600**
Óskipt	3.800
Samtals	**793.000**

17. Lendingarbætur (10-335 6.74).

1. Hellnar í Snæfellsbæ	400
2. Reykjarfjörður á Ströndum	400
3. Reykir á Reykjaströnd	400
4. Kleifar í Ólafsfirði	400
5. Skálavík í Seyðisfirði	400
6. Kjörvogur Reykjarfirði	300

	Þús. kr.
Óskipt	200
Samtals	**2.500**

18. Sjóvarnargarðar (10-335 6.80).

1. Akranes	3.200
2. Snæfellsbær	4.100
3. Ísafjarðarbær	6.100
4. Blönduós	500
5. Höfðahreppur	300
6. Dalvíkurbyggð	600
7. Arnarneshreppur	500
8. Svalbarðsstrandarhreppur	500
9. Grýtubakkahreppur	7.300
10. Vopnafjörður	2.400
11. Neskaupstaður	3.200
12. Árborg	7.200
13. Selvogshreppur	2.300
14. Gerðahreppur	1.800
15. Reykjanesbær	2.600
16. Vatnsleysustrandarhreppur	4.400
17. Bessastaðahreppur	4.000
Samtals	**51.000**

Sundurliðun 3.
Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta.

Sundurliðun 3, fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, hljóðar skv. brtt. í þskj. 553.

Sundurliðun 4.
Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Sundurliðun 4, fjármál lánastofnana í C-hluta, hljóðar skv. brtt. í þskj. 553.

632. Lög [331. mál]

um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. lög nr. 161/1996.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 413.

633. Lög [205. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, ásamt síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 618.

634. Lög [334. mál]

breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 619.

635. Lög [150. mál]

um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 622.

636. Lög [321. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 623 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laganna skulu ákvæði 1. og 5. mgr. 2. gr., 4. mgr. 5. gr., 6., 8. og 9. gr. laga nr. 77/1981, um dýralækna, með síðari breytingum, halda gildi sínu til 1. desember 1999 og gildistöku 4. mgr. 9. gr., 11. og 12. gr. laga nr. 66/1998 frestað til sama tíma.

637. Lög [278. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 624.

638. Lög [279. mál]

um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 627.

639. Lög [340. mál]

um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 628.

640. Frumvarp til laga [365. mál]

um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. koma átta nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 241.344 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 241.344 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess

að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem eru ekki hærri en 482.688 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 482.688 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 362.016 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 362.016 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi, en hitt ellilífeyrisþegi, skulu hafa sömu tekjuviðmið og einhleypir á viðkomandi lífeyrissviði og miðast tekjur hvors þeirra við helming sameiginlegra tekna.

Til tekna sem notaðar eru til viðmiðunar í ákvæði þessu teljast ekki bætur almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

b. Í stað orðanna „uppbót á lífeyri“ í 4. mgr. kemur: tekjutryggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

641. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1997, um Landmælingar og kortagerð.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Minni hluti nefndarinnar er algerlega andvígur vinnubrögðum meiri hluta Alþingis og umhverfisráðherra eins og þau hafa birst í þessu máli. Minni hlutinn telur hættu á því að í kjölfar meðferðar þess á Alþingi geti fylgt skaðabótakröfur á hendur ríkinu. Minni hlutinn telur að gefa hefði átt lengri tíma til að fjalla um málið. Minni hlutinn lýsir allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og lýsir andstöðu við málið. Minni hlutinn á þess ekki kost að stöðva málið þar sem meiri hlutinn er staðráðinn í því að koma því í gegnum þingið strax í nótt.

Alþingi, 20. des. 1998.

Svavar Gestsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Lúðvík Bergvinsson.

642. Lög [336. mál]

um breyting á lögum nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 423.

643. Þingsályktun [379. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 607.

644. Lög [370. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 581.

645. Lög [365. mál]

um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 640.

646. Svar [269. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um vegtengingu frá Stafnesi til Hafna, Ósabotnaveg.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er áætlaður kostnaður við vegtengingu frá Stafnesi til Hafna um svonefndan Ósabotnaveg?

Umrædd vegtenging liggur yfir varnarsvæði og er ekki þjóðvegur samkvæmt vegáætlun. Ekki liggur fyrir hvort leyfi fengist fyrir því að leggja veg yfir varnarsvæðið á þessum slóðum. Á varnarsvæðinu er malbikaður kafli sem nota mætti sem hluta af vegtengingunni ef um það semdist. Er kostnaðurinn miðaður við að svo yrði gert.

Lengd nýs vegar frá Garðskagavegi við Stafnes að malbikuðum vegi við Gálga á varnarsvæðinu er um 2 km. Varnarsvæðisvegurinn yrði ekinn um 4 km, en þaðan þyrfti að leggja nýjan veg um 2 km á Hafnaveg. Mismunandi leiðir koma til álita en Ósar eru á náttúruminjaskrá og því er ekki gert ráð fyrir að nýr vegur verði mjög nálægt sjó.

Reiknað er með 6,5 m breiðum vegi með bundnu slitlagi (klæðningu). Kostnaður er áætlaður um 15 millj. kr. á kílómetra eða samtals um 60 millj. kr. fyrir báða kaflana (4 km að lengd). Hér er eingöngu talinn kostnaður við vegagerðina sjálfa en ekki tekið tillit til sérstaks kostnaðar sem leiða kynni af því að fara í gegnum varnarsvæðið.

647. Svar [353. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um lífeyri sjómanna.

1. *Hve margir sjómenn 60–65 ára nutu ellilífeyris árið 1997 samkvæmt sérstökum ákvæðum í lögum um almannatryggingar?*
   57 sjómenn.

2. *Hve margir sjómenn 60–65 ára fengu árið 1997 tekjutryggingu óskerta samkvæmt sama lagaákvæði?*
   Fjórir sjómenn.

3. *Hverju nam heildarkostnaður Tryggingastofnunar ríkisins 1997 vegna lífeyris sjómanna á aldrinum 60–65 ára? Hér er átt við allar lífeyrisgreiðslur og lífeyristengdar greiðslur sjómanna.*
   12,8 millj. kr.

Sjómannalífeyrir er greiddur frá 60 til 67 ára aldurs. Þá tekur við almennur ellilífeyrir. Í desember 1997 var fjöldi allra sjómannalífeyrisþega 139 og af þeim fengu níu óskerta tekjutryggingu. Heildargreiðslur til sjómannalífeyrisþega á árinu 1997 voru 41,6 millj. kr.

648. Svar [304. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um bifreiðakaupastyrki til fatlaðra.

1. *Hve há fjárhæð hefur verið veitt árlega í fjárlögum í bifreiðakaupastyrki til fatlaðra árin 1993–98 samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við heimild í lögum um almannatryggingar?*

Fjárveitingar til bifreiðakaupastyrkja eru annars vegar skv. 11. laga um félagslega aðstoð og hefur komið til sérstök fjárveiting á fjárlögum til þess liðar og svo hins vegar skv. 33. gr. laga um almannatryggingar, en fjárveiting til þess liðar hefur komið úr sjúkratryggingum almannatrygginga. Fjárveitingar til bifreiðakaupastyrkja hafa verið sem hér segir:

Ár	Á fjárlögum	Til ráðstöfunar	Notað í styrki
1993	180.000.000	176.000.000	160.112.168
1994	154.000.000	176.000.000	145.665.311
1995	160.000.000	176.000.000	158.972.108
1996	80.000.000	113.725.000	97.820.346
1997	80.000.000	113.725.000	109.320.383
1998	80.000.000	113.725.000	98.245.000

2. *Hve háir eru þessir styrkir á hvern einstakling og hvernig skiptast þeir eftir fötlun eða aðstæðum árin 1993–98?*

Hreyfihamlaðir elli- og örorkulífeyrisþegar, örorkustyrkþegar og umönnunarbótaþegar, sem ekki eru eldri en 70 ára, geta sótt um styrk til bifreiðakaupa hjá Tryggingastofnun ríkisins. Um er að ræða 50 svokallaða hærri styrki og 335 lægri styrki. Fram til ársins 1996 var 600 lægri styrkjum úthlutað. Hærri styrkir eru eingöngu veittir fólki í hjólastól. Frá 1993 hefur upphæð lægri styrks verið 235 þús. kr., en upphæð hærri styrks 700 þús. kr.

Þá er heimilt að greiða styrk allt að 40% af kaupverði bifreiðar sé um að ræða einstakling sem ekki kemst af án sérútbúinnar og dýrrar bifreiðar vegna fötlunar. Árlegar hafa 4–7 einstaklingar fengið þessa styrki og hefur styrkupphæð verið 1–1,5 millj. kr. fyrir hvern þeirra.

3. *Hve margir hafa sótt um styrk árlega á þessu tímabili og hve margir þeirra hafa fengið úthlutað?*

Ár	Fjöldi umsækjenda	Hærri styrkir		Lægri styrkir – Hlutfall		
1993	1054	50	(50)	532	(600)	89%
1994	1083	50	(50)	470	(600)	78%
1995	1104	50	(50)	527	(600)	88%
1996	1111	50	(50)	267	(325)	80%
1997	722	50	(50)	316	(325)	94%
1998	778	50	(50)	335	-335	100%
1999	909					

4. *Hve mörgum hefur verið synjað um styrk þó að þeir hafi fallið undir samþykktar reglur?*

Nær allir sem fengið hafa synjun hafa fallið undir samþykktar reglur.

5. *Hvernig hafa úthlutunarreglur breyst frá árinu 1993?*

Með reglugerð nr. 62 frá 22. janúar 1996 voru gerðar þrjár breytingar á reglum um bifreiðastyrki:

1. Styrkir voru nú veittir til 5 ára í stað 4 ára áður.
2. Aldurshámark umsækjenda var fært úr 75 árum í 70 ár.
3. Lægri styrkjum var fækkað úr 600 í 335 styrki.

6. *Eru fyrirhugaðar breytingar á reglum um úthlutun bifreiðakaupastyrkja til fatlaðra, og þá hverjar?*

Nefnd sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að gera tillögur um úrbætur í bifreiðamálum hreyfihamlaðra hefur skilað ítarlegu nefndaráliti. Tillögur hennar hafa verið í athugun og til endurskoðunar í ráðuneytinu nú undanfarið og munu væntanlega koma fram sem frumvarp á þessu þingi þar sem lagðar verða til nokkrar breytingar á þessum málaflokki.

649. Frumvarp til laga [380. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

Á eftir 2. tölul. 31. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: Tvöfalda fjárhæð einstakra gjafa og framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsóknarstarfa. Gjafir og framlög skv. 2. og 3. tölul. mega þó ekki vera yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar falla undir þennan tölulið.

Úr 2. tölul. sömu greinar falla orðin „menningarmála“ og „og vísindalegra rannsóknarstarfa“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi en var ekki útrætt og er nú endurflutt. Tilgangur frumvarpsins er að efla menningu, kvikmyndagerð og vísindi með tilteknum skattalegum aðgerðum. Nú er í lögum að fyrirtæki og aðrir lögaðilar mega draga ýmis framlög frá tekjum, m.a. framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa. Ekki liggur fyrir af hálfu skattyfirvalda í hve miklum mæli þessi framlög hafa verið.

Í 2. tölul. 31. gr. núgildandi laga er kveðið á um heimild fyrirtækja til að draga framlög m.a. til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa allt að 0,5% frá tekjum. Í 1. gr.

frumvarpsins er gerð tillaga um lögfestingu þess að lögaðilar megi draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sem þeir verja til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindastarfsemi. Þetta hvetur fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækka skattskyldar tekjur þeirra þar með.

Ef fyrirtæki gefur 100 þús. kr. til menningar- og vísindastarfsemi má það samkvæmt frumvarpinu draga 200 þús. kr. frá útgjöldum en einungis 100 þús. kr. samkvæmt núgildandi lögum. Þetta hvetur fyrirtæki til að styðja við menningu og vísindi.

Í lögum er kveðið á um að slíkar gjafir og framlög megi ekki nema meira en 0,5% frá tekjum og er hér ekki lögð til breyting á því. Í eldra frumvarpi sama efnis var lögð til hækkun á þessu hámarki. Frá því var fallið vegna þess að flutningsmenn telja brýnt að sú aðferðafræði að heimila aukinn frádrátt verði reynd hérlendis. Frumvarpið felur þannig ekki í sér neina hættu á tekjutapi fyrir ríkissjóð umfram það sem er í gildandi lögum.

Í reglugerð settri samkvæmt núgildandi lögum segir m.a. að undir menningarstarfsemi falli hvers konar menningarstarfsemi fyrir almenning, svo sem fræðiritaútgáfa, fræðslumyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfn, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða o.fl. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd þessa frumvarps en mikilvægt er að um hana gildi skýrar reglur.

Framangreind reglugerð kveður á um að undir vísindalega rannsóknarstarfsemi falli hvort tveggja, hugvísindi og raunvísindi. Hér er um að ræða víðtæka skilgreiningu í samræmi við sjónarmið flutningsmanna en undir vísindastarfsemi fellur einnig félagsvísindi og heilbrigðisvísindi enda er vísindastarfsemi í háskólum gjarnan skipt í þessi fjögur meginfræðasvið. Með vísindastarfsemi er þannig m.a. átt við starfsemi innan æðri menntastofnana. Framlög fyrirtækja til eflingar rannsókna og kennslu innan háskóla falla þannig undir þetta frumvarp.

Flutningsmenn telja að um framlög til kvikmyndagerðar eigi að gilda sömu ákvæði og til annarrar menningarmálastarfsemi, en fræðslumyndagerð er beinlínis talin upp í reglugerð með núgildandi lögum. Almenn kvikmyndagerð, þ.e. gerð lengri leikinna kvikmynda og heimildamynda en ekki t.d. gerð auglýsingakvikmynda, á því að falla undir lögin. Í kvikmyndaiðnaði felast mikilvæg sóknarfæri og það er réttur kvikmyndagerðarmanna að nýta þessa frádráttarmöguleika.

Þess má geta að fjármögnun kvikmynda er oft með þeim hætti að nái innlend fjármögnun tiltekinni upphæð kemur mun hærra mótframlag frá erlendum aðilum. Þannig geta fjárhæðir margfaldast. Þetta er afar mikilvægt, en oft hefur ónóg tekjuöflun innan lands staðið í vegi fyrir því að fá fé erlendis frá. Samþykkt þessa frumvarps ætti að bæta úr því.

Ríkisvaldið fær einnig til baka vegna aukinna umsvifa allt það fjármagn sem það veitir í gegnum Kvikmyndasjóð. Þá er ótalinn sá ávinningur sem kvikmyndagerð hefur í ferðaþjónustu. Tekjur ríkissjóðs vegna ferðamanna sem ákváðu Íslandsferð eftir að hafa séð íslenska kvikmynd eða þátt í sjónvarpi eru taldar vera um 400 millj. kr. á ári.

Kvikmyndagerð hérlendis getur orðið umfangsmikill og arðbær atvinnuvegur. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa oft sýnt að starf þeirra jafnast á við það besta sem gert er í heiminum. Því er skynsamlegt þegar horft er til framtíðar að stuðla að eflingu þessarar atvinnu- og listgreinar, eins og samþykkt frumvarpsins mundi leiða til. Seinni hluta síðasta árs kom út mjög athyglisverð skýrsla á vegum Aflvaka hf. þar sem í fyrsta skipti hérlendis er gerð vönduð úttekt á kvikmyndaiðnaðinum. Skýrslan sýnir glöggt að hér eru mjög mikil sóknarfæri í kvikmyndaiðnaði.

Sérstök athygli er vakin á því að samþykkt frumvarpsins mun efla bókmenntir og ýmiss konar annað liststarf, svo sem leiklist, tónlist og myndlist, svo og starfsemi safna. Allir þessir málaflokkar falla undir hin ívilnandi ákvæði frumvarpsins.

Frumvarpinu er ætlað að leiða til aukinna framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsókna og auðvelda aðilum sem að þeim starfa að afla fjár, einfaldlega vegna þess að það er hagkvæmt fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Svipuð ákvæði þekkjast víða erlendis og þá einnig í tengslum við rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Stuðningur fyrirtækja við menningu og vísindi hefur aukist undanfarin ár hérlendis eins og annars staðar. Sjálfsagt er að hlúa m.a. að frjálsum félagasamtökum á þessu sviði með þeirri útfærslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Á 121. löggjafarþingi var eldri útgáfa frumvarpsins send til umsagnaraðila og fékk þá mjög jákvæðar umsagnir frá aðilum sem þekkja vel til mála. Meðal aðila sem studdu frumvarpið voru Bandalag íslenskra leikara, Bandalag íslenskra listamanna, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Háskóli Íslands, Listasafn Íslands, Rannsóknarráð Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Vísindafélag Íslands.

Aukin framlög til þessara málaflokka, þ.e. til menningar, kvikmynda og vísinda, leiða til aukinna umsvifa sem síðar skila tekjum í ríkissjóð, m.a. í formi virðisaukaskatts eða tekjuskatts einstaklinga. Þannig er líklegt að ívilnun á þessu sviði, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, leiði til aukningar á tekjum ríkisins, auk þess að auðga menningarlíf og vísindastarf.

650. Fyrirspurn [381. mál]

til landbúnaðarráðherra um stuðning Framleiðnisjóðs við útflutning og markaðssetningu íslenskra hrossa.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hvert er hlutverk Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í beinum stuðningi við útflutning og markaðssetningu hrossa erlendis? Hver eru áform sjóðsins þar að lútandi?
2. Er áformað að veita stuðning við búháttabreytingar, t.d. að breyta fjósum í hesthús eða breyta sauðfjár- eða kúabúum í hrossaræktarbú?
3. Mun Framleiðnisjóður veita stuðning við þá fækkun hrossa um 1.600 sem fyrirhuguð er?

Skriflegt svar óskast.

651. Fyrirspurn [382. mál]

til landbúnaðarráðherra um markaðssetningu íslenska hestsins.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hvernig hefur verið staðið að markaðssetningu íslenska hestsins í Norður-Ameríku, Englandi, Frakklandi, Belgíu, Hollandi, Þýskalandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Nýja-Sjálandi, Færeyjum og á Grænlandi?
2. Hvenær hófst markaðsstarf í hverju þessara landa fyrir sig og hverjir hafa unnið að markaðssetningunni?
3. Hvaða áform eru um markaðsstarf í áðurnefndum löndum?
4. Hversu mörg íslensk hross hafa verið seld til hvers þessara landa?
5. Hver er markaðshlutdeild íslenskra hesta sem ræktaðir eru í framangreindum löndum samanborið við hesta sem seldir eru héðan?
6. Hverjir hafa sótt um stuðning til markaðssetningar hesta í þessum löndum sl. 10 ár? Hverjir hafa fengið stuðning?
7. Er áformað að styrkja útflutning og markaðsstöðu íslenskra hrossa í þessum löndum? Ef svo er, á hvern hátt?

Skriflegt svar óskast.

652. Tillaga til þingsályktunar [383. mál]

um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Nefndin verði skipuð fulltrúum félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni sjúkra barna. Í starfi sínu hafi nefndin hliðsjón af fjármögnun, fyrirkomulagi og réttindum sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstaða nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi 1999.

Greinargerð.

Þegar gerður er samanburður á rétti foreldra vegna veikinda barna sinna á Norðurlöndum kemur í ljós að Ísland sker sig mjög úr. Þannig hafa foreldrar íslenskra barna nánast engan rétt samanborið við rétt foreldra annars staðar á Norðurlöndum. Eftirfarandi er yfirlit frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna yfir bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum (sbr. fylgiskjal):

Ísland: Sjö veikindadagar eru að hámarki greiddir á ári, fyrir börn undir 13 ára aldri, án tillits til hver sjúkdómurinn er, fjölda barna eða hjúskaparstöðu foreldra.

Svíþjóð: 90% launa eru greidd í 120 daga á ári fyrir hvert barn 0–16 ára.

Finnland: Greidd eru 66% af launum í 60–90 daga á ári og lengur vegna langsjúkra barna. Heimilt er að greiða báðum foreldrum laun ef nauðsyn krefur.

Noregur: Allt að 780 veikindadagar. Þar af 100% laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga fyrir hvert barn 0–16 ára, auk 10,2% orlofs af greiddum sjúkrabótum í allt að 12 vikur á ári.

Danmörk: Greidd er launauppbót (90% launa) til annars foreldris á meðan meðferð stendur. Launauppbót má síðan greiða í þrjá mánuði til aðlögunar fyrir barnið og foreldra eftir að meðferð lýkur. Endurgreiðsla nauðsynlegs kostnaðarauka vegna umönnunar barna 0–18 ára. Sérstök uppbót er til atvinnulausra. Orlofsstyrkur.

Í kjarasamningum hér á landi hefur verið samið um að starfsmaður geti ráðstafað allt að sjö dögum á ári á launum vegna veikinda barna sinna. Auk þess er í reglum einstakra sjúkrasjóða að þeir greiði styrki og jafnvel dagpeninga í fjarveru foreldra frá vinnu í veikindum barna. Hið opinbera veitir enga fjárstyrki eða bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna. Umönnunarbótum sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir er ætlað að koma til móts við kostnaðarauka og aðrar auknar byrðar sem hljótast af aukinni umönnun barns, þegar það veikist alvarlega, en eru ekki bætur vegna launataps aðstandenda langsjúkra barna. Umönnunarbætur eru nú greiddar foreldrum 2.000 barna, þar af eru um 500 langveik börn.

Benda má á að þegar meðferð barns, t.d. með krabbamein, lýkur lækka umönnunarbætur verulega án tillits til þess hvort foreldrið sem hætti að vinna þegar barnið veiktist geti hafið störf að nýju. Umrædd börn þurfa oft langa aðlögun áður en þau geta lifað því sem kallað er eðlilegt líf eftir meðferðina og sum þeirra búa við varanlegar afleiðingar sjúkdómsins. Hjá Tryggingastofnun ríkisins er litið á þetta tímabil sem létta umönnun og því eru greiðslur lágar. Við þessar aðstæður verður hvað mest þörf á bótum vegna tekjutaps.

Í kjarasamningi ASÍ/VSÍ og VMS er svohljóðandi ákvæði: „Foreldri skal eftir fyrsta starfsmánuð heimilt að verja samtals sjö vinnudögum á hverju 12 mánaða tímabili til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, verði annarri umönnun ekki komið við, og halda dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við. Réttur samkvæmt þessari grein tekur til greiðslu launa vegna veikinda barna, þar með talið fósturbarna.“ Hér á landi er rétturinn bundinn við launamanninn og er sá sami hvort sem hann á eitt, fimm eða tíu börn og hvort sem hann er einstætt foreldri eða í hjúskap.

Þennan rétt er ekki hægt að flytja milli ára, t.d. ef barn hefur ekki verið veikt í tvö ár en er svo veikt í 14 daga í einu. Rétturinn tekur einungis til barna undir 13 ára aldri og rétturinn til sjö daga á ári tekur til allra barna foreldranna. Annars staðar á Norðurlöndum nær hann ýmist til 16 eða 18 ára aldurs og heimilaður dagafjöldi nær til hvers barns um sig innan fjölskyldunnar, t.d. 120 dagar á ári fyrir hvert barn í Svíþjóð.

Skilyrði hér á landi fyrir veikindagreiðslum frá atvinnurekendum vegna veikinda barna er að annarri umönnun verði ekki komið við, þannig að báðir foreldrar geta ekki verið heima yfir barni á sama tíma.

Í reglugerðum sumra sjúkrasjóða stéttarfélaganna hér á landi er að finna ákvæði um dagpeningagreiðslur eða greiðslur styrkja vegna langvarandi veikinda barna sjóðfélaga. Reglurnar geta verið breytilegar frá einum sjóði til annars. Einnig má benda á að opinberir starfs-

menn eða bankamenn eiga ekki sjúkrasjóði og hafa því ekki möguleika á stuðningi umfram þá sjö daga sem kjarasamningar heimila.

Annars staðar á Norðurlöndum greiðir hið opinbera að mestu bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna. Ljóst er að stuðningur hins opinbera er enginn vegna slíks launataps ef undan eru skildar umönnunarbætur til að mæta útgjöldum og kostnaði vegna fatlaðra og langsjúkra barna. Kjarasamningar veita líka óverulegan rétt borið saman við kjarasamninga annars staðar á Norðurlöndum. Munurinn á rétti til fráveru vegna veikinda barna hér á landi og þar er svo sláandi að nauðsynlegt er að kryfja þetta mál til mergjar og leita leiða til að tryggja betur réttindi barna í veikindum til að njóta umönnunar foreldra sinna.

Í lokin er rétt að benda á að tilskipun Evrópusambandsins frá 3. júní 1996, um rammasamning um foreldraorlof, hlýtur einnig að koma til skoðunar í þessu sambandi. Tilskipunin er gerð með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnu EB. Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem fjallar um jafnan rétt karla og kvenna, er meðal annars kveðið á um að „jafnframt þurfi að gera ráðstafanir sem gera körlum og konum kleift að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og í einkalífi". Þannig hefur framkvæmdastjórnin með vísan til samningsins um félagsmálastefnuna haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um hvert skuli stefnt með aðgerðum sem miða að því að samræma atvinnuþátttöku og heimilislíf. Niðurstaðan er sú að gerðar verða lágmarkskröfur um foreldraorlof og tímabundið leyfi frá starfi af óviðráðanlegum ástæðum. Gert er ráð fyrir að aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins kveði nánar á um skilyrði fyrir framkvæmd slíks foreldraorlofs þannig að unnt yrði að taka mið af aðstæðum, þar með talið fjölskyldustefnu, í hverju aðildarríki um sig, einkum að því er varðar skilyrði fyrir því að veita foreldraorlof og að neyta réttar til foreldraorlofs. Um er að ræða rammasamning þar sem settar eru fram lágmarkskröfur og ákvæði um foreldraorlof, óháð mæðraorlofi, og um leyfi frá störfum af óviðráðanlegum ástæðum.

Tilskipunin lýtur í meginatriðum að rétti foreldra til foreldraorlofs, en samkvæmt rammasamningum er tímabundið leyfi frá starfi af óviðráðanlegum ástæðum skýrt þannig: „Aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem tryggja launþegum leyfi frá störfum, í samræmi við landslög, kjarasamninga og/eða réttarvenjur, þegar um óviðráðanlegar fjölskylduástæður er að ræða, svo sem þegar sjúkdóma eða slys ber að höndum, og launþegi verður að hverfa tafarlaust af vettvangi." Þannig tekur þetta ákvæði tilskipunarinnar til fjölskylduábyrgðar á öllum sviðum, t.d. veikinda barna, og á að tryggja að börn geti í veikindum notið umönnunnar foreldra sinna. Tilskipunin felur í sér sjálfstæðan rétt foreldris til töku orlofs/foreldraorlofs í þrjá mánuði vegna hvers barns, til átta ára aldurs barnsins. Enn fremur kemur fram að aðildarríkin skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 3. júní 1998 eða fullvissa sig um að aðilar vinnumarkaðarins hafi í síðasta lagi þann dag lögfest þessi ákvæði með samningi, enda ber aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að þau geti ætíð tryggt framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar. Aðildarríkin geta fengið að hámarki eitt ár til viðbótar ef á þarf að halda vegna sérstakra örðugleika eða vegna framkvæmdar kjarasamninga.

Á þessa tilskipun er bent vegna þess að hún hlýtur að koma sérstaklega til skoðunar hér á landi, bæði í tengslum við fyrirkomulag foreldraorlofs, við rétt barna til umönnunar foreldra sinna í veikindum og rétt foreldra til leyfis frá vinnu vegna veikinda barna sinna.

Hér er ekki tekin afstaða til þess hvort útgjöld vegna aukins réttar foreldra í veikindum barna lendi á ríkissjóði eða atvinnurekendum, en annars staðar á Norðurlöndum greiðir hið opinbera kostnaðinn.

Í því sambandi er rétt að geta samanburðar á útgjöldum til barna og fjölskyldna þeirra á Norðurlöndum, ekki síst í ljósi opinberrar fjölskyldustefnu sem Alþingi hefur samþykkt en einnig vegna umræðu um að velferðarkerfið sé orðið fyrirferðarmikið í þjóðarútgjöldum.

Hlutfallslega eru miklu fleiri börn á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum, eins og sést í eftirfarandi töflu:

Fjöldi barna undir 15 ára aldri á Norðurlöndum.

Land	Fjöldi barna	Hlutfall af heild, %
Danmörk	893343	17,2
Finnland	971487	19,1
Ísland	*65724*	*24,5*
Noregur	840120	19,4
Svíþjóð	1649093	18,8

Þrátt fyrir að börn séu hlutfallslega fleiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eru útgjöld til barna og fjölskyldna þeirra langlægst hér á landi:

Útgjöld á íbúa og sem hlutfall af landsframleiðslu.

Land	Útgjöld á íbúa, kr.	Hlutfall af landsframleiðslu, %
Danmörk	72402	3,9
Finnland	73010	5,2
Ísland	*42346*	*2,4*
Noregur	76391	3,9
Svíþjóð	87279	5,7

Fylgiskjal.

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna:

Bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum.

Upplýsingar eru samkvæmt erlendum gögnum og niðurstöðu nefndar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem kannaði réttindi langsjúkra barna og skilaði áliti í mars 1995.

Nefndin var skipuð samkvæmt þingsályktun um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1993.

	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland
Veikindadagar foreldra. Sjúkrabætur. Launauppbót.	90% laun í 120 daga á ári fyrir hvert barn, 0–16 ára.	Allt að 780 dagar (100% laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga) fyrir hvert barn 0–16 ára, +10,2% orlof af greiddum sjúkrabótum í allt að 12 vikur á ári.	Endurgreiðsla nauðsynlegs kostnaðarauka vegna umönnunar barna 0–18 ára. Greidd er launauppbót (90% laun) til annars foreldris á meðan meðferð stendur yfir. Launauppbót má greiða í þrjá mánuði eftir að forsendur bresta. Sérstök uppbót til atvinnulausra. Orlofsstyrkur.	Greidd eru 66% af launum í 60–90 daga, lengur ef nauðsyn krefur, t.d. vegna barna með krabbamein. Heimilt er að greiða báðum foreldrum ef nauðsyn krefur.	Útivinnandi foreldri á rétt á *sjö veikindadögum* að hámarki á ári til að sinna sjúkum börnum sínum án tillits til fjölda þeirra og alvarleika sjúkdómsins.

653. Tillaga til þingsályktunar [384. mál]

um skipun nefndar um samningu leiðbeininga um mat á hugviti og fleiru í reikningsskilum fyrirtækja.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd sérfræðinga sem hafi það hlutverk að semja leiðbeiningar um mat á hugviti og öðrum óefnislegum eignum í reikningsskilum fyrirtækja.

Greinargerð.

Því hefur verið haldið fram að nútímabókhald og reikningsskil byggist í grundvallaratriðum á þeim hugmyndum sem munkurinn Luca Pacioli setti fram fyrir meira en 500 árum. Með tímanum hafa verið settar fleiri reglur en þær hafa ekki breytt þeim ramma sem notaður er til að mæla eignir í efnahagsreikningi. Hefðbundin reikningsskil draga fram verðmæti efnislegra fjármuna og grundvöllur matsins er oftar en ekki sá kostnaður af því að koma sér upp viðkomandi eign en ekki þau verðmæti sem skapast við reksturinn. Eftir því sem hreyfiafl þjóðfélagsins hefur færst frá hefðbundnum iðngreinum yfir í atvinnulíf sem byggist á þekkingu og „óefnislegum eignum“ hefur komið í ljós sá mikli munur sem er á eignamati slíkra fyrirtækja og hinna sem teljast til hefðbundinna atvinnugreina. Kostnaður getur t.d. aldrei orðið grundvöllur eignamats í þekkingargreinum. Fjárfestar, endurskoðendur og lánastofnanir standa frammi fyrir þeim vanda að reikningsskil fyrirtækja taka einungis til hluta af þeim verðmætum sem felast í þeim. Til þessa hefur verið tiltölulega auðvelt að meta lánshæfni fyrirtækja. Brunabóta- eða fasteignamat, endurkaupsverð véla og búnaðar hefur verið skoðað og hliðsjón höfð af því mati sem fram kemur í eignahlið ársreikninga. Hjá fyrirtækjum í

hefðbundnum greinum, grjótnámi, malbikun, steypufframleiðslu, prentun o.s.frv. gefur sú mynd sem ársreikningurinn dregur upp oftast nokkuð góða mynd af eignastöðu fyrirtækja. Öðru máli gegnir um fyrirtæki sem byggja tilveru sína á hugviti og þekkingu. Tölvufyrirtæki, hugbúnaðarfyrirtæki, fyrirtæki í netþjónustu og auglýsingastofur eru með arðbærustu fyrirtækjum í heiminum nú. Fæst eiga þessi fyrirtæki umtalsverða fastafjármuni. Úr því að slík fyrirtæki eru arðbær er þá rétt að sá grunnur sem þau byggja tilvist sína á, þ.e. þekkingin, sé einskis metinn í efnahagsreikningi? Hvaða leiðbeiningar eiga yfirmenn banka í harðri samkeppni um bestu viðskiptavinina að gefa starfsmönnum við mat á því hvort fyrirtæki í þekkingariðnaði sé lánshæft? Hvaða augum mun Fjármálaeftirlitið líta lán til fyrirtækja sem grundvallast á þekkingu en eiga ekki hefðbundna „eign" til að veðsetja? Eigi þekkingariðnaður að þróast hér á landi og njóta eðlilegrar lánafyrirgreiðslu verða lánastofnanir að setja sér vinnureglur um mat á óefnislegum eignum og lánshæfni slíkra fyrirtækja.

Til að sýna fram á þann vanda sem menn standa frami fyrir í þessum efnum má taka nokkur dæmi.

Dæmi 1. Kortafyrirtæki byggja tilveru sína á þeim þúsundum einstaklinga sem nota kreditkort til kaupa á vöru og þjónustu. Fjöldi korthafa er þannig hinn raunverulegi grundvöllur rekstursins; annað skiptir litlu í þeim samanburði. Góðar reikningsskilavenjur gera ekki ráð fyrir að verðmæti sem fólgin eru í fjölda kreditkorta séu færð til eignar í eignahlið efnahagsreiknings.

Dæmi 2. Ársreikningar flugfélaga sýna flugvélar sem eign en hvað um bókunarkerfi? Í ársreikningum American Airlines sem á hið arðbæra „Sabre" bókunarkerfi er þeirrar eignar hvergi getið þrátt fyrir þá staðreynd að bókunarkerfið er miklu arðbærara en flugvélarekstur-inn.

Dæmi 3. Samanburður á IBM og Microsoft sýnir að þótt bruttósala IBM sé mikið meiri en Microsoft er markaðsverðmæti Microsoft samt mun meira. Í nóvember 1996 var markaðsverðmæti IBM tæpir 71 milljarður dollara en verðmæti Microsoft á sama tíma 85,5 milljarðar dollara. Nettóeign í ársreikningi IBM var þá 16,6 milljarðar dollarar en samsvarandi liður í ársreikningi Microsoft nam 930 milljónum dollara. Með öðrum orðum fékk kaupandinn 23 dollara af áþreifanlegum eignum fyrir hverja 100 dollara sem varið var í hlutabréf í IBM en sama fjárfesting í Microsoft tryggði einungis um einn dollara í áþreifanlegum eignum (fixed assets). Sá sem kaupir hlut í Microsoft er því ekki að kaupa „eign" í hefðbundnum skilningi þess orðs.

Dæmi 4. Brookings Institution í Bandaríkjunum gerði árið 1982 athugun á hlutfalli milli markaðsverðmætis iðnfyrirtækja og áþreifanlegra eigna í efnahagsreikningi (lóðir, fasteignir og vélar). Athugunin leiddi í ljós að mat áþreifanlegra eigna svaraði þá til 62,3% af markaðsverðmæti fyrirtækjanna. Sama athugun var framkvæmd tíu árum síðar og sýndi þá að hlutfallið var komið niður í 37,9%. Athugunin náði sem fyrr segir til hefðbundinna iðnfyrirtækja og því má velta fyrir sér hvert hlutfallið sé hjá fyrirtækjum í þekkingariðnaði?

Einhverjir kynnu að vilja skýra þann mismun sem er á verðmætamati fyrirtækis á markaði og bókfærðu verðmæti eingöngu með því að vísa til hugtaksins „good will" eða viðskiptavildar. Það skýrir hins vegar að mjög takmörkuðu leyti þennan mismun og er því allt of einföld og óígrunduð skýring á mismunandi mati á efnislegum og óefnislegum verðmætum sem hér er gert að umræðuefni. Hugtakið viðskiptavild hefur fyrst og fremst þjónað þeim tilgangi að vera notað til að réttlæta kaupverð fyrirtækja sem ganga kaupum og sölum í heild en ekki sem eiginlegt mat á verðmætum.

Hlutverk ársreiknings fyrirtækja er að gefa eigendum og fjárfestum upplýsingar sem koma að gagni við mat á raunverulegu verðmæti. Með tilkomu fyrirtækja sem byggja tilvist sína

á hugviti og óefnislegum þáttum má draga í efa að ársreikningar gagnist fjárfestum með sama hætti og áður.

Erlendis eru til bankar sem sérhæfa sig í lánveitingum til fyrirtækja í þekkingariðnaði og þótt slíkar lánveitingar hafi farið hægt af stað er eftirspurnin mikil. Royal Bank í Kanada er einn þeirra banka sem gefa þekkingariðnaði sérstakan gaum. Bankinn hefur sett upp deild til að sinna þekkingariðnaði og er stærstur á þessu sviði í Norður-Ameríku með um 4,5 milljarða dollara í lánum til þekkingariðnaðar og vöxturinn er um 25% á ári. Yfirmaður viðkomandi deildar hefur sagt um þessa tegund lánastarfsemi: „Þetta eru alveg ný fræði og engar skráðar reglur eru til svo að við verðum að þreifa okkur áfram með hvernig eigi að meta lánshæfni þeirra sem byggja tilveru sína á þekkingu og óáþreifanlegum eignum á markaði þar sem vöxtur er gífurlega ör en hviklyndur. Bankinn getur gleymt öllu því sem stendur í gömlu lánareglunum, þær reglur henta ekki líftækniiðnaði þar sem þróunarferlið er mjög langt en salan á afurðinni getur tekið snöggt við sér og orðið gífurleg ef vel tekst til. Sama er að segja um hugbúnaðariðnaðinn þar sem hægt er að hefja fjöldaframleiðslu án þess að eiga verksmiðju og landamæri eru engin hindrun. Hugbúnaðariðnaðurinn er jafnframt atvinnugrein þar sem nýr samkeppnisaðili með betri vöru getur birst allt í einu eins og þruma úr heiðskíru lofti.“

Leiðbeiningar sérfræðinganefndar um mat á þeirri eign sem liggur í óefnislegum fjármunum og verður til innan fyrirtækjanna sjálfra mun án efa auðvelda bönkum og öðrum lánastofnunum áhættumat við lánveitingar til fyrirtækja í þekkingariðnaði.

Í sjálfu sér er það ekki nýtt að erfitt geti verið að setja efnahagslega mælistiku á þekkingu sem í fyrirtækjum býr eða þá þjónustu sem þau veita. Lögfræði- og endurskoðunarstofur hafa t.d. ekki átt auðvelt með að mæla verðmæti þjónustunnar svo að brugðið hefur verið á það ráð að nota tímamælingu sem grundvöll til að verðleggja þjónustuna. Sú spurning vaknar hins vegar hvort meira verðmæti sé fólgið í því fyrir viðskiptavin að fá þjónustu frá einstaklingi sem þarf 50 klst. til að skila sömu vinnu og annar einstaklingur getur skilað á 10 klst. Klukkutímar eru einungis mælieining fyrir kostnað en segja ekkert um verðmæti þeirrar þjónustu sem viðskiptavinurinn fær eða þá eign sem fyrirtækið býr yfir. Engum dettur þó í hug að endurskoðunarstofa í rekstri sé ekki „eign“.

Endurskoðendur og bankamenn sem þurfa að setja sér vinnureglur um hvernig meta skuli þekkingu til eignar, hvort heldur er í ársreikningum eða sem tryggingu fyrir láni, eiga erfitt verk fyrir höndum. Stjórnvöld geta auðveldað það verk með því að setja á laggirnar nefnd sem skili fræðilegri umfjöllun um slíkt mat.

654. Tillaga til þingsályktunar [385. mál]

um að skipa nefnd sem geri tillögur um einföldun á tekjukerfi ríkissjóðs.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri tillögur um einföldun á tekjukerfi ríkissjóðs með sameiningu og fækkun skatta og fækkun endurgreiðsluliða í tekjuskattskerfinu. Jafnframt verði nefndinni falið að endurskoða innheimtukerfi skattsins og semja tillögur sem leitt gætu til sparnaðar í rekstri og bættrar innheimtu.

Greinargerð.

Á árunum upp úr 1970 var unnið þarft verk við afnám ýmissa smáskatta. Skattar þessir gáfu ríkissjóði litlar tekjur en voru dýrir í innheimtu auk þess sem dýrt var fyrir almenning og atvinnulíf að halda utan um gjaldskylduna. Telja má til árangurs af þessu starfi þá einföldun sem orðið hefur á skattframtölum einstaklinga eftir að flestir frádráttarliðir voru afnumdir en skattprósentan lækkuð á móti. Með tímanum hefur mönnum hins vegar gleymst hversu flókið skattkerfið var orðið. Upp hafa komið hugmyndir um nýja frádráttarliði frá tekjuskatti einstaklinga auk þess sem stjórnvöld hafa verið iðin við að taka upp nýja smáskatta sem eru dýrir í innheimtu og kostar atvinnulífið mikið að standa skil á. Íslenskt atvinnulíf á í alþjóðlegri samkeppni og miklu skiptir að skattlagning þess sé hvorki þung í vöfum né flókin.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að endurgreiðslur í tekjuskattskerfinu komi einnig til endurskoðunar en sýnt hefur verið fram á að ef slíkum frádráttarliðum væri fækkað mætti einfalda kerfið og taka upp mjög lága tekjuskattsprósentu.

Fjöldi skatta og gjalda er mikill og erfitt að henda reiður á þeim. Samkvæmt greiðsluáskorun innheimtumanna ríkissjóðs frá því í júní 1998 er um að ræða eftirfarandi gjöld, skatta og álögur, en vera kann að einstök gjöld hafi nú verið felld niður og önnur tekin upp:

staðgreiðsla tekjuskatts	skipulagsgjald
staðgreiðsla útsvars	slysatrygging vegna heimilisstarfa
eignarskattur	iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald
sérstakur eignarskattur	virðisaukaskattur af skemmtunum
tryggingagjald	tryggingagjöld af skipshöfnum
virðisaukaskattur	skráningargjöld af skipshöfnum
virðisaukaskattur í tolli	vinnueftirlitsgjald
áfengisgjald	vörugjald af innlendri framleiðslu
launaskattur	vörugjald af ökutækjum
aðstöðugjald	eftirlitsgjöld
þróunarsjóðsgjald	aðflutningsgjöld
kirkjugarðsgjald	útflutningsgjöld
bifreiðagjald	skilagjald á umbúðir
slysatryggingagjald ökumanna	verðbætur á ógreiddan tekjuskatt
fast árgjald þungaskatts	verðbætur á ógreitt útsvar
þungaskattur samkvæmt ökumæli	skipagjald
skemmtanaskattur	fisksjúkdómagjald
miðagjald	jarðarfaragjald
gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	ofgreiddar barnabætur
ofgreiddur barnabótaauki	ofgreiddar vaxtabætur

Innheimtukerfi ríkissjóðs er kostnaðarsamt og starfskraftar mjög dreifðir. Löggjöfin heimilar ekki að unnt sé að koma við hagræðingu eins og þeirri að fela tilteknum skattstofum eða innheimtuaðilum að sjá alfarið um álagningu og innheimtu tiltekinna gjalda. Sum gjaldanna

sem tilgreind eru hér að framan greiða aðeins sárafáir gjaldendur á landinu öllu, en framkvæmd álagningar og innheimta er samt sem áður falin mörgum aðilum. Þingsályktunartillaga þessi felur í sér að tilhögun allrar innheimtu á vegum ríkissjóðs verði endurskoðuð með aukna hagræðingu í rekstri og sparnað í huga. Þrjátíu aðilar sjá nú um innheimtu þessara gjalda. Þeir eru:

Tollstjórinn í Reykjavík	Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn í Keflavík	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Akranesi	Sýslumaðurinn í Neskaupstað
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Búðardal	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Sýslumaðurinn á Hólmavík	Gjaldheimta Vestfjarða
Sýslumaðurinn á Siglufirði	Gjaldheimta Austurlands
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum

Því verður ekki trúað að óreyndu að fyrirkomulag sem byggist á því að fela þrjátíu aðilum að innheimta skatta og gjöld ríkissjóðs sé hagkvæmasta leiðin. Starf nefndar sem þeirrar sem hér er gerð tillaga um leiðir hugsanlega í ljós hvort svo er.

655. Tillaga til þingsályktunar [386. mál]

um aukna fjölbreytni atvinnutækifæra í dreifbýli.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að auka fjölbreytni atvinnutækifæra í dreifbýli með því að innleiða á markvissan hátt „fjarstörf“ í ríkisrekstri.

Greinargerð.

Á síðasta ári flutti flutningsmaður þingsályktunartillögu sem efnislega var samhljóma þeirri er hér er flutt. Tillagan kom ekki til afgreiðslu á Alþingi þá og er því endurflutt nú. Frá þeim tíma hafa atvinnumál í dreifbýli verið meira til umræðu en áður og ýmsir bæði utan þings og innan orðið til að taka undir þær hugmyndir sem í tillögunni felast þótt víða sé ruglað saman hugtökunum „fjarstörf“ og „fjarvinnsla“.

Fábreytni atvinnulífs í dreifbýli er talin ein af ástæðum þess hve hallað hefur á landsbyggðina á undanförnum árum. Framboð á störfum hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum er mest á höfuðborgarsvæðinu þótt viðkomandi stofnunum sé ætlað að þjóna landinu öllu. Gerðar hafa verið tilraunir til að flytja ríkisstofnanir út á land með misjöfnum árangri. Margir benda á að það þjóni illa íbúum landsbyggðarinnar ef þeir geta ekki sameinað þau erindi sem viðkomandi kunna að eiga við hinar ýmsu stofnanir í einni ferð til höfuðborgarinnar. Í þessu kann að felast nokkur sannleikur sem hefur orðið til þess að ekki hefur verið sótt af neinni festu að ríkisstofnanir séu fluttar út á land. Störf í ríkisstofnunum krefjast í vaxandi mæli aukinnar sérþekkingar en framboð á störfum sem byggjast á langskólamenntun og sérþekkingu eru af skornum skammti í dreifbýli. Á sama tíma færist í vöxt að makar langskólagengins fólks séu einnig langskólagengnir. Þegar kemur að því að velja stað til búsetu að loknu námi er eðlilega horft til þess hvort líkur séu á að hjónin geti bæði fengið vinnu á sínu sviði. Skortur á fjölbreytni í störfum er talin ein af helstu ástæðum þess að menntað fólk sem ættað er af landsbyggðinni er ekki tilbúið að flytja aftur í heimabyggð að loknu háskólanámi. Ef mjög fáir þeirra sem fara til langskólanáms af landsbyggðinni flytjast heim aftur að námi loknu er ljóst að afleiðingin verður atgervisflótti sem ekkert byggðarlag fær staðist til lengdar.

Tæknin gerir nú mönnum fært að búa og starfa fjarri vinnuveitanda. Með tilkomu tölvu, internets og tölvumyndavéla hafa gefist stórkostlegir möguleikar til að dreifa þeim störfum út um land sem ríkisvaldið þarf að láta vinna og skapa þannig raunverulegan möguleika fyrir fólk í dreifbýli til að búa við svipaða fjölbreytni í starfsvali og fólk í þéttbýli býr við. Sú tegund starfa sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að komið sé á er hér nefnd „fjarstarf“ sem þýðing á enska orðinu „telecommuting“. Fjarstörf eru nú þegar algeng í Bandaríkjunum og er reynslan af þeim svo góð að fyrirtæki á þéttbýlli svæðum eru jafnvel farin að hvetja starfsmenn til að vinna heima hluta úr vinnuvikunni. Vilja fyrirtækin þannig minnka þann tíma sem fer í ferðir milli vinnustaðar og heimilis og fá þannig ánægðari starfsmenn auk þess sem slíkt fyrirkomulag er liður í því að draga úr þeirri loftmengun sem fylgir aukinni umferð. Nokkrir einstaklingar búa á Íslandi og inna störf af hendi fyrir fyrirtæki á vesturströnd Bandaríkjanna. Ef slíkt er gerlegt milli heimshluta ætti ekki að vera vandamál að færa á sama hátt störf í ríkisstofnunum út á land.

Hugmynd flutningsmanns gengur út á að ákveðið hlutfall opinberra starfa verði á hverjum tíma veitt fólki sem býr á landsbyggðinni og sinnir starfinu með aðstoð tölvu og nútímafjarskiptatækni. Með tilkomu samskiptabúnaðar á borð við Lotus Notes, ljósleiðara, tölvuskönnun skjala og annarri hraðvirki samskiptatæki er lítill munur á hvort starfsmenn sem vinna að sama verkefni sitja hver í sínu herbergi eða hver í sínum landshluta. Til að innleiða þann starfsmáta sem fylgir fjarstörfum mætti hugsa sér sem raunhæft markmið að þegar í stað verði tíu opinber störf færð yfir í hvert hinna sex landsbyggðarkjördæma og þau auglýst til umsóknar sem fjarstörf. Á næsta einu og hálfu ári verði svo metið hvernig til tekst og ríkisreksturinn aðlagaður frekari breytingum í þessa veru. Á grundvelli fenginnar reynslu verði stefnt að því að ekki færri en 2% allra opinberra starfa standi til boða sem fjarstörf árið 2003 og að í lok árs 2007 verði ekki færri en 5% allra opinberra starfa fjarstörf. Einnig kæmi vel til greina að örva einkafyrirtæki til að gefa kost á fjarstörfum með því að veita tímabundna skattalega umbun fyrir hvert starf sem þannig væri búið til.

Rétt er að vekja athygli á þeim mun sem er á hugtökunum *fjarstarf* og *fjarvinnsla* en sumir þingmenn hafa að undanförnu rætt þann möguleika að nýta fjarvinnslu til að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Fyrir um einum og hálfum áratug var mikil ásókn fyrirtækja erlendis í að spara í rekstri með því að færa ákveðna þætti starfsemi sinnar til láglaunasvæða. Sem

dæmi má nefna að flugfélög og stórar verslunarkeðjur settu upp aðstöðu á láglaunasvæðum þar sem fólk sat við tölvur og sló inn upplýsingar af flugfarseðlum og afsláttarmiðum úr verslunum. Sú hugmynd var um tíma rædd hér á landi að skapa mætti störf í dreifbýli með því að láta innslátt skattframtala eiga sér stað úti á landi. Þessar hugmyndir voru góðra gjalda verðar á sínum tíma en tækninni hefur fleygt svo fram á síðustu árum að nú er minni þörf fyrir slíka vinnslu. Flugfarseðlar og afsláttarmiðar, svo dæmi séu tekin, eru nú með strikamerkingar og innfærsla þeirra gerist því um leið og viðskipti eiga sér stað. Skattframtöl rekstraraðila eru komin í rafrænt form og verði þróunin hér á landi í takt við tímann mun skattstofan senda launafólki til staðfestingar skattframtalsblöð sem eru útfyllt fyrir fram á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Vilji einstaklingur koma að leiðréttingum verður það gert um internetið eða einfaldlega með því að nota símtækið til að slá inn leiðréttingarnar. Fjarvinnsla er því ekki lengur hentug til að auka fjölbreytni starfa í dreifbýli og því síður til að skapa hálaunastörf því eðli máls samkvæmt verður innsláttur gagna ætíð láglaunastarf sem krefst lítillar þekkingar. Með hugtakinu fjarstörf er hins vegar átt við að störf séu unnin með aðstoð tölvutækni af einum eða fleiri einstaklingum fyrir vinnuveitanda sem getur verið í hundruð kílómetra fjarlægð. Fjarstarf gefur því raunverulegt val á starfi án tillits til búsetu en fjarvinnsla er bundin við runukeyrslu eða gagnainnslátt fjarri endanlegum notanda.

Geri Íslendingar nú átak í að koma á fjarstörfum er þó langt í frá að við verðum fyrstir þjóða til að beita tölvutækninni á þennan hátt. Rakið hefur verið hversu vinsæl fjarstörf eru í Bandaríkjunum. Í Vinnunni, blaði ASÍ, var fyrir rúmu ári greint frá því að danska blaðið Aktuelt hefi greint frá nýlegri Gallup-könnun í Danmörku sem sýni að u.þ.b. sjötti hver Dani vinni heima með aðstoð tölvutækni. Skoðanakönnunin sýndi að Danir vilja mjög gjarnan vinna heima í einn til tvo daga í hverri viku. Flestir, eða 48%, sögðu ástæðuna vera frelsið til að ráða vinnutíma sínum, 6% nefndu barnagæslu og 23% sparnað í ferðakostnaði. Blaðið Vinnan greinir einnig frá því að hinn mikli áhugi starfsfólks og atvinnurekenda fyrir fjarstörfum hafi ýtt við dönsku verkalýðshreyfingunni. Sagt er frá því að fyrir tíu árum hafi verkalýðshreyfingin talið fjarstörf ógnun þar sem þessi tegund starfa gæti leitt til „frumskógarvinnumarkaðar lausráðins fólks“ en nú sjái danska verkalýðshreyfingin fjarstörf sem leið starfsfólks til að hafa aukin áhrif á skipulag eigin vinnu. Á árinu 1997 fékk yfir ein milljón danskra launþega ákvæði um fjarstörf inn í kjarasamninga og hið sama má segja um 620.000 starfsmenn sveitarfélaga og 60.000 starfsmenn í banka- og fjármálastörfum.

Geta má þess að á Ísafirði hefur fyrir atbeina Fjórðungssambands Vestfjarða og fleiri aðila verið komið á laggirnar svokölluðu vinnusetri þar sem fólk sem stundar ólík störf, þar á meðal fjarstörf fyrir ýmsa vinnuveitendur, getur leigt aðstöðu og þannig átt þau félagslegu samskipti við annað fólk sem er mikilvægur þáttur í vinnu. Ef ríkisstjórn Íslands sýnir vilja sinn í þessu máli munu fjölmörg byggðarlög fylgja fordæmi Ísfirðinga og koma upp slíkum vinnusetrum þannig að þeir sem sinna fjarstörfum eigi þess kost að stunda vinnu í heimabyggð sinni og njóta jafnframt ánægjunnar sem fylgir því að starfa innan um annað fólk. Þeir sem hins vegar sinna fjarstörfum en kjósa að starfa á heimilum sínum eða annars staðar eiga þann möguleika eftir sem áður.

Ríkisstjórn Íslands er með þingsályktunartillögu þessari hvött til að hafa frumkvæði að sköpun fjarstarfa hér á landi og stuðla þannig á raunhæfan og markvissan hátt að jöfnun á framboði og fjölbreytni starfa milli landsbyggðar og þéttbýlis.

656. Nefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ara Edwald, aðstoðarmann sjávarútvegsráðherra, og Kristján Skarphéðinsson og Árna Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneyti, en Árni mætti einnig sem fulltrúi í sérfræðinganefnd sjávarútvegsráðherra. Þá komu á fund nefndarinnar Eiríkur Tómasson, Þorgeir Örlygsson og Baldur Guðlaugsson úr sérfræðinganefnd sjávarútvegsráðherra, Hólmgeir Jónsson og Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Ágúst H. Elíasson, Arnar Sigurmundsson og Gunnar Tómasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Björn Jónsson og Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hinrik Greipsson frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Einnig komu á fund nefndarinnar Benedikt Valsson og Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hilmar Baldursson, Yngvi Harðarson, Jón Árnason og Arnar Kristjánsson frá Landssambandi útgerðarmanna kvótalítilla skipa, Sturla Erlendsson, Jón Steinn Elíasson, Kristján Guðmundsson og Óskar Þór Karlsson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar og Árni Múli Jónasson, Þórður Ásgeirsson, Snorri Pálmason og Guðmundur Kristmundsson frá Fiskistofu. Loks komu á fund nefndarinnar Örn Pálsson og Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda, Sigurður Líndal prófessor, Magnús Jóhannesson og Halldór Þorgeirsson frá umhverfisráðuneyti, Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Júlíus Magnússon, Bragi Sigurðsson, Þórður Ásgeirsson og Sigurður Kristjánsson frá svæðisfélaginu Kletti, Norðurlandi eystra, Friðrik Már Baldursson og Ásgeir Daníelsson frá Þjóðhagsstofnun og Guðmundur Malmquist og Bjarki Bragason frá Byggðastofnun.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Þjóðhagsstofnun, Verslunarráði Íslands, Strandveiðifélaginu Króki, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Vinnumálasambandinu, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssamtökum útgerðarmanna kvótalítilla skipa, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Hafrannsóknastofnun, ASÍ og Landssambandi smábátaeigenda.

Í dómi Hæstaréttar 3. desember sl. í máli nr. 145/1998: Valdimar Jóhannesson gegn íslenska ríkinu var dæmd ógild sú ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins 10. desember 1996 að hafna umsókn Valdimars um almennt og sérstakt veiðileyfi. Kemur fram í forsendum dómsins að ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sé í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og þau sjónarmið um jafnræði sem gæta þarf við takmörkun á atvinnufrelsi skv. 1. mgr. 75. gr. hennar að því leyti sem leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands séu til frambúðar bundin við skip sem haldið var til veiða á ákveðnum tíma.

Í ljósi dóms þessa þótti nauðsynlegt að leggja til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd sérfræðinga sem skilaði til hans tillögum að breytingum. Í framhaldi af því lagði ríkisstjórnin fram frumvarp þetta.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með umfangsmiklum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali. Þær helstu eru eftirfarandi:

1. Meiri hlutinn leggur til að einungis verði heimilt að veita fiskiskipi eina gerð veiðileyfis, þ.e. veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi með aflamarki sem úthlutað verði samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II (krókaaflamarki), veiðileyfi með sóknardögum eða

leyfi með þorskaflahámarki, sem falla mun úr gildi að loknum aðlögunartíma 1. september 2000.

2. Meiri hlutinn leggur til að frá og með 1. september 2000 skuli bátar fá leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum að nánari skilyrðum uppfylltum. Verða þeir sem þá leið velja að tilkynna Fiskistofu um það val sitt fyrir 1. mars 1999. Heimilt verði að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem leyfi hafa til veiða í handfærakerfi með dagatakmörkunum. Þó verði óheimilt að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Skuli í því sambandi miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáranna. Verði sóknardagar fluttir frá báti skuli þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn ekki vera fleiri en mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt var að flytja frá bátnum og þeirra sóknardaga sem fluttir voru, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Verði sóknardagar fluttir til stærri báts í brúttótonnum talið en sá sem sóknardagar verða fluttir af skuli skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og broti sleppt. Á sama hátt skuli skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Þá skuli með sama hætti fjölga sóknardögum sem fluttir eru til minni báts. Í öllum tilvikum verði skylt að tilkynna Fiskistofu um flutning sóknardaganna. Þá leggur meiri hlutinn til að óheimilt verði að veita nýjum bátum sem eru 6 brúttótonn eða stærri leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum. Einnig leggur meiri hlutinn til að óheimilt verði að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri. Meiri hlutinn leggur til að sameiginlegur þorskafli þessara báta verði á hverju fiskveiðiári sama hlutfall af 13,75% af heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995, auk aflaheimilda sem úthlutað skal samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II. Leyfilegur fjöldi sóknardaga slíkra báta á hverju fiskveiðiári verði ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár með því að reikna meðalþorskafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í hámarksþorskafla þessara báta á fiskveiðiárinu. Skuli sóknardögum fækka eða fjölga um heila daga og broti sleppt. Þó leggur meiri hlutinn til að sóknardögum skuli aldrei fækka meira en 25% milli fiskveiðiára. Meiri hlutinn leggur til að á yfirstandandi fiskveiðiári og því næsta verði þeim er þessa leið velja heimilt að stunda veiðar í 23 daga, án takmarkana á heildarafla.

3. Meiri hlutinn leggur til að heimilt verði að flytja aflamark milli skipa sem nú stunda veiðar með dagatakmörkunum án undangenginna viðskipta á kvótaþingi. Þá leggur meiri hlutinn til að einungis verði heimilt að framselja aflamark báts sem er minni en 6 brl. eða brúttótonn til báts eða báta undir þeim stærðarmörkum. Ef bátur minni en 6 brl. eða brúttótonn verði stækkaður umfram þau mörk verði einungis heimilt að framselja þann hluta aflamarks bátsins sem leiddur verði af þeirri aflahlutdeild sem báturinn hafði fyrir stækkun til báta sem eru undir sömu stærðarmörkum.

4. Meiri hlutinn leggur til að þeir bátar sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum eða þorskaflahámarki, aðrir en þeir sem velja fyrir 1. mars 1999 að fara inn í nýtt dagakerfi með framseljanlegum sóknardögum, skuli fá lengri aðlögun að aflamarkskerfi en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá verði sóknardagar þeirra fleiri en frumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. 32 fyrir báta sem stunda veiðar með línu og handfærum en 40 fyrir báta sem nota handfæri eingöngu.

5. Meiri hlutinn leggur til að við reikning aflahlutdeildar hvers báts sem stundar veiðar með dagatakmörkunum verði henni skipt milli þeirra á grundvelli aflareynslu þannig að 80% ákvarðist á grundvelli fiskveiðiáranna 1996/1997 og 1997/1998 og 20% á grundvelli reiknaðs þorskaflahámarks skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þó skuli enginn bátur fá minni aflahlutdeild en 500 kg, miðað við óslægðan fisk.
6. Meiri hlutinn leggur til að hlutur báta sem veiða með línu og handfærum eða handfærum eingöngu verður aukinn um 601 lest af þorski eða um liðlega 20% og skiptist þessi aflahlutdeild milli þeirra sem velja veiðar með krókaaflamarki og þeirra sem velja veiðar með handfærum með dagatakmörkunum. Verður hlutdeildinni skipt milli þeirra í samræmi við aflareynslu.
7. Meiri hlutinn leggur til að á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með 2005/2006 skuli úthluta tilteknu magni aflamarks til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og eru minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorski á fiskveiðiárunum 1996/1997 eða 1997/1998. Skuli úthlutun til einstakra báta miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Skuli við útreikning miðað við aflahlutdeildarstöðu bátanna 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflahámarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Skuli heildaraflaheimildir einstakra skipa aldrei verða meiri en 450 þorskígildislestir eftir úthlutun. Meiri hlutinn leggur einnig til að óháð úthlutun samkvæmt framansögðu skuli úthlutað til aflamarksbáta minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn, sem 1. september nk. hafa jafnháa eða hærri aflahlutdeild og 1. desember sl. og hafi landað þorskafla á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998, hækkun á aflahlutdeild þeirra um 15% í þorski.
8. Meiri hlutinn leggur til að á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með 2005/2006 hafi Byggðastofnun til ráðstöfunar aflaheimildir sem nemi 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarúvegi. Skuli þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Skuli umræddar aflaheimildir dragast frá leyfðum heildarafla af þeim tegundum er þar um ræðir.
9. Meiri hlutinn leggur til að sjávarútvegsráðherra skipi nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða og skuli þeirri endurskoðun lokið fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001. Gerir meiri hlutinn ráð fyrir að nefndin verði skipuð á breiðum grunni.

Alþingi, 9. jan. 1999.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Vilhjálmur Egilsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.

Stefán Guðmundsson.

657. Breytingartillögur [343. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (KHG, ÁRÁ, GHall, StG, HjÁ, VE, EOK).

1. Við 1. gr. Við efnismálsgrein bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á sama fiskveiðiári er þó aðeins heimilt að veita fiskiskipi eina gerð leyfis til veiða í atvinnuskyni, þ.e. veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi með þorskaflahámarki, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum þessum, veiðileyfi með aflamarki sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum þessum (krókaaflamarki) eða veiðileyfi með sóknardögum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   6. gr. laganna orðast svo:

   Bátar sem fá leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum skulu frá og með 1. september 2000 stunda veiðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

   Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 30. september ár hvert. Þeim er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum og háffiskum með sérhæfðum veiðarfærum og til hrognkelsaveiða í net.

   Sameiginlegur hámarksþorskafli þeirra báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af 13,75% af heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995, auk aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum þessum. Fjöldi sóknardaga skal ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár, í fyrsta sinn fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september 2000, með því að reikna meðalþorskafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í hámarksþorskafla þessara báta á fiskveiðiárinu. Sóknardögum skal fækka eða fjölga um heila daga og sleppa broti. Sóknardögum skal þó aldrei fækka um meira en 25% milli fiskveiðiára.

   Sóknardagur telst vera allt að 24 klst. frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar samkvæmt lokamálslið 2. mgr. séu utan sóknardaga.

   Heimilt er að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum. Sé sá bátur sem sóknardagar eru fluttir til stærri, í brúttótonnum talið, en sá sem sóknardagar eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og sleppa broti. Þá skal með sama hætti fjölga sóknardögum sem fluttir eru til minni báts. Á sama hátt skal skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Miða skal við stærð báta 1. janúar 1999. Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáranna. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátnum og þeirra sóknardaga sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um

flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.

Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Í stað orðanna „eða þorskaflahámarks“ í 2. mgr. 6. gr. a laganna kemur: eða króka-aflamarks.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

1. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Áætlaðan afla báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum.

5. Við 5. gr. Á eftir orðunum „6 brl.“ hvarvetna í greininni komi: eða 6 brúttótonn.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

b. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þegar um er að ræða flutning aflamarks milli báta sem eru minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn.

c. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

d. Orðin „eða veiðileyfis“ í 6. mgr. falla brott.

e. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er heimilt með samþykki Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks í þeim tilvikum að um breytingar á skipakosti viðkomandi útgerðar sé að ræða og aflahlutdeildin sé jafnframt flutt milli viðkomandi skipa.

f. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Einungis er heimilt að flytja aflamark báts sem er minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn til báts eða báta undir þeim stærðarmörkum. Ef bátur sem er minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn er stækkaður umfram þau mörk er einungis heimilt að flytja þann hluta aflamarks bátsins sem leiddur er af þeirri aflahlutdeild sem báturinn hafði fyrir stækkun til báta sem eru minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn.

7. Á eftir 6. gr. komi ný grein er orðist svo:

3. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal sérstakt veiðieftirlitsgjald vegna báta sem stunda handfæraveiðar með dagatakmörkunum. Gjald samkvæmt þessari málsgrein skal innheimt árlega. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 2. mgr. og gilda ákvæði þeirrar málsgreinar um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Gjald samkvæmt þessari málsgrein skal innheimt samhliða gjaldi vegna almenns veiðileyfis skv. 4. mgr. Skal gjaldið miðast við landaðan afla á undanfarandi tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí og skráningu landaðs afla í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.

8. Við ákvæði til bráðabirgða I.

a. 1. mgr. orðist svo:

Bátar sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum eða þorskaflahámarki, krókabátar, skulu á fiskveiðiárunum 1998/1999 og 1999/2000 stunda veiðar samkvæmt þessu ákvæði.

b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður er verði 3. málsl., svohljóðandi: Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá fiskveiðiárinu 1998/1999 yfir á fiskveiðiárið 1999/2000.
c. Í stað orðanna „26 á fiskveiðiárinu 1998/1999“ í 1. málsl. 6. mgr. komi: 32 á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000.
d. Í stað orðsins „fiskveiðiárinu“ í lokamálslið 6. mgr. komi: hvoru fiskveiðiári.
e. Í stað tölunnar „32“ í fyrri málslið 8. mgr. komi: 40 á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000.
f. Í stað orðsins „fiskveiðiárinu“ í síðari málslið 8. mgr. komi: hvoru fiskveiðiári.
g. 11. mgr. orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið að afli teljist ekki til þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta á fiskveiðiárunum 1998/1999 og 1999/2000.

h. Við bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Innheimta skal sérstakt veiðieftirlitsgjald vegna báta sem stunda veiðar samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 2. mgr. 18. gr. laganna og gilda ákvæði þeirrar málsgreinar um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Gjald samkvæmt þessari málsgrein skal innheimt samhliða gjaldi vegna almenns veiðileyfis skv. 4. mgr. 18. gr. Skal gjaldið miðast við landaðan afla á undanfarandi tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí og skráningu landaðs afla í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.

Þrátt fyrir ákvæði þessa bráðabirgðaákvæðis skal þeim bátum sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum eða handfærum eingöngu með dagatakmörkunum gefast kostur á að velja að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum 6. gr. laganna, enda hafi þeir tilkynnt Fiskistofu um val sitt fyrir 1. mars 1999. Á fiskveiðiárunum 1998/1999 og 1999/2000 skal þessum bátum heimilt að stunda veiðar í 23 sóknardaga án takmarkana á heildarafla. Að öðru leyti gildir bráðabirgðaákvæði þetta um veiðar þessara báta.

9. Við ákvæði til bráðabirgða II.
a. 3. og 4. mgr. orðist svo:

Þeirri 0,18% hlutdeild í hámarksþorskafla sem komið hefur í hlut báta sem stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, auk aflahlutdeildar í þorski sem nemur 95 lestum miðað við óslægðan fisk, skal skipt milli báta á grundvelli aflareynslu þannig að 80% séu miðuð við aflareynslu fiskveiðiárin 1996/1997 og 1997/1998 og 20% séu miðuð við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þó skal enginn bátur fá minni aflaheimild en 500 kg, miðað við óslægðan fisk.

Þeirri 0,93% hlutdeild í hámarksþorskafla sem komið hefur í hlut báta sem stunda veiðar með handfærum eingöngu með dagatakmörkunum, auk aflahlutdeildar í þorski sem nemur 506 lestum miðað við óslægðan fisk, skal skipt milli báta á grundvelli aflareynslu þannig að 80% séu miðuð við aflareynslu fiskveiðiárin 1996/1997 og 1997/1998 og 20% séu miðuð við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þó skal enginn bátur fá minni aflaheimild en 500 kg, miðað við óslægðan fisk.

b. Í stað orðanna „framangreindum þremur árum“ í 2. málsl. 5. mgr. komi: árunum 1997, 1998 og 1999.
c. Við ákvæðið bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Það aflamark sem úthlutað er á grundvelli aflahlutdeildar samkvæmt þessu ákvæði (krókaaflamark) er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæra-

veiðar. Aflahlutdeild og aflamark samkvæmt þessu ákvæði verður ekki flutt til báts sem hefur aðra gerð veiðileyfis.

10. Í stað ákvæða til bráðabirgða III og IV komi þrjú ný ákvæði, svohljóðandi:

a. (III.)

Á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með 2005/2006 skal úthluta árlega 4.000 lestum af þorski, að frádregnum 601 lest sem úthlutað er skv. 3. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II og úthlutun skv. 2. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis. Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og eru minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta skal miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari málsgrein leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

Þá skal úthluta aflahlutdeild í þorski til aflamarksbáta sem eru minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn, enda hafi þeir sömu eða meiri aflahlutdeild í þorski 1. september 1999 en 1. desember 1998 og hafi landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Þorskaflahlutdeild þessara báta skal aukin um 15% miðað við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998.

Við upphaf fiskveiðiársins 1999/2000 skal endurreikna aflahlutdeildir einstakra fiskiskipa að teknu tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af ákvæðum til bráðabirgða II og III.

b. (IV.)

Á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með fiskveiðiársins 2005/2006 hefur Byggðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

c. (V.)

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001.

658. Tillaga til þingsályktunar [387. mál]

um skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins.

Flm.: Hjálmar Árnason, Guðni Ágústsson,
Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að leggja fram tillögur um aukinn aga í skólum landsins.

Í nefndinni sitji fulltrúar menntamálaráðherra, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Landssamtakanna heimili og skóli, Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, samtaka framhaldsskólanema, Kennarasambands Íslands, Hins íslenska kennarafélags, Skólastjórafélags Íslands, Skólameistarafélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Æskulýðssambands Íslands.

Greinargerð.

Oft er því haldið fram hérlendis að unga fólkið og jafnvel þjóðin öll sé óöguð. Þetta heyrist gjarna í kjölfar atburða eins og óláta í miðborginni, eða þegar rædd eru vandamál í samskiptum kynslóðanna, niðurstöður af samræmdum prófum og samanburðarrannsóknum við aðrar þjóðir, biðraðamenning o.s.frv. Niðurstaðan er einatt sú að þjóðin sé agalaus. Hins vegar virðist skilgreining fólks á hugtakinu agi vera nokkuð á reiki enda hugtakið vandmeðfarið. Þannig getur verið skammt á milli aga og bælingar ellegar hömluleysis og agaleysis. Fyrir því má þó færa nokkur rök að íslensk ungmenni búi við heldur óagað umhverfi og eigi jafnvel á stundum erfitt með að gera sér grein fyrir því til hvers er ætlast af þeim. Veldur þar margt, m.a. miklar breytingar sem orðið hafa á högum fjölskyldunnar á síðustu árum, þar sem langur vinnutími beggja foreldra utan heimilis veldur því að börn og ungmenni eru skilin eftir á eigin ábyrgð, gjarna í því sem kalla mætti agaleysi. Ýmsir halda því fram að samverutími fjölskyldna sé skammur af fyrrgreindum ástæðum og við bætist einangrun einstaklinga innan fjölskyldna við fjölmiðlun, tölvur og aðra nútímatækni.

Færa má fyrir því rök að skólar og aðrar stofnanir hafi tekið við hluta af uppeldishlutverki heimila og því til viðbótar verji mörg börn drjúgum hluta tómstunda sinna undir takmörkuðu eftirliti á götum úti. Á það hefur verið bent að samband og samstarf heimila, skóla, íþróttafélaga og ýmissa samtaka, sem starfa í þágu barna, sé mjög takmarkað og skilaboð til barna um hegðan og ábyrgð séu misvísandi og óljós. Þetta er það sem kallað hefur verið óagað umhverfi og leiðir m.a. til þess að ungmenni eiga örðugt með að þroska með sér sjálfsaga. Skýrar leikreglur og agað umhverfi er með öðrum orðum forsenda þess að einstaklingur geti náð að þroska með sér nauðsynlegan sjálfsaga.

Árangur af skólastarfi ræðst af mörgum þáttum. Vert er að benda á að skólastarf á sér ekki einungis stað innan veggja skólans heldur skipta heimilin þar og miklu máli. Ástæða er til að velta fyrir sér hvort langur vinnutími foreldra á Íslandi kunni ekki að leiða til tiltölulega stuttra samvista foreldra og barna með þeim afleiðingum að börn verði rótlaus og óöguð. Þannig má hugsanlega tengja vaxandi ofbeldi, fíkniefnanotkun og skemmdarverk meðal barna og unglinga við það rótleysi sem margir telja að ríki á heimilum. Kann þar margt að valda, svo sem langur vinnutími og vaxandi ofbeldi í fjölmiðlum og kvikmyndum. Draga má

í efa að eðlileg samskipti barna og foreldra séu nægileg. Börnum er mikilvægt að alast upp við agað umhverfi en finna jafnframt til kærleika og öryggis. Velta má upp þeirri spurningu hvort það öryggi og agi sé til staðar í þjóðfélaginu almennt og ef ekki, hvaða félagslegar afleiðingar það hefur.

Þá er rétt að fram fari athugun á því hvort kennsluhættir og skipulag skólastarfs hafi náð að þróast eðlilega. Í því sambandi er ástæða til að skoða áhrif launakjara kennara á starfsgleði þeirra, yfirvinnu og þá þróun að kennarar ráða sig í auknum mæli í hlutastörf. Með einsetnum grunnskóla hlýtur að þurfa að taka þessi mál öll til endurskoðunar með kjör kennara og vinnutíma í huga en ekki síður það að grunnskólanemendur geti sinnt í skólanum hefðbundnu námi, heimanámi, leikjum, dansnámi, tónslistarnámi og íþróttaæfingum í samstarfi við íþróttafélög og aðra aðila.

Þá má spyrja hvort sú stefna sem kölluð hefur verið blöndun í bekki hafi skilað því sem til var ætlast. Margir hafa haldið því fram að hugmyndafræðin hafi ekki náð fram að ganga af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að stoðaðgerðir flestar hafi ekki fylgt með og afleiðingin sé sú sem kölluð hefur verið „útþynning“ krafna og námsárangurs. Einnig hefur því verið velt upp hvort kröfur til nemenda séu almennt nægar í námi, varðandi umgengni o.s.frv. Inn í umræðuna hefur komið gagnrýni á minnkandi utanbókarlærdóm nemenda án þess að fylgt hafi hver áhrif þess séu ef rétt reynist.

Í samanburði við helstu samkeppnislönd hefur komið í ljós að íslensk skólabörn sækja árlega færri kennslustundir en jafnaldrar þeirra í löndum OECD. Kanna þarf áhrif þess á menntunarstig þjóðarinnar.

Heyra má þær raddir frá aðilum vinnumarkaðarins að nokkuð skorti á sjálfsaga nemenda þegar þeir koma úr skóla til starfa á almennum vinnumarkaði. Nefndinni er ætlað að fjalla um hvað hæft er í því og birta tillögur til úrbóta, reynist þess þörf.

Drjúgur hópur ungmenna stundar íþróttir á vegum íþróttafélaga og ýmsa aðra tómstundaiðju á vegum félaga og samtaka, auk þess að stunda skólanám. Á það hefur ítrekað verið bent að lítil formleg tengsl eru milli þessara aðila. Þá hefur margoft verið vakin athygli á því hversu takmarkað samstarf foreldra og ýmissa aðila sem sinna uppeldi barna og unglinga beint eða óbeint er víðast hvar.

Fleiri atriði mætti nefna en ljóst má vera af því sem hér hefur verið talið upp að verkefni nefndar á borð við þá sem hér er lagt til að verði skipuð eru ærin. Meginatriðið er að málið verði skoðað í sem víðustu samhengi og kynntar verði tillögur sem taka á þeim vanda sem við blasir. Ísland á í aukinni samkeppni við þjóðir heims á flestum sviðum. Forsenda þess að þjóðin standist hana og geti haldið hér uppi traustu velferðarþjóðfélagi hlýtur að vera sú að einstaklingar alist upp við þau skilyrði að þeir geti þroskað með sér aga á öllum sviðum.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að menntamálaráðherra skipi vinnuhóp sem skilgreini þau sjónarmið er hér hafa verið nefnd með það í huga að birta tillögur til bóta þannig að íslensk ungmenni viti til hvers er ætlast af þeim og séu fær um að axla þá ábyrgð.

659. Frumvarp til laga [388. mál]

um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Húseigendum er skylt að vátryggja gegn eldsvoða allar húseignir. Húseignir samkvæmt lögum þessum eru hvers konar byggingar sem ætlaðar eru til íbúðar, atvinnustarfsemi, geymslu eða annarra afnota.

Hús í smíðum er eigendum einnig skylt að vátryggja á smíðatímanum. Fer um vátryggingarfjárhæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingafélags.

Vátryggingarskyldar húseignir skv. 1. mgr. er skylt að meta eigi síðar en fjórum vikum eftir að byggingu þeirra lauk eða þær hafa verið teknar í notkun. Eigandi ber ábyrgð á því að tilkynna vátryggingafélagi um lok byggingar eða notkun húseignar og óska eftir mati.

Vátryggingafélag skal ekki taka gilda uppsögn á brunatryggingu skv. 1. og 2. mgr. nema uppsögn fylgi staðfesting á að húseigandi hafi stofnað til nýrrar brunatryggingar hjá öðru vátryggingafélagi. Við eigendaskipti skal viðkomandi vátryggingafélag ekki taka gilda uppsögn nema henni fylgi staðfesting á að nýr eigandi hafi stofnað til brunatryggingar.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Vátryggingarfjárhæð húseignar skv. 1. mgr. 1. gr. skal nema fullu verði eignarinnar eftir virðingu. Fasteignamat ríkisins annast virðingu þeirrar húseignar samkvæmt matskerfi og verklagsreglum stofnunarinnar. Heiti þeirrar gerðar er brunabótamat. Er markmið matsins að finna vátryggingarverðmæti húseignarinnar á þeim tíma er virðing fer fram. Skal matið taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Matið skal skrá í fasteignaskrá stofnunarinnar þar sem því skal viðhaldið.

Fasteignamat ríkisins getur endurmetið skyldutryggðar húseignir þegar stofnunin sér ástæðu til. Skal húseiganda tilkynnt um fyrirhugaða breytingu á mati. Vilji húseigandi ekki una breyttu mati samkvæmt þessari málsgrein skal hann tilkynna stofnuninni það með sannanlegum hætti innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um matið.

Brunabótamat nýrrar húseignar og endurmat skv. 2. mgr. skal vera húseiganda að kostnaðarlausu.

Húseiganda er ætíð heimilt á sinn kostnað að óska eftir því að Fasteignamat ríkisins endurmeti húseign hans. Skylt er húseiganda að óska nýs brunabótamats á húseign ef ætla má að verðmæti eignarinnar hafi aukist vegna endurbyggingar eða endurbóta.

Sé ágreiningur á milli vátryggingafélags og húseiganda um matsfjárhæð getur hvor aðili um sig óskað endurmats á sinn kostnað.

Ef húseigandi eða vátryggingafélag vill ekki una mati Fasteignamats ríkisins er heimilt að vísa ágreiningi þar um til yfirfasteignamatsnefndar, sbr. 6. gr.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að lækka vátryggingarfjárhæðir húseigna (brunabótamat) sem eru í lélegu ástandi og ekki í notkun frá því sem brunabótamat þeirra hefði ella orðið skv. 1. mgr. Heimild þessi verður því aðeins nýtt að fyrir liggi staðfesting sveitarstjórnar á ástandi eignar og notkun og að hún geri ekki athugasemdir við að mat verði lækkað. Fast-

eignamat ríkisins tilkynnir eiganda húseignar, vátryggingafélagi og veðhöfum, ef einhverjir eru, um breytingu á vátryggingarfjárhæð samkvæmt þessari málsgrein.

Séu húseignir á eyðijörðum nýttar sem sumarhús eða til annarrar dægradvalar fer um brunabótamat slíkra eigna sem væru þær sumarbústaðir.

Ef brunabótamat byggist á beinni skoðun á húseign skal gefa húseiganda, eða fulltrúa hans, kost á því að vera viðstaddur.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að reikna brunabótamat án skoðunar. Skal útreikningur þessi gerður á grundvelli upplýsinga sem fyrir liggja í fasteignaskrám stofnunarinnar og í öðrum þeim gögnum sem hún kann að hafa yfir að ráða. Áður en mat samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi skal húseiganda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við matið. Hafi hann eigi komið athugasemdum sínum sannanlega á framfæri við Fasteignamat ríkisins innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um matið skal litið svo á að hann sé því samþykkur.

Vátryggingarfjárhæð breytist til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar hinna ýmsu tegunda húseigna.

Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun brunabótamats samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 2. mgr. fellur brott.
b. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt getur hvor um sig krafist endurmats Fasteignamats ríkisins og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ágreiningi um bótafjárhæð skv. 2. mgr. eða um endurmatsverð skv. 3. mgr. er heimilt að skjóta til gerðardóms sem ráðherra vátryggingamála setur nánari ákvæði um í reglugerð. Kostnað við úrskurð ber sá er gerð gengur á móti.

4. gr.

4. gr. laganna verður 7. gr.

5. gr.

4. gr. a laganna verður 4. gr.

6. gr.

5. gr. laganna verður 8. gr.

7. gr.

Í stað núgildandi 5. gr. laganna kemur ný 5. gr., svohljóðandi:

Ágreiningi um brunabótamat má skjóta til úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar. Fyrir kostnað við úrskurð nefndarinnar skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra vátryggingamála setur. Kostnað við úrskurð ber sá sem gerð gengur á móti.

8. gr.

6. gr. laganna verður 9. gr.

9. gr.

Í stað núgildandi 6. gr. laganna kemur ný 6. gr., svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að uppfæra og halda skrár yfir brunabótamat húseigna skulu húseigendur greiða sérstakt gjald til Fasteignamats ríkisins, umsýslugjald. Gjald þetta skal nema 0,025 ‰ (prómillum) af brunabótamati hverrar húseignar og skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila umsýslugjaldi til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögunum falla brott.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanförnu hefur orðið vart gagnrýni á lög um brunatryggingar og framkvæmd þeirra. Einkum hefur þeirrar gagnrýni orðið vart hjá Bændasamtökum Íslands. Telja þau að framkvæmd þeirra komi sérstaklega hart niður á bændum þar sem nokkuð kveði að van- eða ónýttum húseignum á jörðum vegna breyttra búskaparhátta og að dæmi séu um að húseignir til sveita hafi að undanförnu verið endurmetnar með tilheyrandi hækkunum brunatryggingariðgjalda og þeirra skatta og gjalda sem mið taka af brunabótamati.

Af þessu tilefni og einnig vegna ábendinga um að huga þurfi að endurskoðun gildandi ákvæða um tilhögun brunabótamats skipaði viðskiptaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um endurskoðun á lögunum. Í nefndina voru skipaðir Ólafur Hilmar Sverrisson, bæjarstjóri í Stykkishólmi, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigmar Ármannsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga, og Kjartan Gunnarsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, sem skipaður var formaður nefndarinnar.

Vegna gagnrýni Bændasamtakanna ákvað nefndin að rita hagsmunaaðilum og tilteknum opinberum aðilum og óska eftir viðbrögðum þeirra við þeirri hugmynd að breyta eða afnema skyldu húseigenda til þess að hafa húseignir brunatryggðar. Nánar er hér um að ræða tvær hugmyndir. Annars vegar að aðilum í atvinnurekstri verði það í sjálfsvald sett hvort þeir hafi brunatryggðar þær húseignir í eigu þeirra sem nýttar eru í atvinnurekstrinum. Hins vegar að eigendur atvinnurekstrarhúsnæðis geti óskað eftir undanþágu frá brunatryggingarskyldu og að undanþágan verði háð samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og veðhafa, ef einhverjir eru.

Rétt er að fram komi að hugsanlegar breytingar á skyldutryggingu húseigna hafa áhrif á fleira en iðgjöld brunatrygginga og bætur vegna bruna. Þau iðgjöld, gjöld og skattar sem reiknuð eru sem hlutfall af vátryggingarfjárhæðum og vátryggingafélögunum er gert að innheimta eru brunavarnagjald, umsýslugjald, iðgjöld viðlagatryggingar, svo og gjald til Ofanflóðasjóðs. Raunar vega þessir skattar og gjöld til opinberra aðila mun þyngra en sjálft brunatryggingariðgjaldið. Má reikna með að þessi viðbótargjöld geti numið um 80–85% af meðalinnheimtu á því gjaldi sem lagt er á meðalhúseign. Afnám skyldubrunatryggingar mundi því þýða tekjutap bæði fyrir Viðlagatryggingu Íslands og Ofanflóðasjóð nema til kæmu nýir tekjustofnar.

Þeir hagsmunaaðilar og opinberir aðilar sem gerðu nefndinni grein fyrir áliti sínu á framangreindum hugmyndum voru Vátryggingaeftirlitið, Samtök iðnaðarins, Samband íslenskra viðskiptabanka, Bændasamtök Íslands, Viðlagatrygging Íslands, Vinnumálasambandið, Sam-

band íslenskra sparisjóða, Samband íslenskra tryggingafélaga, umhverfisráðuneytið, Fasteignamat ríkisins, Brunamálastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Aðeins Bændasamtök Íslands lýstu sig fylgjandi því að aðilum í atvinnurekstri ætti að vera það í sjálfsvald sett hvort þeir brunatryggðu húseignir sem notaðar eru í atvinnurekstri. Aðrir vildu viðhalda óbreyttu fyrirkomulagi.

Eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins gerir það engu síður ráð fyrir þeim möguleika að lækka megi brunabótamat tiltekinna húseigna umfram það sem matið hefði ella orðið að uppfylltum skilyrðum sem nánar er lýst í frumvarpinu. Að mati frumvarpshöfunda verður ekki með sanngirni litið fram hjá þeim breytingum, bæði vegna samdráttar í hefðbundum landbúnaði og breyttra búhátta sem orðið hafa síðustu ár og einkum snerta bændur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eina efnislega breytingin frá gildandi ákvæðum er að nú er gerð tilraun til þess að skilgreina hvað sé húseign. Ágreinings hefur orðið vart um hvenær bygging geti talist vátryggingarskyld húseign.

Um 2. gr.

Til þess að tryggja einsleitni við mat á húseignum, hvort sem er við fasteignamat eða við brunabótamat, er talið nauðsynlegt að einn aðili annist matsgerðina. Því er lagt til í frumvarpinu að Fasteignamat ríkisins sjái eitt um þessar matsgerðir. Hjá stofnuninni eru fyrir hendi þær upplýsingar, verklagsreglur og sérþekking sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja einsleitni og að mat verði unnið samkvæmt faglegum kröfum. Í þessu sambandi er vert að vekja sérstaka athygli á að bæði brunabótamat og fasteignamat eru grundvöllur skattlagningar. Auk þeirra skatta sem áður hefur verið gerð grein fyrir og reiknast af brunabótamati má hér nefna skipulagsgjald. Sömu matsmenn meta eignir bæði til fasteignamats og brunabótamats og almennt er miðað við að samtímis sé unnið að þeim. Hefur það og orðið svo í reynd að Fasteignamat ríkisins hefur metið langflestar eignir til brunabótamats eftir gildistöku laga nr. 48/1994, en ekki dómkvaddir matsmenn.

Grein þessi gerir einnig ráð fyrir því að stofnuninni sé heimilt að meta húseignir á grundvelli upplýsinga sem fyrir hendi eru. Ekki þurfi að meta á grundvelli skoðunar á staðnum ef að mati stofnunarinnar liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar. Á þetta við bæði um fyrsta mat og endurmat.

Nýmæli er að Fasteignamati ríkisins er heimilt að lækka brunabótamat frá því sem það ella hefði orðið ef húseign er í mjög lélegu ástandi eða hefur verið tekin úr notkun. Er ákvæði þetta einkum tilkomið vegna gagnrýni Bændasamtaka Íslands á að ekki skuli hægt samkvæmt gildandi lögum að taka tillit til búháttarbreytinga og samdráttar í hefðbundnum landbúnaði við mat á útihúsum á jörðum. Ekki þykir rétt að einskorða möguleika til sveigjanlegs mats við bújarðir heldur sé miðað við að heimild þessi sé almenn. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að heimildin verði ekki nýtt nema að fengnu samþykki sveitarstjórnar þar sem viðkomandi húseign er staðsett. Fasteignamati ríkisins er einnig gert að tilkynna vátryggingafélagi sem hefur verið með viðkomandi húseign í brunatryggingu og veðhöfum um lækkun brunabótamatsins. Ekki er gert ráð fyrir að afla þurfi samþykkis félags eða veðhafa en þeim er í sjálfsvald sett að meta hvort lækkun brunabótamats gefur tilefni til aðgerða af þeirra hálfu.

Þá er rétt að benda á tvennt til viðbótar. Í gildandi lögum er ákvæði um umsýslugjald að finna í 2. gr. Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði um gjaldið verði í sérstakri grein. Þá er

í frumvarpinu tekinn af allur vafi um hvernig meta skuli til brunabótamats húseignir á eyðijörðum sem nýttar eru sem sumarbústaðir.

Um 3. gr.

Efnislega lýtur breyting á greininni að því að skilgreina hvert skjóta megi ágreiningi sem upp kann að rísa, annars vegar um bótafjárhæð, í þeim tilvikum þegar ekki er um endurbyggingu húseignar í upprunalegt horf að ræða, og hins vegar þegar sveitarstjórn leysir til sín húseign vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum.

Ágreiningi um bótafjárhæð í öðrum tilvikum en þeim sem fjallað er um í 2. og 3. mgr. gerir frumvarpið ráð fyrir að vísað sé til dómstóla.

Um 4.–6. gr.

Ekki er verið að gera tillögu um efnisbreytingu, en lagt er til að 4. gr., 4. gr. a. og 5. gr. núgildandi laga fái ný greinanúmer.

Um 7. gr.

Óvissa er um túlkun ákvæða gildandi laga um yfirmat. Sú leið hefur verið farin að í 11. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna er kveðið á um að skjóta megi málum til gerðardóms rísi ágreiningur um brunabótamat eða um bótafjárhæð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að yfirfasteignamatsnefnd taki til úrskurðar ágreining sem upp kann að koma um brunabótamat. Slíkt horfir til einföldunar og er til þess fallið að stuðla að nauðsynlegri samræmingu við framkvæmd laganna.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Núgildandi ákvæði um umsýslugjald er að finna í 2. gr. laganna. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ákvæði um það séu sett í sérstaka grein, 6. gr. Efnislega er ekki verið að breyta ákvæðunum.

Um 10. og 11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að veitt verði heimild til að lækka vátryggingarfjárhæðir húseigna (brunabótamat) sem eru í lélegu ástandi og ekki í notkun með samþykki sveitarstjórnar enda staðfesti hún ástand eignar og notkun. Af vátryggingarfjárhæð húseigna er reiknað brunavarnagjald, umsýslugjald og iðgjöld viðlagatryggingar, svo og gjald til Ofan-

flóðasjóðs. Lækkun á vátryggingarfjárhæð húseigna kemur til með að draga úr lögbundnum tekjum viðkomandi stofnana en hefur ekki bein áhrif á afkomu ríkissjóðs. Erfitt er að meta áhrif frumvarpsins á heildarlækkun vátryggingarfjárhæðar húseigna en þó má ætla að hún verði óveruleg. Lækkun á vátryggingarverðmæti húseigna sem nemur t.d. 0,10% leiðir til um 1,1 m.kr. lægri tekna viðkomandi stofnana í heild sem þeim er ekki bætt samkvæmt frumvarpinu.

Með frumvarpinu er yfirfasteignamatsnefnd falið að úrskurða í ágreiningi um brunabótamat og skal sá greiða sem gerð gengur á móti. Fyrir kostnað vegna úrskurðar nefndarinnar skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra vátryggingamála setur. Fasteignamati ríkisins er enn fremur gert að tilkynna eiganda húseignar, vátryggingafélagi og veðhöfum, ef einhverjir eru, um breytingu á vátryggingarfjárhæð húseignar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Ætla má að frumvarpið leiði fyrst um sinn til fjölgunar matsgerða og ef gert er ráð fyrir óbreyttu hlutfalli mála sem gengur á móti Fasteignamati leiðir það tímabundið til aukinna útgjalda. Hins vegar eru nýmæli í frumvarpinu sem heimila Fasteignamati ríkisins að meta fasteignir án skoðunar á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og má meta þetta ákvæði til nokkurrar hagræðingar. Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að árleg útgjöld Fasteignamats ríkisins aukist í fyrstu um 2,5 m.kr. vegna framangreindra atriða en lækki síðan í um 0,5 m.kr.

660. Nefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta og breytingartillögur við lög um stjórn fiskveiða eru viðbrögð ríkisstjórnar Íslands og meiri hluta sjávarútvegsnefndar við dómi Hæstaréttar frá 3. desember 1998 í máli Valdimars Jóhannessonar gegn íslenska ríkinu. Það er mat minni hlutans að viðbrögð ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans gangi þvert á dóm Hæstaréttar.

I.

Pólitísk viðbrögð ríkisstjórnarinar og meiri hluta sjávarútvegsnefndar við dómi Hæstaréttar eru þau að leggja fram frumvarp og breytingartillögur sem miða að því að vernda enn frekar en áður atvinnuréttindi þeirra sem fyrir eru í greininni með því að skilgreina öll veiðiréttindi niður í framseljanlegar einingar (kvóta, sóknardaga). Það er mat minni hlutans að með því að skilgreina veiðiréttinn þannig sé Alþingi í raun að lýsa því yfir að veiðiréttur í auðlindinni sé ríkari eignaréttur þeirra sem fá honum úthlutað en verið hefur.

Minni hlutinn óttast að með þessu sé verið að veikja ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um sameign þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum, auk þess að bótaréttur þeirra sem fá úthlutað aflahlutdeild í auðlindinni verði ríkari komi til þess að stjórnvöld vilji víkja frá núverandi úthlutunarkerfi og taka upp nýjar aðferðir við stjórnun á auðlindanýtingu sjávar. Það er einnig mat minni hlutans að sú spenna sem myndast hefur með lögunum um stjórn fiskveiða vegna þeirrar mótsagnar sem felst í sameignarákvæði 1. gr. laganna annars vegar og nánast fullkomnum eignarrétti á veiðiheimildum hins vegar muni aukast verði tillögur ríkisstjórnar og meiri hlutans að lögum.

Með þessum breytingum er því stigið skref áfram á þeirri leið að einkavæða auðlindir sjávar við Íslandsstrendur. Minni hlutinn telur að með þessum viðbrögðum sé gengið þvert á dóm Hæstaréttar og að meiri hluti Alþingis sé á miklum villigötum sem geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir þróun íslensks samfélags.

Í fyrirliggjandi frumvarpi og breytingartillögum við það felst að ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis hefur ákveðið að láta allar röksemdir Hæstaréttar í umræddum dómi frá 3. desember sl. sem vind um eyru þjóta að undanskildri þeirri sem kveður á um að 5. gr. núgildandi fiskveiðistjórnarlaga fái ekki staðist ákvæði stjórnarskrárinnar eins og hún stendur nú. Aðrar röksemdir Hæstaréttar eru álitnar hafa litla sem enga þýðingu; í besta falli séu þær óheppilegur misskilningur dómenda við Hæstarétt.

Minni hlutinn fordæmir þessi viðbrögð meiri hlutans og telur að með þeim sé ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis að gefa Hæstarétti langt nef.

II.

Samandregin virðast viðbrögð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis vera þessi:

1. Öll veiðiréttindi, aflahlutdeild og sóknardagar, skulu skilgreind sem framseljanleg séreignarréttindi þeirra sem fyrir eru í kerfinu. Þessi niðurstaða er að okkar mati þveröfug við niðurstöðu Hæstaréttar.
2. Allar endurnýjunar- og úreldingarreglur þarf að afnema nema í smábátakerfinu. Þar virðist það ekki stangast á við dóm Hæstaréttar að viðhalda endurnýjunar- og úreldingarreglum.

   Þessi niðurstaða er í besta falli afar sérkennileg en hlýtur líka að vera lögfræðilega hæpin því að ef hægt er að finna rök fyrir því að tilteknar reglur fari í bága við niðurstöðu Hæstaréttar þegar þær eiga við sum skip ætti það sama að eiga við um hin líka.
3. Setja þarf upp tímabundna millifærslusjóði, annan fyrir aflamarksbáta undir 200 brúttótonnum, án tillits til þess af hverju kvóti manna er sá sem hann er, hinn til úthlutunar hjá Byggðastofnun. Alls er um að ræða verðmæti sem nema a.m.k. 3 milljörðum kr. sem þannig verður stýrt í tiltekna farvegi.

   Minni hlutinn telur að engan veginn sé tryggt að jafnræðis verði gætt við þessar úthlutanir og minnir á álit sem áður hafa komið fram um „potta“ af þessu tagi sem í flestum tilfellum þykja ekki hafa náð þeim tilgangi sem að var stefnt.

III.

Við 1. umræðu um viðbrögð ríkisstjórnarflokkanna við dómi Hæstaréttar kom fram það álit minni hluta nefndarinnar að þau frumvörp sem þá lágu fyrir svöruðu ekki dómi Hæstaréttar og væru því engan veginn fullnægjandi. Sú skoðun var sett fram að taka bæri alla löggjöfina um stjórn fiskveiða til endurskoðunar enda til þess ærin rök að Alþingi freisti þess að setja réttlátari reglur en þær sem nú gilda um veiðiréttindi í lögsögunni. Þær breytingar þyrftu fyrst og fremst að lúta að reglum um úthlutun veiðiheimilda.

Yfirferð yfir málið í nefnd og með þeim aðilum sem treystu sér til að setja fram ígrundað álit á þeim stutta tíma sem nefndinni var skammtaður hefur enn styrkt það álit minni hlutans. Æfingar meiri hlutans juku heldur ekki beinlínis traust á þeim aðgerðum sem grípa á til. Með viðbrögðum ríkisstjórnar og meiri hlutans er að mati minni hlutans ekki verið að mæta efnislegri niðurstöðu Hæstaréttar heldur velja þeir að lesa dóminn þannig að einungis sé um tiltekin og takmörkuð viðbrögð að ræða, viðbrögð sem byggjast á pólitískum viðhorfum og þeim vilja ríkisstjórnarflokkanna að einkavæða að fullu auðlindir sjávar.

Minni hlutinn bendir á að í forsendum dómsins undirstrikar Hæstiréttur ákvæði 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða þar sem kveðið er á um sameign þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum. Flestir hafa metið það svo að þannig hafi Hæstiréttur í raun styrkt sameignarákvæðið.

Jafnframt vekur minni hlutinn athygli á þeirri staðreynd að með viðbrögðum sínum mæti meiri hlutinn hvorki því sem samkvæmt Hæstirétti, að sé lögð „fyrirfarandi tálmun við því, að drjúgur hluti landsmanna geti, að öðrum skilyrðum uppfylltum, notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi“ né hinu sem kemur í framhaldi þ.e. „sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru“.

Það breytir litlu um atvinnurétt manna frá því sem verið hefur þótt þeir megi kaupa sér skip og veiðileyfi. Skip og veiðileyfi hafa verið til sölu alla tíð og eru enn. Þeir sem kaupa skip og veiðileyfi þurfa eftir sem áður að kaupa aðganginn að auðlindinni, aflamark eða sóknardaga, af þeim sem fengu hann á grundvelli skipaeignar á tilteknu tímabili. Ekki verður séð að efnisleg breyting verði að þessu leyti á högum þeirra sem vilja njóta atvinnuréttar í sjávarútvegi og eiga að geta gert það á grundvelli jafnræðisreglu.

Þau frumvörp sem fyrir liggja svara ekki hinni efnislegu niðurstöðu dómsins og er ekki boðlegt að halda því fram, til að slá ryki í augun á fólki, að fimm hæstaréttardómarar hafi allir í senn misskilið lögin um stjórn fiskveiða og þau lykilhugtök sem þar eru á ferðinni, veiðileyfi og veiðiheimildir. Í dóminum er talað þannig um veiðiheimildir að flestir viðurkenna að orðalagið gefi vísbendingu um hvers sé að vænta ef frekar verður látið á það reyna hvort lögin standast svo breytt.

Í lögfræðiálitum sem Landssamband smábátaeigenda og Samtök fiskvinnslu án útgerðar hafa aflað er á það bent að hvergi í dóminum sé minnst á úreldingu fiskiskipa eða að löggjafanum sé óheimilt að grípa til þeirrar aðgerðar að takmarka stærð fiskiskipaflotans. Í dóminum segi einungis að ekki sé rétt að binda veiðileyfi við þau skip ein sem fengu veiðileyfi á tilteknum tíma.

Endurskoða ætti lögin í heild því að ljóst er að til að ákvæði stjórnarskrárinnar séu virt, svo og 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða um sameign á fiskstofnunum, þarf að taka upp nýja úthlutunarreglu. Annars verða óþolandi mismunun og óréttlæti áfram til staðar.

IV.

Það er tillaga minni hlutans að Alþingi endurskoði lögin um stjórn fiskveiða í ljósi dóms Hæstaréttar og þeirra viðhorfa sem þar koma fram. Sett verði sólarlagsákvæði í gildandi lög sem taki mið af þeim tíma sem þingið þarf til að endurskoða lögin og ganga frá frumvarpi til nýrra laga.

Auk þeirra atriða sem fram koma í rökstuðningi Hæstaréttar í máli nr. 145/1998 hafi alþingismenn eftirtalin atriði að leiðarljósi:

1. Í 1. gr. gildandi laga um stjórn fiskveiða: að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar, að stuðlað verði að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og traustri atvinnu og byggð í landinu og að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.
2. Með þau orð Hæstiréttar í huga að með lagaákvæðinu sé lögð „fyrirfarandi tálmun við því, að drjúgur hluti landsmanna geti, að öðrum skilyrðum uppfylltum, notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru“ komi nýtt úthlutunarkerfi veiðiheimilda sem stenst jafnræðisreglu og jafnar aðgengi þeirra sem eru í útgerð eða vilja hasla sér völl að þeim veiðiheimildum sem í boði eru. Því sem segir í dómi Hæstaréttar um sambærilega hlutdeild

í sameigninni verði mætt með auðlindagjaldi sem getur myndast við uppboð veiðiheimilda eða veiðileyfagjaldi sem lagt yrði á með öðrum hætti.

3. Alþjóðlegar samþykktir sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja og varða auðlindanýtingu og sjálfbæra þróun, sbr. Ríó-yfirlýsinguna, einnig loftslagssamninginn og Kyoto-bókunina en heildarlosun koltvíoxíðs (CO_2) vegna eldsneytisnotkunar fiskiskipa var á árinu 1997 33% af heildarlosun okkar. Hömlulaus stækkun flotans samræmist því greinilega illa því markmiði að stemma stigu við auknum útblæstri gróðurhúsalofttegunda, einkanlega í ljósi þeirra markmiða sem okkur ber að hafa náð árið 2008 samkvæmt Kyoto-bókuninni.

Guðný Guðbjörnsdóttir hefur setið fundi nefndarinar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu. Svavar Gestsson hefur setið fundi nefndarinnar og mun gera nánari grein fyrir viðhorfum sínum.

Alþingi, 11. jan. 1999.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Lúðvík Bergvinsson.

661. Breytingartillaga [343. mál]

við brtt. á þskj. 657 [Stjórn fiskveiða (veiðileyfi o.fl.)].

Frá Svavari Gestssyni, Margréti Frímannsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Við 10. tölul. C-liður (V.) orðist svo:

Lög um stjórn fiskveiða falla úr gildi 31. desember 2002. Fyrir Alþingi það sem hefst haustið 2001 verði lögð tillaga um nýja skipan fiskveiðimála er taki mið af 1. gr. laganna, fenginni reynslu og fyrirliggjandi dómum Hæstaréttar.

Til að undirbúa tillöguna kýs Alþingi níu manna nefnd hlutfallskosningu þegar að loknum næstu alþingiskosningum. Nefndin starfar á ábyrgð og á kostnað Alþingis en hefur sérstaka samvinnu við sjávarútvegsráðuneytið sem leggur til sérfræðiþekkingu og aðstoð eftir því sem nefndin óskar eftir. Nefndin hafi samráð við alla aðila málsins í störfum sínum. Nefndin kýs sér sjálf formann.

662. Fyrirspurn [389. mál]

til forsætisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 01-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

663. Fyrirspurn [390. mál]

til forsætisráðherra um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið fjárframlagi af óskiptum lið 01-190 1.90 Ýmis verkefni að fjárhæð 7,4 millj. kr. í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

664. Fyrirspurn [391. mál]

til menntamálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið 18 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 02-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

665. Fyrirspurn [392. mál]

til menntamálaráðherra um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 7,6 millj. kr. á liðnum 02-919 1.90 Söfn, ýmis framlög,
b. 17,3 millj. kr. á liðnum 02-982 1.90 Listir, framlög,
c. 1,3 millj. kr. á liðnum 02-983 1.10 Ýmis fræðastörf,
d. 8,0 millj. kr. á liðnum 02-984 1.90 Norræn samvinna,
e. 3,0 millj. kr. á liðnum 02-988 1.90 Æskulýðsmál,
f. 3,8 millj. kr. á liðnum 02-999 1.90 Ýmis framlög?

Skriflegt svar óskast.

666. Fyrirspurn [393. mál]

til utanríkisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 03-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

667. Fyrirspurn [394. mál]

til landbúnaðarráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið 6 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 04-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

668. Fyrirspurn [395. mál]

til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 5,8 millj. kr. á liðnum 04-190 1.90 Ýmis verkefni,
b. 21 millj. kr. á liðnum 04-805 1.34 Umhverfisverkefni?

Skriflegt svar óskast.

669. Fyrirspurn [396. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 3 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 05-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

670. Fyrirspurn [397. mál]

til dómsmálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 06-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

671. Fyrirspurn [398. mál]

til félagsmálaráðherra um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 3,9 millj. kr. á liðnum 07-999 1.31 Félagasamtök, styrkir,
b. 2,5 millj. kr. á liðnum 07-999 1.90 Ýmis framlög?

Skriflegt svar óskast.

672. Fyrirspurn [399. mál]

til félagsmálaráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið 11 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 07-950 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

673. Fyrirspurn [400. mál]

til félagsmálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni
og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 07-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

674. Fyrirspurn [401. mál]

til heilbrigðisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. fjárframlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 08-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

675. Fyrirspurn [402. mál]

til heilbrigðisráðherra um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum í fjárlögum 1998:

a. 2,7 millj. kr. á liðnum 08-399 1.90 Ýmis framlög,
b. 45,9 millj. kr. á liðnum 08-621 1.90 Forvarnasjóður?

Skriflegt svar óskast.

676. Fyrirspurn [403. mál]

til fjármálaráðherra um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 240 millj. kr. fjárframlagi á óskiptum lið í fjárlögum 1998, 09-481 6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum?

Skriflegt svar óskast.

677. Fyrirspurn [404. mál]

til fjármálaráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 09-950 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

678. Fyrirspurn [405. mál]

til fjármálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 6 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 09-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

679. Fyrirspurn [406. mál]

til samgönguráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 10-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

680. Fyrirspurn [407. mál]

til iðnaðarráðherra um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 32,8 millj. kr. framlagi til nýsköpunar og markaðsmála á liðnum 11-299 1.50 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

681. Fyrirspurn [408. mál]

til iðnaðarráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 11-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

682. Fyrirspurn [409. mál]

til viðskiptaráðherra um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 8,4 millj. kr. framlagi til ýmissa viðskipta- og bankamála á liðnum 12-190 1.90 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

683. Fyrirspurn [410. mál]

til viðskiptaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 3 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 12-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

684. Fyrirspurn [411. mál]

til umhverfisráðherra um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 14,6 millj. kr. framlagi til ýmissa umhverfisverkefna á liðnum 14-190 1.23 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

685. Fyrirspurn [412. mál]

til umhverfisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 4 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 14-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

686. Fyrirspurn [413. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmd 12. gr. jafnréttislaga.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hefur verið áréttað við ráðuneytin að virða beri ákvæði í 12. gr. jafnréttislaganna eins og frekast er unnt, sbr. ummæli forsætisráðherra og félagsmálaráðherra á 122. löggjafarþingi?
2. Ef svo er, hvenær var það gert formlega og hversu oft hlutfallslega hefur verið vitnað í 12. gr. jafnréttislaganna í þeim tilnefningarbréfum sem farið hafa frá ráðuneytunum síðan?

687. Frumvarp til laga [414. mál]

um alþjóðleg viðskiptafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði. Skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um alþjóðleg viðskiptafélög.

Með alþjóðlegu viðskiptafélagi er í lögum þessum átt við félag sem stofnað er og skráð hér á landi, hefur starfsleyfi skv. II. kafla þessara laga og stundar viðskipti sem kveðið er á um í III. kafla.

Alþjóðlegum viðskiptafélögum er einungis heimilt að stunda starfsemi sem kveðið er á um í III. kafla.

Alþjóðlegum viðskiptafélögum er skylt og einum heimilt að hafa í heiti sínu orðin alþjóðlegt viðskiptafélag eða skammstöfunina a.v., a/v eða av.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

Atvinnufyrirtæki erlendis er félag sem skráð er erlendis og er að öllu leyti með atvinnustarfsemi sína erlendis.

Erlendur aðili er einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili sem á heimili erlendis. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heima erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Innlendur aðili er einstaklingur, búsettur hér á landi, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili sem á heimili hér á landi. Einstaklingur telst búsettur hér á landi ef hann á lögheimili sitt hér á landi samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heimili sitt hér á landi ef hann er skráður hér á landi eða ef hann telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum.

Íslensk lögsaga er efnahagslögsaga Íslands eins og hún er skilgreind í lögum á hverjum tíma.

II. KAFLI
Stofnun og starfsleyfi.

3. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag verður einungis stofnað sem hlutafélag eða einkahlutafélag. Til að hefja starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags þarf starfsleyfi nefndar skv. 4. gr. laganna. Skráning félags sem fyrirhugar að sækja um starfsleyfi sem alþjóðlegt viðskiptafélag í hlutafélagaskrá veitir félaginu ekki sjálfkrafa rétt til að hefja slíka starfsemi.

4. gr.

Sérstök fimm manna nefnd, starfsleyfisnefnd, veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Viðskiptaráðherra skipar nefndina og skulu dómsmálaráðherra, samgönguráðherra, sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra tilnefna sinn manninn hver, en sá fimmti skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Viðskiptaráðherra lætur nefndinni í té starfsaðstöðu og greiðir kostnað af starfi hennar. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

5. gr.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skal fylgja lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og viðskiptaáætlun. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hluthafa og stjórnarmenn og aðra stjórnendur auk annarra upplýsinga og gagna sem starfsleyfisnefnd ákveður. Félagssamþykktir skulu fylgja umsókn um starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags.

Stofnendur, hluthafar, stjórnarmenn og aðrir stjórnendur félags sem sækir um starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða samkvæmt sambærilegum erlendum lögum eða tengjast með einhverjum hætti refsiverðri starfsemi.

Starfsleyfisnefnd kannar umsókn og þær upplýsingar og gögn sem henni fylgja eða nefndin aflar sjálf. Ákvörðun nefndarinnar um veitingu starfsleyfis skal tekin svo fljótt sem unnt er eftir að fullbúin umsókn ásamt þeim upplýsingum og gögnum sem umsókn eiga að fylgja berast nefndinni.

Nefndin skal synja um starfsleyfi ef skilyrði laga þessara eru ekki uppfyllt eða ef hún telur að starfs- eða viðskiptaferill stofnenda, hluthafa, stjórnarmanna eða annarra stjórnenda viðkomandi félags sé með þeim hætti að hæfi þeirra til að starfrækja alþjóðlegt viðskiptafélag með heilbrigðan og traustan rekstur verði dregið í efa. Ákvörðun nefndarinnar um að synja umsækjanda um starfsleyfi sætir ekki stjórnsýslukæru.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi alþjóðlegra viðskiptafélaga í Lögbirtingablaði. Viðskiptaráðuneytið lætur halda sérstaka skrá yfir alþjóðleg viðskiptafélög.

Greiða skal gjald í ríkissjóð til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu starfsleyfis. Um gjaldið fer samkvæmt ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs.

6. gr.

Um stofnun alþjóðlegs viðskiptafélags fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um hlutafélög eða einkahlutafélög, eftir því sem við á.

III. KAFLI
Starfsemi.

7. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag má stunda viðskipti í eigin nafni við erlenda aðila utan Íslands, eða hafa milligöngu um slík viðskipti, með vörur sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur ekki til og ekki eiga uppruna sinn hér á landi, en ekki með aðrar vörur. Það má ekki stunda viðskipti í eigin nafni með vörur við aðila hér á landi, sbr. þó 2. mgr. 10. gr., eða við innlenda aðila utan Íslands eða hafa milligöngu um slík viðskipti. Þá er því einnig óheimilt að vinna vöru að hluta til eða að öllu leyti hér á landi, sbr. þó 1. mgr. 10. gr., eða eiga þátt í útflutningi vara sem eiga uppruna sinn hér á landi. Við ákvörðun um það hvort að vara teljist eiga uppruna sinn hér á landi skal fara samkvæmt upprunareglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

8. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag má hafa milligöngu um viðskipti með þjónustu milli erlendra aðila utan íslenskrar lögsögu. Það má ekki veita aðra þjónustu en þá sem um ræðir í 1. málsl. né veita öðrum en þar um ræðir slíka þjónustu.

9. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag getur verið eignaraðili að öðrum alþjóðlegum viðskiptafélögum, en ekki að öðrum íslenskum lögaðilum. Alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að vera eignaraðili að atvinnufyrirtækjum erlendis auk annarrar starfsemi samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er því heimilt að starfa eingöngu sem eignarhaldsfélag sem eigi, fjárfesti í og njóti arðs af eignarhlutum í atvinnufyrirtækjum erlendis.

Heimilt er alþjóðlegu viðskiptafélagi að eiga, fjárfesta í og njóta arðs af eignarréttindum sem skráð eru opinberri skráningu utan Íslands, svo sem vörumerkjum, einkaleyfum og hönnunarréttindum. Einnig er alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að eiga, fjárfesta í og njóta arðs af útgáfuréttindum erlendis.

10. gr.

Alþjóðlegu viðskiptafélagi skal heimilt að flytja um Ísland vörur sem það annast viðskipti með skv. 7. gr. vegna umflutnings varanna milli svæða utan Íslands. Vinnsla, sem breytir uppruna slíkra vara, er óheimil hér á landi. Um meðhöndlun og umsýslu með vörur alþjóðlegs viðskiptafélags sem eru á Íslandi vegna umflutnings fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum tollalaga.

Alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að kaupa rekstrarvörur og þjónustu hér á landi til eigin nota. Því skal einnig heimilt að eiga viðskipti við önnur alþjóðleg viðskiptafélög bæði hér á landi og erlendis. Þá skal alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að eiga peningalegar eignir hér á landi til nota í daglegum rekstri og taka lán hér á landi jafnt sem erlendis í eðlilegu samræmi við starfsemi sína.

11. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag má eiga eða hafa umráð yfir og skrá hér á landi flugvélar og skip, önnur en fiskiskip, enda sinni slíkar flugvélar og skip einungis verkefnum sem alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að annast skv. 7. gr. Alþjóðlegu viðskiptafélagi er einnig heimilt að eiga eða hafa umráð yfir og skrá hér á landi flugvélar og skip, önnur en fiskiskip, og leigja eða framleigja erlendum aðilum til flutninga utan íslenskrar lögsögu.

Alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að öðlast hér á landi eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign eða öðrum rekstrarfjármunum til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni. Óheimilt skal alþjóðlegu viðskiptafélagi að leigja slíkar eignir út eða hafa af þeim aðrar tekjur frá þriðja aðila. Þó skal alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að leigja öðrum alþjóðlegum viðskiptafélögum afnot af framangreindum eignum sínum, enda séu slíkar leigutekjur einungis óverulegur hluti rekstrartekna viðkomandi félags. Þá skal alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að endurnýja og selja slíkar eignir með eðlilegu millibili.

IV. KAFLI
Rekstur.

12. gr.

Rekstur alþjóðlegs viðskiptafélags skal vera fjárhagslega óháður og aðskilinn frá rekstri annarra aðila. Óheimilt er að láta alþjóðlegt viðskiptafélag bera annan kostnað eða hafa aðrar tekjur en þær sem stafa af heimilli starfsemi skv. III. kafla eða færa kostnað eða tekjur af starfsemi þess yfir á aðra aðila. Sé aðstaða eða starfsfólk alþjóðlegs viðskiptafélags samnýtt með öðrum skal gerður skriflegur samningur um samnýtinguna og skiptingu kostnaðar.

Öll viðskipti alþjóðlegra viðskiptafélaga við aðila þeim tengda skulu gerð á grundvelli almennra kjara og venju í viðskiptum óskyldra aðila.

V. KAFLI
Reikningsskil og endurskoðun.

13. gr.

Fjármálaráðherra getur heimilað alþjóðlegu viðskiptafélagi að færa bókhald sitt og reikningsskil í nánar tiltekinni erlendri mynt í samræmi við góða reikningsskilavenju. Skulu skattstofnar þá umreiknaðir í íslenskar krónur miðað við gengi í lok reikningsárs. Við ákvörðun skattstofna skal þá ekki beita ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt um verðlagsbreytingar og endurmat eða sambærilegum ákvæðum annarra laga. Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur þar sem kveðið er á um umreikning fjárhæða milli mismunandi gjaldmiðla og útreikning skattstofna hjá alþjóðlegum viðskiptafélögum sem fengið hafa leyfi samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Ársreikningur alþjóðlegs viðskiptafélags skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og laga þessara. Skal endurskoðandi sannreyna að tekjur og gjöld hafi stofnast í samræmi við ákvæði III. og IV. kafla og skal slíkt koma skýrt fram í áritun hans.

Hafi endurskoðandi alþjóðlegs viðskiptafélags ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um félagið eða starfsleyfi félagsins hafi verið brotin skal endurskoðandi tafarlaust gera stjórn félagsins og starfsleyfisnefnd viðvart. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda samkvæmt ákvæðum annarra laga.

VI. KAFLI
Eftirlit.
15. gr.

Starfsleyfisnefnd hefur eftirlit með því að starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og starfsleyfi og samþykktir viðkomandi félaga.

Til að mæta kostnaði við eftirlit skv. 1. mgr. skal alþjóðlegt viðskiptafélag árlega greiða gjald í ríkissjóð. Um gjaldið fer samkvæmt ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs.

16. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag skal eigi síðar en sex mánuðum eftir lok hvers reikningsárs skila starfsleyfisnefnd skýrslu um starfsemi sína í formi sem hún ákveður.

VII. KAFLI
Afturköllun starfsleyfa.
17. gr.

Starfsleyfisnefnd getur afturkallað starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags:

1. hafi hlutaðeigandi félag fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. komi að öðru leyti í ljós að fyrir hendi voru við veitingu starfsleyfis atvik eða atriði sem hefðu orðið þess valdandi að starfsleyfi hefði ekki verið veitt hefði verið um þau kunnugt,
3. nýti hlutaðeigandi félag ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt,
4. uppfylli hlutaðeigandi félag ekki lengur skilyrði til að öðlast starfsleyfi eða brjóti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim eða gegn starfsleyfi eða
5. séu aðstæður með þeim hætti að starfsleyfisnefnd telji hluthafa, stjórnarmenn eða aðra stjórnendur ekki hæfa með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðkomandi félags.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi félagi veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

18. gr.

Afturköllun á starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags skal rökstudd skriflega. Tilkynningu um afturköllun skal birta í Lögbirtingablaði. Ákvörðun um afturköllun starfsleyfis sætir ekki stjórnsýslukæru.

Komi til afturköllunar á starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags skal hlutaðeigandi félagi slitið. Sama gildir ef alþjóðlegt viðskiptafélag afsalar sér starfsleyfi.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.
19. gr.

Um alþjóðleg viðskiptafélög fer að öðru leyti en kveðið er á um í lögum þessum samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög eða einkahlutafélög, eftir því sem við á, og ákvæðum almennra laga sem við geta átt.

20. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

IX. KAFLI

Viðurlög.

21. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

X. KAFLI

Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta byggist að meginefni til á starfi og tillögum verkefnisstjórnar sem forsætisráðherra skipaði 11. mars 1997 til að vinna að athugun á möguleikum þess að efna til sérhæfðrar alþjóðlegrar viðskiptastarfsemi utan lögsögu á Íslandi, (á ensku Offshore Trading Centre).

Í verkefnisstjórninni voru eftirtaldir:

Valur Valsson bankastjóri, formaður, tilnefndur af forsætisráðuneyti.

Tryggvi Jónsson endurskoðandi, tilnefndur af fjármálaráðuneyti.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson tilnefndur af utanríkisráðuneyti.

Halldór J. Kristjánsson ráðuneytisstjóri, tilnefndur af viðskiptaráðuneyti.

Brynjólfur Bjarnason forstjóri, tilnefndur af sjávarútvegsráðuneyti.

Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Verslunarráði.

Verslunarráð lagði verkefninu til umsjónarmann, aðstöðu og ýmsa aðstoð og hafði Davíð Sch. Thorsteinsson umsjón með verkefninu af hálfu ráðsins. Fjölmargir aðrir komu að málinu með ráðgjöf og ábendingar.

Verkefni þetta á sér alllangan aðdraganda og var síðasta alvarlega athugunin í málinu gerð árið 1992 og þá á möguleikum Íslendinga til að hasla sér völl á sviði alþjóðlegrar fjármálastarfsemi. Þá var niðurstaðan sú að Íslendingar ættu litla sem enga möguleika á því að komast inn í slíka starfsemi, m.a. vegna mikillar samkeppni og ýmissa annarra annmarka.

Snemma árs 1996 hóf Verslunarráð Íslands forathugun á möguleikum Íslands sem vettvangs fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi og naut til þess tilstyrks Iðnþróunarsjóðs, Fjárfestingarskrifstofu viðskiptaráðuneytis og Útflutningsráðs og Seðlabankans. Niðurstaða þeirrar forathugunar var að Íslendingar þyrftu að nálgast þessi mál á annan hátt ef árangur ætti að nást. Flestar alþjóðlegar fjármálamiðstöðvar byggja tilveru sína annaðhvort á grundvelli mikillar þekkingar og mannauðs sem byggður hefur verið upp á viðkomandi sviði eða að á því að skattlagning á starfsemina er nánast engin og jafnvel sérstakar reglur um skatta aðfluttra einstaklinga sem vinna við þessa starfsemi.

Möguleikar Íslendinga væru því helstir að einbeita sér að því að byggja upp slíka alþjóðlega viðskiptastarfsemi á sviðum þar sem þeir hefðu eitthvað það fram að færa sem skapaði þeim sérstöðu. Sérstaða og möguleikar Íslendinga í alþjóðlegum viðskiptum með sjávarfang

er augljós og það svið hefur enn fremur þann meginkost að engin önnur þjóð hefur reynt að marka sér sérstöðu á því sviði.

Verslunarráðið kynnti forsætisráðherra og hlutaðeigandi ráðherrum framangreindar niðurstöður og í framhaldi af því var ráðist í það verkefni að kanna til hlítar möguleika Íslands á sviði alþjóðlegrar viðskiptastarfsemi með áherslu á viðskipti með sjávarfang.

II.

Fjölmörg ríki og einstakar stjórnsýslueiningar innan þeirra beita ýmiss konar ráðum á sviði skatta eða beinna styrkja til þess að laða til sín atvinnustarfsemi og halda þeirri sem fyrir er og má segja að hin almenna regla sé að einhverjar slíkar aðgerðir séu til staðar. Í alþjóðlegu samstarfi, t.d. innan Evrópusambandsins og OECD, hefur í mörg ár verið leitast við að sporna gegn skattalegri samkeppni milli ríkja og hefur umræða um hana og samræmingu skatta milli ríkja staðið lengi án þess að hafa leitt til endanlegrar niðurstöðu.

Ísland hefur haft sérstöðu að því leyti að skattkerfið hefur ekki verið nýtt til þess að laða að erlenda atvinnustarfsemi og hafa skattabreytingar á Íslandi á undanförnum árum fyrst og fremst miðað að því að skapa atvinnulífinu almennt samkeppnishæf starfsskilyrði. Hefur árangurinn af þeim breytingum verið mikill og stuðlað verulega að efnahagsbatanum sem orðið hefur í landinu.

Enda þótt skattalöggjöf hafi tvímælalaust orðið meira hvetjandi fyrir íslenskt atvinnulíf á undanförnum árum breytir það ekki þeirri staðreynd að á einstökum sviðum hefur íslenska skattkerfið farið halloka í samkeppni við erlend skattkerfi, starfsemi hefur flust úr landi og byggst upp annars staðar.

Við þessu þarf að bregðast einhvern veginn en hins vegar er hæpið að reikna með því að Ísland geti í öllum atriðum fylgt því sem hagstæðast er hjá keppinautunum. Sem dæmi má nefna að íslensk fjármálastarfsemi býr ekki við þannig skattalöggjöf að hingað laðist erlend fjármálafyrirtæki. Þvert á móti hefur komið fram að íslenskt atvinnulíf leitar í síauknum mæli eftir fjármálaþjónustu erlendis, beint eða með milligöngu íslenskra fjármálafyrirtækja. Enn fremur eru íslensk fjármálafyrirtæki farin að hasla sér völl erlendis í rekstri sínum, væntanlega í því skyni að geta boðið íslenskum viðskiptavinum sínum fjölbreyttari og ódýrari þjónustu en ella.

III.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa haslað sér völl í sjávarútvegi erlendis og íslensk markaðsfyrirtæki á sviði sjávarútvegs hafa starfað erlendis áratugum saman.

Til skamms tíma þurfti ekki að hafa áhyggjur af því að arður af starfsemi markaðsfyrirtækjanna skilaði sér ekki til Íslands vegna þess að þau voru svo beint tengd við íslenska framleiðendur sjávarafurða.

Nú hefur hins vegar orðið sú þróun að eignarhald á stærstu íslensku fyrirtækjunum er að breytast og þau eru sífellt að öðlast meira sjálfstæði frá framleiðendunum. Þau eru enn fremur að byggjast meira upp sem alþjóðleg markaðsfyrirtæki á sviði viðskipta með sjávarfang. Ekki er því sjálfgefið að þessi fyrirtæki muni í framtíðinni flytja arð af starfsemi sinni til Íslands eins og hingað til eða byggja starfsemi sína að miklu leyti upp hér á landi.

Þessi fyrirtæki eru í harðri alþjóðlegri samkeppni og munu þurfa að gæta ýtrustu hagsýni við uppbyggingu sína til að vera samkeppnishæf.

Fjölmörg minni fyrirtæki á sviði viðskipta með sjávarvörur hafa náð verulegum árangri á undanförnum árum og hafa í æ ríkari mæli tekið að sér verkefni sem ekki tengjast Íslandi

á nokkurn hátt. Þessi fyrirtæki eiga líka í harðri alþjóðlegri samkeppni og munu byggja upp reksturinn þar sem það er hagstæðast.

IV.

Á þeim tíma sem liðinn er frá að fyrst var farið að huga að möguleikum Íslands í alþjóðlegri fjármálastarfsemi í byrjun þessa áratugar hefur löggjöf um íslenskan fjármagnsmarkað nánast verið alveg endurnýjuð, m.a. með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þannig eru gjaldeyrisviðskipti við útlönd nú alveg frjáls og fjárfestingar milli landa heimilaðar að langmestum hluta. Traustur fjármagnsmarkaður er nú opinn í öllum grundvallaratriðum. Bankalöggjöf hefur verið endurnýjuð, sömuleiðis löggjöf um verðbréfamarkað og búið hefur verið í haginn fyrir víðtæka einkavæðingu fjármálafyrirtækja. Því er ljóst að margt af því sem blasti við í upphafi á ekki lengur við og þróunin hefur einnig orðið önnur en spáð var. Þannig hafa alþjóðleg fjármálafrísvæði vaxið hröðum skrefum og ný svæði sem starfa með miklum blóma komið til sögunnar.

Hins vegar eru önnur atriði sem gera það að verkum að Íslendingar ættu fremur að reyna að byggja upp alþjóðleg viðskiptafélög á afmörkuðum sviðum en fjármálafrísvæði.

Hugtakið alþjóðleg fjármálamiðstöð er vel þekkt. Slíkar miðstöðvar byggjast eins og áður er rakið á mikilli þekkingu, mannauði og öðrum nauðsynlegum innviðum, svo sem efnahags- og lagalegum stöðugleika og hefðum, eða á afar lágri skattlagningu og hér eru þær fjármálamiðstöðvar sem byggjast á lágri skattlagningu nefndar fjármálafrísvæði.

Ef Íslendingar tækju þá ákvörðun að setja lög sem þarf til þess að hefja starfsemi alþjóðlegs fjármálafrísvæðis hérlendis er ljóst að uppbygging þess tæki töluverðan tíma og alls óvíst um árangur af því að þá værum við Íslendingar að fara inn á svið sem við höfum ekki sérþekkingu á.

Þess vegna er uppbygging alþjóðlegra viðskiptafélaga á afmörkuðum sviðum, ekki síst á sviði sjávarútvegs, mun rökréttara skref fyrir Ísland. Íslendingar hafa ekki eins mikla þekkingu á neinu sviði viðskipta eins og sjávarútvegi og starfsemin gæti því byggst upp í kringum íslenska þekkingu og þann mannauð sem þegar er til hér.

Lögfesting lagaheimilda til stofnunar alþjóðlegra viðskiptafélaga er bæði varnaraðgerð, eins og áður hefur komið fram, og sóknaraðgerð. Þarna er augljóst svið sem íslensk fyrirtæki geta sótt fram á erlendis jafnframt því að byggja upp starfsemi á Íslandi sem annars færi fram annars staðar.

Í kringum starfsemi slíkra félaga kunna að skapast tækifæri fyrir aðra aðila til þjónustu af ýmsum toga, svo sem sölu á vélum og tækjum, hugbúnaði, flutningum, vátryggingum og ýmiss konar fjármálaþjónustu sem alþjóðlegu viðskiptafélögin munu þurfa á að halda.

V.

Helsta tillaga verkefnisstjórnarinnar var að skapa skilyrði á Íslandi fyrir alþjóðleg viðskiptafélög fyrir þriðju landa viðskipti með sjávarafurðir. Tillögur verkefnisstjórnarinnar og frumvarp þetta eru þó mun almennari og gera einnig ráð fyrir því að alþjóðleg viðskiptafélög geti annast milligöngu um viðskipti með þjónustu milli aðila erlendis. Þá er gert ráð fyrir möguleikum á starfsemi eignarhaldsfélaga sem eingöngu eigi, fjárfesti og njóti arðs af eignarhlutum í atvinnufyrirtækjum erlendis eða í eignar- eða notkunarréttindum á óhlutlægum réttindum sem skráð eru opinberri skráningu erlendis og í útgáfuréttindum erlendis eða eigi eða hafi umráð yfir og skrái hér á landi flugvélar og skip, önnur en fiskiskip, enda séu slíkar flugvélar og skip einungis nýtt í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Uppbygging starfsemi af þessum toga kallar á umfangsmikla markaðs- og kynningarstarfsemi sem reiknað er með að skili mestum árangri á sviði verslunar með sjávarafurðir. Til þess að svo geti orðið þarf að skapa lagalegan grundvöll fyrir alþjóðleg viðskiptafélög sem mega stunda slík viðskipti og greiða 5% tekjuskatt af tekjum sínum. Enn fremur er gert ráð fyrir að þau verði undanþegin stimpilgjöldum og eignarskatti.

VI.

Verkefnisstjórnin lagði mat á hversu mikil áhrif löggjöf af þessum toga kynni að geta haft á tekjur ríkissjóðs.

Ljóst er að umfang kynningar á þessum möguleikum skiptir miklu máli, sérstaklega þar sem miðað er við að erlendir aðilar geti stofnað fyrirtæki á Íslandi í því skyni að stunda viðskipti í alþjóðlegum viðskiptafélögum.

Í fyrstu má ætla að markhópurinn verði íslensk fyrirtæki sem ýmist hafa stofnað fyrirtæki erlendis fyrir alþjóðleg viðskipti sín eða eru að hugleiða að gera það. Verkefnisstjórnin taldi að ekki væri óvarlegt að ætla að innan þriggja ára yrðu komin á laggirnar milli 50 og 200 slík fyrirtæki eftir því hversu fljótir þessir aðilar væru að taka við sér.

Tekjuskattur af þessari starfsemi einni yrði ekki mikill en reikna má með að veltan af henni kunni að vera á bilinu 25–100 milljarðar kr. á ári og hagnaður af starfseminni, sem kæmi til skattlagningar væri góður ef hann næði 1–2% af veltu og skattgreiðslur því á bilinu 12–100 millj. kr.

Taldi verkefnisstjórnin að innlendur kostnaður alþjóðlegra viðskiptafélaga sem skapaði aftur tekjur hjá starfsfólki og þjónustuaðilum og skattgreiðslur af þeim tekjum yrðu hins vegar miklu hærri upphæðir.

Með því að miða við að innlendur kostnaður og virðisauki geti orðið á bilinu 4–6% af veltu yrðu óbeinar skatttekjur á bilinu 150–1500 millj. kr., miðað við að ársvelta alþjóðlegra viðskiptafélaga væri á bilinu 25–100 milljarðar kr.

Raunverulegur árangur af markaðsstarfi til kynningar á alþjóðlegum viðskiptafélögum hér á landi kemur þó ekki í ljós fyrr en eftir 5–10 ár sem er sá lágmarkstími sem þarf til þess að sannfæra þá sem hugsanlega hafa áhuga á að koma hingað og setja upp alþjóðleg viðskiptafélög um að þau búi við lagalegan stöðugleika hér á landi og geti náð viðunandi árangri í rekstri. Markviss kynning á möguleikum alþjóðlegra viðskiptafélaga á Íslandi er lykilatriði til þess að besti árangur náist og hún þarf að fara fram bæði innan lands og erlendis.

Mat á kostnaði við kynningarstarfsemina, með hliðsjón af starfsemi Útflutningsráðs, Fjárfestingarskrifstofu viðskiptaráðuneytis og Útflutningsráðs og Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar, bendir til þess að óvarlegt væri að gera ráð fyrir minna en 20–30 millj. kr. í árlegan kynningarkostnað af hálfu ríkisins til að byrja með.

VII.

Þessu frumvarpi fylgir frumvarp til laga um breytingar á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga sem miðar að því að skapa alþjóðlegum viðskiptafélögum samkvæmt þessu frumvarpi þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin og að afla tekna vegna veitingar starfsleyfa og eftirlits með starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um gildissvið laganna, skilgreiningu á alþjóðlegum viðskiptafélögum og um auðkenni á slíkum félögum. Þá er einnig fjallað um skilgreiningar hugtaka sem fyrir koma víða í frumvarpinu.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um gildissvið laganna, þ.e. að þau gildi um alþjóðleg viðskiptafélög.

Í 2. mgr. er að finna skilgreiningu á alþjóðlegu viðskiptafélagi. Um þarf að vera að ræða íslenskt félag, þ.e. félag sem innlendir eða erlendir aðilar stofna og skrásetja hér á landi, sem stundar viðskipti sem kveðið er á um í III. kafla en þar er nánar lýst þeirri starfsemi sem alþjóðlegum viðskiptafélögum er heimilt að stunda. Er önnur starfsemi en þar er kveðið á um þeim óheimil. Félag sem stundar eða hefur rétt á að stunda aðra starfsemi uppfyllir því ekki skilyrði þess að vera alþjóðlegt viðskiptafélag þótt það hyggist samhliða stunda starfsemi samkvæmt lögunum. Samkvæmt því getur félag sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt öðrum lögum til starfsemi sem sérstakt starfsleyfi þarf fyrir, t.d. sem viðskiptabanki, lánastofnun önnur en viðskiptabanki eða sparisjóður, vátryggingafélag, verðbréfafyrirtæki eða verðbréfasjóður, ekki jafnframt fengið starfsleyfi sem alþjóðlegt viðskiptafélag.

Í 3. mgr. er skýrt kveðið á um að alþjóðlegum viðskiptafélögum sé óheimilt að stunda aðra starfsemi en heimil er skv. III. kafla. En jafnvel þótt félag stundi einungis starfsemi sem lýst er í kaflanum verður það ekki alþjóðlegt viðskiptafélag samkvæmt þessum lögum með þeim réttaráhrifum sem því eru tengd nema það sæki um og sé veitt starfsleyfi skv. II. kafla.

Í 4. mgr. er tekið fram að alþjóðlegum viðskiptafélögum sé skylt og einum heimilt að hafa í heiti sínu orðin alþjóðlegt viðskiptafélag eða skammstöfun þeirra. Félagi sem fengið hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags er því skylt að auðkenna sig á þar til greindan hátt. Eins og fram kemur í 3. gr. verður alþjóðlegt viðskiptafélag einungis stofnað sem hlutafélag eða einkahlutafélag og ber því samkvæmt lögum um þau félagsform jafnframt að auðkenna sig sem slíkt. Samkvæmt þessu gæti alþjóðlegt viðskiptafélag sem stofnað hefði verið sem einkahlutafélag og nefnt Poseidon því t.d. auðkennt sig sem Poseidon ehf., alþjóðlegt viðskiptafélag, eða Poseidon ehf. a/v.

Félagi sem ekki hefði starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags yrði á hinn bóginn óheimilt að auðkenna sig á framangreindan hátt þótt það stundaði sams konar viðskipti.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreind nokkur hugtök í texta frumvarpsins sem ástæða þykir til að skilgreina. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um stofnun og starfsleyfi alþjóðlegra viðskiptafélaga, umsóknir um og skilyrði fyrir starfsleyfi, sérstaka nefnd sem gert er ráð fyrir að veiti starfsleyfi, tilkynningar um starfsleyfi, skrá yfir alþjóðleg viðskiptafélög og gjald fyrir starfsleyfi.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það skilyrði fyrir því að félag geti orðið alþjóðlegt viðskiptafélag að það sé stofnað sem hlutafélag eða einkahlutafélag. Æskilegt þykir að alþjóðleg viðskiptafélög séu stofnuð og starfrækt samkvæmt viðurkenndu félagsformi sem á sér hliðstæðu víðast hvar í heiminum og ítarlegar lagareglur gilda um. Félög sem stofnuð eru

samkvæmt öðru félagsformi uppfylla því ekki skilyrði laga þessara. Miðað er við að félag sé stofnað gagngert í því skyni að starfa sem alþjóðlegt viðskiptafélag. Félag sem starfað hefur á öðru sviði getur því ekki fengið starfsleyfi sem alþjóðlegt viðskiptafélag þótt tilgangi þess og starfssviði sé breytt. Félög sem hafa starfsleyfi samkvæmt öðrum lögum fullnægja heldur ekki starfsleyfisskilyrðum þessara laga. Þótt félag sé formlega stofnað í þeim tilgangi að starfa sem alþjóðlegt viðskiptafélag og skráð í hlutafélagaskrá er því engu að síður óheimilt að hefja starfsemi sem alþjóðlegt viðskiptafélag nema fyrir liggi starfsleyfi. Þá fyrst er félaginu heimilt, og skylt, að taka upp í heiti sitt auðkenni skv. 2. gr.

Um 4. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um sérstaka nefnd sem veitir starfsleyfi, fer með eftirlit með starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga og afturkallar starfsleyfi. Viðskiptaráðherra skipar nefndina, dómsmálaráðherra, samgönguráðherra, sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra tilnefna sinn manninn hver en fimmti maður er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin heyrir undir viðskiptaráðherra sem fer með framkvæmd laganna.

Eðlilegt þykir að matskenndar ákvarðanir af því tagi sem kveðið er á um, sem heyra samtímis undir sérsvið fleiri ráðuneyta, séu teknar af fjölskipuðu stjórnvaldi sem þessu.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er lýst þeim atriðum sem fram skulu koma í eða með umsókn um starfsleyfi. M.a. er gert ráð fyrir að umsókn fylgi nánari lýsing á þeirri stafsemi sem ætlunin er að stunda og viðskiptaáætlun (business plan) fyrir hana. Þá er tekið fram að starfsleyfisnefnd geti ákveðið að aðrar upplýsingar og gögn skuli fylgja umsókn. Gæti nefndin t.d. áskilið að fram komi hvar starfsemin verði til húsa. Miðar þetta ákvæði að því að tryggja að sem ítarlegastar og gleggstar upplýsingar liggi fyrir um fyrirhugaða starfsemi áður en afstaða er tekin til umsóknar. Þá segir að samþykktir viðkomandi félags skuli fylgja umsókn um starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags. Þetta ákvæði og önnur ákvæði þessarar málsgreinar girða þó ekki fyrir að aðilar sem hyggjast starfrækja alþjóðlegt viðskiptafélag dragi, innan þeirra marka sem lög um hlutafélög og einkahlutafélög leyfa, að tilkynna nýstofnað félag til skráningar þar til afstaða hefur verið tekin til starfsleyfisumsóknar.

Í 2. mgr. er lýst kröfum sem gerðar eru til forsvarsmanna þeirra félaga sem sækja um starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags. Er um að ræða sömu skilyrði og lög um hlutafélög og lög um einkahlutafélög hafa að geyma að því er stjórnarmenn og framkvæmdastjóra varðar, en hér eru þessi skilyrði jafnframt látin ná til stofnenda og hluthafa. Þar sem þess er að vænta að oft muni erlendir aðilar eiga í hlut er tekið fram að umræddir forsvarsmenn megi ekki á síðustu þremur árum hafa fengið dóm samkvæmt sambærilegum erlendum lögum og þeim íslensku lögum sem vísað er til. Því til viðbótar er tekið fram að umræddir aðilar megi heldur ekki tengjast refsiverðri starfsemi. Er það þá ekki sett sem skilyrði að viðkomandi hafi hlotið dóm fyrir slíkt athæfi, heldur eftirlátið starfsleyfisnefnd að meta hvort aðstæður séu slíkar að ekki sé álitið rétt að veita því félagi sem í hlut á starfsleyfi samkvæmt lögunum. Rökstuddur grunur gæti t.d. leikið á að umræddir aðilar tengdust með einhverju móti ólöglegri vopnasölu, eiturlyfjasölu eða peningaþvætti.

Í 3. mgr. er kveðið á um málsmeðferð starfsleyfisnefndar. Sérstaklega er kveðið á um að ákvörðun um veitingu starfsleyfis skuli tekin svo fljótt sem unnt er eftir að fullbúin umsókn berst nefndinni ásamt þeim upplýsingum og gögnum sem eiga að fylgja henni. Augljósir og réttmætir hagsmunir umsækjanda eru að afgreiðsla umsóknar dragist ekki á langinn. Hins

vegar kann að þurfa mislangan tíma til að fara yfir einstakar umsóknir og upplýsingar sem þeim fylgja eða er aflað, þ.m.t. um erlenda aðstandendur félags sem starfsleyfis er óskað fyrir. Þykir því ekki fært að kveða á um hámarksfrest til afgreiðslu.

Í 4. mgr. er kveðið á um synjun starfsleyfis. Nefndin skal synja um starfsleyfi ef skilyrði laganna eru ekki uppfyllt eða ef hún telur feril aðstandenda félagsins með þeim hætti að hæfi þeirra til að stunda starfsemi samkvæmt lögunum verði dregið í efa. Ákvörðun um að synja félagi um starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags gæti byggst á því að forsvarsmenn væru taldir tengjast refsiverðri starfsemi á einhvern hátt eða að ferill þeirra væri þannig að hæfi þeirra til að eiga eða stjórna alþjóðlegu viðskiptafélagi með heilbrigðan og traustan rekstur væri dregið í efa. Er því beinlínis gert ráð fyrir að nefndin hafi verulegt svigrúm til að synja um starfsleyfi samkvæmt lögunum. Engan veginn er víst að til grundvallar mati nefndarinnar liggi í öllum tilvikum ótvíræðar dómsúrlausnir eða endanlegar, formlegar sannanir um aðild viðkomandi að refsiverðri starfsemi, heldur er gert ráð fyrir að nefndin geti byggt mat sitt á upplýsingum og ábendingum sem henni berast um bakgrunn og fyrri feril aðilanna sjálfra eða tengdra aðila, t.d. móðurfélaga eða systurfélaga stofnenda eða hluthafa umrædds félags. Nefndinni sem í sitja fulltrúar fimm ráðuneyta er ætlað að búa yfir þekkingu og yfirsýn til að meta mál af þessu tagi. Ákveði nefndin að synja umsækjanda um starfsleyfi sætir sú ákvörðun ekki stjórnsýslukæru. Hún verður hins vegar borin undir dómstóla eftir almennum reglum.

Í 5. mgr. er kveðið á um að tilkynningar um starfsleyfi til alþjóðlegra viðskiptafélaga skuli birta í Lögbirtingablaði. Enn fremur segir að viðskiptaráðuneytið skuli láta halda sér staka skrá yfir alþjóðleg viðskiptafélög. Til greina kemur að hlutafélagaskrá sjái um skráninguna. Verður því unnt að sækja þangað upplýsingar um það hvaða aðilar hafi slíkt starfsleyfi á hverjum tíma.

Í 6. mgr. er kveðið á um gjald sem aðili sem veitt er starfsleyfi þarf að greiða í ríkissjóð til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu starfsleyfis. Samkvæmt fylgifrumvarpi með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að gjald þetta verði 100.000 kr. Þótt mismikil vinna kunni að fylgja athugun og afgreiðslu einstakra umsókna er gert ráð fyrir jafnaðargjaldi.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um að um stofnun alþjóðlegs viðskiptafélags fari að öðru leyti en segir í frumvarpinu eftir ákvæðum laga um hlutafélög eða um einkahlutafélög, eftir því hvort félagsformið hefur verið valið í hverju tilviki. Vísast því að öðru leyti til ákvæða þeirra laga að því er varðar þau skilyrði sem uppfylla þarf til að stofna megi hlutafélag eða einkahlutafélag.

Um III. kafla.

Í III. kafla er lýst þeirri starfsemi sem alþjóðlegum viðskiptafélögum er heimil, en samkvæmt því sem kveðið er á um í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er alþjóðlegum viðskiptafélögum einungis heimilt að stunda þá starfsemi sem kveðið er á um í III. kafla. Efni þessa kafla endurspeglar megintilganginn með setningu laganna, þ.e. að laða hingað starfsemi sem í eðli sínu er Íslandi óviðkomandi, þannig að um verði að ræða hreina viðbót við þá starfsemi sem fyrir er í landinu.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þá meginafmörkun starfsheimilda alþjóðlegra viðskiptafélaga að þau megi stunda viðskipti, hvort heldur er í eigin nafni eða sem milligönguaðili, við

erlenda aðila utan Íslands með vörur sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur ekki til og ekki eiga uppruna sinn hér á landi, en ekki með aðrar vörur. Sérstaklega er kveðið á um að félögin megi ekki eiga viðskipti með vörur við aðila hér á landi eða við innlenda aðila utan Íslands, vinna vöru að hluta eða öllu leyti hér á landi eða eiga þátt í útflutningi vara sem eiga uppruna sinn hér á landi. Með greininni er sérstaklega horft til alþjóðlegra viðskipta með sjávarafurðir. Er heimilum vöruviðskiptum alþjóðlegra viðskiptafélaga sniðinn sá stakkur að þau nái ekki til vara sem ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið taka til, heldur einungis vara sem falla utan gildissviðs samningsins. Skv. 3. tölul. 8. gr. samningsins taka ákvæði hans til iðnvarnings í tollflokkum 25–97 í samræmdu tollskránni, að undanskildum örfáum efnum, og til nokkurra vara sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum. Heimil vöruviðskipti alþjóðlegra viðskiptafélaga munu því ná til sjávarafurða og landbúnaðarvara annarra en þeirra sem tilgreindar eru í bókun 3 með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Við ákvörðun um það hvort vara teljist eiga uppruna sinn hér á landi skal fara samkvæmt upprunareglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þannig má alþjóðlegt viðskiptafélag t.d. hafa milligöngu um útflutning sjávarfangs sem veitt hefur verið af erlendu fiskiskipi utan 12 mílna landhelgi Íslands, þó ekki ef unnið er við aflann hér á landi þannig að varan fái nýtt upprunavottorð, en það má ekki hafa milligöngu um útflutning á sjávarfangi sem veitt hefur verið af íslensku fiskiskipi á alþjóðlegu hafsvæði eins og t.d. „Smugunni“. Afli sem veiddur er af íslensku fiskiskipi telst íslenskur hvar sem hann veiðist en erlendur ef hann er veiddur af erlendu fiskiskipi utan landhelgi. Einnig má taka sem dæmi að samkvæmt greininni væri alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að kaupa sjávarfang í Namibíu og selja til Argentínu en óheimilt að kaupa sjávarfang af íslensku útgerðar- eða fiskvinnslufyrirtæki og selja innan lands eða utan.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimildir alþjóðlegra viðskiptafélaga til að stunda milligöngu um viðskipti með þjónustu milli erlendra aðila utan íslenskrar lögsögu. Það er skilyrði samkvæmt þessari grein að bæði kaupandi og seljandi þeirrar þjónustu sem alþjóðlegt viðskiptafélag hefur milligöngu um að koma á viðskiptum með séu erlendir aðilar utan íslenskrar lögsögu. Sérstaklega er tekið fram að óheimilt sé að stunda aðra þjónustu en þá sem felst í milligöngu þeirri sem hér var lýst. Einnig er tekið fram að óheimilt sé að veita þessa þjónustu öðrum en erlendum aðilum utan íslenskrar lögsögu.

Undir ákvæðið getur fallið flutningamiðlun milli aðila erlendis, miðlun afþreyingarþjónustu af ýmsu tagi o.fl.

Um 9. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild alþjóðlegra viðskiptafélaga til að eiga eignarhluti og verðmæti sem lið í starfi sínu. Tekið er fram að alþjóðlegt viðskiptafélag geti verið eignaraðili að öðrum alþjóðlegum viðskiptafélögum en ekki að öðrum innlendum lögaðilum. Engar skorður eru hins vegar settar við eignaraðild alþjóðlegs viðskiptafélags að atvinnufyrirtækjum erlendis. Þá er veitt heimild til að alþjóðlegt viðskiptafélag starfi sem hreint eignarhaldsfélag sem ekki þurfi þá jafnframt að stunda aðra starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga sem lögin gera ráð fyrir.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimildir viðskiptafélags til að eiga, fjárfesta í og njóta arðs af réttindum svo sem vörumerkjum, einkaleyfum og hönnunarréttindum. Heimildin er bundin við réttindi sem skráð eru opinberri skráningu erlendis, auk þess sem kveðið er á um heimild

alþjóðlegs viðskiptafélags til að eiga útgáfuréttindi erlendis, svo sem rétt til útgáfu utan Íslands á verkum íslenskra höfunda.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að aðilar sem fjárfesta í atvinnufyrirtækjum eða eignarréttindum utan Íslands geti stofnað og starfrækt á Íslandi alþjóðlegt viðskiptafélag til að halda utan um slíkar eignir sínar. Þykir þá ekki ástæða til að þeim sé jafnframt gert skylt að stunda aðra starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er veitt heimild til að flytja vörur, sem 7. gr. tekur til og óheimilt er að eiga viðskipti með við aðila hér á landi, um Ísland vegna umflutnings varanna milli svæða utan íslenskrar lögsögu. Með þessu ákvæði er opnuð heimild til að íslenskir flutningsaðilar geti tekið þátt í alþjóðlegum vöruviðskiptum á vegum alþjóðlegra viðskiptafélaga. Tekið er fram að vinnsla sem breytir uppruna slíkra vara sé óheimil hér á landi. Þannig væri alþjóðlegu viðskiptafélagi óheimilt að flytja hingað til lands frysta rækju og sjóða hana niður og flytja út aftur. Ákvæðið girðir ekki fyrir þann möguleika að vara sé flutt hingað, henni umpakkað í minni einingar og hún síðan flutt á erlendan markað, að því marki sem slíkt breytir ekki uppruna vörunnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild alþjóðlegs viðskiptafélags til að kaupa rekstrarvörur og þjónustu hér á landi til eigin nota. Hér er átt við ýmsa stoðþjónustu, svo sem markaðsráðgjöf, lögfræði- og bókhaldsþjónustu o.fl. Enn fremur er kveðið á um heimild alþjóðlegs viðskiptafélags til að eiga viðskipti við önnur alþjóðleg viðskiptafélög hér á landi sem erlendis. Er um að ræða frávik frá þeirri meginreglu frumvarpsins að alþjóðlegt viðskiptafélag megi ekki eiga viðskipti með vörur og milligöngu um þjónustu við aðila hér á landi. Á móti kemur að viðsemjandi félagsins, sem sjálfur verður að vera alþjóðlegt viðskiptafélag, er bundinn sömu takmörkunum.

Í 2. mgr. segir einnig að alþjóðlegu viðskiptafélagi skuli heimilt að eiga peningalegar eignir hér á landi til nota í daglegum rekstri og að fá fé að láni hér á landi jafnt sem erlendis í eðlilegu samræmi við starfsemi sína. Með peningalegum eignum er átt við það sem telst til eigna við útreikning samkvæmt 2. mgr. 53 gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 3. mgr. 53. gr. laganna. Nauðsynlegt er fyrir alþjóðleg viðskiptafélög að fjárstreymi vegna viðskipta sem þau stunda gangi sem greiðast og æskilegt að innlendur fjármagnsmarkaður geti þjónað þessum félögum. Fésýsla alþjóðlegs viðskiptafélags verður þó að vera í eðlilegu hlutfalli við grunnstarfsemi þess en má aldrei vera aðalviðfangsefni.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um rétt alþjóðlegs viðskiptafélags til að eiga eða hafa umráð yfir og skrá hér á landi flugvélar og skip, önnur en fiskiskip, til notkunar í verkefnum sem alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að annast skv. 7. gr., þ.e. til flutnings á tilteknum vörum utan Íslands, þó með heimild til viðkomu hér á landi vegna umflutnings. Þá er alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að eiga eða hafa umráð yfir og skrá hér á landi flugvélar og skip, önnur en fiskiskip, í því skyni að leigja eða framleigja þau erlendum aðilum til flutninga utan íslenskrar lögsögu, hvort heldur vöru- eða farþegaflutninga. Um skráningu flugvéla og skipa alþjóðlegs viðskiptafélags hér á landi og réttaráhrif skráningar fer samkvæmt almennum lögum. Alþjóðlegt viðskiptafélag má samkvæmt ákvæðum greinarinnar ekki sjálft annast vöru- eða farþegaflutninga milli Íslands og annarra landa eða eiga eða hafa umráð yfir flugvélum eða skipum sem það gera. Það má hins vegar leigja eða framleigja flugvélar eða skip til erlendra aðila til flutninga utan íslenskrar lögsögu en ekki standa sjálft fyrir flutningarekstrinum.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild alþjóðlegs viðskiptafélags til að öðlast hér á landi eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign eða öðrum rekstrarfjármunum til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni. Eignarhald fasteigna eða annarra rekstrarfjármuna má því ekki vera sjálfstætt viðfangsefni alþjóðlegs viðskiptafélags, heldur verður það að tengjast þörfum félagsins vegna rekstrar þess að öðru leyti. Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna og lög um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri geyma sams konar ákvæði að því er varðar eignarrétt og afnotarétt aðila með erlenda eignaraðild að fasteignum. Vísast til fyrrnefndu laganna um framkvæmd varðandi fasteignir. Meginreglan samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins er sú að umræddar eignir séu einungis nýttar í þágu eigin starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags, en heimild er þó veitt til takmarkaðra frávika eins og nánar er lýst í ákvæðinu.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er kveðið á um nokkrar meginreglur sem miða að því að rekstur alþjóðlegs viðskiptafélags verði óháður rekstri annarra aðila.

Um 12. gr.

Hér segir að rekstur alþjóðlegs viðskiptafélags skuli vera fjárhagslega óháður og aðskilinn rekstri annarra aðila. Er óheimilt að láta alþjóðlegt viðskiptafélag bera annan kostnað eða hafa aðrar tekjur en stafa af starfsemi slíks félags sem heimil er skv. III. kafla eða að færa kostnað eða tekjur af starfsemi þess yfir á aðra. Miða þessi ákvæði að því að koma í veg fyrir að rekstri, tekjum eða gjöldum af starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags verði blandað saman við rekstur, tekjur eða gjöld annars aðila. Þá er sérstaklega tekið fram að ef aðstaða eða starfsfólk alþjóðlegs viðskiptafélags er samnýtt með öðrum skuli gerður skriflegur samningur um samnýtinguna og um skiptingu kostnaðar. Getur þar bæði verið um að ræða að alþjóðlegt viðskiptafélag fái aðgang og afnot af aðstöðu eða starfsfólki annarra aðila en einnig að þetta sé á hinn veginn. Tekið er fram að öll viðskipti alþjóðlegra viðskiptafélaga við aðila þeim tengda skuli gerð á grundvelli kjara og venju í viðskiptum óskyldra aðila. Almennt mundu einnig gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt um óvenjuleg skipti í fjármálum.

Um V. kafla.

Í V. kafla er kveðið á um heimild fjármálaráðherra til að leyfa alþjóðlegu viðskiptafélagi að færa bókhald sitt og ársreikninga í erlendri mynt, auk þess sem sett eru sérákvæði um endurskoðun alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Um 13. gr.

Í greininni segir að fjármálaráðherra geti heimilað að alþjóðlegt viðskiptafélag sem sótt hefur um það færi bókhald sitt og geri reikningsskil í tiltekinni erlendri mynt í samræmi við góða reikningsskilavenju. Er hér um að ræða heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum laga um bókhald sem kveða á um að texti bókhaldsbókanna skuli vera á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum og að í ársreikningi skuli fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum og frá ákvæðum laga um ársreikninga sem kveða á um að í ársreikningum og samstæðureikningum sem samdir séu samkvæmt ákvæðum laganna skuli fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum. Ástæða þess að rétt þykir að veita megi heimild til slíkra frávika er sú að alþjóðleg viðskiptafélög munu fyrst og fremst stunda viðskipti utan Íslands og væntanlega vera stundum í eigu aðila sem ekki hafa önnur tengsl við Ísland en leiðir af aðild þeirra að alþjóðlega viðskiptafélaginu. Gert er ráð fyrir að heimild til færslu bókhalds og reikningsskila í erlendri

mynt miðist í hverju tilviki við einhverja tiltekna mynt, t.d. Bandaríkjadali, en félag eigi ekki rétt á að víxla milli mynta nema að fengnu leyfi. Þótt slík heimild sé veitt er eftir sem áður gert ráð fyrir að viðkomandi félag sé skattlagt samkvæmt íslenskum skattalögum. Því þarf m.a. að kveða á um þær reglur sem fylgja beri við umreikning fjárhæða á milli gjaldmiðla, bæði milli mismunandi erlendra mynta og milli færslumyntarinnar og íslenskrar krónu með tilliti til áramótastöðu félagsins, og um þær reglur sem gildi um útreikning söluhagnaðar og fyrninga, hvort tveggja vegna útreiknings á skattstofnum viðkomandi félags. Er gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um þetta í reglum sem fjármálaráðherra getur sett. Í greininni segir að þegar bókhald og reikningsskil alþjóðlegs viðskiptafélags eru færð í erlendri mynt skuli við ákvörðun skattstofna ekki beita ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt um verðlagsbreytingar og endurmat, sbr. nú 11.–27. gr. og 35.–44. gr. laga nr. 75/1981, varðandi útreikning á söluhagnaði og fyrningum eða ákvæðum 53. gr. sömu laga um tekjur og gjöld vegna verðbreytinga, eða sambærilegum ákvæðum annarra laga. Ber því að líta fram hjá ákvæðum laga um verð- og verðlagsbreytingar við útreikning á skattstofnum alþjóðlegs viðskiptafélags sem fengið hefur heimild samkvæmt þessari grein.

Um 14. gr.

Kveðið á um í greininni að ársreikningur alþjóðlegs viðskiptafélags skuli ávallt endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi, óháð því hvort slík skylda hefði ella verið fyrir hendi samkvæmt ársreikningalögum. Jafnframt er felld á endurskoðanda lagaskylda til að sannreyna að tekjur og gjöld alþjóðlegs viðskiptafélags hafi stofnast í samræmi við ákvæði III. og IV. kafla, þ.e. að starfsemi félagsins hafi verið innan þeirra marka sem lýst er í III. kafla og rekstur þess verið fjárhagslega óháður og aðskilinn rekstri annarra aðila svo sem áskilið er skv. IV. kafla. Þá segir að endurskoðandi skuli tafarlaust gera stjórn alþjóðlegs viðskiptafélags og starfsleyfisnefnd viðvart ef hann hefur ástæðu til að ætla að lög eða reglugerðir og reglur sem gilda um félagið eða starfsleyfi félagsins hafi verið brotin.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er kveðið á um eftirlit með starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er starfsleyfisnefnd falið eftirlit með því að starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga sé í samræmi við ákvæði laganna, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim, starfsleyfi og samþykktir viðkomandi félaga. Þessu til viðbótar kemur svo til eftirlit annarra stjórnvalda eftir því sem við á, t.d. eftirlit viðskiptaráðherra og hlutafélagaskrár samkvæmt lögum um hlutafélög og um einkahlutafélög, eftirlit skattyfirvalda samkvæmt skattalögum, eftirlit tollayfirvalda með vörum sem hingað koma vegna umflutnings, eftirlit skráningaryfirvalda með flugvélum og skipum alþjóðlegra viðskiptafélaga sem kunna að vera skráð hér á landi o.s.frv.

Í 2. mgr. er kveðið á um að alþjóðlegt viðskiptafélag skuli árlega greiða í ríkissjóð gjald til að standa undir eftirliti starfsleyfisnefndar skv. 1. mgr. og skal það lagt skal á í samræmi við ákvæði í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um að alþjóðlegt viðskiptafélag skuli eigi síðar en sex mánuðum eftir lok hvers reikningsárs skila starfsleyfisnefnd skýrslu um starfsemi sína í formi sem nefndin ákveður. Er þessu ætlað að auðvelda nefndinni eftirlit með starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla er kveðið á um afturköllun starfsleyfis, hvenær til afturköllunar getur komið, hvernig standa ber að henni og hverju það varðar viðkomandi félag.

Um 17. gr.

Kveðið er í greininni á um þau atvik sem leitt geta til þess að starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags verði afturkallað. Er gert ráð fyrir að starfsleyfisnefnd taki ákvörðun um það hvort starfsleyfi verði afturkallað. Þær ástæður fyrir afturköllun sem tilgreindar eru í greininni eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi atriði sem kemur í ljós eftir á að voru fyrir hendi þegar starfsleyfi var veitt en hefðu orðið til þess að starfsleyfi hefði ekki verið veitt ef kunnugt hefði verið um þær. Í öðru lagi getur það leitt til afturköllunar ef alþjóðlegt viðskiptafélag nýtir ekki starfsleyfi innan árs frá því að það var veitt. Loks getur afturköllun starfsleyfis byggst á atriðum sem koma upp eftir að félag hefur starfsemi, svo sem því að alþjóðlegt viðskiptafélag uppfyllir ekki lengur skilyrði til að öðlast starfsleyfi eða brýtur alvarlega eða ítrekað gegn reglum þeim sem því ber að fylgja eða vegna þess að í ljós kemur að forsvarsmenn þess eru að mati starfsleyfisnefndar eru ekki hæfir með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðkomandi félags. Tekið er fram í 2. mgr. að áður en til afturköllunar starfsleyfis kemur skuli hlutaðeigandi félagi veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur. Fer það eftir því hvers eðlis ástæða afturköllunarinnar er.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að afturköllun á starfsleyfi skuli rökstudd skriflega. Er eðlilegt að slíkur áskilnaður sé gerður, þótt ekki þurfi skv. 5. gr. að rökstyðja sérstaklega ákvörðun starfsleyfisnefndar um að synja um starfsleyfi. Horfir málið öðruvísi við eftir að búið er að gefa út starfsleyfi. Tilkynningu um afturköllun starfsleyfis alþjóðlegs viðskiptafélags skal birta í Lögbirtingablaði. Ástæða þykir til að kveða skýrt á um að ákvörðun um starfsleyfisafturköllun verður ekki kærð með stjórnsýslukæru til þess ráðherra sem fer með framkvæmd laganna. Aðili sem ekki vill una ákvörðun um afturköllun starfsleyfis getur borið hana undir dómstóla.

Í 2. mgr. er kveðið á um að slíta beri alþjóðlegu viðskiptafélagi ef starfsleyfi þess er afturkallað. Sama gildir ef alþjóðlegt viðskiptafélag ákveður að skila sjálft inn starfsleyfi. Er því ekki gert ráð fyrir að slíkt félag geti snúið sér að annarri starfsemi. Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að félagsslit eigi sér stað í formi sameiningar við annað félag samkvæmt reglum hlutafélagalaga eða einkahlutafélaga þar að lútandi.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er kveðið á um hvaða lög skuli gilda um alþjóðleg viðskiptafélög og um lagaframkvæmd og reglugerðarheimild viðskiptaráðherra.

Um 19. gr.

Þótt lagt sé til að sérstök löggjöf sé sett um alþjóðleg viðskiptafélög gilda jafnframt um þau ákvæði laga um hlutafélög og einkahlutafélög, eftir því hvort félagsformið hefur verið valið í hverju tilviki, og ákvæði annarra almennra laga eftir því sem við á, sbr. athugasemdir við 15. gr.

Um 20.–22. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um alþjóðleg viðskiptafélög.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að lögfest verði heimild til stofnunar alþjóðlegra viðskiptafélaga á Íslandi sem hafi þann tilgang að annast viðskipti með þjónustu milli aðila erlendis. Til að hefja starfsemi þarf alþjóðlegt viðskiptafélag að vera skráð og hafa fengið starfsleyfi hjá sérstakri fimm manna starfsleyfisnefnd. Viðskiptaráðherra lætur nefndinni í té starfsaðstöðu, ákveður þóknun nefndarmanna og greiðir annan kostnað af starfi hennar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að greitt skuli gjald í ríkissjóð til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu starfsleyfis og enn fremur árlegt gjald til að standa undir eftirliti nefndarinnar. Þegar til lengri tíma er litið ættu starfsleyfisgjöld og árgjöld að standa undir starfi starfsleyfisnefndar og er því ekki gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Frumvarpið er að meginefni byggt á tillögum verkefnisstjórnar sem forsætisráðherra skipaði. Í athugasemd með frumvarpinu telur hún að ætla megi að 50–200 alþjóðleg viðskiptafélög verði skráð hér á landi innan þriggja ára. Verkefnastjórnin áætlar að miðað við að innlendur kostnaður og virðisauki geti orðið 4%–6% af veltu yrðu óbeinar skatttekjur um 150–1.500 m.kr. á ári miðað við að ársvelta alþjóðlegra viðskiptafélaga væri 25–100 milljarðar kr. Í athugasemd er enn fremur lagt mat á kostnað af markaðsstarfi til kynningar á alþjóðlegum viðskiptafélögum og er þar gert ráð fyrir 20–30 m.kr. árlega til að byrja með.

Samtals má því reikna með að fyrsta árið verði útgjöld ríkissjóðs 20–30 m.kr. vegna kynningar og eftir það lækki kostnaðurinn og að nefndin standi undir útgjöldum sínum með starfsleyfis- og eftirlitsgjöldum.

688. Frumvarp til laga [415. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Gísli S. Einarsson.

1. gr.

173. gr. a laganna orðast svo:

Hver sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur manni í té ávana- og fíkniefni gegn gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt skal sæta fangelsi allt að 12 árum en ekki skemur en tvö ár.

Sömu refsingu skal sá sæta sem gegn ákvæðum nefndra laga flytur inn, býr til, kaupir, flytur út, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt sem er greint er í 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fíkniefna- eða eiturlyfjavandinn er ein alvarlegasta hættan sem blasir við samfélagi okkar, einkum gagnvart ungu fólki. Þessi vandi er vaxandi hérlendis. Frumvarpinu er ætlað að taka á einum þætti vandans en í því er lagt til að refsingar fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni verði þyngdar.

Í núgildandi lögum er ekki lágmarksrefsing fyrir fíkniefnabrot. Í frumvarpinu er lagt til að lágmarksrefsing verði tvö ár og að jafnframt verði hámarksrefsing fyrir fíkniefnabrot hækkuð úr 10 árum í 12 ár. Flutningsmenn telja að brýnt sé að þyngja refsirammann fyrir fíkniefnabrot eins og hér er lagt til. Núgildandi ákvæði voru sett fyrir 25 árum eða árið 1974 og þyngsti dómur sem kveðinn hefur verið upp í fíkniefnamáli hérlendis hljóðaði upp á sex ára fangelsi. Það er dómstóla að útfæra refsingu eftir lögum, en samþykki Alþingi þetta frumvarp er vilji löggjafans ótvírætt að þyngja refsingar við fíkniefnabrotum.

Ekki liggja fyrir tölfræðilegar upplýsingar um fíkniefnabrot. Hins vegar gerðu Ingveldur Einarsdóttir og Sigurður T. Magnússon athugun árið 1997 á ákvörðun refsinga fyrir þjófnaðarbrot og líkamsárásir. Borin voru saman tvö tímabil, 1950–59 og 1994–95. Helstu vísbendingar athugunarinnar eru að brotum af þessu tagi hafi fjölgað verulega en refsing fyrir sambærileg brot hafi litlum eða engum breytingum tekið í tæpa hálfa öld.

Í könnun Helga Gunnlaugssonar frá 1994 um viðhorf Íslendinga til afbrota 1989–94 kom í ljós að fíkniefnaneysla er það afbrot sem almenningur telur vera mesta vandamálið hérlendis. Mikill meiri hluti almennings eða yfir 80% telur samkvæmt þessari könnun að refsingar séu helst til vægar eða alltof vægar.

Flutningsmönnum þykir ástæða til þess að benda á önnur úrræði sem geta spornað við fíkniefnavandanum, svo sem aukna fræðslu, forvarnir og meiri áherslu á meðferðarúrræði ungmenna sem hafa leiðst út í neyslu eiturlyfja. Einnig er vert að vekja sérstaka athygli á hugmynd sem Jörundur Guðmundsson varpaði fram í þingræðu á Alþingi í haust. Þar lagði hann til að í flughöfnum og annars staðar þar sem ferðamenn koma til landsins yrðu sett upp stór skilti á helstu tungumálum þar sem vakin væri athygli á þungum refsingum fyrir smygl á fíkniefnum. Hann vísaði til ýmissa landa sem beitt hefðu þessu einfalda úrræði á árangursríkan hátt. Að mati flutningsmanna ætti strax að hrinda þessu í framkvæmd á Keflavíkurflugvelli.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til almennara orðalag en er í núgildandi lögum. Þess má geta að lagagrein frumvarpsins tilheyrir þeim kafla hegningarlaganna sem fjallar um brot sem hafa í för með sér almannahættu. Fíkniefnabrot eins og smygl á eiturlyfjum eru vaxandi vandamál í heiminum og víða eru mun þyngri refsingar við fíkniefnabrotum en tíðkast hérlendis. Frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að taka á smygli og sölu á eiturlyfjum en refsingar fyrir þau brot hafa ekki dugað til að draga úr þessu vandamáli. Flutningsmenn telja sérstaklega alvarlegt þegar börnum eða ungmennum undir lögaldri eru látin í té ávana- og fíkniefni. Eiturlyfin verða sífellt hættulegri og fjölmargir Íslendingar, einkum ungt fólk, hafa látið lífið af þeirra völdum. Þótt auknar refsingar séu ekki alltaf besta ráðið til að stemma stigu við glæpsamlegu athæfi er það mat flutningsmanna að hertar refsingar séu rétt leið við núverandi aðstæður í baráttunni við fíkniefni.

689. Fyrirspurn [416. mál]

til menntamálaráðherra um kennslu í íslensku.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvaða ráðstafanir gerir menntamálaráðuneytið til að tryggja erlendu verkafólki hér á landi kennslu í íslensku?

690. Fyrirspurn [417. mál]

til félagsmálaráðherra um skipun stjórnar Íbúðalánasjóðs.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hvað réð því að enginn einstaklingur úr flokkum eða samtökum stjórnarandstöðunnar, sem munu bjóða fram í komandi alþingiskosningum, var skipaður af félagsmálaráðherra til fjögurra ára í stjórn Íbúðalánasjóðs, eins og eðlilegt væri miðað við það að Alþingi kaus hlutfallskosningu til stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins (forvera Íbúðalánasjóðs)?
2. Réðu þröng flokkspólitísk sjónarmið þeirri ákvörðun ráðherra að velja eingöngu flokksbundna framsóknar- og sjálfstæðismenn, auk þingmanns utan flokka, í þessa mikilvægu stjórn?
3. Ber að líta á þessa stjórnarskipan ráðherrans sem upphaf að nýju verklagi hjá félagsmálaráðherra, eða ríkisstjórninni allri, þegar vald er fært frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins, þ.e. ráðherra, í ljósi þess að fram að þessu hafa ráðherrar litið til vægis flokka á Alþingi þegar þeir hafa fengið heimildir til að skipa í nefndir og ráð sem undir þá heyra (sbr. Landssíminn, Íslandspóstur, Búnaðarbankinn og Landsbankinn)?

691. Fyrirspurn [418. mál]

til fjármálaráðherra um skattframtöl.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Ætlar ráðherra að fara að ábendingum Ríkisendurskoðunar varðandi skattframtöl og þá einkanlega um einföldun þeirra?
2. Stefnir ráðherrann að því að skattframtöl einstaklinga verði þannig unnin að upplýsingar launagreiðenda og aðrar venjubundnar upplýsingar, svo sem frá opinberum aðilum og fleirum, verði færðar fyrir fram inn á skattframtölin, þannig að staðfesting framteljenda á að upplýsingar séu réttar nægi?
3. Er ekki ástæða til að ætla að það fyrirkomulag sem lýst er hér að framan og þekkist víða erlendis mundi bæta skil á skattframtölum og fækka áætlunarframtölum?

692. Fyrirspurn [419. mál]

til fjármálaráðherra um fyrirkomulag á innheimtu hjá tollstjóranum í Reykjavík.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi innheimtumála hjá tollstjóranum í Reykjavík vegna yfirtöku á verkefnum Gjaldheimtunnar í Reykjavík?
2. Hvaða áhrif hafa þessar breytingar haft á:
   a. fjölda fjárnámsaðgerða,
   b. fjölda gjaldþrotamála,
   c. innheimtuárangur hjá tollstjóranum í Reykjavík?

Skriflegt svar óskast.

693. Fyrirspurn [420. mál]

til menntamálaráðherra um menningarhús.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hversu stór á hlutur ríkisins í byggingu menningarhúsa að verða, eða endurgerð eldri húsa ef sú leið verður valin? Hve miklu fé ætlar ríkið að verja til þessara framkvæmda og á hvaða tíma?
2. Hver er forgangsröðun framkvæmdanna?
3. Hver á að verða rekstraraðili menningarhúsanna og hversu mikinn þátt mun ríkið taka í rekstri þeirra?

694. Fyrirspurn [421. mál]

til heilbrigðisráðherra um skipan heilbrigðismála á Austurlandi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvers konar skipan heilbrigðisþjónustu er fyrirhuguð á Austurlandi á næstunni samkvæmt tillögum og ákvörðunum ráðuneytisins?
2. Á hvaða lögum og reglugerðarákvæðum er breytt skipan byggð að því er varðar heilbrigðisþjónustu og starfsfólk (viðkomandi lagaheimildir og reglugerðir óskast birtar með svari)?
3. Hver er tilgangurinn með breytingunum og hvaða forsendur hafa verið lagðar til grundvallar þeim?

4. Hverjir hafa staðið að samningum um breytta skipan mála af hálfu ráðuneytisins annars vegar og heimamanna hins vegar og hver hefur verið hlutur sveitarstjórna í því sambandi?
5. Hvernig hafa ákvarðanir verið teknar á einstökum stigum undirbúnings málsins?
6. Hvaða athugasemdir komu fram á heimavettvangi á undirbúningsstigi (óskast tilgreindar í einstökum atriðum ásamt þeim sem athugasemd gerði) og hvernig hefur verið brugðist við þeim hverri fyrir sig?
7. Sé þarna um tilraunaverkefni að ræða, hversu lengi á það að standa og hver metur niðurstöðu af því?
8. Hvernig verður stjórn heilbrigðisþjónustunnar á Austurlandi háttað? Hverjir hafa þegar verið tilnefndir eða skipaðir í stjórnina? Hvernig hljóðar erindisbréf væntanlegrar stjórnar?
9. Hvernig verður staðið að fjármögnun og skiptingu fjár til heilbrigðisþjónustu á Austurlandi framvegis?
10. Liggja fyrir áætlanir um fjárþörf vegna heilbrigðisþjónustu á Austurlandi til næstu ára? Ef svo er, hverjar eru meginforsendur þeirra og niðurstöður, í krónum?
11. Hver tekur ákvarðanir um úthlutun fjár til einstakra þátta heilbrigðisþjónustu á svæðinu (einstakra heilsugæsluumdæma, sjúkrahúsa, dvalarheimila o.s.frv.)?
12. Hvaða áhrif hafa fyrirhugaðar breytingar á heilbrigðisþjónustu á svæðinu á réttarstöðu starfsfólks, starfstilhögun og kjör starfsmanna?
13. Hver er staða heilbrigðismálaráðs Austurlands eftir breytingarnar?
14. Hver er staða heilbrigðisþjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði í þessari nýskipan?
15. Hvaða þáttum er ólokið að mati ráðuneytisins áður en breytt skipan kemst á og hvenær er gert ráð fyrir að hún gangi í gildi?

Skriflegt svar óskast.

695. Fyrirspurn [422. mál]

til samgönguráðherra um sjálfvirkan sleppibúnað á skipum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að um borð í íslenskum skipum og bátum verði skylt að hafa sjálfvirkan sleppibúnað?
2. Hvenær má vænta ákvörðunar um það?

696. Fyrirspurn [423. mál]

til sjávarútvegsráðherra um álitsgerð Sigurðar Líndals um 3. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Frá Kristni Péturssyni.

1. Hvað varð um álitsgerð Sigurðar Líndals um að 3. gr. laga um stjórn fiskveiða brjóti í bága við stjórnarskrána sem send var ríkisstjórninni í ágúst 1992 og afhent tvíhöfðanefndinni til frekari skoðunar?
2. Hvers vegna var ekki tekið mið af umræddri álitsgerð?
3. Telur ráðherra ekki eðlilegra með tilvísun í álitsgerðina að Alþingi ákveði aflahámark einstakra fisktegunda?

Skriflegt svar óskast.

697. Fyrirspurn [424. mál]

til félagsmálaráðherra um mannréttindi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að fjölskyldur nýbúa fái nauðsynlegan stuðning til að festa rætur í íslensku samfélagi?
2. Ef svo er, til hvaða aðgerða hefur verið gripið í því sambandi?
3. Hefur ráðherra beitt sér fyrir aðgerðum sem miða að því að uppræta fordóma í garð þeirra sem skera sig úr vegna kynþáttar, trúarbragða eða menningar eða í garð fjölskyldna samkynhneigðra?
4. Ef svo er, í hverju eru þær aðgerðir fólgnar?

698. Frumvarp til laga [343. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. jan.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fisk-

veiðilandhelgi Íslands. Á sama fiskveiðiári er þó aðeins heimilt að veita fiskiskipi eina gerð leyfis til veiða í atvinnuskyni, þ.e. veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi með þorskaflahámarki, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum þessum, veiðileyfi með aflamarki sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum þessum (krókaaflamarki) eða veiðileyfi með sóknardögum.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Bátar sem fá leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum skulu frá og með 1. september 2000 stunda veiðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 30. september ár hvert. Þeim er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum og háffiskum með sérhæfðum veiðarfærum og til hrognkelsaveiða í net.

Sameiginlegur hámarksþorskafli þeirra báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af 13,75% af heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995, auk aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum þessum. Fjöldi sóknardaga skal ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár, í fyrsta sinn fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september 2000, með því að reikna meðalþorskafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í hámarksþorskafla þessara báta á fiskveiðiárinu. Sóknardögum skal fækka eða fjölga um heila daga og sleppa broti. Sóknardögum skal þó aldrei fækka um meira en 25% milli fiskveiðiára.

Sóknardagur telst vera allt að 24 klst. frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar samkvæmt lokamálslið 2. mgr. séu utan sóknardaga.

Heimilt er að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum. Sé sá bátur sem sóknardagar eru fluttir til stærri, í brúttótonnum talið, en sá sem sóknardagar eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og sleppa broti. Þá skal með sama hætti fjölga sóknardögum sem fluttir eru til minni báts. Á sama hátt skal skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Miða skal við stærð báta 1. janúar 1999. Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáranna. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátnum og þeirra sóknardaga sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.

Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

3. gr.

Í stað orðanna „eða þorskaflahámarks“ í 2. mgr. 6. gr. a laganna kemur: eða krókaaflamarks.

4. gr.

1. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Áætlaðan afla báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum.

5. gr.

Í stað 2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Einungis er heimilt að framselja aflahlutdeild af báti sem er minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn til báts eða báta undir þeim stærðarmörkum. Ef bátur sem er minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn er stækkaður umfram þau mörk er einungis heimilt að framselja þá aflahlutdeild er báturinn hafði fyrir stækkun til báta sem eru minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þegar um er að ræða flutning aflamarks milli báta sem eru minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn.
c. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.
d. Orðin „eða veiðileyfis“ í 6. mgr. falla brott.
e. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er heimilt með samþykki Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks í þeim tilvikum að um breytingar á skipakosti viðkomandi útgerðar sé að ræða og aflahlutdeildin sé jafnframt flutt milli viðkomandi skipa.
f. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Einungis er heimilt að flytja aflamark báts sem er minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn til báts eða báta undir þeim stærðarmörkum. Ef bátur sem er minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn er stækkaður umfram þau mörk er einungis heimilt að flytja þann hluta aflamarks bátsins sem leiddur er af þeirri aflahlutdeild sem báturinn hafði fyrir stækkun til báta sem eru minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn.

7. gr.

3. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal sérstakt veiðieftirlitsgjald vegna báta sem stunda handfæraveiðar með dagatakmörkunum. Gjald samkvæmt þessari málsgrein skal innheimt árlega. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 2. mgr. og gilda ákvæði þeirrar málsgreinar um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Gjald samkvæmt þessari málsgrein skal innheimt samhliða gjaldi vegna almenns veiðileyfis skv. 4. mgr. Skal gjaldið miðast við landaðan afla á undanfarandi tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí og skráningu landaðs afla í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Bátar sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum eða þorskaflahámarki, krókabátar, skulu á fiskveiðiárunum 1998/1999 og 1999/2000 stunda veiðar samkvæmt þessu ákvæði.

Krókabátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum eða einungis með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.

Heildarþorskaflaviðmiðun krókabáta er 13,75% af ákvörðuðum heildarþorskafla. Þar af er samanlagt þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost hafa valið 12,64%, heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og nota línu og handfæri 0,18% og heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og nota handfæri eingöngu 0,93%.

Heimilt er að framselja varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Innan fiskveiðiárs er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá fiskveiðiárinu 1998/1999 yfir á fiskveiðiárið 1999/2000. Enn fremur er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki aflamark af þorski skv. 7. gr. Um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn. Heimilt er að veita báti, sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá áfram hluti sameiginlegs hámarksþorskafla báta sem stunda veiðar samkvæmt dagatakmörkunum.

Sóknardagur telst vera allt að 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt síðari málslið 2. mgr. þessa ákvæðis, sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háffiskum, séu utan sóknardaga.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og nota línu og handfæri skal vera 32 á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000. Ef bátur rær með línu skal margfalda fjölda nýttra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september en með tölunni 1,35 á öðrum tíma. Þorskafli hvers báts má þó eigi vera meiri en 30 lestir á hvoru fiskveiðiári miðað við óslægðan fisk.

Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem veiðar stunda með dagatakmörkunum og nota handfæri eingöngu skal vera 40 á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000. Þó skal þorskafli hvers báts eigi vera meiri en 30 lestir á hvoru fiskveiðiári miðað við óslægðan fisk.

Heimilt er að flytja veiðileyfi frá krókabáti sem leyfi hefur til að veiða samkvæmt þessu ákvæði til annars jafnstórs krókabáts miðað við rúmtölu. Óheimilt er að flytja veiðileyfi til krókabáts sem er stærri en sá krókabátur sem veiðileyfi lætur nema jafnframt sé flutt veiðileyfi af öðrum krókabáti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Slíkur bátur má þó ekki verða stærri en 6 brúttótonn. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem

stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

Óheimilt er að stækka krókabát nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga. Slíkum báti má þó aldrei breyta svo að hann verði stærri en 6 brúttótonn.

Ráðherra getur ákveðið að afli teljist ekki til þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta á fiskveiðiárunum 1998/1999 og 1999/2000.

Áætlaðan afla krókabáta á fiskveiðiárinu 1998/1999 skal draga frá leyfðum heildarafla áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

Innheimta skal sérstakt veiðieftirlitsgjald vegna báta sem stunda veiðar samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 2. mgr. 18. gr. laganna og gilda ákvæði þeirrar málsgreinar um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Gjald samkvæmt þessari málsgrein skal innheimt samhliða gjaldi vegna almenns veiðileyfis skv. 4. mgr. 18. gr. Skal gjaldið miðast við landaðan afla á undanfarandi tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí og skráningu landaðs afla í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.

Þrátt fyrir ákvæði þessa bráðabirgðaákvæðis skal þeim bátum sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum eða handfærum eingöngu með dagatakmörkunum gefast kostur á að velja að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum 6. gr. laganna, enda hafi þeir tilkynnt Fiskistofu um val sitt fyrir 1. mars 1999. Á fiskveiðiárunum 1998/1999 og 1999/2000 skal þessum bátum heimilt að stunda veiðar í 23 sóknardaga án takmarkana á heildarafla. Að öðru leyti gildir bráðabirgðaákvæði þetta um veiðar þessara báta.

II.

Fyrir upphaf fiskveiðiársins 1999/2000 skal krókabátum úthlutað aflahlutdeild samkvæmt þessu ákvæði.

Bátar sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skulu fá úthlutað aflahlutdeild í þorski miðað við þá hlutdeild sem aflahámark bátsins er í þeim 12,64% af hámarksþorskafla sem í hlut þessa bátaflokks hefur komið.

Þeirri 0,18% hlutdeild í hámarksþorskafla sem komið hefur í hlut báta sem stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, auk aflahlutdeildar í þorski sem nemur 95 lestum miðað við óslægðan fisk, skal skipt milli báta á grundvelli aflareynslu þannig að 80% séu miðuð við aflareynslu fiskveiðiárin 1996/1997 og 1997/1998 og 20% séu miðuð við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þó skal enginn bátur fá minni aflaheimild en 500 kg, miðað við óslægðan fisk.

Þeirri 0,93% hlutdeild í hámarksþorskafla sem komið hefur í hlut báta sem stunda veiðar með handfærum eingöngu með dagatakmörkunum, auk aflahlutdeildar í þorski sem nemur 506 lestum miðað við óslægðan fisk, skal skipt milli báta á grundvelli aflareynslu þannig að 80% séu miðuð við aflareynslu fiskveiðiárin 1996/1997 og 1997/1998 og 20% séu miðuð við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þó skal enginn bátur fá minni aflaheimild en 500 kg, miðað við óslægðan fisk.

Samanlögð hlutdeild krókabáta í hámarksafla af ýsu, ufsa og steinbít skal vera jöfn meðalhlutdeild þeirra í heildarafla af hverri þessara tegunda almanaksárin 1996, 1997 og 1998 og skal hún skiptast milli veiðikerfa þeirra í sömu innbyrðis hlutföllum og þorskur skv. 2.–4. mgr. Í flokki báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast í hlutfalli við veiðar hvers báts um sig á þessum árum og skal í þeim

samanburði miðað við tvö bestu ár hvers báts af árunum 1997, 1998 og 1999. Í flokkum báta sem stundað hafa veiðar með dagatakmörkunum skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast jafnt milli báta innan hvors flokks um sig.

Það aflamark sem úthlutað er á grundvelli aflahlutdeildar samkvæmt þessu ákvæði (krókaaflamark) er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar. Aflahlutdeild og aflamark samkvæmt þessu ákvæði verður ekki flutt til báts sem hefur aðra gerð veiðileyfis.

III.

Á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með 2005/2006 skal úthluta árlega 4.000 lestum af þorski, að frádregnum 601 lest sem úthlutað er skv. 3. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II og úthlutun skv. 2. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis. Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og eru minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta skal miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari málsgrein leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

Þá skal úthluta aflahlutdeild í þorski til aflamarksbáta sem eru minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn, enda hafi þeir sömu eða meiri aflahlutdeild í þorski 1. september 1999 en 1. desember 1998 og hafi landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Þorskaflahlutdeild þessara báta skal aukin um 15% miðað við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998.

Við upphaf fiskveiðiársins 1999/2000 skal endurreikna aflahlutdeildir einstakra fiskiskipa að teknu tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af ákvæðum til bráðabirgða II og III.

IV.

Á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með fiskveiðiársins 2005/2006 hefur Byggðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

V.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001.

699. Fyrirspurn [425. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu náttúrufræði í íslensku skólakerfi.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hyggst ráðherra gera til að koma til móts við erindi frá Félagi náttúrufræðinga o.fl., dags. 2. desember 1998, um stöðu náttúrufræði í íslensku skólakerfi?

700. Fyrirspurn [426. mál]

til dómsmálaráðherra um skipun hæstaréttardómara.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðuneytið aðhafst í framhaldi af því að á 117. löggjafarþingi var vísað til ríkisstjórnarinnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands (37. mál) þar sem gert var ráð fyrir að Alþingi staðfesti tillögur dómsmálaráðherra um skipun hæstaréttardómara?

701. Fyrirspurn [427. mál]

til félagsmálaráðherra um fjölda útlendinga með atvinnuleyfi hér á landi.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve margir útlendingar hafa nú, í janúar 1999, atvinnuleyfi hér á landi?
2. Hvernig skiptist fjöldi þeirra eftir kjördæmum?
3. Hve stór hluti þeirra starfar við sjávarútveg og hvar starfa þeir (10–15 fjölmennustu staðirnir óskast tilgreindir)?
4. Hve hátt er hlutfall útlendinga meðal starfsfólks í sjávarútvegi og fiskvinnslu?
5. Hvaða ráðstafanir eru gerðar almennt og/eða í hverju tilviki til að veita þeim kennslu í íslensku?

702. Framhaldsnefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu. Hefur nefndin fengið á sinn fund Ara Edwald, aðstoðarmann sjávarútvegsráðherra, Árna Múla Jónasson og Guðmund Kristmundsson frá Fiskistofu, Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Kristján Ragnarsson og Björn Jónsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Árna Kolbeinsson úr sérfræðinganefnd sjávarútvegsráðherra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að sú takmörkun á framsali aflamarks og aflahlutdeildar báta undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu verði þrengd á þann veg að hún nái einungis til krókaaflahlutdeildar og krókaaflamarks.
2. Lagt er til að horfið verði frá því að láta árið 1999 gilda við útreikning á innbyrðis hlutdeild krókabáta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki í ýsu, ufsa og steinbít. Til að koma til móts við þá sem nýlega hafa skipt yfir í veiðar með þorskaflahámarki verði hins vegar afli ársins 1998 tvöfaldaður áður en til samanburðar við árin 1996 og 1997 kemur.
3. Lagt er til að þær breytingar verði á úthlutun skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III að úthlutað verði til báta undir 10 brl. eða 10 brúttótonnum og að þorskaflahlutdeild þeirra verði aukin um 5% í stað 15%.

Alþingi, 13. jan. 1999.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Vilhjálmur Egilsson.
Hjálmar Árnason.	Einar Oddur Kristjánsson.	Guðmundur Hallvarðsson.

Magnús Stefánsson.

703. Breytingartillögur [343. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (KHG, ÁRÁ, EOK, HjÁ, VE, GHall, MS).

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Aflahlutdeild sem stafar af ákvæði til bráðabirgða II í lögum þessum (krókaaflahlutdeild) verður aðeins flutt til báts sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum.
2. Við 6. gr.
   a. B-liður orðist svo: Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þegar um er að ræða flutning krókaaflamarks.
   b. F-liður orðist svo: Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Krókaaflamark verður aðeins flutt til báta sem eru undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum.
3. Við ákvæði til bráðabirgða I. Í stað ártalanna „1998/1999“ í 12. mgr. komi: 1999/2000.
4. Við ákvæði til bráðabirgða II. Í stað 2. málsl. 5. mgr. komi tveir málsliðir, svohljóðandi: Í flokki báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast í hlutfalli við veiðar hvers báts um sig á þessum árum og skal í þeim samanburði miðað við tvö bestu ár hvers báts af árunum 1996, 1997 og 1998. Við útreikning þennan skal afli árið 1998 margfaldaður með tveimur.
5. Við ákvæði til bráðabirgða III.
   a. Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonn“ í 2. mgr. komi: 10 brl. eða 10 brúttótonn.
   b. Í stað hlutsfallstölunnar „15%“ í 2. mgr. komi: 5%.

704. Fyrirspurn [428. mál]

til samgönguráðherra um reglugerð um losunar- og sjósetningarbúnað gúmbjörgunarbáta.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvenær var fyrst sett reglugerð um losunar- og sjósetningarbúnað gúmbjörgunarbáta?
2. Hvenær var ákvæðum hennar frestað og hver var ástæða þess?
3. Hve oft hefur setningu reglugerðarinnar verið frestað og af hvaða ástæðum?
4. Hvernig er staðið að framgangi þessa máls nú í ljósi þess að ráðuneytið hefur ákveðið gildistöku reglugerðar um fyrrnefndan búnað 1. janúar 2000?

Skriflegt svar óskast.

705. Fyrirspurn [429. mál]

til umhverfisráðherra um Náttúrugripasafn Íslands.

Frá Ágústi Einarssyni.

1. Er að vænta úrbóta, og þá hverra og hvenær, í húsnæðismálum Náttúrugripasafns Íslands en það hefur verið í bráðabirgðahúsnæði í 70 ár þrátt fyrir fyrirheit um úrbætur, m.a. frá árinu 1992 þegar Náttúrugripasafnið (sýningarsafn) var gert að sameign Náttúrufræðistofnunar Íslands, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands?
2. Eru fyrirhugaðar breytingar á starfsemi safnsins, svo sem lagabreytingar, aukning umsvifa eða ráðning aðila til að bera ábyrgð á daglegum rekstri þess?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að reist verði myndarlegt náttúrugripa- og fiskasafn sem nýtist sem vísinda- og sýningarsafn?
4. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir úttekt á áhrifum veglegs náttúrugripasafns sem hluta af ferðaþjónustu?

706. Tillaga til þingsályktunar [430. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 13. janúar 1999 til 2. febrúar 1999.

707. Fyrirspurn [431. mál]

til forsætisráðherra um úrskurð Kjaradóms um laun æðstu embættismanna ríkisins.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hver eru heildarmánaðarlaun, þ.e. grunnlaun að viðbættum föstum yfirvinnu- eða álagsgreiðslum, sem greidd eru æðstu embættismönnum ríkisins samkvæmt úrskurði Kjaradóms?
2. Við hvaða tímakaup er miðað þegar yfirvinnugreiðslur eru ákveðnar fyrir hvern og einn hóp?
3. Í hvaða tilvikum er heimilt að greiða yfirvinnu samkvæmt reikningi umfram þá yfirvinnu sem ákveðin er sem hluti fastra mánaðarlauna?
4. Hvaða aðilum heimilar Kjaradómur ekki að greitt sé fyrir yfirvinnu, hvorki í formi fastra mánaðarlauna né samkvæmt staðfestum reikningum?

Skriflegt svar óskast.

708. Svar [431. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar um úrskurð Kjaradóms um laun æðstu embættismanna ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru heildarmánaðarlaun, þ.e. grunnlaun að viðbættum föstum yfirvinnu- eða álagsgreiðslum, sem greidd eru æðstu embættismönnum ríkisins samkvæmt úrskurði Kjaradóms?*

Kjaradómur felldi úrskurð um mánaðarlaun þeirra aðila sem undir hann heyra 29. desember sl. Í fylgiskjali I er sá úrskurður birtur ásamt töflu þar sem dregin eru saman heildarmánaðarlaun.

2. *Við hvaða tímakaup er miðað þegar yfirvinnugreiðslur eru ákveðnar fyrir hvern og einn hóp?*

Tímakaup fyrir eftirvinnu reiknast sem 1,0385% af grunnlaunum, sbr. VII. kafla í úrskurði dómsins frá 18. júlí 1997 (fylgiskjal II).

3. *Í hvaða tilvikum er heimilt að greiða yfirvinnu samkvæmt reikningi umfram þá yfirvinnu sem ákveðin er sem hluti fastra mánaðarlauna?*

Kjaradómur hefur ákvarðað dómurum og nokkrum embættismönnum fastar mánaðarlegar greiðslur fyrir yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma. Í úrskurði frá 18. júlí 1997 er yfirlit um fjölda yfirvinnutíma (fylgiskjal II). Yfirvinnutímar ríkisendurskoðanda voru ákveðnir með úrskurði 29. júní 1998 (fylgiskjal II). Launakjör reíkissáttasemjara eru með öðrum hætti, en vegna eðlis þess embættis hefur ekki þótt hægt að úrskurða honum fasta yfirvinnu og hefur hann heimild til greiðslna fyrir eftirvinnu samkvæmt reikningi, sbr. úrskurð frá 10. mars 1997.

4. *Hvaða aðilum heimilar Kjaradómur ekki að greitt sé fyrir yfirvinnu, hvorki í formi fastra mánaðarlauna né samkvæmt staðfestum reikningum?*

Ríkissáttasemjari er eini embættismaðurinn sem hefur almenna heimild til að fá greitt fyrir yfirvinnu samkvæmt reikningi. Skv. 6. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, skal dómurinn úrskurða hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Dómurinn hafnar reikningum sem berast ef hann telur umrætt starfssvið vera hluta af aðalstarfi. Reikningar fyrir yfirvinnu í beinum tengslum við aðalstarf hafa aldrei borist.

Fylgiskjal I.

Ár 1998, þriðjudaginn 29. desember var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Magnúsi Óskarssyni, Margréti Guðmundsdóttur og Þorsteini Júlíussyni.

Fyrir var tekið: Að ákvarða laun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla.

Mánaðarlaun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla skv. 2. gr. 1. nr. 120/1992 skulu hækka 1. janúar 1999 un 3,65% frá síðustu ákvörðunum Kjaradóms um laun viðkomandi. Mánaðarlaun einstakra aðila verða þá sem hér segir:

1. Forseti Íslands krónur 468.050.
2. Forsætisráðherra krónur 450.479 og aðrir ráðherrar krónur 409.517, hvort tveggja að meðtöldu þingfararkaupi.
3. Forseti Hæstaréttar krónur 372.651 en aðrir hæstaréttardómarar krónur 338.803.
4. Ríkissaksóknari krónur 338.803.
5. Ríkissáttasemjari krónur 323.927.
6. Ríkisendurskoðandi krónur 323.927.
7. Biskup Íslands krónur 282.857.
8. Dómstjórinn í Héraðsdómi Reykjavíkur krónur 310.695 en aðrir dómstjórar krónur 280.814.
9. Héraðsdómarar krónur 270.967.
10. Umboðsmaður barna krónur 269.594.
11. Þingfararkaup alþingismanna krónur 228.204.

Eldri ákvarðanir Kjaradóms um yfirvinnu og önnur réttindi skulu óbreyttar standa.

Garðar Garðarsson, formaður.
Jón Sveinsson.
Magnús Óskarsson.
Margrét Guðmundsdóttir.
Þorsteinn Júlíusson.

	Yfirvinna 31. desember 1998	Mánaðarlaun 1. janúar 1999	Heildarlaun 1. janúar 1999
	1,0385%	3,65%	
Forseti Íslands	0	468.050	468.050
Forsætisráðherra	0	450.479	450.479
Ráðherrar	0	409.517	409.517
Forseti Hæstaréttar	42	372.651	535.190
Hæstaréttardómarar	37	338.803	468.986
Ríkissaksóknari	37	338.803	468.986
Ríkissáttasemjari		323.927	323.927
Ríkisendurskoðandi	55	323.927	508.946
Biskup Íslands	40	282.857	400.355
Dómstjóri í héraðsdómi Reykjavíkur	47	310.695	462.344
Dómstjórar utan Reykjavíkur	47	280.814	417.878
Héraðsdómarar	37	270.967	375.084
Umboðsmaður Alþingis			
Umboðsmaður barna	30	269.594	353.586
Alþingismenn		228.204	228.204

Fylgiskjal II.

Ár 1997, föstudaginn 18. júlí var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Magnúsi Óskarssyni, Margréti Guðmundsdóttur og Þorsteini Júlíussyni.

Fyrir var tekið: Að ákvarða laun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla.

I.

Í 5. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, segir: „Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði.“

II.

Af framangreindri tilvitnun, ummælum í greinargerðum með lagafrumvörpum að núgildandi lögum, nefndarálitum, ummælum þingmanna og með samanburði við eldri löggjöf er ljóst að Kjaradómi er ætlað það hlutverk að meta vinnuframlag manna sjálfstætt til fjár. Leggja verður sérstakt mat á störf hvers einstaks aðila eða hóps og reyna að finna samsvörun þeirra starfa í vinnuframlagi og ábyrgð annarra aðila á vinnumarkaðnum. Við það mat verður einnig að sjálfsögðu að taka tillit til almennrar kjaraþróunar. Við ákvörðun kjara ber jafnframt að líta til annarra þátta en beinna launagreiðslna, svo sem lífeyrisréttinda, starfsöryggis, starfsumhverfis o.fl.

III.

Í frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 120/1992 var gert ráð fyrir því að Kjaradómur ákvæði laun forseta Íslands, þingmanna, ráðherra og hæstaréttar- og héraðsdómara. Var þessi hópur takmarkaður við þá aðila, sem æskilegt var talið að framkvæmdarvaldið fjallaði ekki um, þ.e. forseta, ráðherra og þingmenn. Hvað varðaði dómara þá voru þeir taldir hafa slíka sérstöðu umfram aðra embættismenn samkvæmt stjórnarskránni að rétt væri að Kjaradómur fjallaði um mál þeirra en ekki kjaranefnd. Þessari grein frumvarpsins var breytt í meðförum þingsins og ákveður Kjaradómur laun nokkurra æðstu embættismanna þjóðarinnar auk framangreindra.

Meginverkefni Kjaradóms er þannig að ákvarða laun til æðstu fulltrúa hins þrískipta valds. Störf þeirra eiga sér að jafnaði ekki skýrar hliðstæður á hinum almenna vinnumarkaði. Við mat á þessum störfum er því m.a. tekið mið af fyrirliggjandi upplýsingum um launakjör þeirra sem líklegt þykir að hafi sambærilega menntun, ábyrgð og vinnuálag. Þá er litið til kjara annarra þeirra sem ríkið greiðir laun samkvæmt kjarasamningum eða öðrum aðferðum, svo og til almennrar þróunar á vinnumarkaði.

IV.

Rétt þykir að skýra hvaða sjónarmið liggja að baki ákvörðunar Kjaradóms að þessu sinni.

Við ákvörðun sína um almennar launabreytingar hafði Kjaradómur í huga niðurlagsákvæði 5. gr. laga nr. 120/1992, þ.e. hina almennu þróun kjaramála á vinnumarkaði, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér síðar. Af ástæðum sem hér á eftir er gerð grein fyrir telur Kjaradómur hins vegar rétt að hækka laun dómara nokkru meira en annarra.

Sjálfstæði dómstóla er einn af hyrningarsteinum kenningarinnar um hið þrískipta vald sem er grundvöllurinn að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Sjálfstæði dómenda og dómstóla er líka eitt meginatriðið í þeim sáttmálum sem Ísland er aðili að og ætlað er að tryggja mannréttindi þegnanna. Brýnt er að sérstaða dómara í stjórnkerfinu sé rækilega undirstrikuð. Dómurum er ætlað að vera óháðir úrskurðaraðilar sem almenningur á að geta snúið sér til með ágreinings- og réttindamál, einnig mál gegn framkvæmdarvaldinu. Í hinum siðmenntaða heimi er hvarvetna lögð mikil áhersla á þetta og hefur ráðherranefnd Evrópuráðsins beint þeim tilmælum til aðildarríkja sinna að ríkisstjórnir þeirra geri allt sem nauðsynlegt er, og styrki það sem þegar hefur verið gert, til að treysta sjálfstæði dómara og skilvirkni dómstóla. Miklar hæfniskröfur eru gerðar til dómara og sífellt flóknara laga- og viðskiptaumhverfi gerir til þeirra miklar menntunarkröfur. Mikilvægt er að í stöður dómarar sækist hinir hæfustu menn og mega launakjör dómara ekki vera því til hindrunar.

Þá má einnig benda á að starf dómara útilokar þá frá þátttöku í ýmiss konar atvinnustarfsemi og félagsstarfsemi og takmarkar þannig möguleika þeirra á aukastörfum eða tekjuöflun utan starfsvettvangs þeirra.

Fyrir Kjaradómi liggur erindi frá dómstjóranum í Reykjavík, þar sem vakin er athygli á auknu álagi á dómara eftir gildistöku laga nr. 80/1995. Þá segir að dómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur hafi lægri laun ern dómarar annars staðar á landinu, þrátt fyrir að ætla megi að störf þeirra séu síst umfangsminni eða auðveldari en störf dómara við aðra dómstóla.

Hvað varðar fyrra atriðið þá hefur Kjaradómur tekið tillit til þess við ákvörðun sína. Mismunur á útborguðum launum dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og sumra dómara við önnur embætti stafar hins vegar af mismunandi vinnutilhögun innan héraðsdómstólanna þar sem margir héraðsdómarar utan Reykjavíkur ganga gæsluvaktir en í Reykjavík standa dómarafulltrúar gæsluvaktir og fá greitt fyrir sérstaklega. Þetta fyrirkomulag telur Kjaradómur að eigi að vera í verkahring dómsmálayfirvalda að ákveða. Kjaradómur telur að grunnlaun allra héraðsdómara, annarra en dómstjóra, eigi að vera hin sömu, án tillits til aldurs, menntunar eða þess við hvaða héraðsdómstól þeir starfa.

V.

Ákvarðanir Kjaradóms nú eru að mestu breytingar frá fyrri ákvörðunum með hliðsjón af almennri launaþróun. Rétt er að taka það fram, að nokkuð langt er síðan síðast var breytt launum þessara aðila. Grunnlaun þeirra er undir Kjaradóm heyra voru hækkuð síðast í september 1995. Launavísitalan hefur hækkað um 5,75% á tímabilinu frá september 1995 til febrúar 1997, þ.e. til þess tíma að áhrifa nýgerðra kjarasamninga tekur að gæta í vísitölunni. Af þessari hækkun má rekja 3% til samningsbundinnar launahækkunar 1. janúar 1996. Sú hækkun var innifalin í úrskurði dómsins í september 1995. Að teknu tilliti til þessa stendur eftir hækkun launavísitölu um 2,67%, sem þeir sem undir dóminn falla hafa ekki notið.

Þá hafa aðilar vinnumarkaðarins að undanförnu gert með sér kjarasamninga, sem að mati Þjóðhagsstofnunar fela í sér launahækkun sem liggur á bilinu 5,5–6% þegar allt er talið.

Með vísan til lagaskyldu um að taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði telur Kjaradómur því forsendur til að hækka laun þeirra er undir hann heyra um 8,55%.

Launabreytingar Kjaradóms miðast við 1. apríl 1997.

Rétt er að geta þess, að samkvæmt 2. mgr. 25. gr. l. nr. 19/1991 bera ríkissaksóknara sömu lögkjör og hæstarréttardómara, eftir því sem við verður komið. Þá hefur orðið sú breyting á lögum um Kjaradóm, að Kjaradómur ákvarðar ekki lengur launakjör umboðsmanns Alþingis.

VI.

Ákvörðun um föst laun.

Með skírskotan til ofanritaðs og laga um Kjaradóm ákveðast eftirfarandi mánaðarlaun frá 1. apríl 1997.

1. Forseti Íslands krónur 434.200.
2. Forsætisráðherra krónur 417.900 og aðrir ráðherrar krónur 379.900, hvort tveggja að meðtöldu þingfararkaupi.
3. Forseti Hæstaréttar krónur 345.700 en aðrir hæstaréttardómarar krónur 314.300.
4. Ríkissaksóknari krónur 314.300.
5. Ríkissáttasemjari krónur 300.500.
6. Ríkisendurskoðandi krónur 266.800.
7. Biskup Íslands krónur 262.400.
8. Dómstjórinn í Héraðsdómi Reykjavíkur krónur 274.500 en aðrir dómstjórar krónur 248.100.
9. Héraðsdómarar krónur 239.400

10. Umboðsmaður barna krónur 228.800
11. Þingfararkaup alþingismanna krónur 211.700

Desemberuppbót árið 1997 skal nema krónum 29.700 og orlofsuppbót árið 1997 skal vera krónur 8.400.

Gangi dómari gæsluvaktir skal miða laun fyrir það við launaflokk hans.

VII.

Ákvörðun um yfirvinnugreiðslur.

Auk framangreindra mánaðarlauna skal greiða eftirtöldum aðilum fasta mánaðarlega greiðslu fyrir yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma sem hér segir:

1. Forseta Hæstaréttar 42 klukkustundir á mánuði en öðrum hæstarréttardómurum 37 klukkustundir á mánuði.
2. Dómstjórum og héraðsdómurum sem starfa einir 47 klukkustundir og héraðsdómurum 37 klukkustundir.
3. Ríkissaksóknara 37 klukkustundir.
4. Biskupi Íslands 40 klukkustundir.
5. Umboðsmanni barna 30 klukkustundir.

Að sinni skulu vera óbreyttar ákvarðanir Kjaradóms um tilhögun yfirvinnugreiðslna til ríkisendurskoðanda og ríkissáttasemjara.

Tímakaup fyrir yfirvinnu og aukið álag er 1,0385% af mánaðarlaunum þess sem í hlut á. Yfirvinna greiðist alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfum. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á yfirvinnu.

VIII.

Endurmenntunarsjóður dómara.

Ríkissjóður skal greiða í sérstakan endurmenntunarsjóð dómara fjárhæð sem nemur 1,5% af heildarlaunum hvers dómara á mánuði. Dómsmálaráðherra skal skipa þrjá menn í stjórn sjóðsins, þar af einn án tilnefningar og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar. Þá skal skipa einn mann samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og annan skv. tilnefningu Dómarafélags Íslands.

Stjórn sjóðsins semur reglur fyrir úthlutun úr sjóðnum og tekur ákvarðanir um varðveislu hans og ávöxtun.

Heimilt er dómsmálaráðherra að veita dómara námsleyfi til endurmenntunar. Dómari skal, að námsdvöl lokinni, gera skýrslu um árangur af námsdvölinni og með fyrirlestrum eða öðrum hætti miðla af þekkingu sinni.

Ríkissaksóknari skal falla undir ákvæði þessa kafla og skal einnig greitt af launum hans í endurmenntunarsjóð.

Tillög í Vísindasjóð, sem greidd hafa verið af launum dómara og ríkissaksóknara, falla jafnhliða niður.

IX.

Launagreiðslur við sérstakar aðstæður.

Laun eru þannig ákveðin, að ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða. Kjaradómur getur þó, vegna ófyrirséðra tímabundinna atvika ákveðið sérstakar yfirvinnugreiðslur þegar um er að ræða óvenjulegar tilfallandi aðstæður. Beiðni um slíkt skal rökstudd af viðkomandi yfirmanni stofnunar eða af viðkomandi embættismanni, eftir því sem við á. Yfirvinna skal

þá greidd með 1,0385% af föstum launum á klukkustund. Orlof skal greitt á yfirvinnu sem unnin er skv. heimild í þessum kafla.

X.

Önnur ákvæði.

Eftir því sem við getur átt og ekki er sérstaklega á annan veg ákveðið í úrskurði þessum skulu, um aðra en alþingismenn, gilda sömu almennar reglur um orlof, staðgengilsstörf, slysatryggingar innan og utan starfs, farangurs- og munatryggingu, ferðir og ferðakostnað, greiðslur fyrir afnot bifreiða, gistingu og búferlaflutninga og gilda um ríkisstarfsmenn. Enn fremur gildir um alla reglugerð um barnsburðaleyfi starfsmanna ríkisins, nú nr. 410/1989, og reglugerð um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, nú nr. 411/1989, sbr. og ákvæði 12. gr. l. nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum.

Garðar Garðarsson, formaður.
Jón Sveinsson.
Magnús Óskarsson.
Margrét Guðmundsdóttir.
Þorsteinn Júlíusson.

Ár 1998, miðvikudaginn 18. nóvember var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Magnúsi Óskarssyni, Margréti Guðmundsdóttur og Þorsteini Júlíussyni.

Fyrir var tekið: Að ákvarða laun héraðsdómara skv. 2. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd, með hliðsjón af lögum nr. 15/1998, um dómstóla.

Með lögum nr. 15 frá 25. mars 1998, um dómstóla, voru gerðar verulegar breytingar á allri skipan dómstóla á Íslandi. Megintilgangur laganna er að auka sjálfstæði dómstóla og dómenda og kemur sá yfirlýsti tilgangur víða fram í athugasemdum er fylgdu frumvarpi að lögunum. Bera dómstólar nú mun ríkari ábyrgð en áður á sínum innri málum, þ.m.t. fjárreiðum og starfaskipulagi. Meðal nýmæla er stofnun dómstólaráðs, sem fer með yfirstjórn eða yfirumsjón með mörgum þáttum rekstrar dómstólanna, oftast í samvinnu við viðkomandi dómstjóra. Þá er starfsskyldum héraðsdómara og eftir atvikum starfsvettvangi þeirra breytt í veigamiklum atriðum. Eru héraðsdómarar nú ekki ráðnir að ákveðnum héraðsdómstóli, svo sem verið hefur. Mega nýskipaðir héraðsdómarar nú eiga von á því að þeim verði gert að flytja búferlum milli umdæma, en þeir sem skipaðir höfðu verið fyrir gildistöku laganna, sem var 1. júlí 1998, þurfa þó ekki að sæta flutningi milli héraðsdómstóla með þeim hætti að þeir verði að flytja búferlum. Þá eru um það ákvæði í lögunum að dómarar verða stundum að sinna afmörkuðum verkefnum við annan dómstól en þann sem þeir eiga fast sæti við, án þess að þeir séu með því að skipta um starfvettvang. Getur það einkum komið til þegar þörf er á að fjölskipa dóm og ekki eru nægilega margir dómarar við viðkomandi dómstól eða þá að allir dómarar við viðkomandi dómstól eru vanhæfir. Segir í greinargerð með frumvarpinu, að ekki skuli koma til greiðslu fyrir slík verk nema að því leyti sem Kjaradómur ákveður, en áður fengu menn greidd meðdómslaun skv. reikningi.

Í lögunum og greinargerð er víða komið að því að dómstjórar – og eftir atvikum dómstólaráð – skuli gæta þess við úthlutun mála til einstakra dómara, að starfsálag þeirra sé sem jafnast. Það kemur nú í hlut dómstjóra að ákvarða hvort dómur skuli fjölskipaður, en áður voru það einstakir dómarar sem tóku um það ákvörðun. Með þessu fær dómstjóri betri yfirsýn um verkefni einstakra dómara og getur komið upp kerfi til að úthluta málum, hvort sem það er til eins dómara eða í sameiningu til þriggja dómara, þar sem einn er valinn til að sitja í forsæti. Segir í greinargerð að það sé liður í skyldustörfum viðkomandi héraðsdómara að taka þátt í fjölskipuðum dómi, enda skuli þá gert ráð fyrir þeim verkefnum dómarans þegar dómstjóri úthlutar málum næst. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri greiðslu fyrir setu í fjölskipuðum dómi, umfram það sem Kjaradómur kann að ákveða sbr. hér síðar.

Með lögunum voru stöður dómarafulltrúa aflagðar, en í stað þess eru ráðnir löglærðir aðstoðarmenn að dómstólunum. Þótt þessir aðstoðarmenn létti ugglaust störf dómaranna, þá fer vart hjá því að störf dómara aukast nokkuð við þessa breytingu, því dómarafulltrúar fóru oft með nokkuð veigamikil mál, einkum þar til að 6. gr. laga nr. 92/1989 var breytt með lögum nr. 80/1995 og einnig að nokkru leyti eftir þá breytingu.

Í 12. gr. dómstólalaganna segir að héraðsdómarar séu 38 að tölu. Skal dómstólaráð ákveða hvar þeir eiga fast sæti við hina 8 héraðsdómstóla. Þó segir í 2. málslið 1. mgr. 15. gr., að heimilt sé að ákveða að allt að þrír héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn héraðsdómstól, heldur sinni tilfallandi störfum við alla héraðsdómstólana skv. ákvörðun dómstólaráðs. Í 2. mgr. 41. gr. er að finna heimild til dómsmálaráðherra að ákveða að allt að fjórir þeirra sem gegndu stöðu dómarafulltrúa verði settir héraðsdómarar tímabundið, lengst til ársloka 2001. Þessi heimild hefur enn ekki verið notuð, en þess er að vænta að það breytist um nk. áramót. Verða þá 42 héraðsdómarar starfandi á landinu og þar af fjórir tímabundið. Störf þessara tímabundnu dómara leggjast niður eigi síðar í árslok 2001 en losni sæti einhvers þeirra fyrir þann tíma verður ekki annar settur í hans stað. Má vænta að í stað tímabundnu dómaranna verði þá ráðnir löglærðir aðstoðarmenn. Þannig ættu störf hinna reglulegu héraðsdómara ekki að aukast við það að störf tímabundnu héraðsdómaranna falli niður.

Meðal nýmæla í lögunum er að dómarar mega ekki gegna aukastörfum nema í mjög takmörkuðum mæli. Þá eru settar almennar hömlur á eignarhald þeirra í fyrirtækjum, en ekki bara reglur um vanhæfi til meðferðar einstakra mála, eins og verið hefur. Var sett á fót nefnd um dómarastörf, sem hefur eftirlit með að þessum reglum sé hlítt.

Það er ljóst skv. framansögðu að dómarar axla nú aukna ábyrgð, á þá hafa verið lagðar auknar kvaðir og vinna þeirra hefur einnig aukist nokkuð við það að stöður dómarafulltrúa eru aflagðar. Þetta var flest fyrirséð er Kjaradómur tók ákvörðun sína þann 18. júlí 1997 og á því var að hluta til tekið þá, eins og fram kemur í þeirri ákvörðun. Hins vegar er einnig ljóst, að hluti af kjörum héraðsdómara hefur falist í greiðslum fyrir meðdómarastörf og hefur Kjaradómur ekki tekið tillit til þeirra greiðslna við ákvarðanir sínar, enda mjög einstaklingsbundnar. Koma tvær leiðir til greina með framhald þessara launagreiðslna. Önnur er sú að viðhalda því kerfi sem notað hefur verið, þ.e. að greiða sérstaklega fyrir meðdómsstörf í einstökum málum. Á móti því mælir, að tilgangur dómstólalaganna er að jafna vinnu á dómara með þeim stjórntækjum sem greinir í lögunum og rakin hafa verið hér að framan. Hin leiðin, og sú sem Kjaradómur hefur valið, er að bæta dómurum upp tekjumissinn með hækkun fastra launa þeirra, þannig að þeir séu eins settir að jafnaði og greiðslur fyrir meðdómsstörf yrðu óbreyttar eftir gamla kerfinu. Kjaradómur hefur aflað sér gagna um þessar greiðslur á undanförnum árum og hafa þær verið mismunandi milli ára, milli dómara og milli dómstóla. Ákvörðun Kjaradóms hér að neðan er jafnaðarhækkun og kann það að leiða til þess að einhverjir lækki lítillega í launum miðað við næstliðið ár, en aðrir hækka hugsanlega lítillega,

þar sem starfsframlög hafa verið eitthvað mismunandi. Kjaradómur gengur hins vegar út frá því að í hinu nýja kerfi verði starfsframlög sem jöfnust svo sem að framan greinir og sjái dómstjórar og dómstólaráð til þess.

Ákvörðun Kjaradóms nú er tilkomin vegna þess að Alþingi hefur ákveðið nýtt starfsumhverfi fyrir héraðsdómstóla og héraðsdómara. Með ákvörðun sinni er Kjaradómur ekki að breyta kjörum héraðsdómara í raun, heldur færast tekjur til; frá einstaklingsbundnum tilfallandi aukatekjum yfir í föst laun. Ekki eru ástæður til launabreytinga að sinni vegna annarra aðstæðna eða atvika eða vegna annarra aðila. Rétt er að minna á að við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar, eins og segir í 5. gr. laga nr. 120/1992. Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Með hliðsjón af framangreindu ákveðast laun héraðsdómara sem hér segir, frá og með 1. júlí 1998:

1. Dómstjórinn í Héraðsdómi Reykjavíkur krónur 299.754 en aðrir dómstjórar og dómarar er starfa einir við héraðsdómstóla krónur 270.925.
2. Héraðsdómarar krónur 261.425.

Ákvörðun Kjaradóms frá 18. júlí 1997 um fasta yfirvinnu dómara skal óbreytt standa.

Tíðkast hefur að héraðsdómarar gangi gæsluvaktir; í sumum umdæmum á móti fulltrúum a.m.k. að hluta. Fyrirkomulag þeirra mála þarf nú augljóslega að taka til endurskoðunar. Er að sjá að greiðslur fyrir þær vaktir fari ekki í öllum tilfellum saman við raunverulega þörf til þeirra, a.m.k. ef marka má dómsmálaskýrslur. Hins vegar er það á verksviði dómsmálaráðs en ekki Kjaradóms að ráða tilhögun þessara mála. Þar til þau störf hafa verið endurskipulögð skal óbreytt standa ákvörðun Kjaradóms frá 18. júlí 1997 um þetta atriði.

Eftir því sem við á skulu gilda sömu almennar reglur um slysatryggingar innan og utan starfs, farangurs- og munatryggingu, ferðir og ferðakostnað, dagpeninga, greiðslur fyrir afnot bifreiða, gistingu og búferlaflutninga og gilda um aðra ríkisstarfsmenn. Að öðru leyti er vísað til niðurlagsákvæðis ákvörðunar Kjaradóms frá 18. júlí 1997.

Garðar Garðarsson, formaður.
Jón Sveinsson.
Magnús Óskarsson.
Margrét Guðmundsdóttir.
Þorsteinn Júlíusson.

Ár 1998, mánudaginn 29. júní var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Magnúsi Óskarssyni, Margréti Guðmundsdóttur og Þorsteini Júlíussyni.

Fyrir var tekið: Að ákvarða laun ríkisendurskoðanda sbr. 2. gr. laga nr. 86 frá 27. maí 1997, um Ríkisendurskoðun.

I.

Frá 1. júlí 1998 skulu laun ríkisendurskoðanda vera kr. 312.520 á mánuði.

II.

Auk framangreindra launa skal ríkisendurskoðandi fá fasta mánaðarlega greiðslu fyrir yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma sem svarar til 55 klukkustunda á mánuði. Ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða nema Kjaradómur úrskurði það sérstaklega sbr. 6. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

III.

Um önnur kjör gilda ákvæði úrskurðar Kjaradóms frá 18. júlí 1997, eftir því sem við eiga.

Garðar Garðarsson, formaður.
Jón Sveinsson.
Magnús Óskarsson.
Margrét Guðmundsdóttir.
Þorsteinn Júlíusson.

Ár 1998, mánudaginn 29. júní var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Magnúsi Óskarssyni, Margréti Guðmundsdóttur og Þorsteini Júlíussyni.

Fyrir var tekið: Að ákvarða laun umboðsmanns barna, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 83 frá 19. maí 1994, um umboðsmann barna.

I.

Frá 1. apríl 1998 skulu laun umboðsmanns barna vera kr. 260.100 á mánuði og er þá tekið tillit til þess að um tímabundna skipun í starf er að ræða.

II.

Auk framangreindra launa skal umboðsmaður barna fá fasta mánaðarlega greiðslu fyrir yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma sem svarar til 30 klukkustunda á mánuði. Ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða nema Kjaradómur úrskurði það sérstaklega, sbr. 6. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

III.

Um önnur kjör gilda ákvæði úrskurðar Kjaradóms frá 18. júlí 1997, eftir því sem við eiga.

Garðar Garðarsson, formaður.
Jón Sveinsson.
Magnús Óskarsson.
Margrét Guðmundsdóttir.
Þorsteinn Júlíusson.

709. Lög [343. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. jan.)

Samhljóða þskj. 698 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Aflahlutdeild sem stafar af ákvæði til bráðabirgða II í lögum þessum (krókaaflahlutdeild) verður aðeins flutt til báts sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum.

6. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þegar um er að ræða flutning krókaaflamarks.
c. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.
d. Orðin „eða veiðileyfis“ í 6. mgr. falla brott.
e. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er heimilt með samþykki Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks í þeim tilvikum að um breytingar á skipakosti viðkomandi útgerðar sé að ræða og aflahlutdeildin sé jafnframt flutt milli viðkomandi skipa.
f. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Krókaaflamark verður aðeins flutt til báta sem eru undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum.

710. Þingsályktun [430. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 13. jan.)

Samhljóða þskj. 706.

711. Fyrirspurn [432. mál]

til samgönguráðherra um eftirlit með ferðaskrifstofum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvernig er háttað eftirliti samgönguráðuneytis með ferðaskrifstofum, þ.e. að gæði og þjónusta hótela/hótelíbúða séu í samræmi við auglýsingar?
2. Hve mörg kærumál og athugasemdir hafa ráðuneytinu borist vegna vanefnda ferðaskrifstofa á sl. fimm árum?
3. Hafi kærumál borist, hvernig hefur meðferð þeirra verið og hvernig hefur þeim lyktað?

712. Frumvarp til laga [433. mál]

um ættleiðingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI

Ættleiðingar og lagaskilyrði fyrir þeim.

1. gr.

Leyfi til ættleiðingar.

Dómsmálaráðherra veitir leyfi til ættleiðingar.

2. gr.

Hverjir geta verið ættleiðendur.

Hjón eða karl og kona sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu bæði standa að ættleiðingu, enda þeim einum heimilt að ættleiða saman með þeim frávikum sem í grein þessari getur.

Öðru hjóna eða karli eða konu í óvígðri sambúð má þó með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn.

Öðru hjóna eða karli eða konu í óvígðri sambúð má og veita leyfi til ættleiðingar ef hitt er horfið eða geðrænum högum þess svo háttað að það beri ekki skyn á gildi ættleiðingar.

Heimilt er að leyfa einhleypum manni að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta.

Með óvígðri sambúð í lögum þessum er átt við sambúð karls og konu samkvæmt því er greinir í þjóðskrá eða eftir því sem ráðið verður af öðrum ótvíræðum gögnum.

3. gr.

Hverja má ættleiða.

Lög þessi taka til ættleiðinga barna innan 18 ára aldurs. Sama er um ættleiðingar þeirra sem eldri eru, nema annars sé getið og eftir því sem við á. Með orðinu barn samkvæmt lögum þessum er átt við barn eða ungmenni allt til 18 ára aldurs.

Eigi er manni heimilt að ættleiða kynbarn sitt, nema það hafi verið ættleitt áður og ættleiðing af hálfu kynforeldris þyki bæta hag barnsins.

4. gr.

Almenn skilyrði ættleiðingar.

Eigi má veita leyfi til ættleiðingar, nema sýnt þyki eftir könnun viðkomandi barnaverndarnefndar á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra sem óska ættleiðingar að ættleiðing sé barninu fyrir bestu, enda sé ætlun ættleiðenda að annast og ala barnið upp eða sá sem ættleiða á hafi verið alinn upp hjá þeim eða aðrar alveg sérstakar ástæður mæli með ættleiðingu.

5. gr.

Aldur ættleiðanda.

Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita þeim sem orðinn er 20 ára leyfi til ættleiðingar.

6. gr.

Samþykki þess sem ættleiða á.

Eigi má ættleiða þann sem orðinn er 12 ára án samþykkis hans, nema andlegum högum hans sé svo farið að hann geti ekki gefið marktækt samþykki eða ef varhugavert þykir vegna hagsmuna hans að leita eftir því.

Áður en barn samþykkir ættleiðingu skv. 1. mgr. skal ræða við það á vegum barnaverndarnefndar sem í hlut á og veita því leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar.

Ef barn sem ættleiða á er yngra en 12 ára skal með sama hætti og greinir í 2. mgr. leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar, ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska.

7. gr.

Samþykki þess sem fer með forsjá barns eða sérstaks lögráðamanns.

Samþykki foreldra sem fara með forsjá barns þarf til ættleiðingar þess.

Ef högum annars foreldris sem fer með forsjá barns er svo farið að það getur ekki látið uppi marktækt samþykki eða það er horfið nægir samþykki hins. Ef þannig er ástatt um báða foreldra þarf samþykki sérstaklega skipaðs lögráðamanns barns.

Nú fer barnaverndarnefnd með forsjá barns og þarf þá samþykki nefndarinnar til ættleiðingar þess.

Veita má leyfi til ættleiðingar, þrátt fyrir að samþykki skv. 1. eða 2. mgr. skorti ef barn hefur verið í fóstri hjá umsækjendum og hagir þess mæla að öðru leyti eindregið með því að það verði ættleitt.

8. gr.

Form og efni samþykkis.

Samþykki til ættleiðingar skal vera skriflegt og skal viðkomandi staðfesta það fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða sýslumanni, sem vottar að viðkomanda hafi verið leiðbeint um réttaráhrif samþykkis og ættleiðingar.

Samþykki er eigi gilt nema það hafi verið staðfest a.m.k. þremur mánuðum eftir fæðingu barns, nema alveg sérstaklega hagi til.

Samþykki foreldra eða sérstaklega skipaðs lögráðamanns er gilt, þótt væntanlegir kjörforeldrar séu eigi nafngreindir, ef samþykki lýtur að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til þeirra sem barnaverndarnefnd ákveður. Endranær er samþykki eigi gilt nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir.

Nú er samþykki til ættleiðingar meira en 12 mánaða gamalt og skal það þá staðfest að nýju áður en afstaða er tekin til umsóknar um ættleiðingu, nema sérstaklega standi á.

9. gr.

Samþykki veitt erlendis.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að samþykki sem gefið er fyrir þar til bæru stjórnvaldi, dómstóli eða stofnun erlendis jafngildi samþykki sem staðfest er fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða sýslumanni, sbr. 1. mgr. 8. gr., og má þá heimila frávik frá meginreglum 2.–4. mgr. 8. gr.

10. gr.

Afturköllun samþykkis.

Nú tekur aðili, sem veita skal samþykki skv. 6. og 7. gr., aftur samþykki sitt áður en ættleiðingarleyfi er veitt og er þá eigi heimilt að gefa út leyfi.

Veita má leyfi til ættleiðingar þrátt fyrir að foreldri eða sérstaklega skipaður lögráðamaður taki aftur samþykki sitt ef barn hefur verið í fóstri hjá umsækjendum og hagir þess mæla að öðru leyti eindregið með því að það verði ættleitt og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök.

11. gr.

Umsögn foreldris.

Leita skal umsagnar þess foreldris, sem ekki fer með forsjá barns, ef unnt er, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar.

12. gr.

Umsögn lögráðamanns.

Nú er sá lögræðissviptur sem ættleiða á og skal þá afla umsagnar lögráðamanns áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar.

13. gr.

Umsögn maka eða sambúðarmaka.

Ef sá sem ættleiða á er í hjúskap eða í óvígðri sambúð skal leita umsagnar maka hans eða sambúðarmaka.

14. gr.

Gjald.

Ættleiðingarleyfi verður ekki veitt ef einhver sá sem samþykkja á ættleiðingu innir af hendi eða veitir viðtöku gjaldi eða fríðindum í tengslum við samþykkið, þar á meðal vegna missis atvinnutekna. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum þeirra sem málið varða um þetta.

II. KAFLI
Meðferð og úrlausn ættleiðingarmála.

15. gr.
Umsókn um ættleiðingarleyfi.

Umsókn um leyfi til ættleiðingar og yfirlýsing um samþykki til ættleiðingar skulu rituð á eyðublöð sem dómsmálaráðuneytið lætur í té.

16. gr.
Umsögn varðandi umsókn um leyfi til ættleiðingar.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefnda varðandi umsókn um leyfi til ættleiðingar í umdæmi þar sem barn býr og þar sem umsækjendur búa, svo og þeirrar barnaverndarnefndar sem ráðstafað hefur barni í fóstur ef því er að skipta.

Enn fremur má leita umsagnar ættleiðingarnefndar til viðbótar umsögn barnaverndarnefndar ef ástæða þykir til, sbr. 17. gr.

17. gr.
Ættleiðingarnefnd.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd sem veitir umsagnir í ættleiðingarmálum sem ráðuneytið leggur fyrir hana. Ráðherra getur falið nefndinni fleiri verkefni og sett nánari reglur um störf hennar.

Nefndarmenn skulu vera þrír og jafnmargir til vara. Þeir skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmanna vera lögfræðingur og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar læknir og þriðji sálfræðingur eða félagsráðgjafi.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

18. gr.
Útgáfa ættleiðingarleyfis.

Að fenginni umsögn barnaverndarnefndar og ættleiðingarnefndar, ef því er að skipta, og að fullnægðum öðrum lögmæltum skilyrðum leysir dómsmálaráðherra svo fljótt sem auðið er úr því hvort ættleiðingarleyfi verði veitt.

Ef ráðherra ákveður að veita leyfi til ættleiðingar gefur hann út leyfisbréf til umsækjenda um ættleiðinguna.

19. gr.
Ákvörðun um fyrirhugaða veitingu ættleiðingarleyfis.

Ef dómsmálaráðherra ákveður að veita leyfi til ættleiðingar þótt samþykki skv. 7. gr. liggi ekki fyrir eða samþykki hafi verið afturkallað, sbr. 10. gr., skal með sannanlegum hætti tilkynna þeim sem fer með forsjá barns eða sérstökum lögráðamanni það með rökstuddri ákvörðun. Þar skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaðan byggist á og önnur atriði er máli skipta. Enn fremur skal þar greina heimild til að bera ákvörðunina undir dómstóla og málshöfðunarfrest.

20. gr.

Synjun umsóknar um ættleiðingu.

Ef synjað er um ættleiðingu skal það gert með úrskurði. Í úrskurði skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á og önnur atriði er máli skipta.

21. gr.

Staðfesting ættleiðingarleyfis þrátt fyrir ágalla.

Dómsmálaráðherra getur að ósk þeirra sem málið varðar staðfest með afturvirkum réttaráhrifum ættleiðingarleyfi sem veitt hefur verið án þess að lögmæltra skilyrða hafi verið gætt. Þegar sérstaklega stendur á getur staðfesting átt sér stað eftir andlát kjörbarns eða kjörforeldris.

III. KAFLI
Dómsmál vegna ættleiðingar.

22. gr.

Dómsmál vegna ákvörðunar um veitingu ættleiðingarleyfis.

Þeim sem fer með forsjá barns eða sérstaklega skipuðum lögráðamanni er heimilt að bera ákvörðun dómsmálaráðherra um veitingu ættleiðingarleyfis skv. 19. gr. undir héraðsdóm innan 30 daga frá því að þeim barst ákvörðunin.

Nú er ákvörðun skv. 19. gr. staðfest með úrskurði héraðsdóms og verður þá leyfi til ættleiðingar ekki veitt fyrr en að liðnum fresti til kæru úrskurðar til Hæstaréttar.

Dómsúrskurður um ógildingu ákvörðunar dómsmálaráðherra skv. 19. gr. er ekki því til fyrirstöðu að hann taki málið upp að nýju að ósk aðila ef aðstæður hafa breyst til muna eða nýjar upplýsingar er skipta verulegu máli hafa komið fram.

23. gr.

Málskostnaður.

Stefnandi skal hafa gjafsókn í héraði og Hæstarétti í dómsmáli vegna ættleiðingar skv. 22. gr.

24. gr.

Málsmeðferð o.fl.

Dómsmál skv. 22. gr. sæta almennri meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.

Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í slíkum málum en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

Nú er dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess hverjir séu aðilar máls eða hvaða barn dómurinn varði.

IV. KAFLI
Réttaráhrif ættleiðingar.

25. gr.

Réttaráhrif.

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim sem eru í kjörsifjum við þá eins og væri það eigið barn kjörforeldra, nema lög

mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins við kynforeldra þess, önnur ættmenni og þá sem eru í kjörsifjum við þá, nema lög kveði öðruvísi á.

Nú ættleiðir annað hjóna barn hins eða kjörbarn og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það eigið barn þeirra hjóna. Sama er ef sá sem er í óvígðri sambúð ættleiðir barn hins.

V. KAFLI
Upplýsingaskylda kjörforeldra og aðgangur kjörbarns að upplýsingum.

26. gr.
Upplýsingaskylda kjörforeldra.

Kjörforeldrar skulu skýra kjörbarni sínu frá því jafnskjótt og það hefur þroska til að það sé ættleitt. Skal það að jafnaði gert eigi síðar en er barn nær sex ára aldri.

Kjörforeldrar eiga rétt á ráðgjöf viðkomandi barnaverndarnefndar við upplýsingagjöf skv. 1. mgr.

27. gr.
Aðgangur kjörbarns að upplýsingum.

Þegar kjörbarn hefur náð 18 ára aldri á það rétt á að fá tiltækar upplýsingar um það frá dómsmálaráðuneytinu hverjir séu kynforeldrar þess eða fyrri kjörforeldrar.

VI. KAFLI
Ættleiðingar barna erlendis.

28. gr.
Framkvæmd Haag-samnings frá 29. maí 1993 um ættleiðingar.

Dómsmálaráðherra hefur yfirumsjón með framkvæmd Haag-samnings frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa. Tekst ráðherra á hendur vegna íslenska ríkisins þau verkefni og skuldbindingar sem hvíla á svonefndu miðstjórnvaldi samkvæmt samningnum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð sem kveður á um framkvæmd samningsins hér á landi.

29. gr.
Ættleiðingar erlendis.

Þeim sem búsettir eru hér á landi er óheimilt að ættleiða barn erlendis, nema dómsmálaráðherra samþykki það með útgáfu forsamþykkis til ættleiðingarinnar.

30. gr.
Umsókn um forsamþykki.

Umsókn um forsamþykki til ættleiðingar barns erlendis skal beint til dómsmálaráðuneytis. Umsókn skal rituð á eyðublað sem dómsmálaráðuneytið lætur í té.

Dómsmálaráðherra getur mælt fyrir um að með umsókn skv. 1. mgr., eða áður en forsamþykki er gefið út, skuli umsækjendur leggja fram staðfestingu á að þeir hafi sótt námskeið um ættleiðingar erlendra barna. Ráðherra getur sett nánari reglur um inntak þess, skipulagningu og gjaldtöku.

31. gr.

Umsögn varðandi umsókn um forsamþykki.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar varðandi umsókn um forsamþykki í umdæmi þar sem umsækjendur búa.

Enn fremur má leita umsagnar ættleiðingarnefndar til viðbótar umsögn barnaverndarnefndar ef ástæða þykir til, sbr. 17. gr.

32. gr.

Útgáfa forsamþykkis.

Að fenginni umsögn barnaverndarnefndar og ættleiðinganefndar, ef því er að skipta, og að uppfylltum öðrum lögmæltum skilyrðum tekur dómsmálaráðherra afstöðu til umsóknar um forsamþykki svo fljótt sem föng eru á.

Í forsamþykki skal m.a. koma fram að væntanlegir kjörforeldrar teljist hæfir til að ættleiða barn frá tilteknu erlendu ríki, að væntanlegt kjörbarn fái landvist hér á landi til frambúðar og að íslensk stjórnvöld taki ábyrgð á barninu frá þeim tíma sem það yfirgefur heimaland sitt eins og væri það íslenskur ríkisborgari.

Forsamþykki skal ekki gilda lengur en í tvö ár frá útgáfudegi.

Ráðherra er heimilt að afturkalla forsamþykki enda telji hann að aðstæður umsækjenda hafi breyst verulega frá útgáfu þess eða upplýsingar er máli skipta hafi reynst rangar.

33. gr.

Synjun um forsamþykki.

Ef synjað er um forsamþykki skal það gert með úrskurði á sama hátt og greinir í 20. gr.

34. gr.

Ættleiðingarfélög.

Dómsmálaráðherra löggildir félög til að hafa milligöngu um ættleiðingar barna erlendis.

Löggilding skal vera tímabundin og skal í löggildingarskjali greint til hvaða erlendra ríkja hún taki.

Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði fyrir löggildingu ættleiðingarfélaga og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Ráðherra getur afturkallað löggildingu ef félag fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir henni.

35. gr.

Milliganga um ættleiðingar.

Löggilt ættleiðingarfélög ein mega hafa milligöngu um ættleiðingar. Með milligöngu um ættleiðingar er átt við starfsemi sem hefur þann megintilgang að koma á sambandi milli þeirra sem óska eftir að ættleiða erlent barn og stjórnvalda og annarra opinberra aðila og löggiltra ættleiðingarfélaga í heimalandi barns og að öðru leyti að láta í té það liðsinni sem nauðsynlegt er til þess að af lögmætri ættleiðingu geti orðið.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að þeim sem óska eftir að ættleiða erlent barn sé skylt að leita milligöngu um ættleiðinguna hjá félagi sem hefur löggildingu skv. 34. gr.

Starfsemi er varðar ættleiðingar erlendra barna skal ávallt hafa að leiðarljósi það sem telja verður að sé barni til gagns og má ekki verða neinum fjárhagslega eða á annan hátt til óhæfilegs ávinnings.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum.

VII. KAFLI
Lögsögureglur o.fl.

36. gr.
Lögsaga í ættleiðingarmálum.

Manni sem búsettur er hér á landi er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum þessara laga.

37. gr.
Umsókn manns er býr erlendis um leyfi til ættleiðingar.

Manni sem búsettur er erlendis er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum laga þessara ef hann eða maki hans eru íslenskir ríkisborgarar og geta sökum þess ekki fengið leyfi til ættleiðingar í landi þar sem hann býr, enda megi ætla að íslenskt ættleiðingarleyfi verði metið gilt þar sem hann er búsettur.

Dómsmálaráðherra getur einnig heimilað að umsókn um ættleiðingarleyfi verði tekin til meðferðar hér á landi vegna sérstakra tengsla umsækjenda við landið.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þó ekki um ættleiðingar sem fram fara samkvæmt Haag-samningi frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu um ættleiðingar milli landa.

38. gr.
Réttaráhrif ættleiðinga barna erlendis.

Ef forsamþykki hefur verið gefið út samkvæmt ákvæðum þessara laga gildir ættleiðing sem veitt hefur verið erlendis á grundvelli þess hér á landi.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að réttaráhrif ættleiðingar barns sem veitt hefur verið erlendis verði þau sömu og ættleiðingar sem heimiluð hefur verið hér á landi.

39. gr.
Erlend ættleiðing sem andstæð er grunnreglum íslenskra laga.

Ættleiðing sem fram fer erlendis er ekki gild hér á landi ef hún gengur í berhögg við grunnreglur íslensks réttar (allsherjarreglu).

40. gr.
Frávik vegna þjóðréttarsamninga.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að víkja megi frá einstökum ákvæðum laga þessara ef það er talið nauðsynlegt til að fullnægja skyldum sem Ísland hefur bundist eða kann að bindast með þjóðréttarsamningum.

VIII. KAFLI
Stjórnvaldsreglur, gildistaka, brottfall laga og lagaskil.

41. gr.
Stjórnvaldsreglur.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

42. gr.
Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi taka gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá birtingu þeirra.

Frá sama tíma falla úr gildi ættleiðingarlög, nr. 15/1978.

43. gr.

Lagaskil.

Úr ættleiðingarumsóknum og umsóknum um forsamþykki sem borist hafa dómsmálaráðuneytinu fyrir gildistöku laga þessara skal leysa samkvæmt lögum nr. 15/1978. Ef umsækjendur óska þess er þó heimilt að beita reglum þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til heildarlaga um ættleiðingu er samið af sifjalaganefnd, fastanefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um sifjalöggjöf. Í nefndinni eiga sæti Ármann Snævarr prófessor, formaður, Drífa Pálsdóttir skrifstofustjóri og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari. Margrét Hauksdóttir deildarstjóri hefur verið ritari nefndarinnar.

Fyrstu drög til frumvarps þessa voru tekin saman 1994. Mikilvægur þáttur frumvarpsins varðar ákvæði sem þörf er á sem grundvelli að fyrirhugaðri fullgildingu Íslands á Haagsamningnum frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa. Um þann samning hefur verið fjallað á óformlegum vinnufundum Evrópuríkja sem miða að því að tryggja samræmda túlkun samningsins og samræmda framkvæmd hans. Fulltrúar Íslands hafa sótt þessa fundi og gátu þeir miðlað nefndinni ýmissi fræðslu um skýringar samningsins og fyrirhugaða framkvæmd hans. Hér kom það enn fremur til að veigamikið var að samráð væri haft við norrænu löndin um hvaða lagaákvæða þætti þörf vegna fullgildingar Haag-samningsins. Hefur sifjalaganefnd einkum haft samband við nefnd þá í Danmörku sem undirbjó þetta mál, sbr. nú dönsk lög nr. 232/1997, og fulltrúa sænska dómsmálaráðuneytisins, sbr. nú sænsk lög nr. 191/1997. Dönsku lögin eru stíluð sem lög til breytingar á ættleiðingarlögunum, og raunar hefur verið flutt frumvarp á þessu ári til fyllri breytinga á þeim, m.a. af þessu tilefni. Í Noregi hefur einnig verið flutt frumvarp til breytinga á ættleiðingarlögum, einkum varðandi ættleiðingarmiðlun (ættleiðingarfélög). Aðrar breytingar á norsku lögunum virðast ekki þykja nauðsynlegar vegna aðildar að Haag-samningnum. Í Finnlandi eru meginákvæðin er varða Haag-samninginn sett í ættleiðingartilskipun nr. 508/1997, en breytingar voru þó gerðar á ættleiðingarlögunum, nr. 153/1985, árin 1995 og 1996. Sænsku lögin frá 1997 eru sérlög um þetta efni en ekki breytingalög við hin almennu ættleiðingarlög. Sú leið kom einnig til greina hjá sifjalaganefnd en markvissara þótti þó að skipa ákvæðum sem varða Haag-samninginn í frumvarpi til heildarlaga um ættleiðingu, sbr. hér einkum VI. og VII. kafla frumvarpsins. Haag-samningurinn hefur verið fullgiltur af öðrum norrænu ríkjunum með gildistöku ýmist 1997 eða 1998.

Sifjalaganefnd hefur sent frumvarp þetta til umsagnar til eftirtalinna: Íslenskrar ættleiðingar, umboðsmanns barna, félagsmálaráðuneytisins, Barnaverndarstofu, barnaverndarnefndar Reykjavíkur og útlendingaeftirlitisins. Nefndinni hafa borist skriflegar umsagnir frá öllum umsagnaraðilum fyrir utan Barnaverndarstofu sem veitt hefur ritara sifjalaganefndar munnlega umsögn sem skráð hefur verið á minnisblað. Nefndin hefur farið vandlega yfir umsagnirnar og tekið ýmsar ábendingar sem þar koma fram til greina en athugasemdir við frumvarpið eru að mati nefndarinnar minni háttar og yfirleitt er í umsögnum talið að breytingar og nýmæli sem fram koma í frumvarpinu séu þörf og til bóta. Þá var fulltrúum Íslenskrar ættleiðingar boðið að koma á fund nefndarinnar eftir að umsögn félagsins barst og var það þegið. Á fundinum var farið yfir athugasemdir félagsins og voru sjónarmið sifjalaganefndar til þeirra skýrð.

I.

Að undanförnu hefur sifjalaganefnd framkvæmt víðtæka og gagngera endurskoðun á sifjalögum. Hafa lagafrumvörp sem hún samdi verið lögfest, sbr. barnalög, nr. 20/1992 (áður barnalög, nr. 9/1981, með breytingum), og hjúskaparlög, nr. 31/1993 (sbr. áður lög nr. 60/1972, ásamt breytingum, og lög nr. 20/1923, með breytingum). Endurskoðunin hefur leitt til miklu samfelldari löggjafar en áður var og um margt nýtískulegri og betur lagaðri að fjölskyldulífi og fjölskyldugerð í síbreytilegu þjóðfélagi. Að undanförnu hefur sifjalaganefnd unnið að endurskoðun á ættleiðingarlögum, nr. 15/1978, svo sem áður greinir. Rétt er að geta þess að mótun skráðra réttarreglna um óvígða sambúð hefur ekki verið í verkahring nefndarinnar. Frumvarp til laga um staðfesta samvist var samið í dómsmálaráðuneytinu, sbr. nú lög nr. 87/1996. Þá var frumvarp til laga um umboðsmann barna samið af nefnd sem skipuð var af félagsmálaráðherra, sbr. nú lög nr. 83/1994, en frumhugmyndir um embættið mótaði sifjalaganefnd um miðbik áttunda áratugarins, sbr. fylgiskjal með frumvarpi til barnalaga frá 1978.

Við samningu frumvarps til barnalaga, sem varð að lögum árið 1992, fór fram rækileg könnun á því hvort hagfellt væri að fella ákvæði um ættleiðingu inn í barnalög. Slíkt þótti örðugleikum bundið. Til grundvallar ættleiðingu liggur sérstakur stjórnvaldsgerningur sem reistur er á samþykki foreldra eða þess sem fer með forsjá barns, sbr. 7. gr. frumvarpsins, fyrir fjölskylduskiptunum og svo á vilja ættleiðenda til að taka barnið að sér svo sem eigið barn væri. Auk þess þarf stundum samþykki barns eða að leita eftir afstöðu þess. Þetta er örlagaríkur gerningur fyrir barn, kynforeldra og kjörforeldra og þær réttarreglur sem umlykja hann eru sérstæðar og um margt á aðra lund en um börn ella. Vissulega mótast þessar reglur af grunnviðhorfum sifjaréttar um hag barnsins sem hið æðsta leiðarljós, en hér tengjast saman reglur sifjaréttar og reglur stjórnsýsluréttar um meðferð máls, undirbúning stjórnsýsluathafnar, öflun gagna, réttaröryggisreglur um samþykki, rétt aðila til að kynna sér gögn og tjá sig um þau og kröfur um vandaða málsmeðferð og úrlausnir. Þessar reglur eru býsna sérhæfðar og falla ekki vel að lagaumgerðinni um börn að öðru leyti þótt margt sé sameiginlegt þegar að réttarstöðu barns kemur. Í Danmörku og Noregi hefur því verið valin sú leið að hafa sérstök lög um kjörbörn utan vettvangs hinna almennu barnalaga. Hefur sama niðurstaða orðið hér. Áréttað skal að ýmis almenn ákvæði barnalaga eiga einnig við um kjörbörn og tengsl þeirra við kjörforeldra, sbr. 9. gr. um framfærsluskyldu foreldra og 6. mgr. 29. gr. um forsjá barna og forsjárskyldur foreldra, sbr. VI. kafla laganna. Einnig skal vísað til 1. mgr. 1. gr. barnalaga þar sem segir að þau lög taki til „allra barna, en um kjörbörn eru einnig sérlög." Í þessu felst að barnalög gilda um kjörbörn að svo miklu leyti sem ekki eru ákvæði um þau í ættleiðingarlögum eða öðrum sérlögum.

II.

Við samningu frumvarps þessa hefur farið fram víðtæk könnun á framkvæmd ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Ýmsar stjórnsýsluvenjur hafa myndast og sumpart hafa þær verið skráðar sérstaklega í formi verklagsreglna. Hafa ættleiðingar verið skoðaðar í ljósi þeirrar framkvæmdar sem náð hefur festu og þá hugað að því hvort þörf sé á nýjum og fyllri ákvæðum en nú eru í ættleiðingarlögum.

Við endurskoðun laganna hefur verið höfð hliðsjón af þróun ættleiðingarlöggjafar á Norðurlöndum og víðar í Evrópu. Hafa ýmis ný viðhorf verið sett fram á síðustu árum sem ástæða er til að gefa gaum. Hér eru m.a. í sjónmáli þjóðréttarsamningar um mannréttindi, sbr. mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948, einkum 12., 16., 25. og 26. gr. um fjölskyldur, og mannréttindasáttmáli Evrópu frá 4. nóvember 1950 ásamt síðari breyt-

ingum. Hefur hann lagagildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 62/1994 og má einkum benda á 8. og 12. gr. samningsins. Enn fremur má t.d. nefna samning Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 16. desember 1966 og samning þeirra sama dag um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Hér má nefna félagsmálasáttmála Evrópu frá 1961. Þá ber sérstaklega að gaumgæfa samninga er varða börn, svo sem barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989, samning Evrópuráðsins um ættleiðingu frá 24. apríl 1967 og Haag-samninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa frá 29. maí 1993. Einnig má benda á Evrópusamning frá 20. maí 1989, um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna, og samning frá 25. október 1980, sem gerður var á Haag-ráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt, um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa, sbr. lög um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl., nr. 160/1995. Hafa þessir samningar verið sérstaklega athugaðir með tilliti til þess að samræma íslensk lög um ættleiðingu við þessa samninga (yfirlýsingar).

Þá hefur innlend löggjöf, sem hér skiptir máli, vitaskuld verið athuguð. Skiptir miklu að samræma ættleiðingarlög ákvæðum nýrri laga, einkum barnalaga, laga um vernd barna og ungmenna, mannanafnalaga, stjórnsýslulaga og upplýsingalaga. Í tengslum við réttaráhrif ættleiðingar hefur eðlilega komið til umræðu í nefndinni hver áhrif ættleiðingar eigi að vera á ríkisfang erlendra barna sem ættleidd eru. Þessu máli er nú ráðið til lykta með 3. gr. laga nr. 62/1998, um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, að því er varðar ættleidd börn undir 12 ára aldri. Er greint á milli þess hvort ættleiðing er veitt með leyfi íslenskra stjórnvalda eða með erlendri ákvörðun sem íslensk stjórnvöld viðurkenna. Í fyrra tilvikinu öðlast barn íslenskt ríkisfang við ættleiðinguna en í síðara tilvikinu við staðfestingu dómsmálaráðuneytisins að ósk ættleiðanda. Þessi lausn er í samræmi við þau evrópsk lög er best hlynna að barni á þessu mikilvæga sviði og fellur hún vel að viðhorfum er sifjalaganefnd hefur sett fram.

Á Norðurlöndum eru nýleg lög (heildarlög) um ættleiðingu í Finnlandi, frá árinu 1985, með breytingum 1995 og 1996, sem og ættleiðingartilskipun frá 1997, og í Noregi, frá 1986, sbr. framangreint frumvarp 1998. Dönsku lögin eru að stofni til frá 1971 með breytingum 1976, 1984, 1988, 1989, 1995 og 1997. Sænsku lögin eru að stofni til frá 1971 með breytingum 1976, 1981 og 1992.

III.

Ef litið er á þróun ættleiðinga frá árinu 1961 kemur í ljós að fjöldi ættleiðingarleyfa breytist lítið á árabilinu 1961–75, samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu. Þá voru ættleiðingar um 74 á ári að meðaltali, á árunum 1976–80 voru þær 67 að meðaltali á ári. Á tímabilinu 1981–85 voru þær 73, 1986–90 49, 1991–95 34 og árin 1996 og 1997 40 og 34. Ættleiðingum fór fjölgandi í byrjun níunda áratugarins og urðu flestar 89 árið 1985. Síðustu 12 árin hefur þeim fækkað til muna og voru þær fæstar 28 árið 1995.

Eftir að ættleiðingar erlendra barna tóku að tíðkast að ráði má skipta ættleiðingum barna í þrjá hópa, þ.e. ættleiðingar stjúpbarna, frumættleiðingar íslenskra barna og frumættleiðingar erlendra barna. Fjöldi barna í hópunum er breytilegur.

Íslenskum börnum sem ættleidd hafa verið og ekki eru stjúpbörn hefur fækkað allmikið síðustu árin. Meðaltöl eru þessi: 1981–85 14, 1986–90 9, 1991–95 7 og árin 1996 og 1997 voru ættleiðingar þessar 15 og 8. Önnur íslensk börn en fósturbörn ættleiðenda hafa ekki verið ættleidd á þessu árabili. Sum þeirra hafi verið lengi í fóstri og hafa barnaverndarnefndir komið mörgum þeirra í fóstur.

Stjúpbörnum sem ættleidd voru fjölgaði til muna í upphafi níunda áratugarins. Á árunum 1981–85 voru 33 stjúpbörn ættleidd að meðaltali á ári. Síðan hefur þessum ættleiðingum fækkað. 1986–90 voru þær 20 að meðaltali á ári, 1991–95 19, en árin 1996 og 1997 15 og 16. Flestar voru ættleiðingarnar 1983, 42. Ættleiðingar af hálfu stjúpmæðra eru mjög fátíðar og voru alls fimm á árabilinu 1991–97. Ættleiðingar stjúpfeðra voru þá alls 122.

Fjöldi erlendra barna, sem ættleidd hafa verið, er mjög sveiflukenndur. Einstaka ár hafa þau verið 41–49 (1982, 1985 og 1986), en svo hefur þeim fækkað allt niður í 4–7 árin 1984, 1988, 1991, 1992 og 1994. Flest voru þau 49, árið 1986, en fæst fjögur, árið 1992.

Heildarfjöldi þriggja framangreindra flokka kjörbarna á tímabilinu 1981–97 er eftirfarandi:

Frumættleiðingar íslenskra barna		172
Ættleiðingar stjúpbarna		392
Frumættleiðingar erlendra barna		290
	Alls	854

Ættleiðingar.
Leyfisbréf útgefin í ráðuneytinu 1981–97.

Ár	Frumættleiðingar á íslenskum börnum	Stjúpættleiðingar	Frumættleiðingar á erlendum börnum	Samtals
1981	17	34	11	62
1982	15	32	41	88
1983	14	42	32	88
1984	9	25	5	39
1985	15	32	42	89
1986	8	28	49	85
1987	13	14	10	37
1988	14	16	6	36
1989	5	26	23	54
1990	5	16	11	32
1991	5	18	7	30
1992	12	26	4	42
1993	6	21	11	38
1994	4	22	6	32
1995	7	9	12	28
1996	15	15	10	40
1997	8	16	10	34
Alls	172	392	290	854

Langflest börn hafa komið frá Sri Lanka, næstflest frá Indlandi og síðan Indónesíu, en frá síðastgreinda landinu hafa þó ekki komið börn síðan 1984. Undanfarin ár hafa börn aðallega verið ættleidd frá Indlandi.

Ættleiðingar eru að vísu ekki margar á ári hverju. Allt um það orkar ekki tvímælis að ættleiðingar barna eru mikilvægt úrræði til að efla hag barna og tengja þau traustum böndum við fólk sem vill taka barn að sér til uppeldis og umönnunar. Ættleiðingin og fjölskylduskiptin, sem í henni felast, stefna að því marki að búa barni vandað og traust uppeldisumhverfi

sem það hefði að jafnaði ekki átt kost á að njóta ella. Ýmsar rannsóknir benda til að ættleiðing sé sifjaréttarúrræði sem í reynd hafi verið barni fyrir bestu. Vanda verður þó mjög til könnunar á öllum forsendum þessa úrræðis. Fjölskylduskiptin eru örlagarík og áhrifarík og skipta sköpum í lífi barns, kynforeldra og ættleiðenda og verður sjaldnast aftur snúið ef ættleiðing er veitt.

Margar ástæður búa að baki ættleiðingum erlendra barna. Fólki er kunnugt um neyðarástand víða um lönd sem bitnar með ofurþunga á börnum. Það óskar oft af mannúðarástæðum að taka barn frá slíkum landsvæðum til fósturs og umönnunar og vill treysta tengsl við það með formlegri ættleiðingu. Menn vænta þess að börnunum geti liðið vel hér, að þau samlagist íslensku samfélagi og að þau auðgi samfélagið að sínu leyti á ýmsan hátt. Vanda þarf vel til slíkra ættleiðinga, svo sem rætt verður í athugasemdum við VI. kafla. Er mikilvægt að Haag-samningurinn frá 29. maí 1993 um ættleiðingar milli landa verði fullgiltur af Íslands hálfu, en hann stuðlar að réttaröryggi við ættleiðingar barna milli landa.

Hver einstök ættleiðing á sér forsögu og ástæður eru margvíslegar. Oftast eru umsækjendur hjón sem ekki virðast geta átt barn saman. Ekki er þó fyrir það girt að hjón eigi börn fyrir, þar á meðal kjörbörn. Ættleiðendur geta verið annarrar trúar en þeirrar sem barnið hefur verið alið upp í og er hvorki stemmt stigu við því í lögum né lagaframkvæmd á Norðurlöndum. Ættleiðingu er valinn ákveðinn farvegur með ákvæði 4. gr. frumvarpsins. Ætlun ættleiðenda verður að vera að taka barnið að sér, veita því umönnun og sjá því farborða. Ættleiðing í því skyni einu að afla barni ríkisfangs eða dvalarleyfis hér er í andstöðu við þetta. Hins vegar getur frumrót ættleiðingar t.d. verið sú að henni sé ætlað að „bjarga við“ hjúskap sem er á fallanda fæti þótt slíkt sé ekki æskilegt baksvið ættleiðingar.

IV.

Hvarvetna í Evrópulöndum nýtur nú við skráðra ættleiðingarreglna. Margt er sameiginlegt í þeirri löggjöf, fyrst og fremst sú grunnregla að við úrlausn um umsóknir um ættleiðingu skuli hagsmunir barnsins – það sem því er fyrir bestu – sitja í fyrirrúmi. Það er einnig grunnregla að sá sem fer með forsjá barns sem ættleiða á eða sérstakur lögráðamaður samþykki ættleiðingu og í auknum mæli er áskilið samþykki barns 12 ára og eldra. Í þessum lögum er stuðlað að því að samþykki sé veitt með tryggilegum hætti, með því að það sé skriflegt og staðfest af stjórnvaldi. Í ýmsum yngri lögum er boðið að leita eftir afstöðu yngri barna en 12 ára í samræmi við viðhorf m.a. í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ákvæði um umsagnir varðandi ættleiðingarumsóknir eru mismunandi, t.d. er staða föður óskilgetins barns misjöfn og misjafnlega tekið á stjúpættleiðingum, sbr. álit mannréttindanefndar Evrópu frá 22. október 1997 í máli nr. 24484/1994, sjá um 11. gr. Það er enn fremur meginregla í evrópskri löggjöf að hjón ein geti ættleitt barn sameiginlega.

Þriggja atriða skal hér getið sem nokkuð misjafnlega er gripið á:

1. Í flestum ríkjum Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum er úrlausn ættleiðingarumsókna í höndum dómstóla. Þessu er einnig þannig farið í Finnlandi og Svíþjóð, en í Danmörku, Noregi og hér á landi eru það stjórnvöld sem leysa úr þessum málum. Sama hefur verið í löndum Austur-Evrópu. Í þessu efni ræður lagahefð miklu. Stjórnvöld hafa lengi leyst úr þessum málum í vestnorrænu ríkjunum að talið er um tveggja alda skeið. Ekki er kunnugt um gagnrýni á þeirri skipan hér á landi. Ekki er heldur þekkt dæmi þess að íslenskri ættleiðingu hafi verið hafnað erlendis vegna þess að stjórnvald hafi veitt ættleiðingarleyfi en ekki dómstóll. Könnun af hálfu vestnorrænu ríkjanna á mannréttindasamningum leiðir í ljós að þessi skipan þeirra ríkja brjóti ekki í bága við þá.

Í ríkjum þar sem úrlausn ættleiðingarmála er hjá dómstólum skera þeir bæði úr því hvort lagaskilyrðum fyrir ættleiðingu sé fullnægt og framkvæma hið svonefnda „frjálsa mat“ á því hvort ættleiðing sé barninu fyrir bestu, eins og á stendur. Þetta hvort tveggja er í höndum dómsmálaráðuneytisins hér á landi. Skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar er hægt með málshöfðun að fá úr því skorið hvort ráðuneytið hafi gætt réttra lagareglna við meðferð og úrlausn máls og hvort lagaskilyrðum sé fullnægt, sbr. hrd. 1959, bls. 49, og 1984, bls. 1444. Er hugsanlegt að dómstóll ógildi ættleiðingarleyfi sem út hefur verið gefið, sbr. hrd. 1984, bls. 1444, eða hnekki höfnun ráðuneytisins á umsókn. Samkvæmt hefðbundinni túlkun 60. gr. stjórnarskrárinnar er vald dómstóla hér a.m.k. að mestu bundið við mat á lagaforsendum en nær yfirleitt ekki til hins frjálsa mats.

Ættleiðing er vissulega örlagaríkur gerningur sem skiptir sköpum í lífi einstaklinga sem í hlut eiga. Lagastaða einstaklings er hér ákveðin til frambúðar með fjölskylduskiptum, oft nýju heimili og uppeldisumhverfi, stundum í nýju þjóðfélagi. Það er ekki síst tillit til mikilvægis úrlausnar um ættleiðingu sem veldur því að þetta mál er víða lagt í hendur dómstólum.

Hér á landi hafa þó ekki verið uppi hugmyndir um að fela dómstólum frumúrlausn þessara mála, enda hefur meðferð þeirra á einni hendi, þ.e. í dómsmálaráðuneytinu, þótt stuðla að samræmdri framkvæmd þeirra.

2. Í ættleiðingarrétti er gerður munur á svonefndri „veikri“ og „sterkri“ ættleiðingu. Við síðari gerðina hefur ættleiðing í för með sér gagnger fjölskylduskipti frá lagalegu sjónarmiði, ættleitt barn tengist ættleiðendum og ættingjum (kjörniðjum) þeirra sem væri það kynbarn þeirra og lagatengsl við kynforeldra og ættingja þeirra og menn í kjörsifjum við þá falla niður að sama skapi. Við fyrri gerðina eru lagatengsl við kynforeldra ekki rofin. Í löggjöf í Suður-Evrópu er veik ættleiðing allmjög tíðkuð en sterk ættleiðing í norðurhluta álfunnar, þar á meðal í Bretlandi. Til er einnig valkvætt fyrirkomulag, þ.e. að þessara tveggja kosta sé völ. Sterka ættleiðingin var lögfest hér á landi með ættleiðingarlögum 1978 og hafa ekki komið fram hugmyndir um að breyta því. Þegar íslenskir kjörforeldrar ættleiða barn erlendis þá er hugsanlegt að sú ættleiðing sem fram hefur farið sé „veik“ ættleiðing samkvæmt lögum viðkomandi ríkis og samþykki kynforeldra við það miðað. Ef hún fer fram samkvæmt Haag-samningnum frá 1993 á barnið sem hér býr að njóta réttinda gagnvart kjörforeldrum og ættingjum þeirra í samræmi við íslensk ættleiðingarlög um „sterka“ ættleiðingu þar sem telja verður hana hagstæðari fyrir barnið, sbr. 26. gr. samningsins.

3. Ljóst er samkvæmt gildandi norrænum lögum að kynforeldri á ekki lögvarða kröfu á umgengni við barn eftir að það hefur verið ættleitt. Í sifjalaganefnd hefur verið rætt hvort veita ætti möguleika á að heimila slíka umgengni ef sérstaklega stæði á, t.d. við stjúpættleiðingu. Ekki þótti rétt að stíla ákvæði um það efni í þessu frumvarpi. Um slíka umgengni mundi oft standa styrr í reynd ef að líkum lætur, misklíð bitnar á barni og raskar þeirri ró sem æskilegt er að ríki. Þetta er álitamál sem æskilegt væri að taka upp í norrænu lagasamstarfi, en sifjalaganefnd hvetur til slíks samstarfs um heildarendurskoðun og samræmingu norrænna ættleiðingarlaga.

V.

Frumvarp þetta er annars vegar reist á allvíðtækri endurskoðun á ættleiðingarlögum, nr. 15/1978, og framkvæmd þeirra og hins vegar á könnun á því hvaða lagaákvæða sé þörf til þess að grundvöllur fáist fyrir fullgildingu Haag-samningsins frá 29. maí 1993 varðandi ættleiðingar milli landa. Segja má að fyrstu fimm kaflar frumvarpsins séu eftirtekja af könnunum vegna fyrra þáttarins en VI. kafli á rót að rekja til síðara þáttarins um ættleiðingu milli

landa. Í tengslum við það eru svo ákvæði VII. kafla um lögsögureglur og gildi erlendra ættleiðinga, en um það efni er lítt fjallað nú í skráðum réttarreglum.

Ákvæði I. og IV. kafla frumvarpsins svara til efnis ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, en II., III. og V.–VII. kafli eru nýir ýmist að formi til eða efni. Ákvæði III. kafla laganna eru ekki í frumvarpinu. Þau varða niðurfellingu ættleiðingar. Í öllum norrænu ættleiðingarlögunum, nema hinum dönsku og íslensku, er heimild til niðurfellingar ættleiðingar afnumin. Er það mjög í samræmi við nútímaviðhorf í ættleiðingarréttinum.

Kaflaskipting í frumvarpinu er nokkru fyllri en í lögunum frá 1978. Fjallar I. kafli um ættleiðingu og skilyrði hennar almennt. Í II. kafla eru ákvæði um meðferð og úrlausnir ættleiðingarmála, í III. kafla er mælt fyrir um dómsmál og í IV. kafla er fjallað um lagaáhrif ættleiðingar. Í V. kafla eru ákvæði sem eru nýmæli að stofni til um skyldu kjörforeldra til að skýra kjörbarni frá því að það sé ættleitt og svo um aðgang kjörbarns að upplýsingum um hverjir séu kynforeldrar þess. Í þessum fyrstu köflum frumvarpsins eru ýmis nýmæli sem reifuð verða í athugasemdum við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Í VI. kafla er fjallað um ættleiðingar barna erlendis og í VII. kafla eru lögsögureglur o.fl. Svo sem áður greinir kveður þar mikið að nýmælum.

Sú lagatækni er viðhöfð í frumvarpinu að við hverja grein er fyrirsögn um meginefni hennar, svo sem einnig er gert í barnalögum, nr. 20/1992, og hjúskaparlögum, nr. 31/1993. Er þessi háttur glöggur til yfirlits og til hægðarauka fyrir þá sem kynna vilja sér lögin og beita þeim.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er skipað ákvæðum um það hverjir veiti leyfi til ættleiðingar, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi eru ákvæði um hverjir geti verið ættleiðendur almennt, sbr. 2. gr., og hverja megi ættleiða, sbr. 3. gr. Þá eru hin almennu skilyrði fyrir ættleiðingu tilgreind í 4. gr. en skilyrði um lágmarksaldur í 5. gr. Grunnþáttur í ættleiðingum er að samþykkis þess sem fer með forsjá barns, sbr. 7. gr., og barnsins sjálfs njóti við, ef það hefur aldur og þroska til (einnig getur verið um fulltíða menn að ræða). Efnisreglur um þörf á samþykki eru í 6. og 7. gr. en um form og efni samþykkisyfirlýsingar er kveðið á í 8. gr. Sérstök ákvæði eru um samþykki sem veitt er erlendis í 9. gr. og um afturköllun samþykkis er mælt í 10. gr. Þá koma ákvæði um umsagnir varðandi umsóknir um ættleiðingarleyfi í 11.–13. gr., skipað samfellt. Um gjald í tengslum við ættleiðingar er mælt í 14. gr.

Efnisskipan er með nokkrum öðrum hætti en í ættleiðingarlögum, nr. 15/1978, og er þess vænst að breytingin þyki til bóta.

Um 1. gr.

1. gr. frumvarpsins samsvarar 1. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, þess efnis að dómsmálaráðherra skeri úr umsóknum um ættleiðingarleyfi. Felst í því að hann geti veitt leyfi eða hafnað umsókn, sbr. 18. og 20. gr. frumvarpsins. Vísað er til almennra athugasemda hér að framan um þá skipan að stjórnvöld fjalli um þessi málefni. Samkvæmt norsku ættleiðingarlögunum, 1. gr., veitir dómsmálaráðherra leyfi til ættleiðingar en amtmaður („statsamt") í Danmörku. Í Finnlandi og Svíþjóð leysa dómstólar úr þessum málum eins og áður greinir.

Ekki er kunnugt um hugmyndir hér á landi um að breyta fyrirkomulaginu svo samkvæmt sænsk-finnskri og sumpart evrópskri fyrirmynd að frumúrlausn um ættleiðingu verði dómstólamál. Þessi skipan hér á landi hefur ekki sætt gagnrýni hvorki frá sjónarmiði Evrópusátt-

málans um mannréttindi, sbr. 8. og 12. gr., né barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hún samrýmist Haag-samningnum frá 29. maí 1993.

Í sambandi við úrlausn ættleiðingarmála hér á landi hefur verið rætt um kærustig vegna frumúrlausnar um ættleiðingu. Slíkt stig er t.d. í Danmörku. Í tengslum við það álitamál og í ljósi réttarþróunar síðustu ára þótti rétt að gefa því gaum hvort tiltækilegt væri að ætla sýslumönnum veitingu ættleiðingarleyfa og þá með heimild fyrir aðila til málskots til ráðuneytis, þar á meðal ef umsókn er hafnað. Gegn þessu mælir sitthvað. Í dómsmálaráðuneytinu hafa menn mikla reynslu af meðferð og úrlausn ættleiðingarmála, m.a. þegar erlend börn eiga í hlut. Er mikilvægt að nýta þá starfsreynslu. Meðferð mála í ráðuneytinu stuðlar og að samræmdri framkvæmd, en nokkur hætta er á að slíku yrði ekki að fagna ef mál þessi yrðu lögð til úrlausnar hjá sýslumönnum víðs vegar um landið. Auk þess má benda á að í nokkrum fámennari umdæmum sýslumanna mundu umsóknir um leyfi til ættleiðingar aðeins koma til meðferðar á nokkurra ára fresti. Þessi leið var því ekki valin. Þótt kærustigi sé ekki fyrir að fara vegna synjana um veitingu ættleiðingarleyfis má benda á eftirlitshlutverk umboðsmanns Alþingis en hlutverk hans samkvæmt lögum nr. 85/1997 er að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins.

Í 18. gr. frumvarpsins er hins vegar sett fram tillaga um að dómsmálaráðherra skipi þriggja manna sérfræðinganefnd og geti ráðuneytið leitað umsagnar hennar um einstakar umsóknir eftir því sem ástæða þykir til. Ætti slík umsögn að geta treyst grundvöll undir úrlausn mála. Er þetta nýmæli í íslenskum ættleiðingarlögum.

Um 2. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um hverjir geti verið ættleiðendur. Samsvarar hún 5. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, en er allmiklu rýmri. Hér eru tvö nýmæli, annars vegar um heimild til að veita karli og konu í óvígðri sambúð leyfi til að ættleiða barn saman og hins vegar er lagt til að sú regla verði skráð að einhleypum manni megi veita ættleiðingarleyfi. Haldið er þeirri meginreglu að hjón geti ættleitt barn sameiginlega en bætt er við karli og konu í óvígðri sambúð. Annað hjóna eða sambúðarmaki getur ættleitt barn, þar á meðal kjörbarn maka síns með samþykki hins (stjúpættleiðingar). Þar er það nýmæli að regla frumvarpsins tekur einnig til óvígðar sambúðar. Öðru hjóna má og veita leyfi til ættleiðingar, á sama hátt og í ættleiðingarlögum frá 1978, ef hitt er horfið eða geðrænum högum þess svo háttað það beri ekki skyn á gildi ættleiðingar. Heimild þessi tekur nú einnig til karls eða konu í óvígðri sambúð. Horfinn í þessu sambandi merkir það að ókunnugt er um dvalarstað manns, þ.e. ekki er vitað hvort hann sé lífs eða liðinn.

Skal nú fara nokkrum orðum um nýmæli greinarinnar.

Karl og kona í óvígðri sambúð hafa í æ ríkara mæli öðlast á ýmsum lagasviðum ámóta réttindi og hjón. Barnalögin frá 1981 brutu blað á sifjaréttarsviði með því að kveða svo á að forsjá barns sem foreldrar í óvígðri sambúð eiga skyldi vera í höndum þeirra sameiginlega og um að skipan forsjár vegna sambúðarslita þeirra færi eftir sams konar reglum og þeim sem gilda um gifta foreldra sem skilja, sbr. einnig ákvæði um feðrun barna sem fædd eru eða getin í slíkri sambúð. Hafa íslensk sifjalög verið í fararbroddi hér á Norðurlöndum með að rétta hlut sambúðarforeldra

Í ljósi þessarar réttarþróunar er lagt til í 2. gr. að heimila að veita karli og konu í óvígðri sambúð leyfi til að ættleiða barn saman og að sínu leyti er skráð regla sem heimilar að veita sambúðarmaka leyfi til að ættleiða barn hins (ígildi stjúpættleiðingar). Sambúðarfólk er vissulega oft vel hæft til að ættleiða barn saman, samband þess getur verið eigi síður traust en hjóna og heimili þeirra heppilegur uppeldisvettvangur. Í lagaákvæðum um óvígða sambúð

er að jafnaði skilið til að samband karls og konu hafi staðið í tiltekinn lágmarkstíma, oft eitt eða tvö ár, svo að lagaáhrif sem tengd eru sambúðinni verði virk. Að því er til ættleiðingar tekur horfir málið nokkuð sérstaklega við þar sem vissulega skiptir sköpum að samband sambúðarmakanna sé traust og er reynslutími þó nokkur vísbending. Álitamál getur verið við hvaða lágmarkstíma beri að miða en hér er lagt til að sambúðin hafi staðið í a.m.k. fimm ár samfellt. Um þessa tímalengd geta verið skiptar skoðanir og t.d. kæmi til greina að miða við þrjú eða fjögur ár. Í lagaframkvæmd er raunar á því byggt, þegar hjón eru umsækjendur um ættleiðingarleyfi, að hjúskapur hafi staðið í nokkurn tíma, tíðast a.m.k. þrjú ár, og er svo einnig hér á landi, sbr. einnig venjur í Danmörku og Noregi um tveggja ára hjúskapartíma.

Hugtakið *óvígð sambúð* í 2. gr. frumvarpsins og annars staðar í því er notað í sömu merkingu og í 3. mgr. 2. gr. barnalaga, nr. 20/1992, þ.e. að karl og kona hafi búið saman „samkvæmt því er greinir í þjóðskrá eða öðrum ótvíræðum gögnum“. Gleggsta heimildin er skráning í þjóðskrá. Önnur gögn geta þó komið að haldi, svo sem tilkynning um sameiginlegt heimili, greining sambúðar í skattframtölum eða í umsóknum um húsnæðismálalán eða dagheimilisvist. Miðað er við að krefja megi umsækjendur um opinber gögn til staðfestingar á hinni óvígðu sambúð. Hugsanlegt er að árin fimm séu fólgin í tvenns konar tímabilum samfellt, fyrst sé t.d. tveggja ára sambúð án skráningar í þjóðskrá en síðan þriggja ára sambúð sem þar er skráð. Sú hugmynd var rædd í sifjalaganefnd að miða sambúðina eingöngu við skráningu í þjóðskrá.

Í 1. mgr. felst að hjón eða sambúðarmaður og sambúðarkona verða að standa sameiginlega að ættleiðingu. Frá því eru frávik í 2. og 3. mgr. Er 3. mgr. efnislega óbreyttur fyrri málsliður 2. mgr. 5. gr. ættleiðingarlaga en 2. mgr., sem fjallar um stjúpættleiðingar, er sama efnis og síðari málsliður 2. mgr. 5. gr. Bætt er þar við ákvæði um óvígða sambúð.

Ef fallist verður á að heimila karli og konu í óvígðri sambúð að ættleiða barn saman mun ekki þykja orka tvímælis að sambúðarmaki geti ættleitt barn (kjörbarn) hins.

Rétt er að vekja athygli á því að ættleiðingar geta aðeins farið fram samkvæmt Haagsamningnum frá 29. maí 1993 ef ættleiðendur eru hjón eða einstaklingar. Ekki er í samningnum gert ráð fyrir að karl og kona í óvígðri sambúð geti ættleitt barn saman. Um þetta atriði er vísað til athugasemda um 40. gr.

Einhleypum einstaklingum hefur nokkrum sinnum verið veitt ættleiðingarleyfi hér á landi. Í þeim tilvikum hefur yfirleitt hagað svo til að sá sem óskað er ættleiðingar á hefur verið kominn á fullorðinsaldur og alist upp hjá umsækjanda. Um heimild einhleypra einstaklinga til að ættleiða börn ríkir það sjónarmið að leggja verði áherslu á að tryggja kjörbörnum sem heppilegust og eðlilegust uppvaxtarskilyrði. Mikilvægur þáttur í því er að kjörbarn alist upp bæði hjá móður og föður. Því verður að gera þær kröfur til einhleypra umsækjanda að sýnt sé fram á að þeir séu sérstaklega hæfir umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu, t.d. að þeir hafi mikla reynslu af umönnun og uppeldi barna eða náin skyldleika- eða vináttutengsl séu á milli barns og foreldra þess og umsækjanda. Heimild einhleypra einstaklinga til ættleiðingar hefur ekki verið lögskráð, en stuðst við örugga stjórnsýsluhefð. Réttmætt þykir að leggja til að þessi markaða stefna ráðuneytisins verði nú lögfest, sbr. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins, þó einungis að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar eru tilgreind.

Í lok umsagnar um 2. gr. frumvarpsins skal á það bent að skv. 1. mgr. 6. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, er þeim samkynja einstaklingum sem lögin taka til eigi heimilt að ættleiða barn saman. Hliðstæð ákvæði eru í öðrum norrænum lögum um þetta efni. Umboð sifjalaganefndar nær ekki til þess að endurskoða þessa skipan, en dómsmálaráðuneytið telur eðlilegast að um hana verði fjallað í norrænu lagasamstarfi.

Um 3. gr.

Hér er skipað í eina grein samfellt hverja megi ættleiða. 1. mgr. er ný að því er skráðar réttarreglur varðar, 2. mgr. svarar til 3. gr. gildandi laga.

Um 1. mgr. skal athuga að ættleiðing fulltíða manna, 18 ára og eldri, er fátíð en örugg stjórnsýsluvenja heimilar slíka ættleiðingu. Þykir rétt að lögskrá hana sérstaklega. Sú ættleiðing horfir að sumu leyti öðruvísi við en ættleiðing barna, svo sem um samþykki foreldra og viljaafstöðu þess sem skal ættleiddur. Hér kæmi fyrst og fremst til ættleiðing á fulltíða manni sem alinn hefur verið upp hjá umsækjendum sem fósturbarn, en einnig væri slík ættleiðing heimil án slíks fósturs ef alveg sérstakar ástæður mæla með ættleiðingu, sbr. niðurlag 1. mgr. 4. gr.

Í 3. gr. gildandi ættleiðingarlaga er með öllu girt fyrir að maður geti ættleitt barn sitt. Eru gild rök til þeirrar meginreglu. Að fyrirmynd nokkurra erlendra laga þykir þó rétt að heimila manni ættleiðingu þegar svo hagar til að barn hans hefur verið ættleitt áður og ættleiðing af hálfu kynforeldis þykir best henta hag barnsins. Þetta verður vafalaust fátítt. Bent skal á að í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að ákvæði III. kafla ættleiðingarlaga um niðurfellingu ættleiðingar verði af numin.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um almenn skilyrði ættleiðingar, um lagalegan farveg hennar, og eru þar mikilvægar grunnreglur. Ákvæði 1. mgr. er sama efnis og 2. gr. ættleiðingarlaganna frá 1978. Þar er sú undirstöðuregla allrar ættleiðingar að hún fari því aðeins fram að sú skipan sé barni fyrir bestu enda vaki fyrir umsækjendum að ala barn upp eða það hafi alist upp hjá þeim. Svipuð ákvæði eru í evrópskri ættleiðingarlöggjöf, t.d. í 2. gr. dönsku ættleiðingarlaganna, 2. gr. norsku laganna, 6. gr. sænsku laganna (FB 4. kap.) og 1. gr. 1. kap. hinna finnsku Stemmt er því stigu við ættleiðingum sem kunnar eru erlendis og stofnað er til í því skyni einu að afla hinum ættleidda ríkisfangs eða landvistarleyfis eða skapa grundvöll að nafnbreytingu o.fl.

Um 5. gr.

Í þessari grein er mælt um lágmarksaldur ættleiðenda. Er auðsætt að þeir þurfa að vera fulltíða menn með nokkra lífsreynslu.

5. gr. er samhljóða 4. gr. ættleiðingarlaga. Er það sama regla og í norskum lögum, en í dönskum, finnskum og sænskum lögum er aldursstig 18 ár í sérstökum tilvikum en ekki 20 ár.

Með ættleiðingu er stefnt að fjölskylduskiptum, staða barnsins á að vera sem svipuðust því að væri það eigið barn ættleiðanda. Ættleiðendur ganga barni í foreldra stað. Frá því sjónarmiði er æskilegt að eigi sé öllu meiri aldursmunur á kjörbarni og kjörforeldrum en tíðast er hjá börnum og kynforeldrum. Sums staðar er miðað við 45 ár. Um þetta er ekki ákvæði í 5. gr., en vissulega ber að gefa þessu atriði gaum í lagaframkvæmd og er við það miðað að dómsmálaráðuneytið móti um þetta efni verklagsreglur, svo sem verið hefur í framkvæmd um árabil.

Í ættleiðingarlögum eða verklagsreglum víða um lönd er tilgreindur hámarksaldur ættleiðanda. Í frumvarpi þessu er ekki lagt til að reglur um hámarksaldur verði lögfestar, heldur er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið móti einnig um þetta efni verklagsreglur eins og verið hefur, sem er í samræmi við skipun þessara mála í öðrum norrænum ríkjum.

Um 6. gr.

Samþykki þess sem ættleiða á og samþykki forsjármanna barns eru meðal grunnþátta í ættleiðingarlöggjöf. Er fjallað í 6. og 7. gr. frumvarpsins um það að efni til hvenær samþykkis sé þörf. Í 8. gr. er kveðið á um form og efni samþykkisyfirlýsingar. Sérregla er í 9. gr. um samþykki sem veitt er erlendis og gildi þess hér á landi en í 10. gr. er ákvæði um afturköllun samþykkis. 6.–10. gr. frumvarpsins eru samfelld ákvæði um samþykki. Að sínu leyti er svo ákvæðum um umsagnir skipað heildstætt í 12.–14. gr. Með þessari efnisskipan skapast heildstæðari tengsl milli ákvæða en er í ættleiðingarlögunum frá 1978.

Í 1. mgr. er sett fram sú meginregla að sá sem ættleiða á skuli samþykkja ættleiðingu ef hann hefur náð 12 ára aldri, sbr. 6. gr. ættleiðingarlaga. Á það jafnt við börn og ungmenni 12–18 ára sem fulltíða menn. Víkja má þó frá þessu ef sá er í hlut á getur ekki gefið marktækt samþykki eða varhugavert þykir vegna hagsmuna barns að leita eftir samþykki þess. Er þetta háð mati ráðuneytisins. Sams konar regla er í 5. gr. sænsku laganna og 6. gr. hinna finnsku. Nokkuð svipuð ákvæði eru í 6. gr. dönsku laganna og 6. gr. norsku laganna mun vera túlkuð á sama hátt. Þetta er undantekningarregla sem skýra verður þröngt. Hagsmunir barnsins, hagir þess og þarfir hljóta hér að vera hið mikla leiðarljós sem endranær í barnaréttinum. Fráviksreglurnar eru nýmæli og eru lagaástæður auðsæjar.

Mikilvægt er að barn eða ungmenni fái glögga og vandaða leiðsögn um gildi ættleiðingar og réttaráhrif áður en það tekur afstöðu til máls. Í 2. mgr. er brotið upp á því að þessi leiðsögn sé veitt af hálfu barnaverndarnefndar, oftast af starfsmönnum hennar. Samþykki er hins vegar gefið fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytis eða sýslumanni, sem leiðbeinir barni eða ungmenni, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er nýmæli, þar sem boðið er að ræða við barn yngra en 12 ára eins og segir í 2. mgr., þ.e. á vegum barnaverndarnefndar, og leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar „ef slíkt þykir gerlegt, miðað við aldur þess og þroska.“ Benda má hér á ákvæði 4. mgr. 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, og ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989, 12. og 21. gr. Ákvæði sem þetta getur ekki verið hnitmiðað en sjö ára aldur er til viðmiðunar í þessu efni. Annars verður að taka tillit til þroska barns og sérhaga og allra aðstæðna, m.a. heilsufars barns. Neikvæð afstaða barns þarf ekki að girða fyrir ættleiðingu. Gögn um viðræður við barnið eiga að liggja fyrir áður en leyfi er veitt og eru þau þá meðal þeirra atriða sem koma til álita við mat á því hvort ættleiðingin sé barni fyrir bestu.

Starfsmenn barnaverndarnefnda (félagsmálastofnana) hafa reynslu m.a. af því að kanna afstöðu ungra barna vegna forsjárskipunar í tengslum við ágreiningsmál um forsjá. Hér þarf að fara að með gát bæði um aðferðir sem beitt er og um túlkun á viðbrögðum barns.

Um 7. gr.

Þetta ákvæði fjallar einnig um einn af grunnþáttum ættleiðingar, þ.e. samþykki forsjárforeldra barns undir 18 ára aldri. Ef báðir foreldrar fara með forsjá barns þarf samþykki beggja nema högum þeirra sé svo háttað að annað eða bæði geti ekki gefið marktækt samþykki. Hlýtur ráðuneytið að meta það. Ef högum beggja er svo háttað þarf sérstaklega skipaður lögráðamaður að samþykkja ættleiðingu, sbr. 2. mgr. er samsvarar 2. mgr. 7. gr. ættleiðingarlaga frá 1978. Um skýringu á orðinu horfinn er vísað til umfjöllunar með 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er efnislega hið sama og 7. gr. ættleiðingarlaga. Um forsjá fer skv. VI. kafla barnalaga, nr. 20/1992. Auk þess þarf að aðgæta ákvæði 25. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sem heimilar að svipta foreldra forsjá barns. Barn ógiftra foreldra sem ekki eru í óvígðri sambúð hlítir forsjá móður, nema foreldrar hafi samið með löglegu móti um að forsjá skuli vera sameiginleg, sbr. 33. gr. barnalaga. Ef giftir

foreldrar eða sambúðarforeldrar skilja getur forsjá samkvæmt skilnaðarúrlausn ýmist verið hjá öðru þeirra eða hún verið sameiginleg, sbr. 32. og 34. gr. barnalaga. Þegar forsjá er sameiginleg, þarf samþykki beggja foreldra skv. 7. gr., en ella aðeins þess er fer með forsjána. Ef foreldrar, annar eða báðir, eru sviptir forsjá samkvæmt lögum nr. 58/1992 þarf aðeins samþykki þess sem ekki er sviptur forsjánni. Tíðast yrðu báðir sviptir forsjá ef ástæður laga nr. 58/1992 eiga við. Fer þá barnaverndarnefnd oftast með forsjána. Er 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins við þetta miðuð og segir þar að þá þurfi samþykki barnaverndarnefndar til ættleiðingar sem nefndin mundi raunar oft eiga frumkvæði að. Er 3. mgr. nýmæli að því er lögskráða reglu í ættleiðingarlögum varðar.

Leita skal umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Í 12. gr. ættleiðingarlaga er heimilað að ættleiða barn þótt samþykkis lögbærra vandamanna njóti ekki við, ef alveg sérstaklega stendur á enda mæli þarfir barns eindregið með því og barnaverndarráð samþykki. Hér er einkum átt við börn sem vandamenn sinna ekki og eru nánast „gleymd“ og vanrækt. Enn fremur er ættleiðing heimil skv. 12. gr. þótt lögbærir forsjármenn barns samþykki ekki ættleiðingu ef barni hefur verið ráðstafað af barnaverndarnefnd og nefndin óskar eftir ættleiðingunni og barnaverndarráð mælir með henni. Í 13. gr. er skylda lögð á ráðuneytið til að skýra lögmæltum forsjármönnum frá ættleiðingunni og benda skal þeim á rétt þeirra til að bera veitingu ættleiðingarleyfis undir dómstóla.

Í 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins er heimildin til ættleiðingar, þegar ekki nýtur við lögmæts samþykkis skv. 1. eða 2. mgr., bundin við að barn hafi verið í fóstri hjá umsækjendum og hagir þess mæla að öðru leyti eindregið með ættleiðingunni. Þetta orðalag er nokkuð annað en í 12. gr. og er einskorðað við að barn hafi verið í fóstri hjá umsækjendum, yfirleitt varanlegu fóstri á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, og er það tíðasta tilvikið sem hér reynir á. Þykir þessi heimild eiga að vera þröng þar sem um frávik er að ræða frá mikilvægri grunnreglu. Heimild skv. 4. mgr. tekur ekki til stjúpættleiðinga.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um form og efni samþykkis og samsvarar það 10. gr. gildandi ættleiðingarlaga. Er 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins nýmæli. Orðalagi í 1. og 2. mgr. er lítillega vikið til miðað við 10. gr., en ákvæði 3. mgr. 8. gr. er þrengra en 4. mgr. 10. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. eiga sér hliðstæðu í 8. gr. dönsku ættleiðingarlaganna og að nokkru í norsku ættleiðingarlögunum, 7. gr. (lágmarkstími skv. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er þrír mánuðir en tveir mánuðir samkvæmt norsku lögunum), sbr. enn fremur 7. gr. sænsku ættleiðingarlaganna og 5. gr. hinna finnsku. Ákvæði 1. mgr. samsvarar 1. og 3. mgr. 10. gr. ættleiðingarlaganna frá 1978. Gert er ráð fyrir að samþykki sé staðfest fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytis eða sýslumanni og getur löglærður fulltrúi hans fjallað um málið. Eiga þeir að leiðbeina manni um gildi og réttaráhrif ættleiðingar og á það vitaskuld ekki síst við um samþykki barns eða ungmennis. Leiðbeiningar um réttaráhrif samþykkis til ættleiðingar lúta fyrst og fremst að því að samþykki sé unnt að afturkalla allt þar til ættleiðingarleyfi er veitt, sbr. 1. mgr. 10. gr. og undantekningarreglu 2. mgr. sömu greinar. Leiðbeiningar um réttaráhrif ættleiðingar eiga að skýra að við ættleiðinguna rofna öll lagatengsl barnsins við kynforeldra þess, önnur ættmenni og þá sem eru í kjörsifjum við þá en stofnast að sama skapi milli barnsins og kjörforeldra þess, annarra ættmenna og þeirra sem eru í kjörsifjum við þá og nýtur barnið þá almennt sömu réttarstöðu og það væri eigið barn kjörforeldra sinna. Eiga starfsmenn ráðuneytisins eða sýslumenn að votta sérstaklega staðfestingu samþykkisyfirlýs-

ingar og að leiðbeiningar hafi verið veittar um réttaráhrif ættleiðingar. Þetta eru undirstöðuatriði sem vel þarf að vanda til.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega hið sama og 2. mgr. 10. gr. ættleiðingarlaga. Tekið skal fram að þriggja mánaða reglan gildir jafnt um föður sem móður. Eru hliðstæð ákvæði að stofni til víða í ættleiðingarlögum, m.a. norrænum lögum, sbr. og Haag-samninginn frá 29. maí 1993, 4. tölul. 4. gr. c.

3. mgr. samsvarar 4. mgr. 10. gr. ættleiðingarlaga. Samkvæmt því er meginreglan sú að í samþykki foreldra (forsjármanna) barna ber að nafngreina væntanlega kjörforeldra. Frá þessu er þó frávik ef samþykki lýtur að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til kjörforeldra sem barnaverndarnefnd ákveður. Endranær er samþykkið ógilt. Reynslan sem fengist hefur af 4. mgr. 10. gr. bendir eindregið til þess að halda beri þessari meginreglu. Norræn lög taka á þessu með svipuðum hætti, en í löndum utan Norðurlanda er gripið misjafnlega á þessu vandamáli. Er þetta svonefnda eyðusamþykki sums staðar lýst ógilt með afdráttarlausu orðalagi.

Í dómi Hæstaréttar frá 1959 (dómasafn, bls. 49) var talið að samþykki án nafngreiningar væntanlegra kjörforeldra væri gilt, en sá dómur gekk fyrir gildistöku ættleiðingarlaga 1978.

Í 4. mgr. er það nýmæli að sé samþykki meira en 12 mánaða gamalt skuli staðfesta það að nýju nema sérstaklega standi á, m.a. að ekki sé vitað hvar samþykkjandi er niðurkominn eða hann geti ekki framar gefið marktækt samþykki. Þessi meginregla styðst við haldgóð rök. Sitthvað kann að hafa breyst um hagi og aðstæður foreldra og barns. Þeir sem óskuðu eftir ættleiðingu hafa e.t.v. ekki hafist handa og myndast hefur óvissuástand, sem miklu varðar að setja tímamörk. Að öðrum kosti getur hag barnsins verið stefnt í tvísýnu. Þó verður að hyggja að því hvað valdi töfinni og er ekki með öllu skotið loku fyrir að veita leyfi þótt tímabundið gildi samþykkis sé útrunnið, sbr. lokaorð málsgreinarinnar.

Um 9. gr.

Ákvæðið fjallar um samþykki sem gefið er erlendis. Það er nálega samhljóða 11. gr. ættleiðingarlaga. Við það er miðað að ættleiðing fari fram hér á landi.

Um 10. gr.

Í greininni er mælt fyrir um afturköllun á samþykki til ættleiðingar. Er það sama efnis og 12. gr. 1. mgr. ættleiðingarlaga. Tekið er fram í 1. mgr. 10. gr. að ákvæðið eigi við um það þegar aðili. sem veita skal samþykki skv. 6. og 7. gr., tekur aftur samþykki sitt.

Afturköllun veldur því að ættleiðingarleyfi verður ekki veitt. Frá því er svo undantekning í 2. mgr. sem heimilar að veita leyfið þrátt fyrir afturköllun forsjármanna eða lögráðamanns. Heimildin er bundin við að barn hafi verið í fóstri hjá umsækjendum, fyrst og fremst varanlegu fóstri samkvæmt ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, hagir barns mæli eindregið með ættleiðingu og sýnt þyki að afturköllun styðjist ekki við skynsamleg rök. Ef barn eða ungmenni á aldrinum 12–18 ára tekur aftur samþykki er ættleiðing ekki heimil samkvæmt þessu enda er sérstaklega varhugavert að veita leyfið gegn andstöðu barns eða ungmennis. Sama á við ef barnaverndarnefnd afturkallar samþykki sitt.

Um afturköllun samþykkis er mælt í 1. mgr. 9. gr. dönsku ættleiðingarlaganna.

Um afturköllun samþykkis er fjallað í hrd. 1959, bls. 49 er að framan greinir.

Um 11. gr.

Hér er boðið að leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barnsins. Hún samsvarar 1. mgr. 8. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978.

Ef foreldri sem ekki hefur forsjá barns lýsir sig mótfallið ættleiðingu er mjög sjaldgæft að fallist sé á umsókn um ættleiðingu, a.m.k. ekki fyrr en barn hefur náð 12 ára aldri og óskar sjálft eindregið eftir að ættleiðing fari fram, og helst ekki fyrr en sá sem ættleiða á er orðinn sjálfráða. Þessi framkvæmd hefur verið tíðkuð um langt árabil í ráðuneytinu. Vissulega ber að meta hvert einstakt mál en hafa ber í huga að ættleiðing hefur í för með sér að öll lagatengsl milli barnsins og kynforeldris rofna og þurfa því veigamiklar ástæður að liggja til grundvallar svo að þau tengsl verði rofin í andstöðu við kynforeldrið. Á þessi viðhorf reyndi í áliti mannréttindanefndar Evrópu frá 22. október 1997 í málinu Per Söderbeck gegn Svíþjóð. Málavextir voru þeir að sænskur dómstóll féllst á beiðni stjúpföður um leyfi til að ættleiða sjö ára dóttur eiginkonu sinnar sem hafði alist upp á heimili þeirra frá átta mánaða aldri. Kynfaðir var mótfallinn ættleiðingu. Hann og móðir barnsins höfðu hvorki verið í hjúskap né óvígðri sambúð. Þá hafði samband hans við dóttur sína verið lítið frá því að hún var ungbarn en þó hafði hann leitað aðstoðar félagsmálayfirvalda vegna umgengni við telpuna án árangurs. Meiri hluti mannréttindanefndarinnar taldi að réttur til friðhelgi fjölskyldu tæki til tengsla foreldris og barns, án tillits til þess hvort barnið væri fætt í hjúskap eða ekki, og félli því undir 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmálans. Jafnframt taldi meiri hlutinn að ekki væri hægt að miða við að ákvæðið tæki aðeins til þess fjölskyldulífs sem þegar hefði komist á heldur lyti ákvæðið að því að vernda það samband sem hugsanlega gæti þróast á milli kynföður og barns sem fætt er utan hjónabands. Ekki var talið að þær ástæður lægju fyrir í málinu að nauðsyn bæri til í lýðræðislegu þjóðfélagi að fallast á beiðni stjúpföður um ættleiðingu, sbr. 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmálans, og var því álit nefndarinnar að ákvæði 8. gr. um að sérhver maður eigi rétt á friðhelgi fjölskyldulífs hefði verið brotið.

Hvað varðar síðastgreinda atriðið var niðurstöðunni snúið við með dómi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 28. október 1998. Mannréttindadómstóllinn efast ekki um að ákvörðun sænskra dómstóla um að heimila ættleiðingu sé í samræmi við sænsk lög og stefni að réttmætu markmiði, þ.e. með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Þá segir Mannréttindadómstóllinn í niðurstöðu sinni að með vísan til forsögu málsins, mats sænskra dómstóla um hvað teljist barninu fyrir bestu og takmarkaðra tengsla barnsins og kynföður að ákvörðun sænskra dómstóla um ættleiðinguna falli innan frjáls mats dómstóla aðildarríkjanna um það hvað sé talið nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi. Markmið ættleiðingarinnar var að styrkja tengsl stjúpföður og telpunnar. Með það í huga var ekki talið að neikvæð áhrif ættleiðingarinnar á samband kynföður og telpunnar hafi verið meiri en þau jákvæðu áhrif sem framangreindu markmiði var ætlað að ná. Því er ekki fallist á að brotið hafi verið á rétti kynföður til fjölskyldulífs með ættleiðingunni.

Um umsögn foreldris skal þess getið að ógerlegt eða gildislaust getur verið að leita umsagnar ef högum viðkomanda er svo háttað að hann geti ekki gefið marktæka yfirlýsingu.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. ættleiðingarlaga um umsögn lögráðamanns ef ættleiða á lögræðissviptan mann, þ.e. hvort sem hann er sviptur sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 8. gr. ættleiðingarlaga um hjón. Hér er því bætt við að hinu sama gegnir ef ættleiða á mann í óvígðri sambúð.

Um umsögn maka eða sambúðarmaka skal þess getið að ógerlegt eða gildislaust getur verið að leita umsagnar ef högum viðkomanda er svo háttað að hann geti ekki gefið marktæka yfirlýsingu.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um gjald í tengslum við ættleiðingu. Hún varðar sama efni og 14. gr. ættleiðingarlaga 1978, en tekur nokkuð öðruvísi á málinu.

Fjárgreiðslur í tengslum við ættleiðingu getur borið að höndum með mismunandi hætti. Tíðasta tilbrigðið er að borið sé fé á forsjármenn barna og þeir fengnir þannig til að láta uppi samþykki. Þá er hugsanlegt að t.d. hjónum séu boðin fjárfríðindi fyrir að taka að sér barn til ættleiðingar. Enn er til að miðlarar taki óhæfilegt fé fyrir að útvega barn til ættleiðingar. Getur hér verið höggvið nærri verslun með börn, þ.e. kaup og sölu barna.

Fjárgreiðslur eru vafalaust tíðastar varðandi ættleiðingar milli landa og er það megintilgangur Haag-samningsins frá 29. maí 1993 að stemma stigu við slíku, sbr. 8. og 32. gr. samningsins.

Lengi hefur verið meðal grunnreglna ættleiðingarréttar að tryggja beri að samþykki sé veitt af fúsum og frjálsum vilja með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi, og án þess að fjárgreiðslur eða fríðindi villi mönnum sýn. Í löggjöf margra ríkja er bann lagt við að bera fé á þá er samþykkja eiga ættleiðingu en ekki er hins vegar girt með öllu fyrir að fé sé greitt með barni til ættleiðingar, oftast með áskilnaði um að fénu sé varið til hagsbóta barninu, þar á meðal til að tryggja því viðunandi framfærslu. Er 14. gr. ættleiðingarlaga 1978 dæmi um slíka lausn.

Við samningu 14. gr. frumvarpsins hefur sú skoðun mótast að hvers konar greiðslur eða fríðindi, sem innt eru af hendi eða heitið er, eigi að valda því að lagagrundvöll bresti fyrir leyfisveitingu. Þessi niðurstaða fær stoð í viðhorfum í nútíma ættleiðingarrétti og segja má að á þeim sé byggt í Haag-samningnum frá 29. maí 1993. Ákvæði 14. gr. er afdráttarlaust. Krefja má þá er við mál koma um skriflegar yfirlýsingar varðandi fjárgreiðslur og varða rangar skýrslur refsingu samkvæmt ákvæðum XV. kafla almennra hegningarlaga. Um greiðslur til ættleiðingarfélaga og ráðgjafar vísast til athugasemda við 4. mgr. 35. gr. frumvarpsins.

Um II. kafla.

Í ættleiðingarlögum 1978 eru ekki samfelld ákvæði um meðferð og úrlausn ættleiðingarmála og raunar er lítt fjallað þar um þessa hlið málsins. Þessar reglur hafa mótast af stjórnsýsluvenjum og verklagsreglum ráðuneytisins og um meðferð þessara mála gilda nú ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Rök þykja þó vera til þess að festa ýmsar grunnreglur um þetta efni í ættleiðingarlögum og er lagt til að svo verði gert með ákvæðum II. kafla. Gefur það borgurunum gleggri innsýn í gangverk þess ferlis sem liggur að baki útgáfu ættleiðingarleyfis. Lagasetning hlýtur þó að miðast við meginreglur um þetta og til fyllingar koma svo ýmsar stjórnvaldsreglur.

Ákvæði II. kafla tengjast ákvæðum I. kafla. Þar er mælt fyrir um hvaða stjórnvald leysi úr ættleiðingarmálum, sbr. 1. gr., svo og efnisskilyrði til ættleiðingar almenn og sérgreind. Með þessum ákvæðum er mótaður efnislegur grundvöllur að úrlausn um ættleiðingu.

Sérstök ástæða er til að benda hér á 1. mgr. 4. gr., sem segir að við úrlausn mála skuli jafnan hafa að leiðarljósi hvað barni sé fyrir bestu. Varðar það ákvæði beinlínis meðferð og úrlausn ættleiðingarmála.

Við meðferð mála út af ættleiðingum barna frá útlöndum reynir að nokkru á sérstök atriði. Er stefnt að því að fullgilda af Íslands hálfu Haag-samninginn frá 29. maí 1993 eins og áður er getið. Ber að sveigja meðferð og úrlausn ættleiðingarmála að kröfum hans. Eru nokkur sérstök ákvæði um það efni mótuð í VI., sbr. VII., kafla frum-varpsins.

Með ákvæðum þessa kafla er að því stefnt að treysta undirbúning að úrlausn ættleiðingarmála. Má einkum nefna nýmæli 17. gr. sem heimilar ráðherra að skipa þriggja manna sér-

fræðinganefnd er veiti faglega umsögn um einstakar umsóknir sem ráðuneytið æskir álits hennar um. Sú umsögn er þá til viðbótar við umsögn barnaverndarnefndar skv. 16. gr. Verulegt gagn gæti orðið að slíkri álitsgerð í ættleiðingarmálum þegar vafi leikur á hvort veiti skuli leyfi til ættleiðingar. Nýmæli er í 19. gr. er mælir fyrir um að taka skuli rökstudda ákvörðun þegar fyrirhugað er að veita leyfi til ættleiðingar þrátt fyrir að samþykki skv. 7. gr. liggi ekki fyrir eða samþykki hefur verið afturkallað. Þá má einnig nefna 20. gr. sem fjallar sérstaklega um úrskurð um höfnun umsóknar er vera skal rökstuddur. Þá er það nýmæli í 21. gr. að heimilt er að staðfesta með afturvirkum áhrifum ættleiðingarleyfi með ágalla.

Reglur stjórnsýslulaga og stjórnsýsluvenjur eiga almennt við um meðferð og úrlausn ættleiðingarmála nema öðruvísi sé fyrir mælt.

Um 15. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um umsókn um ættleiðingarleyfi. Á hún að vera skrifleg og rituð á eyðublað er ráðuneytið lætur í té. Má hér í dæma skyni nefna gögn sem rétt er að fylgi umsókn:

1. Fæðingarvottorð þess sem ættleiða á eða önnur ótvíræð persónuskilríki.
2. Gögn varðandi ráðstöfun barns í fóstur til umsækjenda.
3. Fæðingarvottorð umsækjenda eða önnur ótvíræð persónuskilríki.
4. Hjúskaparvottorð umsækjenda eða vottorð til staðfestingar á sambúð þeirra.
5. Sakavottorð umsækjenda sem ekki sé eldra en þriggja mánaða.
6. Ef sá sem ættleiða á er í hjúskap eða sambúð skal umsögn maka hans eða þess sem hann er í sambúð við fylgja umsókn.

Yfirlýsing um samþykki til ættleiðingar skal rita á eyðublað sem ráðuneytið lætur í té.

Er vissulega mikilvægt að sem allra gleggstra upplýsinga sé völ til grundvallar á úrlausn um ættleiðingu. Ráðuneytið getur mælt fyrir um eyðublöð vegna ættleiðingarmála í ýmsum samböndum þótt ekki sé um það mælt í lögum.

Um 16. gr.

Í fyrstu heildarlögunum um ættleiðingu hér á landi, nr. 19/1953, var í 8. gr. boðið að leita umsagnar barnaverndarnefndar og sóknarprests varðandi umsókn um ættleiðingarleyfi en það mun hafa tíðkast áður þótt ekki væri ákveðið í lögum. Ákvæði um umsagnir vegna fyrirhugaðrar ættleiðingar er nú í 8. gr. laga nr. 15/1978 en þar var felld niður umsögn sóknarprests. Um störf og starfshætti barnaverndarnefnda eru nú ákvæði í lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

Greinin mælir svo fyrir að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn áður en afstaða er tekin til hennar og er umsögn óhjákvæmilegur grundvöllur að úrlausn máls. Heppilegast er að ein og sama nefndin geti fjallað samfellt um mál, þ.e. kannað hagi og uppeldishæfni umsækjenda og aðstæður kynforeldra og barns þeirra, svo og rætt við barnið og metið hver afstaða þess sé til málsins. Vegna mismunandi búsetu er þessu ekki ávallt að heilsa. Samkvæmt greininni ræður búseta því hvaða barnaverndarnefnd fjallar um mál en sérákvæði er um það er barnaverndarnefnd hefur ráðstafað barni í fóstur og ber að veita henni kost á að tjá sig.

Skv. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er þungamiðjan í öllum úrlausnum um ættleiðingar að kanna jafnrækilega og kostur er hvað barni sé fyrir bestu. Kannanir barnaverndarnefndar og umsagnir reistar á þeim eru undirstöðuþáttur þess mats sem dómsmálaráðuneytið leysir af hendi. Hér varðar miklu að vandað sé til allra kannana og úrvinnslu af hálfu barnaverndar-

nefnda og starfsliðs þeirra. Dómsmálaráðuneytið hefur gefið út sérstakar leiðbeiningar til þeirra um þessi störf.

Til grundvallar umsögn liggja kannanir gerðar í því skyni að ganga úr skugga um hæfni og möguleika umsækjenda til að annast barn, búa því gott heimili og uppeldisumhverfi. Starfsmenn barnaverndarnefnda framkvæma yfirleitt þær kannanir sem þörf er á, þ.e. í stærri barnaverndarumdæmum. Þar eru allvíða starfsmenn sem búa yfir mikilli starfsreynslu og fagþekkingu á þessu sviði. Umsögn barnaverndarnefndar þarf að styðjast við slíkar kannanir og ber vissulega að vanda til þeirra.

Ástæða getur verið til að leita að auki eftir umsögn ættleiðingarnefndar, sbr. 17. gr. frumvarpsins, einkum ef vafi þykir leika á að skilyrðum 4. gr. frumvarpsins sé fullnægt.

Æskilegt væri að stofna til námskeiða fyrir barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra um þau sérhæfðu störf sem hér um ræðir.

Í hrd. 1959, bls. 49, segir að ekki ógildi það ákvörðun ráðuneytisins um ættleiðingu þótt umsögn barnaverndarnefndar hafi ekki legið frammi, enda sé slík umsögn ekki bindandi fyrir ráðuneytið. Í þessu málið stóð nokkuð sérstaklega á. Má fullyrða að ávallt sé nú leitað umsagnar barnaverndarnefndar í slíku máli.

Um 17. gr.

Víða um lönd, m.a. annars staðar á Norðurlöndum, er fjölþætt kerfi um afgreiðslu ættleiðingarumsókna og m.a. um málskotsstig stjórnsýslueðlis. Nefna má danska skipulagið til dæmis. Umsókn um ættleiðingu skal senda félagsmálamiðstöð sem aflar gagna um hagi barns, kynforeldra og kjörforeldra og um annað sem máli skiptir við mat á því hvort ættleiðing verði leyfð eða forsamþykki gefið út. Gögnin eru lögð fyrir samráðsnefnd um ættleiðingar, sem skipuð er lögfræðingi, lækni og félagsráðgjafa. Úrlausn þessarar nefndar er unnt að skjóta með stjórnsýslukæru til ættleiðingarnefndar, sem í sitja sérfræðingar og er löglærður maður formaður. Meðlimir þessara tveggja nefnda eru skipaðir af dómsmálaráðherra til fjögurra ára í senn. Í Noregi er það fylkismaður sem veitir leyfi til ættleiðingar norskra barna eftir könnun á því hvort skilyrðum til ættleiðingar sé fullnægt og könnun félagsmálayfirvalda á högum barns og umsækjenda og hæfni þeirra. Mögulegt er að kæra ákvarðanir hans til æskulýðs- og ættleiðingarskrifstofu ríkisins (Statens ungdoms- og adopsjons kontor). Sú skrifstofa veitir forsamþykki vegna ættleiðinga erlendra barna og eru ákvarðanir hennar kæranlegar til dómsmálaráðuneytisins.

Örðugt er að koma við slíku kerfi hér á landi og naumast þörf á því. Í 17. gr. frumvarpsins er hins vegar lagt til að komið verði á fót sérstakri ættleiðingarnefnd sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Eiga sæti í henni þrír sérfræðingar, lögfræðingur, læknir og sálfræðingur eða félagsráðgjafi. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Verksvið nefndarinnar er að veita sérfræðilega umsögn varðandi umsóknir sem ráðuneytið óskar álits um, einkum að því er varðar hæfi umsækjenda eða aðstæður þeirra til að ættleiða barn, eftir að lögboðin umsögn viðkomandi barnaverndarnefndar hefur borist ráðuneytinu, sbr. hér að framan. Þetta er nýmæli.

Umsögn sérfræðinganefndarinnar er til viðbótar við umsögn barnaverndarnefndar, svo sem áður er getið. Það er háð mati ráðuneytisins hvaða mál komi til umfjöllunar hjá nefndinni en gera verður ráð fyrir að ráðuneytið muni vísa máli til umsagnar nefndarinnar ef ósk umsækjenda kemur fram um það, nema alveg sérstakar ástæður mæli gegn því, auk þess sem ráðuneytið muni af sjálfsdáðum óska eftir umsögn nefndarinnar þegar það telur ástæðu til.

Gert er ráð fyrir að stjórnvaldsreglur verði settar um störf og starfsháttu nefndarinnar. Fela má henni fleiri verkefni, t.d. að standa fyrir rannsóknum á högum kjörbarna og ýmislegt

annað sem ættleiðingu varðar, svo sem framkvæmd ættleiðingarmála hér á landi og t.d. um ættleiðingar erlendra barna. Þess er vænst að starf nefndarinnar verði til öryggis við úrlausn þessara mála.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um útgáfu ættleiðingarleyfis. Boðið er að leyst skuli úr umsókn svo fljótt sem auðið er. Kannað skal af hálfu ráðuneytisins hvort almennum og sérgreindum lagaskilyrðum er fullnægt. Að því búnu er mál sent til umsagnar barnaverndarnefndar og eftir atvikum ættleiðingarnefndar og annarra umsagnaraðila, ef því er að skipta. Ber umsagnaraðilum einnig að hraða afgreiðslu mála eftir föngum. Að fenginni umsögn eða umsögnum fer fram rækileg könnun ráðuneytisins á því hvort unnt sé að fallast á umsókn og þá með þarfir og hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ef fallist er á umsókn er gefið út ættleiðingarleyfi þar sem ýmis atriði eru tilgreind, svo sem:

1. Nöfn kjörforeldra, kennitölur, lögheimili og dvalarstaður þeirra ef annar er en lögheimili.
2. Nafn þess sem ættleiddur er, kennitala, lögheimili og dvalarstaður hans.
3. Breyting á nafni þess sem ættleiddur er ef því er að skipta, sbr. 3. mgr. 13. gr. og 7. mgr. 14. gr. laga um mannanöfn, nr. 45/1996.

Ekki er gert er ráð fyrir því að tekin verði rökstudd skrifleg ákvörðun um að ættleiðingarleyfi verði gefið út. Það er því aðeins gert að samþykki til ættleiðingar liggi ekki fyrir, sbr. 19. gr. Leyfisveiting er tilkynnt þeim er málinu tengjast á þann hátt sem venja er.

Um 19. gr.

Ákvæðið á sér fyrirmynd í dönskum ættleiðingarlögum. Gert er ráð fyrir því að ef dómsmálaráðherra ákveður að veita leyfi til ættleiðingar þótt samþykki skv. 7. gr. liggi ekki fyrir eða samþykki hafi verið afturkallað, sbr. 10. gr., skuli tilkynna þeim sem fer með forsjá barns eða sérstökum lögráðamanni þess það með rökstuddri ákvörðun. Ættleiðingarleyfi er þá ekki gefið út heldur er tilkynnt um að fyrirhugað sé að gefa það út og sú ákvörðun er rökstudd. Í 22. gr. frumvarpsins er síðan mælt fyrir um að sá sem fer með forsjá barns eða sérstakur lögráðamaður þess hefur möguleika á að bera þessa ákvörðun undir dómstóla í því skyni að fá henni hnekkt.

Um 20. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Fjallar það um synjun á umsókn um ættleiðingarleyfi en um synjun á útgáfu forsamþykkis er fjallað í 33. gr.

Í 20. gr. segir að synjun leyfis skuli ávallt gerð með rökstuddum úrskurði. Horfir boðið um rökstuðning til réttaröryggis og er mikilvægt fyrir þann sem synjun sætir. Brotamikið væri og þarflítið að skylda ráðuneytið almennt til að rökstyðja leyfisveitinguna og hefur þetta ráðið þeim efnisstakki sem 20. gr. er sniðinn. Skv. 19. gr. er þó skylt að rökstyðja fyrirhugaða veitingu leyfis ef samþykki liggur ekki fyrir.

Um efni rökstuðnings er ákvæðið stílað með hliðsjón af 22. gr. stjórnsýslulaga.

Um 21. gr.

Greinin, sem er nýmæli, fjallar um staðfestingu ættleiðingarleyfis sem er með ágalla, þ.e. lögmæltum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt til útgáfu þess. Staðfesting hefur afturvirk áhrif, þ.e. gildi leyfisins telst frá útgáfu þess þrátt fyrir ágallana, t.d. þegar samþykki lögbærs aðila er ábótavant. Þetta ákvæði er stílað að fyrirmynd 9. gr. norsku ættleiðingarlag-

anna. Hér er bent á 2. mgr. 25. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, sem fellur að sínu leyti í sama farveg.

Þegar upp kemur að leyfi er með ágalla koma til álita ýmis viðbrögð. Hugsanlegt er að ráðuneytið afturkalli leyfið, sbr. 25. gr. stjórnsýslulaga, eða taki upp mál að nýju, sbr. 24. gr. laganna. Þá er hugsanlegt að málsaðili höfði mál með stoð í 60. gr. stjórnarskrárinnar með kröfu um að leyfið sé dæmt ógilt. Málsaðila verður þetta þó ekki alltaf hagsmunaefni. Þvert á móti kann hann að vilja að leyfið verði í gildi, en styrkum lagastoðum verði skotið undir það. Frá því sjónarmiði hæfir vel lausnin sem tekin er upp í 21. gr. frumvarpsins. Hún er næsta brotalítil og gæti meðferð máls verið mjög einföld í sniðum. Þessi tilhögun felur í sér að gildi leyfisins hefur ekki raskast þrátt fyrir ágallana, en það mál gæti horft öðruvísi við ef beitt væri stjórnsýsluúrræðunum sem að framan greinir. Í norsku lögunum er gengið svo langt að heimiluð er staðfesting eftir andlát kjörbarns eða kjörforeldris ef sérstaklega stendur á. Er það ákvæði einnig í 21. gr. frumvarpsins og á það einkum við um erfðamálefni.

Vafalaust er fágætt að á staðfestingu muni reyna en réttmætt þykir að hafa þessa heimild í frumvarpinu.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er í 22. gr. ákvæði um dómsmál vegna ákvörðunar dómsmálaráðherra um veitingu ættleiðingarleyfis þótt samþykki lögbærra manna liggi ekki fyrir, sbr. 19. gr. frumvarpsins. Í tengslum við það eru svo ákvæði 23. og 24. gr. varðandi réttarfar o.fl.

Þegar mál er höfðað til að fella úr gildi ættleiðingarleyfi með stoð í hinu almenna ákvæði 60. gr. stjórnarskrárinnar fer um það mál eftir reglum um meðferð einkamála, sbr. hér hrd. 1959, bls. 49, og 1984, bls. 1444. Meta dómstólar þá hvort lagaforsendum til útgáfu sé fullnægt, en geta ekki endurskoðað hið „frjálsa mat“ sem liggur til grundvallar úrlausn ættleiðingarumsóknar. Í sifjalaganefnd fóru fram ítarlegar umræður um hvort setja ætti ákvæði í frumvarpið er heimilaði dómstólum líka endurskoðun á hinu frjálsa mati stjórnvalda. Með því væri að nokkru brúað bil milli stjórnsýslukerfisins um úrlausn ættleiðingarmála og dómstólakerfisins sem gerð er grein fyrir í almennu athugasemdunum að framan. Var þetta rætt sérstaklega í ljósi réttarþróunar síðustu ára sem ætlar dómstólum aukinn hlut í úrlausn sifjamála. Þessi lausn hefði verið mjög sérstæð í vestnorrænum rétti og bíður það norrænnar endurskoðunar á ættleiðingarlögum að taka afstöðu til þessarar hugmyndar.

Um 22. gr.

Þegar dómsmálaráðherra hefur tekið ákvörðun um að hann muni veita leyfi til ættleiðingar, þrátt fyrir að samþykki skv. 7. gr. liggi ekki fyrir eða það hafi verið afturkallað, ber að tilkynna þeim sem fer með forsjá barns eða sérstökum lögráðamanni það með rökstuddri ákvörðun, sbr. 19. gr. Skv. 22. gr. geta þeir þá innan 30 daga frá því að þeim barst tilkynningin borið fram kröfu fyrir héraðsdómi um að ákvörðun ráðherra verði úr gildi felld. Gert er ráð fyrir að ákvörðun ráðherra verði send í ábyrgðarbréfi með móttökukvittun, þar sem sá háttur auðveldar sönnun fyrir því hvenær ákvörðunin barst viðkomandi. Er nauðsynlegt að hafa hér skamman málshöfðunarfrest í því skyni að hraða niðurstöðu máls. Þess má geta að málshöfðunarfrestur í Danmörku í þessum málum er 14 dagar.

Ef héraðsdómur hafnar kröfu stefnanda ber að fresta útgáfu ættleiðingarleyfis uns kærufrestur til Hæstaréttar er liðinn, sbr. 2. mgr. Eftir að úrskurður dómstóls sem hnekkir ákvörðun dómsmálaráðherra skv. 19. gr. gengur geta aðstæður aðila tekið breytingum og jafnvel geta komið fram nýjar upplýsingar er verulegu máli skipta. Getur velferð barns boðið að mál verði tekið upp að nýju í ljósi þessara nýju viðhorfa og ákvarðað verði að ættleiðing fari

fram. Um þessa nýju málsmeðferð fer þá samkvæmt ákvæðum 19. gr. og að sínu leyti samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Vísast mundi þetta vera fátítt en réttmætt þykir að setja sérstakt ákvæði um þetta efni til þess að taka af öll tvímæli. Reglur um bindandi úrslit sakarefnis í dómsmáli girða ekki fyrir ákvæði 3. mgr., enda er þar byggt á að málsefni sé breytt efnislega og að því leyti annað en það sakarefni sem dómstóll dæmdi um.

Ákvæði 22. gr. á að sínu leyti fyrirmynd í 13. gr. ættleiðingarlaga frá 1978. Ekki er vitað til þess að dómsmál hafi nokkurn tíma verið höfðað á grundvelli þeirrar greinar.

Um 23. gr.

Mælt er fyrir um að stefnandi skuli hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti í ættleiðingarmálum skv. 22. gr. Gert er ráð fyrir að þau dómsmál verði fátíð.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. segir að dómsmál skv. 22. gr. frumvarpsins skuli sæta almennri meðferð einkamála, sbr. lög nr. 91/1991, með þeim frávikum sem greinir í frumvarpi þessu.

Ákvæði 2. mgr. kveður á um að ekki megi án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í slíkum málum en dóminn og varði brot gegn þessu ákvæði sektum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að gæta skuli nafnleyndar við birtingu dóms. Regla þessi á sér fyrirmynd í 64. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Hér er um að ræða afar viðkvæm og persónuleg málefni og eiga sömu rök hér við og í barnalögum um að kveðið sé á um nafnleynd.

Um IV. kafla.

Kaflinn er einungis ein grein, 25. gr., sem fjallar um réttaráhrif ættleiðingar. Með lögum nr. 15/1978 var kveðið svo á að ættleiðing fæli í sér fjölskylduskipti og er þessi ættleiðingargerð sú eina sem í gildi er hér á landi, þ.e. svonefnd „sterk“ ættleiðing. Raunar var stigið mikilvægt skref í þessa átt með 18. gr. erfðalaga, nr. 8/1962. Í ýmsum löndum hefur ættleiðing ekki í för með sér fjölskylduskipti að fullu heldur haldast tengsl kjörbarns við kynforeldra að vissu marki, t.d. um erfðaréttindi. Sums staðar er hægt að velja á milli þessara tvenns konar gerða þegar til ættleiðingar er stofnað. Hvarvetna á Norðurlöndum er ættleiðing með gagngerum fjölskylduskiptum hin eina lögformlega ættleiðingargerð og hefur svo verið áratugum saman. Í öðrum Evrópulöndum hefur þessi gerð unnið allmikið á síðustu ár og áratugi.

Ekki þykir koma til greina að breyta skipan laga nr. 15/1978 um þetta efni að stofni til. Hins vegar hafa verið ræddar ýmsar hugmyndir í sifjalaganefnd er tengjast réttaráhrifum ættleiðingar beint eða óbeint.

Um áhrif ættleiðingar á *ríkisfang* hins ættleidda er rætt hér að framan, sbr. 2. gr. a laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, sbr. lög nr. 62/1998. Fellur lausn laganna vel að hugmyndum sem sifjalaganefnd hafði mótað.

Í norsku ættleiðingarlögunum, 14. gr., og ættleiðingarlögum allvíða í Bandaríkjunum eru ákvæði þess efnis að unnt sé samkvæmt ósk kynforeldra að setja ákvæði í ættleiðingarleyfi (-dóm) um *trúfélagstengsl* barnsins, t.d. að það verði alið upp í kaþólskri trú allt til sjálfræðisaldurs (hér á landi yrði miðað við 15 ára aldur, sbr. lög nr. 18/1978, 6. gr.) Þetta er mikið grundvallaratriði allvíða. Lítt hefur reynt á óskir kynforeldra um þetta efni hér á landi. Þegar af þeirri ástæðu þykir ekki efni til að taka slíkt ákvæði í frumvarp þetta.

Kunnugt er um ákvæði í erlendum ættleiðingarlögum er heimila að kynforeldri verði veittur réttur til *umgengni* við barn eftir ættleiðingu svo sem áður er vikið að. Í norrænum rétti

er fyrir þetta girt og er slíkt lagaúrræði talið andstætt þeirri skipan að ættleiðing feli í sér fjölskylduskipti. Hvað sem öðru líður ætti slík breyting, ef til kemur, að fara fram í samráði við önnur norræn ríki.

Allvíða í íslenskum lögum er vikið að foreldrum og börnum án skýrgreiningar. Rís þá sá lögskýringarvandi hvort með því orðalagi sé m.a. átt við kjörforeldra og kjörbörn. Sifjalaganefnd ræddi þá hugmynd að sett yrði skýringarákvæði í frumvarpið þess efnis að þar sem orðin foreldrar og börn kæmu fyrir í lögum bæri að líta svo á að þau tækju til kjörforeldra og kjörbarna nema lögskýringargögn leiddu til annars. Um þetta er fyrirmynd í sænsku ættleiðingarlögunum. Þá væri verið að lögfesta sérstaka lögskýringarreglu. Lagaákvæðin eru margvísleg hér á landi sem að þessu lúta. Lagaástæður geta verið mismunandi og lögskýringargögn horft misjafnlega við. Þykir ekki ráðlegt að lögfesta slíka lögskýringarreglu. Tekið skal fram að oft standa rök til þess að túlka þau ákvæði er hér greinir svo að þau nái til kjörforeldra og kjörbarna (sbr. Almenna lögfræði eftir Ármann Snævarr, 1988, bls. 459).

Um 25. gr.

Greinin er sama efnis og 1. og 2. mgr. 15. gr. ættleiðingarlaga og nálega samhljóða. Er hér mælt fyrir um að ættleiðing leiði til fjölskylduskipta og að frá ættleiðingu rofni almenn lagatengsl við kynforeldri. Ættleiðing er því geysilega áhrifarík og veldur straumhvörfum í lífi kjörbarns, kynforeldra og kjörforeldra, eins og áður segir. Í fjölskylduskiptum felst m.a. að forsjá barns flyst til kjörforeldra, þeir verða framfærsluskyldir við barnið, en framfærsluskylda kynforeldra fellur niður. Um þetta er sérákvæði í 1. mgr. 16. gr. laga nr. 15/1978. Ekki þykir þörf á því vegna ákvæðis 1. mgr. 25. gr. frumvarpsins þar sem þetta felst í því ákvæði, sbr. og 9. gr. barnalaga. Um erfðarétt segir í erfðalögum, nr. 8/1962, 5. gr. Um ríkisfang kjörbarns eru ákvæði í 2. gr. a laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, sbr. lög nr. 62/1998, og í mannanafnalögum, nr. 45/1996, 13. og 14. gr., eru ákvæði um áhrif ættleiðingar á nöfn kjörbarns (eiginnafn, millinafn, kenninafn). Þar sem barn fær stöðu sem „eigið barn kjörforeldra“ er ljóst að barnalög gilda einnig um þau, sbr. til hliðsjónar 1. gr. og 6. mgr. 29. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Um kjörbörn gilda sömu reglur og um eigin börn kjörforeldra, t.d. um sköttun, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1981, eða í tengslum við vanhæfi dómara, sbr. t.d. lög nr. 91/1991, 5. gr. d-lið, eða vanhæfi stjórnvalda, sbr. stjórnsýslulög, nr. 37/1993, 2. tölul. 3. gr. Í lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, t.d. 30. gr., sbr. þó 14. gr., og lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, er þetta einnig meginregla og sama gildir um lög um lífeyrisréttindi, sbr. t.d. lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, 16. gr., og lög um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 95/1980, 13. gr. Skv. 10. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, mega kjörforeldrar og kjörbörn ekki giftast hvert öðru, nema ættleiðing sé felld niður. Með þessu frumvarpi er að því stefnt að afnema heimild til að fella niður ættleiðingu. Þess ber að geta að hjúskapartálmi 9. gr. hjúskaparlaga, um að skyldmenni í beinan legg og systkin megi ekki ganga í hjúskap, er talinn gilda milli þess sem ættleiddur var og ættmenna hans í beinan legg og systkina er hann átti fyrir ættleiðinguna. Er það í samræmi við lagaframkvæmd í Danmörku og víðar. Um vanhæfi til vottunar erfðaskrár vísast til erfðalaga, nr. 8/1962, 41. gr.

Af öðrum dæmum má nefna ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 201 gr., sbr. lög nr. 40/1992, þar sem fjallað er um að kynmök kjörforeldris og kjörbarns varði kjörforeldrið refsingu.

Við samningu frumvarps þessa hafa m.a. verið athuguð einstök ákvæði í lögum utan sviðs ættleiðingarlaga er varða stöðu kjörbarna og þá ekki síst frá sjónarmiði þjóðréttarsamninga. Hér skal þess getið að æskilegt er að í mannanafnalögum, nr. 45/1996, verði kveðið svo á

með tilliti til markmiða sem reifuð eru í upphafi Haag-samningsins, sbr. og 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989, að ræða skuli við barn yngra en 12 ára um fyrirhugaða nafnbreytingu og leita eftir skoðun þess, ef gerlegt þykir með hliðsjón af aldri þess, þroska og málsatvikum.

Svo sem greint var mælir 25. gr. frumvarpsins fyrir um að ættleiðing feli í sér fjölskylduskipti. Er ættleiðing sem fyrr einskorðuð við þessa gerð og girt fyrir að annar háttur sé á hafður, sbr. þó síðar um heimild til að virða erlendar ættleiðingar. Þetta er undirstöðuregla í íslenskum ættleiðingarrétti. Felst í ákvæðinu að sömu reglur gildi um kjörbarn og eigið barn foreldra. Er óæskilegt að frá þessu sé vikið í lögum, nema alveg sérstaklega standi á, sbr. einkum þá staðreynd að blóðbönd eru ekki milli kjörbarns og kjörforeldra, sbr. og 10. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, frá því sjónarmiði.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 15. gr. ættleiðingarlaga en bætt er við að sama gildi ef sá sem er í óvígðri sambúð ættleiðir barn sambúðarmaka síns.

Í 3. mgr. 15. gr. ættleiðingarlaga frá 1978 er ákvæði um áhrif ættleiðingar á nafn kjörbarns. Um það efni er nú fjallað í 13. og 14. gr. mannanafnalaga, nr. 45/1996. Er ákvæði er samsvarar 3. mgr. 15. gr. ekki í þessu frumvarpi.

Svo sem áður greinir þykir ekki þörf á ákvæði í frumvarpi þessu er svari til 16. gr. ættleiðingarlaga.

Af greinargerðinni hér að framan er sýnt að lagastefnan er sú að staða kjörbarns verði sem svipuðust stöðu eigin barns ættleiðenda. Verður þetta raunar enn sýnna ef fylgt verður þeirri stefnu frumvarpsins að afnema reglur um niðurfellingu ættleiðingar, sbr. III. kafla ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, sbr. athugasemdir síðast í þessari greinargerð.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru þau nýmæli að kveðið er svo á að kjörforeldrar skuli skýra kjörbarni frá því „jafnskjótt og það hefur þroska til að það sé ættleitt“. Skal það að jafnaði gert eigi síðar en þegar barn verður sex ára, sbr. 26. gr. Jafnframt eru fyrirmæli í 27. gr. um að kjörbarn sem orðið er 18 ára eigi rétt á að fá tiltækar upplýsingar um það frá dómsmálaráðuneytinu hverjir séu kynforeldrar þess eða fyrri kjörforeldrar.

Ákvæði 26. og 27. gr. frumvarpsins eru að vísu sitt með hvoru móti. Þau stefna þó að sama marki, þ.e. að barn fái vitneskju á unga aldri um að það sé kjörbarn og eigi þess kost síðar, þegar það hefur náð þroska ungmennis, að fá upplýsingar um kynforeldra sína að svo miklu leyti sem gögn um það eru tiltæk. Milli þessara ákvæða eru því hugmyndatengsl.

Um 26. gr.

Í rannsóknum sálfræðinga, uppeldisfræðinga og fleiri sérfræðinga kemur glögglega í ljós að miklu varðar fyrir velferð kjörbarns að það alist upp með vitneskju um að það sé kjörbarn og eigi einnig aðra foreldra en kjörforeldrana, og að það séu kjörforeldrarnir sem skýri barninu frá þessu. Eru hörmuleg dæmi um að aðrir, t.d. leikfélagar, segi barni frá þessu jafnvel í stríðnistón. Getur slíkt orðið barninu þungbært áfall sem kann að hafa í för með sér að trúnaður milli barns og kjörforeldris bíði hnekki. Orkar ekki tvímælis að stuðla beri að því að kjörforeldrar ræki þessa foreldraskyldu. Almenn uppeldisviðhorf veita leiðsögn í þessu efni. Allt að einu þykir þó réttmætt að kveða í ættleiðingarlögum á um skyldu foreldra í þessu efni. Lögskráningin festir uppeldisskylduna og áréttar ábyrgð foreldranna. Er ákvæði 26. gr. frumvarpsins á þessu reist. Hliðstætt ákvæði er í 12. gr. norsku ættleiðingarlaganna og þykir hafa gegnt góðu hlutverki þótt vissulega sé torvelt að tengja sérstök viðurlög við slíkt ákvæði. Í frumvarpinu felst að hér sé um foreldraskyldu að ræða í merkingu VI. kafla barna-

laga. Um innviði svipar ákvæðinu til 1. mgr. 29. gr. þeirra laga. Ætti ákvæðið að treysta uppeldisviðhorf á þessu sviði.

Skv. 26. gr. skulu foreldrar skýra barni frá því „jafnskjótt og það hefur þroska til að það sé ættleitt“. Í norska textanum er hér notað orðalagið „jafnskjótt og ráðlegt þykir“. Þroski barnsins hlýtur hér að vera greinimarkið. Að athuguðu máli þótti rétt að setja það ákvæði í texta greinarinnar að slíkt skyldi að jafnaði gert eigi síðar en þegar barn nær sex ára aldri, þ.e. við upphaf skólagöngu. Með því verður ákvæðið markvissara en ella væri og felur í sér fyllri viðmiðunarreglu. Aðstæður geta verið mismunandi og mjög oft er ástæða til að ræða málið við barnið allmiklu fyrr en við upphaf skólagöngu. Meginsjónarmiðið er að barnið fái fyrst vitneskju um þetta frá kjörforeldrunum en ekki öðrum. Ætti það viðhorf að vera kjörforeldrum að leiðarljósi. Samkvæmt ákvæðinu er kjörforeldrum skylt að skýra kjörbarni frá því að það sé ættleitt „jafnskjótt og það hefur þroska til“. Í þessu felst að kjörforeldrar hafi vakandi auga með þroska barnsins og ræði málið við það þegar ætla má að það sé svo þroskað að það skilji málið. Gát þarf að hafa í þessu efni og búa barnið vel undir að það fái vitneskju um að það sé ættleitt. Hér getur reynt á sérstök sjónarmið um erlend börn.

Ekki er heiglum hent að koma við könnun á því af opinberri hálfu hvort þessari foreldraskyldu er gætt. Við ráðgjöf og leiðsögn um ættleiðingu er mikilvægt að benda á þetta ákvæði ef að lögum verður. Unnt er að láta upplýsingar um það fylgja ættleiðingarleyfi hverju sinni.

Ákvæði 2. mgr. er tilkomið samkvæmt tillögu sem kom fram bæði hjá félagsmálaráðuneyti og barnaverndarnefnd Reykjavíkur í umsögnum þeirra um frumvarpið. Mikilvægt er að barni sé skýrt frá þessu út frá hugmyndaheimi og forsendum þess.

Um 27. gr.

Hér er mælt fyrir um rétt kjörbarns til að öðlast upplýsingar um hverjir séu kynforeldrar þess eða fyrri kjörforeldrar. Kjörbörn eiga réttmæta kröfu til þess eftir því sem tiltæk gögn leiða í ljós. Á þetta við um öll kjörbörn, einnig þau sem ættleidd eru fyrir gildistöku þessa ákvæðis, ef að lögum verður. Rétt þykir að hafa sérstakt ákvæði í þessu frumvarpi um þetta efni, ekki síst vegna erlendra kjörbarna og ákvæða Haag-samningsins sem farið skal nokkrum orðum um.

Í 30. gr. Haag-samningsins er ákvæði um þennan rétt og einnig um varðveislu gagna, m.a. um kynforeldra barnsins. Réttur barns til þessara upplýsinga er háður löggjöf í viðtökuríkinu þ.e. íslenskri löggjöf hér á landi. Samningurinn skyldar hins vegar ekki upprunaríkið til þess að láta í té slíkar upplýsingar og veltur það á löggjöf þess ríkis (heimaríkis barns) hvort þær upplýsingar fylgi með ættleiðingargögnum eða verði veittar síðar. Ákvæði 27. gr. um upplýsingar eru samkvæmt eðli máls takmarkaðar við þau gögn sem tiltækileg eru hjá dómsmálaráðuneytinu og þau gögn sem ráðuneytið hefur tök á að afla hjá öðrum stofnunum, m.a. eftir atvikum hjá löggiltum ættleiðingarfélögum hér á landi.

Í 30. gr. Haag-samningsins er ekki eingöngu rætt um rétt til upplýsinga um kynforeldra heldur einnig um heilbrigði barnsins, m.a. arfgenga sjúkdóma.

Í löggjöf erlendis er sums staðar sleginn sá varnagli að réttur til innsýnar í gögn um kynforeldra eigi ekki við ef kynforeldrar, annar eða báðir, hafa óskað þess að slíkar upplýsingar verði ekki veittar og ráðuneyti sem í hlut á fallist á það. Þessi fyrirvari er ekki í 27. gr. frumvarpsins. Benda má hér á 3. mgr. 9. gr. upplýsingalaganna.

Í 30. gr. Haag-samningsins er einnig vikið að rétti umboðsmanna eða fulltrúa barns til að fá aðgang að framangreindum upplýsingum. Þá er sérstaklega átt við kjörforeldra og eftir atvikum lögráðamann barnsins.

Vakin er athygli á að skv. 2. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, gilda þau ekki „ef á annan veg er mælt í þjóðréttarsamningum, sem Ísland er aðili að“. Gæta ber þessa ef Haag-samningurinn verður fullgiltur af Íslands hálfu.

Samkvæmt greininni er aðgangur aðila bundinn við dómsmálaráðuneytið, en á vegum þess er athugað hvort völ sé á gögnum frá öðrum stofnunum.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um ættleiðingar barna erlendis. Samkvæmt tölfræðiupplýsingunum í almennum kafla þessarar greinargerðar kveður allmikið að ættleiðingum erlendra barna af hálfu kjörforeldra sem búsettir eru hér á landi. Er sá fjöldi töluvert breytilegur frá ári til árs. Fjölmennasti hópur ættleiddra barna er frá Sri Lanka, en næstfjölmennastur frá Indlandi. Frá fyrrnefnda landinu fór síðasta ættleiðing fram 1987, en frá hinu síðarnefnda hafa börn verið ættleidd að kalla samfellt frá 1988.

Almenn ákvæði ættleiðingarlaga eiga vitaskuld við um ættleiðingar sem fram fara á erlendum börnum hér á landi bæði um það hver leysi úr ættleiðingarumsóknum, um almenn og sérgreind skilyrði ættleiðinga, þ.e. gjöld vegna ættleiðinga, umsóknir um þær og reglur um meðferð og úrlausn máls, réttaráhrif ættleiðinga o.s.frv. Við ættleiðingar milli landa reynir þó á ýmis sérstæð vandamál sem m.a. hafa orðið efni til Haag-samningsins frá 29. maí 1993. Samhliða þessu frumvarpi er lögð fyrir Alþingi tillaga utanríkisráðherra til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samninginn.

Ákvæði kaflans eru í tengslum við Haag-samninginn. Í 28. gr. frumvarpsins er kveðið á um framkvæmd samningsins verði hann fullgiltur. Í 29. gr. er mælt fyrir um heimild manna búsettra hér til að ættleiða barn erlendis. Þarf dómsmálaráðherra að samþykkja það fyrir fram með útgáfu forsamþykkis. Í frumvarpi þessu er notað orðið forsamþykki yfir það skjal er hingað til hefur verið kallað vilyrði. Þykir orðið forsamþykki eiga betur við um efni skjalsins. Í Noregi er notað „forhåndssamtykke“ yfir sambærilegt skjal.

30. gr. fjallar um umsókn um forsamþykki. Væntanlegir kjörforeldrar erlendra barna sem koma oft úr framandi umhverfi þurfa að búa sig undir uppeldishlutverk sitt að nokkru með öðrum hætti en þegar þeir taka að sér íslenskt barn til ættleiðingar. Er æskilegt að þeir njóti sérstakrar fræðslu í þessu sambandi og kynni sér m.a. eftir föngum það þjóðfélag sem börnin koma frá og ýmsa þjóðlífshætti. Í 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins er lagt til að dómsmálaráðherra geti mælt fyrir um að umsækjendum um ættleiðingu erlendra barna sé gert skylt að sækja námskeið um framangreint efni. Er gert ráð fyrir að reglugerð verði þá sett um tilhögun þess. Fyrirmynd þessa ákvæðis er í frumvarpi sem nú liggur fyrir danska þinginu um breytingu á dönsku ættleiðingarlögunum.

Varðandi samþykki forsjármanna barns til ættleiðingar sem veitt er erlendis ber höfuðnauðsyn til að tryggja að það sé veitt af frjálsum vilja og staðfest fyrir þar til bærum yfirvöldum eða dómstól, og að samþykkjandi hafi notið fræðslu um réttaráhrif ættleiðingar. Að þessu stefna ákvæði Haag-samningsins frá 1993.

Dómsmálaráðuneytið kannar umsóknir um forsamþykki eftir almennum reglum og gengur að fenginni umsögn barnaverndarnefndar og eftir atvikum ættleiðingarnefndar, sbr. 31. gr., úr skugga um að umsækjendur fullnægi lagaskilyrðum til ættleiðingar og séu hæfir uppalendur barns. Að því búnu gefur ráðuneytið út forsamþykki, sbr. 32. gr. Um form og efni synjunar á útgáfu forsamþykkis fer sem um synjun á umsókn um ættleiðingarleyfi svo sem áður greinir, sbr. 33. gr. frumvarpsins.

Víða um lönd þykir tryggilegast að stjórnvöld og löggilt ættleiðingarfélög annist milligöngu um ættleiðingar á milli landa. Á síðustu árum hefur Íslensk ættleiðing, sem viðurkennd

er af dómsmálaráðuneytinu, séð um slíka milligöngu og m.a. komið á sambandi milli væntanlegra ættleiðenda og stjórnvalda eða ættleiðingarfélaga í heimaríki barns. Segja má að Haag-samningurinn stefni að því að löggilt ættleiðingarfélög eða stjórnvöld annist þessa milligöngu. Í 34. og 35. gr. frumvarpsins eru ákvæði um ættleiðingarfélög og milligöngu um ættleiðingar. Er dómsmálaráðherra heimilað að löggilda slík félög og setja reglugerð um þau, sbr. 34. gr. Getur ráðherra mælt svo fyrir að þeim er ættleiða vilja barn erlendis sé skylt að leita aðstoðar við ættleiðinguna hjá löggiltu ættleiðingarfélagi. Jafnframt er svo fyrir mælt í 35. gr. að slík félög ein hafa milligöngu um ættleiðingar. Ákvæði 34. og 35. gr. eru nýmæli í ættleiðingarlögum og eru stíluð m.a. með hliðsjón af norrænum lögum.

Um 28. gr.

Hér eru fyrirmæli um að dómsmálaráðherra hafi yfirumsjón með framkvæmd Haag-samningsins frá 29. maí 1993 verði hann fullgiltur. Skv. 6. gr. samningsins á hvert aðildarríki að tilkynna hvaða stjórnvald innan ríkisins muni takast á hendur ábyrgð á framkvæmd samningsins, svonefnt miðstjórnarvald. Hér á landi hlýtur þetta að koma í hlut dómsmálaráðuneytisins, þar sem þegar hefur fengist mikil reynsla af skiptum við erlend ríki vegna ættleiðinga. Í samningnum eru miðstjórnarvaldi fengin margvísleg verkefni og skuldbindingar á það lagðar og því er ætlað að vera þungamiðjan í allri framkvæmd samningsins. Vísað er til 6.–9., 14.–22. og 33. gr. samningsins.

Fullnægjandi þykir að hafa almennt ákvæði um þetta efni, en nánari reglur má setja í reglugerð. Hliðstætt ákvæði er í dönskum ættleiðingarlögum.

Tekið skal fram að ekki er mælt fyrir um að Haag-samningurinn hafi lagagildi hér á landi, svo sem gert er með sænskum lögum frá 1997. Vitaskuld ber að gæta ákvæða samningsins verði hann fullgiltur, svo sem er um skuldbindingargildi þjóðréttarsamninga sem fullgiltir eru af Íslands hálfu. Lagastaðan er hin sama í Danmörku og Noregi og er hér tekin sú stefna að leita með frumvarpi þessu eftir lögfestingu ákvæða sem fela í sér grundvöll fyrir fullgildingu samningsins og framkvæmd hans hér á landi.

Um 29. gr.

Hér segir að þeim sem búsettir eru hér á landi og ættleiða vilja barn erlendis sé það óheimilt nema dómsmálaráðherra samþykki það fyrir fram með útgáfu forsamþykkis. Þetta ákvæði er í samræmi við venjur og ákvæði Haag-samningsins 14.–18. gr.

Um 30. gr.

Eins og fram kemur í 1. mgr. leysir dómsmálaráðherra úr umsókn um útgáfu forsamþykkis. Í 17. gr. Haag-samningsins felst að barn verður ekki ættleitt eða afhent til ættleiðingar, nema slíkt skjal frá viðtökuríki liggi fyrir og miðstjórnarvöld beggja ríkja samþykki að ættleiðing megi fara fram. Forsamþykki er byggt á íslenskum lögum um lagaskilyrði fyrir ættleiðingu, sbr. I. kafla frumvarpsins og afla verður m.a. umsagnar barnaverndarnefndar, sbr. 31. gr., og e.t.v. ættleiðingarnefndar, sbr. 17. gr., og annarra gagna sem þörf krefur. Í umsókn á að greina grundvallarupplýsingar um hagi umsækjenda. Hún skal rituð á sérstakt, þar til gert eyðublað. Í umsókn skal auk nafna og kennitalna koma fram hve lengi umsækjendur hafi verið giftir eða í óvígðri sambúð. Þá er rétt að ganga m.a. eftir fæðingarvottorðum, hjúskaparvottorði, sakavottorðum, heilsufarsvottorðum og skattskýrslum. Ef umsækjendur hafa snúið sér beint til heimalands barns án milligöngu ættleiðingarfélags hér á landi skulu koma fram upplýsingar í umsókn um frá hvaða landi barn óskast ættleitt og við hvaða stjórnvöld (ættleiðingarfélag) haft hafi verið samband í heimalandi barns. Ef löggilt ættleiðingarfélag

hér á landi hefur milligöngu í málinu, sbr. 34. og 35. gr., liggja fyrir upplýsingar um þau lönd sem félagið hefur samband við og það er löggilt til að hafa samstarf við. Því er ekki nauðsynlegt að taka fram frá hvaða landi barn óskast ættleitt í umsókninni og geta umsækjendur tilgreint það síðar við meðferð umsóknar.

2. mgr. er nýmæli. Er lagt til að dómsmálaráðherra geti kveðið svo á í reglugerð að umsækjendum skv. 1. mgr. sé skylt að sækja námskeið um ættleiðingu erlendra barna og geti hann mælt fyrir um tilhögun námskeiðs og gjaldtöku. Gert er ráð fyrir að markmið námskeiðsins verði að gera þátttakendur þess betur í stakk búna til að ættleiða barn frá öðru landi. Þar skuli veita fræðslu og upplýsingar um það sem er samfara því að ættleiða erlent barn og gera að nokkru grein fyrir þjóðlífsháttum í þeim löndum sem flest börnin koma frá. Hér er miðað við að námskeið sem þetta verði sótt af þeim sem hugleiða að ættleiða barn frá öðru landi áður en umsókn um forsamþykki er lögð fram eða áður en forsamþykki er gefið út. Í Hollandi hafa skyldunámskeið sem þessi verið haldin um árabil og þá áður en umsókn er lögð fram um forsamþykki. Það vekur athygli að 30% þátttakenda námskeiðanna láta ekki af því verða að sækja um forsamþykki. Í dönsku lagafrumvarpi um breyting á ættleiðingarlögum er að finna ákvæði um að umsækjendum um forsamþykki sé skylt að sækja námskeið vegna fyrirhugaðar ættleiðingar barns frá öðru landi eftir að þeir hafa lagt inn umsókn sína og kannað hefur verið af stjórnvöldum þar í landi að þeir uppfylli öll skilyrði. Vissulega hefur ráðgjöf í þessu efni verið veitt af hálfu Íslenskrar ættleiðingar og á vegum barnaverndarnefnda. Hér þarf þó að auka ráðgjöf. Til viðbótar við námskeið þau, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., er á því byggt að ráðgjöf og upplýsingar verði veitt af löggiltu ættleiðingarfélagi og barnaverndarnefndum að sínu leyti. Væntanlega verður það verkefni ráðuneytisins að sjá til þess að námskeið þau, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., verði í boði og taki ráðuneytið þátt í skipulagningu þeirra. Þá er gert ráð fyrir að námskeið verði haldin reglulega og að þátttakendur þeirra greiði þátttökugjald.

Um 31. gr.

Hér er boðið að leita umsagnar barnaverndarnefndar, sbr. og 16. gr. Einnig er vikið að því í 2. mgr. að unnt sé að leita umsagnar ættleiðinganefndar, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra taki afstöðu til umsóknar um forsamþykki að fenginni umsögn barnaverndarnefndar og eftir atvikum ættleiðingarnefndar og að lokinni könnun málsins. Leysa skal úr máli svo fljótt sem auðið er og er það í samræmi við 35. gr. Haag-samningsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hvaða atriði skulu koma fram í forsamþykki og tekur ákvæðið mið af verklagi í ráðuneytinu um árabil og IV. kafla Haag-samningsins um kröfur um málsmeðferð við ættleiðingu milli landa.

Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að forsamþykki gildi í tvö ár frá útgáfu þess skv. 3. mgr., en þó megi ef sérstaklega stendur á ákvarða gildistíma forsamþykkis skemmri. Ef óskað er endurnýjunar á forsamþykki þá ber ráðuneytinu að leita eftir umsögn barnaverndarnefndar um það hvort aðstæður umsækjenda hafi breyst frá því að könnun á högum þeirra og hæfni fór síðast fram. Enn fremur er gert ráð fyrir því að skilað verði nýjum sakavottorðum, læknisvottorðum og skattskýrslum.

Í 4. mgr. segir um heimild dómsmálaráðherra til afturköllunar forsamþykkis hvort sem er vegna breyttra aðstæðna umsækjenda eða vegna þess að upplýsingar er máli skipta reynast rangar.

Um 33. gr.

Í þessu ákvæði segir að synjun um útgáfu forsamþykkis verði í formi úrskurðar og fer um hann að efni og formi samkvæmt því sem segir í 20. gr. Rökstuðningur horfir misjafnlega við eftir málsatvikum, en öll meðferð og úrlausn máls á að vera vönduð samkvæmt góðum stjórnsýsluvenjum. Að öðru leyti vísast til umsagnar um 20. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Af tölum um ættleiðingarleyfi hér að framan verður ráðið að allmikill hluti ættleiddra barna hér á landi er af erlendu bergi brotinn. Sú tala hefur þó verið mjög breytileg og hefur síðustu árin verið lægri en oft áður. Reynslan víða um lönd, og ekki síst á Norðurlöndum, bendir í þá átt að tryggilegast sé að löggilt félög með starfsmönnum, sem hafa reynslu á þessu sviði, annist í sem flestum tilvikum milligöngu um ættleiðingar erlendra barna. Með löggildingu slíkra félaga er stuðlað að því að samskipti verði við þar til bær stjórnvöld erlendis eða viðurkenndar stofnanir þar sem annast ættleiðingarþjónustu. Slíkt fyrirkomulag tryggir betur en endranær að vandlega sé gengið frá samþykki kynforeldra eða þess sem fer með forsjá barns, sbr. 7. gr., og að ekki fari fram óeðlilegar fjárgreiðslur í tengslum við ættleiðinguna. Þetta mál var tekið til víðtækrar umræðu og könnunar á Haag-ráðstefnunni sem gekk frá framangreindum samningi frá 29. maí 1993. Munu umræður þar mjög hafa hnigið að því að ættleiðingar milli landa færu ávallt um hendur löggiltra félaga, þótt samningurinn sjálfur sé ekki einskorðaður við slíka skipan.

Ákvæði 34. gr. frumvarpsins er stílað með hliðsjón af norrænum lögum. Þar er í 1. mgr. mælt fyrir um að dómsmálaráðherra löggildi félög til milligöngu um ættleiðingu erlendra barna og í 2. mgr. segir að löggildingin skuli vera tímabundin og að í löggildingarskjali skuli greint til hvaða erlendra ríkja hún taki. Í 3. mgr. 34. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um skilyrði fyrir löggildingu félaga og hafi eftirlit með starfsemi þeirra. Hann getur afturkallað löggildingu ef félag fullnægir ekki lengur starfsskilyrðum.

Félagið Íslensk ættleiðing hefur um nokkurt skeið, eða frá 1978, annast milligöngu um ættleiðingar erlendra barna. Með almennri yfirlýsingu á árinu 1987 mælti dómsmálaráðuneytið með félaginu sem aðila til samskipta við erlend stjórnvöld og ættleiðingarfélög vegna þessarar umsýslu. Almenn löggilding hefur ekki verið veitt enda ekki lagastoð fyrir því. Félagið hefur annast milligöngu um mikinn hluta ættleiðinga erlendra barna sem fram hafa farið hér á landi á síðustu árum.

Þá er sífellt meiri áhersla lögð á fræðslustarf og aukinn undirbúning af hálfu félagsins til verðandi kjörforeldra. Íslensk ættleiðing er stofnfélagi í samtökum ættleiðingarfélaga í Evrópu, EurAdopt, sem stofnuð voru 1993 og árið 1995 gerðist Íslensk ættleiðing aðili að samtökum norrænna ættleiðingarfélaga, Nordic Adoption Council.

Um 35. gr.

Hér er lagt til í 1. mgr. að löggilt ættleiðingarfélög ein megi hafa milligöngu um ættleiðingar erlendra barna, þ.e. að koma á sambandi milli þeirra sem óska eftir að ættleiða barn, sem búsett er erlendis, og stjórnvalds og viðurkenndra ættleiðingarfélaga í heimalandi barnsins. Er hér m.a. fylgt ákvæði í norsku barnaverndarlögunum, nr. 100/1992, sbr. einnig norskt frumvarp frá 1998. Ákvæði 1. gr. tekur þó ekki til lögfræðilegrar þjónustu eða annarrar sviptaðar þjónustu sem er veitt vegna samskipta við dómsmálaráðuneyti, barnaverndarnefndir, ættleiðingarnefnd eða ættleiðingarfélög eða til að afla nauðsynlegra gagna. Í 2. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að mæla svo fyrir að þeim er ættleiða vilja erlent barn sé skylt að

leita aðstoðar löggilts ættleiðingarfélags. Á síðustu árum hafa langflestir umsækjendur um ættleiðingar barna frá öðrum löndum notið milligöngu ættleiðingarfélags hér á landi.

Í 3. mgr. segir að starfsemi samkvæmt þessari grein skuli ávallt hafa að leiðarljósi það sem telja verði að sé barni til gagns. Þykir ástæða til að setja starfseminni það stefnumið. Enn fremur er í 3. mgr. ákvæði um að liðsinni skv. 1. mgr. megi ekki leiða til óhæfilegs ávinnings. Er miðstjórnarvaldi í Haag-samningnum boðið að hindra „óeðlilegan ávinning, fjárhagslegan eða annan í tengslum við ættleiðingu“. Tekur orðalag 3. mgr. 35. gr. frumvarpsins mið af þessu ákvæði.

Í 4. mgr. 35. gr. er ákvæði um sektir vegna brota á ákvæðum greinarinnar.

Um VII. kafla.

Ákvæði VII. kafla eru að verulegu leyti nýmæli að því er lögskráðar reglur varðar.

Í þessum kafla er ákvæði um lögsögu dómsmálaráðuneytisins varðandi meðferð og úrlausn ættleiðingarmála, sbr. almenna ákvæðið í 36. gr. Í 37. gr. er svo ákvæði um það þegar óskað er ættleiðingar hér á landi af hálfu manns sem búsettur er erlendis.

Enn fremur er í þessum kafla ákvæði um viðurkenningu ættleiðinga barna frá öðrum löndum, sbr. 38. gr., og réttaráhrif þeirra. Það er nýmæli og kveður á um breytta framkvæmd hér á landi, m.a. vegna áskilnaðar 1. mgr. 23. gr. Haag-samningsins frá 29. maí 1993. Ákvæðið miðast þó við að sami háttur verði á hafður varðandi allar ættleiðingar barna erlendis eins og nánar er reifað í athugasemdum við 38. gr.

Í 39. gr. er gerður sá fyrirvari að erlend ættleiðing sé ekki gild hér á landi ef hún fer gegn grunnreglum íslensks réttar. Hliðstætt ákvæði er m.a. í 24. gr. Haag-samningsins.

Í 40. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilað sé að víkja frá ákvæðum frumvarpsins ef nauðsyn krefur með hliðsjón af þjóðréttarsamningum sem Ísland er aðili að.

Þótt í ákvæðum þessa kafla sé einungis nefnd ættleiðing barns taka ákvæðin að sjálfsögðu einnig til ættleiðinga fulltíða manna.

Um 36. gr.

Í greininni er kveðið á um lögsögu dómsmálaráðuneytisins. Hér er vitaskuld byggt á búsetu- eða heimilisfangsreglunni (domicil-reglunni). sem lengi hefur verið meginregla í íslenskum alþjóðlegum einkamálarétti, sbr. m.a. ummæli í dómi Hæstaréttar frá 1958, dómasafn, bls. 651. Um lögsögu dómsmálaráðuneytisins samkvæmt Norðurlandasamningi um hjúskap, ættleiðingu og lögráð frá 6. febrúar 1931, sbr. lög nr. 29/1931, vísast til dóms Hæstaréttar frá 1984, bls. 1444. Með 36. gr. er lagt til að lögskráð verði rótgróin lagaviðhorf á sviði ættleiðingarréttar.

Búseturegla 36. gr. er í samræmi við dönsk og norsk ættleiðingarlög. Einnig vísast til sömu reglu í 65. gr. barnalaga, nr. 20/1992, og 123. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993.

Um 37. gr.

Skv. 36. gr. er meginregla að ættleiðing verði eingöngu veitt manni búsettum hér á landi. Í 37. gr. eru frávik frá þessari reglu. Í fyrsta lagi er heimilað í 1. mgr. að veita manni búsettum erlendis leyfi til ættleiðingar hér á landi ef hann eða maki hans er íslenskur ríkisborgari og hann getur sökum þess ekki fengið ættleiðingarleyfi erlendis. Forsendan er þó sú að ætla megi að slíkt leyfi verði viðurkennt þar sem umsækjandi er búsettur. Búa sanngirnisrök hér að baki.

Í öðru lagi er í 2. mgr. gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti heimilað ættleiðingu hér á landi þótt umsækjandi sé búsettur erlendis „vegna sérstakra tengsla“ hans við Ísland. Þetta

á helst við um stjúpættleiðingar í þeim tilvikum þegar umsækjandi er íslenskur ríkisborgari eða dvelst hér, án þess þó að teljast hér búsettur.

Í þriðja lagi segir svo í 3. mgr. að ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við ef ættleiðing fer fram samkvæmt Haag-samningnum frá 29. maí 1993. Samningur þessi byggir á þeirri meginreglu að ættleiðing fari fram á grundvelli samvinnu heimalands barnsins og viðtökuríkis, þ.e. þess lands þar sem umsækjendur eru búsettir, en kveður ekki á um hvort ættleiðing skuli fari fram í upprunalegu búsetulandi barnsins eða búsetulandi umsækjendanna, sbr. 14. og 28. gr. samningsins. Skv. 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins er heimilað að ættleiðing geti farið fram hér á landi í þeim tilvikum er umsækjanda eða maka hans er fyrirmunað að fá heimild til að ættleiða barn á grundvelli ríkisfangs síns. Ákvæðið fer því ekki saman við meginreglu Haag-samningsins um að ættleiðing skuli fara fram á grundvelli samvinnu heimalands barnsins og viðtökuríkisins. Ákvæði 2. mgr. 37. gr. heimilar að ættleiðing geti farið fram hér á landi ef málið hefur sérstök tengsl við Ísland annaðhvort vegna dvalar umsækjanda hér á landi eða íslensks ríkisfangs. Er ákvæðið því annars efnis en búseturegla Haag-samningsins og er því þörf á að taka sérstaklega fram í 3. mgr. greinarinnar að ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um ættleiðingar sem fara samkvæmt Haag-samningnum. Er þá fullt samræmi hér á milli.

Um 38. gr.

Ákvæðið tekur til ættleiðinga barna sem veitt hefur verið erlendis þegar umsækjendur eru búsettir hér á landi. Skal sami háttur hafður á hvort sem ættleiðingar fara fram á grundvelli Haag-samningsins eða ekki.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ef forsamþykki hefur verið gefið út hér á landi gildir hin erlenda ættleiðing hér. Í flestum löndum Suður-Ameríku og Austur-Evrópu er það lagaskilyrði að ættleiðing barna til annarra landa fari fram í heimalandi barnsins. Forsamþykki frá búsetulandi umsækjenda er nauðsynlegt til þess að heimaland barnsins hafi upplýsingar og grundvöll til þess að leggja mat á það hvort ættleiðing barnsins til annars lands sé því fyrir bestu, svo og til þess að heimila að ferðast megi með barnið úr landi. Fram til þessa hefur þurft að sækja um ættleiðingu hér á landi þegar barnið kemur hingað til lands og miðað hefur verið við að ættleiðing fari ekki fram fyrr en barnið hefur dvalist hér á landi í a.m.k. þrjá mánuði. Eftir að ráðuneytinu hefur borist umsókn um ættleiðingu barns frá öðru landi hefur það óskað umsagnar barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi barnsins um hagi og aðstæður þess og væntanlegra kjörforeldra. Ráðuneytið hefur aldrei synjað umsókn um ættleiðingu barns frá öðru landi ef fyrir hefur legið forsamþykki (þ.e. svonefnt vilyrði) útgefið af ráðuneytinu. Hafa ber í huga að þegar ráðuneytinu berst umsókn um forsamþykki fer fram athugun á því hvort umsækjendur uppfylli lagaskilyrði til ættleiðingar og ef svo er fer fram könnun af hálfu barnaverndarnefndar á högum þeirra og hæfni þeirra til ættleiðingar barns frá öðru landi. Ákvæði 1. mgr. 38. gr. er í samræmi við meginreglu alþjóðlegs einkamálaréttar um viðurkenningu ákvarðana sem lúta að persónulegri réttarstöðu manns svo framarlega sem þær eru í samræmi við lög þeirra ríkja þar sem þær eru teknar og stríða ekki gegn „ordre public“ sjónarmiði. Meginregla þessi kemur m.a. fram hér á landi í viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á hjónavígslum og hjónaskilnuðum sem fara fram erlendis. Sú framkvæmd sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 38. gr. um viðurkenningu erlendra ættleiðinga hefur verið verið viðhöfð um árabil í Noregi og Svíþjóð.

Ekki er það einhlítt að ættleiðing fari fram í heimalandi barna og t.d. á Indlandi gengur dómur þar sem væntanlegum kjörföður eru falin lögráð barnsins. Í þeim málum þarf ættleiðing að fara fram hér á landi. Þá munu umsækjendur sækja um ættleiðingu strax eftir komu barnsins til landsins og ættleiðingarleyfi verða gefið út eftir að gögn málsins hafa verið met-

in fullnægjandi. Ekki er talin þörf á að ráðuneytið óski eftir umsögn barnaverndarnefndar þar sem könnun og umsögn barnaverndarnefndar liggur fyrir í málinu vegna umsóknar um forsamþykki.

Í 2. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra geti ákveðið að réttaráhrif ættleiðingar barns frá öðru landi verði þau sömu og ættleiðingar sem heimiluð hefur verið hér á landi. Þegar kjörforeldrar koma hingað til lands með barnið munu þeir snúa sér til ráðuneytisins með ósk um áritun ráðuneytisins um réttaráhrif hinnar erlendu ættleiðingar hér á landi. Ráðuneytið yfirfer gögn málsins og áritar hið erlenda ættleiðingarskjal um réttaráhrif ættleiðingarinnar hér á landi að öllum skilyrðum fullnægðum. Skal þá kjörbarnið hafa sömu réttarstöðu hér og eigið barn kjörforeldra, sbr. 25. gr. Þessi regla er sjálfsögð ef ættleiðing hefur í för með sér alger fjölskylduskipti í heimalandi barnsins. Vandamál vaknar þó ef löggjöf í því landi byggist á því að lagatengsl haldist milli barns og kynforeldra. Á þessu er tekið í 26. og 27. gr. ættleiðingarsamningsins. Í 27. gr. Haag-samningsins er gert ráð fyrir að unnt sé að sveigja slíka ættleiðingu að löggjöf viðtökuríkis barns, er byggist á fjölskylduskiptareglum, enda sé lagaheimild til slíks í löggjöf viðtökuríkis og samþykkis þess sem fer með forsjá barns njóti við til slíkrar breytingar. Ef ákvæði 2. mgr. 38. gr. verður samþykkt felst í því heimild til efnisbreytingar á réttaráhrifum um erlendar ættleiðingar að þessu leyti, enda yrði slík breyting að öllum jafnaði barni eindregið til hagsbóta, sbr. í því sambandi lokamálsgrein 26. gr. samningsins sem gengur í þessa átt.

Um 39. gr.

Svo sem áður greinir er hér gerður allsherjarfyrirvari að því er varðar gildi erlendra ættleiðinga, þess efnis að þær verða ekki viðurkenndar ef reglur þær sem liggja þeim til grundvallar ganga í berhögg við grunnreglur íslenskra laga. Nefna mætti sem dæmi að samþykkisreglur væru mjög frábrugðnar íslenskum lögum eða ættleiðing hefði verið veitt í algerri andstöðu við viðhorf t.d. 15 ára unglings. Norsk lög gera ráð fyrir slíkum fyrirvara og sama er um ættleiðingarsamninginn frá 29. maí 1993, 24. gr.

Tekið skal fram að regla sú er felst í greininni gefur vitaskuld gildi utan ættleiðingarréttar svo sem samkvæmt barnalögum og hjúskaparlögum o.s.frv.

Um 40. gr.

Rétt þykir að lögfesta heimild fyrir dómsmálaráðherra til að víkja frá einstökum ákvæðum laganna með hliðsjón af þjóðréttarsamningum, sem Ísland er aðili að.

Skv. 2. gr. Haag-samnings frá 29. maí 1993 geta ættleiðendur einungis verið hjón eða einstaklingar. Heimild 1. mgr. 2. gr. frumvarps þessa þar sem mælt er fyrir um að karl og kona í óvígðri sambúð skuli bæði standa að ættleiðingu er því ekki í samræmi við samninginn. Með vísan til þess og samkvæmt ákvæði 39. gr. verður að gera ráð fyrir að ekki verði talin lagaskilyrði fyrir hendi til að veita karli og konu í óvígðri sambúð forsamþykki vegna fyrirhugaðrar ættleiðingar þeirra saman á barni frá aðildarríki Haag-samningsins.

Ekki þykir ástæða til að taka ákvæði í þetta frumvarp er samsvarar 24. og 25. gr. ættleiðingarlaga frá 1978.

Um VIII. kafla.

Þar eru ákvæði um stjórnvaldsreglur, gildistöku og brottfallin lög. Enn fremur er þar kveðið á um hvernig ákvæðum frumvarpsins, ef það nær lögfestingu, verði beitt um umsóknir er borist hafa fyrir gildistöku laganna, þ.e. um lagaskil.

Um 41. gr.

Samkvæmt þessari grein er dómsmálaráðherra heimilað að setja reglugerð um framkvæmd laganna, m.a. um framkvæmd þjóðréttarsamninga er varða ættleiðingu. Í einstökum ákvæðum er einnig vikið að reglugerðum um afmörkuð atriði, sbr. hér 17., 28., 30., 34. og 35. gr.

Um 42. gr.

Ef frumvarp þetta verður að lögum er miðað við að lögin taki gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá birtingu þeirra. Þykir þessi tími nauðsynlegur til að svigrúm gefist til að undirbúa þær breytingar sem fram koma í frumvarpinu. Auk þess þykir hentugast að gildistaka nýrra ættleiðingarlaga haldist nokkurn veginn í hendur við fyrirhugaða fullgildingu Haag-samningsins um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993, en tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samninginn er, eins og áður hefur komið fram, flutt samhliða frumvarpi þessu.

Um 43. gr.

Þar er kveðið á um lagaskil, þ.e. hvort leysa skuli úr umsókn um leyfi til ættleiðingar eða forsamþykki eftir eldri ættleiðingarlögum eða nýjum, ef frumvarp þetta verður að lögum. Fer það eftir því hvenær umsóknin barst dómsmálaráðuneytinu. Ef umsókn hefur borist í tíð eldri laga er þó unnt að beita ákvæðum nýrra laga ef umsækjendur óska þess. Er þetta sama regla og kemur fram í 135. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993.

Um niðurfellingu ættleiðingar skv. III. kafla laga nr. 15/1978.

I.

Með ákvæðum III. kafla er ýmist dómsmálaráðherra eða dómstólum heimilað að fella niður ættleiðingu ef sérstakar nánar greindar ástæður eru fyrir hendi. Með ættleiðingarlögum, nr. 15/1978, var heimildin þrengd með því að ættleiðendur geta ekki krafist einhliða niðurfellingar. Skv. 17. gr. laganna er niðurfelling heimil, í fyrsta lagi ef kjörforeldrar og kjörbarn eru sammála um það, í öðru lagi ef kjörforeldrar og kynforeldrar æskja þess og í þriðja lagi ef kjörforeldrar hafa andast og leysir dómsmálaráðuneyti þá úr máli. Dómstóll getur fellt niður ættleiðingu skv. 18. gr. ef kjörforeldri brýtur af sér gagnvart kjörbarni eða vanrækir stórlega foreldraskyldur sínar.

Þróun í ættleiðingarlöggjöf hefur verið sú að afnema reglur um niðurfellingu ættleiðingar, einkum í löndum þar sem ættleiðing felur í sér gagnger fjölskylduskipti. Ákvæði sem hliðstæð eru III. kafla laga nr. 15/1978 hafa verið numin úr lögum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, en ákvæðin eru enn í gildi í dönskum lögum.

II.

Niðurfellingar ættleiðinga eru fátíðar hér á landi. Á árabilinu 1979–98 féllst dómsmálaráðuneytið sautján sinnum á kröfu um niðurfellingu ættleiðingar. Dómstólar hafa einnig heimild til að fella niður ættleiðingar, sbr. 18. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Ekki er kunnugt um slík dómsmál hér á landi. Á síðustu tíu árum voru þeir sem ættleiddir höfðu verið og óskað var niðurfellingar ættleiðingar á, á aldrinum 27–47 ára. Stjúpfeður voru ættleiðendur í fimmtán tilvikum, en einstaklingur var ættleiðandi í tveimur tilvikum og í bæði skiptin var um konu að ræða.

Ástæður niðurfellinga ættleiðinga voru í 11 málum vegna þess að tengsl milli kjörbarns og kjörföður höfðu rofnað, þar af í níu málum vegna lögskilnaðar stjúpföður og kynmóður, í einu máli var kjörfaðir látinn og í einu var kynmóðir látin. Í tveimur málum voru ásakanir

um sifjaspell af hálfu kjörföður og í tveimur málum þar sem stjúpfaðir var ættleiðandi komu ekki fram upplýsingar um ástæðu niðurfellinganna. Í þeim tveimur málum þar sem kona hafði ein staðið að ættleiðingu þeirri sem óskað var niðurfellingar á var kjörmóðir látin í öðru þeirra og barnið hafði aldrei alist upp á heimili kjörmóður sinnar í hinu málinu, heldur á heimili hjóna sem ekki voru kynforeldrar þess.

Um umsækjendur um niðurfellingu ættleiðingar skal þetta tekið fram: Það kom þrisvar sinnum fyrir að kynmóðir og barn óskuðu niðurfellingar ættleiðingar og tvisvar kynfaðir og barn, í sex skipti kom óskin aðeins frá kjörbarni, í einu tilviki frá kjörföður og fimm sinnum frá bæði kjörbarni og kjörforeldri. Ávallt var leitað samþykkis kjörföður, kynforeldra og kjörbarns eftir því sem við átti. Hér var ávallt um að ræða niðurfellingu skv. 17. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, þ.e. ætíð var til staðar samkomulag um niðurfellingu ættleiðingar.

III.

Í sifjalaganefnd hefur framkvæmd ákvæða III. kafla verið könnuð og athugaðar ástæður til niðurfellinga ættleiðinga. Við mat á því hvort afnema skuli þetta úrræði eða halda því í lögum má einkum benda á að mikilvægt er að skapa stöðugleika um tengsl kjörforeldra og kjörbarna. Staða þeirra á að vera sem svipuðust því sem er hjá kynforeldrum og börnum þeirra, en við þeim verður ekki haggað með úrræði sem hliðstætt er niðurfellingu ættleiðingar. Ef erfiðleikar koma upp vegna tengsla kjörforeldra og kjörbarna grípa barnaverndarlög og barnalög inn í það mál. Við andlát kjörforeldris reynir á almennar reglur um skipan forsjár vegna fráfalls foreldra. Hér er því ýmissa kosta völ. Þeirrar skoðunar verður vart hjá ýmsum að óeðlilegt sé að unnt sé að rjúfa þessi tengsl sem á hafa komist og slík úrræði í lögum geta skapað óvissu og e.t.v. óróa.

Vissulega er hægt að benda á dæmi þess að heppilegt geti verið að slíta með formlegum hætti lagatengslin milli kjörbarns og kjörforeldris. Sifjalaganefnd telur þó að þau rök sem tefla má fram gegn því úrræði séu þyngri á metunum og leggur áherslu á þróun löggjafar um þetta atriði á síðari árum, einkum annars staðar á Norðurlöndum.

Ef á það verður fallist að afnema III. kafla ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, án þess að ný ákvæði um það efni verði lögfest, verða ættleiðingar sem fram hafa farið fyrir gildistöku laga þessara ekki felldar úr gildi og eiga því við sömu reglur um ættleiðingar sem fram fara fyrir gildistöku laganna og eftir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til ættleiðingarlaga.

Frumvarp þetta er samið af sifjalaganefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis og kemur í stað núgildandi ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Breytingar frá þeim lögum grundvallast m.a. á fyrirhugaðri fullgildingu Íslands á Haag-samningi um vernd barna og samvinnu um ættleiðingar milli landa. Aðrar breytingar miða að því að löggjöfin verði samfelldari og betur löguð að breyttu samfélagi.

Að mati fjármálaráðuneytis munu eftirfarandi þættir hafa áhrif á kostnað:

1. Í 17. gr. er kveðið á um þriggja manna nefnd til að veita umsagnir í ættleiðingarmálum, en það er nýmæli. Gert er ráð fyrir að leitað verði umsagnar nefndarinnar um einstök mál þegar ástæða þykir til. Enn fremur er hugsanlegt að fela nefndinni önnur verkefni. Ekki er ljóst hvort hér verður um reglubundið starf að ræða eða nefndin kölluð saman þegar þurfa þykir. Telja verður hið síðarnefnda líklegra þar sem fjöldi ættleiðinga á ári er mismunandi og ekki mikill. Áætlað er að kostnaður við störf nefndarinnar verði um 0,5 m.kr. á ári.
2. Í 23. gr. er mælt fyrir um að stefnandi skuli hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti í ættleiðingarmálum. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að þau dómsmál verði fátíð. Kostnaður við gjafsókn getur verið mjög mismunandi eftir umfangi máls. Ekki er hægt að leggja mat á kostnaðaráhrif þessarar greinar.
3. Umsókn um forsamþykki til ættleiðingar barns erlendis skal beint til dómsmálaráðuneytis. Dómsmálaráðherra getur samkvæmt frumvarpinu kveðið í reglugerð á um að umsækjanda sé skylt að sækja námskeið um ættleiðingar erlendra barna. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir gjaldtöku og mat fjármálaráðuneytis er að hana beri að miða við að námskeiðið standi undir sér.

Alls er áætlað að frumvarpið geti leitt til 0,5 m.kr. hærri árlegs kostnaðar en nú er. Þá er ekki talinn hugsanlegur kostnaður við gjafsókn, sbr. 2. tölul. hér að framan.

713. Skýrsla [434. mál]

fjármálaráðherra um áhrif breytinga á lögum um gjöld af bifreiðum.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. Inngangur.

Á síðastliðnu vorþingi voru gerðar breytingar á lögum um bifreiðagjald, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og lögum um fjáröflun til vegagerðar í kjölfar þess að ákveðið var að falla frá upptöku olíugjalds. Voru þar með felld úr gildi lög nr. 34/1995, um vörugjald af olíu. En hverju var breytt með lögum nr. 83/1998?

1. Lög um fjáröflun til vegagerðar (sem fjalla um þungaskatt). Felld voru niður ákvæði sem gáfu eigendum ökutækja, sem greiða þungaskatt samkvæmt ökumæli, rétt til afsláttar eftir að tilteknum akstri var náð. Sett voru ný ákvæði þar sem kveðið er á um, auk gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli greiða fast árgjald þungaskatts að fjárhæð 100.000 kr., af bifreiðum og eftirvögnum, sem eru 14.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd. Aðrar breytingar sem gerðar voru á lögunum voru gerðar með hliðsjón af þessari breytingu, svo sem að gjald vegna ekinna kílómetra lækkaði um 5% af ökutækjum sem eru undir 14.000 kg að leyfðri heildarþyngd, en um 30% af ökutækjum sem eru 14.000 kg og þyngri, þ.e. af þeim sem fast árgjald er greitt af.
2. Lög um vörugjald af ökutækjum. Lækkað var vörugjald af tilteknum ökutækjum, sem nýtt eru í atvinnurekstri.
3. Lög um bifreiðagjald. Bifreiðagjaldið var hækkað til að vinna upp það tekjutap sem þótti fyrirsjáanlegt vegna lækkunar á vörugjöldum af ökutækjum. Hugmyndin var sú að breyta gjaldtöku á þann veg, að hún flytjist yfir í notkunina í stað þess að vera hluti af

fjárfestingarkostnaði. Þess ber þó að geta að lagt hefur verið fram frumvarp um breyting á lögum um bifreiðagjald, þar sem gert er ráð fyrir að sett verði að nýju þak á fjárhæð bifreiðagjalds.

Í lögum nr. 83/1998, var sett ákvæði til bráðabirgða, þar sem segir að fjármálaráðherra skuli fyrir 1. desember 1998 skila Alþingi skýrslu þar sem í fyrsta lagi verði fjallað um möguleika á því að gera fólksbíla sem nota dísilolíu að samkeppnishæfari kosti, í öðru lagi kannaðar leiðir til að einfalda reglur um og framkvæmd á gjaldtöku samfara skráningu og afskráningu bifreiða og í þriðja lagi gerð úttekt á áhrifum breytinga á þungaskatti, vörugjaldi og bifreiðagjaldi samkvæmt lögunum á rekstrarstöðu landflutninga í samráði við hagsmunaaðila og gerðar tillögur um úrbætur ef ástæða er til.

Ráðuneytið óskaði eftir umsögnum hagsmunaaðila með tilliti til þeirra atriða sem fram kæmu í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 83/1998. Nánar verður gerð grein fyrir umsögnum þeirra í II. kafla skýrslunnar og öðrum köflum eftir því sem við á.

Í skýrslu þessari verður fjallað um þau efnisatriði sem sett eru fram í ákvæði til bráðabirgða. Fjallað verður sérstaklega um hvert atriði fyrir sig í sérstökum köflum og rakin nákvæmlega þau atriði og forsendur sem unnið var út frá.

2. Umsagnir hagsmunaaðila.

Við undirbúning skýrslunnar var eins og áður segir óskað eftir umsögnum hagsmunaðila. Óskað var umsagna frá Bílgreinasambandinu, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), Samtökum iðnaðarins (félag vinnuvélaeigenda), Bændasamtökum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Strætisvögnum Reykjavíkur og Samtökum landflutningamanna, en í þeim samtökum eru Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra, Félag hópferðaleyfishafa, Félag sérleyfishafa, Landssamband vörubifreiðastjóra, Trausti, félag sendibifreiðastjóra, Ökukennarafélag Íslands og Landvari, landsfélag vörubifreiðaeiganda á flutningaleiðum.

Umsagnir bárust frá öllum hagsmunaaðilum, að undanskildu Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nokkur félagasamtök í Samtökum landflutningamanna sendu umsagnir í eigin nafni, þ.e. Landssamband vörubifreiðastjóra, félag sérleyfishafa og Landvari. Auk þess barst erindi frá Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi um þetta efni.

Í flestum umsagnanna kom fram þó nokkur óánægja með upptöku 100.000 kr. fasts árgjalds á ökutæki sem eru 14.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd. Kom fram að gjaldið eykur til muna gjaldbyrði af þeim ökutækjum sem lítið eru notuð. Jafnframt kom fram að reglur sem gilda um skráningu og afskráningu ökutækja væru of flóknar og stífar til að þær nýttust til að lækka gjaldbyrði vegna 100.000 kr. fasta árgjaldsins. Vilja flestir hagsmunaaðilar að fasta árgjaldið verði lækkað verulega eða fellt niður. Landvari vill hins vegar einungis fella gjaldið niður af eftirvögnum og koma á móts við þá sem aka meira en 90.000 km á ári, þar sem afnám afsláttarreglnanna sé mjög íþyngjandi ef akstur er umfram 90.000 km á ári.

Í umsögnum FÍB og Bílgreinasambandsins kom skýrlega í ljós sú eindregna skoðun að einfalda þurfi þungaskattskerfið til að gera fólksbifreiðar með dísilhreyfli samkeppnishæfari gagnvart bifreiðum með bensínhreyfli og breyta kerfinu þannig að rekstrarskilyrði þessara bifreiða verði sambærileg. FÍB telur að lækka þurfi fast gjald af dísilbifreiðum frá 0–4.000 kg og að bæta þurfi við gjaldflokkum undir 4.000 kg í mælagjaldinu, svo þungaskattur greiddur samkvæmt ökumæli verði álitlegri kostur fyrir minni bifreiðar. Jafnframt telur FÍB að fjölga þurfi gjalddögum þungaskatts í tólf á ári.

Félag sérleyfishafa bendir á að færa þurfi þyngdarflokka fasts gjalds úr 4.000 í 5.000 kg, þar sem notkun hópbifreiða, sem eru 14–17 manna, hafa aukist síðustu misserin vegna minni

farþegafjölda. Þessar bifreiðar eru margar á bilinu 4–5.000 kg, en þær hafa þyngst vegna breytinga á öryggiskröfum, vélargerð með tilliti til mengunar o.fl. Telur félag sérleyfishafa það mikið hagsmunamál að unnt verði að setja slíkar bifreiðar á fast gjald, þar sem akstur þessara bifreiða er að jafnaði mikill.

Samtök iðnaðarins og Landssamband vörubifreiðastjóra töldu að æskilegra væri að fresta úttekt á þessum málum þar til reynsla væri komin á nýja kerfið, þar sem breytingin hefði ekki áhrif fyrr en að loknu árinu 1999.

3. Samkeppnishæfni fólksbíla sem nota dísilolíu.

3.1. Fjöldi dísilbifreiða á föstu gjaldi.

Á árinu 1998 var greitt fast gjald þungaskatts af 8.679 bifreiðum, sem eru 0–4.000 kg að eigin þyngd. Þar af voru 1.756 skilgreindar sem atvinnubifreiðar, en 25% hærra gjald er greitt af þeim. Mestur er fjöldinn í þyngdarflokknum 1.500–1.999 kg eða 4.995 bifreiðar. Í þeim þyngdarflokki er aðallega að finna jeppa-bifreiðar. Í tveimur léttustu flokkunum, allt að 1.000 kg og 1.000–1.499 kg, er fjöldinn ekki ýkja mikill eða samtals 1.507 bifreiðar. Skiptingin er með þeim hætti að í flokknum 0–999 kg eru 20 bifreiðar, þar af 2 atvinnubifreiðar. Í flokknum 1.000–1.499 kg er fjöldinn 1.043 bifreiðar og þar af eru 442 atvinnubifreiðar, sem eru þá aðallega leigubifreiðar. Tæplega helmingur meðalstórra fólksbifreiða með dísilhreyfil er því nýttur í atvinnustarfsemi. Erfitt er að segja til um hversu margar fólksbifreiðar eru með ökumæli, þar sem fjárhæð kílómetragjalds er hið sama fyrir allar bifreiðar sem eru allt að 6.000 kg.

3.2. Fjölgun gjaldflokka kílómetragjalds.

Í umsögn FÍB er eindregið mælst til þess að bætt verði inn í nýjum gjaldflokkum vegna kílómetragjalds fyrir bifreiðar undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og að kannað verði hvort möguleiki sé á að nota vegmæla (kílómetrateljara hraðamælis) fólksbifreiða í stað löggiltra ökumæla. Jafnframt kemur fram að erfitt sé að fá löggilta ökumæla í fólksbifreiðar og að notkun þeirra sé ýmsum annmörkum háð.

Vegmælar í fólksbifreiðum eru ekki áreiðanleg tæki til skráningar á akstri til grundvallar álagningu þungaskatts. Algengt er að mælar þessir séu hluti af flóknum rafeindabúnaði í nútímafólksbifreiðum. Mjög erfitt er að innsigla slíka mæla og auðvelt er að taka þá úr sambandi, einungis með því að kippa úr öryggi. Ekki getur það þótt vænlegur kostur í þeirri viðleitni að gera dísilbifreið að samkeppnishæfari kosti gagnvart bensínbifreið að miða ákvörðun skatts við tæki sem ekki er fullkomlega áreiðanlegt. Einnig verður að líta til þess að samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar er gengið út frá því sem meginreglu að af bifreiðum sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd sé þungaskattur greiddur í formi fasts gjalds, en ef menn vilja er þeim heimilt að greiða eftir eknum kílómetrum samkvæmt ökumæli. Var þeirri skipan komið á til að einfalda álagningu þungaskatts gagnvart eigendum fólksbifreiða. Með því móti var komið í veg fyrir að fólksbifreiðaeigendur væru að mæta í álestur þrisvar sinnum á ári, halda akstursbók fyrir ekna kílómetra o.s.frv.

3.3. Fjölgun gjalddaga.

Í umsögn FÍB og Landvara er farið fram á að gjalddögum þungaskatts verði fjölgað, annað hvort í sex eða tólf á ári. Leggja þessir aðilar til að af ökutækjum sem þungaskattur er greiddur eftir ökumæli fari álestur fram einu sinni á ári, en þungaskatturinn áætlaður að öðru leyti þess á milli. Ekki verður lagt mat á það í þessari skýrslu hvort sú leið komi til greina.

Gera má ráð fyrir því að viðbótarkostnaður við útsendingu gíróseðla yrði rúmar 10 millj. kr. við að fjölga gjalddögum í tólf.

3.4. Samanburður.

Við samanburð á hagkvæmni dísil- og bensínbifreiða var leitast við að ákvarða annars vegar hve mikið þyrfti að aka dísilbifreiðinni árlega til að hún teldist samkeppnishæf við bensínbifreiðina, og hins vegar var gjald þungaskatts ákvarðað þannig að heildarkostnaður við rekstur beggja tegunda bifreiða yrði sá sami yfir líftíma þeirra. Rekstrarhagræði af dísilbifreiðum ræðst af lægri breytilegum kostnaði við akstur bifreiðarinnar vegna meiri sparneytni dísilhreyfilsins og lægra verðs á eldsneyti. Dísilolía er mun ódýrari en bensín og auk þess er hún undanþegin sérstöku bensíngjaldi sem rennur til Vegagerðarinnar. Á móti lægri eldsneytiskostnaði vegur hærra innkaupsverð vegna mismunandi álagningar, hærri bifreiðagjöld, þar sem dísilbifreiðir eru þyngri en sambærilegar bensínbifreiðir, og þungaskattur til vegagerðar sem lagður er á dísilbifreiðir. Einnig ber að geta þess að þyngdarmunur á bifreiðunum vegna meiri sprengirýmis dísilhreyfilsins getur valdið því að vörugjöld af dísilbifreiðum verða hærri en af sambærilegri bensínbifreið. Hærra innkaupsverð þýðir að meira fjármagn er bundið í bifreiðinni sem aftur þýðir að fjármagnskostnaður verður hærri. Það sem ræður úrslitum um hagkvæmni dísilbifreiðarinnar er því hve hratt minni eldsneytiskostnaður vegur upp hærri fastan kostnað. Það er ljóst að munur á verði dísilolíu og bensíns hefur úrslitaáhrif á hagkvæmni dísilbifreiðarinnar.

Tekið skal fram að við samanburðinn er miðað við gjaldskrá þungaskatts eins og gert er ráð fyrir að hún verði frá og með 1. janúar 1999, samkvæmt frumvarpi sem lagt hefur verið fram á Alþingi um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar.

3.4.1. Forsendur.

Við útreikninga var tekið mið af bifreiðum sem annars vegar eru knúnar dísilhreyfli og hins vegar knúnar bensínhreyfli. Samanburður var gerður á þremur gerðum bifreiða: Opel Astra, Toyota Avensis og Nissan Terrano. Þessar tegundir bifreiða eru mismunandi að verði og þyngd auk þess sem hlutur eldsneytiskostnaðar í heildarrekstrarkostnaði er breytilegur við almennan rekstur. Bifreiðarnar í úrtakinu ættu að gefa nokkuð góða mynd af rekstri fólksbifreiða til almennra fjölskyldunota.

Upplýsingar um bifreiðar, **verð, þyngd og eldsneytiseyðslu**, eru fengnar frá umboði. Þess ber að geta að álagning á bifreiðarnar og aukakostnaður við sérpöntun hefur áhrif á samanburð á rekstrarkostnað dísilbifreiða og bensínbifreiða.

Forsendur um **líftíma** taka mið af áætluðum notkunartíma bifreiðarinnar. Hér er byggt á fyrningarskrá bílaflota landsmanna sem gefur meðalfyrningartíma um 12 ár. Fyrningartími hefur áhrif á niðurstöður. Sé bíllinn afskrifaður á skemmri tíma, burt séð frá líftíma, kemur dísilbifreiðin verr út í samanburði við bensínbifreiðina þar sem hún er dýrari í innkaupum.

Vextir eru reiknaðir inn fyrir fyrningartíma bifreiðanna og teljast þeir til fórnarkostnaðar við fjárfestingu. Samkvæmt upplýsingum frá bifreiðaumboðum og lánastofnunum eru vextir af bílalánum um 8,8% sé allt kaupverð bifreiðarinnar tekið að láni til lengri tíma en fimm ára. Hærri vextir myndu skerða samkeppnishæfni dísilbifreiðarinnar þar sem hún er dýrari í innkaupum.

Afskriftir eru reiknaðar inn í jafngreiðslur af bifreiðinni og eru því jafnar yfir líftímann. Það er ljóst að þar sem dísilbifreiðin er nokkru dýrari en bensínbifreiðin hefur afskriftatíminn nokkur áhrif á samanburð bifreiðanna. Það er viðbúið að hraðari afskriftatími þýddi að dísilbifreiðin teldist óhagkvæmari en ella.

Annar kostnaður. Hér er átt við kostnað af tryggingum og almennu viðhaldi bifreiðarinnar. Þar sem ætla má að viðhaldskostnaður sé sá sami fyrir dísilbifreiðar og bensínbifreiðar, ætti þessi kostnaður ekki að hafa teljandi áhrif á niðurstöðu könnunarinnar.

Eldsneytiskostnaður. Miðað er við útsöluverð á dísilolíu og bensíni við dælu 30. nóvember 1998. Það má búast við lækkandi eldsneytisverði á næstunni sem þýddi að eldsneytiskostnaður vegur minna í heildarrekstrarkostnaði bifreiða. Það þýddi að dísilbíllinn kemur verr út í samanburði við bensínbifreiðina. Upplýsingar um eldsneytiseyðslu viðkomandi bifreiða eru fengnar frá bifreiðaumboði.

Þungaskattur og bifreiðagjald. Hér er miðað við gjaldskrár eins og gert er ráð fyrir að þær verði 1. janúar 1999, samkvæmt áðurnefndu frumvarpi.

Þess ber að geta að hér er ekki um tæmandi úttekt á rekstri dísil- og bensínbifreiða að ræða. Þar sem heildarkostnaður við rekstur bifreiðar ræðst af samsetningu ofangreindra þátta þyrfti að meta í hverju tilviki hugsanlegt hagræði af rekstri dísilbifreiðar. Samanburður á rekstri framangreindra tegunda ætti þó að gefa nokkra mynd af kostnaði við rekstur dísil- og bensínbifreiða.

3.4.2. Nálgun.

Í könnuninni var stuðst við núvirt fjárflæði við að meta núvirtan heildarkostnað við rekstur dísilbifreiðarinnar annars vegar og bensínbifreiðarinnar hins vegar.

Þar sem núvirðisaðferðin tekur tillit til heildarkostnaðar yfir líftíma bifreiðanna með tilliti til tíma, fjárútláta, vaxtastigs og líftíma, þykja niðurstöður hennar gefa besta mynd af kostnaði við rekstur bifreiðar.

3.4.3. Niðurstöður.

Samanburður á dísil- og bensínbifreiðum leiðir í ljós að aka þarf Opel Astra, sem knúinn er dísilhreyfli 37.130 km á ári til þess að dísilbifreiðin geti talist jafn hagkvæm og sambærileg bensínbifreið. Toyota Avensis þarf að aka 23.255 km á ári, og Nissan Terrano bifreiðinni þarf að aka 29.915 km á ári til að hún geti talist jafn hagkvæm og sambærileg bensínbifreið. (Sjá viðauka I.)

	Opel Astra		**Toyota Avensis**		**Nissan Terrano**	
	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil
Verð	1.575.000	1.680.000	2.039.000	2.089.000	2.589.000	2.764.000
Vélarstærð	1.600	2.000	1.998	1.998	2.400	2.700
Eigin þyngd	1.181	1.274	1.240	1.373	1.760	1.975
Eyðsla	7,4	5,7	11,5	8,5	12,3	9,9
Bifreiðagjöld	14.936	16.443	15.892	18.047	24.316	27.799
Þungaskattur		113.163		113.163		136.675
Jafngildisakstur		37.130		23.255		29.915

Ársakstur í km		Jafngildisþungaskattur, kr.	
10.000	5.902	30.498	7.991
12.000	13.809	42.971	20.915
14.000	**21.717**	**55.444**	**33.838**
16.000	**29.624**	**67.917**	**46.761**
18.000	**37.531**	**80.390**	**59.685**
20.000	45.438	92.863	72.608
22.000	53.345	105.336	85.532
24.000	61.253	117.809	98.455
26.000	69.160	130.282	111.378
28.000	77.067	142.755	124.302
30.000	84.974	155.228	137.225
32.000	92.881	167.701	150.149
34.000	100.789	180.174	163.072

Taflan sýnir hvernig fast gjald þungaskatts þarf að vera miðað við mismunandi árlegan akstur eigi dísilbifreiðin að teljast jafnhagkvæm og sambærileg bensínbifreið. (Sjá viðauka II)

Að öðru leyti vísast í viðauka nr. I til IV.

3.4.4. Túlkun niðurstaðna.

Töluverður munur er á samanburði ýmissa gerða dísil- og bensínbifreiða. Eins og fyrr segir ráðast niðurstöður af samsetningu þeirra þátta sem áhrif hafa á rekstrarkostnað bifreiðana. Sé munur á þyngd og verði dísilbifreiðar og bensínbifreiðar mikill og bifreiðin eyðslugrönn má búast við að dísilbifreiðin komi illa út í samanburði við bensínbifreiðina þar sem hagræði af rekstri dísilbifreiðar skapast fyrst og fremst af lægra eldsneytisverði. Séu bifreiðirnar, sem bornar eru saman, ódýrar, léttar en þó eyðslufrekar, má búast við að dísilbifreiðin komi betur út í samanburð við bensínbifreiðina. Ennig ber að geta þess að mismunandi reglur sem gilda um álagningu vörugjalds eftir sprengirými hreyflanna geta haft áhrif á samanburðinn eins og sést af samanburði á Toyota Avensis bifreiðanna en þar fellur bensínbifreiðin í 40% vörugjaldsflokk en aðeins þarf að greiða 30% vörugjald af dísilbifreiðinni.

Ef fast gjald þungaskatts af minnstu bifreiðunum verður lækkað þyrfti gjaldskráin að breytast við hver 200 kg til þess að bærilegt innbyrðis samræmi næðist.

4. Gjaldtaka við skráningu og afskráningu ökutækja.

4.1. Stytting tímafrests samkvæmt frumvarpi.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, þar sem lagt er til að breytt verði ákvæðum um lágmarkstíma vegna innlagnar skráningarmerkja eða tímabundins útflutnings úr landi sem gefur rétt til lækkunar eða endurgreiðslu á föstu gjaldi þungaskatts.

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er lagt til að lágmarkstími, sem gefur rétt til lækkunar eða endurgreiðslu á föstu gjaldi þungaskatts, verði styttur úr þrjátíu dögum í fimmtán daga. Breytingin tekur til bifreiða á föstu gjaldi, sem eru 0–4.000 kg, og til ökutækja (bifreiða og eftirvagna), sem eru 14.000 kg og stærri, og greitt er af 100.000 kr. fast árgjald. Skilyrði til lækkunar eða endurgreiðslu samkvæmt núgildandi lögum er að skráningarmerki ökutækja séu lögð inn til geymslu hjá Skráningarstofunni hf. í a.m.k. 30 daga samfellt eða að ökutæki sé flutt tímabundið úr landi í jafnlangan tíma. Gert er ráð fyrir að þessi tími verði styttur í

a.m.k. fimmtán daga. Yrði þá heimilt að lækka eða endurgreiða þungaskatt sem nemur skatti í fimmtán daga og hlutfallslega eftir það, ef skráningarmerki eru lögð inn til geymslu í fimmtán daga samfellt eða ökutæki er erlendis í jafn langan tíma. Breytingin hefur í för með sér rýmri rétt til lækkunar eða endurgreiðslu fasts gjalds þungaskatts og kemur til móts við gjaldendur, þ.e. að ekki þurfi að greiða þungaskatt af ökutækjum sem standa mikið ónotuð.

4.2. Samningur við Íslandspóst hf.

Komið hafa fram athugasemdir um að erfiðleikum sé bundið að koma skráningarmerkjum til geymslu, þar sem það sé einungis Skráningarstofan hf. og skoðunarstofurnar sem taka við þeim til innlagnar eða afskráningar og þau fyrirtæki er ekki að finna í hverri byggð. Til að leysa þetta vandamál hafa átt sér stað samningaviðræður á milli Skráningarstofunnar hf. annars vegar og Íslandspósts hf. hins vegar um að síðar nefnda fyrirtækið taki á móti, skrái og geymi skráningarmeki sem lögð eru tímabundið inn til geymslu. Það fyrirkomulag myndi einfalda ferlið við innlögn skráningarnúmera og flýta fyrir allri afgreiðslu, enda gæti eigandi bifreiðar þá farið með skráningarmerki hennar á næsta pósthús og lagt þau þar inn. Íslandspóstur hf. annaðist þá skráningu á upplýsingum sem þurfa að fylgja og hefði innlögnin bein áhrif á álagningu þungaskatts. Miðað við nýjustu upplýsingar virðist sem að samningar séu nánast í höfn og að breytinga sé því að vænta innan tíðar.

4.3. Stytting tímafrests vegna bifreiðagjalds.

Nái tillögurnar í frumvarpinu fram að ganga er jafnframt gert ráð fyrir því að breytt verði ákvæðum reglugerðar nr. 359/1998, um bifreiðagjald, til samræmis við ákvæði laga um þungaskatt, þannig að réttur til lækkunar eða endurgreiðslu á bifreiðagjaldi verði á sama hátt bundinn við innlögn skráningarnúmera í 15 daga samfellt.

4.4. Áhrif á tekjur af þungaskatti.

Gert er ráð fyrir að tekjur af föstu gjaldi þungaskatts árins 1999 verði um 1.073 millj. kr., þ.e. af ökutækjum sem eru 0–4.000 kg að eigin þyngd en fjöldi þeirra er um 8.700. Hins vegar er gert ráð fyrir að tekjur af 100.000 kr. föstu árgjaldi, sem lagt er á ökutæki sem eru 14.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, verði um 421. millj. kr. Fjöldi ökutækja í þeim flokki er 4.215 og þar af eru 1.517 eftirvagnar. Erfitt er að átta sig á hvaða áhrif breytingin á rýmkun innlagnarreglunnar úr 30 dögum í 15 daga kemur til með að hafa á tekjur af þungaskatti og bifreiðagjaldi. Gera má ráð fyrir að tekjurnar lækki eitthvað en hversu mikið er erfitt að segja til um.

5. Áhrif á rekstrarstöðu landflutninga.

5.1. Mat á áhrifum.

Til að meta áhrif áðurnefndra lagabreytinga á rekstrarstöðu landflutninga voru skoðuð sérstaklega fimm fyrirtæki sem stunda skipulagsbundna vöruflutninga á lengstu flutningaleiðunum. Voru þessi fyrirtæki valin í samráði við framkvæmdastjóra Landvara. Við sama tækifæri var óskað eftir því að Landvari léti af hendi útreikninga sem sýndu fram á hvaða áhrif kerfisbreytingin hefði á flutninga, þar sem félagið hefur haldið því fram að um sé að ræða landsbyggðarskatt sem mun leiða til verulegra gjaldskrárhækkana hjá flutningafyrirtækjum á lengstu flutningaleiðunum. Landvari hefur ekki orðið við því. Miðað við þær breytingar sem gerðar voru á þungaskattskerfinu, þ.e. að fella niður rétt til afsláttar þótti þörf á að meta áhrif þeirra á vöruverð á landsbyggðinni. Ljóst þykir að kerfisbreytingin mun hafa áhrif til hækkunar á þungaskatt bifreiða sem aka yfir 90.000 km á ári.

Við mat á áhrifum breytinga á þungaskattskerfi var leitast við að meta hvaða áhrif breytingin hefði á þau flutningafyrirtæki sem verða fyrir mestum kostnaðarauka vegna kerfisbreytingarinnar. Þá er lagt mat á áhrif hugsanlegrar gjaldskrárbreytingar á vöruverð á landsbyggðinni.

Við mat á áhrifum kerfisbreytingar á þungaskattskerfi á landflutninga, þarf fyrst að meta viðbótarkostnað sem fyrirtækin verða fyrir vegna kerfisbreytingarinnar. Það sem ræður úrslitum um áhrif breytinga á gjaldkerfi er vægi þess aksturskostnaðar sem mun hækka í heildarakstri fyrirtækisins. Hér skiptir máli hve þungt akstur á lengri leiðum vegur í heildarakstri fyrirtækisins. Þá þarf að meta hve þungt gjöld af þungaskatti vega í heildarkostnaði fyrirtækjanna sem gefur hugmynd um væntanlega gjaldskrárbreytingu.

Þá er að áætla áhrif gjaldskrárbreytingar flutningafyrirtækjanna á vöruverð og útgjöld heimila. Hér skiptir höfuðmáli hve þungt flutningskostnaður vegur í vöruverði og vægi aðfluttra vara í heildarneyslu í dreifbýli.

5.2. Forsendur.

Við mat á ***áhrifum kerfisbreytingar á flutningafyrirtæki*** var byggt á upplýsingum frá Landvara um þau fyrirtæki sem mest byggja á akstri á lengri leiðum. Þessi fyrirtæki kunna að verða fyrir mestu óhagræði vegna kerfisbreytingarinnar.

Við mat á vægi þungaskatts í rekstrarkostnaði er byggt á framtalsgögnum frá skattstjóra og árskýrslum fyrirtækjanna fyrir rekstrarárið 1997. Ekki þykir ástæða til að ætla að gagngerar breytingar hafi orðið á rekstri þessara fyrirtækja síðastliðið ár og því er gert ráð fyrir að vægi kostnaðar við akstur haldist óbreytt miðað við upplýsingar um rekstrarárið 1997.

Upplýsingar um **akstur og álagningu** þungaskatts fyrirtækjanna eru fengnar úr álestrarskrá ökumæla og tekjubókhaldi ríkisins. Upplýsingar um akstur eru byggðar á aflestri af ökumælum miðað við akstur ársins 1997. Hafi þessi fyrirtæki nú fleiri ökutæki í rekstri sem aka umfram 90.000 km á ári má búast við að þungaskattur vegi nú þyngra í kostnaði fyrirtækjanna en 1997. Miðað við athugun á akstri fyrirtækjanna í álestrarskrá ökumæla vegna gjaldársins 1998 virðist hann ekki hafa breyst mikið á milli ára. Það er ekki heildarfjöldi ekinna kílómetra sem ræður úrslitum um greiðslu þungaskatts hjá hverju fyrirtæki, heldur samsetning ökutækjanna sem notuð eru við aksturinn, þ.e. hvernig aksturinn dreifist á einstök ökutæki. Akstur ársins 1997 ætti því að gefa góða mynd af áhrifum breytinga á þungaskattskerfinu. Við mat á akstri var miðað við ökutækjaeign samkvæmt upplýsingum úr skattframtali eða upplýsingum frá fyrirtækjunum sjálfum.

Við mat á áhrifum kerfisbreytingarinnar er gengið út frá **óbreyttum rekstrarhlutföllum** fyrirtækjanna frá því fyrir breytingu. Áhrif kerfisbreytingarinnar á **rekstrarniðurstöðu** fyrirtækjanna eru metin sem og áhrif á rekstrarkvarða svo sem ávöxtun eiginfjár og ávöxtun heildarfjármagns fyrirtækjanna. Athugað er hversu mikið fyrirtækin þurfi að hækka verðskrá til að ná sömu rekstrarniðurstöðu og fyrir kerfisbreytingu. Ekkert mat er lagt á núverandi rekstur eða þörf á endurskipulagningu í rekstri.

Við mat á áhrifum á vöruverð er stuðst við upplýsingar frá Samtökum verslunarinnar um **vægi flutnings í endanlegu vöruverði til neytenda.** Eðlilegt þykir að vægi flutnings í vöruverði sé um 2% af vöruverði. Þá ber að hafa í huga að flutningskostnaður vegur minna í verði dýrrar vöru en ódýrrar. Því fara heildaráhrif hækkunar flutningskostnaðar nokkuð eftir neyslumynstri. Vegi flutningskostnaður þyngra í vöruverði má búast við að áhrif hækkunar verðskrár gæti meira í vöruverði til neytenda. (Sjá viðauka VII.)

Þá er stuðst við neyslukönnun Hagstofu Íslands frá árinu 1995 við mat á ***vægi aðfluttrar vöru í neyslu á landsbyggðinni***. Könnunin leiddi í ljós að um 60% af neyslu landsbyggðar-

fólks samanstendur af aðfluttri vöru. Þau 40% sem eftir eru samanstanda af staðbundinni neyslu í húsnæði, heilsugæslu og rekstri bifreiða. Engin ástæða er til að ætla að stórvægileg breyting hafi orðið á neyslumynstri fjölskyldna á landsbyggðinni síðastliðin þrjú ár. Hér er gert ráð fyrir að allar vörur til almennrar neyslu séu aðfluttar um langa vegalengd. Þó má ætla að nokkur hluti almennrar neysluvöru sé ýmist framleiddur í héraði eða fluttur um skemmri vegalengd til neytenda. Þetta hefur þá þýðingu að hlutur aðfluttrar vöru er hugsanlega ofáætlaður. (Sjá viðauka VIII.)

Tekið skal fram að við útreikning á þungaskatti er miðað við ***gjaldskrá þungaskatts*** eins og hún var fyrir breytingu með lögum nr. 83/1998 og eins og hún var samþykkt með lögunum.

Við mat á niðurstöðu er ekki tekið tillit til þeirra breytinga sem gerðar voru á bifreiðagjaldi og vörugjaldi á ökutækjum, sbr. lög nr. 83/1998. Gert er ráð fyrir að ***bifreiðagjald*** verði lækkað frá og með næstu áramótum samkvæmt fyrrgreindu frumvarpi. Lækkun bifreiðagjalds mun koma til móts við hugsanlega kostnaðarhækkun hjá einstaka fyrirtækjum.

Vörugjald var lækkað af flutningatækjum 1. júlí 1998 úr 15% í 7,5% og fellur endanlega niður frá og með 1. janúar 2000. Þó svo að erfit sé að meta áhrif niðurfellingar vörugjalds af flutningatækjum mun hún vafalaust verða til verulegra hagsbóta fyrir greinina.

5.3. Nálgun.

Við úrlausn er álagður þungaskattur reiknaður fyrir þau fyrirtæki sem ástæða þykir til að ætla að verði fyrir mestri hækkun miðað við nýtt kerfi. Reiknaður er þungaskattur miðað við akstur gjaldársins 1997 samkvæmt breyttri gjaldskrá þungaskattskerfis. Reiknaður þungaskattur var síðan borinn saman við álagningu það ár. Hrein breyting á álagningu þungaskatts var þá lögð við greiðslu þungaskatts fyrir sama ár til að nálgast rekstrarkostnað fyrirtækjanna eins og hann hefði verið árið 1997 hefði fyrirhugað kerfi verið í gildi.

Við áætlun hugsanlegrar gjaldskrárbreytingar voru rekstrartekjur hækkaðar um sem nemur breytingu á útgjöldum til þess að ná óbreyttri rekstrarniðurstöðu miðað við breytt kerfi. Rekstrarhlutföllum fyrirtækjanna var haldið föstum til að nálgast breytta gjaldskrá.

Við áætlun vöruverðsbreytinga er hlutur flutningskostnaðar hækkaður sem nemur áætlaðri breytingu á gjaldskrá. Þannig fæst áætluð hækkun á aðfluttri neysluvöru. Loks er útgjaldaaukning til neytenda reiknuð sem hlutfall af heildarneyslu meðalheimilis á landsbyggðinni.

Þess ber að geta að hér er eingöngu um að ræða úttekt á fáeinum fyrirtækjum sem ástæða þykir til að ætla að muni verða fyrir mestu óhagræði vegna fyrirhugaðra breytinga á þungaskattskerfinu. Hér er ekki leitast við að meta heildaráhrif kerfisbreytingarinnar á landflutninga almennt, en gera má ráð fyrir að breytingin hafi jákvæð áhrif á rekstur annarra flutningafyrirtækja sem aka á styttri flutningaleiðum.

5.4. Niðurstöður.

Sé ekki tekið tillit til annara rekstrarþátta, svo sem bifreiðagjalds, vörugjalds af ökutækjum, þróunar eldsneytisverðs, vaxtastigs o.s.frv., má ætla að fyrirtækin sem verða fyrir mestum áhrifum vegna kerfisbreytingarinnar þurfi að hækka gjaldskrá um 0,23% til 0,93% til að vega upp aukinn kostnað af þungaskatti. Samanlagður kostnaður fyrirtækjanna sem skoðuð voru er um fjórar milljónir. Sé gert ráð fyrir að flutningskostnaður vegi að jafnaði um 2% af heildarvöruverði má ætla að vöruverð myndi þurfa að hækka um 0,02% að jafnaði til að vega upp hækkun gjaldskrár flutningafyrirtækjanna. Sé gert ráð fyrir að um 60% af neyslu landsbyggðarfólks samanstandi af aðfluttum vörum þá hefði 1% (0,23–0,93%) hækkun á

flutningsgjöldum í för með sér 0,012% hækkun á útgjöldum heimila á landsbyggðinni. (Sjá viðauka VI og VII.)

5.5. Túlkun niðurstaðna.

Athugun á rekstri þeirra fyrirtækja sem fyrir mestu óhagræði verða af breytingu á þungaskattkerfinu sýnir að búast má við að heildarkostnaður þessara fyrirtækja af þungaskatti hækki um tæplega fjórar milljónir kr. Hér er átt við hreina samanlagða hækkun allra fyrirtækjanna. Til samanburðar má geta þess að í atvinnuvegaskýrslu Þjóðhagsstofnunar kemur fram að árið 1995 voru rekstrartekjur vöruflutninga á landi tæplega 6.880 m.kr. sem jafngildir 7.293 m.kr. á núverandi verðlagi. Hér er þó ekki tekið tillit til vaxtar í greininni.

Einnig ber að hafa í huga að kerfisbreytingin mun lækka kostnað fjölda fyrirtækja af þungaskatti, sérstaklega þeirra fyrirtækja þar sem uppistaðan í rekstrinum er akstur á skemmri leiðum. Þess vegna má gera ráð fyrir að kostnaður við staðbundna flutninga muni lækka, sem þýðir að heildaráhrif af kerfisbreytingunni verða minni en kemur fram í niðurstöðum hér.

Það er ljóst að breytingin sem gerð var á þungaskattskerfi sl. vor mun leiða til þess að gjaldtaka mun taka meira mið af akstri en áður, þ.e. sérstaklega hjá þeim ökutækja sem mikið er ekið. Þetta þýðir að þau fyrirtæki, þar sem aksturinn er hvað mestur, munu greiða meira eftir breytingu. Þessi hækkun mun þó hafa óveruleg áhrif á rekstur fyrirtækjana. Þegar á heildina er litið mun nýtt þungaskattskerfi verða fyrirtækjum í landflutningum til hagsbóta.

6. Fast árgjald og niðurfelling afsláttar.

6.1. Gagnrýni.

Í nokkrum umsagnanna kemur fram að 100.000 kr. fast árgjald á ökutæki yfir 14.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd leggist mjög þungt á eigendur þeirra ökutækja sem lítið er ekið. Jafnframt hefur álagningu fasts árgjalds á eftirvagna verið mótmælt og því haldið fram að niðurfelling afsláttarkerfisins komi illa við eigendur þeirra ökutækja sem aka umfram 90.000 km á ári. Töldu ýmsir hagsmunaaðilar að setja ætti sérreglur um ökutæki sem lítið er ekið með þeim hætti að álagning 100.000 kr. fasts árgjalds kæmi einungis til ef ökutæki væri ekið umfram ákveðinn fjölda kílómetra. Jafnframt komu fram þau sjónarmið að ef ökutækjum er ekið umfram 90.000 km ættu eigendur þeirra kost, sem velja þyrfti í upphafi árs, um annað hvort að greiða þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk 100.000 kr. fasts árgjalds eða greiða fasta áætlun þungaskatts sem tæki mið af akstri ökutækis sem ekið er 90.000 km á ári. Allur akstur umfram 90.000 km væri því í raun gjaldfrjáls.

6.2. Aðdragandi breytinga.

Hvað varðar ofangreind sjónarmið er rétt að rekja aðdraganda breytinga á þungaskattskerfinu samkvæmt lögum nr. 83/1998. Aðdragandann má rekja til afnáms laga um vörugjald af olíu og álits samkeppnisráðs nr. 4/1997 er varðar erindi félaga leigu-, sendi- og vörubifreiðastjóra um ákvæði um þungaskatt í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Í áliti sínu taldi samkeppnisráð að ákvæði laga nr. 3/1987, sem giltu um afsláttarfyrirkomulagið, hefði hamlandi áhrif á samkeppni miðað við núgildandi samkeppnis- og markaðsaðstæður. Ráðið taldi einnig að umrædd ákvæði laganna vikju frá þeirri hugsun sem lægi að baki setningu laganna, þ.e. **að gjaldtaka af ökutækjum skuli tengjast notkun og sliti á vegum**.

6.3. Niðurfelling fasts gjalds ef akstur er lítill.

Ef miða ætti álagningu 100.000 kr. fasts árgjalds við tiltekna lágmarksnotkun þyrfti m.a. að breyta gjaldskrá þungaskatts, þannig að hækka þyrfti taxtann gagnvart þeim hópi sem ætti að vera án fasta gjaldsins, þar sem hann var lækkaður um 30% þegar fasta gjaldið var tekið upp. Það gæti flækt kerfið mjög mikið, t.d. ef ökutækið færi yfir markið á árinu, yrði að taka upp álagningu eldri gjaldtímabila og leiðrétta miðað við að lagt væri á það 100.000 kr. fast árgjald.

6.4. Gjaldfrjáls akstur umfram 90.000 km.

Ef fallast ætti á að veita þeim sem aka yfir 90.000 km á ári val um að greiða fasta áætlun sem jafngilti 90.000 km akstri væri í raun verið að veita þeim 100% afslátt af þeim akstri sem væri umfram 90.000 km, þar sem ekki þyrfti að greiða fyrir þann akstur. Slík regla gengi í berhögg við niðurstöðu samkeppnisráðs í áliti nr. 4/1997, þar sem afsláttarreglur voru taldar hafa hamlandi áhrif á samkeppni og með því að veita þeim mun hærri afslátt af greiðslu þungaskatts, eftir því hve mikið er ekið, var verið að tryggja aðilum sem mikið aka viðskiptalegt forskot á nýja og smærri aðila á markaðnum.

6.5. Fast gjald ígildi afsláttar.

Álitamál kann að vera hvort ákvæði um 100.000 kr. fast árgjald þungaskatts stenst samkeppnislög og ákvæði laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, miðað við niðurstöðu samkeppnisráðs. Líta má svo á að 100.000 kr. fast árgjald sé ígildi afsláttarkerfis þar sem árgjaldið leggst jafnt á öll ökutæki sem eru yfir 14.000 kg óháð akstri. Með því að hafa sama fasta gjaldið á alla þyngdarflokka er gjald á hvern ekinn kílómetra lægra hjá þeim sem eru með þyngri ökutæki og aka mikið, þar sem fasti kostnaðurinn dreifist meira eftir því sem aksturinn er meiri.

Tekið skal fram að á árinu 1997 var fjöldi ökutækja, sem kílómetragjald þungaskatts var greitt, af um 10.400. Af þeim voru 4.215 ökutæki yfir 14.000 kg að leyfðri heildarþyngd. Þar af var 1.856 ekið innan við 10.000 km árið 1997. Fjöldi þeirra sem var ekið innan við 20.000 km var 2.617. Voru því 62% af þeim ökutækjum sem greitt er af 100.000 kr. fast árgjald ekið innan við 20.000 km á ári. Af heildarfjölda ökutækja var 48 ökutækjum ekið 90–100.000 km en fjöldi þeirra sem var ekið yfir 100.000 km árið 1997 var 80 sem er 0,77% af heildarfjölda, þar af voru 20 almenningsvagnar í þéttbýli (strætisvagnar). (Sjá viðauka IX)

Jafnframt skal tekið fram að breyting sem gerð var á þungaskattskerfinu sl. vor hefur mjög mismunandi áhrif eftir stærð og þyngd ökutækja og síðast en ekki síst eftir akstri. Í viðauka X má sjá töflu og línurit þar sem kerfin eru borin saman. Er töflunni skipt upp eftir gjaldþyngd ökutækja og hversu mikið þeim er ekið. Í efstu línunni kemur fram sú fjárhæð sem þarf að greiða eftir breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 83/1998. Í annarri línu miðast fjárhæðin við að hægt var að ná allt að 50% afslætti, þ.e. af akstri vörubifreiða og eftirvagna. Í þriðju línunni er svo að sjá fjárhæðir, þar sem hægt var að ná 20% afslætti. Ef tekið er dæmi af 14.000 kg ökutæki er gjaldbyrðin meiri samkvæmt nýja kerfinu ef aksturinn er innan við 23.810 km á ári og ef hann er umfram 59.254 km á ári miðað við ökutæki sem átti rétt á 50% afslætti. Gjaldbyrðin minnkar hins vegar ef aksturinn er innan þessara marka. Ef tekið er dæmi af 26.000 kg ökutæki, en það er algeng stærð af vöru- og malarflutningabíl, eykst gjaldbyrðin samkvæmt nýja kerfinu ef aksturinn er innan við 11.779 km á ári og ef aksturinn er umfram 71.564 km á ári, miðað við ökutæki sem átti rétt á 50% afslætti. Gjaldbyrðin minnkar hins vegar ef aksturinn er innan þessara marka.

7. Lokakafli.

Þegar þungaskattskerfið er skoðað í heild sinni eins og það var fyrir setningu laga nr. 83/1998 og eftir lagabreytinguna, virðist vera að það mismuni annars vegar eigendum fólksbifreiða með dísilhreyfli gagnvart eigendum bensínbifreiða og hins vegar eigendum stærri ökutækja, þá bæði eftir þyngd ökutækjanna og eftir akstri.


Í afsláttarkerfinu nutu rúmlega 20% ökutækja 20–50% afsláttar af þeim ökutækjum sem eru 14.000 kg eða þyngri árið 1997. Þessi niðurstaða sýnir að af þeim ökutækjum sem nú ber að greiða 100.000 kr. fast árgjald nutu mörg þeirra ekki afsláttar, enda var um 62% þeirra ekið innan við 20.000 km árið 1997.


Gert er ráð fyrir að tekjur af 100.000 kr. föstu árgjaldi þungaskatts verði rúmlega 420 m.kr. árið 1999. Ef fella ætti það niður er ljóst að hækka þarf gjaldskrá þungaskatts þó nokkuð, eða nokkurn veginn til samræmis við það sem hún var fyrir breytingu með lögum nr. 83/1998. Myndi það auka gjaldbyrði ökutækja sem mikið er ekið, enda var afsláttur miðað við akstur ársins 1997 rúmlega 200 m.kr. Með slíku kerfi væri álagning þungaskatts miðuð við notkun og væri það í anda álits samkeppninstofnunar.


Að öllu þessu virtu má vera ljóst að ekki er unnt að búa til þungaskattskerfi, sem í senn uppfyllir kröfur samkeppnisyfirvalda um niðurfellingu afsláttar, og kemur til móts við þá sem aka mikið án þess að íþyngja þeim sem aka lítið. Þungaskattskerfi með afsláttarfyrirkomulagi mismunaði gjaldendum þannig að þótti samkeppnishamlandi. Þungaskattskerfi með föstu árgjaldi mismunar gjaldendum eftir akstri og þykir koma illa niður á þeim sem aka lítið. Til að koma á kerfi sem mismunar gjaldendum sem minnst og þar sem skattlagningin miðast við notkun virðast einu raunhæfu leiðirnar að hafa þungaskatt sem kílómetragjald án fasts gjalds og afsláttar eða færa gjaldtökuna inn í eldsneytisnotkunina.

Viðauki I

Samanburður á heildarrekstrarkostnaði bensín- og dísilbifreiðar.








Viðauki II.

Myndin sýnir hvenær dísilbifreið er jafnhagkvæm í rekstri og sambærileg bensínbifreið af sömu tegund. Sé t.d. miðað við 18.000 km árlegan akstur Opel Astra verður þungaskattur að vera rétt rúmlega 40.000 kr. á ári til þess að dísilbifreiðin geti talist jafnhagkvæm og sambærileg bensínbifreið.



Áhrif breytinga á þungaskatti á rekstrarkostnað dísilbifreiðar Opel Astra

Akstur	10.000		15.000		20.000		25.000		30.000	
Þungaskattur	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil
0	2.237.343	2.194.652	2.433.521	2.247.840	2.629.699	2.301.027	2.825.877	2.354.215	3.022.056	2.407.402
5.000	2.237.343	2.230.820	2.433.521	2.284.007	2.629.699	2.337.195	2.825.877	2.390.382	3.022.056	2.443.570
10.000	2.237.343	2.266.987	2.433.521	2.320.174	2.629.699	2.373.362	2.825.877	2.426.549	3.022.056	2.479.737
15.000	2.237.343	2.303.154	2.433.521	2.356.342	2.629.699	2.409.529	2.825.877	2.462.717	3.022.056	2.515.904
20.000	2.237.343	2.339.321	2.433.521	2.392.509	2.629.699	2.445.696	2.825.877	2.498.884	3.022.056	2.552.071
25.000	2.237.343	2.375.488	2.433.521	2.428.676	2.629.699	2.481.863	2.825.877	2.535.051	3.022.056	2.588.238
30.000	2.237.343	2.411.656	2.433.521	2.464.843	2.629.699	2.518.031	2.825.877	2.571.218	3.022.056	2.624.406
35.000	2.237.343	2.447.823	2.433.521	2.501.010	2.629.699	2.554.198	2.825.877	2.607.385	3.022.056	2.660.573
40.000	2.237.343	2.483.990	2.433.521	2.537.178	2.629.699	2.590.365	2.825.877	2.643.553	3.022.056	2.696.740
45.000	2.237.343	2.520.157	2.433.521	2.573.345	2.629.699	2.626.532	2.825.877	2.679.720	3.022.056	2.732.907
50.000	2.237.343	2.556.325	2.433.521	2.609.512	2.629.699	2.662.700	2.825.877	2.715.887	3.022.056	2.769.074
55.000	2.237.343	2.592.492	2.433.521	2.645.679	2.629.699	2.698.867	2.825.877	2.752.054	3.022.056	2.805.242
60.000	2.237.343	2.628.659	2.433.521	2.681.846	2.629.699	2.735.034	2.825.877	2.788.221	3.022.056	2.841.409
65.000	2.237.343	2.664.826	2.433.521	2.718.014	2.629.699	2.771.201	2.825.877	2.824.389	3.022.056	2.877.576
70.000	2.237.343	2.700.993	2.433.521	2.754.181	2.629.699	2.807.368	2.825.877	2.860.556	3.022.056	2.913.743
75.000	2.237.343	2.737.161	2.433.521	2.790.348	2.629.699	2.843.536	2.825.877	2.896.723	3.022.056	2.949.911
80.000	2.237.343	2.773.328	2.433.521	2.826.515	2.629.699	2.879.703	2.825.877	2.932.890	3.022.056	2.986.078
85.000	2.237.343	2.809.495	2.433.521	2.862.682	2.629.699	2.915.870	2.825.877	2.969.057	3.022.056	3.022.245
90.000	2.237.343	2.845.662	2.433.521	2.898.850	2.629.699	2.952.037	2.825.877	3.005.225	3.022.056	3.058.412
95.000	2.237.343	2.881.829	2.433.521	2.935.017	2.629.699	2.988.204	2.825.877	3.041.392	3.022.056	3.094.579
100.000	2.237.343	2.917.997	2.433.521	2.971.184	2.629.699	3.024.372	2.825.877	3.077.559	3.022.056	3.130.747
105.000	2.237.343	2.954.164	2.433.521	3.007.351	2.629.699	3.060.539	2.825.877	3.113.726	3.022.056	3.166.914
110.000	2.237.343	2.990.331	2.433.521	3.043.518	2.629.699	3.096.706	2.825.877	3.149.893	3.022.056	3.203.081
115.000	2.237.343	3.026.498	2.433.521	3.079.686	2.629.699	3.132.873	2.825.877	3.186.061	3.022.056	3.239.248
120.000	2.237.343	3.062.665	2.433.521	3.115.853	2.629.699	3.169.040	2.825.877	3.222.228	3.022.056	3.275.415
125.000	2.237.343	3.098.833	2.433.521	3.152.020	2.629.699	3.205.208	2.825.877	3.258.395	3.022.056	3.311.583
130.000	2.237.343	3.135.000	2.433.521	3.188.187	2.629.699	3.241.375	2.825.877	3.294.562	3.022.056	3.347.750
135.000	2.237.343	3.171.167	2.433.521	3.224.355	2.629.699	3.277.542	2.825.877	3.330.729	3.022.056	3.383.917
140.000	2.237.343	3.207.334	2.433.521	3.260.522	2.629.699	3.313.709	2.825.877	3.366.897	3.022.056	3.420.084
145.000	2.237.343	3.243.501	2.433.521	3.296.689	2.629.699	3.349.876	2.825.877	3.403.064	3.022.056	3.456.251
Þungaskattur	**7**	**5.902**	**7**	**25.670**	**7**	**45.438**	**7**	**65.206**	**7**	**84.974**

Áhrif breytinga á þungaskatti á rekstrarkostnað dísilbifreiðar Toyota Avensis

Akstur	10.000		15.000		20.000		25.000		30.000	
Þungaskattur	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil
0	2.888.117	2.667.508	3.192.988	2.746.823	3.497.860	2.826.137	3.802.731	2.905.452	4.107.603	2.984.767
5.000	2.888.117	2.703.675	3.192.988	2.782.990	3.497.860	2.862.304	3.802.731	2.941.619	4.107.603	3.020.934
10.000	2.888.117	2.739.842	3.192.988	2.819.157	3.497.860	2.898.472	3.802.731	2.977.786	4.107.603	3.057.101
15.000	2.888.117	2.776.009	3.192.988	2.855.324	3.497.860	2.934.639	3.802.731	3.013.953	4.107.603	3.093.268
20.000	2.888.117	2.812.177	3.192.988	2.891.491	3.497.860	2.970.806	3.802.731	3.050.121	4.107.603	3.129.435
25.000	2.888.117	2.848.344	3.192.988	2.927.659	3.497.860	3.006.973	3.802.731	3.086.288	4.107.603	3.165.603
30.000	2.888.117	2.884.511	3.192.988	2.963.826	3.497.860	3.043.140	3.802.731	3.122.455	4.107.603	3.201.770
35.000	2.888.117	2.920.678	3.192.988	2.999.993	3.497.860	3.079.308	3.802.731	3.158.622	4.107.603	3.237.937
40.000	2.888.117	2.956.845	3.192.988	3.036.160	3.497.860	3.115.475	3.802.731	3.194.790	4.107.603	3.274.104
45.000	2.888.117	2.993.013	3.192.988	3.072.327	3.497.860	3.151.642	3.802.731	3.230.957	4.107.603	3.310.271
50.000	2.888.117	3.029.180	3.192.988	3.108.495	3.497.860	3.187.809	3.802.731	3.267.124	4.107.603	3.346.439
55.000	2.888.117	3.065.347	3.192.988	3.144.662	3.497.860	3.223.976	3.802.731	3.303.291	4.107.603	3.382.606
60.000	2.888.117	3.101.514	3.192.988	3.180.829	3.497.860	3.260.144	3.802.731	3.339.458	4.107.603	3.418.773
65.000	2.888.117	3.137.682	3.192.988	3.216.996	3.497.860	3.296.311	3.802.731	3.375.626	4.107.603	3.454.940
70.000	2.888.117	3.173.849	3.192.988	3.253.163	3.497.860	3.332.478	3.802.731	3.411.793	4.107.603	3.491.107
75.000	2.888.117	3.210.016	3.192.988	3.289.331	3.497.860	3.368.645	3.802.731	3.447.960	4.107.603	3.527.275
80.000	2.888.117	3.246.183	3.192.988	3.325.498	3.497.860	3.404.812	3.802.731	3.484.127	4.107.603	3.563.442
85.000	2.888.117	3.282.350	3.192.988	3.361.665	3.497.860	3.440.980	3.802.731	3.520.294	4.107.603	3.599.609
90.000	2.888.117	3.318.518	3.192.988	3.397.832	3.497.860	3.477.147	3.802.731	3.556.462	4.107.603	3.635.776
95.000	2.888.117	3.354.685	3.192.988	3.433.999	3.497.860	3.513.314	3.802.731	3.592.629	4.107.603	3.671.943
100.000	2.888.117	3.390.852	3.192.988	3.470.167	3.497.860	3.549.481	3.802.731	3.628.796	4.107.603	3.708.111
105.000	2.888.117	3.427.019	3.192.988	3.506.334	3.497.860	3.585.649	3.802.731	3.664.963	4.107.603	3.744.278
110.000	2.888.117	3.463.186	3.192.988	3.542.501	3.497.860	3.621.816	3.802.731	3.701.130	4.107.603	3.780.445
115.000	2.888.117	3.499.354	3.192.988	3.578.668	3.497.860	3.657.983	3.802.731	3.737.298	4.107.603	3.816.612
120.000	2.888.117	3.535.521	3.192.988	3.614.835	3.497.860	3.694.150	3.802.731	3.773.465	4.107.603	3.852.779
125.000	2.888.117	3.571.688	3.192.988	3.651.003	3.497.860	3.730.317	3.802.731	3.809.632	4.107.603	3.888.947
130.000	2.888.117	3.607.855	3.192.988	3.687.170	3.497.860	3.766.485	3.802.731	3.845.799	4.107.603	3.925.114
135.000	2.888.117	3.644.022	3.192.988	3.723.337	3.497.860	3.802.652	3.802.731	3.881.966	4.107.603	3.961.281
140.000	2.888.117	3.680.190	3.192.988	3.759.504	3.497.860	3.838.819	3.802.731	3.918.134	4.107.603	3.997.448
145.000	2.888.117	3.716.357	3.192.988	3.795.671	3.497.860	3.874.986	3.802.731	3.954.301	4.107.603	4.033.616
Þungaskattu	**7**	**30.498**	**7**	**61.681**	**7**	**92.863**	**7**	**124.046**	**7**	**155.228**

Áhrif breytinga á þungaskatti á rekstrarkostnað dísilbifreiðar Nissan Terrano

Akstur	10.000		15.000		20.000		25.000		30.000	
Þungaskattur	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil
0	3.496.983	3.439.178	3.823.063	3.531.557	4.149.143	3.623.935	4.475.223	3.716.313	4.801.302	3.808.692
5.000	3.496.983	3.475.346	3.823.063	3.567.724	4.149.143	3.660.102	4.475.223	3.752.480	4.801.302	3.844.859
10.000	3.496.983	3.511.513	3.823.063	3.603.891	4.149.143	3.696.269	4.475.223	3.788.648	4.801.302	3.881.026
15.000	3.496.983	3.547.680	3.823.063	3.640.058	4.149.143	3.732.437	4.475.223	3.824.815	4.801.302	3.917.193
20.000	3.496.983	3.583.847	3.823.063	3.676.226	4.149.143	3.768.604	4.475.223	3.860.982	4.801.302	3.953.360
25.000	3.496.983	3.620.014	3.823.063	3.712.393	4.149.143	3.804.771	4.475.223	3.897.149	4.801.302	3.989.528
30.000	3.496.983	3.656.182	3.823.063	3.748.560	4.149.143	3.840.938	4.475.223	3.933.316	4.801.302	4.025.695
35.000	3.496.983	3.692.349	3.823.063	3.784.727	4.149.143	3.877.105	4.475.223	3.969.484	4.801.302	4.061.862
40.000	3.496.983	3.728.516	3.823.063	3.820.894	4.149.143	3.913.273	4.475.223	4.005.651	4.801.302	4.098.029
45.000	3.496.983	3.764.683	3.823.063	3.857.062	4.149.143	3.949.440	4.475.223	4.041.818	4.801.302	4.134.196
50.000	3.496.983	3.800.850	3.823.063	3.893.229	4.149.143	3.985.607	4.475.223	4.077.985	4.801.302	4.170.364
55.000	3.496.983	3.837.018	3.823.063	3.929.396	4.149.143	4.021.774	4.475.223	4.114.153	4.801.302	4.206.531
60.000	3.496.983	3.873.185	3.823.063	3.965.563	4.149.143	4.057.941	4.475.223	4.150.320	4.801.302	4.242.698
65.000	3.496.983	3.909.352	3.823.063	4.001.730	4.149.143	4.094.109	4.475.223	4.186.487	4.801.302	4.278.865
70.000	3.496.983	3.945.519	3.823.063	4.037.898	4.149.143	4.130.276	4.475.223	4.222.654	4.801.302	4.315.032
75.000	3.496.983	3.981.687	3.823.063	4.074.065	4.149.143	4.166.443	4.475.223	4.258.821	4.801.302	4.351.200
80.000	3.496.983	4.017.854	3.823.063	4.110.232	4.149.143	4.202.610	4.475.223	4.294.989	4.801.302	4.387.367
85.000	3.496.983	4.054.021	3.823.063	4.146.399	4.149.143	4.238.777	4.475.223	4.331.156	4.801.302	4.423.534
90.000	3.496.983	4.090.188	3.823.063	4.182.566	4.149.143	4.274.945	4.475.223	4.367.323	4.801.302	4.459.701
95.000	3.496.983	4.126.355	3.823.063	4.218.734	4.149.143	4.311.112	4.475.223	4.403.490	4.801.302	4.495.868
100.000	3.496.983	4.162.523	3.823.063	4.254.901	4.149.143	4.347.279	4.475.223	4.439.657	4.801.302	4.532.036
105.000	3.496.983	4.198.690	3.823.063	4.291.068	4.149.143	4.383.446	4.475.223	4.475.825	4.801.302	4.568.203
110.000	3.496.983	4.234.857	3.823.063	4.327.235	4.149.143	4.419.614	4.475.223	4.511.992	4.801.302	4.604.370
115.000	3.496.983	4.271.024	3.823.063	4.363.402	4.149.143	4.455.781	4.475.223	4.548.159	4.801.302	4.640.537
120.000	3.496.983	4.307.191	3.823.063	4.399.570	4.149.143	4.491.948	4.475.223	4.584.326	4.801.302	4.676.704
125.000	3.496.983	4.343.359	3.823.063	4.435.737	4.149.143	4.528.115	4.475.223	4.620.493	4.801.302	4.712.872
130.000	3.496.983	4.379.526	3.823.063	4.471.904	4.149.143	4.564.282	4.475.223	4.656.661	4.801.302	4.749.039
135.000	3.496.983	4.415.693	3.823.063	4.508.071	4.149.143	4.600.450	4.475.223	4.692.828	4.801.302	4.785.206
140.000	3.496.983	4.451.860	3.823.063	4.544.238	4.149.143	4.636.617	4.475.223	4.728.995	4.801.302	4.821.373
145.000	3.496.983	4.488.027	3.823.063	4.580.406	4.149.143	4.672.784	4.475.223	4.765.162	4.801.302	4.857.541
Þungaskattur	**7**	**7.991**	**7**	**40.300**	**7**	**72.608**	**7**	**104.917**	**7**	**137.225**

Áhrif aksturs á heildarkostnað við rekstur dísilbifreiðar Opel Astra

Akstur	Kostnaður	1	2	3	4
0	2.906.835,38 kr.	401.861	401.861	401.861	401.861
5000	2.960.022,87 kr.	409.214	409.214	409.214	409.214
10.000	3.013.210,36 kr.	416.567	416.567	416.567	416.567
15.000	3.066.397,85 kr.	423.920	423.920	423.920	423.920
20.000	3.119.585,35 kr.	431.273	431.273	431.273	431.273
25.000	3.172.772,84 kr.	438.626	438.626	438.626	438.626
30.000	3.225.960,33 kr.	445.979	445.979	445.979	445.979
35.000	3.279.147,82 kr.	453.332	453.332	453.332	453.332
40.000	3.332.335,32 kr.	460.685	460.685	460.685	460.685
45.000	3.385.522,81 kr.	468.038	468.038	468.038	468.038
50.000	3.438.710,30 kr.	475.391	475.391	475.391	475.391
55.000	3.491.897,79 kr.	482.744	482.744	482.744	482.744
60.000	3.545.085,29 kr.	490.097	490.097	490.097	490.097
65.000	3.598.272,78 kr.	497.450	497.450	497.450	497.450

Áhrif aksturs á heildarkostnað við rekstur bensínbifreiðar

Akstur	Kostnaður	1	2	3	4
0	1.844.986,61 kr.	255.063	255.063	255.063	255.063
5000	2.041.164,77 kr.	282.184	282.184	282.184	282.184
10.000	2.237.342,93 kr.	309.305	309.305	309.305	309.305
15.000	2.433.521,08 kr.	336.426	336.426	336.426	336.426
20.000	2.629.699,24 kr.	363.547	363.547	363.547	363.547
25.000	2.825.877,40 kr.	390.668	390.668	390.668	390.668
30.000	3.022.055,55 kr.	417.789	417.789	417.789	417.789
35.000	3.218.233,71 kr.	444.910	444.910	444.910	444.910
40.000	3.414.411,87 kr.	472.031	472.031	472.031	472.031
45.000	3.610.590,02 kr.	499.152	499.152	499.152	499.152
50.000	3.806.768,18 kr.	526.273	526.273	526.273	526.273
55.000	4.002.946,33 kr.	553.394	553.394	553.394	553.394
60.000	4.199.124,49 kr.	580.515	580.515	580.515	580.515
65.000	4.395.302,65 kr.	607.636	607.636	607.636	607.636

5	6	7	8	9	10	11	12
401.861	401.861	401.861	401.861	401.861	401.861	401.861	401.861
409.214	409.214	409.214	409.214	409.214	409.214	409.214	409.214
416.567	416.567	416.567	416.567	416.567	416.567	416.567	416.567
423.920	423.920	423.920	423.920	423.920	423.920	423.920	423.920
431.273	431.273	431.273	431.273	431.273	431.273	431.273	431.273
438.626	438.626	438.626	438.626	438.626	438.626	438.626	438.626
445.979	445.979	445.979	445.979	445.979	445.979	445.979	445.979
453.332	453.332	453.332	453.332	453.332	453.332	453.332	453.332
460.685	460.685	460.685	460.685	460.685	460.685	460.685	460.685
468.038	468.038	468.038	468.038	468.038	468.038	468.038	468.038
475.391	475.391	475.391	475.391	475.391	475.391	475.391	475.391
482.744	482.744	482.744	482.744	482.744	482.744	482.744	482.744
490.097	490.097	490.097	490.097	490.097	490.097	490.097	490.097
497.450	497.450	497.450	497.450	497.450	497.450	497.450	497.450

5	6	7	8	9	10	11	12
255.063	255.063	255.063	255.063	255.063	255.063	255.063	255.063
282.184	282.184	282.184	282.184	282.184	282.184	282.184	282.184
309.305	309.305	309.305	309.305	309.305	309.305	309.305	309.305
336.426	336.426	336.426	336.426	336.426	336.426	336.426	336.426
363.547	363.547	363.547	363.547	363.547	363.547	363.547	363.547
390.668	390.668	390.668	390.668	390.668	390.668	390.668	390.668
417.789	417.789	417.789	417.789	417.789	417.789	417.789	417.789
444.910	444.910	444.910	444.910	444.910	444.910	444.910	444.910
472.031	472.031	472.031	472.031	472.031	472.031	472.031	472.031
499.152	499.152	499.152	499.152	499.152	499.152	499.152	499.152
526.273	526.273	526.273	526.273	526.273	526.273	526.273	526.273
553.394	553.394	553.394	553.394	553.394	553.394	553.394	553.394
580.515	580.515	580.515	580.515	580.515	580.515	580.515	580.515
607.636	607.636	607.636	607.636	607.636	607.636	607.636	607.636

Áhrif aksturs á heildarkostnað við rekstur dísilbifreiðar Toyota Avensis

Akstur	Kostnaður	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
0	3.327.436,37 kr.	460.007	460.007	460.007	460.007	460.007	460.007	460.007	460.007	460.007	460.007	460.007	460.007
5000	3.406.751,05 kr.	470.972	470.972	470.972	470.972	470.972	470.972	470.972	470.972	470.972	470.972	470.972	470.972
10.000	3.486.065,73 kr.	481.937	481.937	481.937	481.937	481.937	481.937	481.937	481.937	481.937	481.937	481.937	481.937
15.000	3.565.380,41 kr.	492.902	492.902	492.902	492.902	492.902	492.902	492.902	492.902	492.902	492.902	492.902	492.902
20.000	3.644.695,10 kr.	503.867	503.867	503.867	503.867	503.867	503.867	503.867	503.867	503.867	503.867	503.867	503.867
25.000	3.724.009,78 kr.	514.832	514.832	514.832	514.832	514.832	514.832	514.832	514.832	514.832	514.832	514.832	514.832
30.000	3.803.324,46 kr.	525.797	525.797	525.797	525.797	525.797	525.797	525.797	525.797	525.797	525.797	525.797	525.797
35.000	3.882.639,14 kr.	536.762	536.762	536.762	536.762	536.762	536.762	536.762	536.762	536.762	536.762	536.762	536.762
40.000	3.961.953,82 kr.	547.727	547.727	547.727	547.727	547.727	547.727	547.727	547.727	547.727	547.727	547.727	547.727
45.000	4.041.268,50 kr.	558.692	558.692	558.692	558.692	558.692	558.692	558.692	558.692	558.692	558.692	558.692	558.692
50.000	4.120.583,19 kr.	569.657	569.657	569.657	569.657	569.657	569.657	569.657	569.657	569.657	569.657	569.657	569.657
55.000	4.199.897,87 kr.	580.622	580.622	580.622	580.622	580.622	580.622	580.622	580.622	580.622	580.622	580.622	580.622
60.000	4.279.212,55 kr.	591.587	591.587	591.587	591.587	591.587	591.587	591.587	591.587	591.587	591.587	591.587	591.587
65.000	4.358.527,23 kr.	602.552	602.552	602.552	602.552	602.552	602.552	602.552	602.552	602.552	602.552	602.552	602.552

Áhrif aksturs á heildarkostnað við rekstur bensínbifreiðar

Akstur	Kostnaður	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
0	2.278.373,82 kr.	314.978	314.978	314.978	314.978	314.978	314.978	314.978	314.978	314.978	314.978	314.978	314.978
5000	2.583.245,28 kr.	357.125	357.125	357.125	357.125	357.125	357.125	357.125	357.125	357.125	357.125	357.125	357.125
10.000	2.888.116,74 kr.	399.273	399.273	399.273	399.273	399.273	399.273	399.273	399.273	399.273	399.273	399.273	399.273
15.000	3.192.988,20 kr.	441.420	441.420	441.420	441.420	441.420	441.420	441.420	441.420	441.420	441.420	441.420	441.420
20.000	3.497.859,66 kr.	483.568	483.568	483.568	483.568	483.568	483.568	483.568	483.568	483.568	483.568	483.568	483.568
25.000	3.802.731,11 kr.	525.715	525.715	525.715	525.715	525.715	525.715	525.715	525.715	525.715	525.715	525.715	525.715
30.000	4.107.602,57 kr.	567.863	567.863	567.863	567.863	567.863	567.863	567.863	567.863	567.863	567.863	567.863	567.863
35.000	4.412.474,03 kr.	610.010	610.010	610.010	610.010	610.010	610.010	610.010	610.010	610.010	610.010	610.010	610.010
40.000	4.717.345,49 kr.	652.158	652.158	652.158	652.158	652.158	652.158	652.158	652.158	652.158	652.158	652.158	652.158
45.000	5.022.216,95 kr.	694.305	694.305	694.305	694.305	694.305	694.305	694.305	694.305	694.305	694.305	694.305	694.305
50.000	5.327.088,41 kr.	736.453	736.453	736.453	736.453	736.453	736.453	736.453	736.453	736.453	736.453	736.453	736.453
55.000	5.631.959,87 kr.	778.600	778.600	778.600	778.600	778.600	778.600	778.600	778.600	778.600	778.600	778.600	778.600
60.000	5.936.831,33 kr.	820.748	820.748	820.748	820.748	820.748	820.748	820.748	820.748	820.748	820.748	820.748	820.748
65.000	6.241.702,79 kr.	862.895	862.895	862.895	862.895	862.895	862.895	862.895	862.895	862.895	862.895	862.895	862.895

Áhrif aksturs á heildarkostnað við rekstur dísilbifreiðar Nissan Terrano

Akstur	Kostnaður	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
0	4.243.052,45 kr.	586.588	586.588	586.588	586.588	586.588	586.588	586.588	586.588	586.588	586.588	586.588	586.588
5000	4.335.430,72 kr.	599.359	599.359	599.359	599.359	599.359	599.359	599.359	599.359	599.359	599.359	599.359	599.359
10.000	4.427.809,00 kr.	612.130	612.130	612.130	612.130	612.130	612.130	612.130	612.130	612.130	612.130	612.130	612.130
15.000	4.520.187,28 kr.	624.901	624.901	624.901	624.901	624.901	624.901	624.901	624.901	624.901	624.901	624.901	624.901
20.000	4.612.565,55 kr.	637.672	637.672	637.672	637.672	637.672	637.672	637.672	637.672	637.672	637.672	637.672	637.672
25.000	4.704.943,83 kr.	650.443	650.443	650.443	650.443	650.443	650.443	650.443	650.443	650.443	650.443	650.443	650.443
30.000	4.797.322,11 kr.	663.214	663.214	663.214	663.214	663.214	663.214	663.214	663.214	663.214	663.214	663.214	663.214
35.000	4.889.700,38 kr.	675.985	675.985	675.985	675.985	675.985	675.985	675.985	675.985	675.985	675.985	675.985	675.985
40.000	4.982.078,66 kr.	688.756	688.756	688.756	688.756	688.756	688.756	688.756	688.756	688.756	688.756	688.756	688.756
45.000	5.074.456,93 kr.	701.527	701.527	701.527	701.527	701.527	701.527	701.527	701.527	701.527	701.527	701.527	701.527
50.000	5.166.835,21 kr.	714.298	714.298	714.298	714.298	714.298	714.298	714.298	714.298	714.298	714.298	714.298	714.298
55.000	5.259.213,49 kr.	727.069	727.069	727.069	727.069	727.069	727.069	727.069	727.069	727.069	727.069	727.069	727.069
60.000	5.351.591,76 kr.	739.840	739.840	739.840	739.840	739.840	739.840	739.840	739.840	739.840	739.840	739.840	739.840
65.000	5.443.970,04 kr.	752.611	752.611	752.611	752.611	752.611	752.611	752.611	752.611	752.611	752.611	752.611	752.611

Áhrif aksturs á heildarkostnað við rekstur bensínbifreiðar

Akstur	Kostnaður	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
0	2.844.823,03 kr.	393.288	393.288	393.288	393.288	393.288	393.288	393.288	393.288	393.288	393.288	393.288	393.288
5000	3.170.902,94 kr.	438.367	438.367	438.367	438.367	438.367	438.367	438.367	438.367	438.367	438.367	438.367	438.367
10.000	3.496.982,85 kr.	483.447	483.447	483.447	483.447	483.447	483.447	483.447	483.447	483.447	483.447	483.447	483.447
15.000	3.823.062,76 kr.	528.526	528.526	528.526	528.526	528.526	528.526	528.526	528.526	528.526	528.526	528.526	528.526
20.000	4.149.142,67 kr.	573.606	573.606	573.606	573.606	573.606	573.606	573.606	573.606	573.606	573.606	573.606	573.606
25.000	4.475.222,58 kr.	618.685	618.685	618.685	618.685	618.685	618.685	618.685	618.685	618.685	618.685	618.685	618.685
30.000	4.801.302,48 kr.	663.765	663.765	663.765	663.765	663.765	663.765	663.765	663.765	663.765	663.765	663.765	663.765
35.000	5.127.382,39 kr.	708.844	708.844	708.844	708.844	708.844	708.844	708.844	708.844	708.844	708.844	708.844	708.844
40.000	5.453.462,30 kr.	753.924	753.924	753.924	753.924	753.924	753.924	753.924	753.924	753.924	753.924	753.924	753.924
45.000	5.779.542,21 kr.	799.003	799.003	799.003	799.003	799.003	799.003	799.003	799.003	799.003	799.003	799.003	799.003
50.000	6.105.622,12 kr.	844.083	844.083	844.083	844.083	844.083	844.083	844.083	844.083	844.083	844.083	844.083	844.083
55.000	6.431.702,03 kr.	889.162	889.162	889.162	889.162	889.162	889.162	889.162	889.162	889.162	889.162	889.162	889.162
60.000	6.757.781,93 kr.	934.242	934.242	934.242	934.242	934.242	934.242	934.242	934.242	934.242	934.242	934.242	934.242
65.000	7.083.861,84 kr.	979.321	979.321	979.321	979.321	979.321	979.321	979.321	979.321	979.321	979.321	979.321	979.321

Viðauki V

	Breytilegur akstur Opel Astra		Breytilegur akstur Toyota Avensis		Breytilegur akstur Nissan Terrano	
Akstur	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín	Dísil	Bensín
0	2.906.835	1.844.987	3.327.436	2.278.374	4.243.052	2.844.823
5.000	2.960.023	2.041.165	3.406.751	2.583.245	4.335.431	3.170.903
10.000	3.013.210	2.237.343	3.486.066	2.888.117	4.427.809	3.496.983
15.000	3.066.398	2.433.521	3.565.380	3.192.988	4.520.187	3.823.063
20.000	3.119.585	2.629.699	3.644.695	3.497.860	4.612.566	4.149.143
25.000	3.172.773	2.825.877	3.724.010	3.802.731	4.704.944	4.475.223
30.000	3.225.960	3.022.056	3.803.324	4.107.603	4.797.322	4.801.302
35.000	3.279.148	3.218.234	3.882.639	4.412.474	4.889.700	5.127.382
40.000	3.332.335	3.414.412	3.961.954	4.717.345	4.982.079	5.453.462
45.000	3.385.523	3.610.590	4.041.269	5.022.217	5.074.457	5.779.542
50.000	3.438.710	3.806.768	4.120.583	5.327.088	5.166.835	6.105.622
55.000	3.491.898	4.002.946	4.199.898	5.631.960	5.259.213	6.431.702
60.000	3.545.085	4.199.124	4.279.213	5.936.831	5.351.592	6.757.782
65.000	3.598.273	4.395.303	4.358.527	6.241.703	5.443.970	7.083.862
	Skurðpunktur	**37.130**	**Skurðpunktur**	**23.255**	**Skurðpunktur**	**29.915**

Rekstrarárið 1997

Rekstrar- og efnahagsyfirlit	A		B		C		D		E	
	Útkoma 1997	Miðað við nýtt kerfi	Útkoma 1997	Miðað við nýtt kerfi	Útkoma 1997	Miðað við nýtt kerfi	Útkoma 1997	Miðað við nýtt kerfi	Útkoma 1997	Miðað við nýtt kerfi
Flutningatekjur	**118.648**	**119.754**	**189.562**	**191.206**	**196.683**	**197.192**	**54.225**	**54.672**	**124.155**	**124.444**
Rekstur flutningatækja, aðkeyptur akstur	36.881	36.881	42.672	42.672	71.055	71.055	8.763	8.763	48.711	48.711
Þungaskattur	10.680	11.786	5.382	7.026	9.628	10.137	659	1.106	6.418	6706,9
Önnur rekstrargjöld	68.412	68.412	139.271	139.271	130.203	130.203	56.430	56.430	64.395	64.395
Rekstrargjöld samtals	**115.973**	**117.079**	**187.325**	**188.969**	**210.886**	**211.395**	**65.853**	**66.300**	**119.524**	**119.813**
Rekstrarhagnaður	2.676	2.676	2.238	2.238	-14.203	-14.203	-11.628	-11.628	4.631	4.631
Fjármagnsliðir netto	2.010	2.010	6.673	6.673	2.817	2.817	5.414	5.414	3.462	3.462
Heildarkostnaður við reglulega starfsemi	**117.983**	**119.089**	**193.998**	**195.642**	**213.703**	**214.212**	**71.266**	**71.713**	**122.986**	**123.275**
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**666**	**666**	**-4.435**	**-4.435**	**-17.020**	**-17.020**	**-17.041**	**-17.041**	**1.169**	**1.169**
Hækkun á þungaskatti		**10,36%**		**30,56%**		**5,29%**		**67,81%**		**4,50%**
Hækkun á þungaskatti		**1.106**		**1.644**		**509**		**447**		**299**
Hækkun á gjaldskrá		**0,93%**		**0,87%**		**0,26%**		**0,82%**		**0,23%**
Þungaskattur hlutfall af heildarkostnaði	9,05%	9,90%	2,77%	3,59%	4,51%	4,73%	0,92%	1,54%	5,22%	5,44%
Rekstrargjöld á móti tekjum	97,74%	97,77%	98,82%	98,83%	107,22%	107,20%	121,44%	121,27%	96,27%	96,28%
Gjöld á móti sölu	99,44%	99,44%	102,34%	102,32%	108,65%	108,63%	131,43%	131,17%	99,06%	99,06%
Þungaskattur í hlutfalli við sölu	9,00%	9,84%	2,84%	3,67%	4,90%	5,14%	1,22%	2,02%	5,17%	5,39%
Hagnaður á selda einingu	0,56%	0,56%	-2,34%	-2,32%	-8,65%	-8,63%	-31,43%	-31,17%	0,94%	0,94%
Eignir										
Heildareignir	81.831	81.831	165.328	165.328	121.866	121.866	26.629	26.629	86.309	86309
Skuldir samtals	48.276	48.276	115.196	115.196	106.933	106.933	45.012	45.012	70.307	70306,7
Eigið fé	33.555	33.555	50.132	50.132	14.933	14.933	-18.382	-18.382	16.002	16002,3
Ávöxtun eiginfjár	**1,98%**	**1,98%**	**-8,85%**	**-8,85%**	**-113,98%**	**-113,98%**	**0,00%**	**0,00%**	**7,31%**	**7,31%**
Ávöxtun heildarfjármagns	**0,81%**	**0,81%**	**-2,68%**	**-2,68%**	**-13,97%**	**-13,97%**	**-63,99%**	**-63,99%**	**1,35%**	**1,35%**

Rekstrarárið 1997

Rekstrar- og efnahagsyfirlit	A		B		C		D		E	
	Útkoma 1997	Miðað við nýtt kerfi	Útkoma 1997	Miðað við nýtt kerfi	Útkoma 1997	Miðað við nýtt kerfi	Útkoma 1997	Miðað við nýtt kerfi	Útkoma 1997	Miðað við nýtt kerfi
Flutningatekjur	**100,00%**	**100,93%**	**100,00%**	**100,87%**	**100,00%**	**100,26%**	**100,00%**	**100,82%**	**100,00%**	**100,23%**
Rekstur flutningatækja, aðkeyptur akstur	31,08%	30,80%	22,51%	22,32%	36,13%	36,03%	16,16%	16,03%	39,23%	39,14%
Þungaskattur	9,00%	9,84%	2,84%	3,67%	4,90%	5,14%	1,22%	2,02%	5,17%	5,39%
Önnur rekstrargjöld	57,66%	57,13%	73,47%	72,84%	66,20%	66,03%	104,07%	103,22%	51,87%	51,75%
Rekstrargjöld samtals	97,74%	97,77%	98,82%	98,83%	107,22%	107,20%	121,44%	121,27%	96,27%	96,28%
Rekstrarhagnaður	2,26%	2,23%	1,18%	1,17%	-7,22%	-7,20%	-21,44%	-21,27%	3,73%	3,72%
Fjármagnsliðir netto	1,69%	1,68%	3,52%	3,49%	1,43%	1,43%	9,98%	9,90%	2,79%	2,78%
Heildarkostnaður við reglulega starfsemi	99,44%	99,44%	102,34%	102,32%	108,65%	108,63%	131,43%	131,17%	99,06%	99,06%
Hagnaður af reglulegri starfsemi	0,56%	0,56%	-2,34%	-2,32%	-8,65%	-8,63%	-31,43%	-31,17%	0,94%	0,94%
Hækkun á þungaskatti										
Hækkun á þungaskatti										
Hækkun á gjaldskrá		**0,93%**		**0,87%**		**0,26%**		**0,82%**		**0,23%**
Þungaskattur hlutfall af heildarkostnaði	9,05%	9,90%	2,77%	3,59%	4,51%	4,73%	0,92%	1,54%	5,22%	5,44%
Rekstrargjöld á móti tekjum	97,74%	97,77%	98,82%	98,83%	107,22%	107,20%	121,44%	121,27%	96,27%	96,28%
Gjöld á móti sölu	99,44%	99,44%	102,34%	102,32%	108,65%	108,63%	131,43%	131,17%	99,06%	99,06%
Þungaskattur í hlutfalli við sölu	9,00%	9,84%	2,84%	3,67%	4,90%	5,14%	1,22%	2,02%	5,17%	5,39%
Hagnaður á selda einingu	0,56%	0,56%	-2,34%	-2,32%	-8,65%	-8,63%	-31,43%	-31,17%	0,94%	0,94%
Eignir										
Heildareignir	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Skuldir samtals	58,99%	58,99%	69,68%	69,68%	87,75%	87,75%	169,03%	169,03%	81,46%	81,46%
Eigið fé	41,01%	41,01%	30,32%	30,32%	12,25%	12,25%	-69,03%	-69,03%	18,54%	18,54%
Ávöxtun eiginfjár	**1,98%**	**1,98%**	**-8,85%**	**-8,85%**	**-113,98%**	**-113,98%**	**0,00%**	**0,00%**	**7,31%**	**7,31%**
Ávöxtun heildarfjármagns	**0,81%**	**0,81%**	**-2,68%**	**-2,68%**	**-13,97%**	**-13,97%**	**-63,99%**	**-63,99%**	**1,35%**	**1,35%**

Viðauki VII

Áhrif hugsanlegrar gjaldskrárhækkunar á vöruverð

0,6

Hlutur flutnings í vöruverði

Hækkun flutnings	0,50%	0,75%	1,00%	2,00%	3,00%	4,00%	5,00%
0,50%	0,0015%	0,0023%	0,0030%	0,0060%	0,0090%	0,0120%	0,0150%
0,75%	0,0023%	0,0034%	0,0045%	0,0090%	0,0135%	0,0180%	0,0225%
1,00%	0,0030%	0,0045%	0,0060%	**0,012%**	0,0180%	0,0240%	0,0300%
1,25%	0,0038%	0,0056%	0,0075%	0,0150%	0,0225%	0,0300%	0,0375%
1,50%	0,0045%	0,0068%	0,0090%	0,0180%	0,0270%	0,0360%	0,0450%
1,75%	0,0053%	0,0079%	0,0105%	0,0210%	0,0315%	0,0420%	0,0525%
2,00%	0,0060%	0,0090%	0,0120%	0,0240%	0,0360%	0,0480%	0,0600%
2,25%	0,0068%	0,0101%	0,0135%	0,0270%	0,0405%	0,0540%	0,0675%
2,50%	0,0075%	0,0113%	0,0150%	0,0300%	0,0450%	0,0600%	0,0750%
2,75%	0,0083%	0,0124%	0,0165%	0,0330%	0,0495%	0,0660%	0,0825%
3,00%	0,0090%	0,0135%	0,0180%	0,0360%	0,0540%	0,0720%	0,0900%
3,25%	0,0098%	0,0146%	0,0195%	0,0390%	0,0585%	0,0780%	0,0975%
3,50%	0,0105%	0,0158%	0,0210%	0,0420%	0,0630%	0,0840%	0,1050%

Hlutur aðfluttra vara í heildarneyslu er 60%.

0,7

	0,50%	0,75%	1,00%	2,00%	3,00%	4,00%	5,00%
0,50%	0,0018%	0,0026%	0,0035%	0,0070%	0,0105%	0,0140%	0,0175%
0,75%	0,0026%	0,0039%	0,0053%	0,0105%	0,0158%	0,0210%	0,0263%
1,00%	0,0035%	0,0053%	0,0070%	0,0140%	0,0210%	0,0280%	0,0350%
1,25%	0,0044%	0,0066%	0,0088%	0,0175%	0,0263%	0,0350%	0,0438%
1,50%	0,0053%	0,0079%	0,0105%	0,0210%	0,0315%	0,0420%	0,0525%
1,75%	0,0061%	0,0092%	0,0123%	0,0245%	0,0368%	0,0490%	0,0613%
2,00%	0,0070%	0,0105%	0,0140%	0,0280%	0,0420%	0,0560%	0,0700%
2,25%	0,0079%	0,0118%	0,0158%	0,0315%	0,0473%	0,0630%	0,0788%
2,50%	0,0088%	0,0131%	0,0175%	0,0350%	0,0525%	0,0700%	0,0875%
2,75%	0,0096%	0,0144%	0,0193%	0,0385%	0,0578%	0,0770%	0,0963%
3,00%	0,0105%	0,0158%	0,0210%	0,0420%	0,0630%	0,0840%	0,1050%
3,25%	0,0114%	0,0171%	0,0228%	0,0455%	0,0683%	0,0910%	0,1138%
3,50%	0,0123%	0,0184%	0,0245%	0,0490%	0,0735%	0,0980%	0,1225%

Miðað við að hlutur aðfluttra vara í heildarneyslu væri 70%.

0,8

	0,50%	0,75%	1,00%	2,00%	3,00%	4,00%	5,00%
0,50%	0,0020%	0,0030%	0,0040%	0,0080%	0,0120%	0,0160%	0,0200%
0,75%	0,0030%	0,0045%	0,0060%	0,0120%	0,0180%	0,0240%	0,0300%
1,00%	0,0040%	0,0060%	0,0080%	0,0160%	0,0240%	0,0320%	0,0400%
1,25%	0,0050%	0,0075%	0,0100%	0,0200%	0,0300%	0,0400%	0,0500%
1,50%	0,0060%	0,0090%	0,0120%	0,0240%	0,0360%	0,0480%	0,0600%
1,75%	0,0070%	0,0105%	0,0140%	0,0280%	0,0420%	0,0560%	0,0700%
2,00%	0,0080%	0,0120%	0,0160%	0,0320%	0,0480%	0,0640%	0,0800%
2,25%	0,0090%	0,0135%	0,0180%	0,0360%	0,0540%	0,0720%	0,0900%
2,50%	0,0100%	0,0150%	0,0200%	0,0400%	0,0600%	0,0800%	0,1000%
2,75%	0,0110%	0,0165%	0,0220%	0,0440%	0,0660%	0,0880%	0,1100%
3,00%	0,0120%	0,0180%	0,0240%	0,0480%	0,0720%	0,0960%	0,1200%
3,25%	0,0130%	0,0195%	0,0260%	0,0520%	0,0780%	0,1040%	0,1300%
3,50%	0,0140%	0,0210%	0,0280%	0,0560%	0,0840%	0,1120%	0,1400%

Miðað við að hlutur aðfluttra vara í heildarneyslu væri 80%.

Viðauki VIII

	Þéttbýli utan höfuðborgarsvæðis	Dreifbýli	Vegin meðalneysla landsbyggðar	
Meðalneysla á heimili	**2.429.970**	**1.985.888**	**2.286.801**	**100,00%**
þ.a. aðfluttar vörur	**1.352.530**	**1.176.727**	**1.295.852**	**56,67%**
Matar- og drykkjarvörur	421.173	422.632	421.643	18,44%
Áfengi og tóbak	65.493	64.011	65.015	2,84%
Föt og skór	168.995	147.181	161.962	7,08%
Húsgögn, heimilisbúnaður og fl.	150.037	105.805	135.777	5,94%
Tómstundir og menning	303.070	252.313	286.706	12,54%
Ýmsar vörur og þjónusta	243.762	184.785	224.748	9,83%
Húsnæði, hiti og rafmagn	414.177	318.253	372.496	16,29%
Heilsugæsla	80.529	55.092	69.476	3,04%
Ferðir og flutningur	384.684	311.085	352.704	15,42%
Póstur og sími	33.668	23.259	29.145	1,27%
Menntun	26.305	9.853	19.156	0,84%
Hótel, kaffihús og veitingastaðir	138.077	91.619	117.890	5,16%
Vægi þéttbýlis	0,565	0,435		
Fjöldi heimila	351	167	292	
Fjöldi í heimili	3,0	3,4	3	

Neyslukönnun Hagstofu Íslands ársins 1995. Útgefið 1997.

Talningá akstri gjaldskyldra ökutækja skv. ökumæli. Tímabil 9701-9703. Fjöldi ökutækja eftir akstri.

Tonn	1-10.000	10-20	20-30	30-40	40-50	50-60	60-70	70-80	80-90	90-100	100-yfir	Samtals:	
4	2647	1388	214	81	26	8	5	1	2	6	5	4.383	42,14%
	60,4%	31,7%	4,9%	1,8%	0,6%	0,2%	0,1%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%		
	60,4%	92,1%	96,9%	98,8%	99,4%	99,6%	99,7%	99,7%	99,7%	99,9%	100,0%		
5	130	29	27	9	4	1	0	0	0	0	0	200	1,92%
	65,0%	14,5%	13,5%	4,5%	2,0%	0,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%		
	65,0%	79,5%	93,0%	97,5%	99,5%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%		
6	146	100	55	14	4	2	5	0	0	0	0	326	3,13%
	44,8%	30,7%	16,9%	4,3%	1,2%	0,6%	1,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%		
	44,8%	75,5%	92,3%	96,6%	97,9%	98,5%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%		
7	112	50	34	12	0	6	3	1	0	1	4	223	2,14%
	50,2%	22,4%	15,2%	5,4%	0,0%	2,7%	1,3%	0,4%	0,0%	0,4%	1,8%		
	50,2%	72,6%	87,9%	93,3%	93,3%	96,0%	97,3%	97,8%	97,8%	98,2%	100,0%		
8	51	12	17	5	1	0	7	0	2	1	0	96	0,92%
	53,1%	12,5%	17,7%	5,2%	1,0%	0,0%	7,3%	0,0%	2,1%	1,0%	0,0%		
	53,1%	65,6%	83,3%	88,5%	89,6%	89,6%	96,9%	96,9%	99,0%	100,0%	100,0%		
9	146	51	36	21	5	0	2	0	1	0	0	262	2,52%
	55,7%	19,5%	13,7%	8,0%	1,9%	0,0%	0,8%	0,0%	0,4%	0,0%	0,0%		
	55,7%	75,2%	88,9%	96,9%	98,9%	98,9%	99,6%	99,6%	100,0%	100,0%	100,0%		
10	107	41	26	13	12	4	8	2	1	0	0	214	2,06%
	50,0%	19,2%	12,1%	6,1%	5,6%	1,9%	3,7%	0,9%	0,5%	0,0%	0,0%		
	50,0%	69,2%	81,3%	87,4%	93,0%	94,9%	98,6%	99,5%	100,0%	100,0%	100,0%		
11	95	48	39	20	12	12	6	2	3	0	1	238	2,29%
	39,9%	20,2%	16,4%	8,4%	5,0%	5,0%	2,5%	0,8%	1,3%	0,0%	0,4%		
	39,9%	60,1%	76,5%	84,9%	89,9%	95,0%	97,5%	98,3%	99,6%	99,6%	100,0%		
12	72	16	9	6	4	0	2	1	2	0	1	113	1,09%
	63,7%	14,2%	8,0%	5,3%	3,5%	0,0%	1,8%	0,9%	1,8%	0,0%	0,9%		
	63,7%	77,9%	85,8%	91,2%	94,7%	94,7%	96,5%	97,3%	99,1%	99,1%	100,0%		
13	66	22	16	15	2	2	2	2	1	1	1	130	1,25%
	50,8%	16,9%	12,3%	11,5%	1,5%	1,5%	1,5%	1,5%	0,8%	0,8%	0,8%		
	50,8%	67,7%	80,0%	91,5%	93,1%	94,6%	96,2%	97,7%	98,5%	99,2%	100,0%		

Viðauki IX-2.

Tonn	1-10.000	10-20	20-30	30-40	40-50	50-60	60-70	70-80	80-90	90-100	100-yfir		
14	78	27	16	24	16	6	4	3	2	5	7	188	1,81%
	41,5%	14,4%	8,5%	12,8%	8,5%	3,2%	2,1%	1,6%	1,1%	2,7%	3,7%		
	41,5%	55,9%	64,4%	77,1%	85,6%	88,8%	91,0%	92,6%	93,6%	96,3%	100,0%		
15	66	24	24	12	6	4	4	0	1	0	0	141	1,36%
	46,8%	17,0%	17,0%	8,5%	4,3%	2,8%	2,8%	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%		
	46,8%	63,8%	80,9%	89,4%	93,6%	96,5%	99,3%	99,3%	100,0%	100,0%	100,0%		
16	692	182	122	79	34	46	35	14	12	7	6	1.229	11,82%
	56,3%	14,8%	9,9%	6,4%	2,8%	3,7%	2,8%	1,1%	1,0%	0,6%	0,5%		
	56,3%	71,1%	81,0%	87,5%	90,2%	94,0%	96,8%	98,0%	98,9%	99,5%	100,0%		
17	134	74	57	32	19	27	21	8	5	4	7	388	3,73%
	34,5%	19,1%	14,7%	8,2%	4,9%	7,0%	5,4%	2,1%	1,3%	1,0%	1,8%		
	34,5%	53,6%	68,3%	76,5%	81,4%	88,4%	93,8%	95,9%	97,2%	98,2%	100,0%		
18	77	40	40	32	16	28	17	15	2	5	16	288	2,77%
	26,7%	13,9%	13,9%	11,1%	5,6%	9,7%	5,9%	5,2%	0,7%	1,7%	5,6%		
	26,7%	40,6%	54,5%	65,6%	71,2%	80,9%	86,8%	92,0%	92,7%	94,4%	100,0%		
19	13	2	2	4	3	2	3	1	2	1	0	33	0,32%
	39,4%	6,1%	6,1%	12,1%	9,1%	6,1%	9,1%	3,0%	6,1%	3,0%	0,0%		
	39,4%	45,5%	51,5%	63,6%	72,7%	78,8%	87,9%	90,9%	97,0%	100,0%	100,0%		
20	26	8	6	3	6	1	2	0	1	0	1	54	0,52%
	48,1%	14,8%	11,1%	5,6%	11,1%	1,9%	3,7%	0,0%	1,9%	0,0%	1,9%		
	48,1%	63,0%	74,1%	79,6%	90,7%	92,6%	96,3%	96,3%	98,1%	98,1%	100,0%		
21	7	0	4	2	0	0	0	0	0	0	0	13	0,13%
	53,8%	0,0%	30,8%	15,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%		
	53,8%	53,8%	84,6%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%		
22	181	53	10	7	1	2	3	0	1	0	0	258	2,48%
	70,2%	20,5%	3,9%	2,7%	0,4%	0,8%	1,2%	0,0%	0,4%	0,0%	0,0%		
	70,2%	90,7%	94,6%	97,3%	97,7%	98,4%	99,6%	99,6%	100,0%	100,0%	100,0%		
23	150	86	45	24	12	15	4	6	5	2	7	356	3,42%
	42,1%	24,2%	12,6%	6,7%	3,4%	4,2%	1,1%	1,7%	1,4%	0,6%	2,0%		
	42,1%	66,3%	78,9%	85,7%	89,0%	93,3%	94,4%	96,1%	97,5%	98,0%	100,0%		
24	73	61	32	20	9	6	4	1	0	1	1	208	2,00%
	35,1%	29,3%	15,4%	9,6%	4,3%	2,9%	1,9%	0,5%	0,0%	0,5%	0,5%		
	35,1%	64,4%	79,8%	89,4%	93,8%	96,6%	98,6%	99,0%	99,0%	99,5%	100,0%		

Tonn	1-10.000	10-20	20-30	30-40	40-50	50-60	60-70	70-80	80-90	90-100	100-yfir		
25	113	93	80	38	27	17	13	11	9	5	3	409	3,93%
	27,6%	22,7%	19,6%	9,3%	6,6%	4,2%	3,2%	2,7%	2,2%	1,2%	0,7%		
	27,6%	50,4%	69,9%	79,2%	85,8%	90,0%	93,2%	95,8%	98,0%	99,3%	100,0%		
26	119	69	72	51	34	27	20	12	12	9	16	441	4,24%
	27,0%	15,6%	16,3%	11,6%	7,7%	6,1%	4,5%	2,7%	2,7%	2,0%	3,6%		
	27,0%	42,6%	59,0%	70,5%	78,2%	84,4%	88,9%	91,6%	94,3%	96,4%	100,0%		
27	13	3	5	1	2	1	0	0	0	0	1	26	0,25%
	50,0%	11,5%	19,2%	3,8%	7,7%	3,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	3,8%		
	50,0%	61,5%	80,8%	84,6%	92,3%	96,2%	96,2%	96,2%	96,2%	96,2%	100,0%		
28	6	0	0	1	1	0	0	0	0	0	0	8	0,08%
	75,0%	0,0%	0,0%	12,5%	12,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%		
	75,0%	75,0%	75,0%	87,5%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%		
29	5	2	0	1	0	0	0	0	0	0	0	8	0,08%
	62,5%	25,0%	0,0%	12,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%		
	62,5%	87,5%	87,5%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%		
30	5	3	1	0	0	0	0	0	0	0	0	9	0,09%
	55,6%	33,3%	11,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%		
	55,6%	88,9%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%		
31	98	34	9	10	4	0	0	0	0	0	3	158	1,52%
	62,0%	21,5%	5,7%	6,3%	2,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,9%		
	62,0%	83,5%	89,2%	95,6%	98,1%	98,1%	98,1%	98,1%	98,1%	98,1%	100,0%		
	5428	2518	998	537	260	217	170	80	64	48	80	10.400	

Viðauki X-1.

Munur á mælagjaldi þungaskatts annars vegar með afslætti og hins vegar með föstu gjaldi

Nesti skurðpunktur	Efri skurðpunktur	Eknir kílómetrar																
		5.000	15.000	25.000	35.000	45.000	55.000	65.000	75.000	85.000	95.000	105.000	115.000	125.000	135.000	145.000	155.000	
14 t	9,80	100.000	23.810	59.524	149.000	247.000	345.000	443.000	541.000	639.000	737.000	835.000	933.000	1.031.000	1.129.000	1.227.000	1.325.000	1.423.000	1.521.000	1.619.000	Lög nr. 83/96
	14,00				70.000	210.000	350.000	476.000	588.000	658.000	728.000	798.000	868.000	938.000	1.008.000	1.078.000	1.148.000	1.216.000	1.288.000	1.358.000	10, 20, 50%
	14,00				70.000	210.000	350.000	476.000	602.000	714.000	826.000	938.000	1.050.000	1.162.000	1.274.000	1.386.000	1.498.000	1.610.000	1.722.000	1.834.000	10, 20%
15 t	10,55	100.000	22.124	61.204	152.750	258.250	363.750	469.250	574.750	680.250	785.750	891.250	996.750	1.102.250	1.207.750	1.313.250	1.418.750	1.524.250	1.629.750	1.735.250	
	15,07				75.350	226.050	376.750	512.380	632.940	708.290	783.640	858.990	934.340	1.009.690	1.085.040	1.160.390	1.235.740	1.311.090	1.386.440	1.461.790	
	15,07				75.350	226.050	376.750	512.380	648.010	768.570	889.130	1.009.690	1.130.250	1.250.810	1.371.370	1.491.930	1.612.490	1.733.050	1.853.610	1.974.170	
16 t	11,39	100.000	20.492	62.836	156.950	270.850	384.750	498.650	612.550	726.450	840.350	954.250	1.068.150	1.182.050	1.295.950	1.409.850	1.523.750	1.637.650	1.751.550	1.865.450	
	16,27				81.350	244.050	406.750	553.180	683.340	764.690	846.040	927.390	1.008.740	1.090.090	1.171.440	1.252.790	1.334.140	1.415.490	1.496.840	1.578.190	
	16,27				81.350	244.050	406.750	553.180	699.610	829.770	959.930	1.090.090	1.220.250	1.350.410	1.480.570	1.610.730	1.740.890	1.871.050	2.001.210	2.131.370	
17 t	12,22	100.000	19.120	64.187	161.100	283.300	405.500	527.700	649.900	772.100	894.300	1.016.500	1.138.700	1.260.900	1.383.100	1.505.300	1.627.500	1.749.700	1.871.900	1.994.100	
	17,45				87.250	261.750	436.250	593.300	732.900	820.150	907.400	994.650	1.081.900	1.169.150	1.256.400	1.343.650	1.430.900	1.518.150	1.605.400	1.692.650	
	17,45				87.250	261.750	436.250	593.300	750.350	899.950	1.029.550	1.169.150	1.308.750	1.448.350	1.587.950	1.727.550	1.867.150	2.006.750	2.146.350	2.285.950	
18 t	12,95	100.000	18.018	65.315	164.750	294.250	423.750	553.250	682.750	812.250	941.750	1.071.250	1.200.750	1.330.250	1.459.750	1.589.250	1.718.750	1.848.250	1.977.750	2.107.250	
	18,50				92.500	277.500	462.500	629.000	777.000	868.500	962.000	1.054.500	1.147.000	1.239.500	1.332.000	1.424.500	1.517.000	1.609.500	1.702.000	1.794.500	
	18,50				92.500	277.500	462.500	629.000	795.500	943.500	1.091.500	1.239.500	1.387.500	1.535.500	1.683.500	1.831.500	1.979.500	2.127.500	2.275.500	2.423.500	
19 t	13,94	100.000	16.722	66.629	169.700	309.100	448.500	587.900	727.300	866.700	1.006.100	1.145.500	1.284.900	1.424.300	1.563.700	1.703.100	1.842.500	1.981.900	2.121.300	2.260.700	
	19,92				99.600	298.800	498.000	677.280	836.640	936.240	1.035.840	1.135.440	1.235.040	1.334.640	1.434.240	1.533.840	1.633.440	1.733.040	1.832.640	1.932.240	
	19,92				99.600	298.800	498.000	677.280	856.560	1.015.920	1.175.280	1.334.640	1.494.000	1.653.360	1.812.720	1.972.080	2.131.440	2.290.800	2.450.160	2.609.520	
20 t	14,69	100.000	15.898	67.418	173.450	320.350	467.250	614.150	761.050	907.950	1.054.850	1.201.750	1.348.650	1.495.550	1.642.450	1.789.350	1.936.250	2.083.150	2.230.050	2.376.950	
	20,98				104.900	314.700	524.500	713.320	881.160	986.060	1.090.960	1.195.860	1.300.760	1.405.660	1.510.560	1.615.460	1.720.360	1.825.260	1.930.160	2.035.060	
	20,98				104.900	314.700	524.500	713.320	902.140	1.069.980	1.237.820	1.405.660	1.573.500	1.741.340	1.909.180	2.077.020	2.244.860	2.412.700	2.580.540	2.748.380	
21 t	15,53	100.000	15.015	68.330	177.650	332.950	488.250	643.550	798.850	954.150	1.109.450	1.264.750	1.420.050	1.575.350	1.730.650	1.885.950	2.041.250	2.196.550	2.351.850	2.507.150	
	22,19				110.950	332.850	554.750	754.460	931.980	1.042.930	1.153.880	1.264.830	1.375.780	1.486.730	1.597.680	1.708.630	1.819.580	1.930.530	2.041.480	2.152.430	
	22,19				110.950	332.850	554.750	754.460	954.170	1.131.690	1.309.210	1.486.730	1.664.250	1.841.770	2.019.290	2.196.810	2.374.330	2.551.850	2.729.370	2.906.890	
22 t	16,51	100.000	14.124	69.220	182.350	347.650	512.750	677.850	842.950	1.008.050	1.173.150	1.338.250	1.503.350	1.668.450	1.833.550	1.998.650	2.163.750	2.328.850	2.493.950	2.659.050	
	23,59				117.950	353.850	589.750	802.060	990.780	1.108.730	1.226.680	1.344.630	1.462.580	1.580.530	1.698.480	1.816.430	1.934.380	2.052.330	2.170.280	2.288.230	
	23,59				117.950	353.850	589.750	802.060	1.014.370	1.203.090	1.391.810	1.580.530	1.769.250	1.957.970	2.146.690	2.335.410	2.524.130	2.712.850	2.901.570	3.090.290	


Viðauki X-2.


Munur á mælagjaldi þungaskatts annars vegar með afslætti og hins vegar með föstu gjaldi

Eknir kílómetrar

Nýrri skurðpunktur	Eldri skurðpunktur	5.000	15.000	25.000	35.000	45.000	55.000	65.000	75.000	85.000	95.000	105.000	115.000	125.000	135.000	145.000	155.000	
13.495	69.827	186.500	359.500	532.500	705.500	878.500	1.051.500	1.224.500	1.397.500	1.570.500	1.743.500	1.916.500	2.089.500	2.262.500	2.435.500	2.608.500	2.781.500	Lög nr. 83/98
		123.550	370.650	617.750	840.140	1.037.820	1.161.370	1.284.920	1.408.470	1.532.020	1.655.570	1.779.120	1.902.670	2.026.220	2.149.770	2.273.320	2.396.870	10, 20, 50%
		123.550	370.650	617.750	840.140	1.062.530	1.260.210	1.457.890	1.655.570	1.853.250	2.050.930	2.248.610	2.446.290	2.643.970	2.841.650	3.039.330	3.237.010	10, 20%
12.903	70.434	190.400	371.200	552.000	732.800	913.600	1.094.400	1.275.200	1.456.000	1.636.800	1.817.600	1.998.400	2.179.200	2.360.000	2.540.800	2.721.600	2.902.400	
		129.150	387.450	645.750	878.220	1.084.860	1.214.010	1.343.160	1.472.310	1.601.460	1.730.610	1.859.760	1.988.910	2.118.060	2.247.210	2.376.360	2.505.510	
		129.150	387.450	645.750	878.220	1.110.690	1.317.300	1.523.970	1.730.610	1.937.250	2.143.890	2.350.530	2.557.170	2.763.810	2.970.450	3.177.090	3.383.730	
12.300	71.043	194.800	384.400	574.000	763.600	953.200	1.142.800	1.332.400	1.522.000	1.711.600	1.901.200	2.090.800	2.280.400	2.470.000	2.659.600	2.849.200	3.038.800	
		135.450	406.350	677.250	921.060	1.137.780	1.273.230	1.408.680	1.544.130	1.679.580	1.815.030	1.950.480	2.085.930	2.221.380	2.356.830	2.492.280	2.627.730	
		135.450	406.350	677.250	921.060	1.164.870	1.381.590	1.598.310	1.815.030	2.031.750	2.248.470	2.465.190	2.681.910	2.898.630	3.115.350	3.332.070	3.548.790	
11.779	71.564	199.000	397.000	595.000	793.000	991.000	1.189.000	1.387.000	1.585.000	1.783.000	1.981.000	2.179.000	2.377.000	2.575.000	2.773.000	2.971.000	3.169.000	
		141.450	424.350	707.250	961.860	1.188.180	1.329.630	1.471.080	1.612.530	1.753.980	1.895.430	2.036.880	2.178.330	2.319.780	2.461.230	2.602.680	2.744.130	
		141.450	424.350	707.250	961.860	1.216.470	1.442.790	1.669.110	1.895.430	2.121.750	2.348.070	2.574.390	2.800.710	3.027.030	3.253.350	3.479.670	3.705.990	
11.267	72.032	203.450	410.350	617.250	824.150	1.031.050	1.237.950	1.444.850	1.651.750	1.858.650	2.065.550	2.272.450	2.479.350	2.686.250	2.893.150	3.100.050	3.306.950	
		147.750	443.250	738.750	1.004.700	1.241.100	1.388.850	1.536.600	1.684.350	1.832.100	1.979.850	2.127.600	2.275.350	2.423.100	2.570.850	2.718.600	2.866.350	
		147.750	443.250	738.750	1.004.700	1.270.650	1.507.050	1.743.450	1.979.850	2.216.250	2.452.650	2.689.050	2.925.450	3.161.850	3.398.250	3.634.650	3.871.050	
10.823	72.502	207.850	423.550	639.250	854.950	1.070.650	1.286.350	1.502.050	1.717.750	1.933.450	2.149.150	2.364.850	2.580.550	2.796.250	3.011.950	3.227.650	3.443.350	
		154.050	462.150	770.250	1.047.540	1.294.020	1.448.070	1.602.120	1.756.170	1.910.220	2.064.270	2.218.320	2.372.370	2.526.420	2.680.470	2.834.520	2.988.570	
		154.050	462.150	770.250	1.047.540	1.324.830	1.571.310	1.817.790	2.064.270	2.310.750	2.557.230	2.803.710	3.050.190	3.296.670	3.543.150	3.789.630	4.036.110	
10.395	72.944	212.200	436.600	661.000	885.400	1.109.800	1.334.200	1.558.600	1.783.000	2.007.400	2.231.800	2.456.200	2.680.600	2.905.000	3.129.400	3.353.800	3.578.200	
		160.300	480.900	801.500	1.090.040	1.346.520	1.508.820	1.687.120	1.827.420	1.987.720	2.148.020	2.308.320	2.468.620	2.628.920	2.789.220	2.949.520	3.109.820	
		160.300	480.900	801.500	1.090.040	1.378.580	1.635.060	1.891.540	2.148.020	2.404.500	2.660.980	2.917.460	3.173.940	3.430.420	3.686.900	3.943.380	4.199.860	
9.643	73.680	221.050	483.150	705.250	947.350	1.189.450	1.431.550	1.673.650	1.915.750	2.157.850	2.399.950	2.642.050	2.884.150	3.126.250	3.368.350	3.610.450	3.852.550	
		172.900	518.700	864.500	1.175.720	1.452.360	1.625.260	1.798.160	1.971.060	2.143.960	2.316.860	2.489.760	2.662.660	2.835.560	3.008.460	3.181.360	3.354.260	
		172.900	518.700	864.500	1.175.720	1.486.940	1.763.580	2.040.220	2.316.860	2.593.500	2.870.140	3.146.780	3.423.420	3.700.060	3.976.700	4.253.340	4.529.980	
100.000	73.344	216.600	449.800	683.000	916.200	1.149.400	1.382.600	1.615.800	1.849.000	2.082.200	2.315.400	2.548.600	2.781.800	3.015.000	3.248.200	3.481.400	3.714.600	
		166.600	499.800	833.000	1.132.880	1.399.440	1.566.040	1.732.640	1.899.240	2.065.840	2.232.440	2.399.040	2.565.640	2.732.240	2.898.840	3.065.440	3.232.040	
		166.600	499.800	833.000	1.132.880	1.432.760	1.699.320	1.965.880	2.232.440	2.499.000	2.765.560	3.032.120	3.298.680	3.565.240	3.831.800	4.098.360	4.364.920	
100.000	73.680	221.050	483.150	705.250	947.350	1.189.450	1.431.550	1.673.650	1.915.750	2.157.850	2.399.950	2.642.050	2.884.150	3.126.250	3.368.350	3.610.450	3.852.550	
		172.900	518.700	864.500	1.175.720	1.452.360	1.625.260	1.798.160	1.971.060	2.143.960	2.316.860	2.489.760	2.662.660	2.835.560	3.008.460	3.181.360	3.354.260	
		172.900	518.700	864.500	1.175.720	1.486.940	1.763.580	2.040.220	2.316.860	2.593.500	2.870.140	3.146.780	3.423.420	3.700.060	3.976.700	4.253.340	4.529.980	

17,30	100.000	13.495	69.827
24,71			
24,71			
18,08	100.000	12.903	70.434
25,83			
25,83			
18,96	100.000	12.300	71.043
27,09			
27,09			
19,80	100.000	11.779	71.564
28,29			
28,29			
20,69	100.000	11.267	72.032
29,55			
29,55			
21,57	100.000	10.823	72.502
30,81			
30,81			
22,44	100.000	10.395	72.944
32,06			
32,06			
23,32	100.000	10.000	73.344
33,32			
33,32			
24,21	100.000	9.643	73.680
34,58			
34,58			


14 tonna ökutæki
Þungaskattur
900.000
800.000
700.000
600.000
500.000
400.000
300.000
200.000
100.000
0
5.000
15.000
25.000
35.000
45.000
55.000
65.000
Akstur
Með br.lögum nr. 83/1998
Lög 3/1987, vöruflutningabifreiðar
Lög 3/1987, önnur ökutæki


26 tonna ökutæki
Þungaskattur
1.800.000
1.600.000
1.400.000
1.200.000
1.000.000
800.000
600.000
400.000
200.000
0
5.000
15.000
25.000
35.000
45.000
55.000
65.000
Akstur
Með br.lögum nr. 83/1998
Lög 3/1987, vöruflutningabifreiðar
Lög 3/1987, önnur ökutæki

14 tonn

Hækkun þungaskatts í hlutfalli við verðmæti farms

		0,005%	0,010%	0,015%	0,020%	0,030%	0,040%	0,050%	0,060%	0,070%	0,080%	0,090%	0,100%	0,200%	0,300%	0,400%	0,500%	0,600%	0,700%	0,800%	0,900%	1,000%	2,000%	3,000%	4,000%
Eglistaðir	1.226,57	24.531.400	12.265.700	8.177.133	6.132.850	4.088.567	3.066.425	2.453.140	2.044.283	1.752.243	1.533.213	1.362.856	1.226.570	613.285	408.857	306.643	245.314	204.428	175.224	153.321	136.286	122.657	61.329	40.886	30.664
Akureyri	891,03	13.820.800	6.910.300	4.606.867	3.455.150	2.303.433	1.727.575	1.382.060	1.151.717	987.186	863.788	767.811	691.030	345.515	230.343	172.758	138.206	115.172	98.719	86.379	76.781	69.103	34.552	23.034	17.276
Ísafjörður	811,96	16.239.200	8.119.600	5.413.067	4.059.800	2.706.533	2.029.900	1.623.920	1.353.267	1.159.943	1.014.950	902.178	811.960	405.980	270.653	202.990	162.392	135.327	115.994	101.495	90.218	81.196	40.598	27.065	20.299
Kílóverð																									
Eglistaðir		1.752,2 kr.	876,1 kr.	584,1 kr.	438,1 kr.	292,0 kr.	219,0 kr.	175,2 kr.	146,0 kr.	125,2 kr.	109,5 kr.	97,3 kr.	87,6 kr.	43,8 kr.	29,2 kr.	21,9 kr.	17,5 kr.	14,6 kr.	12,5 kr.	11,0 kr.	9,7 kr.	8,8 kr.	4,4 kr.	2,9 kr.	2,2 kr.
Akureyri		987,2 kr.	493,6 kr.	329,1 kr.	246,8 kr.	164,5 kr.	123,4 kr.	98,7 kr.	82,3 kr.	70,5 kr.	61,7 kr.	54,8 kr.	49,4 kr.	24,7 kr.	16,5 kr.	12,3 kr.	9,9 kr.	8,2 kr.	7,1 kr.	6,2 kr.	5,5 kr.	4,9 kr.	2,5 kr.	1,6 kr.	1,2 kr.
Ísafjörður		1.159,9 kr.	580,0 kr.	386,6 kr.	290,0 kr.	193,3 kr.	145,0 kr.	116,0 kr.	96,7 kr.	82,9 kr.	72,5 kr.	64,4 kr.	58,0 kr.	29,0 kr.	19,3 kr.	14,5 kr.	11,6 kr.	9,7 kr.	8,3 kr.	7,2 kr.	6,4 kr.	5,8 kr.	2,9 kr.	1,9 kr.	1,4 kr.

Krónutöluhækkun miðuð við lestun flutningatækis

Lestun		10%	15%	20%	25%	30%	35%	40%	45%	50%	55%	60%	65%	70%	75%	80%	85%	90%	95%	100%
Eglistaðir	1.226,57	0,88 kr.	0,58 kr.	0,44 kr.	0,35 kr.	0,29 kr.	0,25 kr.	0,22 kr.	0,19 kr.	0,18 kr.	0,16 kr.	0,15 kr.	0,13 kr.	0,13 kr.	0,12 kr.	0,11 kr.	0,10 kr.	0,10 kr.	0,09 kr.	0,09 kr.
Akureyri	891,03	0,49 kr.	0,33 kr.	0,25 kr.	0,20 kr.	0,16 kr.	0,14 kr.	0,12 kr.	0,11 kr.	0,10 kr.	0,09 kr.	0,08 kr.	0,08 kr.	0,07 kr.	0,07 kr.	0,06 kr.	0,06 kr.	0,05 kr.	0,05 kr.	0,05 kr.
Ísafjörður	811,96	0,58 kr.	0,38 kr.	0,29 kr.	0,23 kr.	0,19 kr.	0,17 kr.	0,14 kr.	0,13 kr.	0,12 kr.	0,11 kr.	0,10 kr.	0,09 kr.	0,08 kr.	0,08 kr.	0,07 kr.	0,07 kr.	0,06 kr.	0,06 kr.	0,06 kr.

22 tonn

Hækkun þungaskatts í hlutfalli við verðmæti við farms

		0,005%	0,010%	0,015%	0,020%	0,030%	0,040%	0,050%	0,060%	0,070%	0,080%	0,090%	0,100%	0,200%	0,300%	0,400%	0,500%	0,600%	0,700%	0,800%	0,900%	1,000%	2,000%	3,000%	4,000%
Eglistaðir	2.148,48	42.929.800	21.464.800	14.309.867	10.732.400	7.154.933	5.366.200	4.292.960	3.577.467	3.066.400	2.683.100	2.384.978	2.146.480	1.073.240	715.493	536.620	429.296	357.747	306.640	268.310	238.496	214.648	107.324	71.549	53.662
Akureyri	1.209,29	24.185.800	12.092.900	8.061.933	6.046.450	4.030.967	3.023.225	2.418.580	2.015.483	1.727.557	1.511.613	1.343.656	1.209.290	604.645	403.097	302.323	241.858	201.548	172.756	151.161	134.366	120.929	60.465	40.310	30.232
Ísafjörður	1.420,91	28.418.200	14.209.100	9.472.733	7.104.550	4.736.367	3.552.275	2.841.820	2.368.183	2.029.871	1.776.138	1.578.789	1.420.910	710.455	473.637	355.228	284.182	236.818	202.987	177.614	157.879	142.091	71.046	47.364	35.523
Kílóverð																									
Eglistaðir		1.951,3 kr.	975,7 kr.	650,4 kr.	487,8 kr.	325,2 kr.	243,9 kr.	195,1 kr.	162,6 kr.	139,4 kr.	122,0 kr.	108,4 kr.	97,6 kr.	48,8 kr.	32,5 kr.	24,4 kr.	19,5 kr.	16,3 kr.	13,9 kr.	12,2 kr.	10,8 kr.	9,8 kr.	4,9 kr.	3,3 kr.	2,4 kr.
Akureyri		1.099,4 kr.	549,7 kr.	366,5 kr.	274,8 kr.	183,2 kr.	137,4 kr.	109,9 kr.	91,6 kr.	78,5 kr.	68,7 kr.	61,1 kr.	55,0 kr.	27,5 kr.	18,3 kr.	13,7 kr.	11,0 kr.	9,2 kr.	7,9 kr.	6,9 kr.	6,1 kr.	5,5 kr.	2,7 kr.	1,8 kr.	1,4 kr.
Ísafjörður		1.291,7 kr.	645,9 kr.	430,6 kr.	322,9 kr.	215,3 kr.	161,5 kr.	129,2 kr.	107,6 kr.	92,3 kr.	80,7 kr.	71,8 kr.	64,6 kr.	32,3 kr.	21,5 kr.	16,1 kr.	12,9 kr.	10,8 kr.	9,2 kr.	8,1 kr.	7,2 kr.	6,5 kr.	3,2 kr.	2,2 kr.	1,6 kr.

Krónutöluhækkun miðuð við lestun flutningatækis

Lestun		10%	15%	20%	25%	30%	35%	40%	45%	50%	55%	60%	65%	70%	75%	80%	85%	90%	95%	100%
Eglistaðir	2.148,48	0,98 kr.	0,65 kr.	0,49 kr.	0,39 kr.	0,33 kr.	0,28 kr.	0,24 kr.	0,22 kr.	0,20 kr.	0,18 kr.	0,18 kr.	0,15 kr.	0,14 kr.	0,13 kr.	0,12 kr.	0,11 kr.	0,11 kr.	0,10 kr.	0,10 kr.
Akureyri	1.209,29	0,55 kr.	0,37 kr.	0,27 kr.	0,22 kr.	0,18 kr.	0,16 kr.	0,14 kr.	0,12 kr.	0,11 kr.	0,10 kr.	0,09 kr.	0,08 kr.	0,08 kr.	0,07 kr.	0,07 kr.	0,06 kr.	0,06 kr.	0,06 kr.	0,05 kr.
Ísafjörður	1.420,91	0,65 kr.	0,43 kr.	0,32 kr.	0,26 kr.	0,22 kr.	0,18 kr.	0,16 kr.	0,14 kr.	0,13 kr.	0,12 kr.	0,11 kr.	0,10 kr.	0,09 kr.	0,09 kr.	0,08 kr.	0,08 kr.	0,07 kr.	0,07 kr.	0,06 kr.

Útreikningar eru miðaðir við 115.000 km árlegan akstur.

714. Svar [397. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 06-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Af ráðstöfunarfé ráðherra hefur verið varið samtals 2.950 þús. kr. og er skipting sýnd í töflu hér á eftir. Þeim rúmlega 5 millj. kr. sem eftir standa hefur verið ráðstafað til ýmissa verkefna á aðalskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

	Fjárhæð í þús. kr.
Útgáfa orgelskóla	150
Útgáfa lögreglumannatals	150
Rannsókn á sameiginlegri forsjá	350
Ritstörf séra Jónasar Gíslasonar	300
Efling söguseturs á Hvolsvelli	150
Þátttaka laganema í norrænni málflutningskeppni	120
Ferð unglingakórs Selfosskirkju á kóramót	100
Fræðslu- og kynningarátak Samtaka um kvennaathvarf	150
Starfsemi samtaka evrópskra laganema	50
Átak í ávana- og fíkniefnamálum	330
Starfshópur um bætta unglingamenningu	250
Biskupskosning	850
Samtals	**2.950**

715. Svar [239. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um samkeppnisrekstur Landssímans.

Leitað var til Landssíma Íslands hf. um svör við fyrirspurninni.

1. *Hefur fjárreiðum þeirra deilda Landssímans hf., sem eru í samkeppni um einkaréttarþjónustu, verið haldið aðskildum frá öðrum rekstri, sbr. 11. gr. laga nr. 103/1996?*

Fjárreiðum deilda Landssímans sem eru í samkeppni hefur verið haldið aðgreindum frá öðrum rekstri.

2. *Hvaða deildir telur Landssíminn hf. að séu í samkeppnisrekstri?*

Frá 1. janúar 1995 voru eftirfarandi rekstrareiningar skilgreindar sem samkeppnisrekstur:

a. farsímarekstur, þ.e. NMT- og GSM-farsímakerfin og Boðkerfi,

b. gagnaflutningur, þ.e. Almenna gagnaflutningskerfið X.25, Gagnahólf og Háhraðanet, þ.m.t. internetþjónusta,
c. sala notendabúnaðar og rekstur þjónustuverkstæðis.

Önnur starfsemi var talin í einkarétti til loka ársins 1997.

Frá 1. janúar 1998 er ekki lengur um rekstur í einkarétti að ræða en fjarskiptarekstur er háður rekstrarleyfi sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar. Telja verður að farsímaþjónusta og internetþjónusta séu í vaxandi mæli í samkeppni við almenna talsímaþjónustu.

3. Eru fjármunir fluttir frá deildum, sem eru ekki í samkeppnisrekstri, til deilda sem eru í slíkum rekstri?

Frá 1. janúar 1998 hefur Landssími Íslands hf. ekki einkarétt til neins konar fjarskiptaþjónustu. Fjárhagsleg aðgreining skv. 11. gr. laga nr. 103/1996 á því ekki lengur við. Landssíminn heldur fjárreiðum einstakra rekstrareininga aðgreindum, sbr. svör við 1. og 2. lið.

4. Hver var hagnaður eða tap hverrar deildar á árinu 1997?

Þar sem hér er um fjárhags- og viðskiptahagsmuni að ræða telur Landssími Íslands hf. að það sé andstætt hagsmunum félagsins að gefa opinberlega upplýsingar um afkomu einstakra rekstrareininga en vísar í ársskýrslu fyrir árið 1997. Í þessu sambandi vísast til 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, um mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækja, sbr. og til hliðsjónar 3. tölul. 6. gr. sömu laga varðandi undanþágu frá upplýsingaskyldu vegna viðskiptastofnana og fyrirtækja í eigu ríkis, að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra.

5. Hver var upphafleg fjárfesting Landssímans hf. (P&S) í Cantat-3 strengnum og hversu mikil bandvídd var keypt?

Fjárfesting í Cantat-strengnum nam á verðlagi hvers árs 1.599,8 millj. kr. sem er framreiknað miðað við byggingarvísitölu 1.864,8 millj. kr. Í upphafi nam flutningsgetan 155 mb/s með möguleika á tvöföldun síðar.

Sæsímastrengurinn Cantat er einn og sér aðeins hluti af millilandasamböndum Landssímans. Fjárfest hefur verið í öðrum streng, Canus, sem liggur frá Kanada til Bandaríkjanna, enda fer megnið af símaumferð vestur um haf þangað. Sömuleiðis hefur verið fjárfest í strengjum í Evrópu til þess að tryggja öruggan og sem ódýrastan flutning á símaumferð innan Evrópu. Auk þessa hefur af öryggisástæðum verið byggð jarðstöð á Höfn í Hornafirði sem gegnir hlutverki varaleiðar ef Cantat rofnar. Þessi kerfi ásamt jarðstöðinni Skyggni mynda fjarskiptasambönd Íslands við umheiminn.

6. Hver er rekstrarkostnaður Landssímans hf. við Cantat-3 á ári?

Landssími Íslands telur að upplýsingar um rekstrarkostnað, nýtingu og verð á einstökum þjónustuþáttum umfram það sem birt er í gjaldskrám og ársskýrslu fyrirtækisins séu viðskiptaupplýsingar sem ekki sé eðlilegt að birta opinberlega. Landssíminn á þegar í nokkurri samkeppni um flutning milli landa og fyrirsjáanleg er meiri samkeppni á þessu sviði. Samkeppnisaðilar hafa lagt áherslu á að fá aðgang að rekstrarlegum upplýsingum á borð við þær sem um er spurt en Landssími Íslands hf. telur það í andstöðu við viðskiptahagsmuni sína að gefa nákvæmar upplýsingar af þeim toga og vísast um þá afstöðu til 6. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, þar sem fyrirtæki í ríkiseigu eru undanþegin upplýsingaskyldu um viðskiptaleg samkeppnismál.

7. *Hve mikil bandvídd Landssíma hf. og forvera hans (P&S) hefur verið í notkun (seld) 1995, 1996 og 1997? — Óskað er eftir að svar verði sundurliðað eftir árum og í eftirfarandi flokka:*
   a. Ísland – Kanada,
   b. Ísland – Evrópa,
   c. Kanada – Evrópa.
   Enn fremur er óskað eftir að í svari verði sundurliðað hvert sé meðalsöluverð Landssímans hf. og forvera hans á fyrrgreindum leiðum hvert áranna 1995–97 á Mbit.

Fjárfestingar Pósts og síma í Cantat-strengnum árið 1992 miðuðust við að tryggja fullnægjandi fjarskiptasamband við útlönd um langt skeið. Því miðaðist fjárfestingin við spár um aukna umferð næstu árin og hafa þær væntingar fullkomlega gengið eftir og flutningsgetan er enn fullnægjandi. Fyrstu árin var því tiltölulega mikil flutningsgeta ónýtt fyrir umferð að og frá landinu en þetta hlutfall hefur eðlilega farið lækkandi. Landssíminn hefur hins vegar leitast við að selja öðrum aðilum flutning um strenginn og fá þannig tekjur til að bera uppi fjárfestingarkostnað af ónýttri flutningsgetu. Það fer því eftir ýmsu hverning meta á ónýtta flutningsgetu en viðmið Landssímans hefur verið það að geta jafnan og tafalaust séð fyrir nýjum þörfum á flutningi, bæði til Evrópu og Ameríku, og það á öllum tímum sólarhringsins. Þetta viðmið kallar á umtalsverða umframflutningsgetu miðað við meðalnýtingu á strengnum.

Ný tækni til lagningar sæstrengja, stóraukin flutningsgeta á langleiðum og bættur búnaður af margvíslegum toga leiðir þessi missirin til mikilla lækkana á millilandasímtölum. Landssíminn tekur þátt í þessari þróun, lækkaði millilandasímtöl um 22% í nóvember á sl. ári og um 13% að jafnaði til viðbótar nú á haustmánuðum. Fyrirtækið hyggst halda þessari þróun áfram jafnframt því sem boðin verður fram ný tækni við millilandasímtöl, internetsími, sem lækka mun gjald fyrir þau enn frekar. Þessi þróun, ásamt gríðarlegri aukningu á gagnaflutningum milli landa, einkum um internetið, veldur því að umferð um fjarskiptanetin til og frá útlöndum vex nú hraðfara. Af þeim ástæðum hefur Landssíminn nú hafið athugun á því hvernig hagkvæmast verður að auka enn flutningsgetu til útlanda og öryggi í tal- og gagnasendingum, en flest bendir til þess að á allra næstu árum verði þörf fyrir stórum meiri flutningsgetu en nú. (Sjá einnig svar við 6. lið.)

Meðfylgjandi er gjaldskrá sem gilt hefur fyrir leigulínur til útlanda árin 1995, 1996 og 1997.

Gjaldskrá fyrir leigulínur til útlanda

Gildir frá 1. apríl 1993

Gjöldin eru í SDR á ári. Minnsti leigutími er 3 mánuðir. Endursala á línum er óheimil. Notkun þriðja aðila heimilast í ákveðnum tilvikum og skal gerður samningur milli leiguhafa og Póst- og símamálastofnunar um slíka notkun.

	Stuðull	SDR/mán	SDR/ári
Hliðrænar línur FDM/FM			
- tal/gagnaflutningur	1.0	1.965	23.580
Ritsímalínur			
200 baud	0.4	786	9.432
100 baud	0.3	590	7.080
75 baud	0.3	590	7.080
50 baud	0.25	491	5.892
M1020 gæðalína		82	984
Stafrænar línur			
- gagnaflutningur			
2,4 Kb/s	0.2	590	7.080
4,8 Kb/s	0.4	1.179	14.148
9,6 Kb/s	0.6	1.769	21.228
14,4 Kb/s	0.75	2.211	26.532
19,2 Kb/s	0.85	2.506	30.072
64 Kb/s	1.0	2.948	35.376

Framangreind gjöld hækka um 20%, þegar samið er um notkun þriðja aðila á línunum.

LANDSSÍMI ÍSLANDS HF

Gjaldskrá fyrir leigulínur

Gildir frá 1. apríl 1995

	Samningstími 1 ár Kr./mán.	Samningstími 2 ár Kr./mán.	Samningstími 3 ár Kr./mán.
Hliðrænar línur			
Tal-/gagnaflutningur	140.700		
M1020 gæðalína	8.200		
Ritsímalínur			
200 baud	56.280		
100 baud	42.210		
75 baud	42.210		
50 baud	35.175		
Stafrænar línur			
64 Kbit/s	168.000		
128 Kbit/s	294.000		
256 Kbit/s	538.000		
384 Kbit/s	700.000		
512 Kbit/s	924.000		
1024 Kbit/s	1.344.000	1.142.400	940.800
2048 Kbit/s	2.016.000	1.713.600	1.411.200

Stofngjald er ekki tekið fyrir leigulínur til útlanda..

Virðisaukaskattur, 24.5%, leggst við ofangreind gjöld.

LANDSSÍMI ÍSLANDS HF

Gjaldskrá fyrir leigulínur til útlanda
Gildir frá 1. nóvember 1998

	Samningstími 1 ár Kr./mán.	Samningstími 2 ár Kr./mán.	Samningstími 3 ár Kr./mán.	Samningstími 5 ár Kr./mán.
Hliðrænar línur				
Tal-/gagnaflutningur	140.700			
M1020 gæðalína	8.200			
Ritsímalínur				
200 baud	56.280			
100 baud	42.210			
75 baud	42.210			
50 baud	35.175			
Stafrænar línur				
64 Kbit/s	168.000			
128 Kbit/s	294.000			
256 Kbit/s	538.000			
384 Kbit/s	700.000			
512 Kbit/s	924.000	646.800		
1024 Kbit/s	1.142.400	856.900	771.910	732.650
2048 Kbit/s	1.400.000	1.050.000	945.000	897.750

Stofngjald er ekki tekið fyrir leigulínur til útlanda.

Virðisaukaskattur, 24.5%, leggst við ofangreind gjöld.

716. Svar [272. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um launakjör opinberra starfsmanna sem starfa erlendis og starfsmanna hjá alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að.

1. *Hver eru launakjör starfsmanna alþjóðastofnana og alþjóðasamtaka sem Ísland á aðild að, sundurliðað annars vegar eftir stofnunum og hins vegar eftir stjórnendum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum?*

Helstu stofnanir sem spurningin getur átt við eru OECD, Alþjóðabankinn, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir þeirra, norrænar stofnanir, svo sem skrifstofa Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn, og aðrar stofnanir sem sinna norrænu samstarfi.

Fjármálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um launakjör starfsmanna sem starfa hjá framangreindum stofnunum. Haft hefur verið samband við utanríkisráðuneytið varðandi það hvernig svara verði best leitað. Niðurstaða málsins er að svara verði ekki aflað með öðrum hætti en að utanríkisráðuneytið skrifi hlutaðeigandi stofnunum og leiti eftir svörum þeirra við nánar greindum spurningum. Þess má vænta að upplýsingaöflun geti tekið allnokkurn tíma. Vilji fyrirspyrjandi fara þessa leið er eðlilegast að fyrirspurnin sé borin upp við utanríkisráðherra. Vænlegast er þó að fyrirspyrjandi leiti beint til viðkomandi stofnana.

2. *Hver eru launakjör opinberra starfsmanna sem starfa erlendis?*

Litið er svo á að hér sé fyrst og fremst verið að spyrja um launakjör opinberra starfsmanna í utanríkisþjónustunni, þ.e. þeirra sem starfa hjá íslenskum sendiráðum erlendis. Launakjör þeirra eru ákvörðuð af kjaranefnd fyrir sendiherra og sendifulltrúa. Um kjör annarra háskólamenntaðra starfsmanna utanríkisþjónustunnar fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og kjör annarra starfsmanna eru samkvæmt kjarasamningi Félags starfsmanna Stjórnarráðsins. Auk fastra launa njóta starfsmenn utanríkisþjónustunnar staðaruppbótar, flutningsstyrks o.fl. samkvæmt reglum sem utanríkisráðuneytið hefur sett.

3. *Hver er skattaleg meðferð tekna íslenskra starfsmanna skv. 1. og 2. tölul., hér á landi og í starfslandinu? Njóta starfsmenn einstakra stofnana eða samtaka sérstakra skattalegra fríðinda?*

Íslendingar sem starfa erlendis hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eru heimilisfastir hérlendis og þar af leiðandi með fulla skattskyldu hér á landi þótt þeir búi og starfi erlendis, sbr. 2. mgr. 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, og 1. tölul. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Almenna reglan er hins vegar að þeir sem búa erlendis í lengri tíma en sex mánuði eru að jafnaði ekki skattskyldir hér á landi heldur í því landi þar sem þeir búa. Skv. 2. tölul. A-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981 njóta þeir frádráttar frá skattskyldum tekjum sem nemur fjárhæð launatekna fyrir störf hjá stofnuninni, enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að. Sem dæmi um ákvæði í slíkum samningi má nefna Alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 13/1948. Í 18. gr. samningsins er ákvæði um að embættismenn Sameinuðu þjóðanna, skuli undanþegnir sköttum af launum sínum og tekjum frá Sameinuðu þjóðunum. Ákvæði þetta gildir einungis um embættismenn, svo sem þeir eru skilgreindir í samningnum, en ekki um sérfræðinga eða aðra starfsmenn Sameinuðu þjóðanna. Um aðrar tekjur en launatekjur, svo sem fjármagnstekjur ýmiss konar, gilda almenn ákvæði

skattalaga. Auk skattskyldu hérlendis kunna starfmenn alþjóðastofnana að bera takmarkaða skattskyldu í því ríki sem þeir eru búsettir. Fer það eftir skattalögum hvers ríkis hvernig skattskyldu þeirra er háttað og ákvæðum samninga um viðkomandi stofnun. Ekki er útilokað að í einhverjum tilvikum sé um tvísköttun að ræða, þ.e. að sömu tekjurnar séu skattskyldar bæði á Íslandi og í búseturíkinu. Reynir þá á ákvæði tvísköttunarsaminga, ef þeir eru fyrir hendi, eða heimild ríkisskattstjóra til að lækka skatta einstaklinga með hliðsjón af því sem þeir hafa þegar greitt erlendis, sbr. 3. mgr. 117. gr. laga nr. 75/1981.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem starfa erlendis (í sendiráðum, fastanefndum og ræðismannaskrifstofum) um lengri eða skemmri tíma, eru með fulla skattskyldu hér á landi þótt þeir séu búsettir erlendis, sbr. 2. mgr. lögheimilislaga og 1. tölul. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ísland er aðili að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband (Vínarsamningnum), sbr. lög nr. 16/1971. Þar er að finna víðtæka undanþágu frá skattskyldu vegna sendierindreka. Tekur undanþága þessi til allra skatta og gjalda dvalarríkis.

Um skattskyldu opinberra starfsmanna erlendis fer því alfarið eftir íslenskum lögum. Í 2. tölul. A-liðar 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er staðaruppbót, sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu ríkisins, frádráttarbær frá tekjum og þar með undanþegin tekjuskatti. Um allar aðrar tekjur gilda því almennar reglur íslenskra skattalaga.

4. *Nýtur þetta starfsfólk skattfrelsis af öðrum toga en tekjuskattsfrelsis?*

Það fer eftir ákvæðum hvers samnings um sig. Svo sem áður segir eru t.d. víðtækar undanþágur frá skattskyldu í Vínarsamningnum. Þar er m.a. kveðið á um að sendierindrekar séu undanþegnir óbeinum sköttum, svo sem virðisaukaskatti og vörugjöldum af vöru og þjónustu. Í samningi um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana, sbr. lög nr. 55/1989, eru ákvæði í 8. gr. um að starfslið skrifstofa þessara stofnana skuli undanþegið greiðslu tolla og annarra gjalda af vörum til persónulegra nota. Framangreint er nefnt í dæmaskyni en vafalaust má finna fleiri ákvæði af þessu tagi í öðrum samningum.

5. *Hvernig eru skattareglur helstu annarra ríkja gagnvart opinberum starfsmönnum sínum sem starfa erlendis og gagnvart eigin þegnum og þegnum annarra ríkja sem starfa hjá alþjóðastofnunum og alþjóðasamtökum?*

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um gildandi reglur annarra ríkja um skattlagningu opinberra starfsmanna þeirra landa sem starfa hjá alþjóðstofnunum eða alþjóðasamtökum. Í þeim ríkjum sem eru aðilar að sömu samningum og Ísland gilda sambærilegar reglur um skattlagningu að því leyti sem þær byggjast á ákvæðum samninganna.

6. *Hver er skattaleg staða starfsfólks alþjóðastofnana, alþjóðasamtaka og erlendra ríkja hér á landi?*

Svo sem að framan er rakið eru oft og tíðum ákvæði í samningi um stofnun alþjóðastofnunar, ákvæði þess efnis hvernig það ríki þar sem stofnunin er staðsett skuli skattleggja starfsmenn hennar. Ýmsum samningum um alþjóðastofnanir hefur verið veitt lagagildi hér á landi, sjá t.d. lög nr. 55/1989, um ráðherranefnd Norðurlanda og fleiri norrænar stofnanir, og lög nr. 13/1948, um Sameinuðu þjóðirnar. Ákvæði samninganna um undanþágu frá skattskyldu hefur því verið veitt lagagildi hér á landi og undanþága er veitt á grundvelli 7. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981. Undanþágan nær svo langt sem ákvæði samninganna kveða á um. Að auki er í 8. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981 ákvæði um takmarkaða skattskyldu þeirra sem njóta úrlendisréttar. Sumir starfsmenn alþjóðastofnana njóta úrlendisréttar. Skv. 8. tölul. 3. gr. tak-

markast skattskylda þeirra við tekjuskatt af tekjum sem þeir fá frá innlendum aðilum, ágóða sem þeir hafa af rekstri fyrirtækja eða fasteigna hér á landi, leigutekjum af lausafé og tekjum af hlutabréfum, sbr. nánar 4.–7. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981.

Eins og áður segir eru í Vínarsamningnum ákvæði um víðtæka undanþágu frá skattskyldu í móttökuríki fyrir sendierindreka erlendra ríkja. Gilda sömu reglur að þessu leyti fyrir erlenda sendierindreka hér á landi og gilda um íslenska sendierindreka erlendis. Erlendir sendierindrekar bera því mjög takmarkaða skattskyldu hér á landi og takmarkast að mestu við ákvæði 8. tölul. 3. gr. laga um tekju- og eignarskatt en þar segir: „Erlendir sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja hér á landi og aðrir, sem úrlendisréttar njóta, skulu greiða tekjuskatt af tekjum sem þeir njóta frá innlendum aðilum og af tekjum sem um er rætt í 4.–7. tl.“

Samkvæmt framangreindu greiða þessir aðilar tekjuskatt af ýmsum tekjum sem eiga uppruna sinn hér á landi. Hins vegar gilda um laun þeirra frá sendiríkinu og aðrar tekjur þaðan reglur heimaríkis, enda er skattskylda þeirra í því ríki.

717. Svar [391. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 18 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 02-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Ráðstöfunarfé ráðherra 1998.

Fjárveiting á lið 02-199 var alls 23.800.000 kr. Þar af voru 18.000.000 kr. í fjárlögum en 5.800.000 kr. geymdar frá fyrra ári.

Fært á 999-1.90 10, ýmsir styrkir	**kr.**
Þýðingar Hávamála á erlendar tungur (lofað 1997)	100.000
Ljósmyndasýning í Ráðhúsinu (lofað 1997)	50.000
Útgáfa 2. tölublaðs tímaritsins Áhrif (lofað 1997)	50.000
Samband hljómplötuframleiðenda, alþjóðleg ráðstefna í Cannes (lofað 1997)	200.000
Ráðstefna á Ítalíu um lagamenntun (lofað 1997)	50.000
Ferð nemenda Fjölbrautaskólans í Breiðholti til Belgíu í samstarfi ESB og EES	130.000
Útgáfa á geisladiski í tilefni af 80 ára afmæli Jóns Þórarinssonar	100.000
Heimildasöfnun fyrir kvikmyndina Benjamín og Vera	250.000
Ráðstefna um Norðurlönd og kalda stríðið	50.000
Útgáfa á geisladiski með tónverkinu Tíminn og vatnið	250.000
Ráðstefna rithöfunda í Sorbonne-háskóla	150.000
Undirbúningsfundur fyrir menningardaga í Bergen	20.000
Kynning á tímaritinu Lifandi vísindi í skólum landsins	180.000
Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, ráðstefna um kalda stríðið og Norðurlöndin	250.000
Minningarathöfn í New York um Allen Ginsberg	80.000
Hátíðin „Keimur af sumri“ í Lýtingsstaðahreppi	50.000

Rannsókn á afdrifum Íslendinga úr Tyrkjaráninu	75.000
Bæklingur um víkinga- og þjóðveldisöld á Íslandi	151.512
Norrænt mót kennara á eftirlaunum í Reykjavík	150.000
Bein útsending á Popp í Reykjavík á netinu	100.000
Ráðstefna í Uppsölum um vistfræði plantna o.fl.	70.000
Mannfræðileg heimildarmynd Kastali Jaroslavs	100.000
Nemendur Leiklistarskóla Íslands til Rígu	150.000
Ráðstefna um skólaþróun og gildi list/verkgreinakennslu	100.000
Leiklistarnámskeið fyrir heyrnarlausa	100.000
Hátíðahöld á „degi bókarinnar" 1998	200.000
Rit um sögu Loftleiða/Flugleiða í Lúxemborg	150.000
Art Fair '98 í Basel í Sviss	60.000
Útgáfa Skólasögu Þingeyrar í 100 ár	50.000
Samband hljómplötuframleiðenda, MIDEM-ráðstefna í Cannes	100.000
Flutningur höggmynda á sýningu á Hólum í Hjaltadal	100.000
Þátttaka Steinu Vasulka í tvíæringnum í Feneyjum	74.560
Ráðstefna Association for History and Computing í Toledo	40.000
Kynning á Víkingakortum í Bandaríkjunum	100.000
Menningarhátíðin „Á Seyði"	100.000
Námsstefna fyrir þýðendur íslenskra bókmennta erlendis	250.000
Heimsókn þýskra rithöfunda og framkvæmdastjóra	55.000
Norræn barnamyndahátíð 1998	200.000
Dagur dagbókarinnar	200.000
Kynning á Bellatrix í Bretlandi	250.000
Frönsk rannsóknarganga yfir Ísland	104.000
Myndlista- og handíðaskólinn, BoMobil-verkefnið	250.000
Þátttaka í bókmenntahátíð í Leipzig	50.000
Íslenski Ama Dablam háfjallaleiðangurinn	50.000
Kynningarátak Samtaka um kvennaathvarf	50.000
Pallas Athena – Thor, European Youth Against Drugs	200.000
Gallerí Nema hvað!	120.000
Sýningarsvæði Íslands á Bok & Bibliotek í Gautaborg	300.000
Sýningin „Leitin að snarkinum"	100.000
Taflfélag Reykjavíkur, Evrópukeppni í Eistlandi	50.000
Sýning á „Borgarljósum" Chaplins með Sinfóníuhljómsveit Íslands	100.000
Dagskrá til minningar um Þorstein Valdimarsson í Stýrimannaskólanum	50.000
Jafnvægis- og líkamsþjálfunarbúnaður fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra á Akureyri	100.000
Útgáfa á fyrirlestrum á ráðstefnu um erfðabreyttar lífverur	50.000
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, myndband fyrir skóla	150.000
Norræn ráðstefna trúaruppeldisfræðinga	100.000
Útgáfa IV. bindis af Manntali 1910	100.000
Ferð til Júgóslavíu í tengslum við myndlistarverk	90.000
Fundur Baltic Interface Net í Rígu	85.000
Kostnaður vegna málverkaskipta	80.000

Fært á 984-1.90 10, norræn samvinna

Tónleikaferð Mótettukórsins til Tallinn	200.000
Heimsókn Görans Schildts til Arkitektafélags Íslands	79.000

Fært á 982-1.90 10, bókmenntir

Þátttaka tveggja rithöfunda í Strindberg-bókmenntahátíð	70.000
18. heimsráðstefna skálda, haldin í Bratislava	60.000
Dvöl rithöfundar í Visby	50.000

Fært á 982-1.90 27, leiklist

Leikferð Leikfélags Reykjavíkur til Moskvu með „Feður og synir“	200.000

Fært á 982-1.90 30, tónlist

Söngferð Félags eldri borgara til Vesturheims	200.000

Fært á 982-1.90 40, myndlist

Sýningahald í Listaskálanum í Hveragerði	250.000

Fært á 982-1.90 50, kvikmyndir

Kynning á kvikmyndinni „Stríðsárin köldu“	50.000

Fært á 982-1.90 91, dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu	300.000

Fært á 982-1.90, listir, framlög

Ýmis listastarfsemi	5.000.000

Fært á 919-1.90 90, söfn

Skráning og umbúnaður listaverka á Sveinssafni	250.000
Ritverk um Sigurjón Ólafsson	100.000

Fært á 319-1.40 00, framhaldsskólar, almennt

Útgáfa afmælisblaðs Sambands iðnmenntaskóla í tilefni af 50 ára afmæli	100.000

Fært á 299-1.90 90, háskólastarfsemi

Stofnun Atvinnumiðlunar stúdenta	200.000

Fært á 101-1.01 050, almennt svið

Hluti launa starfsmanna vegna heimasíðu ráðuneytisins	300.000
Hluti kostnaðar af kynningu á „Enn betri skóli“	2.000.000

Fært á 09-999 vegna Snæfellings (fjármálaráðuneytið)	150.000

Loforð

Ýmis ógreidd loforð	810.000

Samtals greitt og lofað 31. desember 1998	**17.434.072**

718. Svar [392. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 7,6 millj. kr. á liðnum 02-919 1.90 Söfn, ýmis framlög,
b. 17,3 millj. kr. á liðnum 02-982 1.90 Listir, framlög,
c. 1,3 millj. kr. á liðnum 02-983 1.10 Ýmis fræðastörf,
d. 8,0 millj. kr. á liðnum 02-984 1.90 Norræn samvinna,
e. 3,0 millj. kr. á liðnum 02-988 1.90 Æskulýðsmál,
f. 3,8 millj. kr. á liðnum 02-999 1.90 Ýmis framlög?

02-919 1.90 Söfn, ýmis framlög.

Á lið 02-919 1.90 Söfn, ýmis framlög í fjárlögum 1998 eru 10,3 millj. kr. auk 1 millj. kr. frá fyrra ári, 350 þús. kr. af ráðstöfunarfé ráðherra og 500 þús. kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnar eða samtals 12.150.000 kr.

1.90 31 Vesturfarasetrið Hofsósi	1.200.000
1.90 69 „Líf í fersku vatni“ á Hólum	500.000
1.90 71 Áhugamannahópur um varðveislu Tryggvaskála	500.000
1.90 73 Fræðasetrið í Sandgerði	500.000
1.90 80 Upplýsingatækni í almenningsbókasöfnum	
Bókasafn Höfðahrepps, kaup á tölvubúnaði	300.000
Amtsbókasafnið í Stykkishólmi, kaup á tækjum til að tengjast internetinu	320.000
Lestrarfélag Gnúpverja, kaup á tölvubúnaði	180.000
Bóka-/byggðasafn Norður-Þingeyinga, kaup á tækjum til að tengjast internetinu	200.000
Bæjar- og héraðsbókasafn Akraness, til kaupa á tölvubúnaði til að tengjast internetinu	250.000
Héraðsbókasafn Austur-Skaftafellssýslu, kaup á tölvubúnaði	200.000
Bókasafn Garðabæjar, kaup á tölvubúnaði	250.000
1.90 90 Ýmis söfn	
Undirbúningur opnunar Safnasafnsins	400.000
Íslandsdeild ICOM	450.000
Varðveisla á m/b Húna II	500.000
Úttekt á Vígðulaug á Laugarvatni	100.000
Sýningarskrá og námsefni um matargerð í Byggðasafni Skagfirðinga	200.000
Galdrasýningar í Trékyllisvík	250.000
Málþing um stöðu íslenska þjóðlagsins	75.000
Skráning safngripa Læknaminjasafnsins	250.000
Farskóli safnmanna í Vestmannaeyjum	175.000
Sveinssafn	500.000
Fundur landsdeilda Félags norrænna forvarða	65.000
Papasafn á Djúpavogi	250.000
Skákminjasafn	150.000
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	100.000
Ferð um Austurland, heimsóknir í söfn	79.257
Samtals greitt 31. desember 1998	7.944.257

02-982 1.90 Listir, framlög.

Á lið 02-982 1.90 Listir, framlög í fjárlögum 1998 er 41 millj. kr. auk 3,3 millj. kr. frá fyrra ári, 6,18 millj. kr. af ráðstöfunarfé ráðherra og 9,6 millj. kr. af öðrum liðum, eða samtals 60.080.000 kr.

Bókmenntir – 5.280.000 kr.

1.90 10	Bókmenntir almennt	1.680.000
1.90 11	Rithöfundasambandið, höfundamiðstöð	300.000
1.90 12	Rithöfundasamband Íslands	300.000
1.90 16	Bókmenntakynningarsjóður	3.000.000

Leiklist – 7.253.000 kr.

1.90 20	Leiklist almennt	653.000
1.90 22	Leikbrúðuland	500.000
1.90 23	Íslenska brúðuleikhúsið	400.000
1.90 24	Ferðaleikhúsið	500.000
1.90 25	Leiklistarráð	850.000
1.90 26	Flugfélagið Loftur	1.000.000
1.90 27	Leiklist, erlend samskipti	2.550.000
1.90 28	Möguleikhúsið	500.000
1.90 29	Kaffileikhúsið	300.000

Tónlist – 23.640.000 kr.

1.90 30	Tónlist, verkefnastyrkir	970.000
1.90 31	Tónlist, rekstrarstyrkir	1.100.000
1.90 312	Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000.000
1.90 313	Samband íslenskra lúðrasveita	300.000
1.90 314	Kammersveit Reykjavíkur	1.300.000
1.90 315	Sumartónleikar á Norðurlandi	500.000
1.90 316	Djasshátíð á Egilsstöðum	400.000
1.90 317	Tónleikahald á Kirkjubæjarklaustri	400.000
1.90 318	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.300.000
1.90 319	Efling Stykkishólms	300.000
1.90 325	Óperustúdíó Austurlands	800.000
1.90 33	Íslensk tónverkamiðstöð	7.600.000
1.90 35	Tónlistarhátíðir	550.000
1.90 36	Tónlist, erlend samskipti	2.120.000
1.90 39	Tónsmíðar Jóns Leifs	5.000.000

Myndlist – 7.000.000 kr.

1.90 40	Myndlist almennt	1.050.000
1.90 42	Listvinafélag Vestmannaeyja	300.000
1.90 43	Upplýsingamiðstöð myndlistar	2.500.000
1.90 44	Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000.000
1.90 45	Myndlist, ferðastyrkir	2.150.000

Kvikmyndir – 200.000 kr.

1.90 50	Kvikmyndir almennt	200.000

Listir og menning – 11.759.000 kr.

1.90 80	Listir og menning	1.109.000
1.90 81	Bandalag íslenskra listamanna	700.000
1.90 84	Höfundagreiðslur samkvæmt höfundalögum	400.000
1.90 85	Menning um landið	300.000
1.90 86	EXPO '98, menningardagskrá	8.600.000
1.90 87	Hönnunarsafn	500.000
1.90 88	Menningarsamskipti við Kína og Japan	150.000

Ýmislegt – 4.948.000 kr.

1.90 90	Undirbúningur tónlistarhúss	2.335.000
1.90 91	Dagur íslenskrar tungu	2.113.000
1.90 95	Farandsýning um Halldór Laxness	500.000

02-983 1.10 Ýmis fræðastörf.

Á lið 02-983 1.10 Ýmis fræðastörf í fjárlögum 1998 eru 3,3 millj. kr. auk 850 þús. kr. frá fyrra ári eða samtals 4.150.000 kr.

Útgáfa bókar um íslensk fræði í Tékklandi	307.125
Hið íslenska bókmenntafélag	1.000.000
Rannsóknarverkefni um Jón Leifs	400.000
Undirbúningur færeyskrar orðabókar	1.000.000
Tímarit um forleifafræði, Archaeologia Islandica	150.000
Tónlistarsaga Íslands	375.000
Sögufélagið	150.000
Útgáfa ritgerða á ensku um íslenska miðaldasögu	200.000
Samtals greitt 31. desember 1998	3.582.125

02-984 1.90 Norræn samvinna.

Á lið 02-984 1.90 Norræn samvinna í fjárlögum 1998 eru 9 millj. kr. auk 800 þús. kr. frá fyrra ári og 279 þús. kr. af ráðstöfunarfé ráðherra eða samtals 10.079.000 kr.

ARLIS/NORDEN	100.000
Ferð til að kynnast samískum handverkshefðum	35.000
Ferðastyrkur til rithöfundar til dvalar á Norðurlöndum	102.000
Félag bókavarða í rannsóknarbókasöfnum, norrænt samstarf	50.000
Félag náms- og starfsráðgjafa, norrænt samstarf	75.000
Fonden for nordiska konserter	100.000
Fundur formanna norrænna myndlistarsamtaka	80.000
Fundur í sænsk-íslenska sjóðnum	134.000
Fundur norrænna óperu- og ballettstjóra	60.000
Fundur norrænu samvinnunefndarinnar um nafnfræði	45.000
Fundur norrænu skólanefndarinnar	92.000
Fundur vegna West-viking sýningar	186.000
Heimsókn Görans Schildts til Arkitektafélags Íslands	144.000
Leiklistarhátíð í Noregi, Hugleikur	100.000
Menningarhátíð ungs fólks á Norðurlöndum	102.000

Menningarsamskipti við Færeyinga	777.000
Menningarsjóður Íslands og Finnlands	126.000
Námskeið fyrir Norðurkollubúa	130.000
Nordisk media nytt	45.000
Nordisk teaterunion	160.000
Norræn bókasafnsvika	400.000
Norræn nemendaskipti	700.000
Norræna félagið	1.000.000
Norrænn fundur áhugaleikhúsráðsins	80.000
Norrænn fundur barnabókaráðsins	50.000
Norrænt þýðingarnámskeið fyrir rithöfunda	43.000
Samnorrænt hönnunarverkefni	43.000
Samtök um barna- og unglingaleikhús, norrænt leikaranámskeið	100.000
Scandinavia today	9.000
Svenska rikskonserter, heimsókn norrænnar æskulýðshljómsveitar til Íslands	498.000
Tónleikaferð Mótettukórsins til Norðurlanda	400.000
Ung i Norden	341.000
Ung nordisk musik	130.000
Þátttaka í fundum norrænnar nefndar um sendikennara	334.000
Fundur um norræna menningarkynningu í Suður-Afríku	532.000
Þátttaka í norrænum embættismannafundum	1.421.000
Samtals greitt 31. desember 1998	8.724.000

02-988 1.90 Æskulýðsmál.

1.90 80 Skátaskólinn Úlfljótsvatni	1.500.000
1.90 81 Fræðslustarfsemi KFUM, Vatnaskógi	1.500.000
1.90 90 Ýmsir styrkir	
AFS á Íslandi	150.000
Alþjóðleg ungmennaskipti	150.000
Alþjóðlegar sumarbúðir barna	75.000
Bandalag íslenskra sérskólanema	75.000
Bindindisfélag ökumanna, unglingadeild	75.000
Endurskoður laga um æskulýðsmál	164.000
Félag framhaldsskólanema	100.000
Hjálpræðisherinn á Íslandi, æskulýðsstarf	175.000
Íslenskir ungtemplarar	100.000
Kostnaður við norrænan fund	41.000
Kristilega skólahreyfingin	150.000
Slysavarnafélag Íslands, unglingadeildir	150.000
Ungmennahreyfing Rauða krossins	100.000
Æskulýðsnefnd Blindrafélagsins	75.000
Æskulýðsnefnd Sjálfsbjargar Ný – ung	75.000
Æskulýðssamband Íslands	220.000
Æskulýðssamband kirkjunnar	150.000
Samtals greitt 31. desember 1998	5.025.000

02-999 1.90 Ýmis framlög.

1.90 10	Ýmsir styrkir	
	Afsteypa af höggmynd í minningu skipstapa dr. Charcot, gjöf til Frakklands	631.056
	Rannsóknarverkefni um Jón Leifs	100.000
	Farand- og götuleikhús á Vestfjörðum	100.000
	Heimsþing OMEP	100.000
	Íslensk bókaskrá	75.000
	Landsfundur Bókavarðafélags Íslands	50.000
1.90 12	Edinborgarhúsið	500.000
1.90 13	Skaftfell	500.000
1.90 16	Mannréttindastofnun	300.000
1.90 19	Surtseyjarfélagið	600.000
1.90 20	Kvenfélagasamband Íslands	1.500.000
1.90 21	Kvenréttindafélag Íslands	500.000
1.90 22	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	700.000
1.90 40	Heimilisiðnaðarskólinn	1.300.000
1.90 50	Landssamtökin Heimili og skóli	400.000
1.90 60	Fornleifastofnun Íslands	500.000
1.90 70	Sögusetrið á Hvolsvelli	500.000
1.90 80	Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500.000
Samtals greitt 31. desember 1998		8.856.056

719. Svar [358. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Ágústs Einarssonar um svæðisskipulag fyrir miðhálendið.

Upplýsinga var aflað hjá Skipulagsstofnun. Þar sem ekki liggur fyrir endanlegt uppgjör kostnaðar við gerð svæðisskipulags miðhálendisins ber að líta á tölur sem hér gefnar upp sem bráðabirgðatölur.

1. *Hversu miklu fé hefur verið varið í svæðisskipulag fyrir miðhálendið, hvernig er sundurliðun þess og til hverra hafa greiðslur runnið?*

Heildargreiðslur Skipulagsstofnunar á árunum 1994–98 vegna svæðisskipulags miðhálendisins hafa verið 41,1 millj. kr. Þessar greiðslur skiptast þannig:

	millj. kr.
Funda- og kynnisferðakostnaður	1,6
Útboð, auglýsingar, kynningar og fjölföldun	3,8
Grunngögn og sérfræðivinna	3,6
Kostnaður vegna stjórnsýslumarkahóps	1,0
Laun og dagpeningar formanns og dagpeningar starfsmanna Skipulagsstofnunar	1,7
75% af þóknun til ráðgjafa með verðbótum og virðisaukaskatti	29,4
Til frádráttar endurgreiddur virðisaukaskattur	-6,3
Samtals	34,8

Af þóknun til ráðgjafa hefur Skipulagsstofnun fengið endurgreiddan virðisaukaskatt að upphæð samtals 6,3 millj. kr. og er kostnaður stofnunarinnar því 34,8 millj. kr.

Af þóknun til ráðgjafa hafa héraðsnefndir sem áttu aðild að samvinnunefndinni greitt 25% eða 9,8 millj. kr. Héraðsnefndir hafa auk þess greitt allan kostnað af setu fulltrúa sinna í samvinnunefndinni, svo sem við ferðir og fundi, og hefur Skipulagsstofnun ekki yfirlit yfir hann.

Greiðslur hafa runnið til Framkvæmdasýslunnar, Svansprents, Samskipta, fjölmiðla (auglýsingar), Náttúrufræðistofnunar, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Landgræðslu ríkisins, Landmælinga Íslands, Ísgrafs, Orkustofnunar, Fornleifastofnunar Íslands, stjórnsýslumarkahóps, Landmótunar ehf. og til greiðslu launa formanns og dagpeninga hans og starfsmanna Skipulagsstofnunar.

2. *Hverjir bera faglega ábyrgð á vinnu við svæðisskipulagið?*

Árið 1993 var með lögum nr. 73/1993 bætt bráðabirgðaákvæði við skipulagslög, nr. 19/1964, sem gerði kleift að skipa sérstaka samvinnunefnd sem í ættu sæti einn fulltrúi frá hverri héraðsnefnd sem liggur að miðhálendinu í stað þess að í samvinnunefnd ættu sæti tveir fulltrúar frá hverju þeirra 38 sveitarfélaga sem lágu að miðhálendinu eins og gert var ráð fyrir í skipulagslögunum þegar um samvinnunefnd á vegum sveitarfélaga væri að ræða. Umhverfisráðherra skipaði samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu formann nefndarinnar en ekki skipulagsstjórn ríkisins eins og lögin gerðu annars ráð fyrir.

Hinn 13. október 1994 staðfesti umhverfisráðherra reglur fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið en í henni áttu sæti 13 fulltrúar. Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafði skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans sem var ritari nefndarinnar.

Hlutverk samvinnunefndarinnar var að vinna að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar, nr. 318/1985, eftir því sem við átti.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins bar faglega ábyrgð á vinnu við svæðisskipulagið og skipulagsstjóri bar faglega ábyrgð á þeirri ráðgjöf sem embætti hans veitti nefndinni.

3. *Hvað bárust mörg tilboð þegar vinna við svæðisskipulag fyrir miðhálendið var boðin út árið 1994, hversu há voru þau, frá hverjum, hvaða tilboði var tekið og hvaða faglegar forsendur voru lagðar til grundvallar ákvörðuninni?*

Í forvali sem fram fór 2.–24. maí 1994 á vegum Framkvæmdasýslunnar sendu 16 aðilar inn upplýsingar. Framkvæmdasýslan valdi í samráði við Skipulag ríkisins úr þeim hópi fimm aðila til að taka þátt í lokuðu útboði. Að ósk umhverfisráðherra var þeim aðilum fjölgað í tíu. Tilboð bárust frá níu aðilum og voru þau opnuð 10. ágúst 1994:

	millj. kr.
1. Alfa, Fjarhitun og Hagvangur	24,7
2. Landmótun	26,7
3. Lendisskipulag	27,5
4. Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofan	39,3
5. Nýsir	43,3
6. Ragnhildur og Ögmundur, Línuhönnun og LH-tækni	49,5
7. Landslagsarkitektar, Ingvi Þorsteinsson og Almenna verkfræðistofan	49,8
8. Gylfi Guðjónsson og Pétur Jónsson	53,9
9. Vinnustofa arkitekta og VS	149,8

Ákveðið var að taka tilboði Landmótunar. Í útboðsgögnum var tekið fram að ekki væri sjálfgefið að lægsta tilboði yrði tekið. Framkvæmdasýslan úrskurðaði að tilboð Alfa, Fjarhitunar og Hagvangs uppfyllti ekki ákvæði laga um lokað útboð þar sem hópurinn sem gerði tilboðið var ekki sá sami og valinn var í forvali.

Framkvæmdasýslan fór yfir tilboð í samráði við Skipulag ríkisins, mat þau og gerði tillögu til samvinnunefndar um hvaða tilboði yrði tekið. Lagt var mat á reynslu bjóðenda, stjórnunarhæfni, áreiðanleika, færni og ýmislegt fleira, sbr. upplýsingar sem bjóðendur gáfu sjálfir í forvali og útboði, svo og viðmiðanir sem fram komu í kafla B í útboðslýsingu.

4. *Hefur kostnaður við svæðisskipulagið farið fram úr því tilboði sem tekið var, sbr. 3. lið? Ef svo er, hvers vegna, hversu mikið, hver ber ábyrgð á því og hafa útgjöld ríkisins aukist vegna þessa umfram það sem áætlað var?*

Ráðgjafarkostnaður við gerð svæðisskipulagsins hefur verið meiri en fyrsti samningur við ráðgjafa á grundvelli tilboðs gerði ráð fyrir. Samvinnunefndin ákvað í tvígang að gera viðbótarsamninga við ráðgjafa og má það rekja til nánari afmörkunar skipulagssvæðisins, tafa á afhendingu grunngagna, nákvæmari útfærslu tillögu í greinargerð og á uppdrætti, mikillar fjölgunar funda, fjölgunar kynnisferða, verulega aukins umfangs kynningar verksins, lengingar auglýsingatíma og fjölda innsendra athugasemda, breytinga á gögnum vegna athugasemda og undirbúnings fyrir prentun. Í því sambandi er bent á svör við fyrirspurnum frá bjóðendum vegna útboðsins þar sem kemur fram að ákveðið hafi verið að samið yrði sérstaklega við ráðgjafa ef samvinnunefnd ákvæði að breyta skipulagsgögnum í kjölfar formlegrar auglýsingar.

Viðbótarsamningur sem gerður var við Landmótun 23. júlí 1996 var að upphæð 5 millj. kr. og viðbótarsamningur sem gerður var 29. maí 1998 6,7 millj. kr. eða samtals 11,7 millj. kr. með virðisaukaskatti. Af þeirri upphæð greiddu héraðsnefndir 25%.

Ábyrgð á því að verkið fór fram úr áætlun og að gerðir voru viðbótarsamningar bera samvinnunefnd og skipulagsstjóri ríkisins sem skrifaði undir samninga f.h. verkkaupa.

Að frádregnum virðisaukaskatti, sem er endurgreiddur, og hlut héraðsnefnda hafa útgjöld ríkisins vegna skipulagsráðgjafa aukist um 6,7 millj. kr. miðað við þann samning sem gerður var við ráðgjafa á grundvelli tilboðs árið 1994.

5. *Var tekið fullt tillit til fyrri samþykkta Alþingis um landnotkun á miðhálendinu við gerð skipulagsins og hvað bindur það landnotkun á þessu svæði til margra ára ef það hlýtur staðfestingu ráðherra?*

Að svo miklu leyti sem Alþingi hefur tekið ákvarðanir um landnotkun á miðhálendinu hefur verið tekið tillit til þess að öðru leyti en því að samvinnunefndin gerði sérstakan fyrirvara um stærð Eyjabakkalóns vegna fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar.

Í svæðisskipulaginu er gerð áætlun um landnotkun til ársins 2015. Staðfesting svæðisskipulagsáætlana er ekki tímabundin, en samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, ber að meta að afloknum sveitarstjórnarskosningum hvort nauðsynlegt er að endurskoða svæðisskipulag. Þess utan er unnt að gera einstakar breytingar á svæðisskipulagsáætlun, sbr. 14. gr. laganna.

Ætla verður að lagareglur um meðferð skipulagsáætlana muni líka eiga við um endurskoðun og möguleika á breytingum svæðisskipulags miðhálendis.

Verði frumvarp umhverfisráðherra til breytinga á skipulags- og byggingarlögum sem nú liggur fyrir Alþingi að lögum verður að gera ráð fyrir að nefnd sú sem komið verður á laggirnar muni fylgja fyrirmælum laganna um meðferð og framkvæmd svæðisskipulagsins.

6. *Hvaða umhverfissjónarmið voru lögð til grundvallar við gerð skipulagsins, hvernig var tekið tillit til þeirra og til hvaða ráðgjafa var leitað á því sviði?*

Í kafla 1.3 í útboðsgögnum segir að aðalatriðið sé að nýting verði á þann veg að ákvarðanir séu teknar að vel athuguðu máli, jafnvægi haldist og manngert umhverfi styrki frekar náttúrulegt umhverfi en eyðileggi það, sbr. þau meginmarkmið sem fram komu í útboðsgögnum af hálfu verkkaupa. Þessi markmið eru að:

— varðveita sem best landslag og ásýnd svæðisins,
— vernda náttúru og menningarminjar,
— vernda gróður og lífríki,
— skilgreina svæði til uppgræðslu og gróðurverndar,
— heildarstefna verði mörkuð í leyfisveitingum fyrir mannvirkjagerð á hálendinu,
— ekki verði ráðist í mannvirkjagerð nema ljós séu áhrif hennar á umhverfið,
— skilgreina vegakerfið, bæta samgöngur á helstu leiðum og draga þannig úr akstri utan vega,
— skilgreina virkjanasvæði, svæði fyrir uppistöðulón og framtíðarlegu háspennulína,
— velja hálendismiðstöðvum stað,
— velja svæði fyrir þyrpingar fjallaskála,
— skilgreina veiðirétt og aðra hlunnindanýtingu,
— skilgreina nýtanleg vatnsból,
— gera tillögur til úrbóta í sorp- og frárennslismálum.

Í kafla 1.1 í útboðsgögnum kemur jafnframt fram að miðhálendi Íslands hafi sérstöðu sem sé auðlind sem á engan hátt megi eyðileggja og að þau svæði þar sem byggingarframkvæmdir verða heimilaðar skuli vera eins fá og kostur er.

Einnig skal bent á að samvinnunefnd auglýsti tvívegis í blöðum sumarið 1994 eftir hugmyndum hagsmunaaðila að nýtingu eða skipulagi á svæðinu í heild eða einstökum hlutum þess. Hugtakið hagsmunaaðili var skilgreint í auglýsingunni sem allir notendur svæðisins, einstaklingar jafnt sem stofnanir eða félagasamtök. Hugmyndir bárust frá um 20 aðilum.

Framangreind umhverfissjónarmið voru höfð til hliðsjónar við vinnslu svæðisskipulagstillögunnar. Í henni:

— eru skilgreind svæði sem hafa verndargildi vegna sérstaks náttúrufars og gerðar tillögur um verndun þeirra,
— er reynt að takmarka allar framkvæmdir við sérstök mannvirkjabelti og þá miðað við að halda sem stærstum ósnortnum víðernum á hálendinu,
— eru gerðar tillögur um staðsetningu hálendismiðstöðva og skálasvæða,
— er vegakerfið flokkað og tillögur gerðar um meginleiðir og miðað við að vegakerfið sé eins gisið og mögulegt er til að halda ósnortnum víðernum,
— eru gerðar tillögur að landnotkun orkuvinnslu til uppistöðulóna,
— er gert ráð fyrir að byggingarsvæði séu deiliskipulögð og að þar sem við á fari einnig fram mat á umhverfisáhrifum,
— er gert ráð fyrir að engin sorpeyðing eigi sér stað á hálendinu.

Ráðgjafar sem leitað var til í þessu sambandi eru: Ferðamálaráð Íslands, Fornleifastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Landgræðsla ríkisins, Landsvirkjun, Orkustofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Vegagerðin, Veðurstofa Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, ýmis félög, félagasamtök og einstaklingar tengd útivist, verndun, ferðamálum o.fl. og flest ráðuneytin.

Nánari útfærsla kemur fram í kafla 1.4 í greinargerð svæðisskipulagsins þar sem fjallað er um samráð.

7. *Liggur fyrir til lokaafgreiðslu hjá Skipulagsstofnun og/eða ráðherra endanleg skipulagstillaga fyrir miðhálendið og ef svo er, hvenær var hún gerð opinber og hvenær má vænta afstöðu stofnunarinnar og/eða ráðherra?*

Tillaga að svæðisskipulagi miðhálendisins sem samþykkt er í samvinnunefnd og í 38 sveitarfélögum var afhent Skipulagsstofnun 23. nóvember 1998 og liggur þar til afgreiðslu. Jafnframt var umhverfisráðherra afhent tillagan sama dag til fróðleiks. Tillagan var auglýst til kynningar frá 10. maí til 10. desember 1997. Samtals bárust 95 athugasemdir. Helstu breytingar í einstökum málaflokkum sem gerðar voru að lokinni umfjöllum um athugasemdir voru kynntar fulltrúum helstu hagsmunaaðila 2. júlí 1998 á fundi í Borgartúni 6. Helstu breytingar á samþykktu svæðisskipulagi frá auglýstri tillögu voru síðan kynntar á fréttamannafundi og opnum almennum fundi í Reykjavík 26. ágúst 1998.

Samvinnunefnd auglýsti niðurstöðu sína skv. 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga í lok nóvember 1998. Auglýsingar birtust í Morgunblaðinu 27. nóvember 1998 og Degi 28. nóvember 1998.

Skipulagsstofnun stefnir að því að afgreiða svæðisskipulagið til umhverfisráðherra eigi síðar en í lok febrúar 1999 en sú tímasetning er háð afgreiðslu Alþingis á frumvarpi umhverfisráðherra til breytinga á skipulags- og byggingarlögum vegna miðhálendisins.

720. Svar [394. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 6 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 04-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Ráðstöfunarfé ráðherra 04-101 1.01. Framlög 1998.	**þús. kr.**
Búvélasafn á Hvanneyri, stofnstyrkur	500
Norðuráll ehf., grunnrannsóknir á álaveiðum og vinnslu	300
Myndbær, gerð kynningarmyndar um landbúnaðarframleiðslu o.fl.	400
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra, könnun á atvinnuþátttöku kvenna í sveitum	250
Framtíðarstofnun, ráðstefna um sjálfbæra þróun	100
Víðir ehf., þróunar og markaðsstarf á sviði matvælaframleiðslu	250
Melgerðismelar, undirbúningur landsmóts hestamanna 1998	400
Félag íslenskra einkaflugmanna, auglýsing um gróðurvernd	50
Skaftárhreppur, umhverfisverkefni ferðaþjónustufyrirtækja	200
Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu, verkefni, ungt fólk – landbúnaður	100
Keypt kandídatsritgerð um landbúnaðarmál	25
Kynning á íslenska hestinum í Frakklandi	250
Sýning – Útivist fyrir alla	100
Lífsmynd ehf., náttúru- og mannlífskvikmynd um Þingvallavatn	200

Félag íslenskra matreiðslumanna, þátttaka í alþjóðakeppni með áherslu á lífrænt ræktað hráefni	125
Dýralæknafélag Íslands, fundur formanna dýralæknafélaga á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum	100
Matvæla- og næringarfræðingafél. Íslands, kynning á sviði matvælaframleiðslu á matvæladegi 1998	100
Námsstefna um tengsl skógræktar og koltvísýringsbindingar, haldin í Reykjavík 31. júlí 1998	100
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, ráðstefna um riðuveiki og mæðuveiki	500
Ráðstefna bókavarða í september 1998	50
Æðarræktarfélag Íslands, rit um æðarfugl og æðarrækt á Íslandi	500
Víkurlax ehf., þróunarvinna í bleikjueldi	200
Námsferð landafræðinema í Kennaraháskóla Íslands.	50
Skógræktarfélag Eyfirðinga vegna nytjaskógræktar	1.000
Umhverfisverkefni í Litla-Skarði í Mýrasýslu	50
Varðveisla minja um gamla búskaparhætti	200
Samtals	**6.100**

721. Svar [395. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum:
a. 5,8 millj. kr. á liðnum 04-190 1.90 Ýmis verkefni,

Ýmis verkefni 04-190 1.90	**þús. kr.**
Endurnýjun bifreiðar	1.276
Aðkeypt þjónusta vegna starfsmanns í Brussel	253
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	379
Kostnaður við launauppgjör hjá Hagþjónustu landbúnaðarins	164
Fasteignagjöld Stóðhestastöðvar ríkisins	425
Rekstrarframlag til upplýsingaþjónustu landbúnaðarins	1.171
Aðkeypt sérfræðiþjónusta, úttekt Hagþjónustu landbúnaðarins á kornrækt	482
Framlag til þátttöku Rannsóknastöðvar landbúnaðarins í alþjóðasamstarfi á sviði kornræktar	575
Auglýsing	5
Verkefni í hörrækt	2.000
Samtals	**6.730**

b. 21 millj. kr. á liðnum 04-805 1.34 Umhverfisverkefni?

Umhverfisverkefni 04-805 1.34	**þús. kr.**
Landgræðsla ríkisins, verkefnið Bændur græða landið	7.000
Félag skógarbænda á Norðurlandi, áætlanagerð	2.000
Búnaðarsamtök Vesturlands, áætlanagerð vegna skógræktarverkefna	2.000
Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu, umhverfisverkefni	200
Guðmundur V. Stefánsson, skógræktarverkefni	400
Níutíu aðilar fengu styrk til ýmissa umhverfisverkefna, samkvæmt auglýstum starfsreglum	4.700
Samtals	**16.300**
Óráðstafað	*4.700*

722. Svar [367. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um fjárframlög til rannsókna á hrossaexemi.

1. *Hversu miklu af úthlutuðu fé útflutnings- og markaðsnefndar hefur verið varið til rannsókna á hrossaexemi við Bændaskólann að Hólum?*

Fjárframlög til rannsókna á hrossaexemi til embættis yfirdýralæknis og Bændaskólans á Hólum nema 3,1 millj. kr.

2. *Hversu miklar greiðslur frá nefndinni hafa runnið til markaðsfulltrúa Félags hrossabænda?*

Fjárframlög til markaðsfulltrúa Félags hrossabænda nema 5,6 millj. kr.

3. *Hvaða lönd eiga samstarf við Íslendinga um rannsóknir á hrossaexemi?*

Rannsókn á arfgengi sumarexems í íslenskum hrossum er á vegum Hólaskóla, Yfirdýralæknis, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Bændasamtaka Íslands. Erlendir samstarfsaðilar eru:

a. Erfðafræðideild Animal Health Trust í Newmarket í Englandi sem ber á ábyrgð á og kostar erfðatæknilegan hluta verkefnisins. Ábyrgðarmaður er dr. Matthew Binns.
b. Erfðafræðistofnun Dýralæknaháskólans í Bern í Sviss leggur okkur lið í verkefninu með faglegri ráðgjöf en erfðagreiningin miðar að því m.a. að staðfesta samband sjúkdómsins við gen sem stjórna vefjaflokkum í hrossum. Vísbendingar um slíkt samband hafa komið fram í rannsóknum stofnunarinnar. Ábyrgðarmaður er dr. Eliane Marti.
c. Dýralæknaháskólinn í Uppsölum tekur þátt í verkefninu. Dr. Hans Broström sem unnið hefur á rannsóknum á sumarexemi í Svíþjóð hefur aðstoðar við gagnaöflun þar og veitt faglega ráðgjöf.
d. Starfsmaður Dýralæknaháskólans í Kaupmannahöfn, Birgitte Langvad Færch dýralæknir, hefur einnig aðstoðað við gagnaöflun og veitt ráðgjöf.

Ræktunarfélög íslenska hestsins í Danmörku, Svíþjóð og Þýskalandi aðstoðuðu við að útvega hross í rannsóknina. Félag hrossabænda veitti einnig aðstoð við þá vinnu.

4. *Hvenær hófust þessar rannsóknir í hverju landi fyrir sig?*
5. *Hver er staða rannsóknanna nú?*

Undirbúningur verkefnisins hófst árið 1996 með heimsókn dr. Matthew Binns og dr. Eliane Marti til Íslands en þá buðu þau fram aðstoð sína við verkefni á þessu sviði. Í framhaldinu var kannaður áhugi annarra vísindastofnana, íslenskra sem erlendra, og meginlínur verkefnisins lagðar. Í framhaldinu voru sendar umsóknir um styrki til Vísindasjóðs Rannsóknarráðs Íslands og Útflutnings- og markaðsnefndar. Styrkur til að hefja gagnaöflun fékkst frá nefndinni og verkefnið hófst formlega árið 1997 með sameiginlegum fundi þátttakenda í Uppsölum. Þar var framkvæmdaáætlun og þátttaka hvers og eins skilgreind. Kostnaður við verkefnið var metinn, sem og framlög þátttakenda. Fjármögnunarleiðir voru ræddar.

Síðsumars 1997 hóf íslenskur dýralæknir gagnaöflun í Danmörku og Svíþjóð og voru um 200 hross sjúkdómsgreind með tilliti til sumarexems, blóðprufur teknar og upplýsingar um umhverfisaðstæður hrossanna skráðar. Blóðsýnin voru send til Newmarket þar sem DNA var einangrað og það fryst. Sumarið 1998 var gagnaöfluninni haldið áfram í Þýskalandi þar sem safnað var upplýsingum um 200 hross til viðbótar. Blóðprufur úr þeim hrossum voru einnig sendar til Newmarket. Nú er verið að færa gögnin á tölvutækt form og er það gert á Hólum. Í framhaldinu verða gerðar frumgreiningar á gögnunum og er reiknað með að erfðagreiningin geti hafist um svipað leyti. Ráðgert er að íslenskur vísindamaður taki þátt í erfðagreiningarvinnunni í Newmarket því að áríðandi er að tækni og þekking á sviði erfðatækni hrossa verði í framtíðinni notuð í rannsóknum hér á landi. Einnig tryggir það enn fremur hlutdeild Íslendinga í niðurstöðunum.

6. *Hver eru áform til eflingar hrossarækt og útflutningi hrossa á Íslandi?*

Tilgangur verkefnisins er að finna leiðir til að greina með erfðaprófi hvaða hross beri með sér veikleika fyrir sumarexemi áður en þau eru flutt úr landi. Þannig mætti lækka tíðni sjúkdómsins í hrossum héðan erlendis. Einnig gæfist möguleiki á að nýta aðferðina í ræktunarstarfinu hér heima og vinna þannig gegn þessum leynda galla. Í framtíðinni má vera að erfðatækni geti orðið öflugt vopn við lækningu sjúkdómsins. Því er ljóst að megintilgangur verkefnisins er að bæta markaðsstöðu íslenskra hrossa erlendis og efla útflutning.

Nú er einnig unnið að því að taka saman upplýsingar um helstu leiðir sem nú eru þekktar til fyrirbyggjandi aðgerða gegn sjúkdómnum og til lækninga og gera þær upplýsingar aðgengilegar fyrir eigendur íslenskra hrossa erlendis.

Víðtækari rannsóknir á sumarexemi með samvinnu þýskra og íslenskra vísindamanna á sviði ónæmisrannsókna eru í undirbúningi og stefna þær að sama markmiði og greint var frá að framan.

Að undanförnu hefur verið unnið að gæðastjórnun í hrossarækt á vegum fagráðs í hrossarækt í samvinnu við landsráðunaut í hrossarækt, dýralækni hrossasjúkdóma og Landgræðsluna. Tilgangur gæðastjórnunar er að bæta framleiðsluna og taka á nokkrum þeim þáttum sem kvartað hefur verið yfir af erlendum kaupendum, svo sem einstaklingsmerkingum, faðernisgreiningum, heilbrigðismálum, ormameðhöndlun, landnýtingu o.fl. Vonast er til að þetta fyrirkomulag, sem öllum sem vilja er heimilt að notfæra sér, skili íslenskum hrossaræktendum aukinni markaðshlutdeild og efli hrossarækt hér á landi.

Þá hefur landbúnaðarráðuneytið beitt sér fyrir fjárveitingu að upphæð 10 millj. kr. á fjáraukalögum 1998 til að styðja við markaðsstarfsemi og til að efla félagsstarf hrossabænda vegna erfiðleika búgreinarinnar í kjölfar smitandi hitasóttar sem barst til landsins í byrjun síðasta árs. Enn fremur hefur verið unnið að lækkun eða afnámi tolla sem lagðir eru á við innflutning reiðhesta til Noregs. Þá hefur einnig að beiðni ráðuneytisins verið gerð ítarleg

úttekt á stöðu hrossaræktarinnar í landinu til að lýsa starfsskilyrðum búgreinarinnar og framtíðarmöguleikum.

723. Svar [393. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 03-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Ráðstöfunarfé utanríkisráðherra 1998

Dags.	Tilefni	Fjárhæð
16-jan-98	Kaup Landssambands Gideonfélaga á Íslandi á Biblíum og Nýja testamenti	100.000
16-jan-98	Heimsókn umboðsmanns fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum til Öryrkjabandalags Íslands	50.000
16-jan-98	Ráðstefna á vegum NAMMCO. Samvinna um nýtingu sjávarspendýra	150.000
19-jan-98	Verkefnið "Pallas Athena-Thor, European youth against drugs"	65.000
28-jan-98	Fræðsluferð sjúkraliða á Hrafnistu til Halifax	50.000
2-feb-98	Samstarfsverkefni Stígamóta og kvennasamtaka í Hvíta-Rússlandi	120.000
10-feb-98	Þátttaka íslenska prests í námskeiðinu í Ungverjalandi	100.000
16-feb-98	Rannsókn á málefnum útlendinga á Íslandi á fyrri hluta aldarinnar	150.000
17-feb-98	Kynnisferð ASÍ til Brussel til að heimsækja ýmis samtök og stofnanir	250.000
19-feb-98	Útgáfa á "Good morning Iceland" á vegum ferðamálaráðs Íslands í New York	60.000
6-mar-98	Fundir S.þ. í New York um stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls	85.000
11-mar-98	Alþjóðlegur fundur maka starfsmanna í utanríkisþjónustu í London	142.492
24-mar-98	Þátttaka Háskólakórsins í alþjóðlegri kórakeppni, kynning á landi og menningu	50.000
26-mar-98	Alþjóðleg námstefna um stuðning Íslendinga við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsþjóða	100.000
8-apr-98	Uppgræðsla á varnarsvæðum á vegum samtakanna Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	150.000
21-apr-98	Skýrsla Íslensks / Kínversks viðskiptaráðs um viðskipti Íslands og Kína og þróun þeirra undanfarin ár	200.000
21-apr-98	Ráðstefna viðskipta- og hagfræðinema í Turku í Finnlandi um alþjóðavæðingu fyrirtækja	50.000
28-apr-98	Bombil hönnunarsamkeppni, Myndlista- og handíðarskólinn	145.825
28-apr-98	Íslenskur listamaður á tónlistarhátíð í Frakklandi	100.000
28-apr-98	Þátttaka Félags heyrnarlausra á Íslands í námskeiði á vegum Evrópuráðs heyrnarlausra í Hollandi	100.000
30-apr-98	Undirbúningur fyrir hátíðarhöld vegna landafunda	12.991
4-maí-98	Erlend samskipti námsmannahreyfinga, Bandalag íslenskra sérskólanema	150.000
6-maí-98	Þátttaka félagsins Barnaheill í alþjóðlegt samstarfi varðandi réttindi barna	500.000
12-maí-98	Fundur formanna dýralækningafélaga Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna	100.000
12-maí-98	Þátttaka Clup Lögberg í norrænni málflutningskeppni í Ósló	50.000
18-maí-98	Þátttaka leikfélagsins Regina í listahátíð í Edinborg	70.000
19-maí-98	Ferð Móttökukórs Hallgrímskirkju til Tallin vegna opinberrar heimsóknar forseta Íslands og listahátíðar á Norðurlöndum	250.000

Dags.	Tilefni	Fjárhæð
20-maí-98	Aðstoð við tyrkneska móður íslensks drengs	162.146
20-maí-98	Styrkur til Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn	210.159
26-maí-98	Ferð Árnesingakórsins til Riga	100.000
12-jún-98	Hjálparmaður á vegum Sjálfsbjargar vegna ferðar fyrir fatlaða	170.000
19-jún-98	Ferðakostnaður og skjalasöfnun í Moskvu vegna íslenskrar kvikmyndagerðar	75.000
22-jún-98	Ráðstefna á Íslandi um ófriðarástand	100.000
30-jún-98	Uppfærsla í Islington í Englandi á verkinu "The Daughter of the Poet" eftir Svein Einarsson	200.000
7-júl-98	Listasýning íslensks listamanns í húsakynnum EFTA í Brussel	40.000
7-júl-98	Ferð Æskulýðssambands Íslands til Portúgal (World Youth Festival)	50.000
23-júl-98	Námsefni frá Blindrafélaginu fyrir íslenskuskólann í Brussel	12.199
7-ágú-98	Ferð íslensks listamanns til Bratislava á þing, "World Poet Association"	100.000
18-ágú-98	Vegna YGLYO, alþjóðlegrar ráðstefnu samkynhneigðra í Hollandi	20.000
24-ágú-98	AFS á Íslandi / Nemendaskipti frá Kína	250.000
18-sep-98	Námsferð stjórnmálafræðinema til Belgíu	100.000
3-des-98	Til Íslandsdeildar Amnesty International vegna 50 ára afmælis Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna	300.000
3-des-98	ELSA, Lögbergi / Ráðstefna- og fræðiheimsókn	50.000
4-des-98	Vegna kynningar á íslenskri kvikmynd á heimildarþáttahátíð í Amsterdam	100.000
8-des-98	Íslenskur fræðimaður sem gestur Bókmenntastofnunar Berlínarborgar	55.000
15-des-98	Útgáfa bæklings um Ísland á Klnversku	70.000
23-des-98	Kaup Landssambands Gídeonfélaga á Íslandi á Biblíum og Nýja testamenti	100.000
29-des-98	Sögurannsókn á afdrifum Íslendinganna í „Barbaríu" eftir Tyrkjaránið	200.000
	Samtals ráðstöfun utanríkisráðherra árið 1998	**5.815.812**
	Fjárheimild í fjárlögum 1998	**5.000.000**
	Afgangur fjárheimilda í fjárlögum 1997	**1.842.254**
	Óráðstafað	**1.026.442**

724. Svar [396. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 3 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 05-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Á síðasta ári nýtti sjávarútvegsráðherra 2.920 þús. kr. af ráðstöfunarfé sínu sem var 5 millj. kr. þar sem 2 millj. kr. voru vannýttar frá árinu 1997 og lögðust við ráðstöfunarfé ársins 1998.

Ráðherra nýtti fé þetta til tveggja verkefna. Annars vegar til styrktar námsmönnum, en þrír námsmenn fengu styrki. Þetta voru námsmenn í framhaldsnámi í stofnerfðafræði, í fiskeldi og í framhaldsnámi í tengslum við fjölstofnarannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar. Samtals námu námsstyrkir þessir 1.320 þús. kr. Hins vegar styrkti ráðherra Hafrannsóknastofnunina um 1,6 millj. kr. til að standa straum af kostnaði við ritun fiskveiðisögu Norður-Atlantshafsins. Eftirstöðvar ráðstöfunarfjár samkvæmt ákvörðun ráðherra, 2.080 þús. kr., leggjast við ráðstöfunarfé ársins 1999.

725. Svar [406. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 10-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Verkefni	**Upphæð, kr.**
Gestur 1997, upplýsingarit um Ísland	235.000
Markaðssetning Íslands sem áfangastaðar fyrir fatlaða ferðamenn	300.000
Stefnumótunarvinna vegna upplýsingamiðstöðva fyrir ferðamenn	250.000
Menningar- og handverkssýning í Kolaportinu	100.000
Menningar- og viðskiptatengsl við Mongólíu	100.000
Iceland Review	100.000
Á ferð um Ísland, þýðing á þýsku	200.000
Bílaflotinn, tímarit	60.000
Endurbygging á mb. Húna II	200.000
Útgáfa kynningarefnis um sjálfbæra ferðaþjónustu	500.000
Minnisvarði um flugslys í Héðinsfirði	100.000
Alþjóðlega Reykjavíkurskákmótið	100.000
Auglýsingaátak fyrir heilsársferðaþjónustu í Mývatnssveit	150.000
Störf kvenfélagsins Baugs að ferðamálum	200.000

Markaðssetning Norð-Austurlands yfir vetrartímann	100.000
Skóli fyrir fluguveiðimenn við Laxá í Aðaldal	50.000
Iceland Export Directory	168.000
Iceland Football Festival	150.000
Kynningarmyndband um akstur á fjallvegum	200.000
Tónleikaferð Grunnskólans í Þorlákshöfn til Danmerkur	100.000
BoMobil, norrænt hönnunarverkefni	150.000
Útivist fyrir alla, sýning í Skautahöllinni í Reykjavík 5.–7. júní	75.000
Landsþing Slysavarnafélags Íslands í Sandgerði 29.–31. maí	75.000
Skinfaxi, sérrit um fíkniefnaforvarnir	12.450
Samstarf milli Íslands og Ittoqqortoormiit á Grænlandi um ferðamál	250.600
Gestur 1998, upplýsingarit um Ísland	235.000
Ferðanetið	200.000
Leiðangur félaga í SVFÍ á Ama Dablam	70.000
Ráðstefnan „Rafmagn og vetni — nýir valkostir í flutningum og samgöngum“	100.000
Þátttaka nema í ferðagreinum í Menntaskólanum í Kópavogi í fagkeppni í Portúgal	50.000
Þrjár ráðstefnur á sviði fjarskiptalækninga í ágúst 1998	100.000
Markaðssetning í ferðaþjónustu	150.000
Ráðgjöf vegna ferðar ráðherra til Vestur-Kanada og Fiskesafnsins	100.000
Styrktarfélag vangefinna	50.000
Samtals	4.981.050

726. Svar [404. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 09-950 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Á árinu 1998 ákvað fjármálaráðherra að ráðstafa 3 millj. kr. af fjárlagalið 09-950 til að standa undir hluta af kostnaði við endurskipulagningu á aðalskrifstofu ráðuneytisins á árunum 1997 og 1998. Fjármunir þessir voru notaðir til að greiða ráðgjafarfyrirtækinu Forskoti og danska fjármálaráðuneytinu fyrir þjónustu þeirra í tengslum við verkefni þetta.

Eftirstöðvum liðarins hefur ekki verið ráðstafað.

727. Svar [381. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um stuðning Framleiðnisjóðs við útflutning og markaðssetningu íslenskra hrossa.

1. *Hvert er hlutverk Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í beinum stuðningi við útflutning og markaðssetningu hrossa erlendis? Hver eru áform sjóðsins þar að lútandi?*

Hlutverk Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í beinum stuðningi við útflutning og markaðssetningu hrossa erlendis ræðst af þeim áherslum sem stjórn sjóðsins metur mikilvægastar á hverjum tíma að teknu tilliti til álits þeirra sem eru í forsvari fyrir búgreinina. Í samræmi við það hefur stefna stjórnarinnar verið sú að uppbygging kennslu- og rannsóknaraðstöðu í þágu hrossaræktarinnar að Hólum í Hjaltadal ætti að vera forgangsverkefni í stuðningi sjóðsins við búgreinina en stuðningur við markaðsmál væri hlutverk útflutnings- og markaðsnefndar. Í samræmi við þessa stefnumörkun hefur Framleiðnisjóður hætt að mestu beinum stuðningi við hrossaútflutning. Samkvæmt upplýsingum frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins var þessi afstaða staðfest á fundi stjórnar sjóðsins með formanni Félags hrossabænda og fulltrúa frá Útflutnings- og markaðssjóði í desember sl. og áhersla lögð á mikilvægi þess að Framleiðnisjóður styddi rannsóknir í þágu útflutnings. Voru rannsóknir á sumarexemi metnar til forgangs. Fram kemur í upplýsingum frá stjórn Framleiðnisjóðs að við afgreiðslu fjárhagsramma þessa árs á fundi sjóðstjórnar 12. janúar sl. hafi þessi sjónarmið verið lögð til grundvallar.

2. *Er áformað að veita stuðning við búháttabreytingar, t.d. að breyta fjósum í hesthús eða breyta sauðfjár- eða kúabúum í hrossaræktarbú?*

Á síðasta ári var mjög dregið úr stuðningi Framleiðnisjóðs landbúnaðarins við uppbyggingu tamningaaðstöðu á bújörðum með það að markmiði að hætta slíkum stuðningi a.m.k. um sinn. Því verður ekki um slíkan stuðning að ræða á þessu ári.

3. *Mun Framleiðnisjóður veita stuðning við þá fækkun hrossa um 1.600 sem fyrirhuguð er?*

Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um stuðning við fyrirhugaða fækkun hrossa en erindi liggur fyrir hjá stjórninni og bíður afgreiðslu.

728. Svar [26. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um kennara og leiðbeinendur.

1. *Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:*
   a. *í Reykjavík,*
   b. *í öðrum sveitarfélögum?*

	Stöðu-hlutfall	Við kennslu, alls		Með kennsluréttindi		Án kennsluréttinda	
		Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Landið allt	**Alls**	**4.045**	**100,0**	**3.336**	**82,5**	**709**	**17,5**
	<0,50	215	5,3	80	2,0	135	3,3
	0,50–0,74	852	21,1	701	17,3	151	3,7
	0,75–0,99	142	3,5	78	1,9	64	1,6
	1,00	2.836	70,1	2.477	61,2	359	8,9
Reykjavík	**Alls**	**1.338**	**100,0**	**1.251**	**93,5**	**87**	**6,5**
	<0,50	37	2,8	23	1,7	14	1,0
	0,50–0,74	288	21,5	260	19,4	28	2,1
	0,75–0,99	10	0,7	8	0,6	2	0,1
	1,00	1.003	75,0	960	71,7	43	3,2
Reykjanes	**Alls**	**975**	**100,0**	**885**	**90,8**	**90**	**9,2**
	<0,50	24	2,5	11	1,1	13	1,3
	0,50–0,74	275	28,2	256	26,3	19	1,9
	0,75–0,99	19	1,9	13	1,3	6	0,6
	1,00	657	67,4	605	62,1	52	5,3
Vesturland	**Alls**	**277**	**100,0**	**207**	**74,7**	**70**	**25,3**
	<0,50	12	4,3	3	1,1	9	3,2
	0,50–0,74	57	20,6	48	17,3	9	3,2
	0,75–0,99	15	5,4	5	1,8	10	3,6
	1,00	193	69,7	151	54,5	42	15,2
Vestfirðir	**Alls**	**172**	**100,0**	**84**	**48,8**	**88**	**51,2**
	<0,50	20	11,6	5	2,9	15	8,7
	0,50–0,74	23	13,4	7	4,1	16	9,3
	0,75–0,99	18	10,5	5	2,9	13	7,6
	1,00	111	64,5	67	39,0	44	25,6
Norðurl. vestra	**Alls**	**187**	**100,0**	**115**	**61,5**	**72**	**38,5**
	<0,50	19	10,2	5	2,7	14	7,5
	0,50–0,74	28	15,0	10	5,3	18	9,6
	0,75–0,99	19	10,2	13	7,0	6	3,2
	1,00	121	64,7	87	46,5	34	18,2
Norðurl. eystra	**Alls**	**466**	**100,0**	**325**	**69,7**	**141**	**30,3**
	<0,50	43	9,2	10	2,1	33	7,1
	0,50–0,74	92	19,7	59	12,7	33	7,1
	0,75–0,99	26	5,6	8	1,7	18	3,9
	1,00	305	65,5	248	53,2	57	12,2
Austurland	**Alls**	**245**	**100,0**	**161**	**65,7**	**84**	**34,3**
	<0,50	21	8,6	4	1,6	17	6,9
	0,50–0,74	35	14,3	19	7,8	16	6,5
	0,75–0,99	18	7,3	13	5,3	5	2,0
	1,00	171	69,8	125	51,0	46	18,8

	Stöðu-hlutfall	Við kennslu, alls		Með kennsluréttindi		Án kennsluréttinda	
		Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Suðurland	**Alls**	**385**	**100,0**	**308**	**80,0**	**77**	**20,0**
	<0,50	39	10,1	19	4,9	20	5,2
	0,50–0,74	54	14,0	42	10,9	12	3,1
	0,75–0,99	17	4,4	13	3,4	4	1,0
	1,00	275	71,4	234	60,8	41	10,6

Skýringar: Meðtaldir eru skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og grunnskólakennarar (þ.m.t. leiðbeinendur) í öllum grunnskólum (þ.m.t. einkaskólum og sérskólum) á landinu í október 1998. Hver starfsmaður er einungis talinn einu sinni þótt hann sinni starfi í fleiri en einum skóla. Kennarar í tímabundnu leyfi eru meðtaldir.

Heimild: Hagstofa Íslands, október 1998.

2. *Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:*
   a. í Reykjavík,
   b. í öðrum sveitarfélögum?

	Framhaldsskóla-kennarar		Leiðbein-endur		Fjöldi	Framhaldsskóla-kennarar		Leiðbein-endur		Stöðu-gildi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	alls	Stöðug.	%	Stöðug.	%	alls
Reykjavík	580	81,9	128	18,1	708	737,60	85,7	122,71	14,3	860,31
Önnur sveitarfélög	526	69,0	236	31,0	762	685,74	75,6	221,39	24,4	907,13
Landið allt	1.106	75,2	364	24,8	1.470	1.423,34	80,5	344,10	19,5	1.767,44

Skólameistarar og aðstoðarskólastjórnendur eru meðtaldir.

Kennarar við framhaldsskóla eru nú nokkuð færri en þeir voru skólaárið 1997/1998. Ástæður þess eru einkum eftirfarandi: Fósturskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands hafa verið sameinaðir Kennaraháskóla Íslands. Listaskólar eru ekki taldir með vegna nýrra laga nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað, Hússtjórnarskólinn í Reykjavík og Framhaldsskólinn í Skógum urðu sjálfseignarstofnanir frá og með yfirstandandi skólaári.

Heimild: Launabókhald fjármálaráðuneytisins.

3. *Hvernig skiptast leiðbeinendur í grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar eftir menntun og kyni, þ.e. hvert er hlutfall kvenna og karla sem hafa:*
   a. lokið háskólaprófi,
   b. háskólamenntun án lokaprófs,
   c. stúdentspróf sem lokapróf,
   d. aðra menntun á framhaldsskólastigi,
   e. grunnskólapróf sem lokapróf,
   f. ekki grunnskólapróf?

Menntun leiðbeinenda við grunnskóla í október 1998 eftir ISCED97.

	Alls		Karlar		Konur	
ISCED-stig	**Fjöldi**	**%**	**Fjöldi**	**%**	**Fjöldi**	**%**
Alls	**709**	**100,0**	**225**	**31,7**	**484**	**68,3**
Stig 1	3	0,4	1	0,1	2	0,3
Stig 2	106	15,0	19	2,7	87	12,3
Stig 3	303	42,7	96	13,5	207	29,2
Stig 4	32	4,5	21	3,0	11	1,6
Stig 5	256	36,1	85	12,0	171	24,1
Stig 6	–	–	–	–	–	–
Ekki vitað	9	1,3	3	0,4	6	0,8

Skýringar á ISCED-stigum (International Standard Classification of Education 1997). Miðað er við hæsta stig þess náms sem starfsmaður hefur lokið:

Stig 1: Neðri bekkir grunnskóla (áður barnaskóli). Áður fyrr lauk námi með barnaskólaprófi, nú 7. bekk.

Stig 2: Efri bekkir grunnskóla (áður gagnfræðaskóli). Áður fyrr lauk námi með landsprófi eða gagnfræðaprófi, nú grunnskólaprófi.

Stig 3: Nám á framhaldsskólastigi sem lýkur með stúdentsprófi, sveinsprófi eða prófi úr sérskóla þar sem ekki er krafist stúdentsprófs, iðnmenntunar eða hliðstæðrar menntunar. Dæmi um próf á 3. stigi er stúdentspróf, sveinspróf, próf úr fósturskóla (fyrir 1975), próf úr þroskaþjálfaskóla (fyrir 1988) og 8. stig tónlistarskóla.

Stig 4: Iðnmeistarapróf, próf í iðnfræði, skipstjórn 3. og 4. stig, vélstjórn 4. stig, læknaritarar, leiðsögumenn.

Stig 5: Nám á háskólastigi, bæði í háskólum og sérskólum á háskólastigi. Undirbúningsmenntun fyrir slíkt sérnám skal vera á 3. eða 4. stigi og getur t.d. verið stúdentspróf, sveinspróf í iðn eða annað sem felur í sér svipaða skólagöngu og/eða þjálfun. Dæmi um próf á 5. stigi er: BA- og BS-próf, leikskólakennarapróf (1975 eða síðar) og próf úr þroskaþjálfaskóla (1988 og síðar). Meistaragráður háskóla (svo sem MA-, MS- og kandídatspróf) teljast hér með.

Stig 6: Rannsóknargráður á háskólastigi. Dæmi er doktorsnám en erlendis tíðkast ýmis önnur heiti á þessari gráðu.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Menntun leiðbeinenda við framhaldsskóla.

	Alls		Karlar		Konur	
	Fjöldi	**%**	**Fjöldi**	**%**	**Fjöldi**	**%**
	364		**236**		**128**	
a. lokið háskólaprófi	194	53,3	128	54,2	66	51,6
b. háskólamenntun án lokaprófs	37	10,2	16	6,8	21	16,4
c. stúdentspróf sem lokapróf	10	2,7	6	2,5	4	3,1
d. aðra menntun á framhaldsskólastigi (þ.m.t. kennarar með fagmenntun, svo sem iðnmeistarar)	123	33,8	86	36,4	37	28,9

Heimild: Undanþágunefnd framhaldsskóla.

729. Svar [235. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um rekstrartap fyrirtækja.

1. *Hvert var uppsafnað yfirfæranlegt rekstrartap fyrirtækja í ársbyrjun 1996 og 1997?*

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóraembættinu var uppsafnað yfirfæranlegt tap hjá hlutafélögum, sameignarfélögum, samvinnufélögum og öðrum lögaðilum sem hér segir:

Heildarrekstrartap í árslok 1995: 87.110 millj. kr.

Heildarrekstrartap í árslok 1996: 83.459 millj. kr.

Í ofangreindum tölum hefur ekki verið teki tillit til hagnaðar eða taps sem kann að hafa verið hjá viðkomandi lögaðilum hvort ár um sig. Um er að ræða uppsöfnuð rekstrartöp fyrri ára sem skráð eru í sérstaka reiti á skattframtölum lögaðila.

Upplýsingar um uppsafnað yfirfæranlegt tap í einstaklingsrekstri liggja ekki fyrir í tölvutæku formi þar sem yfirfæranlegt tap er ekki skráð sérstaklega hjá einstaklingum.

2. *Hvað hefur nýting rekstrartapsins leitt til mikillar lækkunar á skattstofni fyrirtækja tekjuárin 1996 og 1997 og hvert var tekjutap ríkissjóðs af þeim ástæðum á þessum árum?*

Til og með rekstrarárinu 1996 var skráning skattupplýsinga rekstraraðila þannig að einungis voru skráðar í tölvukerfi skattyfirvalda niðurstöðutölur rekstrar, þ.e. hrein eign og hreinar tekjur. Þó hefur nokkur undanfarin ár verið á skattframtölum lögaðila sérstakur reitur fyrir yfirfæranlegt tap þeirra frá fyrri árum. Rekstrarhagnaður fyrirtækja sem eru með yfirfæranlegt tap frá fyrri árum var ekki skráður sérstaklega. Því er ekki unnt að svara spurningunni að því varðar tekjuárið 1996 nema með því að fara yfir frumgögnin hjá öllum skattstjórum.

Árið 1998 var lögaðilum gert að skila sérstöku stöðluðu skattframtali rekstraraðila fyrir tekjuárið 1997 þar sem krafist var ítarlegra rekstrarupplýsinga. Um 70% lögaðila skiluðu þessu skattframtali í tölvutæku formi og liggja nú fyrir margvíslegar upplýsingar um þá. Nýting yfirfæranlegs taps þessara lögaðila tekjuárið 1997 til lækkunar á skattstofni var samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra 8.049 millj. kr. Skatthlutfall hlutafélaga þetta ár var 33% og skatthlutfall sameignarfélaga 41%. Hins vegar er ekki rétt að tala um tekjutap ríkissjóðs í þessu sambandi því rekstrartapið er lögbundinn frádráttur sem skattaðilar eiga rétt á, þ.e. rekstrarkostnaður sem ekki hefur fengist dreginn frá rekstrartekjum.

3. *Hvert var ónýtt yfirfæranlegt rekstrartap í árslok 1997 og hver er skipting þess eftir atvinnugreinum?*

Eftirfarandi tafla sýnir yfirfæranlegt rekstrartap fyrri ára hjá lögaðilum samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum úr skattframtölum ársins 1998 (árslok 1997). Yfirfæranlegt tap fyrri ára var samtals 76.264 millj. kr.

Yfirfæranlegt tap samkvæmt framtali 1998.

Þús. kr.	ÍSAT	Atvinnugrein
444.054	01	Landbúnaður
110	02	Skógrækt
7.596.212	05	Fiskveiðar
103.529	13/14	Málmnám, nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu
11.911.823	15	Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður
342.126	17	Textíliðnaður
346.696	18	Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna
18.902	19	Leðuriðnaður
228.418	20	Trjáiðnaður
77.797	21	Pappírsiðnaður
751.931	22	Útgáfustarfsemi
791.101	24	Efnaiðnaður
313.965	25	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla
669.074	26	Gler-, leir- og steinefnaiðnaður
2.498.305	27	Framleiðsla málma
467.644	28	Málmsmíði og viðgerðir
448.499	29	Vélsmíði og vélaviðgerðir
58.208	31	Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja
1.297	32	Framleiðsla og viðgerðir fjarskiptabúnaðar og tækja
77.288	33	Framleiðsla og viðhald á lækningatækjum o.fl.
16.726	34	Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla
781.902	35	Framleiðsla annarra farartækja
336.168	36	Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði o.fl.
2.992	37	Endurvinnsla
47.888	40	Rafmagns-, gas- og hitaveitur
3.424.870	45	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð
1.357.476	50	Sala, viðhald og viðgerðir á bílum o.fl.
2.927.358	51	Umboðs- og heildverslun með annað en bíla og vélhjól
4.326.548	52	Smásala á öðru en bílum og vélhjólum
2.212.038	55	Hótel- og veitingahúsarekstur
336.192	60	Samgöngur á landi
1.235.168	61	Samgöngur á sjó og vatnaleiðum
2.289.975	62	Flugsamgöngur
1.090.113	63	Flutningaþjónusta, starfsemi ferðaskrifstofa o.fl.
70.562	64	Póstur og sími
9.137.018	65	Peningastofnanir og fjármálaþjónusta
8.696	66	Starfsemi vátryggingafélaga og lífeyrissjóða
161.038	67	Starfsemi tengd fjármálaþjónustu
3.145.882	70	Sala og rekstur fasteigna
319.314	71	Leiga á vélum og tækjum án stjórnanda
772.876	72	Tölvur og tölvuþjónusta
684.377	73	Rannsóknir og þróunarstarf
6.223.962	74	Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta
49.264	80	Fræðslustarfsemi
78.084	85	Heilbrigðis- og félagsþjónusta
27.209	90	Skolpveitur, sorphreinsun o.fl.
23.648	91	Starfsemi annarra ótalinna félaga og samtaka
1.461.952	92	Tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi
335.364	93	Önnur persónuleg þjónustustarfsemi
4.468.555	97	Engin starfsemi
719.449	98	Ótilgreind starfsemi
1.013.950	xx	Vantar ÍSAT númer

4. *Hversu mörg fyrirtæki sem sýndu hagnað á árunum 1997 og 1998 voru skattlaus vegna nýtingar á yfirfæranlegu tapi og hver var hagnaður þeirra á þessum árum, sundurliðað eftir atvinnugreinum?*

Eins og áður getur liggja þessar upplýsingar ekki fyrir úr skattframtölum 1997 (tekjuárið 1996) en samkvæmt upplýsingum úr stöðluðum rekstrarframtölum lögaðila árið 1998 (tekjuárið 1997) sem skilað var í tölvutæku formi voru 1.280 lögaðilar skattlausir vegna nýtingar á yfirfæranlegu rekstrartapi. Hagnaður þessara aðila án yfirfæranlegs taps var samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra 6.324 millj. kr. og skiptist eftir atvinnugreinum sem hér segir:

Hagnaður án yfirfæranlegs taps

Þús. kr.	ÍSAT	Atvinnugrein
32.331	01	Landbúnaður
2.142	02	Skógrækt
750.672	05	Fiskveiðar
2.761	14	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu
704.369	15	Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður
8.004	17	Textíliðnaður
5.647	18	Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna
11.487	20	Trjáiðnaður
9.424	21	Pappírsiðnaður
54.247	22	Útgáfustarfsemi
163.666	24	Efnaiðnaður
7.611	25	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla
205.995	26	Gler-, leir- og steinefnaiðnaður
399.165	27	Framleiðsla málma
37.473	28	Málmsmíði og viðgerðir
21.874	29	Vélsmíði og vélaviðgerðir
2.415	31	Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja
9.701	33	Framleiðsla og viðhald á lækningatækjum o.fl.
4.372	34	Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla
15.895	35	Framleiðsla annarra farartækja
39.264	36	Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði o. fl.
154	40	Rafmagns-, gas- og hitaveitur
273.669	45	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð
113.032	50	Sala, viðhald og viðgerðir á bílum o.fl.
229.624	51	Umboðs- og heildverslun með annað en bíla og vélhjól
198.177	52	Smásala á öðru en bílum og vélhjólum
119.565	55	Hótel- og veitingahúsarekstur
18.283	60	Samgöngur á landi
618.784	61	Samgöngur á sjó og vatnaleiðum
4.229	62	Flugsamgöngur
145.049	63	Flutningaþjónusta, starfsemi ferðaskrifstofa o.fl.
198.568	65	Peningastofnanir og fjármálaþjónusta
4.440	67	Starfsemi tengd fjármálaþjónustu
145.635	70	Sala og rekstur fasteigna
9.576	71	Leiga á vélum og tækjum án stjórnanda
66.049	72	Tölvur og tölvuþjónusta
2.505	73	Rannsóknir og þróunarstarf
1.398.662	74	Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta
2.985	80	Fræðslustarfsemi
7.560	85	Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Þús. kr.	ÍSAT	Atvinnugrein
25	90	Skolpveitur, sorphreinsun o.fl.
2.591	91	Starfsemi annarra ótalinna félaga og samtaka
191.149	92	Tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi
9.351	93	Önnur persónuleg þjónustustarfsemi
38.468	97	Engin starfsemi
19.722	98	Ótilgreind starfsemi
18.100	xx	Vantar ÍSAT númer

730. Svar [368. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um vanskil hjá Byggðastofnun.

1. *Hver voru vanskil lántakenda hjá Byggðastofnun 1. júlí 1998?*
Upplýsingar um vanskil 1. júlí 1998 liggja ekki fyrir en vanskil eldri en þriggja mánaða voru 1. desember 1998 um 275 millj. kr. eða nálægt 3,3% af útlánum.

2. *Hver eru vanskil lántakenda hjá Byggðastofnun sem tengjast útflutningi hrossa til Evrópu?*
Aðeins hafa verið veitt tvö lán á síðustu árum vegna útflutnings á hrossum og samkvæmt ákvæðum um þagnarskyldu er því ekki heimilt að veita upplýsingar um stöðu þeirra.

3. *Eru einhver vanskil eldri en frá árinu 1995 miðað við 1. júlí? Ef svo er, hversu miklar fjárhæðir er um að ræða og hve margir aðilar eiga hlut að máli?*
Vanskil eldri en frá árinu 1995 eru nú um 31,5 millj. kr. og um er að ræða tíu aðila.

4. *Hvaða vinnuaðferðum er beitt við innheimtu vanskila ef einhver eru?*
Byggðastofnun beitir venjulegum aðferðum við innheimtu. Send eru innheimtubréf, ítrekanir, o.s.frv. Sé ekki orðið við ítrekuðum áskorunum um greiðslu eru mál afhent lögfræðingi stofnunarinnar.

5. *Er sams konar innheimtuaðgerðum beitt við alla lántakendur?*
Reynt er að gæta jafnræðis svo sem vera ber lögum samkvæmt. Skuldurum er oft gefinn kostur á að semja um vanskil og afborganir eru færðar aftur fyrir lánin.

731. Svar [423. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristins Péturssonar um álitsgerð Sigurðar Líndals um 3. gr. laga um stjórn fiskveiða.

1. *Hvað varð um álitsgerð Sigurðar Líndals um að 3. gr. laga um stjórn fiskveiða brjóti í bága við stjórnarskrána sem send var ríkisstjórninni í ágúst 1992 og afhent tvíhöfðanefndinni til frekari skoðunar?*

Álitsgerðin var rædd á ríkisstjórnarfundi þann 8. ágúst 1992 og ákveðið að senda hana til nefndar stjórnarflokkanna um fiskveiðistjórnun, sem m.a. hafði það hlutverk að endurskoða lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Í tillögum nefndarinnar, sem hún skilaði til ráðherra 19. maí 1993, voru ekki lagðar til breytingar á 3. gr. laganna.

2. *Hvers vegna var ekki tekið mið af umræddri álitsgerð?*

Á það skal bent að í niðurstöðu Sigurðar Líndal í álitsgerð frá 29. júlí 1998 segir m.a. orðrétt: „Ég teldi því í betra samræmi við stjórnarskipan ríkisins að Alþingi sjálft tæki ákvörðun um þann heildarafla sem veiða má.“ Í þessu sambandi skal það einnig áréttað að aðrir lögfræðingar hafa talið að það væri í samræmi við stjórnskipan ríkisins að ráðherra hefði heimild til að ákvarða leyfilegan afla á þann hátt sem gert er í 3. gr. laga nr. 38/1990.

3. *Telur ráðherra ekki eðlilegra með tilvísun í álitsgerðina að Alþingi ákveði aflahámark einstakra fisktegunda?*

Að lokum er bent á í þessu sambandi að frá árinu 1986 hafa verið ákvæði í lögum um að ráðherra ákveði í reglugerð þann heildarafla, sem veiða má árlega við Ísland. Leyfilegur heildarafli af einstökum tegundum hefur verið ákveðinn í reglugerð hverju sinni fyrir upphaf fiskveiðiárs. Sú ákvörðun hefur verið tekin eftir ítarlegar umræður og kynningu. Á hverju fiskveiðiári kemur iðulega til breytinga á leyfilegum heildarafla, t.d. innfjarðarækju og loðnu, og væri það nokkuð viðurhlutamikið að flytja hverju sinni lagafrumvarp þar sem leyfilegur heildarafli væri ákveðinn eða honum breytt, auk þess sem slíkt gerist einnig utan þess tíma er Alþingi situr. Telja verður að sú skipan sem verið hefur á þessum málum hafi reynst vel og að ekki sé ástæða til þess að breyta henni,

732. Svar [374. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Þórunnar H. Sveinbjörnsdóttur um aðstöðu þingmanna og starfsmanna í Alþingishúsinu.

Leitað var til Vinnueftirlits ríkisins um upplýsingar vegna fyrirspurnarinnar.

1. *Hafa Vinnueftirlitinu borist kvartanir um aðstöðu starfsmanna og þingmanna í Alþingishúsinu eða hefur Vinnueftirlitið sjálft haft frumkvæði að því að gera úttekt á aðstöðunni?*

Þar sem Vinnueftirlitið hefur ekki tök á að skoða alla vinnustaði reglubundið eru fyrirtæki og stofnanir flokkuð í fjóra áhættuflokka til forgangsröðunar. Alþingi og stjórnsýslustofnanir falla undir fjórða flokk en fyrirtæki í honum eru ekki skoðuð reglubundið heldur eingöngu

ef kvörtun berst eða beiðni um úttekt, eða þá sem liður í átaksverkefni. Skoðun fer einnig fram ef umtalsverðar breytingar eru gerðar á húsnæðinu og tilkynnt er um þær, sbr. 2. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða. Ekki hafði farið fram heildarúttekt á Alþingishúsinu sem vinnustað og ekki borist ósk um slíkt áður en fyrirspurnin barst stofnuninni til umsagnar, en skoðun var þá gerð svo svara mætti fram komnum spurningum.

2. *Telur ráðherra að uppfyllt séu ákvæði reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995, sbr. lög nr. 46/1980, varðandi eftirfarandi:*
   a. *kaffi- og matstofur, sbr. 31. gr.,*
   b. *fjölda salerna, sbr. 22. gr.,*
   c. *aðstöðu fréttamanna?*

a. Húsnæðið uppfyllir ekki ákvæði gildandi reglna um húsnæði vinnustaða hvað varðar kaffi- og matstofur ef þingmenn og starfsmenn í Alþingishúsinu matast allir samtímis. Með því að þeir sem starfa í húsinu skiptist á um notkun þessa rýmis er unnt að uppfylla ákvæði reglnanna.

b. Fjöldi salerna er nægjanlegur miðað við núverandi skiptingu starfsmanna og þingmanna milli kynja, sbr. 22. gr. áðurnefndra reglna. Þó þyrfti ef til vill að fjölga salernum ætluðum konum, því í húsinu eru tvö salerni ætluð konum og dugir það 30 konum samkvæmt reglunum. Sérstaklega ætti það við ef konum fjölgaði á þingi.

c. Eftir skoðun gerir Vinnueftirlit ríkisins ekki athugasemdir við aðstöðu fréttamanna á þriðju hæð (svalahæð) hvað stærð og lofthæð snertir, en lagfæra þarf rakaskemmdir í útveggjum. Aðstaða sjónvarpsmanna á fjórðu hæð (í þakherbergjum) telst hins vegar ófullnægjandi, bæði með tilliti til lofthæðar herbergja og rýmingarleiða ef hættuástand skapast.

3. *Eru önnur ákvæði reglugerðarinnar uppfyllt að mati ráðherra?*

Það er mat Vinnueftirlits ríkisins að starfsmönnum Alþingis sé þröngur stakkur sniðinn hvað varðar aðstöðu að ýmsu leyti, t.d. kaffi- og mataraðstöðu og stjórnstöð öryggisgæslu.

4. *Mun hann beita sér fyrir úttekt á aðstöðunni og úrbótum í framhaldi af henni?*

Alþingi hefur samþykkt að byggja nýtt þjónustuhúsnæði við hlið Alþingishússins og hefur veitt fé til undirbúnings þess í fjárlögum. Teikningar liggja fyrir og hafa þær hlotið jákvæða umsögn Vinnueftirlitsins og verið samþykktar af byggingarnefnd Reykjavíkur. Með tilkomu þessa nýja húsnæðis verður unnt að stórbæta aðstöðu frá því sem nú er.

733. Frumvarp til laga [435. mál]

um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Það er skilyrði greiðslu bóta að brot, önnur en kynferðisafbrot gegn börnum, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns.

2. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Þegar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er að ræða er skilyrði greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi afbrotamanns. Umsókn um bætur skal hafa borist bótanefnd áður en fyrningarfrestur rennur út.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kynferðisafbrot og annað ofbeldi gagnvart börnum eru andstyggilegustu glæpir sem um getur. Hrekkleysi barna og trúnaðartraust í garð fullorðinna gerir þau einstaklega varnarlaus gagnvart misnotkun sem þau eru alls ófær um að túlka og bregðast við. Afleiðingarnar eru skelfilegar og yfirleitt langvinnar og varanlegar. Langur tími getur liðið áður en brotaþoli nær að vinna úr reynslu sinni og herða sig upp í að leita réttar síns. Aukin fræðsla og opinskáar umræður um þetta efni hafa opnað augu margra og auðveldað brotaþolum að átta sig á vanda sínum og möguleikum til úrbóta. Lagalegum úrræðum er hins vegar enn verulega ábótavant. Ofbeldisbrot af þessum toga hafa algjöra sérstöðu og verður að meðhöndla á sérstakan hátt. Reynt hefur verið að bæta réttarstöðu brotaþola í slíkum málum á undanförnum árum en ljóst að betur má ef duga skal.

Lögin um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota sem sett voru árið 1995 voru mikil réttarbót. Fyrir setningu þeirra laga urðu tjónþolar sjálfir að freista þess að sækja dæmdar bætur í greipar afbrotamannsins og oftar en ekki með litlum árangri. Nú eru slíkar bótagreiðslur á ábyrgð ríkisins sem síðan getur endurkrafið hinn dæmda og er eðlilega í betri stöðu til þess en tjónþoli. Enn er þó brotalöm í þessum efnum og þá fyrst og fremst þegar um er að ræða ofbeldi gagnvart börnum.

Í skýrslu umboðsmanns barna frá 1997 um kynferðisafbrot gegn börnum og ungmennum er meðal annars fjallað um réttarstöðu barna og settar fram vel rökstuddar tillögur um lagabreytingar varðandi meðhöndlun kynferðisafbrotamála. Í skýrslunni er bent á að 6. gr. laganna um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota nái illa yfir kynferðisafbrot gegn börnum þannig að í raun eru þau í mörgum tilfellum útilokuð frá bótarétti. Ástæður þess eru nokkrar.

Skýrslan vitnar í fjóra dóma í kynferðisbrotamálum. Þar féllu dómar í málum sem kærð voru sjö, átta, rúmum tveimur og sex árum eftir að brot voru framin (H1994:1874, H1995:1631, H1996:2205, H1996:3940). Bótaréttur er í öllum þessum dómum útilokaður vegna núverandi ákvæðis 6. gr. laganna um að kæra þurfi að hafa borist innan tveggja ára frá því að brot var framið.

Kynferðisafbrot gegn börnum eru oft framin á löngu tímabili og ómögulegt er að ætla börnum þá ábyrgð að gæta réttar síns. Oft er um misnotkun á trúnaðar- og tilfinningasambandi að ræða af hálfu brotamanna og því sérlega erfitt fyrir börn að rísa upp gegn þeim. Þar að auki er ekki óalgengt að börn verði fyrir beinum eða óbeinum hótunum frá brotamönnum. Að öllu samanlögðu gerir 6. gr. laganna eins og hún er nú orðuð óraunhæfar kröfur til barna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi og því nauðsynlegt að breyta henni til þess að tilgangur laganna nái fram að ganga.

Óumdeilt er að kynferðisbrot gegn börnum eru einhver ljótasti blettur á íslensku samfélagi; það mat á að endurspeglast í íslenskum lögum. Því er sjálfsagt réttlætismál að þar sem

ríkissjóður gengst í ábyrgð fyrir greiðslu á bótum til þolenda afbrota séu kynferðisbrot gegn börnum þar ekki undanskilin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 6. gr. núgildandi laga er það skilyrði fyrir bótagreiðslu að brot hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns. Slík skilyrði eru ekki raunhæf þegar um er að ræða kynferðisafbrot gagnvart börnum. Því er hér lögð til sú breyting á 6. gr. laganna að þessi skilyrði eigi ekki við þegar um slík brot er að ræða.

Um 2. gr.

Með greininni er sú afstaða staðfest að kynferðisafbrot gagnvart börnum séu af þeim toga að þau verði að taka öðrum tökum en önnur afbrotamál. Brotaþolar í slíkum málum þurfi því ekki að uppfylla skilyrðið um kæru innan tveggja ára frá því að brot var framið. Ekki er heldur gert að skilyrði að brot af þessu tagi hafi verið kærð „án ástæðulauss dráttar“ eins og gildir um önnur brot, enda er það ákvæði til þess fallið að rýra rétt brotaþola til bóta í slíkum tilvikum.

Árið 1998 var gerð sú breyting á almennum hegningarlögum að fyrningarfrestur í kynferðisafbrotamálum gegn börnum telst frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri (1. gr. laga nr. 63/1998). Frá 14 ára aldri brotaþola fyrnist síðan brotið á fimm, tíu eða fimmtán árum eftir alvarleika þess. Er þar um réttarbót að ræða frá fyrra ákvæði þar sem tillit er tekið til eðlis brotanna. Eðlilegast hefði verið að fresturinn miðaðist við sjálfræðisaldur, en fyrst þegar þeim aldri er náð er hægt að gera kröfu til ungmenna um fulla ábyrgð á eigin lífi. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir sama fyrningarfresti og gert er í 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga til þess að gæta samræmis.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

734. Tillaga til þingsályktunar [436. mál]

um heiðurslaun listamanna.

Flm.: Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að veita skuli árlega heiðurslaun listamanna á fjárlögum. Heiðurslaunin séu veitt allt að tuttugu listamönnum hverju sinni og aldrei færri en fimmtán. Sá sem hefur fengið heiðurslaun heldur þeim ævilangt.

Menntamálanefnd geri tillögur fyrir 3. umræðu um fjárlagafrumvarp ár hvert um hvaða listamenn fái heiðurslaun hverju sinni.

Greinargerð.

Í lögum nr. 29/1967, um listamannalaun, var að finna ákvæði um að Alþingi veitti árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn. Í ákvæðinu kom enn fremur fram að Alþingi gæti bæði

veitt tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun og veitt að auki í þessu skyni eina upphæð sem síðan skyldi skipt af nefnd sjö manna, kosinni af Alþingi að afloknum alþingiskosningum.

Árið 1991 voru lög nr. 29/1967 felld úr gildi, er ný lög nr. 35/1991, um listamannalaun, voru sett. Í þeim lögum er ekki að finna ákvæði um heiðurslaun listamanna. Í upphaflegri gerð frumvarpsins sem síðar varð að lögum nr. 35/1991 var að finna ákvæði sem hljóðaði svo: „Alþingi veitir tilteknum listamönnum heiðurslaun. Nýir heiðurslaunahafar skulu hafa náð 65 ára aldri.“ Ákvæði þetta var fellt út úr frumvarpinu að tillögu meiri hluta menntamálanefndar. Í nefndaráliti segir að ekki þyki ástæða til að hafa ákvæði um heiðurslaun listamanna í frumvarpinu. Í ræðu framsögumanns meiri hluta menntamálanefndar kemur fram að eining hafi verið um það í nefndinni að leggja til að ákvæðið um heiðurslaun listamanna í frumvarpinu félli brott. Þá kemur einnig fram að það hafi verið niðurstaða nefndarinnar að frumvarpið ætti ekki að hreyfa við heiðurslaunakerfinu á einn eða annan hátt.

Það er ljóst að löng hefð er fyrir veitingu heiðurslauna listamanna þrátt fyrir að í núgildandi lögum sé ekki að finna fyrirmæli um þau. Frá árinu 1989 hafa 25 listamenn verið í hópi þeirra sem hlotið hafa heiðurslaun. Tólf þeirra eru nú látnir en þeir þrettán listamenn sem Alþingi hefur samþykkt að veita heiðurslaun í ár eru: Atli Heimir Sveinsson, Árni Kristjánsson, Ásgerður Búadóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Hannes Pétursson, Indriði G. Þorsteinsson, Jón Nordal, Jón úr Vör, Jórunn Viðar, Kristján Davíðsson, Matthías Johannessen, Stefán Hörður Grímsson og Thor Vilhjálmsson.

Tafla. Listamenn sem hlotið hafa heiðurslaun síðustu tíu ár.

	Hlaut fyrst heiðurslaun	**1989**	**1990**	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**
Atli Heimir Sveinsson				x	x	x	x	x	x	x	x	x
Árni Kristjánsson	1986	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Ásgerður Búadóttir								x	x	x	x	x
Finnur Jónsson	fyrir 1978	x	x	x	x	x						
Guðbjörg Þorbjarnardóttir				x	x	x	x	x	x	x	x	x
Guðmundur Daníelsson	fyrir 1978	x	x									
Halldór Laxness	fyrir 1978	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
Hannes Pétursson	1983	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Helgi Skúlason								x	x			
Indriði G. Þorsteinsson	fyrir 1978	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Jakobína Sigurðardóttir	1988	x	x	x	x	x	x					
Jóhann Briem	1983	x	x	x								
Jón Nordal	1983	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Jón úr Vör	1986	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Jórunn Viðar	1988	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Kristján Davíðsson	1988	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
María Markan	fyrir 1978	x	x	x	x	x	x	x				
Matthías Johannessen	1983	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x

	Hlaut fyrst heiðurslaun	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Sigfús Halldórsson				x	x	x	x	x	x	x		
Sigríður Hagalín					x	x						
Stefán Hörður Grímsson								x	x	x	x	x
Stefán Íslandi	1983	x	x	x	x	x	x					
Thor Vilhjálmsson					x	x	x	x	x	x	x	x
Valur Gíslason	fyrir 1978	x	x									
Þorsteinn Ö. Stephensen	1988	x	x	x								
Samtals		**17**	**17**	**18**	**18**	**18**	**16**	**17**	**16**	**15**	**14**	**13**

735. Fyrirspurn [437. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Er hafin könnun á áhrifum atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni, sbr. lið 1.3 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Ef svo er, hvenær er áætlað að niðurstöður liggi fyrir?
2. Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós, sbr. lið 1.5 í framkvæmdaáætluninni?
3. Hvað líður gerð áætlana um jafna stöðu kynjanna innan ráðuneytisins og þeirra stofnana sem undir það heyra, sbr. lið 1.5 í framkvæmdaáætluninni?

736. Fyrirspurn [438. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að fjölga konum í lögreglunni, sbr. lið 2.4 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Hvaða niðurstöður liggja fyrir um stöðu kvenna innan lögreglunnar, sbr. sama lið?
2. Hversu mörg námskeið hafa verið haldin um mannréttindi kvenna fyrir opinbera embættismenn, hversu margir hafa sótt þau námskeið og hvaða stofnanir hafa notið þeirra, sbr. lið 2.9 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar?
3. Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 2.10? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?

4. Hvað líður gerð áætlana um jafna stöðu kynjanna í ráðuneytinu og stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 2.10? Hversu margar þeirra stofnana sem heyra undir ráðuneytið hafa þegar gert slíkar áætlanir?

Skriflegt svar óskast.

737. Fyrirspurn [439. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu mörg námskeið hafa verið haldin um jafnréttismál fyrir yfirmenn ríkisstofnana og aðra stjórnendur frá því að áætlunin var samþykkt, sbr. lið 3.2 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Hversu margir hafa sótt þau námskeið, hvaða stofnanir hafa notið þeirra og hver er reynslan af þeim?
2. Hvað líður könnun á vægi hlutastarfa, sbr. lið 3.6 í framkvæmdaáætluninni, og hvenær má vænta niðurstöðu úr henni?
3. Hefur farið fram úttekt á lánatryggingasjóði kvenna, markmiðum hans og reynslunni af starfseminni, sbr. lið 3.8 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur sú úttekt leitt í ljós?
4. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að draga úr atvinnuleysi kvenna, sbr. lið 3.9 í framkvæmdaáætluninni, og hvað líður gerð skýrslu um atvinnuleysi kvenna, sbr. sama lið?
5. Hvaða reynsla er komin af gerð sérstakra vinnuleitaráætlana fyrir konur, sbr. lið 3.10 í framkvæmdaáætluninni?
6. Er könnun hafin á aðstæðum erlendra kvenna sem vinna á heimilum landsmanna, sbr. lið 3.11 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur sú könnun leitt í ljós?
7. Er könnun hafin á tengslum atvinnulífs og fjölskyldulífs, sbr. lið 3.12 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvenær er niðurstaðna að vænta?
8. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að draga úr kynferðislegri áreitni í framhaldi af könnun Vinnueftirlits ríkisins og sbr. lið 3.15 í framkvæmdaáætluninni?
9. Er könnun hafin á því hvort meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur henta jafnt konum og körlum, sbr. lið 3.17 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvenær er niðurstöðu að vænta?
10. Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 3.21 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur sú könnun leitt í ljós?
11. Hvað líður gerð áætlana um að jafna stöðu kynjanna í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 3.21 í framkvæmdaáætluninni? Hversu margar stofnanir sem heyra undir félagsmálaráðuneytið hafa gert slíkar áætlanir og hver er reynslan af þeim?

Skriflegt svar óskast.

738. Fyrirspurn [440. mál]

til fjármálaráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað líður fræðsluátaki fjármálaráðuneytisins í jafnréttismálum fyrir yfirmenn stofnana sem undir það heyra, sbr. lið 4.4 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?
2. Hvað líður endurskoðun á eyðublöðum þeirra stofnana sem heyra undir ráðuneytið, sbr. lið 4.6 í framkvæmdaáætluninni?
3. Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála innan ráðuneytisins eins og þeim háttar nú, sbr. lið 4.7 í framkvæmdaáætluninni?
4. Hvað líður gerð áætlana um að jafna stöðu kynjanna í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 4.7 í framkvæmdaáætluninni?

Skriflegt svar óskast.

739. Fyrirspurn [441. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Er úttekt Hagstofu Íslands hafin á því hverjir eiga fasteignir hér á landi og hverjir eru skráðir eigendur þeirra, sbr. lið 5.2 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Ef svo er, hvenær er niðurstaðna að vænta?
2. Hvað líður endurskipulagningu Hagstofu Íslands á gagnasöfnun og greiningu vinnutíma hér á landi, sbr. lið 5.3 í framkvæmdaáætluninni?
3. Hvað líður könnun á stöðu jafnréttismála hjá Hagstofu Íslands og gerð áætlana um hvernig rétta skuli hlut kynjanna hjá henni, sbr. lið 5.5 í framkvæmdaáætluninni?

Skriflegt svar óskast.

740. Fyrirspurn [442. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að tryggja að rannsóknir á lyfjum taki mið af áhrifum þeirra á karla annars vegar og konur hins vegar, sbr. lið 6.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?
2. Hversu margir karlar sem beitt hafa konur (og/eða börn) ofbeldi hafa leitað sér aðstoðar og notið þeirrar meðferðar sem boðið er upp á, sbr. lið 6.4 í framkvæmdaáætluninni? Hver er reynslan af þeirri meðferð?
3. Hvað líður átaki til að auka fræðslu fyrir verðandi feður og fræðslu fyrir starfsfólk heilbrigðisstofnana, sbr. lið 6.5 í framkvæmdaáætluninni?
4. Hvað líður úttekt á reglum um vistunarmat með tilliti til kynjanna, sbr. lið 6.7 í framkvæmdaáætluninni?
5. Hvaða líður könnun á útreikningi örorkumatsbóta með tilliti til kynjanna, sbr. lið 6.8 í framkvæmdaáætluninni?
6. Hvenær hefst herferð gegn reykingum og fíkniefnanotkun sem tekur sérstaklega mið af mismunandi stöðu kynjanna, sbr. lið 6.9 í framkvæmdaáætluninni?
7. Hvað líður könnun ráðuneytisins á áhrifum karlmennskuímynda á áhættuhegðun karla, sbr. lið 6.10 í framkvæmdaáætluninni? Hvenær er niðurstaðna að vænta?
8. Er hafin úttekt á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og þeim fjölmörgu stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 6.12 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?
9. Hvað líður gerð jafnréttisáætlana í ráðuneytinu og stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 6.12 í framkvæmdaáætluninni? Hversu margar stofnanir hafa þegar sett sér slíkar áætlanir og hver er reynslan af þeim?

Skriflegt svar óskast.

741. Fyrirspurn [443. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir skýrslu nefndar um atvinnurekstur kvenna frá nóvember 1998, sbr. lið 7.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?
2. Hvað líður könnun á stöðu kvenna í iðnaði, sbr. lið 7.2 í framkvæmdaáætluninni? Hvenær er niðurstaðna að vænta?

3. Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir niðurstöðum nefndar og starfshópa sem fjölluðu um upplýsingasamfélagið, með sérstöku tilliti til stöðu kynjanna, sbr. lið 7.4 í framkvæmdaáætluninni?
4. Hvaða reynsla er fengin af störfum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hvað varðar sérstakan stuðning við atvinnusköpun kvenna og hvernig hyggst ráðherra beita sér til að efla þann stuðning, sbr. lið 7.7 í framkvæmdaáætluninni?
5. Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála innan ráðuneytisins og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 7.9 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?
6. Hvað líður gerð jafnréttisáætlana hjá ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 7.9 í framkvæmdaáætluninni?

Skriflegt svar óskast.

742. Fyrirspurn [444. mál]

til landbúnaðarráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað líður könnun á högum kvenna í landbúnaði, svo sem varðandi eignarhald, búrekstur, réttindi og skyldur, sbr. lið 8.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Hvenær er niðurstaðna að vænta úr könnuninni?
2. Hvað líður gerð fræðsluefnis um jafnréttismál o.fl. fyrir konur og karla í bændastétt, sbr. lið 8.2 í framkvæmdaáætluninni?
3. Hvað líður könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 8.5 í framkvæmdaáætluninni?
4. Hvað líður gerð jafnréttisáætlana hjá ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 8.5 í framkvæmdaáætluninni?

Skriflegt svar óskast.

743. Fyrirspurn [445. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að auka fræðslu um jafnrétti kynjanna og til að jafna aðstöðumun þeirra í skólum landsins, sbr. inngang að aðgerðaáætlun menntamála-

ráðuneytisins í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?
2. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að hafa áhrif á mjög svo hefðbundið náms- og starfsval pilta og stúlkna, sbr. lið 9.2 í framkvæmdaáætluninni?
3. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að bjóða kennurum og skólastjórnendum upp á aukna fræðslu um jafnrétti kynjanna, sbr. lið 9.3 í framkvæmdaáætluninni?
4. Hvað líður rannsókn á stöðu og líðan kynjanna í skólakerfinu, sbr. lið 9.4 í framkvæmdaáætluninni?
5. Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir niðurstöðum kannana á íþróttaiðkun stúlkna, sbr. lið 9.5 í framkvæmdaáætluninni?
6. Hvað líður aðgerðum til að auka áhuga stúlkna á stærðfræði og raungreinum, sbr. lið 9.7 í framkvæmdaáætluninni?
7. Hversu mörg þróunarverkefni sem snerta jafnréttisfræðslu hafa notið styrkja úr þróunarsjóði grunnskóla frá því að sjóðurinn var stofnaður, sbr. lið 9.8 í framkvæmdaáætluninni, og hvert verður framhaldið á því starfi?
8. Hvað líður athugun á aðgengi kvenna að fjölmiðlum landsins og þeim karl- og kvenímyndum sem þar birtast, sbr. lið 9.11 í framkvæmdaáætluninni?
9. Hvað líður áformum um að auka fræðslu til ýmissa hópa um afleiðingar ofbeldis, sbr. lið 9.12 í framkvæmdaáætluninni?
10. Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 9.13 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?
11. Hvaða líður gerð jafnréttisáætlana í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 9.13 í framkvæmdaáætluninni? Hversu margar stofnanir sem heyra undir ráðuneytið hafa þegar sett sér slíkar áætlanir og hver er reynslan af þeim?

Skriflegt svar óskast.

744. Fyrirspurn [446. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað líður mati á framlagi kvenna til ferðaþjónustu í landinu og hugmyndum um aðgerðir til að auka það, sbr. lið 10.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?
2. Er hafin könnun stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 10.3 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?
3. Hvað líður gerð jafnréttisáætlana í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 10.3 í framkvæmdaáætluninni?

Skriflegt svar óskast.

745. Fyrirspurn [447. mál]

til sjávarútvegsráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað líður skipan nefndar sem kanna á stöðu kvenna innan fiskvinnslunnar, sbr. lið 11.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Hvenær má vænta niðurstöðu úr könnuninni?
2. Hvað líður könnun á hlut kvenna sem sjálfstæðra atvinnurekenda í sjávarútvegi og tillögum um aðgerðir til að auka hlut þeirra, sbr. lið 11.2 í framkvæmdaáætluninni?
3. Hvað líður könnun á áhrifum langvarandi fjarvista sjómanna á líf þeirra og fjölskyldna þeirra, sbr. lið 11.3 í framkvæmdaáætluninni?
4. Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 11.5 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?
5. Hvað líður gerð jafnréttisáætlana fyrir ráðuneytið og þær stofnanir sem undir það heyra, sbr. lið 11.5 í framkvæmdaáætluninni?

Skriflegt svar óskast.

746. Fyrirspurn [448. mál]

til umhverfisráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvað líður störfum jafnréttisnefndar ráðuneytisins, hverjir skipa hana og við hvaða verkefni hefur hún fengist, sbr. lið 12.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?

747. Fyrirspurn [449. mál]

til utanríkisráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað líður störfum samráðsnefndar utanríkisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis um jafnrétti kynjanna í alþjóðastarfi, sbr. lið 13.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?
2. Er búið að setja vinnureglur um sem jafnastan hlut kynjanna í stöðum hjá alþjóðlegum stofnunum, sbr. lið 13.2 í framkvæmdaáætluninni?

3. Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála innan utanríkisráðuneytisins og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 13.5 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur sú könnun leitt í ljós?
4. Hvað líður gerð jafnréttisáætlana innan ráðuneytisins og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 13.5 í framkvæmdaáætluninni?
5. Hafa verið haldin jafnréttisnámskeið fyrir þá starfsmenn sem vinna á vegum ráðuneytisins og undirstofnana þess að verkefnum í þróunarlöndum, sbr. lið 13.6 í framkvæmdaáætluninni?

Skriflegt svar óskast.

748. Fyrirspurn [450. mál]

til félagsmálaráðherra um Peking-áætlunina.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja Peking-áætluninni eftir, þ.e. framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna frá árinu 1995, sbr. útdrátt unninn af fulltrúum allra ráðuneyta sem kom út í apríl 1998?

749. Fyrirspurn [451. mál]

til forsætisráðherra um kyngreindar upplýsingar Hagstofunnar.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margar konur fluttu búferlum innan lands á síðasta ári og hversu margir karlar, skipt eftir kjördæmum?
2. Hvenær er þess að vænta að allar upplýsingar Hagstofunnar sem snerta mannlíf í landinu verði kyngreindar, sbr. markmið þess efnis í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1998, um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?

Skriflegt svar óskast.

750. Fyrirspurn [452. mál]

til heilbrigðisráðherra um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir niðurstöðum og tillögum nefndar um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu sem lagðar voru fram á síðasta ári og birtar í riti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, nr. 2 1998?

751. Fyrirspurn [453. mál]

til samgönguráðherra um fjölda erlendra ferðamanna.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hve margir ferðamenn hafa komið til landsins á ári hverju síðustu tuttugu ár?
2. Hve margir
   a. komu með flugi,
   b. voru áningarfarþegar,
   c. komu með skemmtiferðaskipum?
3. Hvernig skiptust þessir ferðamenn milli landsfjórðunga?
4. Hver var árleg heildarvelta vegna komu erlendra ferðamanna á sama tímabili?

752. Fyrirspurn [454. mál]

til samgönguráðherra um framboð gistirýma.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hver hefur verið árleg þróun á framboði gistirýma á Íslandi milli ára síðustu tuttugu ár?
2. Hvernig skiptist fjöldi gistirýma milli landshluta á þessu tímabili?

753. Fyrirspurn [455. mál]

til félagsmálaráðherra um útlán Byggingarsjóðs verkamanna.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver voru árleg heildarútlán Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1990–98, framreiknuð til núgildandi verðlags?

2. Hvernig skiptust þessi lán, framreiknuð til núgildandi verðlags, eftir sveitarfélögum ár hvert?

Skriflegt svar óskast.

754. Fyrirspurn [456. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ferða- og dvalarkostnað.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hefur endurskoðun á reglugerð um endurgreiðslur á ferða- og dvalarkostnaði vegna sérfræðiheimsókna og innlagna á sjúkrahús, sbr. bókun í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá febrúar 1995, leitt til breyttrar kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar?
2. Er það mat ráðherra að með ráðstöfunum sem gerðar hafa verið sé komið nægjanlega til móts við væntingar sem landsbyggðarfólk batt við fyrrgreinda bókun?

755. Tillaga til þingsályktunar [457. mál]

um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson,
Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun miðstöðvar nýbúa á Vestfjörðum í samvinnu við sveitarstjórnir, Rauða kross Íslands og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Hlutverk miðstöðvarinnar verði að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi.

Greinargerð.

Eitt af því sem einkennir nútímaþjóðfélag er aukinn margbreytileiki. Fólk sækir nám til útlanda, flytur á milli landa og færir með sér áhrif af dvöl í fjarlægum löndum. Fullyrða má að mun meira sé einnig um að fólk af erlendu bergi brotið flytji hingað til lands af margvíslegum ástæðum. Það er fagnaðarefni að stjórnvöld hafa undanfarin ár tekið árlega á móti nokkrum hópi flóttamanna og stuðlað þannig að því að það geti byggt upp nýtt líf í öðrum heimkynnum.

Fjölmargir útlendingar sækja hingað í atvinnuskyni. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið opnuðust nýjar leiðir í þessum efnum, eins og kunnugt er. Áður var Norðurlandabúum auðvelt að fá vinnu hér á landi. Einnig er löng hefð fyrir því að fólk komi hingað um langan veg til vinnu. Árum saman komu til að mynda stórir hópar fólks frá Ástralíu og

Nýja-Sjálandi og unnu hér á landi um lengri eða skemmri tíma. Sumir festu hér rætur, eignuðust fjölskyldur og völdu sér búsetu á Íslandi.

Öllu fordómalausu og upplýstu fólki er þróun af þessu tagi fagnaðarefni. Aukin menningarleg fjölbreytni bætir hvert þjóðfélag, breikkar umræðu, kveikir nýjar hugmyndir og brýtur niður múra á milli fólks. Þessa sér víða stað hér sem betur fer.

Því er hins vegar ekki að neita að breytingum af þessu tagi geta fylgt vandamál. Við þeim þarf að bregðast. Vænlegast í því sambandi er að auka þekkingu og ryðja burtu fordómum. Forsenda þess er að tengsl erlends fólks og annarra íbúa landsins séu aukin. Oft standa tungumálaörðugleikar í vegi fyrir því að slíkt sé hægt. Þess vegna er mikilvægt að úr því sé bætt.

Þetta er sennilega hvergi orðið jafnbrýnt og á Vestfjörðum. Áratugahefð er fyrir góðum samskiptum íbúanna þar og erlendra hópa sem komið hafa þar til lengri eða skemmri dvalar. Jafnan hafa þessi samskipti gengið vel. Eftir því sem fólki af erlendu þjóðerni fjölgar eykst nauðsyn þess að koma á góðu skipulagi til þess að tryggja snurðulaus samskipti við þá íbúa sem fyrir eru. Þetta má kalla þjóðfélagslega afleiðingu þeirra breytinga sem slík þróun hefur í för með sér.

Ljóst er að mjög umtalsverður hluti íbúa Vestfjarða nú hefur erlent ríkisfang. Samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands frá 31. desember 1997, en það eru nýjustu tiltæku upplýsingarnar, voru 5,3% íbúa, 461 manns, á Vestfjörðum með erlent ríkisfang. Hlutfallið er nokkuð misjafnt eftir sveitarfélögum en ljóst að fjöldinn á hverjum stað getur sveiflast talsvert milli ára. Í ýmsum byggðarlögum er um að ræða verulegan hluta íbúanna. (Sjá fylgiskjal I.)

Umtalsverður hluti þess erlenda fólks sem nú dvelur á Vestfjörðum er frá fjarlægum málsvæðum. Tungumálið er því veruleg hindrun í vegi þess að taka upp samskipti við Íslendinga. Meiri hluti útlendinga sem býr á Vestfjörðum er frá Póllandi, eða 237 af 461. Margt fólk kemur líka frá enn fjarlægari stöðum, en alls eru íbúar á Vestfjörðum með erlent ríkisfang frá 38 þjóðlöndum. (Sjá fylgiskjal II.)

Nýlega fóru forsvarsmenn atvinnufyrirtækja í Vesturbyggð fram á það við bæjaryfirvöld að tekin yrði upp kennsla í íslensku fyrir það erlenda fólk sem þar dvelst og starfar. Eru þau mál nú í undirbúningi. Víðar er áhugi á þessu, enda gefur það augaleið að á vinnustöðum þar sem svo háttar til að jafnvel meiri hluti starfsfólks er af erlendu bergi brotinn eru tungumálaerfiðleikar farnir að standa í veginum fyrir nauðsynlegum innbyrðis samskiptum fólks.

Til dæmis um stöðu þessa máls má nefna að nýlega gaf Alþýðusamband Vestfjarða út kjarasamninga sína við vinnuveitendur út á pólsku auk íslensku til þess að auðvelda erlendu starfsfólki að skilja rétt sinn.

Þeir sem gleggst þekkja til í þessum málum á Vestfjörðum telja að nú gæti aukins áhuga fólks að koma með fjölskyldur sínar hingað til lands. Algengara er en áður að hjón komi til starfa. Þetta erlenda fólk sýnir aukinn vilja til þess að hafa börnin með sér, af skiljanlegum og eðlilegum ástæðum. Nú þegar eru börn pólskra starfsmanna á Vestfjörðum í skólum og leikskólum í byggðarlögunum. Þetta skapar vitaskuld vanda í skólastarfinu sem nauðsynlegt er að bregðast við á fullnægjandi hátt.

Á stöðum þar sem margt fólk með erlent ríkisfang dvelst er einnig þýðingarmikið, til þess að varðveita heillega samfélagsmynd, að íbúarnir eigi sem greiðasta leið til samskipta sín í milli. Þar með er auðvelduð leið allra að þátttöku í því skemmtilega fjölbreytilega og þroskandi menningar- og mannlífi sem er til staðar víða úti um landið. Það er því mikils um vert að tryggja með öllum tiltækum ráðum að svo megi verða.

Allt þetta sýnir mikilvægi þess að skipulega sé unnið að því treysta tengsl þess fólks sem á Vestfjörðum býr og dvelur, hvort sem um er að ræða fólk með erlent ríkisfang eða aðra.

Á Vestfjörðum hafa menn gert sér ljósa grein fyrir þessu. Stofnaður hefur verið áhugahópur um menningarfjölbreytni sem starfað hefur um eins árs skeið. Nú á haustdögum var tekin saman greinargerð á vegum þessa hóps um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum sem varpar skýru ljósi á þessi mál og fylgir hér með sem fylgiskjal. (Sjá fylgiskjal III.)

Fylgiskjal I.

Íbúar á Vestfjörðum 31. desember 1997 eftir sveitarfélögum og ríkisfangi.

	Mannfjöldi alls	Íslenskt ríkisfang	Erlent ríkisfang	Íslenskt ríkisfang, %	Erlent ríkisfang, %
Vestfirðir	**8.656**	**8.195**	**461**	94,7	5,3
Bolungarvík	1.093	1.005	88	91,9	8,1
Ísafjarðarbær	4.423	4.177	246	94,4	5,6
Reykhólahreppur	335	332	3	99,1	0,9
Tálknafjarðarhreppur	327	287	40	87,8	12,2
Vesturbyggð	1.254	1.184	70	94,4	5,6
Súðavíkurhreppur	271	265	6	97,8	2,2
Árneshreppur	72	72	0	100,0	0,0
Kaldrananeshreppur	142	141	1	99,3	0,7
Hólmavíkurhreppur	495	488	7	98,6	1,4
Kirkjubólshreppur	49	49	0	100,0	-
Bæjarhreppur í Strandasýslu	100	100	0	100,0	-
Broddaneshreppur	95	95	0	100,0	-

Fylgiskjal II.

Íbúar á Vestfjörðum eftir ríkisfangi 31. desember 1997.

Ísland	**8.195**	**Norður-Ameríka**	**13**
		Bandaríkin	10
Norðurlönd	**32**	Kanada	3
Danmörk	14		
Noregur	7	**Önnur Ameríkulönd**	**10**
Svíþjóð	11	Gvæana	3
		Jamaíka	1
EES – utan Norðurlanda	**60**	Kúba	2
Austurríki	1	Perú	3
Bretland	24	Venesúela	1
Frakkland	1		
Holland	2	**Afríka**	**20**
Írland	4	Marokkó	2
Portúgal	17	Sambía	1
Spánn	3	Simbabve	1
Þýskaland	8	Suður-Afríka	16

Önnur Evrópulönd	**286**	**Asía**	**28**
Bosnía-Hersegóvína	4	Filippseyjar	9
Búlgaría	3	Ísrael	1
Júgóslavía	3	Tæland	17
Króatía	25	Tyrkland	1
Pólland	237		
Rúmenía	3	**Eyjaálfa**	**12**
Rússland	6	Ástralía	4
Slóvenía	1	Nýja-Sjáland	8
Sovétríkin	2		
Ungverjaland	2	**Alls**	**8.656**

Fylgiskjal III.

Greinargerð um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum.
(Haust 1998.)

Miðstöð nýbúa á Vestfjörðum er hugsuð sem þriggja ára tilraunaverkefni. Gert er ráð fyrir að þegar nokkuð er liðið á starfstímann verði starfsemin metin með tilliti til árangurs og þarfar og þá tekin ákvörðun um áframhaldandi starfsemi.

Á Vestfjörðum býr fjöldi fólks af erlendum uppruna. Nú eru um 500 útlendingar skráðir á Vestfjörðum en fjöldi þeirra er þó mun meiri þar sem stór hluti erlendra íbúa hefur fengið íslenskan ríkisborgararétt. Fólki af erlendu bergi brotið hefur fjölgað mjög á síðustu árum og fyrirsjáanlegt er að erlendu fólki fjölgi stöðugt. Mikið er nú um að fólk komi í hópum af sama bakgrunni. Það er að nokkru sjálfu sér nógt um félagsskap. Það leitar lítið út fyrir hópinn sinn og blandast Íslendingum lítið sem ekkert. Fjöldi barna sem eiga ekki íslensku að móðurmáli er að aukast. Vegna þessa menningarmunar og fjarlægðar milli heimamanna og aðkomufólks er ljóst að byggð á Vestfjörðum geldur fyrir núverandi ástand. Menningar- og félagsstarf í fámennum byggðum líður fyrir það að stór hluti íbúanna getur ekki tekið eðlilegan þátt í mannlífinu. Upp koma samskiptavandamál sem valdið geta misskilningi og fordómum. Ljóst er þó að vestfirsk byggð þarf á þessu fólki að halda, ekki einungis sem vinnuafli heldur og sem virkum þátttakendum í samfélaginu bæði í menningar- og félagslegu tilliti. Mikill mannauður býr í þessum nýju íbúum svæðisins sem nýtist ekki sem skyldi vegna ónógra samskipta milli ný- og síbúa. Hér er um að ræða fólk á góðum aldri, oft með fjölbreytta menntun og gott frumkvæði og ríka sjálfsbjargarviðleitni. Það er því kappsmál fyrir samfélagið að virkja þessa einstaklinga til fullrar þátttöku í leik og starfi.

Reynsla Vestfirðinga og annarra af móttöku flóttafólks sýnir að mjög er hægt að hraða því að aðkomufólk nái fótfestu í íslensku samfélagi sé vel að málum staðið. Í þeim fjölþjóðlegu uppákomum sem haldnar hafa verið hefur þátttaka verið góð og ljóst er að áhugi er fyrir meira samstarfi og blöndun þjóðhópa. Aðstöðuleysi og skortur á fjármagni ásamt tungumálaörðugleikum o.fl. stendur frekara samstarfi og kynnum fyrir þrifum.

Áhugahópur um menningarfjölbreytni hefur starfað á Vestfjörðum síðan í ársbyrjun. Hópurinn hefur m.a. gengist fyrir fjölþjóðasamkomu á degi Sameinuðu þjóðanna gegn kynþáttafordómum, tekið þátt í atvinnuvegasýningu Vestfjarða og kynningu á þætti útlendinga í at-

vinnu- og menningarlífi á svæðinu. Hópurinn hefur á síðustu vikum og mánuðum einnig kannað þörf og unnið að undirbúningi fyrir stofnun miðstöðvar fyrir nýbúa. Ljóst er að bæði nýbúar og síbúar telja að mikil þörf sé á slíkri miðstöð til að brúa bilið á milli þessara hópa og koma í veg fyrir margs konar árekstra og vandamál sem alkunn eru annars staðar. Hópurinn hefur haft samstarf og samráð við marga aðila, svo sem Rauða kross Íslands, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, bæjarráð Ísafjarðarbæjar, Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Bæði Rauði kross Íslands og Ísafjarðarbær hafa lýst sig reiðubúna til að standa að slíkri miðstöð.

Áhugahópinn skipa: Bryndís Friðgeirsdóttir, svæðisfulltrúi RKÍ á Vestfjörðum og bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbær, Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúi Vestfjarða, Guðrún Stella Gissurardóttir, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða, Ingibjörg Daníelsdóttir, skólaritari í Framhaldsskóla Vestfjarða, og Laufey Haraldsdóttir dýralæknir.

Gert er ráð fyrir að miðstöðin starfi á fjórðungsvísu en aðsetur hennar verði á Ísafirði. Gert er ráð fyrir einu stöðugildi. Hlutverk miðstöðvarinnar er tvíþætt: Að fyrirbyggja vandamál og stuðla að betri nýtingu þess mannauðs sem býr í erlendu aðkomufólki. Hún ætti almennt að auðvelda og greiða fyrir samskiptum útlendinga og Íslendinga. Það er brýnt að útlendingar geti leitað eitthvert eftir aðstoð og upplýsingum en eins ætti miðstöðin að hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og annarri þjónustu. Til dæmis gæti miðstöðin staðið fyrir gerð upplýsingarita um vestfirskt samfélag á ýmsum tungumálum, kynnt réttindi og skyldur íslenskra þegna, skipulagt íslenskunám fyrir útlendinga og staðið fyrir félagsmálanámskeiðum af ýmsu tagi. Einnig gæti miðstöðin verið skólum á svæðinu innan handar vegna nemenda af erlendum uppruna.

Miðstöðin gæti m.a. aðstoðað við allt það sem heyrir undir daglegt líf, svo sem útfyllingu skattframtala og eyðublaða, almenna leiðsögn um samfélagið og skýringar á ýmsum hlutum, t.d. launaseðlum o.fl. Einnig gæti miðstöðin skipulagt þátttöku stuðningsfjölskyldna þegar þess er þörf. Þá gæti miðstöðin staðið fyrir kynningu eða öðrum uppákomum með það fyrir augum að koma í veg fyrir kynþáttafordóma á meðal Íslendinga. Miðstöðin gæti aðstoðað við túlka- og þýðingarþjónustu og þróað og safnað saman erlendu lesefni.

Í meðfylgjandi fjárhagsáætlun sem nær yfir stofnkostnað og rekstur er gert ráð fyrir að heildarrekstrarkostnaður fyrir utan stofnkostnað verði 5.423.000 kr. sem telja verður nokkuð raunhæfa upphæð miðað við umfang verkefnisins. Ljóst er að leita þarf víðar eftir fjármagni en hjá Ísafjarðarbæ og Rauða krossi Íslands. Hefur hópurinn leitað til Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir stuðningi og fleiri hafa sýnt hugmyndinni áhuga. Telur hópurinn eðlilegt að leita til félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis um fjármagn sem samsvarar a.m.k. launum og launatengdum gjöldum en öðrum kostnaði verði skipt á milli sveitarfélaga (Fjórðungssamband) og Rauða kross Íslands.

Hópurinn vill að lokum benda á mikla atvinnuþátttöku útlendinga á Vestfjörðum sem þýðir að þeir greiða mikið til samfélagsins í formi opinberra gjalda og hafa þegið lítið af samfélaginu í staðinn. Einnig vill hópurinn benda á að 10. desember nk. er hálfrar aldar afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Þau tímamót væru mjög viðeigandi og skemmtileg viðmiðun til að hefja starf nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum.

Fjárhagsáætlun fyrir miðstöð nýbúa á Vestfjörðum, þús. kr.	
Laun og launatengd gjöld, eitt stöðugildi	2.700
Leiga	300
Sími/internet	200
Hiti og rafmagn	60
Ræsting	60
Tóner/pappír/ritföng	240
Hreinlætis- og kaffivörur	90
Erlend blöð og tímarit	48
Ýmislegt	85
Stjórnarlaun	70
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	700
Kostnaður við námskeið og upplýsingaefni	450
Ferðakostnaður	420
Alls	**5.423**

Áætlaður stofnkostnaður, þús. kr.	
Tölva	150
Prentari/faxtæki/ljósritunarvél	170
Símtæki	20
Húsgögn	250
Reiknivél	10
Annað	70
Alls	**670**

756. Tillaga til þingsályktunar [458. mál]

um tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að heimila tímabundnar og takmarkaðar veiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum. Náttúrustofa Vestfjarða og Háskóli Íslands setji reglur um og hafi eftirlit með veiðunum og gefi ráðherra skýrslu þar sem fram komi niðurstöður um áhrif veiðanna. Tryggt verði að veiðarnar spilli ekki árangri þeirra rannsókna sem fram undan eru á refum á svæðinu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi. Var henni að lokinni fyrri umræðu vísað til umhverfisnefndar. Um tillöguna bárust fjölmargar umsagnir og var hún afgreidd af nefndinni, nokkuð breytt. Síðari umræða um málið hófst undir lok þingsins en var eigi lokið. Þings-

ályktunartillagan er nú endurflutt með þeim breytingum sem meiri hluti umhverfisnefndar gerði á tillögugreininni.

Árið 1985 var ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, en Hornstrandir voru friðlýstar fyrst árið 1975. Veiðar á ref og mink í friðlandinu hafa á hinn bóginn legið niðri allt frá árinu 1994. Meðal reglna sem gilda um friðlandið er að hvers konar meðferð skotvopna er öllum bönnuð nema samkvæmt sérstakri heimild sýslumanns mánuðina júní til september og utan þess tíma einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.

Hér er lagt til að umhverfisráðherra nýti rétt til undanþágu frá settum reglum í friðlýsingu, enda liggja til þess ríkar ástæður í þessu tilviki.

Meginregla laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, er að villt dýr séu friðuð, en undantekningar eru gerðar um einstakar dýrategundir. Þá segir í 7. gr. þeirra að í reglugerðum skuli kveðið á um vernd, friðun og veiðar einstakra tegunda villtra dýra. Þar skuli m.a. kveða á um hvaða tegundir séu alfriðaðar, hverjar sé heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð vopna, veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, hvað teljist til fágætra fugla, skylduskil á þeim, umgengni við hreiður þeirra og annað sem máli skiptir. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur umhverfisráðherra sett reglugerð nr. 358/1994.

Í VI. kafla laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er að finna sérákvæði um veiðar. Í 12. gr. er ákvæði um refi, svohljóðandi:

Refir. Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang. Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann. Þar sem veiðistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiðar að vetrarlagi í stað grenjavinnslu og fela þá skotmanni með sama hætti framkvæmdina. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt þessari málsgrein.

Á svæðum, þar sem friðun refa hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru refaveiðar utan grenjatíma öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá hluta kostnaðar við veiðarnar m.a. með tilliti til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Umhverfisráðherra getur í samráði við veiðistjóra heimilað sveitarstjórnum að ráða skotmenn til refaveiða á tilteknum svæðum til viðbótar þeim sem ákvörðuð hafa verið skv. 2. mgr. og falla þau þá ekki undir greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. mega bændur og æðarræktendur, eða aðilar á þeirra vegum, skjóta refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum, sbr. 2. mgr., um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

Í 13. gr. eru sérákvæði um minka, svohljóðandi:

Minkar. Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum þessum. Þó er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr, að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða menn til minkaveiða.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og annarra greiðslna fyrir unna minka sem veiddir eru skv. 2. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um minkaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd veiðanna og um tilhögun endurgreiðslna á hlut ríkissjóðs í kostnaði við þær.

Þannig er meginregla laganna sú að refir séu friðaðir, en minkar ekki.

Með tillögu þessari til þingsályktunar er þess farið á leit við umhverfisráðherra að nýtt verði heimild ráðherra til að veita undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar, sbr. 28. gr. laga um náttúruvernd, nr. 93/1996, en þar er fjallað um friðlýsingu landsvæða og er ákvæðið svohljóðandi:

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðað í heild landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, og nefnast þau landsvæði friðlönd. Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki sem spilla svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Þá mega og fylgja friðlýsingu fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir til þess að almenningur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

Friðlöndum má enginn, hvorki landeigendur, ábúendur né aðrir, raska að því leyti sem fyrirmæli friðlýsingarinnar taka til.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu ef ástæður eru fyrir hendi.

Athygli hefur verið vakin á því að með því að veiðar á ref og mink eru ekki heimilaðar í friðlandinu á Hornströndum hafi orðið gríðarleg fjölgun á þessum tegundum. Ferðamenn og aðrir þeir sem eiga leið um svæðið hafa veitt því eftirtekt að mófuglar sjást þar tæplega og augljóst að þeir hafa orðið ref og mink að bráð. Skynsamleg veiði á þessum tegundum myndi því auðga lífríkið og söngur mófuglanna hæfist að nýju.

Íbúar nærliggjandi byggða, jafnt á Ströndum sem við Ísafjarðardjúp, hafa og bent á að gengdarlaus fjölgun á ref og mink í friðlandinu ylli miklum búsifjum utan friðlandsins. Hjarðir minka og refa streyma suður Strandir og inn í Djúp, leggjast á búfénað, granda fuglum og eyðileggja veiðiár. Hlunnindabændur hafa þannig vakið athygli á að mikil fjölgun refa og minka hafi leitt af sér stórtjón í æðarvörpum og laxveiðiám og skaðað þannig bændur og rýrt afkomu þeirra.

Af þessu hefur síðan leitt að kostnaður við grenjaleit og veiðar á mink hefur vaxið gríðarlega í sveitarfélögum sem næst liggja friðlandinu. Fámenni þeirra hefur hins vegar gert að verkum að stóraukinn veiðikostnaður verður þeim ofviða og eykur enn vandamálið.

Allmiklar deildur stóðu um þessi mál á síðasta ári. Greindi menn á um hvort rétt sé sú fullyrðing í þingsályktunartillögunni að áhrifa af fjölgun refs og minks í friðlandinu á Hornströndum gæti utan þess. Síðastliðið haust birtust á hinn bóginn frásagnir fjölmiðla af því

að yrðlingur sem merktur var í Kjaransvík á Hornströndum hafði veiðst í landi Rauðamýrar í hinum gamla Nauteyrarhreppi við Ísafjarðardjúp innanvert. Þetta þóttu býsna mikil tíðindi í ljósi þess að ýmsir höfðu dregið í efa þær kenningar að refir ferðuðust svo langa leið.

Af þessu sést að brýna nauðsyn ber til að aflétt sé banni við veiðum á mink og ref í friðlandinu á Hornströndum. Á hinn bóginn er skynsamlegt að þessar veiðar fari fram undir eftirliti, vegna þess að um friðland er að ræða. Eðlilegast er að nýstofnuð Náttúrustofa Vestfjarða annist eftirlitið og leggi mat á það innan hæfilegs tíma hvernig staðið skuli að verki til frambúðar.

Í viðtali við Ásbjörn Dagbjartsson, þáverandi veiðistjóra, í Morgunblaðinu 28. september 1997 víkur hann meðal annars að því að minkur hafi verið veiddur í landinu frá árinu 1937 með óbreyttu álagi. „Útkoman er sú að minkurinn hefur gersigrað okkur," segir hann. Enn fremur segir hann um minkinn: „Hann hefur farið hringveginn og stofninn hefur alltaf verið í vexti. Það er aðeins á afmörkuðum svæðum þar sem miklu er kostað til að tekist hefur að halda honum í burtu."

Veiðistjóri segir að stofnstærð refsins hafi þrefaldast á síðustu 20 árum þó svo að veiðar hafi verið svipaðar og áður. „Veiðin hefur minnkað nokkuð síðustu tvö árin og mesta hættan núna er sú að nýliðun í refastofninum aukist í kjölfarið. Það væri í raun stórhættulegt að aflétta snögglega veiðiálagi."

Hér ber allt að í einu. Öll rök hníga að því að veiðar á ref og mink skuli auknar og einkanlega á það við í friðlandi sem á Hornströndum þar sem fjölgun þessara tegunda er orðin að alvarlegu vandamáli.

Með tillögunni var fylgiskjal: Auglýsing um friðland á Hornströndum. (Stjt. nr. 332, 13. ágúst 1985.) Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 95 (95. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 848–852.

757. Fyrirspurn [459. mál]

til menntamálaráðherra um túlkun stjórnmálaumræðna í Ríkisútvarpinu fyrir heyrnarlausa.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra tryggja að heyrnarlausir og heyrnarskertir geti fylgst með almennri stjórnmálaumræðu í Ríkisútvarpinu fyrir Alþingiskosningarnar 8. maí?

758. Fyrirspurn [460. mál]

til heilbrigðisráðherra um kerfisbundið eftirlit með almennri heilsu tiltekinna aldurshópa.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Telur ráðherra að til greina komi að boða alla einstaklinga tiltekins aldurshóps (t.d. 40 ára) til almenns eftirlits með heilsufari?
2. Hver yrði kostnaður við þetta?
3. Hverjir gætu annast slíkt eftirlit?
4. Telur ráðherra að sparnaður hlytist af slíkum aðgerðum til lengri tíma litið?

759. Svar [273. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um bifreiðaumferð og losun gróðurhúsalofts á Reykjanesbraut.

Þar sem efni fyrirspurnarinnar heyrir ekki eingöngu undir umhverfisráðuneytið leitaði ráðuneytið, að höfðu samráði við samgönguráðuneytið, eftir upplýsingum frá Vegagerðinni og byggjast svörin að hluta til á upplýsingum stofnunarinnar.

1. *Hver er núverandi notkun bensíns og dísilolíu í núverandi bifreiðaumferð milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar, að meðtalinni umferð að Leifsstöð?*

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er heildarakstur á Reykjanesbraut á umræddum kafla talinn hafa verið tæplega 71 milljón km á árinu 1996. Ætla má að eldsneytisnotkun hafi verið um 5.250 tonn af bensíni og rúmlega 1.600 tonn af gasolíu.

2. *Liggja fyrir áætlanir um umferðarþunga og bensín- og dísilolíunotkun á umræddri leið, t.d. til ársins 2020, og hver yrði þá áætluð notkun jarðefnaeldsneytis?*

Vegagerðin hefur gert umferðarspá fyrir landið allt, en umferð á Reykjanesbraut hefur fylgt þeirri spá nokkuð vel á undanförnum árum. Umferðarspáin er orðin tíu ára gömul og er unnið að endurskoðun hennar. Samkvæmt áðurnefndri umferðarspá yrði heildarakstur á Reykjanesbraut árið 2020 um 87 milljón km. Á undanförnum tíu árum hefur eldsneytiseyðsla á hvern ekinn km minnkað um u.þ.b. 1,9% á ári að meðaltali og má fastlega reikna með að sú þróun haldi áfram. Sé reiknað með að minnkunin verði 2% á ári að jafnaði næstu 20 ár gæti heildareldsneytisnotkunin orðið 5.200–5.300 tonn árið 2020.

3. *Hver er áætluð losun gróðurhúsalofts frá bifreiðaumferð skv. 1. og 2. lið hér að framan, talið í CO_2-ígildum?*

Ef miðað er við framangreint magn af eldsneyti var CO_2-losun árið 1996 milli 21 og 22 þúsund tonn og gæti orðið 16–17 þúsund tonn árið 2020. Við þetta bætast aðrar gróðurhúsalofttegundir sem myndast við eldsneytisbrennslu. Aðrar gróðurhúsalofttegundir sem myndast við eldsneytisbrennslu og tilteknar eru í Kyoto-bókuninni eru einkum metan (CH_4) og tvíköfnunarefnisoxíð (N_2O). Viðbótargróðurhúsaáhrif vegna þeirra árið 1996 eru um 3% sem

svarar til rúmlega 600 tonna í CO_2-ígildum. Vegna áhrifa hvarfakúta má ætla að viðbótargróðurhúsaáhrif sömu lofttegunda árið 2020 verði um 5% sem svarar til 825 tonna í CO_2-ígildum.

Við eldsneytisbrennslu myndast einnig lofttegundirnar köfnunarefnisoxíð (NO_x), rokgjörn kolvetni (NMVOC) og kolmónoxíð (CO). Þessar lofttegundir valda gróðurhúsaáhrifum með óbeinum hætti þar sem þær stuðla að myndun ósons sem veldur gróðurhúsaáhrifum. Hvarfakútar draga verulega úr myndun þessara lofttegunda.

760. Fyrirspurn [461. mál]

til landbúnaðarráðherra um aðstöðu fyrir ferðafólk í skóglendum ríkisins.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Um hvers konar aðstöðu er að ræða í markmiðslýsingu Skógræktar ríkisins um skóglendur í Þjórsárdal, sem og annars staðar, þar sem segir „að auðvelda eigi almenningi aðgang að skóglendum, m.a. með því að skapa aðstöðu fyrir ferðafólk“ og hver mun sjá um viðhald og rekstur, ef einhver er?
2. Er um að ræða að Skógrækt ríkisins eigi og reki þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn? Ef svo er, þá hvar og hver er kostnaðurinn við reksturinn?
3. Er um að ræða samninga við einkaaðila um þjónustu við ferðamenn í skóglendum á vegum ríkisins? Ef svo er, í hve mörgum tilvikum og hvar hafa slíkir samningar verið gerðir og við hverja?
4. Er aðstaða fyrir ferðafólk í skóglendum ríkisins byggð upp í samráði við heimamenn á viðkomandi svæði og þá aðila sem hafa atvinnu af þjónustu við ferðamenn í nágrenni skóglendnanna? Ef svo er, hvernig er því samráði háttað, hvaða aðilar í ferðaþjónustu eru í beinu samstarfi við Skógrækt ríkisins og á hvaða stöðum er um slíkt samstarf að ræða?

761. Tillaga til þingsályktunar [462. mál]

um stuðning stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Árnason.

Alþingi ályktar að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að skipa starfshóp er fái það hlutverk að gera tillögur um hvernig stjórnvöld geti stutt íslenska matreiðslumenn í þeirri viðleitni að auka útflutning á þekkingu þeirra og matargerðarlist en auka um leið útflutning á íslenskum landbúnaðarafurðum, kjöti, grænmeti og mjólkurafurðum, einnig fiski og fiskafurðum og fullunnum matvælum. Verkefni starfshópsins verði að:

1. Leggja mat á þann árangur sem íslenskir matreiðslumenn hafa þegar náð á erlendri grund og hvernig sá árangur hefur náðst.

2. Leggja mat á hvort stjórnvöld geta stuðlað að frekari árangri á þessu sviði og þá gera tillögur um hvernig, þ.e. hvernig auka má útflutning á þekkingu og færni íslenskra matreiðslumanna.
3. Gera tillögur um hvernig auka megi útflutning íslensks hráefnis og fullunninna matvæla í tengslum við framangreint.

Hópurinn skili ráðherra niðurstöðum sínum í skýrslu eigi síðar en 1. desember 1999.

Greinargerð.

Íslenskir matreiðslumenn hafa sýnt það og sannað að þeir eru fagmenn á heimsmælikvarða, um það bera fjölmörg alþjóðleg verðlaun og viðurkenningar vitni. Sá góði árangur sem þeir hafa náð getur orðið íslensku þjóðinni mikils virði ef rétt er á haldið. Með honum hefur hugsanlega verið lagður grunnur að auknum landvinningum þeirra og auknum útflutningi á íslensku hráefni og unnum matvörum. Starf þeirra hefur einnig mikið gildi af því að hluti af ferðamennsku nútímans er að njóta matarins í viðkomandi löndum. Íslenskt hráefni er í sérflokki, hvort heldur um er að ræða fisk, kjöt, mjólkurafurðir eða grænmeti og ef hráefnið er meðhöndlað af snilld margfaldar það gildi sitt.

Benda má á að íslenskir matreiðslumeistarar geta unnið uppeldis- og forvarnarstarf og lagt á ráðin með hollt mataræði. Athyglisverðir sjónvarpsþættir voru gerðir síðasta vetur í samstarfi þeirra og ríkissjónvarpsins þar sem ungu fólki var kennd matreiðsla. Um leið má nefna mikilvægt starf bænda og samvinnu þeirra við matreiðslumenn við framleiðslu á landbúnaðarvöru hvort heldur er hefðbundna, vistvæna eða lífræna.

Klúbbur matreiðslumeistara tekur þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi á Norðurlanda-, Evrópu- og alþjóðavísu, sbr. fylgiskjal I.

Flutningsmenn tillögu þessarar hvetja stjórnvöld, framleiðendur, ferðaþjónustuaðila og forsvarsmenn annarra fyrirtækja til að gefa gaum mikilvægu starfi þessara samtaka að eflingu og kynningu á Íslandi og matvælum sem eru í sérflokki hvað gæði og hreinleika snertir.

Fylgiskjal I.

Gissur Guðmundsson,
skólastjóri Matreiðsluskólans okkar,
gjaldkeri Klúbbs matreiðslumeistara:

Starfsáætlun Klúbbs matreiðslumeistara fram til ársloka 2000.

Klúbbur matreiðslumeistara hefur síðustu mánuði gert samninga við ýmis fyrirtæki um fjárhagslegan stuðning í formi vöruúttekta og peningastyrkja. Er þetta liður í þeirri stefnu klúbbsins að bjóða fyrirtækjum að gerast styrktaraðili að klúbbnum á því tímabili sem kokkalandsliðið er valið til. Vonast er til að þetta geti orðið til þess að þeir sem styrkja kúbbinn geti átt samstarf við hann svo að árangur sjáist í fyrirtækjum þeirra.

Verkefni árin 1998–2000.
— 6.–13. nóvember, Heimsmeistarakeppni matreiðslumanna í Lúxemborg.
— 23.–30. janúar 1999, Bocuse de Or í Lyon, einstaklingskeppni.
— 18.–20. apríl 1999, Norðurlandakeppni matreiðslumeistara í Svíþjóð.
— 6.–10. maí 1999, 60 ára afmælisþing Norðurlandasamtaka matreiðslumanna á Hótel Loftleiðum.
— 21.–23. maí 1999, Landsliðskeppnin Culinary Classic í Chicago í Bandaríkjunum, Íslandi er sérstaklega boðið.
— 23.–27. janúar 2000, Alheimsþing matreiðslumanna í Maastricht.
— Árið 2000, fiskkeppni á milli allra menningarborga Evrópu í samstarfi við Reykjavík 2000.
— Ýmis verkefni úti á landsbyggðinni í samstarfi við Reykjavík 2000.
— 21.–29. október 2000, Ólympíuleikar í matreiðslu í Berlín, hápunktur í starfi landsliðsins.

Ýmis önnur verkefni koma upp reglulega og er tekin ákvörðun um þau hverju sinni. En einnig sitja tveir menn úr Klúbbi matreiðslumanna í stjórn Norðurlandasamtaka matreiðslumanna og eru stjórnarfundir 2–3 á ári og skiptast þeir jafnt á löndin.

Átta félagar úr Klúbbi matreiðslumanna sátu alheimsþing matreiðslumanna í Ástralíu í mars 1998. Klúbburinn lagði fram hugmyndir um að Ísland yrði gestgjafi þingsins eftir 10–12 ár. Þess má geta að þegar þingið var haldið í Stavanger árið 1994 komu þangað 2000 manns.

Fylgiskjal II.

Gissur Guðmundsson,
skólastjóri Matreiðsluskólans okkar,
gjaldkeri Klúbbs matreiðslumeistara:

Efling útflutnings á fullunnum íslenskum afurðum.

Setja þarf upp skrá yfir allar þær vörur sem núna eru fullunnar á Íslandi og hvaða fyrirtæki gera það, sömuleiðis þarf að skrá þær vörur sem seldar eru til útlanda. Síðan þarf að skrá allar vörur sem hægt er að fullvinna í neytendapakkningar hér heima áður en þær eru sendar út.

Þegar skráin er tilbúin er hægt að meta hvaða fyrirtæki geta byrjað að fullvinna vörur og hvernig og einnig hvar hægt er að fá langtímafjármagn til að styrkja þau.

Síðan mundu þessi fyrirtæki kalla saman hóp manna sem sæi eingöngu um markaðssetningu á vörunum í heild. Væri hægt að fá matreiðslumeistara til að fara með vörur út og kynna þær á hótelum, í veitingahúsakeðjum, hótel- og matvælaskólum og á sýningum víðs vegar um heim. Einnig mætti halda íslenska daga í erlendum borgum en það gæti stuðlað að góðri kynningu á landi og þjóð og skilað sér í auknum straumi ferðamanna. Hægt er að gera t.d. fimm ára áætlun sem yrði fjármögnuð að hluta af fyrirtækjunum og að hluta til af sjóðum hér heima og erlendis (ath. ESB).

Þessi hópur þarf að sækja námskeið sem ætti að stuðla að samhæfni, bæta sölutækni, tungumálakunnáttu og framkomu. Til að kenna á þessu námskeiði þarf að fá aðstoð erlendis og hér heima.

Innan hópsins þyrftu einnig að starfa ungir markaðsfræðingar með fjölbreytilega hæfileika. Þeir þyrftu að hafa þekkingu á vörunum, geta kynnt þær í básum á sýningum og komið fram sem talsmenn heima og erlendis.

Fyrirtækin þurfa síðan að gera bækling árlega til að kynna nýjungar og hugmyndir um matreiðsluaðferðir og námskeiðahald, ásamt dagskrá fyrir starf hópsins allt árið.

Mikilvægt er að setja í upphafi takmörk sem þurfa að nást og tímamörk, því að þegar svona hópur kemur saman er mikilvægt að hann vinni undir ákveðnu álagi til að ná takmarki sínu. Einnig þarf að velja þá aðila sem gott er að komast í samband við í hverju landi fyrir sig, svo hægt sé að virkja félög og fyrirtæki sem mögulega hafa áhuga á vörum og starfsemi sem tengist þeim. Ætti að vera hægt að fá þessa aðila til samstarfs fyrir litla eða jafnvel enga peninga heldur frekar upp á samstarf í framtíðinni

762. Fyrirspurn [463. mál]

til menntamálaráðherra um menntun þeirra sem fengið hafa leyfi til fornleifarannsókna á Íslandi 1991–98.

Frá Árna M. Mathiesen.

Hvaða aðilar/einstaklingar hafa fengið leyfi fornleifanefndar til fornleifarannsókna á Íslandi árin 1991–98 og hvaða háskólapróf hafa þeir? Óskað er eftir að öll próf séu tiltekin séu þau fleiri en eitt.

Skriflegt svar óskast.

763. Frumvarp til laga [464. mál]

um styrktarsjóð námsmanna.

Flm.: Hjálmar Árnason, Guðni Ágústsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Hlutverk.

Hlutverk styrktarsjóðs námsmanna er að styrkja efnilega nemendur til náms við framhaldsskóla eftir nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Styrktarsjóður námsmanna er sjálfstæð stofnun með eigin stjórn og sjálfstæðan fjárhag.

2. gr.
Stjórn.

Menntamálaráðherra skal skipa sjóðnum sjö manna stjórn til fjögurra ára í senn. Tveir stjórnarmanna skulu skipaðir án tilnefningar en Samtök iðnaðarins, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Stúdentaráð Háskóla Íslands og Iðnnemasamband Íslands tilnefna einn mann hver. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Reikningar sjóðsins skulu yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda.

Stjórnin setur sjóðnum starfsreglur og úthlutunarreglur sem skulu staðfestar af menntamálaráðherra. Stjórninni er m.a. heimilt að ákveða skiptingu ráðstöfunarfjár eftir námsgreinum, sviðum eða verkefnum, sbr. þó 4. gr.

Stjórnin tekur ákvörðun um úthlutun námsstyrkja í samræmi við samþykktar úthlutunarreglur. Ákvörðun stjórnarinnar verður ekki kærð til menntamálaráðherra.

3. gr.
Tekjur.

Tekjur styrktarsjóðs námsmanna eru:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.
3. Vaxtatekjur.
4. Aðrar tekjur.

4. gr.
Ráðstöfun tekna.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um ráðstöfun tekna.

Þeim sem leggur til fé í sjóðinn, öðrum en ríkissjóði, er heimilt að binda framlag sitt skilyrðum. Skilyrtu framlagi ásamt vaxtatekjum af því verður eingöngu ráðstafað í samræmi við skilyrði sem sett eru af hálfu styrktaraðila, svo framarlega sem þau rúmast innan lögbundins hlutverks sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skylt að fara eftir slíkum fyrirmælum.

Stjórn sjóðsins er ekki skylt að ráðstafa öllu ráðstöfunarfé sjóðsins ár hvert.

Þóknun stjórnarmanna og önnur rekstrargjöld skulu greidd af tekjum sjóðsins.

5. gr.
Skattalegt hagræði af framlögum.

Við ákvörðun skatta geta einstaklingar dregið framlög til styrktarsjóðs námsmanna frá tekjum sínum skv. II. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, á því ári sem framlag er veitt.

Lögaðilar og sjálfstætt starfandi einstaklingar geta dregið framlög sín til styrktarsjóðs námsmanna frá tekjum sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkri starfsemi á því ári sem framlag er veitt.

6. gr.
Umsóknir.

Eigi síðar en í júlí ár hvert skal stjórnin auglýsa styrki til umsóknar fyrir komandi skólaár.

Stjórnin setur reglur um form og efni umsókna, fylgigögn með umsóknum og umsóknarfresti.

Í auglýsingu skal koma fram svo skýrt sem verða má hvaða styrkir eru í boði, umsóknarfrestur, afhendingarstaður umsóknar og hvaða atriði ráði vali á styrkþega.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að komið verði á fót sérstökum styrktarsjóði námsmanna sem veiti efnilegum nemendum óafturkræfa styrki til framhaldsnáms við innlenda eða erlenda skóla.

Gert er ráð fyrir því að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé ár hvert en jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar muni leggja fjármuni í sjóðinn.

Menntamálaráðherra er falið að skipa sjö manna sjóðstjórn sem ætlað er að semja úthlutunarreglur og annast rekstur sjóðsins að öðru leyti.

Hugmyndin er m.a. sú að þeir sem leggja fé í sjóðinn geti bundið framlög sín skilyrðum og mætti til dæmis nefna að ákveðnu framlagi megi eingöngu verja til ákveðins náms eða jafnvel til náms við ákveðna stofnun. Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn starfi nokkuð sjálfstætt og er ekki gert ráð fyrir afskiptum ráðherra af málefnum sjóðsins að öðru leyti en því að skipa stjórn og staðfesta úthlutunarreglur. Ákvörðun stjórnar um úthlutun styrkja er fullnaðarákvörðun um úthlutun og verður henni ekki skotið til menntamálaráðherra með stjórnsýslukæru.

Frumvarpið mælir fyrir um sérstakt skattalegt hagræði fyrir þá sem leggja til fjármuni í styrktarsjóð námsmanna. Nýmæli er að einstaklingar geti lækkað skattstofna sína með framlögum sem þessum en lögaðilar og sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa getað dregið frá tekjum sínum gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa sem rekstrarkostnað, sbr. 2. tölul. 31. gr. laga, nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 15.–18. gr. reglugerðar, nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Hugsanlegt er að framlög til styrktarsjóðs námsmanna falli undir 31. gr. skattalaga og reglugerðina eða að breyting á reglugerðinni nægi til að leyfa frádrátt framlaganna frá atvinnurekstrartekjum. Þrátt fyrir þetta þykir heppilegra að hafa skýrt ákvæði um að framlög séu frádráttarbær. Þá er samkvæmt frumvarpinu ekki gert ráð fyrir hámarki frádráttar eins og mælt er fyrir um í fyrrnefndum ákvæðum. Um skattalega meðferð styrkja og formkröfur að öðru leyti fer eftir gildandi skattalögum og má gera ráð fyrir að skattyfirvöld geri sambærilegar kröfur um sönnun frádráttar og greinir í 17. og 18. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Um skattalega meðferð styrkveitingar hjá styrkþega fer eftir reglum skattalaga.

764. Svar [398. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 3,9 millj. kr. á liðnum 07-999 1.31 Félagasamtök, styrkir,

b. 2,5 millj. kr. á liðnum 07-999 1.90 Ýmis framlög?

Styrkjum var ekki ráðstafað af fjárlagalið 07-999 1.31 Félagasamtök, styrkir. Í þskj. 766, svari ráðuneytisins við fyrirspurn um ráðstöfunarfé ráðherra, er tekið fram að styrkir séu ekki gjaldfærðir á þann fjárlagalið heldur fjárheimild þess fjárlagaliðar millifærð í lok hvers árs á fjárlagalið 07-199 1.90. Til ráðstöfunar á þeim fjárlagalið voru því árið 1997 alls 7,5 millj. kr. Eftirtalin verkefni voru styrkt af fjárlagalið 07-999 1.90 Ýmis framlög.

Verkefni	**Upphæð, kr.**
Biskupsstofa, þjónusta við innflytjendur	200.000
Vinnueftirlit ríkisins, ráðstefna um heilsu kvenna, vinnu, krabbamein og barneignir	150.000
Félag áhugafólks um hryggrauf, til útgáfu bæklings um börn með klofinn hrygg	200.000
Mótorsendlar, til starfseminnar	100.000
Öryggisvörur, til að útbúa kennsluefni á íslensku fyrir Pólverja	100.000
Félag íslenskra leikskólakennara, til starfseminnar	100.000
Félag stjórnmálafræðinga, til útgáfu rits um sveitarstjórnarmál	75.000
Styrkur til einstaklings til rannsóknar á vinnuumhverfi í fiskiðnaði	200.000
Fræðslusambandið Símennt, umsókn um Leonardo-verkefni um konur í dreifbýli og tölvur	50.000
Kynjaverur, til starfseminnar	100.000
Handverkstæðið Ásgarður, í hússjóð	30.000
Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur, til sumarnámskeiða fyrir fötluð börn	600.000
Félag aðstandenda alzheimer-sjúklinga, til starfsemi félagsins	100.000
Plúton hf., til þess að gera heimildarmynd um komu flóttamanna frá fyrrverandi Júgóslavíu til Íslands	130.000
Tveir einstaklingar, til þess að gera heimildarmynd um komu flóttamanna frá fyrrverandi Júgóslavíu til Íslands	130.000
Þroskaþjálfafélag Íslands, til að sækja norræna ráðstefnu	100.000
Einholtsskóli, vegna kynnisferðar kennara til Bandaríkjanna	50.000
Framkvæmdanefnd námsstefnu um fjölskyldumeðferð og fjölskylduvinnu	100.000
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, til ráðstefnu um hagi og líðan unglinga á Norðurlöndum	150.000
Íþróttasamband fatlaðra, til sumarbúða fyrir fatlaða	100.000
Börnin heim	200.000
Draumasmiðjan, til uppfærslu á leikriti um einelti og fordóma	100.000
Kvenréttindafélag Íslands, þýðingar- og útgáfustyrkur	200.000
Styrkur til einstaklings til uppfinningar á hjálpartæki fyrir fatlaða	150.000

Námsflokkar Reykjavíkur, til starfsemi sumarskóla fyrir nýbúa	100.000
LAUF, til landssamtaka áhugafólks um flogaveiki	25.000
Styrktarfélag vangefinna, í tilefni af fjörutíu ára afmæli	500.000
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, til starfsemi Anga	50.000
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, til starfsemi félagsins	100.000
Félag heyrnarlausra, þýðingar- og útgáfustyrkur	75.000
UNIFEM, til hjálpar konum í þróunarlöndum	100.000
Framkvæmdanefnd norrænnar ráðstefnu um málefni unglinga	200.000
Vímulaus æska, til starfsemi samtakanna	50.000
Styrkur til einstaklings til þátttöku í ráðstefnu í Noregi um börn með litningagalla	100.000
Úlfljótsvatnsráð, starf með fötluðum börnum í sumarbúðum skáta að Úlfljótsvatni.	200.000
Bandalag háskólamanna, til menntunar trúnaðarmanna	200.000
Systkinasmiðjan, vegna námskeiða fyrir systkini fatlaðra barna	70.000
Krossgötur, til forvarnaátaks fyrir börn á aldrinum 4–9 ára	200.000
Styrkur til einstaklings til rannsóknar á félagsþjónustu	30.000
Á senunni, til uppfærslu á leikritinu „Hinn fullkomni jafningi“	200.000
Sjálfsbjörg á Siglufirði, til lagfæringar á aðgengi	250.000
Klúbburinn Geysir, til starfseminnar	150.000
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	400.000
Mæðrastyrksnefnd Akureyrar	150.000
Mæðrastyrksnefnd Hafnafjarðar	150.000
Mæðrastyrksnefnd Kópavogs	150.000
MG-félag Íslands, til starfseminnar	200.000
Landssamtökin Þroskahjálp, í tilefni af alþjóðadegi fatlaðra	50.000
Rauði Kross Íslands, til meðferðarstarfs fyrir karla	500.000
Samtals	7.615.000

765. Svar [399. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 11 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 07-950 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Verkefni sem greidd voru af fjárveitingu félagsmálaráðuneytisins til rekstrarhagræðingar árið 1998 eru eftirfarandi:

Verkefni	þús. kr.
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, endurskipulagning á starfseminni og greiðsla biðlauna	2.600
Félagsdómur, kaup á húsbúnaði og tækjum í dómsal	2.130

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík, endurbætur á skráningarkerfi biðlista	1.000
Úttekt á þjónustu við fatlaða í tengslum við yfirtöku sveitarfélaga á þjónustu við fatlaða	3.100
Félagsmálaráðuneytið – aðalskrifstofa, endurbætur á húsnæði, skjalasafni og húsbúnaði	5.640
Samtals	14.470

Skýring þess að ráðstöfun til rekstrarhagræðingar á árinu 1998 er hærri en áætlað var í fjárlögum ársins er sú að tvö framangreindra verkefna, kaup á húsbúnaði og tækjum í dómsal Félagsdóms og úttekt á málefnum fatlaðra, voru í áætlun ráðuneytisins fyrir árið 1997. Þar sem enginn kostnaður féll til á því ári fluttist óráðstöfuð fjárveiting vegna þeirra til ársins 1998.

766. Svar [400. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 07-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Félagsmálaráðuneytið ávísar ekki styrkjum á fjárlagalið 07-199 Ráðstöfunarfé ráðherra. Fjárheimild þessa liðar er í lok hvers árs millifærð á fjárlagalið 07-999 1.90 Félagsmál, ýmis starfsemi. Um svar við fyrirspurninni vísast því til þskj. 764, svars við fyrirspurn um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

767. Frumvarp til laga [465. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. hljóðar svo:

Bankastjóri Seðlabankans stýrir daglegum rekstri bankans. Ráðherra skipar bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjóri skal skipaður til fimm ára í senn, en þó skal gæta reglna um hámarksaldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar til skipunartíma annars af tveimur núverandi bankastjórum lýkur skulu bankastjórar vera tveir og þeir skipa bankastjórn. Skulu þeir koma sér saman um formennsku í bankastjórninni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stóll bankastjóra við Seðlabanka Íslands hefur nú verið laus um margra mánaða skeið án þess að staðan hafi verið auglýst, enda hefur rekstur bankans síður en svo gengið verr þótt eigi sé fyllt lögmælt tala bankastjóra. Það hlýtur líka að vera fjarstæða að hér á landi þurfi fleiri en einn bankastjóra til þess að stýra daglegum rekstri Seðlabankans og má til samanburðar nefna að í Bandaríkjunum og í Bretlandi nægir einn bankastjóri til þess að stýra margfalt umfangsmeiri rekstri. Því er hér lagt til að sú staða sem nú er laus verði ekki fyllt og fækkað verði um einn bankastjóra þegar skipunartími seðlabankastjóra rennur næst út, en þeir eru nú skipaðir til fimm ára eins og kunnugt er.

Í 1. mgr. 22. gr. laga um Seðlabanka Íslands er fjallað um bankastjórn þriggja bankastjóra. Ákvæðið hefur ekki þýðingu þegar bankastjóri er orðinn einn, en um bráðabirgðaástand er fjallað í 2. gr. frumvarpsins. Lögð er til sú breyting á 2. mgr. 22. gr. að bankastjóri skuli vera einn og lagt er til að hann verði skipaður með sama hætti og verið hefur.

Ákvæði til bráðabirgða er ætlað að taka á því ástandi sem nú er, þ.e. að við bankann starfa tveir bankastjórar. Þeir hafa hins vegar verið skipaðir til fimm ára og er því létt að koma tölu bankastjóra í endanlegt horf þegar skipunartími seðlabankastjóra rennur næst út, en gert er ráð fyrir að bankastjórarnir skipi bankaráð meðan þeir eru tveir talsins. Nokkrar umræður urðu um það á síðasta ári hvort ákvæði um hámarksaldur starfsmanna ríkisins ætti við um seðlabankastjóra og því er það ótvírætt tekið fram að svo sé eins og niðurstaðan varð í umræddu tilviki. Þess ber þá að gæta við skipun bankastjóra þannig að 68 ára einstaklingur yrði aðeins skipaður til 70 ára aldurs að óbreyttum hámarksaldri starfsmanna.

768. Frumvarp til laga [466. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson, Hjálmar Jónsson.

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 63. gr. laganna orðast svo: Slík ósk skal vera skrifleg og studd læknisvottorði og skal hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 12 á hádegi á kjördag.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 3. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis er fjallað um heimild kjörstjóra til þess að heimila kjósanda sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar að greiða atkvæði í heimahúsi. Skv. 2. málsl. málsgreinarinnar ber kjósanda að bera fram slíka ósk við kjörstjóra skriflega og studda læknisvottorði eigi síðar en þegar ein vika er til kjördags.

Í þessu sambandi er á það að líta að kosningarrétturinn er grundvallarréttur sem allir íslenskir ríkisborgarar 18 ára og eldri eiga skv. 33. gr. stjórnarskrárinnar. Er þar enginn greinarmunur gerður á því hvort kjósendur ganga heilir til skógar eða ekki, enda bryti slíkt í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995.

Allar breytingar, sem gerðar hafa verið á kosningalöggjöfinni á þessari öld, hafa lotið að því að rýmka kosningarrétt borgaranna og gera þeim auðveldara að neyta hans. Í athugasemdum með 4. tölul. 22. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 10/1991, um breytingar á 3. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis, segir: „Telja verður að hér sé um sanngirnismál að ræða í ljósi þess að einstaklingar sem svipað er ástatt um og dveljast t.d. á sjúkrahúsum njóta þegar þessara réttinda."

Þegar athugað er nánar hvernig tímamörkum við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar er háttað skv. XI. kafla laganna kemur í ljós að þeim hópi kjósenda sem heimilað er að kjósa utan kjörfundar á grundvelli 3. mgr. 63. gr. er langþrengstur stakkur skorinn. Engir aðrir þurfa að sæta því að láta kjörstjóra vita með vikufyrirvara að þeir hyggist neyta kosningarréttarins með þeim hætti. Þessir kjósendur eiga þó oft og tíðum minnsta möguleika á að skipuleggja tíma sinn með viku fyrirvara, sjúkdómar gera ekki boð á undan sér með viku fyrirvara og börn sem fæðast fyrir tímann gera mæðrum sínum sjaldnast viðvart viku fyrir fram.

Algengt hefur verið um allt land um langan aldur að kjósendur, sem skömmu fyrir kjördag verður ljóst að þeir verða að heiman á kjördag, t.d. skipshafnir, mæli sér mót við kjörstjóra, t.d. sýslumann eða hreppstjóra, til að kjósa utan kjörfundar á einhverjum umsömdum tíma sem ekki er fyrir fram auglýstur tími fyrir slíka atkvæðagreiðslu, enda í valdi kjörstjóra að ákveða hvenær slík kosning fari fram.

Sá fyrirvari sem nú er krafist skv. 3. mgr. 63. gr. er að því er virðist eingöngu settur kjörstjóra til hagræðis, til þess að auðvelda honum að skipuleggja slíka utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Sú var enda niðurstaða sérstakrar kjörnefndar skv. 93. gr. laga nr. 5/1998 sem skipuð var af settum sýslumanni á Patreksfirði vegna kosningakæru um gildi sveitarstjórnarkosninganna í Vesturbyggð 23. maí 1998, en þar var m.a. kærð sú ákvörðun kjörstjóra að heimila kosningu í heimahúsi skv. 3. mgr. 63. gr. þegar innan við ein vika var til kjördags.

Í niðurstöðu nefndarinnar um kosningu í heimahúsi segir: „Samkvæmt þeim gögnum sem sýslumaður hefur lagt fyrir nefndina, er ljóst að ekki var farið að ákvæðum 3. mgr. 63. laga um alþingiskosningar (lög um kosningar til Alþingis), en ákvæði laga þeirra eiga við um utankjörfundaratkvæðagreiðslu í sveitastjórnarkosningum, sbr. 4. mgr. 43. gr. laga nr. 5/1998, varðandi tímamörk þau sem þar eru greind.

Við túlkun þessa ákvæðis verður þó að hafa í huga, *að tilgangur þess hefur vart verið sá að takmarka kosningarrétt einstakra manna*, heldur fremur þeir hagsmunir kjörstjóra að vita með nokkrum fyrirvara um fjölda þeirra sem hugsanlega þyrftu að notfæra sér þessa þjónustu til að neyta kosningarréttar síns.

Með skírskotun til þeirra grundvallarréttinda sem kosningarréttur er, verður því að telja að sá háttur sem hafður var á við atkvæðagreiðslu þessa hafi eins og á stóð verið réttlætanlegur."

Úrskurður nefndarinnar var kærður til félagsmálaráðuneytisins sem með vísan til röksemda hins kærða úrskurðar staðfesti niðurstöðu hans um að niðurstaða kosninganna skyldi óbreytt standa. Í niðurstöðu ráðuneytisins kemur þó fram að ráðuneytið telji það ámælisvert að kjörstjóri skuli ekki hafa fylgt formreglum kosningalaga að þessu leyti.

Með þessari athugasemd ráðuneytisins hefur skapast nokkur réttaróvissa sem nauðsynlegt er að eyða. Óviðunandi er að kjörstjóri eigi það yfir höfði sér að fá snuprur frá ráðuneytinu um ámælisverð vinnubrögð í hvert sinn sem hann heimilar kjósanda að greiða atkvæði í heimahúsi skv. 3. mgr. 63. gr. kosningalaga þegar innan við vika er til kjördags, en samt verði sú kosning talin gild vegna þess að þau grundvallarréttindi sem felast í kosningarréttinum eru mikilvægari en hagræði kjörstjóra af því að geta skipulagt slíka kosningu með viku fyrirvara. Með frumvarpi þessu er ætlunin að eyða þessari óvissu.

Kosningarrétturinn er grundvallarréttur sem er varinn í stjórnarskrá. Þó svo að nauðsyn kjörstjóra til að skipuleggja atkvæðagreiðslu í heimahúsi sé augljós verður kosningarréttur kjósanda að teljast ríkari hagsmunir. Kjörstjórar geta eftir sem áður hvatt kjósendur til að hafa góðan fyrirvara á óskum um atkvæðagreiðslu í heimahúsi skv. 3. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis, ekki ósvipað því þegar kjósendur eru hvattir til að kjósa snemma á kjördag og taka tillit til veðurútlits, færðar á vegum o.s.frv. Kjörstjórar gætu þurft að tilnefna fleiri utankjörfundarkjörstjóra sér til aðstoðar en verið hefur til að sinna þessum verkum, en ekki er ástæða til að ætla að veruleg vandkvæði verði á því.

769. Svar [403. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 240 millj. kr. fjárframlagi á óskiptum lið í fjárlögum 1998, 09-481 6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum?

Hinn 25. janúar 1999 hafa verið færðar til gjalda samkvæmt heimildagrein fjárlaga 1998 390 millj. kr. Fjárveiting samkvæmt fjárlögum 1998 var 240 millj. kr. en auk þess var veitt til þessara útgjalda 300 millj. kr. í fjáraukalögum 1998. Uppgjöri fyrir árið 1998 er ekki lokið og má því búast við minni háttar breytingum á þessari niðurstöðu.

Heimild	Skýring	Upphæð í millj. kr.
8,15	Styrkir til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu ..	80,0
2.4	Sala á Skálholtsstíg 7 og kaup á Laufásvegi 12 fyrir Listasafn Íslands	59,0
8.14	Ráðstöfun söluandvirðis hlutabréfa í Bifreiðaskoðun hf. til framkvæmda ..	40,0
8.12	Sumarhús á Súðavík	27,0
7.25	Kaup á jörðinni Eystra-Katanes í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfirði ...	25,3
7,7	Kaup á Laugavegi 164	24,0
2.24 1998 og 3.98 1997	Ráðstöfun söluandvirðis eigna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins	18,5
4,21	Innrétting húsnæðis fyrir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Náttúrustofu á Neskaupstað	12,0
2.7 og 2.8	Sala íbúðarhúsa í Kollafirði þar sem andvirði rennur til greiðslu skulda og viðhalds eigna Laxeldisstöðvarinnar	14,7
2,2	Ráðstöfun söluandvirðis Þrúðvangs 20, Hellu, til kaupa á nýju húsnæði ...	9,5
*	Húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra á Selfossi	1,8
711	Lögreglustöð í Ólafsvík	5,5
7.16	Heimavistarhús Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni	6,5
6.7 og 8.18	Afhending Akraborgar til Slysavarnaskóla sjómanna	28,1
2.9	Ráðstöfun söluandvirðis íbúðarhúsa á Hvanneyri	30,7
4.17 1996	Húsnæði Fasteignamats ríksins á Selfossi	1,2
2.27	Ráðstöfun söluandvirðis sendiherrabústaðar í Berlín til bústaðar í Bonn ...	64,4
7,1	Endurbætur á Lindargötu 9	6,2
	Alls	454,4

* Gert með fyrirvara um samþykki Alþingis.

770. Svar [405. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 6 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 09-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Fjárheimild var flutt af lið 09-199 Ráðstöfunarfé og bókfærð á lið 09-999 Ýmislegt. Eftirfarandi verkefni hafa fengið úthlutað af þeim lið:

Tilefni	Fjárhæð
Kynningarverkefni um 2% viðbótarlífeyrissparnað	2.500
Útgáfa á fræðsluefni um launajafnrétti kynjanna, jafnréttisnefnd BHM	300
Menningarmálanefnd Garðabæjar	100
Kvenfélagasamband Íslands, lífeyrisuppgjör	200
Bragi Ásgeirsson, til undirbúnings sýningar	150
Styrkur til Alþjóðafélags stjórnmálafræðinema	50
Styrkur til ELSA, alþjóðasambands laganema	50
Foreldrasamtök um vímulausa æsku	100
Petter A. Taafjord, heimildarkvikmyndir um stríðsárin	150
Menningar- og kynningarfyrirtækið ÍÐIR	100
Sigmundur Magnússon, dagskrá um Indriða G. Þorsteinsson	75
Ragnar Árnason, verkefni um opinber útgjöld til fiskveiða, Ísland, Kanada og Noregur	500
Styrkur til Sólheima, stólakaup	300
Soroptimistaklúbbur Hafnarfjarðar og Garðabæjar	80
Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, nótnaútgáfa	100
Söguritunarsjóður FÍLD	100
Landssamband íslenskra akstursíþróttamanna	150
Orator, félag laganema	50
Jafningjafræðslan	75
Söngfélag Félags eldri borgara, söngför til Kanada	200
Íþróttafélag fatlaðra, ferðastyrkur	200
Skaftfellingur, styrkur	200
Nýja Bíó, til kvikmyndar daglegt líf fatlaðra	100
Samtals	5.830

771. Svar [382. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um markaðssetningu íslenska hestsins.

1. *Hvernig hefur verið staðið að markaðssetningu íslenska hestsins í Norður-Ameríku, Englandi, Frakklandi, Belgíu, Hollandi, Þýskalandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Nýja-Sjálandi, Færeyjum og á Grænlandi?*

Markaðssetning í þeim löndum sem hér eru tilgreind hefur fyrst og fremst verið unnin af einstaklingum og fyrirtækjum tengdum hrossaútflutningi. Mest hefur útbreiðslan orðið í Þýskalandi, enda hefur lengst verið starfað þar og margir Íslendingar sest þar að í þeim tilgangi m.a. að vinna að sölu hrossa. Markaðssetning hefur farið fram með sýningarhaldi, gerð og dreifingu kynningarefnis, mótshaldi, reiðkennslu og uppbyggingu reiðskóla, umfjöllun í fjölmiðlum o.fl.

2. *Hvenær hófst markaðsstarf í hverju þessara landa fyrir sig og hverjir hafa unnið að markaðssetningunni?*

Markaðssetning íslenska hestsins í Evrópu hófst upp úr 1950, m.a. fyrir forgöngu Gunnars Bjarnasonar. Samband íslenskra samvinnufélaga og Búnaðarfélag Íslands unnu að þessari markaðssetningu í upphafi, en hin síðari ár hafa það hins vegar fyrst og fremst verið einstaklingar, bæði Íslendingar sem og aðilar búsettir í viðskiptalöndunum. Félag hrossabænda var öflugur stuðningsaðili þessara mála og hjá félaginu starfar nú markaðsfulltrúi sem sinnir þjónustu við erlenda markaði, tekur þátt í sameiginlegum markaðsverkefnum og vinnur markaðskannanir o.fl. erlendis.

3. *Hvaða áform eru um markaðsstarf í áðurnefndum löndum?*

Útflutningur hrossa er fyrst og fremst í höndum einstaklinga og fyrirtækja. Ekki eru tiltækar upplýsingar um áform einstakra aðila um markaðssetningu í þeim löndum sem fyrirspurnin varðar. Hins vegar liggur fyrir að Félag hrossabænda er aðili að stóru kynningarverkefni í Bandaríkjunum sem ætlunin er að ýta úr vör fljótlega. Að því standa útflutnings- og markaðsnefnd fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins, hrossabændur, útflytjendur hrossa, erlendir aðilar og viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins í New York. Einnig hefur Félag hrossabænda unnið að undirbúningi sýningarhalds á Bretlandseyjum sem og kynningum í tengslum við heimsmeistaramótið í Þýskalandi nk. sumar í samstarfi við Landssamband hestamannafélaga.

4. *Hversu mörg íslensk hross hafa verið seld til hvers þessara landa?*

Sjá eftirfarandi töflu.

Útflutningur hrossa 1946–98.

Lönd	1946–67	1968–87	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Alls
Þýskaland	2.245	4.928	238	358	397	798	982	1.273	1.321	1.129	1.079	826	531	16.105
Svíþjóð	2	1.577	290	449	489	504	574	441	507	407	647	690	582	7.159
Danmörk	41	2.256	47	13	49	105	149	219	282	401	255	228	268	4.313
Noregur	4	1.202	51	49	61	204	112	222	237	138	177	173	160	2.790
Pólland	1.620													1.620
Holland	119	726	18	8	37	66	39	42	79	59	55	69	56	1.373
Sviss	269	236		2	13	19	4	22	55	96	118	120	118	1.072
Bandaríkin	86	191	14	93	6	9	58	17	88	117	158	117	108	1.062
Austurríki		236		10	33	44	26	59	66	80	87	76	44	761
Finnland		37	30	12	15	43	20	26	25	16	122	56	41	443
Frakkland	9	103		25	12	6	4	14	18	3	3			197
Bretland	68	8			2	22	22	27	58	23	16	25	22	293
Færeyjar	10	56	12		16	13	10	9		15	16	11		168
Belgía		31						37	6	8	1	9	1	93
Litháen								63						63
Ítalía							4	10	3	11	27		7	62
Lúxemborg						1		2		3	1	2	1	10
Írland								2	7				2	11
Hong Kong		2												2
Kanada									5	104	73	162	44	388
Slóvenía									1		1			2
Grænland										3	5	2	10	20
Samtals:	**4.473**	**11.589**	**700**	**1.019**	**1.130**	**1.834**	**2.004**	**2.485**	**2.758**	**2.613**	**2.841**	**2.566**	**1.995**	**38.007**

Heimild: Félag hrossabænda

5. *Hver er markaðshlutdeild íslenskra hesta sem ræktaðir eru í framangreindum löndum samanborið við hesta sem seldir eru héðan?*

Ekki eru til upplýsingar um markaðshlutdeild hrossa frá Íslandi á móti innlendri ræktun í viðskiptalöndum. Í eftirfarandi töflu má hins vegar sjá hver heildarfjöldi íslenskra hrossa er erlendis samkvæmt könnun markaðsfulltrúa Félags hrossabænda:

Þýskaland	45.000	*
Danmörk	15.000	
Svíþjóð	7.000	**
Austurríki	6.000	
Sviss	5.000	
Noregur	5.000	
Frakkland	5.000	
Holland	4.500	
Bandaríkin	1.200	***
Kanada	1.000	
Finnland	700	
Belgía	600	
Bretland	400	
Færeyjar	140	
Ítalía	121	
Lúxemborg	120	
Slóvenía	100	
Írland	50	

* Ýmsir telja að enn fleiri íslensk hross séu í Þýskalandi, t.d. hafa forsvarsmenn Samtaka eigenda íslenskra hesta (IPZV) þar sagt opinberlega að allt að 60.000 íslensk hross séu í Þýskalandi.

** Þetta er sá fjöldi hrossa sem er skráður hjá Sænsku Íslandshestasamtökunum (SIF), en forsvarsmenn þar telja að með unghrossum og óskráðum hrossum séu allt að 10.000 íslensk hross í Svíþjóð.

*** Skráð hross í Bandaríkjunum eru um 750 en Íslandshestasamtökin þar segja töluna 1.200 nær fjöldanum eins og hann er í raun og veru.

Heimild: Félag hrossabænda.

6. *Hverjir hafa sótt um stuðning til markaðssetningar hesta í þessum löndum sl. 10 ár? Hverjir hafa fengið stuðning?*

Frá því að útflutnings- og markaðsnefnd hóf að úthluta styrkjum til útflutnings- og markaðsmála árið 1996 hafa eftirtaldir aðilar hlotið styrki til markaðsverkefna í þeim löndum sem talin voru upp í fyrirspurninni:

1. Sigurbjörn Bárðarson og Axel Ómarsson, til áframhaldandi markaðsstarfs í Ameríku.
2. KAM, kvikmyndafyrirtæki, Konráð Gylfason, til markaðsstarfs í Frakklandi.
3. Sigurður Marínusson, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.
4. Hestaíþróttasamband Íslands, til markaðsstarfs í Noregi.
5. Haraldur Þórarinsson og Hjörtur K. Einarsson í samstarfi við Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.
6. Anders Hansen, hrossabú á Árbakka, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.
7. Baldvin Ari og Sigurbjörn Bárðarson, Equitana, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.
8. Gunnar Arnarson, til markaðsstarfs í Þýskalandi.

9. Sölusamtök íslenskra hrossabænda, til markaðsstarfs í Kanada og Ameríku.
10. Árbakki – hrossaræktarbú, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.

Eftirtaldir aðilar hafa sótt um styrk til markaðsstarfa í sömu löndum en ekki fengið:
1. Icehorse USA, Valur Blomsterberg, til markaðsstarfs í Kaliforníu.
2. Sigrún Brynjarsdóttir, Akureyri, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.
3. Fákar ehf., Magnús Bjarnason, til markaðsstarfs í Evrópu.
4. Herbert Ólason og Ásgeir Herbertsson, til markaðsstarfs í Þýskalandi.
5. Anders Hansen, Hellu, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.
6. Eiðfaxi ehf., til markaðsstarfs í Noregi.
7. Helgi Leifur Sigmarsson, til markaðsstarfs í Sviss.
8. Þórir Magnús Lárusson, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum, Kanada, Hollandi og Stóra-Bretlandi.
9. Félag hrossabænda, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.
10. Sigurbjörn Bárðarson og Axel Ómarsson, til markaðsstarfs í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.
11. Borði-Banner, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.
12. Reynir Aðalsteinsson, til markaðsstarfs í Þýskalandi.
13. EDDA Hestar, til markaðsstarfs í Kanada.
14. Bændaskólinn á Hvanneyri, til markaðsstarfs í Texas, Bandaríkjunum.
15. Björn Ólafsson, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.
16. Bjarni Guðmundsson, til markaðsstarfs í Noregi.
17. Sigurður Guðmundsson, til markaðsstarfs í Noregi.
18. Davíð Ingason, Svíþjóð, vegna áburðar til að græða sár og koma í veg fyrir sumarexem.
19. Eyvindur Bergmann, til markaðsstarfs í Kaupmannahöfn.
20. Þórir Örn Grétarsson, til markaðsstarfs í Austur-Þýskalandi.
21. Monique Jaquette og Friðbert Njálsson, til markaðsstarfs í Frakklandi.
22. Sveinn Jónsson, til markaðsöflunar erlendis.
23. Islandshester, til markaðsstarfs í Noregi.
24. Bændaskólinn Hvanneyri, til markaðsstarfs í Kanada og Bandaríkjunum.
25. Helgi Sigurðsson, til þýðingar bókar.
26. Sigurbjörn Bárðarson og Baldvin Guðlaugs, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.
27. Örlygur Hálfdánarson, til útgáfu kynningarefnis.
28. Myndbær hf., kynningarmynd um íslenska hestinn.

Á árunum 1990–98 hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitt eftirtöldum aðilum styrki til markaðsstarfs í þeim löndum sem tilgreind eru í fyrirspurninni:
1. Félag hrossabænda, til markaðsöflunar erlendis.
2. Félag hrossabænda, til markaðsstarfs erlendis.
3. Sölusamtök íslenskra hrossabænda hf., til kynningar- og markaðsátaks á Bretlandi.
4. Félag hrossabænda, til sýningar- og kynningarstarfa erlendis.
5. Krafthestar sf., til útflutnings hesta til Samabyggða, Svíþjóð.
6. Þórarinn Jónasson, til kynningar á hestum í Bandaríkjunum.
7. Þórarinn Jónasson, til sýningarhalds á hrossum í Kaliforníu, Bandaríkjunum.
8. Félag hrossabænda, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.
9. Félag hrossabænda, til markaðsstarfs erlendis.
10. Félag hrossabænda, til markaðsstarfs í Bandaríkjunum.

11. Félag hrossabænda, til markaðsstarfs erlendis.
12. Félag hrossabænda, til markaðsstarfs í Noregi.
13. Friðbert Njálsson, til markaðsstarfs í Frakklandi.

Á sama tíma hafa eftirgreindir aðilar sótt um styrki til markaðsstarfs í sömu löndum en ekki hlotið jákvæða afgreiðslu:

1. Safco hf., til markaðsstarfs í Þýskalandi.
2. Félag hrossabænda, vegna hestaferðar Pauls Rasks frá Danmörku til Kína.
3. Þórarinn Jónasson, til sýningarhalds á hestum í Bandaríkjunum.
4. Þórarinn Jónasson, til hestasýningarferðar í Bandaríkjunum.
5. Ásgeir S. Herbertsson, til hestaútflutnings til Bandaríkjanna og Kanada.
6. Sölusamtök íslenskra hrossabænda hf., til markaðssetningar hesta í Bretlandi.
7. Víking-hestar sf., til markaðsstarfs í Texas, Bandaríkjunum.
8. Ísen ehf., vegna hestabúgarðs í Litháen.
9. Sigurður Sæmundsson, til hestasýningar í Bandaríkjunum.
10. Jón Friðriksson, til hestasýninga í Noregi.
11. Sæmundur og Árni sf., vegna aðstöðu til markaðssetningar á hestum í Noregi.
12. Friðbert P. Njálsson, til að koma upp aðstöðu til sölu á hestum í Frakklandi.
13. Sæmundur og Árni sf., til reksturs hestabúgarðs í Noregi.
14. Félag hrossabænda, til markaðsstarfs í Þýskalandi.
15. Friðbert P. Njálsson, til sölumiðstöðvar fyrir hesta í Normandie, Frakklandi.
16. Sölusamtök íslenskra hrossabænda hf., til hestaútflutnings til Kanada.
17. Félag hrossabænda, til markaðsstarfs í Þýskalandi.
18. Íslenski hreingæðingurinn, til markaðsstarfs í Frakklandi.

7. *Er áformað að styrkja útflutning og markaðsstöðu íslenskra hrossa í þessum löndum? Ef svo er, á hvern hátt?*

Í fjáraukalögum fyrir árið 1998 fékkst 10 millj. kr. framlag til að styrkja hrossaræktina vegna tjóns sem orðið hefur vegna smitandi hrossasóttar. Ákveðið er að 5 millj. kr. af þessu framlagi verði varið til að styðja markaðsstarf erlendis samkvæmt ákvörðun útflutnings- og markaðsnefndar og 5 millj. kr. til félagslegra verkefna í þágu útflutnings samkvæmt ákvörðun Félags hrossabænda.

Ekki eru uppi önnur áform um fjárstuðning við markaðsöflun fyrir hross í viðkomandi löndum umfram það sem felst í ákvæðum laga um útflutning hrossa, nr. 161/1994, og hugsanlegum áframhaldandi stuðningi Framleiðnisjóðs landbúnaðarins við verkefni á þessu sviði.

772. Fyrirspurn [467. mál]

til félagsmálaráðherra um laun grunnskólakennara og fjármál sveitarfélaga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Telur ráðherra, sbr. ummæli hans í umræðum á Alþingi þriðjudaginn 2. febrúar sl. og ummæli í umræðuþætti í ríkissjónvarpinu að kvöldi sama dags, að laun grunnskólakennara séu of há? Ef svo er, hvað teldi ráðherra vera hæfileg laun fyrir grunnskólakennslu?

2. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eða lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla til að takmarka réttindi kennara eða annarra sambærilegra stétta?
3. Telur ráðherra að sveitarfélögunum sé ekki treystandi til að vera viðsemjandi grunnskólakennara eða til að fara með samningsrétt yfirleitt?

773. Fyrirspurn [468. mál]

til samgönguráðherra um Egilsstaðaflugvöll sem varaflugvöll í millilandaflugi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Er þörf á frekari tækjabúnaði og þjónustu við Egilsstaðaflugvöll til að hann standist betur þær kröfur sem gerðar eru til varaflugvallar fyrir millilandaflug yfir vetrarmánuðina? Ef svo er, hvaða úrbætur þarf þá til og hvenær koma þær til framkvæmda?

774. Fyrirspurn [469. mál]

til samgönguráðherra um slys á Reykjanesbraut.

Frá Kristjáni Pálssyni og Katrínu Fjeldsted.

1. Hve mörg slys urðu á Reykjanesbraut sl. tvö ár samanborið við næstu fjögur ár þar á undan?
2. Er sýnileg breyting á slysatíðni vegna lýsingar brautarinnar?
3. Er hafinn undirbúningur að aðgerðum til að fækka slysum á Reykjanesbraut, svo sem tvöföldun hennar?

775. Tillaga til þingsályktunar [470. mál]

um endurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta fara fram heildarendurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu með það að markmiði að jafnræðis sé gætt í slíkum greiðslum milli kynja og að virt séu ákvæði jafnréttislaga í því efni.

Heildarendurskoðun skal liggja fyrir á haustmánuðum 1999 og skal ráðherra gefa Alþingi skýrslu um niðurstöðu hennar.

Greinargerð.

Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn í febrúar 1998 um bifreiðastyrki og stöður í bankakerfinu kom fram að mjög hallaði á konur í yfirmannastöðum innan bankakerfisins. Af svarinu mátti líka draga þá ályktun að kerfi fastra bifreiðastyrkja væri notað til að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum, sérstaklega innan Landsbankans og Búnaðarbankans. Bæði þingflokkur jafnaðarmanna og Samband íslenskra bankamanna fóru þess á leit við jafnréttisráð í kjölfar þessarar niðurstöðu að kannað yrði hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum.

Niðurstaða kærunefndar jafnréttismála var að afgerandi munur væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan Landsbankans og Búnaðarbankans sem bryti í bága við jafnréttislög. Ætla má að þessi úrskurður geti haft fordæmisgildi fyrir aðrar ríkisstofnanir. Full ástæða er til þess að í kjölfar hans fari á vegum fjármálaráðuneytis fram gagnger endurskoðun innan alls ríkiskerfisins á bifreiðastyrkjum og nefndarþóknunum hjá B-hluta ríkisstofnunum.

Fram kemur að greiðslur á bifreiðastyrkjum innan B-hluta ríkisstofnana, sem eru 20–30, runnu til 829 starfsmanna, en um var að ræða greiðslu vegna aksturs (bifreiðastyrki og lokaða aksturssamninga). Þar af fengu 555 karlar greiðslur og 274 konur. Samtals námu þessar greiðslur tæpum 80 millj. kr. Karlar fengu tæpa 71 millj. kr. en konur rúmar 9 millj. kr.

Þegar litið er til bifreiðastyrkja, en lokaðir aksturssamningar undanskildir, vekur sérstaka athygli að af um 74 millj. kr. greiðslum fengu 487 karlar tæplega 66 millj. kr. en 265 konur rúmar 8 millj. kr. Meðalbifreiðastyrkur til karla var því rúmlega 135 þús. kr. á árinu 1996 en meðalstyrkur til kvenna rúmlega 30 þús. kr. Einnig kom fram mikill og afgerandi munur á greiðslum til kynjanna vegna fastra nefndarlauna og þóknana en 83% þessara greiðslna runnu til karla, 17% til kvenna. Þessar tölur kalla á skýringar. Margt bendir til að hér sé einnig um brot á jafnréttislögum að ræða.

Úrskurður kærunefndar jafnréttismála gefur tilefni til að ítarleg endurskoðun fari fram á hlunnindagreiðslum og bifreiðastyrkjum hjá hinu opinbera til að koma í veg fyrir að slíkar greiðslur viðhaldi launamisrétti kynjanna.

Líta verður svo á að um tímamótaúrskurð kærunefndar jafnréttismála sé að ræða sem styðji það sem lengi hefur verið haldið fram að hið opinbera noti duldar greiðslur og fríðindi til að viðhalda launamisrétti kynjanna. Við slíku verður að sporna því að ríkisvaldið hefur fyrst og fremst þær skyldur í jafnréttismálum að stuðla að því að jafnréttislög séu ekki brotin og sýna þar með gott fordæmi fyrir almenna vinnumarkaðinn.

776. Frumvarp til laga [471. mál]

um breytingu á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, 1. gr., svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka eftirtaldar virkjanir:

1. Virkjun fallvatns sem veitt er um Vatnsfellsveitu úr Þórisvatni í Krókslón (Vatnsfellsvirkjun) með allt að 110 MW afli.
2. Virkjun á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW afli.

Þá er iðnaðarráðherra heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi með aðilum í Skagafirði sem þær eiga aðild að leyfi til að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Veiting leyfa skv. 1. og 2. mgr. er háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og því að uppfyllt séu skilyrði annarra laga. Þá getur ráðherra sett nánari skilyrði í virkjunarleyfi.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra fellur brott lokamálsliður 1. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að afla lagaheimilda fyrir nýjum virkjunum, annars vegar vegna aukinnar raforkuþarfar á almennum markaði á næstu árum og hins vegar vegna stóriðjuframkvæmda sem hugsanlegt er að ráðist verði í á næstu árum. Nauðsynlegt er að afla lagaheimilda fyrir Vatnsfellsvirkjun og Búðarhálsvirkjun vegna yfirstandandi samningaviðræðna um aukna orkusölu Landsvirkjunar, m.a. til Norðuráls hf. á Grundartanga, þannig að unnt verði að auka framleiðslu verksmiðjunnar úr 60 þúsund tonnum á ári í 90 þúsund tonn. Jafnframt er það mikilvægt vegna hugsanlegrar orkusölu til fjórða ofns járnblendiverksmiðjunnar, en í samningi frá 12. mars 1997 varðandi útgáfu hlutabréfa og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf. er kveðið á um rétt Elkem og Sumitomo til að kaupa samtals 12% hlut af íslenska ríkinu ef ákveðið verður að bæta fjórða ofni við verksmiðjuna fyrir 1. júlí 1999. Til þess að Landsvirkjun geti gengið til samninga um orkusölu til þessarra aðila þurfa að koma til nýjar virkjanaheimildir.

Undirbúningur þessara virkjunarkosta er langt kominn og því er talin ástæða til að afla lagaheimilda fyrir þeim til að tryggja grundvöll fyrir lokaáföngum undirbúningsvinnunar. Þessir kostir eru í senn hagkvæmir, bæði í byggingu og rekstri, og áhrif þeirra á umhverfi og aðra landnýtingu fremur lítil.

Með hliðsjón af framansögðu er nauðsynlegt að þessir virkjunarkostir bætist við virkjunarheimildir sem fyrir eru og að þá megi nýta á undan viðameiri virkjunarkostum sem þegar hafa verið heimilaðir með lögum. Eftir sem áður þarf leyfi iðnaðarráðherra í hverju tilviki. Vísast og til 2. gr. laganna þar sem segir að röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skuli ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skuli þess gætt að orkuöflunin verði sem hagkvæmust fyrir þjóðarbúið. Við val á virkjunum skuli einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið.

Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að reisa og reka Villinganesvirkjun, en sá réttur er bundinn við Landsvirkjun. Lagt er til að sú heimild Landsvirkjunar verði felld niður en Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi sem þær eiga aðild að veitt heimildin þess í stað. Þessi breyting á virkjunaraðila er lögð til með hliðsjón af breyttum áherslum stjórnvalda í raforkumálum sem lúta m.a. að því að raforka úr nýjum virkjunum nýtist fyrst þeim byggðarlögum

þar sem hún er unnin, og með tilliti til samstarfs Rafmagnsveitna ríkisins við aðila í Skagafirði og nágrannabyggðum um virkjun Villinganess í því skyni að efla atvinnulíf á svæðinu.

Með hliðsjón af framansögðu er í frumvarpinu lagt til að í lög nr. 60/1981, um raforkuver, verði bætt heimildum fyrir tvær nýjar virkjanir, þ.e. Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli og Búðarhálsvirkjun með allt að 120 MW afli. Auk þess er lagt til að aflað verði lagaheimildar til að veita Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi sem þær eiga aðild að ásamt aðilum í Skagafirði leyfi til að reisa og reka virkjun við Villinganes með allt að 40 MW afli, en Landsvirkjun hefur þennan rétt nú á grundvelli 1. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um raforkuver og samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl. frá 11. ágúst 1982. Áður en aðili fær úthlutað leyfi til að reisa og reka virkjun við Villinganes skal viðkomandi hafa gert samkomulag við Landsvirkjun um endurgreiðslu kostnaðar fyrirtækisins við rannsóknir og aðra útgjaldaliði er tengjast Villinganesvirkjun. Við útgáfu leyfis til virkjunar við Villinganes verður einnig að taka tillit til þess að ofar á sama vatnasviði hefur verið unnið við rannsóknir á ýmsum virkjunarmöguleikum til að nýta Austari-Jökulsá og fleiri ár með upptök í Hofsjökli til orkuvinnslu, m.a. svonefndri Stafnsvatnavirkjun. Verði sú virkjun talin hagkvæm skulu væntanlegir virkjunaraðilar gera með sér samkomulag áður en framkvæmdir verða heimilaðar um rekstur virkjana og skiptingu sameigninlegs undirbúnings- og rekstrarkostnaðar. Í fylgiskjölum I–III er þessum virkjunum lýst nánar.

1. Breytingar á skipulagi raforkumála og veitingu virkjunarleyfa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttri skipan við veitingu virkjunarleyfa fyrir þær þrjár virkjanir sem til umfjöllunar eru. Í því felst að Alþingi ákveður hvaða aðilum skuli veitt leyfi til að nýta tilgreinda virkjunarkosti, en ráðherra er heimilt að veita þeim endanlegt virkjunarleyfi þegar skilyrði eru uppfyllt. Rétt þykir í þessu sambandi að fjalla um líklegar breytingar á þessari skipan í tengslum við breytingar á heildarskipulagi raforkumála.

Á síðasta löggjafarþingi var lögð fram tillaga til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála. Þar voru gerðar tillögur um stefnumörkun í raforkumálum og áfanga að breytingum sem miðuðu að því að skapa skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Í tillögunni var sérstaklega kveðið á um að móta yrði að nýju skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfa sem m.a. taki til öryggis og áreiðanleika raforkukerfisins, landnýtingar og umhverfismála, eðli vatnsorkunnar og jarðvarmans sem og tæknilegrar og fjárhagslegrar getu umsækjanda.

Til grundvallar þessum fyrirhuguðu breytingum liggur m.a. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Samkvæmt ákvæðum hennar skal tilskipunin vera komin til framkvæmda í ríkjum sambandsins 19. febrúar 1999, en Belgía og Írland hafa frest í eitt ár til viðbótar og Grikkland í tvö ár. Tilskipunin hefur hins vegar ekki enn verið formlega afgreidd samkvæmt EES-samningnum. Við meðferð málsins hafa íslensk stjórnvöld m.a. óskað eftir hliðstæðum fresti og Grikkland til að laga íslenska löggjöf að tilskipuninni.

Frumvarp til nýrra raforkulaga er nú í smíðum og er stefnt að því að leggja það fyrir Alþingi á þessu þingi. Ekki er þó búist við að frumvarpið verði afgreitt á þinginu enda má ætla að ákvæði þess þarfnist mikillar umræðu. Í frumvarpinu verður kveðið á um nýja skipan við veitingu virkjunarleyfa sem taki mið af ákvæðum fyrrgreindrar tilskipunar.

Ekki er unnt að bíða með að heimila veitingu virkjunarleyfa samkvæmt þessu frumvarpi þangað til nýrri skipan við veitingu virkjunarleyfa hefur verið komið á samkvæmt framan-

sögðu, enda nauðsynlegt að skapa grundvöll til frekari undirbúnings þessara virkjana og framkvæmda til að tryggja að unnt sé að mæta aukinni raforkuþörf á næstu árum.

Líta verður svo á að í ákvörðun Alþingis um að heimila veitingu tiltekins virkjunarleyfis til tilgreinds aðila felist í raun ákvörðun um veitingu virkjunarleyfis, að uppfylltum öllum skilyrðum, í skilningi tilskipunar um innri markað raforku. Skv. 2. gr. núgildandi laga um raforkuver ræðst röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum af væntanlegri nýtingu orkunnar og fleiri atriðum.

Eðli málsins samkvæmt er löggjafinn ekki bundinn af ákvæðum tilskipunarinnar þar sem ekki hefur verið staðfest að hún verði hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, auk þess sem stjórnvöld munu hafa nokkurn tíma til að gera nauðsynlegar breytingar á íslenskum rétti í samræmi við tilskipunina.

Engu síður verður að telja að veiting leyfanna samræmist vel ákvæðum tilskipunarinnar. Í því efni verður að líta til þess að Vatnsfellsvirkjun og Búðarhálsvirkjun eru á vatnasviði núverandi orkuvera Landsvirkjunar á Þjórsársvæðinu og nátengdar þeim. Að því er Villinganesvirkjun varðar er einungis um breytingu á virkjunaraðila að ræða, en skv. 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga um raforkuver er ríkisstjórninni heimilt að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka vatnsaflsvirkjun við Villinganes. Það var gert með samningi um virkjanamál, yfirtöku byggðalínu o.fl. frá 11. ágúst 1982.

Þá verður tæpast talinn vafi á því að Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins búi yfir tæknilegri og fjárhagslegri getu til að reisa og reka virkjun á umræddum stöðum, þó fjármögnun liggi ekki endanlega fyrir. Þá er skýrt kveðið á um að veiting leyfanna sé háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum, skilyrðum annarra laga og skilyrðum sem ráðherra kann að setja í virkjunarleyfi.

2. Orkuöflun vegna aukinnar almennrar raforkuþarfar og stóriðju.

Samkvæmt endurreiknaðri spá orkuspárnefndar frá 1997 er gert ráð fyrir að orkueftirspurn almenns markaðar muni aukast um 2% á ári að jafnaði til ársins 2025 eða 50–60 GW-stundir á ári að jafnaði. Aukningin er áætluð einna mest næstu árin eða um 60–70 GW-stundir á ári sem er nokkru meira en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir og endurspeglar það uppsveifluna í þjóðfélaginu.

Framkvæmdir Landsvirkjunar sem nú standa yfir við byggingu virkjana, háspennulína og aðveitustöðva taka mið af samningum sem gerðir voru á árunum 1995–97 um orkusölu til stækkunar álvers Íslenska álfélagsins hf. í Straumsvík, álvers Norðuráls hf. á Grundartanga og þriðja ofns verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. á Grundartanga auk aukinnar sölu almenningsrafveitna. Orku- og aflþörf þessara iðjuvera og gangsetning þeirra er sem hér segir:

Iðjuver	**MW**	**GWst/ári**	**Gangsetning**
Stækkun Ísals	135	1070	júní 1997
Norðurál (60.000 tonn)	105	930	júní 1998
Stækkun Járnblendiverksmiðjunnar (50.000 tonn)	55	450	október 1999

Í eftirfarandi töflu er sýnd áætlun orkuspárnefndar fyrir tímabilið 1997–2025 um raforkunotkun og aflþörf almenna markaðarins ásamt núverandi og umsaminni stóriðju að meðtöldum flutnings- og dreifitöpum.

	Forgangsorka	
Ár	GWst/ári	MW
1997[1]	4.329	739
1998	5.483	819
2000	6.806	964
2005	7090	1016
2010	7.389	1.069
2015	7.697	1.125
2020	8.040	1.186
2025	8.401	1240

Til að mæta aukinni raforkuþörf hefur verið ráðist í ýmsar framkvæmdir í raforkukerfinu. Lokið hefur verið við hækkun Blöndustíflu sem jók orkugetu Blönduvirkjunar um 160 GW-stundir á ári. Þá hefur verið unnið að endurnýjun vatnshjóla og fleiri framkvæmdum við Búrfellsvirkjun og var afl virkjunarinnar aukið úr 210 í 280 MW og orkugetan um 380 GW-stundir á ári. Framkvæmdum við 5. áfanga Kvíslaveitu lauk fyrir ári. Við það jókst orkugeta raforkukerfisins um 290 GW-stundir á ári. Framkvæmdum við Hágöngumiðlun er nánast lokið en þær juku orkugetu raforkukerfisins um 200 GW-stundir á ári. Vinna stendur nú yfir við að reisa Sultartangavirkjun en uppsett afl virkjunarinnar verður 120 MW í tveimur áföngum, 60 MW hvorum um sig. Með tilkomu hennar verður orkuaukning í raforkukerfi landsins 880 GW-stundir á ári. Seinni vél Krófluvirkjunar hefur verið sett upp. Með því jókst afl virkjunarinnar um 30 MW og orkugetan um 240 GW-stundir á ári. Framkvæmdir Hitaveitu Reykjavíkur við 60 MW raforkuver á Nesjavöllum eru á lokastigi og eykur virkjunin orkugetuna um 480 GW-stundir á ári. Loks áformar Hitaveita Suðurnesja að auka raforkuvinnslu sína um 28 MW á árinu 1999. Þá hefur verið ráðist í aðrar framkvæmdir á raforkukerfinu til að auka flutningsgetu þess.

3. Orkumarkaður á næstu árum.

Auk aukinnar orkuþarfar almenna markaðarins á næstu árum, sbr. töfluna hér að framan, þarf að gera ráð fyrir að sala til starfandi stóriðjufyrirtækja aukist umtalsvert og að ný fyrirtæki hefji rekstur. Á undanförnum missirum hefur verið rætt um aðra möguleika á orkufrekum iðnaði en að framan greinir. Þar má nefna stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga, en í starfsleyfi er miðað við allt að þreföldun verksmiðjunnar, og stækkun Járnblendiverksmiðjunnar um einn eða tvo ofna. Á vegum Íslenska magnesíumfélagsins hf. er unnið að undirbúningi magnesíumverksmiðju á Reykjanesi. Þá er í starfsleyfi fyrir Ísal miðað við allt að 200 þúsund tonna framleiðslu á ári. Yfirlit um afl- og orkuþörf iðjukosta á Suðvesturlandi sem hugsanlegt er að geti orðið að veruleika á næsta áratug eða svo, umfram þær framkvæmdir sem nú er unnið að, er í eftirfarandi töflu:

[1] Rauntölur.

Iðjuver	MW	GWst/ári
Stækkun Járnblendiverksmiðju um tvo ofna	100	740
Stækkun álvers Norðuráls um 120.000 tonn	210	1.860
Stækkun álvers Ísals um 40.000 tonn	70	550
Magnesíumverksmiðja á Reykjanesi (50 þúsund tonn)	100	870

Ef allir þessir kostir verða að veruleika gæti aflþörfin aukist um 480 MW og orkuþörfin um rúmlega 4.000 GW-stundir á ári og er þá ekki tekið tillit til afl- og orkutaps við flutning orkunnar frá orkuverum til iðjuveranna. Þar sem framangreindir kostir eru á Suðvesturlandi er eðlilegt að gera ráð fyrir að þessari auknu afl- og orkuþörf verði að mestu mætt með virkjunum á Suður- og Suðvesturlandi, enda verður þannig dregið úr þörf fyrir flutningslínur um hálendi landsins.

Sem kunnugt er eru íslensk stjórnvöld og Landsvirkjun, í samvinnu við Norsk Hydro, að kanna hagkvæmni þess að reisa 480 þúsund tonna álver á Reyðarfirði og virkjanir til að mæta raforkuþörfinni. Gert er ráð fyrir að orkunnar yrði að mestu aflað í virkjunum norðan Vatnajökuls og er einkum horft til Jökulsár á Fljótsdal og Jökulsár á Dal í því sambandi. Álverið yrði byggt í áföngum sem tengdust heppilegum virkjunaráföngum.

4. Þörf fyrir nýjar heimildir Alþingis.

Samkvæmt núgildandi lögum um raforkuver er óráðstafað að hluta heimildum Alþingis fyrir Landsvirkjun. Í fyrsta lagi er ráðherra samkvæmt lögum um raforkuver heimilt að veita leyfi til allt að 330 MW virkjunar í Jökulsá í Fljótsdal, en leyfi ráðherra frá 1991 tekur til 210 MW virkjunar. Í öðru lagi er heimild til að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW afl, en virkjunin er 150 MW. Í þriðja lagi er heimild til að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW afl, en hún er 210 MW. Í fjórða lagi er heimild til 310 MW virkjunar við Búrfell, en hún er 280 MW eftir stækkun. Þessar virkjanir kemur vart til greina að byggja vegna aukinnar raforkusölu á Suðvesturlandi. Fljótsdalsvirkjun hentar mun betur orkumarkaði á Austurlandi þar sem að öðrum kosti yrði að leggja flutningslínur yfir hálendið til Suðurlands. Stækkun Sigölduvirkjunar og Hrauneyjafossvirkjunar var fyrst og fremst hugsuð sem hagkvæm lausn til að mæta reiðuaflsþörf raforkukerfisins, en orkugeta kerfisins eykst lítið með stækkun þeirra nema aðrennsli til Tungnaár verði aukið, t.d. með byggingu Skaftárveitu.

Þá er óráðstafað 16 MW til Nesjavallavirkjunar, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, og hluta af opinni heimild til að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu skv. 4. mgr. 1. gr. laganna.

Til að afla orku fyrir viðbótarraforkumarkað sem lýst er í 3. kafla koma fjölmargar virkjanir til álita og á þessu stigi er ekki ástæða til að setja fram röð virkjana miðað við mismunandi þróun markaðarins. Framkvæmdaröð á hverjum tíma kemur til með að taka mið af tæknilegu undirbúningsstigi mannvirkis, umhverfisathugunum og mati á umhverfisáhrifum, byggingartíma, fjárhagslegri hagkvæmni og heimildum Alþingis og stjórnvalda.

Til þess að gera Landsvirkjun kleift að halda áfram viðræðum um aukna raforkusölu, m.a. til Norðuráls hf. sem hugsanlega munu fara fram á fyrri hluta ársins 1999 og til fjórða ofns járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, er nauðsynlegt að afla heimilda Alþingis fyrir virkjunum við Vatnsfell og Búðarháls. Báðar þessar virkjanir eru á aðalvirkjunarsvæði Landsvirkjunar, falla vel að rekstri fyrirtækisins og hafa tiltölulega lítil áhrif á náttúrulegt umhverfi og landnýtingu.

Ekki er þörf á sérstakri lagaheimild Landsvirkjunar til að reisa eða leggja nýjar stofnlínur, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, sbr. og 6. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, en til byggingar þeirra þarf hins vegar leyfi iðnaðarráðherra, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1983. Áður en slíkt leyfi er gefið út þarf að fara fram mat á umhverfisáhrifum.

5. Lýsing á fyrirhuguðum virkjunum og helstu áhrifum þeirra á umhverfi.

Í þessum kafla er þeim virkjunum sem óskað er eftir heimildum Alþingis fyrir lýst í stuttu máli og gerð grein fyrir heilsu áhrifum þeirra á umhverfi. Í fylgiskjölum I–III er virkjununum og fyrirhuguðum framkvæmdum lýst nánar.

5.1 Vatnsfellsvirkjun.

Virkjunin nýtir 67 m fall milli Þórisvatns og Sigölduvirkjunar. Árið 1997 var lokið við endurskoðun á verkhönnun 140 MW virkjunar. Verkhönnunin hefur verið endurskoðuð og er nú miðað við að virkjunin verði um 90 MW án veitu úr Norðlingaöldulóni. Meðalrennsli til virkjunarinnar verður um 80 m^3/s en virkjað rennsli um 160 m^3/s. Hins vegar er endanleg stærð virkjunar venjulega ekki ákveðin fyrr en að loknum nákvæmum athugunum eftir að tilboð í mannvirki og búnað liggja fyrir og upplýsingar um raforkumarkað. Aflið getur þess vegna breyst og orðið allt að 110 MW. Áætlað er að orkugeta raforkukerfisins aukist um allt að 430 GW-stundir á ári með byggingu Vatnsfellsvirkjunar. Gerð verður um 980 m löng stífla yfir veitufarveg Vatnsfellsveitu um 2 km neðan við núverandi lokuvirki við suðurenda Þórisvatns. Ofan við stífluna myndast lítið uppistöðulón með um 3,2 Gl miðlun. Úr lóninu mun liggja um 700 m aðrennslisskurður fram eftir höfða austan veitunnar að steyptu inntaksvirki á brekkubrún. Frá inntaki verður vatninu veitt í tveimur 126 m löngum stálpípum að stöðvarhúsi neðan höfðans og þaðan um 2 km langan frárennslisskurð að Krókslóni. Í stöðvarhúsi verða tveir 45 MW hverflar af Francis-gerð ásamt tilheyrandi vél- og rafbúnaði. Frá stöðvarhúsi verður reist 220 kV flutningslína að tengivirki við Sigölduvirkjun. Heildarkostnaður án virðisaukaskatts fyrir 90 MW virkjun er áætlaður um 8.600 millj. kr. á verðlagi í janúar 1998. Framkvæmdatími að gangsetningu fyrri vélar er áætlaður um þrjú ár. Veitulón virkjunarinnar verður í núverandi veituskurði frá Þórisvatni að Krókslóni. Lónstæði er um 0,6 km^2 að flatarmáli, gróðurlítið og þakið möl og sandi. Gróðurröskun vegna annarra mannvirkja á svæðinu er lítil. Helstu umhverfisáhrif verða vegna röskunar á landi við efnisnámur á byggingartíma. Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar var send til skipulagsstjóra í desember 1998. Gert er ráð fyrir að úrskurður hans liggi fyrir í mars 1999.

5.2 Búðarhálsvirkjun.

Búðarhálsvirkjun nýtir rennsli Tungnaár og Köldukvíslar neðan Hrauneyjafossvirkjunar að Sultartangalóni. Verkhönnun virkjunarinnar er að mestu lokið. Miðað er við að virkjunin verði 100 MW. Fallið eru um 40 m og virkjað rennsli um 325 m^3/s. Hins vegar er endanleg stærð virkjunar venjulega ekki ákveðin fyrr en að loknum nákvæmum athugunum eftir að tilboð í mannvirki og búnað liggja fyrir og upplýsingar um raforkumarkað. Aflið getur þess vegna breyst og orðið allt að 120 MW. Áætlað er að orkugeta raforkukerfisins aukist um allt að 520 GW-stundir á ári með byggingu Búðarhálsvirkjunar. Kaldakvísl verður stífluð rétt ofan við ármót hennar og Tungnaár og er lengd stíflunnar 1.600 m. Þannig myndast um 7 ferkílómetra uppistöðulón sem nær upp að Þóristungum. Úr lóninu verður vatninu veitt um aðrennslisskurð og þaðan um 4 km löng aðrennslisgöng að stöðvarhúsi ofan jarðar vestanmegin í Búðarhálsi við Sultartangalón. Frá stöðvarhúsi verða lagðar flutningslínur að tengivirkjum við Sultartangavirkjun og Sigölduvirkjun. Heildarkostnaður án virðisaukaskatts fyrir 100

MW virkjun er áætlaður um 12.400 millj. kr. á verðlagi í janúar 1998. Framkvæmdatími er áætlaður þrjú til fjögur ár. Miðlunarlón virkjunarinnar nær yfir eyrar Köldukvíslar og Sporöldukvíslar, en lítillega vatnar yfir gróður að austan- og norðanverðu. Miðlunarrými lóns verður um 26 Gl. Flatarmál lónsins verður um 7 km^2 og flatarmál gróðurs, sem fer undir lón verður um 1 km^2. Gert er ráð fyrir að leggja veg um Búðarháls og brúa Tungnaá neðan miðlunarlónsins. Helstu veitumannvirki verða neðan jarðar og gert er ráð fyrir að meginhluti efnis í stíflur verði tekinn úr væntanlegu miðlunarlóni og jarðgöngum. Röskun á landi við gerð mannvirkja verður því haldið í lágmarki. Unnið er að skýrslu um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Þess er að vænta að skýrslu um matið verði komið til skipulagsstjóra fyrri hluta árs 1999.

5.3 Villinganesvirkjun.

Árið 1977 kom út skýrsla á vegum Orkustofnunar um verkhönnun virkjunar Héraðsvatna í Skagafirði við Villinganes. Þar er gert ráð fyrir 30 MW virkjun með áætlaða 180 GW-stunda orkuframleiðslu á ári. Virkjunin er sem næst hrein rennslisvirkjun með 59 m^3/s virkjað rennsli og 62,7 m^3/s meðalrennsli. Vatnamælingar sem stundaðar hafa verið lengi á þessu svæði sýna að vetrarrennsli er mjög jafnt og lindarþáttur sterkur á vetrum. Gert er ráð fyrir að gerð verði um 900 m löng og 60 m há jarðstífla um 2 km neðan við ármót Austari- og Vestari-Jökulsár á móts við bæina Villinganes og Tyrfingsstaði. Ofan stíflunnar kemur til með að myndast 33,5 Gl lón sem áætlað er að nái nokkuð upp fyrir ármótin. Stöðvarhús Villinganesvirkjunar er fyrirhugað í gilbotninum neðan við stífluna. Heildarkostnaður við 30 MW virkjun við Villinganes er áætlaður 4.185 millj. kr. án virðisaukaskatts á verðlagi í janúar 1998. Áður en tekin verður ákvörðun um framkvæmdir við Villinganesvirkjun verður að endurreikna orkugetu virkjunarinnar með tilliti til nýrra rennslisraða og breytinga á raforkumarkaði, en líkur eru á að orkugetan hafi frekar aukist frá fyrra mati. Samhliða þarf að meta aflstærð virkjunarinnar ásamt stærð á lóni og nýtingu þess. Enn fremur verður hönnun Villinganesvirkjunar endurskoðuð, en framfarir í jarðgangagerð, verktækni o.fl. geta haft áhrif á útfærslu hennar enda þótt ekki sé gert ráð fyrir verulegum breytingum á fyrirhuguðum mannvirkjum. Þá er nauðsynlegt að meta umhverfisáhrif virkjunarinnar. Þegar endurskoðuð hönnun liggur fyrir þarf að meta hagkvæmni virkjunarinnar að nýju. Að lokum verður að gera nýja verkáætlun sem tekur mið af framkvæmdatíma virkjunar, markaðsaðstæðum og öðrum þáttum sem hafa áhrif á endanlega tímasetningu hennar. Gert er ráð fyrir að liðlega eitt ár fari í frekari undirbúning undir Villinganesvirkjun, en framkvæmdir geti hafist vorið 2000 og virkjunin tekið til starfa haustið 2002.

Aðrar hugmyndir um útfærslu virkjunar hafa komið fram. Þannig hefur Orkustofnun bent á að með löngum frárennslisgöngum megi nýta a.m.k. 50 m fall neðan eldri virkjunartilhögunar. Villinganesvirkjun yrði þá stækkuð með göngum undir Norðurárdal og út með Blönduhlíð, jafnvel út fyrir Miklabæ. Inn í göngin yrði tekið vatn úr Norðurá í skurði og göngum frá stíflu um 1 km innan við bæinn Egilsá. Inntak vatns úr Héraðsvötnum yrði á sama stað og fyrir eldri útfærsluna, þ.e. við Villinganes, en stöðvarhús yrði í landi Flatatungu. Áætlað er að orkuframleiðsla þessarar virkjunar gæti verið um 570 GW-stundir á ári og 90–100 MW að afli. Við þessa útfærslu mundi 15–20 km kafli af Héraðsvötnum neðan Villinganess verða vatnslaus drjúgan hluta af árinu. Rafmagnsveiturnar mæla ekki með þessari útfærslu. Hún hefði í för með sér meiri umhverfisáhrif. Sú útfærsla hentar einnig illa gagnvart almenna raforkumarkaðnum, svo og vegna flutningstakmarkana sem eru nú þegar til staðar í aðalflutningskerfi raforkukerfis landsins. Þrátt fyrir að minni virkjun verði byggð á næstu árum útilokar það ekki að Flatatunguvirkjunin verði byggð síðar meir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að ný grein, 1. gr., bætist við lögin. Í 1. mgr. hennar er iðnaðarráðherra heimilað að veita leyfi til að reisa og reka framangreindar virkjanir. Gert er ráð fyrir að Landsvirkjun verði veitt verði heimild til að reisa og reka tvær vatnsaflsvirkjanir, Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli og Búðarhálsvirkjun með allt að 120 MW afli.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi sem þær eiga aðild að verði veitt heimild til að reisa og reka Villinganesvirkjun. Í núgildandi lögum um raforkuver er heimild til handa ríkisstjórninni til að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka ýmsar virkjanir, þar á meðal Villinganesvirkjun. Sú heimild var nýtt með samningi milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982.

Í 3. mgr. er kveðið á um að áður en ráðherra gefur út virkjunarleyfi á grundvelli heimilda samkvæmt greininni skuli liggja fyrir mat á umhverfisáhrifum. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að leyfi samkvæmt öðrum lögum þurfi að liggja fyrir. Má sem dæmi nefna að virkjunarleyfi á þjóðlendu eru háð leyfi forsætisráðherra, sbr. ákvæði laga um þjóðlendur. Loks er iðnaðarráðherra veitt heimild til að setja nánari skilyrði í virkjunarleyfi.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er lagt til að fellt verði brott ákvæði til bráðabirgða I um tiltekna orkuöflun í tengslum við samningaviðræður við ATLANTAL-aðilanna um álver, en sem kunnugt er hefur ekki orðið af framkvæmdum við álverið og það er nú úrelt. Með lögum nr. 74/1990 var fellt brott ákvæði laga um raforkuver frá 1981 og þingsályktunar um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu, sem samþykkt var á Alþingi 6. maí 1982 með vísun til laganna, þess efnis að Fljótsdalsvirkjun skyldi verða næsta stórvirkjun á eftir Blönduvirkjun, en þess í stað er lögð áhersla á að röð framkvæmda skuli ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar þannig að tryggt verði hæfilegt jafnvægi orkuframboðs og eftirspurnar á sem hagkvæmastan hátt. Það varð fyrst endanlega ljóst að Fljótsdalsvirkjun yrði ekki næsta stórvirkjun á eftir Blönduvirkjun þegar orkuöflunarframkvæmdir vegna stækkunar á álverksmiðju Ísals í Straumsvík hófust seint á árinu 1995 og tók undirbúningur virkjunarinnar mið af því.

Um 3. gr.

Lagt er til að við gildistöku laganna falli niður heimild Landsvirkjunar til að reisa og reka Villinganesvirkjun samkvæmt lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983. Er þetta til samræmis við fyrirhugaða breytingu skv. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

Greinargerð Landsvirkjunar um Vatnsfellsvirkjun.

(13. nóvember 1998.)

Þórisvatnsmiðlun var byggð á árunum 1970–72 í tengslum við virkjun Þjórsár við Búrfell. Kaldakvísl var stífluð við Sauðafell og veitt um skurð inn í Þórisvatn og fyrra afrennsli vatnsins, Þórisós, var jafnframt stíflað.

Nýtt útrennsli Þórisvatns var gert við suðurenda vatnsins með vesturhlíð Vatnsfells. Grafinn var veituskurður út úr vatninu og byggt steypt lokuvirki í skurðinum til stjórnunar á rennsli úr vatninu. Veitan var nefnd Vatnsfellsveita og um hana er miðluðu rennsli úr Þórisvatni veitt til Krókslóns ofan Sigölduvirkjunar og þaðan til annarra virkjana neðar á vatnasviðinu.

Við gerð mynsturáætlunar um orkunýtingu á vatnasviði Þjórsár, sem út kom árið 1980, var gerð tillaga um virkjun í farvegi Vatnsfellsveitu um 2 km neðan við lokuvirkið. Verkhönnun 100 MW virkjunar á þeim stað var lokið árið 1984.

Á árinu 1997 var lokið við endurskoðun á verkhönnun 140 MW virkjunar. Nú er miðað við að virkjunin verði um 90 MW án veitu frá Norðlingaöldulóni. Meðalrennsli til virkjunarinnar er um 80 m^3/sek. en virkjað rennsli um 160 m^3/sek. Hins vegar er endanleg stærð virkjunar venjulega ekki ákveðin fyrr en að loknum nákvæmum athugunum eftir að tilboð í mannvirki og búnað liggja fyrir og upplýsingar um raforkumarkað. Aflið getur þess vegna breyst og orðið allt að 110 MW.

Í stuttu máli er tilhögun virkjunar sem hér segir (mynd 1). Byggð verður um 980 m löng stífla yfir veitufarveginn og ofan við hana myndast lítið uppistöðulón. Stíflan verður grjótstífla með steyptri klæðningu vatnsmegin. Í veitufarveginum undir stíflunni verður byggð botnrás þannig að veita megi vatni niður farveginn fram hjá virkjuninni. Auk þess er gert ráð fyrir steyptri yfirfallsrennu yfir stífluna niður í veitufarveginn til öryggis við óvæntar rennslisbreytingar. Úr lóninu mun liggja um 700 m aðrennslisskurður fram eftir höfða austan veitunnar að steyptu inntaksvirki á brekkubrún. Frá inntaki verður vatninu veitt í tveimur 126 m löngum stálpípum að stöðvarhúsi neðan höfðans og þaðan um 2 km langan frárennslisskurð að Krókslóni. Í stöðvarhúsi er áætlað að verði tveir hverflar af Francis-gerð um 45 MW hvor ásamt tilheyrandi vél- og rafbúnaði. Tengivirki stöðvar verður innan húss og spennar í sérstöku rými. Frá stöðvarhúsi verður reist 220 kV flutningslína að tengivirki við Sigölduvirkjun. Aðkomuvegur að stöðvarhúsi verður lagður austan við frárennslisskurð virkjunar. Byggð verður brú á frárennslisskurðinn rétt ofan við Krókslón og tengist aðkomuvegurinn við Sprengisandsleið 4 km ofan við Sigölduvirkjun.

Heildarkostnaður án virðisaukaskatts fyrir 90 MW virkjun er áætlaður um 8.600 millj. kr. á verðlagi í janúar 1998. Framkvæmdatími að gangsetningu fyrri vélar er áætlaður um þrjú ár. Áætlað er að vinna við framkvæmdirnar á verkstað fyrir 90 MW virkjun nemi um 400 ársverkum. Með byggingu Vatnsfellsvirkjunar, án veitu frá Norðlingaöldulóni, er áætlað er orkugeta raforkukerfisins aukist um allt að 430 GWst á ári.

Rekstur Vatnsfellsvirkjunar verður með þeim hætti að virkjunin verður nær eingöngu í rekstri þann hluta ársins, sem miðluðu vatni er veitt úr Þórisvatni. Því er gert ráð fyrir að virkjunin verði ekki í rekstri hluta úr sumri, þegar álag í raforkukerfinu er minnst. Daglegu eftirliti og viðhaldi Vatnsfellsvirkjunar verður sinnt frá Hrauneyjafossvirkjun, virkjuninni verður fjarstýrt frá stjórnstöð Landsvirkjunar og verður hún því að öðru jöfnu mannlaus.

Helstu kennitölur


Rennsli	
Vatnasvið	2.500 km^2
Meðalrennsli án Norðlingaölduveitu	80 m^3/sek.
Virkjað rennsli	160 m^3/sek.
Afl og orka	
Hönnunarfallhæð	65 m
Afl véla, gerð Francis	2 x 45 MW
Orkugeta	430 GWst/ári
Stíflur og lón	
Venjulegt rekstrarvatnsborð	563,0 m y.s.
Miðlunarrými	3,2 Gl
Flatarmál Vatnsfellslóns	0,6 km^2
Lengd stíflu	980 m
Vatnsvegir	
Aðrennslisskurður, lengd	700 m
Frárennslisskurður, lengd	2.000 m
Stöðvarhús og búnaður	
Stærð stöðvarhúss	1.300 m^2
Tengivirki, gerð	SF_6
Aðalspennar, 2 stk.	2 x 50 MVA

Umhverfisáhrif.

Veitulón virkjunarinnar verður í núverandi veituskurði frá Þórisvatni að Krókslóni. Lónstæði er um 0,6 km^2 að flatarmáli, gróðurlítið og þakið möl og sandi. Gróðurröskun vegna annarra mannvirkja á svæðinu er lítil. Helstu umhverfisáhrif verða vegna röskunar á landi við efnisnámur á byggingartíma. Hluti efnisins verður tekið úr skurðum og nýtt til fyllingar. Nokkur breyting kann að verða á grunnvatnshæð við inntakslónið í aðliggjandi móbergsöldum. Þá mun vegslóðin frá Vatnsfellslokuvirki að Veiðivötnum og í Jökulheima fara undir lón á kafla og verður gerð ný slóð ofan lónsins. Jafnframt verður gerð vegtenging frá aðkomuvegi virkjunar inn á Veiðivatnaveg.

Unnið er að skýrslu um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Þess er að vænta að skýrslu um matið verði komið til skipulagsstjóra í nóvember 1998.

Mynd 1.


Vatnsfellsvirkjun
90 MW
Fellsenda-vatn
Inntakslón
563 m y.s.
Krókslón
498 m y.s.
Lænufell
Stöðvarhús
Skurður
Hjáveita
Háspennulína að Sigöldu
Vatnsfells-veita
Lokuvirki
Sprengisandsleið
Vatnsfell
Þórisvatn
577 m y.s.
0 0,5 1 km
m y.s.
580
560
540
520
500
480
460
Aðrennslisskurður
Inntak
563 m y.s.
Þrýstipípa
Stöðvarhús
498 m y.s.
Frárennslisskurður
0
50
100
150
200
250
300
350 m

Fylgiskjal II.

Greinargerð Landsvirkjunar um Búðarhálsvirkjun.

(11. nóvember 1998.)

Búðarhálsvirkjun (mynd 2) nýtir rennsli og fall Tungnaár og Köldukvíslar neðan Hrauneyjafossvirkjunar að Sultartangalóni. Núverandi tilhögun virkjunar var kynnt í mynsturáætlun um orkunýtingu á vatnasviði Þjórsár, sem út kom árið 1980. Frumhönnun Búðarhálsvirkjunar með því sniði sem gert var ráð fyrir í mynsturáætlun var gerð árið 1989 og er sú tilhögun talin hagkvæmust og hafa minnst umhverfisáhrif þeirra tilhagana, sem skoðaðar hafa verið. Verkhönnun virkjunarinnar er að mestu lokið. Miðað er við að virkjunin verði um 100 MW. Fallið eru um 40 m og virkjað rennsli um 325 m^3/sek. Hins vegar er endanleg stærð virkjunar venjulega ekki ákveðin fyrr en að loknum nákvæmum athugunum eftir að tilboð í mannvirki og búnað liggja fyrir og upplýsingar um raforkumarkað. Aflið getur þess vegna breyst og orðið allt að 120 MW.

Í stuttu máli er tilhögun virkjunar sem hér segir. Kaldakvísl verður stífluð rétt ofan við ármót hennar og Tungnaár. Stíflan mun liggja meðfram Tungnaá yfir núverandi frárennslisfarveg Hrauneyjafossvirkjunar. Þannig myndast um 7 ferkílómetra uppistöðulón sem nær upp að Þóristungum. Stíflan verður hefðbundin jarðstífla með þéttikjarna úr jökulruðningi í miðju. Gert er ráð fyrir að umframrennsli frá Hrauneyjafosslóni verði veitt úr Tungnaárfarvegi inn í miðlunarlón virkjunarinnar. Úr lóninu verður vatninu veitt um aðrennslisskurð og þaðan um 4 km löng aðrennslisgöng að stöðvarhúsi ofan jarðar vestanmegin í Búðarhálsi við Sultartangalón. Í stöðvarhúsi er áætlað að verði hverfill af Kaplan-gerð um 100 MW ásamt tilheyrandi vél- og rafbúnaði. Aðalspennar verða staðsettir framan við stöðvarhúsið en tengivirki verður í sérstöku húsi sem verður staðsett um 100 m vestan við stöðvarhúsið. Virkjunarmannvirki verða í um 10 km fjarlægð frá Hrauneyjafossvirkjun og varanleg vegtenging á milli virkjananna verður um Búðarhálsinn. Eftirliti og viðhaldi verður sinnt frá Hrauneyjafossvirkjun. Virkjuninni verður fjarstýrt frá stjórnstöð Landsvirkjunar og mannvirkin því að öðru jöfnu mannlaus. Frá virkjuninni verður reist flutningslína að fyrirhuguðu tengivirki við Sultartangavirkjun. Einnig er gert ráð fyrir að stöðin tengist Sigölduvirkjun með háspennulínu.

Heildarkostnaður án virðisaukaskatts fyrir 100 MW virkjun er áætlaður um 12.400 millj. kr. á verðlagi í janúar 1998. Framkvæmdatími er áætlaður þrjú til fjögur ár. Áætlað er að vinna við framkvæmdir á verkstað nemi um 500 ársverkum. Með byggingu Búðarhálsvirkjunar er áætlað að orkugeta raforkukerfisins aukist um 520 GWst á ári.

Helstu kennitölur


Rennsli	
Vatnasvið	5.400 km^2
Meðalrennsli	190 m^3/sek.
Virkjað rennsli	325 m^3/sek.
Afl og orka	
Hönnunarfallhæð	35 m
Aflvél, gerð Kaplan	100 MW
Orkugeta	520 GWst/ári
Stíflur og lón	
Venjulegt rekstrarvatnsborð	337 m y.s.
Miðlunarrými	26 Gl
Flatarmál lóns	7 km^2
Lengd stíflu	1.800 m
Vatnsvegir	
Aðrennslisskurður, lengd	400 m
Aðrennslisgöng, lengd	4,0 m
Stöðvarhús og búnaður	
Stærð stöðvarhúss	1.300 m^2
Tengivirki, gerð	SF_6
Aðalspennar, 3 stk. einfasa	111 MVA

Umhverfisáhrif.

Virkjunin nýtir fallið frá frárennslisskurði Hrauneyjafossvirkjunar að Sultartangalóni. Staðsetning og gerð helstu mannvirkja er ákveðin og umhverfisleg áhrif virkjunarinnar því ljós í meginatriðum. Miðlunarlón virkjunarinnar nær yfir eyrar Köldukvíslar og Sporðölduvíslar, en lítillega vatnar yfir gróður að austan- og norðanverðu. Miðlunarrými lóns verður um 26 Gl, flatarmál lónsins verður um 7 km^2 og flatarmál gróðurs, sem fer undir lón verður um 1 km^2. Gert er ráð fyrir að byggja veg um Búðarháls og reisa brú yfir Tungnaá neðan miðlunarlónsins. Helstu veitumannvirki verða neðan jarðar og gert er ráð fyrir að meginhluti efnis í stíflur verði tekinn úr væntanlegu miðlunarlóni og jarðgöngum. Röskun á landi við gerð mannvirkja verður því haldið í lágmarki.

Unnið er að skýrslu um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Þess er að vænta að skýrslu um matið verði komið til skipulagsstjóra fyrri hluta árs 1999.

Mynd 2.


Búðarhálsvirkjun
100 MW
N
Skúmstungna heiði
Skúmstungur
Sandafell
Aðrennslisgöng Sultartangavirkjunar
Stöðvarhús
Aðrennslisgöng
Búðarháls
Tungnaá
Hrauneyjafoss-virkjun
Tungnaá
Skurðir
Göng
Stíflur
0 1 2 km
m y.s.
380
360
340
320
300
280
260
Sultartanga-lón
297
Stöðvarhús
Inntak
343
Jöfnunar-hró
333
340
Aðrennslisgöng
4,2 km
4,1
4,0
3,9
Sporöldu-lón
337
316
0,1
0

Fylgiskjal III.

Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.

Greinargerð Rafmagnsveitna ríkisins um Villinganesvirkjun.
(September 1998.)

1 Inngangur

Skýrsla um verkhönnun Villinganesvirkjunar í Héraðsvötnum kom út árið 1977. Skýrslan var gerð fyrir Orkustofnun af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Áður höfðu farið fram nokkuð ítarlegar rannsóknir á jarðlögum og mögulegu byggingarefni, og virkjunarsvæðið hafði verið kortlagt í mælikvarða 1:2.000.

Fallhæð virkjunarinnar fékkst að mestu með stíflu í árfarveginum, og varð raunfallhæð um 58 m með tilhögun verkhönnunar. Virkjað rennsli var ráðgert 59 m^3/s og uppsett afl 30 MW. Orkugeta í samtengdu landskerfi var metin um 180 GWh/a. Hagkvæmt gæti orðið að setja upp meira afl en 30 MW, einkum ef gert er ráð fyrir vatnsmiðlun í tengslum við síðari virkjun ofar á vatnasviðinu sem auka myndi afkastagetu Villinganesvirkjunar. Áður en til slíkrar vatnsmiðlunar kemur nýtist aukið afl sem toppafl auk þess að skila meiri orkuvinnslu hluta úr ári.

Samfelldar vatnamælingar hafa staðið yfir síðan 1971 bæði í Austari Jökulsá við Skatastaði (vhm 144) og í Vestari Jökulsá við Goðdali (vhm 145). Þekking á rennslisháttum Héraðsvatna við Villinganes er því mun haldbetri nú en þegar unnið var að verkhönnun virkjunarinnar á áttunda áratugnum. Undanfarið hefur á Orkustofnun verið unnið að gerð afrennslislíkans af vatnasviðum Jökulsánna beggja til að treysta grundvöll áætlana um orku hugsanlegra virkjana, bæði við Villinganes og ofar á vatnasviðinu. Líkangerðinni er nú að ljúka. Fyrirliggjandi niðurstöður benda ekki til að verulegar breytingar verði á áætlaðri orku Villinganesvirkjunar.

Virkjun við Villinganes verður því sem næst hrein rennslisvirkjun þar sem nýtanleg miðlun verður aðeins um 13 Gl. Vetrarrennsli er mjög jafnt og tiltölulega mikið, og er rekstraröryggi því talið fullnægjandi.

2 Lýsing mannvirkja

Lega virkjunarstaðarins í innanverðum Skagafirði og vatnasvið virkjunarinnar á hálendinu norðan Hofsjökuls er sýnt á teikningu 2.01 og yfirlitsmynd af virkjunarsvæðinu á teikningu 2.02.

Héraðsvötn eru stífluð um 2 km neðan ármóta Jökulsánna. Vötnin renna þarna eftir gljúfri með um það bil 0,5 % halla, en fossar eða flúðir eru ekki á þessum slóðum. Fallhæð virkjunarinnar skapast því einvörðungu við þá vatnsborðshækkun sem af stíflugerðinni leiðir auk nokkurrar dýpkunar á farvegi neðan stíflunnar. Af um 59 m heildarfallhæðar fást um 55 m með stíflunni en um 4 m með dýpkun farvegar. Hvorttveggja var á sínum tíma ákvarðað með hagkvæmnisreikningum.

Inntakslónið verður um 1,7 km^2 að flatarmáli og rúmar um 33,5 Gl með vatnsborði í yfirfallshæð (151,8 m y.s.). Lónið er of lítið til rennslismiðlunar að marki umfram dægursveiflur og er því hagkvæmast að halda vatnsborði að jafnaði sem hæstu. Möguleikinn á niðurdrætti er þó mikilvægur til að tryggja full afköst virkjunarinnar um stundarsakir þegar aðrennsli er í lágmarki. Þannig má t.d. halda 30 MW afli í um það bil 5 sólarhringa með 13 Gl miðlun þegar lágrennsli er í vötnunum. Svarar það til rúmlega 9 m niðurdráttar í lóninu.

Virkjunartilhögun var í aðaldráttum ráðgerð eins og lýst er hér á eftir, en þar sem meira en tveir áratugir eru liðnir frá verkhönnun er líklegt að endurskoðun geti leitt til ýmissa minni háttar breytinga á fyrirhuguðum mannvirkjum.

2.1 Stífla

Aðalstíflan í árfarveginum er jarðstífla með þéttikjarna úr jökulruðningi (mórenu), og minni jarðstífla verður yfir mýrarsund í gömlum farvegi vestan árinnar. Steypt yfirfall verður á flötu klapparholti vestan ár og loks verður lítil jarðstífla í lægð austan við yfirfallið. Heildarlengd á jarðstíflum verður um 900 m og mesta hæð um 60 m. Krónuhæð jarðstíflu var ráðgerð 156,5 m y.s., krónubreidd 6,0 m, fláar 1:1,7 að vatni og 1:1,5 frá vatni.

Rannsóknir á tiltækum jarðefnum hafa bent til að allt efni til stíflugerðar sé nærtækt. Í þéttikjarna var gert ráð fyrir að nota mórenu, sem víða má finna báðum megin árinnar. Í malarsíur og stoðfyllingu var ráðgert að nota árnöl af eyrum við Norðurá, en einnig kann að vera mögulegt að nota efni sem grafið verður úr frárennslisskurði í farveginum neðan stíflunnar. Grjót í fláavörn stíflunnar var áformað að fá úr sprengingum fyrir öðrum mannvirkjum.

Rannsóknarboranir bentu til að bergið sem stíflan mun standa á sé mjög þétt, en í farveginum sjálfum er allþykkt lag af hnullungamöl, hálfsamlímdum setlögum og e.t.v. mórenu. Gert var ráð fyrir þéttiskurði (leðjuskurði) niður í gegnum þessi lög.

2.2 Yfirfall

Yfirfalli var valinn staður á flötum klöppum vestan ár, en allþykk laus yfirborðslög þekja berggrunninn þar á kafla. Það skyldi byggt sem steypt þungastífla, 200 m langt, krónuhæð 151,8 m y.s. og mesta hæð um 7 m á um 80 m löngum kafla. Hönnunarflóð var ákveðið 1800 m^3/s, sem yfirfallið getur flutt með vatnsborði lóns í 154,5 m y.s., en yfirfallið á að geta flutt allt að 2.500 m^3/s í skamman tíma án þess að stíflum sé hætta búin. Neðan yfirfalls lendir flóðvatn í fornum farvegi, að hluta til jarðvegsfylltum og uppgrónum, en það skilar sér aftur niður í árgljúfrið um 1.100 m neðan stíflu. Á svæðinu sem flóðvatn fer yfir er víðast allþykkur jarðvegur, að hluta til ræktað land frá Villinganesi. Jarðvegur sem ekki verður grafinn og fluttur úr flóðfarveginum mun að verulegu leyti skolast burt með flóðvatni.

2.3 Inntak aðrennsli og botnrás

Botnrásargöng eru sprengd inn undir vesturbakka gljúfursins í sveig fram hjá stíflu- og stöðvarhússtæði. Þau verða um 270 m löng, 72,7m^2 að þverskurðarflatarmáli. Hvelfing er bogadregin en neðri hluti rétthyrningur, breidd 7,5 m en hæð í miðju 10,5 m. Um 30 m frá efri gangamunna var gert ráð fyrir steyptu inntaki með fölsum fyrir lokubúnað og inntaksrist. Brautir fyrir loku og rist liggja lóðrétt upp eftir sprengdum stokki upp á yfirborð ofan vatnsborðs í lóninu. Þar var gert ráð fyrir húsi með rafknúnu spili sem lyft gæti bæði loku og rist. Hæð inntaksbotns er 97 m y.s. og var gert ráð fyrir 3% halla þaðan að útstreymisopi ganganna þar sem lokubúnaði botnrásarinnar er komið fyrir. Gert var ráð fyrir vökvadrifinni aðalloku (geiraloku), 3,6x2,5 m^2 að flatarmáli og renniloku ofan við hana til vara. Þá tekur við opinn botnrásarskurður með botnhæð 90 m y.s. og botnbreidd 7,5 m.

Rannsóknir bentu til að göngin lægju í traustum berglögum og var ekki gert ráð fyrir fullri steypufóðrun nema á stuttum kafla neðst þar sem bergþekja var ekki talin nægileg fyrir ófóðruð göng.

Aðrennsli að stöðvarhúsi var ráðgert um hliðargöng frá botnrásargöngunum, sem yrðu um 24 m löng, fóðruð með innsteyptri 3,6m víðri stálpípu.

2.4 Stöðvarhús, vélar og rafbúnaður

Stöðvarhúsi var valinn staður niðri í árgilinu að vestanverðu, rétt neðan stíflunnar. Það er ofanjarðar af venjulegri gerð, en sprengt nokkuð inn í gljúfurbakkann. Stöðvarhúsið er á þremur hæðum neðan yfirborðs jarðar, neðst er hverflahæð, þá rafalahæð og efst vélasalur. Á jarðhæðinni í 102,8 m y.s. er hlaðrými með aðstöðu til uppsetningar á vélabúnaði, en hlaðrýmið nær aðeins yfir nokkurn hluta af grunnfleti hússins, sem er 14,0x22,5 m² ofan jarðhæðar.

Gert var ráð fyrir sérstöku tvílyftu þjónustuhúsi byggðu við suðausturgafl stöðvarhússins. Þar var auk almennrar aðstöðu fyrir starfsmenn gert ráð fyrir skrifstofu og stjórnherbergi stöðvarinnar.

Ráðgerð var virkjun með einni 30 MW vélasamstæðu. Vatnsvél verður Francishverfill á lóðréttum ás, og var reiknað með snúningshraða 250 sn/min. Hæð á miðlínu snigils var sett 90 m y.s., 3 m undir venjulegu undirvatni við fullt álag. Ráðgert var að allur raf- og vélbúnaður yrði hefðbundinn, þar með útitengivirki, en nú yrði líklega fremur hafður SF6 rofabúnaður inni. Reiknað var með einni 132 kV háspennulínu frá virkjuninni til tengingar við byggðalínuna í mynni Norðurárdals.

2.5 Vegagerð o.fl.

Vegasamband við virkjunarsvæðið var ráðgert austan frá af veginum fram Kjálka. Vegalengdin á hringveginn í mynni Norðurárdals er um 5 km, en þaðan eru um 45 km til Sauðárkróks og 70km til Akureyrar. Gert var ráð fyrir vegagerð niður í gljúfrið að stöðvarhússtæðinu af aðalveginum um 600 m norðan eyðibæjarins á Tyrfingsstöðum. Þessi heimreið yrði um 500 m löng með 12,5% halla lengst af. Einnig var ráðgerður vegur af aðalveginum yfir stífluna út á vesturbakka gljúfursins.

Reiknað var með tveimur íbúðarhúsum fyrir gæslumenn stöðvarinnar, og var þeim valinn staður austan ár, skammt neðan tófta Tyrfingsstaðabæjarins.

3 Orkuvinnsla

Orkuvinnslugeta Villinganesvirkjunar var í verkhönnun áætluð um 180 GWh/a og hafa seinni athuganir ekki breytt þeirri niðurstöðu svo nokkru nemi. Þetta er sú orkuviðbót sem virkjunin skilar inn í virkjanakerfi landsins. Virkjunin sjálf gæti þó framleitt nokkru meira að jafnaði, en í samrekstri heildarkerfisins myndi orkuvinnsla annarra virkjana þá minnka að sama skapi þar sem markaðurinn takmarkar vinnsluna í heild.

Með miðlun við Austurbug, í tengslum við virkjun Jökulsánna niður af hálendinu, eykst orkuvinnsla Villinganesvirkjunar, og verða þær framkvæmdir því hagkvæmari ef Villinganesvirkjun er komin áður. Til þess að nýta þessa framtíðarmöguleika til fulls

þarf afl Villinganesvirkjunar að vera meira en 30 MW, og er líklegt að 35 – 40 MW geti orðið hagkvæm virkjunarstærð.

Þegar rennslisraðir Jökulsánna samkvæmt nýju afrennslislíkani liggja fyrir þarf að endurreikna orku virkjunarinnar. Þá verða einnig notaðar nýjar rennslisraðir af vatnasviði Þjórsár og Tungnaár samkvæmt endurskoðuðu afrennslislíkani af vatnasviðum þeirra vatnsfalla. Þar mun sumarrennsli nú reiknast heldur minna að jafnaði en áður, og er líklegt að það út af fyrir sig verði fremur til að auka en minnka orku frá Villinganesvirkjun.

4 Helstu einkennisstærðir

Vatnasvið		
Austari Jökulsá við Skatastaði (vhm 144)	1.100	km²
Vestari Jökulsá við Goðdali (vhm 145)	808	hm²
Vatnasvið Villinganesvirkjunar	2.050	km²
Rennsli		
Meðalrennsli til virkjunar	62,7	m³/s
Hönnunarflóð (áætlað)	1.800	m³/s
Aftakaflóð (áætlað)	2.500	m³/s
Inntakslón		
Flatarmál við yfirfallshæð 151,8 m y.s.	1,7	km²
Rúmmál við yfirfallshæð	33,5	Gl
Miðlunarrými frá 151,8 að 142,5 m y.s.	13,0	Gl
Yfirfall		
Lengd	200	m
Krónuhæð	151,8	m y.s.
Vatnsborð í lóni við 1.800 m³/s rennsli	154,5	m y.s.
Jarðstíflur		
Heildarlengd	900	m
Krónuhæð	156,5	m y.s.
Krónubreidd	6,0	m
Mesta hæð	60	m
Fláí að vatni	1:1,7	
Fláí frá vatni	1:1,5	
Framhjárennslisgöng		
Lengd	270	m
Þverskurðarflatarmál	72,7	m²
Vatnshraði við fullt álag	0,81	m/s
Stærð botnrásarops	2,5x3,6	m²
Flutningsgeta við vb. 151,8 m y.s.	300	m³/s
Inntak		
Stærð ristaops	6x10	m²
Frárennslisskurður		
Lengd	2.200	m
Botnbreidd	8	m
Vatnshraði við fullt álag	1,3	m/s
Stöðvarhús, ofanjarðar		
Grunnflötur	14,0x22,5	m²
Hæð	30	m

Vélasamstæða		
Francishverfill á lóðréttum ás	1	stk
Virkjað rennsli	59,1	m³/s
Raunfallhæð	58,0	m
Afl	30	MW
Snúningshraði	250	sn/min

Helstu magntölur		
Gröftur	248.000	m³
Sprengingar	100.000	m³
Fyllingar	819.000	m³
Steinsteypa	12.400	m³
Steypumót	17.300	m²
Bendistál	332.000	kg
Pípustál	17.000	kg

5 Kostnaðaráætlun

Áætlaður kostnaður miðast við verðlag í janúar 1998.

Kostnaðaryfirlit

Verkhluti	*Áætlaður kostn. Mkr*
Verkbú	178,3
Stíflur	609,6
Yfirfall	170,1
Inntak og botnrásargöng	234,7
Stöðvarhús, útivirki o.fl.	302,6
Frárennslisskurður	33,8
Vegagerð	65,3
Lokur	91,3
Vélar og rafbúnaður	937,4
VERKKOSTNAÐUR	2.623,1
Ófyrirséður kostnaður um 16,5%	432,1
VERKTAKAKOSTNAÐUR	3.055,2
Hönnunar- og umsjónarkostnaður	436,5
Undirbúningskostnaður	80,5
Annar verkkaupakostnaður	116,4
FRAMKVÆMDAKOSTNAÐUR	**3.688,6**
Fjármagnskostnaður	496,4
HEILDARKOSTNAÐUR ÁN VSK	**4.185,0**


6 Helstu heimildir


Birgir Jónsson o.fl. 1977: *Villinganesvirkjun. Mannvirkjajarðfræði.* Orkustofnun raforkudeild (OS-ROD-7709).


Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 1977: *Virkjun Héraðsvatna II. Hönnunaráætlun um 30 MW virkjun við Villinganes.* Skýrsla samin fyrir Orkustofnun (OS-ROD-7706).


Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982: *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði.* Skýrsla samin fyrir Orkustofnun (OS82047/VOD-08)


Kristinn Einarsson 1995: *Rennslisraðir til rekstrareftirlíkinga samþykktar af rennslisgagnanefnd 1984-94.* Orkustofnun vatnsorkudeild (OS-95051/VOD-08 B)


EYJAFJÖRÐUR
SKAGA-
FJÖRÐUR
HÚNAFLÓI
HOFSJÖKULL
VATNAJÖKULL
ÍSLAND
SKÝRINGAR
N
ORKUSTOFNUN
VILLINGANESVIRKJUN


INNTAKSLÓN
ORKUSTOFNUN
VILLINGANESVIRKJUN
Y=543.000
X=550.000
X=551.000
X=552.000
X=553.000
N



INNTAKSLÓN
Flóðfarvegur
Lón 1,6 km²
ORKUSTOFNUN
VILLINGANESVIRKJUN


N
ORKUSTOFNUN
VILLINGANESVIRKJUN




BOTNRÁSARGÖNG, LANGSKURÐUR


10 0 10 20 30 40 50 m




SNIÐ A-A




SNIÐ B-B




SNIÐ C-C



SNIÐ D-D



SNIÐ E-E



SNIÐ F-F


Hæðartölur eru í m y.s
Önnur mál eru í m

10 0 10 20m

				VST VERKFRÆÐISTOFA SIGURÐAR THORODDSEN hf	ORKUSTOFNUN
					VILLINGANESVIRKJUN
					INNTAK OG BOTNRÁSARGÖNG
					75 318 / 109

Þingskjal 776

2999


ORKUSTOFNUN
VILLINGANESVIRKJUN
STÖÐVARHÚS OG BOTNRÁSARGÖNG
Hlið
Aðkeyrsla
Aðrennslisgöng
Frárennslisgöng
Stöðvarhús
Jarðstrengur
Hérðasvötn
N

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka virkjun fallvatns sem veitt er um Vatnsfellsveitu úr Þórisvatni í Krókslón og virkjun á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls. Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir að heimild Landsvirkjunar til virkjunar við Villinganes í Skagafirði verði felld niður og iðnaðarráðherra verði þess í stað veitt heimild til að veita Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi, sem þær eiga aðild að með aðilum í Skagafirði, leyfi til að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

777. Frumvarp til laga [472. mál]

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar hafa verið í reglugerð iðnaðarráðherra, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara. Um löggildingu skal hafa samráð við menntamálaráðherra og landssamtök meistara og sveina.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Hver maður getur leyst til sín meistarabréf ef hann fullnægir skilyrðum 3. gr., hefur lokið sveinsprófi, unnið síðan undir stjórn meistara í iðngrein sinni eitt ár minnst og jafnframt lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Eigi sveinn ekki völ á starfi undir stjórn meistara í nýrri iðngrein sinni fyrstu fimm árin eftir löggildingu hennar telst tveggja ára starf hans í þeirri grein jafngilt starfi hjá meistara en lögreglustjóri skal gefa viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, kost á að segja álit sitt á því hvort völ sé á slíku starfi. Sama gildir í iðngreinum þar sem ekki er starfandi meistari eða þar sem sveinn á af öðrum ástæðum sannanlega engan kost á starfi undir stjórn meistara.

3. gr.

3. og 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra gefur út sveinsbréf.

Greiða skal gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs fyrir iðnaðarleyfi, meistarabréf og sveinsbréf.

4. gr.

Í stað orðanna „til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs“ í 16. gr. laganna kemur: til missis iðnaðarleyfis, meistarabréfs og sveinsbréfs.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi 2. málsl. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, varðandi reglugerð menntamálaráðherra að því er snertir löggiltar iðngreinar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Markmiðið með frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar er ætlunin að leysa úr vanda sveina við að fá meistarabréf í iðngrein sinni ef eigi er völ á meistara í greininni (breyting á 1. mgr. 10. gr. iðnaðarlaga). Hins vegar er skilið á milli hlutverks menntamálaráðherra varðandi menntun í löggiltum iðngreinum og hlutverks iðnaðarráðherra við að veita mönnum síðan starfsréttindi. Breytingar á löggjöf að þessu leyti er gerð í samvinnu iðnaðarráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að iðnaðarráðherra ákveði í reglugerð hvaða iðngreinar séu löggiltar. Skv. 5. gr. frumvarpsins fellur við gildistöku laga á grundvelli frumvarpsins úr gildi ákvæði í lögum um framhaldsskóla en menntamálaráðherra hefur á grundvelli þess ákveðið í reglugerð hvaða iðngreinar séu löggiltar. Eðlilegra þykir að iðnaðarráðherra taki ákvarðanir þar að lútandi þar eð starfsréttindi í iðnaði heyra undir hann en ekki menntamálaráðherra sem sér hins vegar um menntun þeirra sem starfa í löggiltum iðngreinum. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra hafi samráð við menntamálaráðherra við mat á löggildingu enda getur löggildingin tengst kennslu, t.d. í fámennum iðngreinum, svo og að samráð sé haft við landssamtök meistara og sveina.

Um 2. gr.

1. málsl. er efnislega óbreyttur.

Þegar ný iðngrein er löggilt geta þeir sem fyrstir ljúka sveinsprófi í greininni ekki snúið sér til meistara í greininni og þannig fullnægt því skilyrði 1. mgr. 10. gr. iðnaðarlaga að starfa eitt ár undir stjórn meistara eftir sveinspróf. Það er með öðrum orðum ómögulegt. Úr þessu og jafnvel fleiri tilvikum, þegar ekki er völ á meistara í nýrri iðngrein, svo sem þegar nýr meistari annar ekki eftirspurn frá sveinum í iðngreininni, er ætlunin að bæta í 2. málsl. þessarar greinar frumvarpsins. Þar segir að eigi sveinn ekki völ á starfi undir stjórn meistara í nýrri iðngrein sinni fyrstu fimm árin eftir löggildingu hennar teljist tveggja ára starf hans í iðngreininni, sjálfstætt eða hjá öðrum, jafngilt starfi hjá meistara enda skuli lögreglustjóri í slíkum tilvikum gefa viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, kost á að segja álit sitt á því hvort völ sé á slíku starfi. Samkvæmt þessu miðast 2. málsl. við fyrstu fimm árin eftir löggildingu iðngreinarinnar en eftir þann tíma á 3. málsl. við. Eðlilegt þykir að gera kröfu um tveggja ára starf í þessum tilvikum þar eð ætla má að

starf hjá meistara sé notadrýgra. Þá dregur slíkt skilyrði úr hættu á því að þess sé freistað að sniðganga ákvæðið um árs starf hjá meistara.

Ákvæðum 3. málsl. greinarinnar er ætlað að leysa úr vanda ef ekki er starfandi meistari í iðngrein eða sveinn á af öðrum ástæðum sannanlega engan kost á starfi undir stjórn meistara, svo sem ef meistari í fámennri iðngrein er að vísu til en hann getur ekki, t.d. vegna aldurs eða heilsuleysis, tekið svein til starfa. Hér er eins og í 2. málsl. þörf á tveggja ára starfi og leita skal álits viðkomandi félags iðnaðarmanna.

Stundum getur verið mikið matsatriði hvort völ sé á meistara. Almennt kann að mega líta svo á að völ sé á meistara ef meistari í iðngrein viðkomandi sveins er til hér á landi þannig að leita verði til hans en í sérstökum undantekningartilvikum má þó telja að ekki sé völ á meistara, t.d. ef fyrsti meistari í nýrri iðngrein getur ekki annað eftirspurn af hálfu sveina eða meistari færist undan að taka svein til starfa. Sakir þessara erfiðleika við matið er ráðgert að bæta inn í lögin ákvæði um að lögreglustjóri skuli gefa viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, kost á að segja álit sitt á málum, sbr. samsvarandi ákvæði um álit á viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki skv. 3. mgr. 2. gr. laganna. Ágreining um synjun lögreglustjóra um meistarabréf, að fenginni umsögn iðnráðs að auki í tilvikum sem þessum, getur viðkomandi skv. 12. gr. iðnaðarlaga borið undir iðnaðarráðherra og enn fremur getur hann leitað úrskurðar dómstóla sem hafa síðasta orðið.

Þar eð meistaraskóli er nú ávallt fyrir hendi er núverandi 2. málsl. felldur niður samkvæmt frumvarpinu.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um það að iðnaðarráðherra skuli gefa út sveinsbréf en útgáfa sveinsbréfa er nú í höndum menntamálaráðherra á grundvelli 11. gr. reglugerðar nr. 278/1997, um sveinspróf. Jafnframt er í þessari grein frumvarpsins vísað til þess að samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs skal greiða gjald fyrir iðnaðarleyfi (nú 25.000 kr.), meistarabréf (nú 5.000 kr.) og sveinsbréf (nú 5.000 kr.). Breytist gjaldtaka ekki við flutning á útgáfu sveinsbréfa frá menntamálaráðherra til iðnaðarráðherra.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir nauðsynlegum breytingum á viðurlagaákvæðum 16. gr. iðnaðarlaga vegna ítrekaðs brots á lögunum. Geta slík brot samkvæmt frumvarpinu ekki einungis leitt til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs eins og nú er kveðið á um í iðnaðarlögum heldur einnig missis sveinsbréfs.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildistöku og jafnframt fellt niður ákvæði í lögum um framhaldsskóla, sbr. athugasemd við 1. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978.

Tilgangur frumvarpsins er tvíþættur. Annars vegar að leysa úr vanda iðnsveina við að fá meistararéttindi í iðngrein ef ekki er völ á meistara. Hins vegar að færa veitingu starfsleyfa í löggiltum iðngreinum frá menntamálaráðherra til iðnaðarráðherra.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að umsóknir sveina sem sækja um meistarabréf og ekki eiga völ á að starfa undir stjórn meistara fari til umsagnar hjá viðkomandi félagi iðnaðarmanna, áður en lögreglustjóri gefur út leyfið. Talið er að þetta fyrirkomulag hafi óveruleg áhrif á kostnað ríkissjóðs. Áfram er gert ráð fyrir að greitt sé gjald fyrir iðnaðarleyfi, meistarabréf og sveinsbréf samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, en samkvæmt gildandi lögum er tekið 5 þús.kr. gjald fyrir meistarabréf.

778. Frumvarp til laga [473. mál]

um orkunýtnikröfur.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.
Tilgangur laganna.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að því að orka verði notuð á skynsamlegan og hagkvæman hátt, að dregið verði úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið og stuðlað verði að þróun og notkun orkusparandi búnaðar með því að setja kröfur um orkunýtni tækja, véla og annars búnaðar.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til hvers konar tækja, véla og búnaðar sem nýta orku.

Lögin taka ekki til notaðra tækja, véla eða annars búnaðar.

3. gr.
Skilgreining hugtaka.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Búnaður: Hvers konar tæki eða vélar er nýta orku.

Viðurkenndur skoðunaraðili: Aðili sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til skoðunaraðila og ráðherra hefur tilkynnt að njóti viðurkenningar ráðherra til að taka að sér þær mælingar og prófanir sem lög þessi og reglugerðir sem á þeim byggja kveða á um.

Birgðasali: Framleiðandi búnaðar, viðurkenndur fulltrúi framleiðanda á Evrópska efnahagssvæðinu, innflytjandi búnaðar eða sá sem markaðssetur búnað á efnahagssvæðinu.

Seljandi: Smásöluaðili eða annar sem selur, leigir eða sýnir notendum tæki.

4. gr.

Orkunýtnikröfur.

Iðnaðarráðherra er heimilt með hliðsjón af tilgangi laga þessara að kveða á um í reglugerð hvaða kröfur um orkunýtni tiltekinn búnaður þarf að uppfylla. Heimilt er að banna sölu, leigu eða hvers konar notkun búnaðar sem ekki uppfyllir kröfur um orkunýtni.

Ráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð að innflutningur eða framleiðsla búnaðar til eigin nota skuli lúta sams konar reglum og mælt er fyrir um í 1. mgr.

5. gr.

Merkingar.

Iðnaðarráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð hvaða merkingar og aðrar upplýsingar skuli fylgja búnaði sem uppfyllir kröfur um orkunýtni.

6. gr.

Mælingar og prófanir.

Birgðasali ber ábyrgð á að nauðsynlegar mælingar og prófanir á orkunýtni búnaðar fari fram svo kannað verði hvort búnaður uppfyllir kröfur um orkunýtni sem ákveðnar hafa verið með reglugerð skv. 4. gr. Óheimilt er að hefja sölu á búnaði þar til nauðsynlegar mælingar og prófanir hafa farið fram. Birgðasali ber allan kostnað af framangreindum mælingum og prófunum.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um hvaða aðferðir og staðla skal nota við mælingar og prófanir skv. 1. mgr.

7. gr.

Framkvæmd.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara.

Ráðherra getur falið Löggildingarstofu og öðrum eftirlitsstjórnvöldum að annast eftirlit með því að ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim sé framfylgt.

Við framkvæmd og eftirlit með lögum þessum skal farið að lögum nr. 134/1995 eftir því sem við á.

8. gr.

Upplýsingaskylda.

Birgðasalar og seljendur skulu miðla þeim upplýsingum til eftirlitsaðila samkvæmt 7. gr. sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar lögum þessum.

9. gr.

Refsiákvæði.

Brot á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim varða sektum sem renna í ríkissjóð. Um meðferð slíkra brota fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa frumvarps er að stuðla að bættri nýtingu orku með því að ýta undir þróun og útbreiðslu búnaðar sem nýtir orku vel, þ.e. búnaðar sem notar litla orku í samanburði við afkastagetu. Lögin taka til hvers konar véla, tækja og búnaðar sem nýta orku.

Í samstarfi Evrópuþjóða hefur verið lögð vaxandi áhersla á að draga úr orkunotkun. Í október 1990 setti Evrópubandalagið sér það markmið að koma í veg fyrir aukningu á losun koltvísýrings meðal aðildarríkjanna. Í því augnamiði var svokallaðri SAVE-áætlun hleypt af stokkunum í október 1991. Markmið SAVE-áætlunarinnar er að bæta orkunýtni í aðildarríkjum Evrópubandalagsins. Markmiðum áætlunarinnar hyggst Evrópubandalagið ná með því að leggja áherslu á tvo höfuðþætti. Annars vegar skal setja reglur um orkumerkingar og upplýsingaskyldu í því skyni að tryggja að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um orkunýtni þeirra tækja sem þeim eru boðin til kaups. Hins vegar á að setja reglur um orkunýtni. Fyrra markmið SAVE-áætlunarinnar var ástæða þess að ráðherraráð Evrópubandalagsins setti tilskipun 92/75/EBE um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum en á grundvelli tilskipunar 92/75/EBE hefur framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins sett tilskipanir er varða orkumerkingar kæliskápa, þvottavéla, þurrkara, uppþvottavéla o.fl. Lög um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., nr. 72/1994, byggðust á tilskipun 92/75/EBE. Á grundvelli þeirra laga hefur iðnaðarráðherra sett reglugerðir sem ætlað er að innleiða í íslenska löggjöf fyrrnefndar tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar. Síðara markmið SAVE-áætlunarinnar var grundvöllur þess að ráðherraráð Evrópubandalagsins setti 21. maí 1992 tilskipun 92/42/EBE, um kröfur varðandi orkunýtni nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti. EES-samningurinn skuldbindur okkur til að innleiða í íslenskan rétt tilskipun 92/42/EBE. Evrópusambandið hefur sett tilskipun 96/57/EB um kæliskápa, frystiskápa og sambyggða kæli- og frystiskápa. Þessar tilskipanir verða hluti EES-samningsins. Til að mæta þeirri réttarþróun eru í þessu frumvarpi ákvæði sem veita ráðherra heimild til að mæla fyrir um ákveðnar kröfur um orkunýtni búnaðar. Verður ráðherra þannig heimilt að innleiða áðurnefndar tilskipanir ráðherraráðs Evrópubandalagsins og þær gerðir sem fyrirhugað er að setja um orkunýtnikröfur.

Við undirbúning þessa frumvarps voru höfð til hliðsjónar sambærileg dönsk lög, nr. 94/1994, um kröfur um orkunýtni búnaðar sem notar orku (lov om normer for energieffektivitet i energiforbrugende udstyr).

Lagafrumvarpi þessu er ætlað að veita iðnaðarráðherra heimild til að kveða á um orkunýtni tiltekinna tegunda búnaða. Kröfurnar geta verið um hámarksorkunotkun, ákveðna hönnun eða jafnvel einstaka hluta búnaðar. Kröfurnar skulu miða að því að auka nýtni búnaðar á orku og koma í veg fyrir að búnaður sem nýtir orku illa sé settur á markað. Setji ráðherra kröfur um orkunýtni skal horft til hagrænna sjónarmiða jafnt sem umhverfissjónarmiða. Kröfurnar skulu mótaðar út frá tæknilegum og efnahagslegum möguleikum á orkusparnaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna almenna lýsingu á tilgangi og markmiði laganna. Markmið laganna er að draga úr notkun á búnaði er nýtir orku illa. Þannig verður dregið úr óæskilegum áhrifum á umhverfið um leið og hagkvæmni eykst.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er skilgreint til hvaða búnaðar lögin taka. Gildissvið laganna er nokkuð vítt, en þau taka til hvers konar búnaðar sem notar orku. Í þessu sambandi má þó tala um þrjá höfuðflokka. Í fyrsta lagi má nefna heimilistæki, svo sem sjónvörp, myndbandstæki, útvörp o.fl. Til annars flokksins telst búnaður sem notaður er í þjónustu og verslun, svo sem kælar og frystibúnaður, þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, faxtæki, ljósritunarvélar, tölvur og búnaður tengdur þeim o.fl. Til þriðja flokksins má telja búnað sem notaður er í framleiðsluiðnaði hvers konar, svo sem rafmótora, loftræstibúnað, dælubúnað, katla o.fl. Rétt er að taka fram að bifreiðar og önnur farartæki falla ekki undir ákvæði laganna.

Í samræmi við markmið laganna verða fyrst og fremst gerðar orkunýtnikröfur til búnaðar sem hefur nokkuð almenna útbreiðslu og hefur þannig áhrif á heildarorkunotkun eða til búnaðar þar sem svigrúm er til að bæta orkunýtni verulega. Fyrst og fremst verða gerðar kröfur til orkunýtni búnaðar sem gengur fyrir rafmagni en þó verður heimilt að gera kröfur til búnaðar sem nýtir annars konar orku.

Í 2. mgr. segir að lögin taki ekki til notaðs búnaðar. Í ljósi þess að bæði er erfitt að ákveða hvaða kröfur á að gera um orkunýtni hans og að nokkur verðmæti liggja í notuðum búnaði þótti rétt að láta lögin ekki gilda um hann.

Um 3. gr.

Í greininni eru nokkur grunnhugtök laganna skilgreind. Viðurkenndur skoðunaraðili er aðili sem ráðherra hefur veitt viðurkenningu um að uppfylli þær kröfur sem gerðar verði til skoðunaraðila og tilkynnt hefur verið um að njóti viðurkenningar. Í ljósi þess hve tæknilega flókið er að ákvarða og hafa eftirlit með orkunýtni búnaðar verður ráðherra að gera strangar kröfur til tæknilegrar þekkingar og hæfni þeirra er taka að sér slíka skoðun.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er ráðherra veitt heimild til að mæla fyrir um í reglugerð að gera verði ákveðnar kröfur um orkunýtni búnaðar auk þess að banna sölu, leigu eða hvers konar notkun búnaðar sem ekki uppfyllir kröfur um orkunýtni. Með sölu eða leigu er átt við hvers konar sölustarfsemi eða leigustarfsemi sem stunduð er í atvinnuskyni.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að mæla fyrir um að búnaður sem fluttur er inn til landsins eða framleiddur hér til eigin nota skuli uppfylla sömu kröfur og mælt er fyrir um í 1. mgr.

Þær orkunýtnikröfur sem ráðherra er heimilt að setja skv. 1. mgr. skulu byggðar á raunhæfum möguleikum til að bæta orkunýtni tiltekinnar tegundar af búnaði. Til hliðsjónar skal hafa áhrif orkunýtnikrafna á þjóðarhag, umhverfið, neytendur og atvinnulíf.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild ráðherra til að kveða á um merkingar á þeim búnaði sem uppfyllir kröfur um orkunýtni. Nauðsynlegt er að neytendur eigi greiðan aðgang að upplýsingum um hvort búnaður uppfyllir kröfur um orkunýtni og hversu vel hann nýtir orku. Í ljósi þessa er rétt að ráðherra hafi heimild til að mæla fyrir um slíkar merkingar.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er lögð sú skylda á birgðasala að sjá til þess að gerðar séu nauðsynlegar prófanir og mælingar á búnaði til að kannað verði hvort hann uppfyllir orkunýtnikröfur sem gerðar hafa verið af ráðherra.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að mæla fyrir um í reglugerð hvaða aðferðir og staðla skal nota við mælingar og prófanir á orkunýtni búnaðar. Miðað er við að ef viðurkenndir alþjóðlegir eða samevrópskir staðlar eru til verði við þá miðað. Ef þeir eru hins vegar ekki til eða ef um fleiri en einn er að ræða getur ráðherra mælt fyrir um hvaða staðla eða aðferðir skuli notast við.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að iðnaðarráðherra annast framkvæmd og eftirlit.

Með 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að framselja eftirlitsvald sitt. Er gert ráð fyrir að ráðherra geti falið Löggildingarstofu eða öðrum eftirlitsstjórnvöldum að annast slíkt eftirlit.

Í 3. mgr. segir að framkvæmd og eftirlit með lögum þessum fari að lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

Um 8. gr.

Samkvæmt greininni getur eftirlitsaðili krafist þeirra upplýsinga af birgðasölum og seljendum sem hann telur nauðsynlegar til að móta kröfur um orkunýtni eða framfylgja þeim kröfum sem þegar hafa verið gerðar. Í þessu felst að birgðasölum eða seljendum ber skylda til að koma tæknilegum upplýsingum til ráðherra sem hann telur nauðsynlegar, svo og gögnum er varða framleiðslu eða sölu búnaðar sem gerðar eru um kröfur um orkunýtni eða verið er að undirbúa að setja slíkar kröfur um.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um orkunýtnikröfur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði að skilgreina kröfur um orkunýtingu nýrra tækja, véla og búnaðar. Birgðasali ber ábyrgð á að nauðsynlegar mælingar og prófanir á orkunýtni búnaðar fari fram svo að kannað verði hvort búnaður uppfylli kröfur um orkunýtni sem ákveðnar hafa verið. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra geti falið Löggildingarstofu eða öðrum eftirlitsstjórnvöldum að annast eftirlit með því að ákvæðum laganna verði framfylgt. Við framkvæmd og eftirlit með lögunum er vísað til laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, en þar segir að Löggildingarstofa og önnur eftirlitssjórnvöld fari með opinbera markaðsgæslu. Skulu eftirlitsstjórnvöld að eigin frumkvæði taka til meðferðar mál er varða öryggi vöru og heyra undir eftirlit þeirra.

Faggiltar skoðunarstofur annast framkvæmd eftirlits sem birgðasali greiðir fyrir. Hlutverk Löggildingarstofu er hins vegar yfireftirlit sem felst m.a. í gerð verklags- og skoðunarreglna ásamt eftirliti og úrtaksskoðun á markaði. Í almennum athugasemdum við frumvarpið er greint frá EBE-tilskipunum um orkumerkingar ýmissa heimilistækja en ætlað er að innleiða þær hér á landi. Af því má ráða að fyrst um sinn mun eftirlit með orkunýtni ná til algengra

tækja og búnaðar sem nota rafmagn sem orkugjafa þar sem svigrúm er til að auka heildarorkunýtni verulega. Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að fljótlega þurfi að auka umfang yfireftirlits Löggildingarstofu um allt að einu starfi og er heildarkostnaður áætlaður um 2,5–3 m.kr. þar sem mæling og eftirlit með orkunýtni krefst tæknilegrar þekkingar og flókins búnaðar. Þegar eftirlitið verður skilvirkt og kröfur um orkunýtni ná til véla og tækja sem nýta aðra orkugjafa mun umfang eftirlitsins og kostnaður við það aukast enn frekar.

779. Frumvarp til laga [474. mál]

um yrkisrétt.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Aðili, sem hefur ræktað, eða uppgötvað og þróað, nýtt yrki (afbrigði eða stofn af plöntutegund) eða öðlast rétt hans, yrkishafi, getur samkvæmt lögum þessum öðlast einkarétt til hagnýtingar þess í atvinnuskyni. Réttur til yrkis (yrkisréttur) er veittur á grundvelli umsóknar til yrkisréttarnefndar, sbr. 22. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Yrkisrétt má veita ef yrki er:

1. sérstætt, þ.e. unnt er að greina það frá öðrum yrkjum sem þekkt eru á umsóknardegi, sbr. 2. mgr.;
2. nægilega einsleitt;
3. stöðugt með tilliti til þeirra einkenna sem notuð eru til aðgreiningar þess frá öðrum yrkjum, sbr. 1. tölul., þegar því er fjölgað með þeirri aðferð sem yrkishafi hefur tilgreint; og
4. nýtt, þ.e. efniviður til fjölgunar þess eða uppskera af því hefur ekki, með samþykki yrkishafa, verið seld eða boðin til sölu á almennum markaði ellegar með öðrum hætti framseld til hagnýtingar í atvinnuskyni:
   a. hér á landi lengur en eitt ár; eða
   b. erlendis lengur en fjögur ár, þó í sex ár þegar um er að ræða tré eða vínvið.

Yrki telst þekkt ef það hefur verið selt eða boðið til sölu á almennum markaði, er skráð á opinberum lista eða er almennt þekkt með öðrum hætti. Hafi yrki verið lýst í umsókn um yrkisrétt, einkaleyfisumsókn eða umsókn um skráningu á opinberum lista hér á landi eða í öðru ríki telst það þekkt frá umsóknardegi. Þetta gildir þó einungis hafi áðurnefndar umsóknir leitt til samþykktar.

II. KAFLI
Umsókn.

3. gr

Umsókn um skráningu í yrkisréttarskrá skal skila skriflega til yrkisréttarnefndar.

Í yrkisumsókn skal vera lýsing á yrki og skal sérstaklega tekið fram hvað skilji það frá öðrum yrkjum. Í umsókn skal vera tillaga um heiti yrkis, nafn upphafsmanns yrkis og heimilisfang. Einnig skal þar greina nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda.

Sé umsækjandi annar en upphafsmaður skal hann sýna fram á heimild sína til að sækja um yrkisrétt.

Ef umsækjandi er ekki búsettur eða með aðsetur hér á landi eða í einhverju ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skal hann hafa umboðsaðila sem búsettur er eða hefur aðsetur hér á landi.

Yrkisréttarnefnd getur krafist þess að umsækjandi veiti innan tilskilins frests nauðsynlegar upplýsingar til meðferðar á umsókn. Enn fremur getur nefndin krafist þess að umsækjandi leggi innan tilskilins frests fram gögn og efni til rannsóknar skv. 9. gr.

Umsækjandi skal greiða tilskilið umsóknargjald.

4. gr.

Umsókn, sem telst fullnægjandi, skal þegar við móttöku færð í dagbók yrkisréttarnefndar og afrit umsóknar sent umsækjanda með áritun um færslu í dagbókina.

Dagbókin skal vera aðgengileg almenningi, þó ekki upplýsingar um línur sem mynda blendingsyrki og lýsing á þeim hafi umsækjandi óskað þess að þeim verði haldið leyndum.

5. gr.

Veiti umsækjandi ekki þær upplýsingar eða leggi fram þau gögn og efni sem yrkisréttarnefnd hefur krafist skv. 5. mgr. 3. gr. innan tilskilins frests getur nefndin fellt umsókn úr dagbók.

6. gr.

Frá umsóknardegi hefur umsækjandi rétt til verndar yrkisins fram yfir aðra sem síðar sækja um vernd á sama yrki.

Óski umsækjandi þess getur yrkisréttarnefnd litið svo á að umsóknin hafi verið móttekin samtímis fyrstu umsókn um rétt til yrkis í einhverju aðildarríki Alþjóðasambandsins um vernd nýrra yrkja (UPOV) hafi hún verið lögð inn á síðustu tólf mánuðum fyrir umsóknardag hérlendis. Slík beiðni skal koma fram í umsókn og skal leggja fram sönnun fyrir móttöku fyrstu umsóknarinnar innan þriggja mánaða frá umsóknardegi hérlendis.

7. gr.

Svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur verið færð í dagbók skal yrkisréttarnefnd láta fara fram bráðabirgðarannsókn á því hvort yrki fullnægi skilyrðum verndar.

Telji nefndin eftir þá rannsókn að skilyrðunum sé fullnægt birtir hún tilkynningu um umsóknina í Lögbirtingablaði með áskorun til þeirra er hugsanlega eiga hagsmuna að gæta um að andmæla skráningu yrkisins innan tilskilins frests.

Telji nefndin hins vegar skilyrðum ekki fullnægt skal umsækjanda veittur frestur til athugasemda. Ef athugasemdir hans breyta fyrri niðurstöðu skal tilkynning um umsóknina birt í Lögbirtingablaði.

8. gr.

Ákveði yrkisréttarnefnd á grundvelli andmæla að afskrifa umsókn úr dagbók og hætta við rannsókn skal birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaði.

Yrkisréttarnefnd úrskurðar ekki í málum er varða rétt umsækjanda til yrkis. Nefndin skal benda aðilum á að bera megi ágreining undir dómstóla. Sé nefndinni tilkynnt um málshöfðun skal árita umsóknina þar að lútandi.

III. KAFLI
Rannsókn og skráning.

9. gr.

Áður en yrki getur öðlast vernd, sbr. þó 21. gr., skal yrkisréttarnefnd ganga úr skugga um það, með sérstakri rannsókn ef þörf krefur, að yrkið fullnægi skilyrðum fyrir vernd, sbr. 2. gr., og hvort það búi yfir þeim sérstöku eiginleikum sem nefndir eru í umsókn.

Heimilt er að krefja umsækjanda um gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af rannsókn.

10. gr.

Teljist yrki fullnægja skilyrðum fyrir vernd skal yrkisréttarnefnd skrá það í yrkisréttarskrá með samþykktu yrkisheiti, sbr. 11. gr.

Yrkisréttarnefnd getur hafnað að skrá yrki verði umsækjandi eigi innan tilskilins frests við áskorun nefndarinnar um að gera tillögu um heiti yrkis eða tillögu um nýtt heiti þess telji nefndin fyrirhugað heiti ekki fullnægja settum skilyrðum.

Hafi mál verið höfðað fyrir dómstólum, sbr. 2. mgr. 8. gr., skal færa athugasemd um það í yrkisréttarskrá.

11. gr.

Yrki skal auðkenna með samþykktu yrkisheiti og skal heitið haldast og yrkið auðkennt með því einnig eftir að vernd lýkur.

Ekki er heimilt að nota eingöngu tölustafi sem heiti nema það sé viðtekin venja við að auðkenna yrki af þeirri tegund er um ræðir. Heitið skal ekki vera villandi eða til þess fallið að valda ruglingi um einkenni eða gildi yrkisins, um hvert það sé eða hver yrkishafinn sé. Það skal frábrugðið öllum heitum sem þegar auðkenna yrki af sömu eða náskyldri tegund.

Í tengslum við yrkisheitið má nota aukheiti.

Í sérstökum tilvikum getur yrkisréttarnefnd að beiðni yrkishafa heimilað að yrki sé gefið annað heiti en upphaflega var samþykkt.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur um yrkisheiti.

12. gr.

Þegar yrkisréttarnefnd hefur skráð yrki gefur hún út yrkisréttarskjal sem afhent skal umsækjanda gegn greiðslu skráningargjalds. Skjalið gildir eitt ár en framlengja má gildistíma þess eitt ár í senn í allt að 25 árum. Frestur reiknast frá útgáfudegi skjalsins, sbr. þó 1. mgr. 21. gr.

Vernd samkvæmt yrkisréttarskjali framlengist með greiðslu árgjalds til yrkisréttarnefndar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur landbúnaðarráðherra sett reglur um lengri gildistíma yrkisréttarskjals tiltekinna tegunda og ættkvísla þannig að yrki njóti verndar allt að 30 árum.

13. gr.

Eftir skráningu getur yrkisréttarnefnd haft eftirlit með því að yrkishafi haldi yrkinu nægilega vel við. Innan þess frests, sem nefndin ákveður, skal yrkishafi í þessu skyni láta henni í té nauðsynlegan efnivið til fjölgunar yrkis.

14. gr.

Yrkisréttarnefnd skal ógilda veitingu yrkisréttar frá upphafi ef í ljós kemur:

1. að yrki fullnægði ekki á skráningardegi skilyrðum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. um að vera sérstætt og nýtt; eða
2. að í þeim tilvikum er veiting yrkisréttar byggist að verulegu leyti á upplýsingum og skjölum, sem yrkishafi lét í té, hafi skilyrðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr., um að yrki væri nægilega einsleitt og stöðugt, ekki verið fullnægt á skráningardegi.

Yrkisréttarnefnd getur fellt yrki úr yrkisréttarskránni ef:

1. yrkishafi fer skriflega fram á það við nefndina;
2. árgjald hefur ekki verið greitt;
3. yrki fullnægir ekki lengur skilyrðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. um að vera nægilega einsleitt og stöðugt; eða
4. yrkishafi verður ekki fyrir lok tilskilins frests við áskorun nefndarinnar um að:
   a. láta nefndinni í té nauðsynlegan efnivið til fjölgunar þess vegna eftirlits eftir skráningu; eða
   b. gera tillögu um nýtt heiti yrkis hafi nefndin eftir skráningu þess komist að þeirri niðurstöðu að samþykkt heiti sé ekki í samræmi við reglur landbúnaðarráðherra.

Yrki skal fellt úr yrkisréttarskránni tveimur mánuðum eftir að yrkishafa hefur verið tilkynnt ákvörðun yrkisréttarnefndar á sannanlegan hátt nema hann höfði mál fyrir lok frestsins.

15. gr.

Hafi yrki verið fellt úr yrkisréttarskrá verður það eigi skráð að nýju. Yrkisréttarnefnd skal birta tilkynningu þar um í Lögbirtingablaði og tilgreina ástæður.

IV. KAFLI
Yrkisréttur.

16. gr.

Yrkisréttur nær til:

1. þess yrkis sem skráð er samkvæmt lögum þessum;
2. hvers annars safns plantna sem verður ekki með vissu greint frá hinu skráða yrki;
3. yrkis sem er í öllum aðalatriðum komið af hinu skráða yrki enda sé hið verndaða yrki ekki sjálft komið af öðru í öllum aðalatriðum; og
4. yrkis sem er ekki unnt að framleiða nema með endurtekinni notkun hins skráða yrkis.

Yrki telst í 3. tölul. 1. mgr. komið af öðru í öllum aðalatriðum þegar:

1. það er mestmegnis komið af upphafsyrkinu, eða af yrki sem sjálft er mestmegnis komið af upphafsyrkinu, og heldur þeim megineinkennun sem ráðast af arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins;
2. greina má það með vissu frá upphafsyrkinu; og
3. það samsvarar, að frátöldum þeim mismun sem felst í aðgerðinni við að fá það fram, upphafsyrkinu í þeim megineinkennum sem ráðast af arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins.

17. gr.

Yrkisréttur felur í sér að aðrir en yrkishafi mega ekki án hans samþykkis fara með efnivið til fjölgunar yrkis sem hér segir:

1. hagnýta efniviðinn í atvinnuskyni til framleiðslu, fjölgunar eða meðferðar vegna fjölgunar;

2. flytja hann inn eða út, bjóða til sölu, selja eða markaðssetja með öðrum hætti; eða
3. halda birgðir í þeim tilgangi sem greint er frá í 1. og 2. tölul.

Yrkishafi getur bundið samþykki sitt skilyrðum, þar á meðal um greiðslu hæfilegs nytjaleyfisgjalds.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglur um að sá sem fjölgar yrki af sérstaklega tilgreindum tegundum eingöngu til notkunar í eigin rekstri skuli einnig greiða nytjaleyfisgjald.

Sá sem í atvinnuskyni fjölgar yrki eða selur efnivið til fjölgunar þess skal gefa yrkishafa nauðsynlegar upplýsingar vegna innheimtu nytjaleyfisgjalds.

Ákvæði 1.–4. mgr. gilda einnig um uppskeru af yrki sem fengist hefur með hagnýtingu á efniviði til fjölgunar þess hafi yrkishafi ekki:

1. heimilað þá hagnýtingu; og
2. haft tök á nýta réttindi sín skv. 1. mgr.

Þau skilyrði sem yrkishafi setur skv. 2. mgr., m.a. um gjaldtöku, skulu aðeins eiga við þá notkun og framboð sem getur í 1. mgr. Skilyrðin skulu vera sanngjörn og skulu allir framleiðendur njóta sambærilegra kjara.

18. gr.

Undanþegin yrkisrétti er:

1. notkun í einkaþágu sem tengist ekki viðskiptum;
2. notkun í tilraunum;
3. notkun í kynbótum;
4. notkun á efniviði til fjölgunar yrkis sem yrkishafi, eða einhver í umboði hans, hefur markaðssett á hinu Evrópska efnahagssvæði, svo fremi notkunin feli ekki í sér:
   a. frekari fjölgun yrkisins; eða
   b. útflutning á efniviði til fjölgunar yrkisins til lands þar sem yrkisvernd nær ekki til þeirrar ættkvíslar eða tegundar sem yrkið er af nema um sé að ræða útflutning til neyslu.

19. gr.

Yrkisréttarnefnd skal samkvæmt beiðni kanna hvort þau skilyrði, sem yrkishafi hefur sett fyrir samþykki sínu skv. 2. mgr. 17. gr., samræmist 6. mgr. sömu greinar.

20. gr.

Hafi yrkishafi ekki tryggt nægilegt framboð af efniviði til fjölgunar verndaðs yrkis hér á landi á sanngjörnum kjörum, í þeim mæli og með þeim hætti sem þörf krefur til að tryggja matvælaframleiðslu í landinu og aðra mikilvæga almannahagsmuni, getur landbúnaðarráðherra veitt þeim er vill hagnýta yrkið leyfi til þess. Ákvæði 49. og 50. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á um nauðungarleyfi fyrir yrki. Ráðherra getur skyldað yrkishafa til að afhenda leyfishafa nauðsynlegan efnivið til fjölgunar yrkisins gegn sanngjörnu gjaldi.

21. gr

Frá umsóknardegi til skráningar í yrkisréttarskrá getur yrkishafi sett skilyrði skv. 2. mgr. 17. gr. enda tilkynni hann yrkisréttarnefnd það. Tímabil verndar skv. 12. gr. gildir þá frá skráningu þeirrar tilkynningar í dagbók yrkisréttarnefndar. Ákvæði 11. og 20. gr. gilda á sama hátt á umsóknartíma.

Ef ræktandi greiðir nytjaleyfisgjald áður en umsókn er afgreidd skal gjaldið lagt inn á geymslufjárreikning á nafni yrkishafa. Fjárhæðin verður laus sé yrkið skráð. Verði umsókn hafnað skal hún endurgreidd með vöxtum.

Sé umsókn um vernd yrkis dregin til baka eða henni er hafnað eru afnot yrkisins öllum frjáls til fjölgunar. Ræktandi, sem hefur notað yrkið á umsóknartímanum, fær sömu stöðu og við notkun óverndaðs yrkis.

V. KAFLI
Stjórnun.

22. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar yrkisréttarnefnd til fjögurra ára sem annast skal framkvæmd II.–IV. kafla laga þessara.

Nefndin skal skipuð fæst þremur mönnum og flest fimm mönnum. Minnst einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á ræktun og kynbótum nytjaplantna og annar þekkingu á hugverkarétti.

23. gr.

Ákvarðanir yrkisréttarnefndar á grundvelli II.–IV. kafla verða ekki bornar undir aðra stjórnsýsluaðila.

24. gr.

Hafi yrkishafi ekki búsetu eða aðsetur hér á landi eða í einhverju ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er unnt að beina erindum til umboðsmanns hans. Náist ekki til yrkishafa eða umboðsmanns hans skal fara eftir lögum um meðferð einkamála og lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda eftir því sem við á.

25. gr.

Landbúnaðarráðherra getur sett reglur um:

1. gjöld til greiðslu kostnaðar af meðferð umsókna, framlengingu verndar samkvæmt yrkisréttarskjali og rannsóknum;
2. kostnað vegna vanskila á greiðslu gjalda; og
3. gjöld vegna ítrekana.

Kröfur samkvæmt framanskráðu eru aðfararhæfar.

26. gr.

Sá sem af ásetningi skerðir yrkisrétt samkvæmt lögum þessum eða reglum á grundvelli þeirra skal sæta sektum.

Nú er brotið framið af lögaðila og er þá heimilt að dæma hann í fésekt.

Sókn sakar á sá er misgert er við.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

28. gr.

Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með aðild að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (WTO) skuldbinda Íslendingar sig til að lögfesta reglur um vernd hugverka á sviði plöntukynbóta. Ákvæðin, sem kveða á um þetta, er að finna 1. viðauka C, þ.e. samningnum um hugverkarétt í viðskiptum (Agreement on Trade Related Aspects of Intellectual Property Rights, TRIPS).

Iðnaðarráðherra skipaði nefnd til að vinna drög að frumvarpi um vernd á hugverkarétti í tengslum við plöntukynbætur með bréfi dagsettu 29. janúar 1996. Í nefndina voru skipuð Þorsteinn Tómasson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, formaður, Jón Ögmundur Þormóðsson, iðnaðarráðuneyti, Ásta Valdimarsdóttir, Einkaleyfastofunni, og Sveinbjörn Dagfinnsson, landbúnaðarráðuneyti. Einnig var Hólmgeir Björnsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, skipaður til starfa með nefndinni.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hér á landi verði lögfestur möguleiki á vernd á hugverkarétti í plöntukynbótum, svonefndur yrkisréttur. Frumvarpið er samið með tilliti til þess að það samræmist alþjóðlegum samningi um vernd nýrra yrkja, UPOV-samningnum (International Convention for the Protection of New Varieties of Plants), og höfð er hliðsjón af framkvæmd hans í nágrannalöndunum. Gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra muni leggja fram á þessu þingi tillögu til þingsályktunar um aðild Íslands að samningnum. Í aðild að samningnum felst jafnframt aðild að alþjóðlegri stofnun um framkvæmd hans. Mun samningurinn fylgja með þingsályktunartillögu utanríkisráðherra.

Lagt er til að landbúnaðarráðherra fari með framkvæmd laganna og skipi sérstaka yrkisréttarnefnd í því skyni.

Yrki, sem er nýtt og af hvaða plöntutegund sem er, getur, að uppfylltum vissum skilyrðum, fengið vernd í allt að 25 ár. Lagt er til að yrkisréttarnefnd annist skráningu yrkja. Teljist yrki nýtt samkvæmt ákvæðum laganna og standist það kröfur um að vera sérstætt, nægilega einsleitt og stöðugt samkvæmt sérstakri rannsókn skal það skráð í yrkisréttarskrá og tilkynning þar um birt í Lögbirtingablaði. Yrkið skal skráð með viðurkenndu heiti og fer um það eftir sérstökum reglum og hefðum. Í vissum tilvikum getur yrkisréttur einnig náð til náskyldra yrkja.

Aðalefni yrkisréttar er að hann veitir yrkishafa einkarétt til ræktunar, meðferðar og verslunar með efnivið til fjölgunar yrkisins. Aðrir þurfa leyfi hans til hagnýtingar þess og er yrkishafa heimilt að krefjast sanngjarns gjalds (nytjaleyfisgjalds). Rétturinn nær hins vegar ekki til uppskeru af yrkinu, sé hún ekki notuð til fjölgunar þess, að því tilskildu að ekki hafi verið á neinn hátt brotið á rétti yrkishafa með ræktuninni. Þá er notkun yrkis í einkaþágu og til tilrauna og kynbóta heimil án sérstaks leyfis. Þó er heimilt að setja reglur um að bændur, sem fjölga yrki af nánar tilteknum tegundum til eigin nota, skuli greiða nytjaleyfisgjald en þó lægra en þegar efniviður til fjölgunar er ræktaður til sölu.

Með frumvarpi þessu er annars vegar stefnt að því að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga og hins vegar að tryggja íslenskum kynbótaaðilum arð af starfi sínu til að standa straum af kostnaði við frekari kynbætur. Með aðild að UPOV-samningnum má komast hjá því að óþörf snurða hlaupi á samskipti við aðrar þjóðir. Íslenskur landbúnaður er þó þannig að í fáum tilvikum er hætta á hagsmunaárekstrum að óbreyttum lögum og reglum.

Gert er ráð fyrir gjöldum til að standa undir hluta kostnaðar við framkvæmd laganna. Sektir liggja við brotum á þeim.

Gildi og ferill plöntukynbóta.

Kynbætur hafa leitt af sér stórstígar framfarir og framleiðniaukningu í ræktun margra tegunda nytjaplantna. Með kynbótum er meðal annars leitast við að auka uppskeru og bæta ýmsa þætti þeirra afurða sem áhugaverðar eru. Þar getur t.d. verið um að ræða mótstöðu gegn geymslusjúkdómum, efnasamsetningu, útlitseinkenni o.fl. Bætt aðlögun að vaxtarskilyrðum, svo sem upphaf vaxtar á vorin og vaxtarlok á haustin og vetrarþol, eru einnig dæmi um viðfangsefni í plöntukynbótum.

Frá því að vísindalegur grundvöllur kynbótastarfsins var lagður upp úr aldamótum með enduruppgötvun á erfðalögmálum Mendels hefur þróun í plöntukynbótum verið mjög ör og aukist jafnt og þétt með vaxandi þekkingu á sviði erfða og erfðatækni. Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur aukning í uppskeru helstu nytjaplantna mannkyns verið um 1–1,5 % á ári vegna kynbóta en meiri ef ræktunartækni og illgresis- og sjúkdómavarnir eru teknar með. Unnið er að kynbótum á öllum tegundum plantna í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt. Kynbætur hafa haft mikil áhrif á hvaða tegundir eru ræktaðar og jafnvel haft áhrif á þróun heimsviðskipta. Sem dæmi má nefna kynbætur á sykurrófunni (Beta vulgaris L) sem hófust í Frakklandi þegar Bretar settu hafnbann á landið á tímum Napóleons. Sykurhlutfallið í rófunni var þá um 5%, en er nú liðlega 20%, og heildaruppskeruauki vegna kynbóta er enn tæpt prósent á ári. Þessar framfarir hafa breytt heimsverslun með sykur þar sem framleiðsla á sykri í Evrópu hefur styrkst í samkeppni við reyrsykur sem ræktaður er þar sem hiti er hár og vöxtur mikill.

Ræktun í landbúnaði og garðyrkju byggist á kynbættum yrkjum. Kynbótastarfinu má skipta í nokkur stig þar sem fyrsta stigið felst í að prófa erlend yrki í tilraunum og gefa síðan út lista yfir þau yrki sem mælt er með í ræktuninni. Ýmsar rannsóknir eru gerðar og í framhaldi af því koma stýrðar víxlfrjóvganir og úrval sem smám saman leiða til nýrra yrkja. Mismunandi aðferðir eru notaðar eftir tegundum og því hvort yrki er ein arfgerð eða safn arfgerða.

Verndun yrkisréttar.

Margar þjóðir hafa sett löggjöf um yrkisrétt til að vernda hugverk á þessu sviði og stuðla með því að plöntukynbótum og tryggja framleiðendum og neytendum ný og betri yrki til nytja og prýði. Markmið kynbótaréttarins er því að tryggja þeim sem vinna að plöntukynbótum hlutdeild í arði, sem af starfinu leiðir, til að standa undir áframhaldandi kynbótum. Þessi vernd er nauðsynleg þar sem plöntukynbætur eru langtímaverkefni sem kostar mikla vinnu og tækniþróun. Með yrkisrétti fæst hvatning og öryggi sem nauðsynlegt er til að réttlæta þá miklu fjárfestingu er að jafnaði felst í kynbótastarfi. Þessi hvatning er í þágu samfélagsins sem hefur hag af því að framleiðni, öryggi og fjölbreytni í ræktun aukist.

Í frumvarpi þessu er afurð kynbótastarfsins nefnt yrki. Eldri hugtök, sem oft hafa verið notuð, svo sem afbrigði og stofn, hafa þann ókost að hafa margræða merkingu í mæltu máli. Til dæmis er iðulega talað um afbrigði og stofna af kartöflum en í líffræði hafa þessi þessi orð mismunandi merkingu. Orðið afbrigði er vanalega notað þegar allar plönturnar í tilteknu safni eru af sömu arfgerð en stofn er notað um víxlfrjóvga tegundir þar sem yrkið er safn arfgerða.

Alþjóðasamband um vernd nýrra yrkja (UPOV).

Yrki, sem kynbætt eru í einu landi, geta iðulega reynst áhugaverð til ræktunar í öðru landi. Því er gagnkvæmur hagur þjóða að tryggja að yrkisréttur geti náð til fleiri landa. Í þeim tilgangi var gerður alþjóðlegur samningur um vernd nýrra yrkja í París árið 1961 (International Convention for the Protection of New Varieties of Plants) og var þá sett á fót stofnun, Alþjóðasamband um vernd nýrra yrkja (International Union for the Protection of New Varieties of Plants). Sambandið nefnist UPOV sem er dregið af frönsku heiti stofnunarinnar (Union Internationale pour la Protection des Obtentions Végétales). Skrifstofur UPOV eru til húsa í höfuðstöðvum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (World Intellectual Property Organization, WIPO) í Genf. Samningurinn tók gildi árið 1968 og hefur verið endurskoðaður í Genf í þrígang, árin 1972, 1978 og 1991. Í byrjun árs 1996 höfðu þrjátíu ríki staðfest einhverja gerð samningsins, flestar gerðina frá 1978. Ríki annars staðar á Norðurlöndum hafa gerst aðilar að samningnum frá 1978 en Danmörk hefur staðfest samninginn frá 1991 fyrst ríkja. Sú gerð mun ekki öðlast gildi fyrr en fimm ríki hafa fullgilt samninginn. Nokkur lönd að auki hafa sett lög til samræmis við ákvæði hans.

Meginmarkmið UPOV-samningsins er tvíþætt: að tryggja plöntukynbótamönnum í aðildarríkjunum lágmarksvernd á nýjum yrkjum af nytjaplöntum og samræmi í reglum um nýmæli, sérstæði, einsleitni og stöðugleika og reglum um heiti nýrra yrkja. Í heild munu liðlega fjörutíu þúsund yrki njóta verndar í þeim löndum sem staðfest hafa samninginn og árleg skráning nýrra yrkja nálgast tíu þúsund.

Einkaleyfi og yrkisréttur.

Uppfinningar og þróun nýrra aðferða liggja iðulega til grundvallar framförum í plöntukynbótum og því væri hugsanlegt að vernda ný yrki bæði á grundvelli einkaleyfalaga og sérlaga um yrkisrétt. Möguleikar á réttarvernd geta verið breytilegir eftir því hvort nýtt yrki er þróað með hefðbundnum aðferðum, hvort notast er við nýtt gen sem einangrað hefur verið eða hvort beitt er nýrri líftæknilegri aðferð sem hægt er að verja með einkaleyfalögum. Einkaleyfi er veitt fyrir uppfinningar sem fela í sér tæknilega nýsköpun en yrkisrétti er ætlað að vernda ný yrki. Skilyrði fyrir vernd samkvæmt þessum réttarsviðum eru ólík og einnig réttarverndin. Samkvæmt einkaleyfalögum eru skilyrðin þau að uppfinningin sé ný og frábrugðin því sem þekkt er á umsóknardegi. Kröfur um nýmæli eru strangar og lýsing á uppfinningunni þarf að vera þannig að fagmaður geti endurtekið það ferli sem leiðir til uppfinningarinnar. Frá þessari kröfu er vikið í yrkisrétti. Yrkið þarf að vera sérstætt en ekki er gerð krafa til að forsendum eða aðferðum við kynbæturnar sé lýst. Oftast er ekki mögulegt að endurtaka ferli sem leiði til nákvæmlega sama yrkis. Vegna þessa ólíku skilyrða fyrir vernd er að jafnaði ekki unnt að vernda yrki samkvæmt einkaleyfalöggjöf landa almennt. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, er ekki unnt að öðlast einkaleyfi hér á landi fyrir „plöntuafbrigðum".

Varðveisla erfðabreytileika, plöntukynbætur og yrkisréttur.

Mikil umræða á sér stað á alþjóðavettvangi um plöntukynbætur og yrkisrétt, einkum innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Hér skal getið tveggja hugtaka sem eru ofarlega á baugi. Þau eru „réttur bóndans" (farmer´s right) og „forréttindi bóndans" (farmer´s privilege). Með seinna hugtakinu er átt við rétt bænda til að rækta eigið útsæði af vernduðu yrki en UPOV-samningurinn frá 1991 gefur færi á takmörkun á þeim rétti. Fyrra hugtakið vísar til þess að til voru verðmætar nytjajurtir og yrki af þeim áður en kynbætur með vísindalegum aðferðum hófust.

Saga ræktunar nær liðlega tíu þúsund ár aftur í tímann og á þeim tíma hefur ræktunin leitt af sér þróuð form nytjaplantna sem eru undirstaða allrar ræktunar í heiminum. Flest eru yrkin og margbreytilegust á þeim landsvæðum þar sem ræktunarsagan er lengst. Það er mjög mikilvægt að eiga aðgang að sem flestum og breytilegustum yrkjum í kynbótastarfinu. Af þessum ástæðum hefur miklum efniviði verið safnað á þessum miðsvæðum (centers of diversity) sem flest eru í svonefndum þróunarríkjum. Gömul yrki eru grundvöllur að nýjum og fulltrúar þróunarríkja hafa því gert kröfu til hlutdeildar í þeim arði sem plöntukynbætur hafa leitt af sér, með þeim rökum að framfarirnar byggist að verulegu leyti á efniviði sem safnað hefur verið í þróunarríkjunum og því sé hér um nokkurs konar erfðarétt að ræða (rétt bóndans).

Málið er þó snúið þar sem mikill hluti ræktunar í þróunarríkjunum byggist einnig á aðfluttum tegundum.

Samhliða þessari umræðu hefur afstaða til einkaréttar eða eignarhalds á erfðaefni verið að breytast. Hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) hefur var lengi unnið að mótun skuldbindinga varðandi erfðaefni (Undertaking on plant genetic resources) sem meðal annars fólu í sér þá yfirlýsingu að allt plöntuerfðaefni væri sameiginleg eign alls mannkyns og þess vegna er til dæmis aðgangur að fræi, sem geymt er í Norræna genabankanum, öllum heimill. Á umhverfisráðstefnunni í Rio de Janeiro í Brasilíu varð breyting á þessarri afstöðu. Gerir samningurinn um líffræðilega fjölbreytni ráð fyrir að eignarhald á erfðaefni fylgi upprunalandinu. Til dæmis má nefna að hagnýting íslenskra hveragerla og einstakra erfðaþátta í þeim er nú háð samþykki íslenskra stjórnvalda.

Plöntukynbætur og ræktun á Íslandi.

Áhrif plöntukynbóta á íslenskan landbúnað eru mikil. Umfangsmiklar prófanir á erlendum yrkjum auk plöntukynbóta á vísindalegum grunni hafa einkum verið stundaðar á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og fyrirrennurum þeirrar stofnunar, búnaðardeild atvinnudeildar Háskóla Íslands og gróðrarstöðvunum í Reykjavík og á Akureyri. Aðlögun að umhverfisþáttum er snar þáttur í kynbótastarfinu og því henta fá erlend yrki hinu sérstæða íslenska umhverfi. Vegna tegundafæðar íslensku flórunnar hefur einnig verið lögð mikil áhersla á söfnun villtra tegunda frá ýmsum landsvæðum í öðrum löndum til prófunar hér. Einkum á þetta við um grös til landbúnaðar og uppgræðslu, svo og trjágróður og skrautplöntur. Prófanir á yrkjum og margvíslegum plöntusöfnum hafa oft verðið gerðar í samstarfi við fleiri stofnanir, svo sem Bændaskólann á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins í Ölfusi og Landgræðslu ríkisins, svo og á vegum Skógræktar ríkisins. Einnig hafa garðyrkjustöðvar, auk grasagarðanna á Akureyri og í Reykjavík, flutt inn og reynt mikinn fjölda tegunda. Innflutningur og prófun nytjaplantna á sér langa sögu og má nefna störf Vísa-Gísla Magnússonar (1621–96) og Björns Halldórssonar (1724–94) í því sambandi.

Íslensk yrki, sem seld eru erlendis, eru fá og ekki hefur verið sótt um yrkisvernd fyrir þau. Fjárhagsleg þýðing yrkisverndar vegna verslunar með íslensk yrki erlendis hefur ekki verið mikil til þessa. Vallarfoxgrasyrkin Adda og Korpa eru kynbætt á Rannsóknastofnun landbúnaðarins en ræktuð til fræs í Svíþjóð og í Kanada og þar eru þau einnig seld. Stofnunin hefur notið arðgreiðslna af sölunni sem fer eftir því magni af fræi sem selt er þótt ekki hafi verið sótt um yrkisvernd fyrir þau. Hagur íslensks landbúnaðar hefur hins vegar aukist verulega vegna kosta þessara yrkja, einkum í aðlögun og bættu vetrarþoli sem hefur aukið ræktunaröryggi verulega. Kynbætur á byggi eru komnar á það stig að nú eru væntanleg á markað ný íslensk yrki sem eru allt að fimmtungi betri en það yrki sem mest hefur verið ræktað á Íslandi. Þau eru einnig áhugaverð til ræktunar í norðurhéruðum Norðurlandanna og hugsanlega víðar og er nú unnið að undirbúningi að umsókn um yrkisvernd fyrir þau. Gæti markaðssetning

þeirra erlendis skilað umtalsverðum fjármunum, ef vel tekst til, auk þess að renna styrkari stoðum undir kornrækt á Íslandi.

Kynbætur á íslensku birki hafa leitt til þess að eitt yrki af þessari trjátegund hefur verið sett á markað. Einnig hafa víðtækar prófanir á ýmsum innlendum og erlendum trjá- og runnategundum leitt til þess að sérstök yrki hafa verið sett á markað, svo sem Brekkuvíðir og Hreggstaðavíðir auk nokkurs fjölda yrkja af erlendum trjátegundum, svo sem Alaskaösp (Keisari, Pinni og fleiri). Á síðustu árum hefur aukist vitund manna á nauðsyn þess að ræktendum séu boðin skilgreind yrki af trjáplöntum. Í samstarfi nokkurra stofnana og ræktunarstöðva hefur verið unnið að prófunum og úrvali úr mikilli söfnun á fræi og plöntum í Alaska árið 1985. Í þessu samstarfi hefur verið leitast við að koma á þeirri skipan að ný yrki njóti verndar til að þeir aðilar njóti arðs sem mest kostuðu til að þróa viðkomandi yrki. Eins og fram kemur í frumvarpinu fylgir slíkum rétti sú mikilvæga kvöð að kynbótamaðurinn verður jafnan að geta afhent fræ eða plöntuhluta sem sannanlega sé af hinu nýja yrki og tryggja þannig bæði ræktunarstöðvum og neytendum gæði þess sem selt er.

Eftirlit með sölu útsæðis.

Ræktun og sala á útsæði til notkunar í landbúnaði stýrist af lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og reglugerð með þeim. Samkvæmt þessum lögum er óheimilt að flytja til landsins slíkar vörur nema þeim hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Hluti af þeirri lýsingu lýtur að erfðafræðilegum eiginleikum fræs, svo sem af hvaða yrki það er og hvernig staðið hefur verið að fjölgun þess. Stofnræktun í kartöflum er stýrt af svo nefndri útsæðisnefnd sem starfar samkvæmt lögum nr. 51/1981, um plöntusjúkdóma, og reglugerð nr. 61/1995, um kartöfluútsæði. Einungis skilgreind yrki eru tekin inn í þann vottunarferil. Innan Evrópusambandsins er öll sala á fræi til landbúnaðarnota háð því að fræið sé af yrki sem skráð er á opinberan sáðvörulista.

Til að komast á opinberan lista yfir landbúnaðarplöntur þarf viðkomandi yrki ekki einungis að hafa staðist þau próf sem leiða til yrkisréttar heldur þarf það einnig að vera nýmæli hvað varðar uppskeru og/eða gæði og taka fram eldri yrkjum á listanum. Yrkisréttur veitir því ekki sjálfkrafa rétt til markaðsfærslu á nýju yrki í landbúnaði.

Nokkrar plöntutegundir, sem kynbættar eru á Íslandi, verða ekki með tryggilegum hætti ræktaðar til fræs hér á landi. Bygg og vallarfoxgras eru dæmi um slíkar tegundir.

Erfðabreyttar lífverur, yrkisréttur og sala.

Yrki getur verið búið til með þeim hætti að það flokkist til erfðabreyttra lífvera. Sem slíkt getur hið nýja yrki staðist allar kröfur sem gerðar eru til þess með hliðsjón af vernd á yrki. Hins vegar getur engu að síður verið óheimilt að selja það eða rækta samkvæmt ákvæðum laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Sala á sáðvöru (fjölgunarefni) af tilteknu yrki gæti því ráðist af fjórum þáttum: að það njóti yrkisréttar, að það standist lög og reglur um útsæði, að það teljist framför miðað við eldri yrki til ræktunar og að sala á því samræmist lögum um erfðabreyttar lífverur ef um það er að ræða.

Framkvæmd og áhrif laganna.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að framkvæmd laganna heyri undir landbúnaðarráðherra. Skipuð verði sérstök yrkisnefnd þar sem saman komi lögfræðileg og líffræðileg þekk-

ing til að takast á við starfið. Skráning nýrra yrkja og árleg endurskráning þeirra mun væntanlega skila nokkrum tekjum en þó er vart við því að búast að þessi gjöld standi undir starfseminni.

Yrkisréttur mun væntanlega leiða til nokkurra bóta í framleiðslu og sölu á fræi og plöntum til ræktunar á Íslandi. Áhugi og skilningur framleiðenda og neytenda á mikilvægi þess að verslað sé með skilgreindar afurðir mun aukast og það mun skila sér í bættum árangri ræktunar. Hliðstæð löggjöf erlendis hefur ávallt leitt til þess að plöntukynbætur hafa eflst. Gagnvart erlendum samstarfsaðilum mun yrkisréttur auðvelda verslun og auka möguleika á því að hér verði ræktað fjölgunarefni af erlendum yrkjum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr

Í greininni segir hvernig öðlast má yrkisrétt með umsókn til sérstakrar yrkisréttarnefndar og er kveðið á um að landbúnaðarráðherra fari með framkvæmd laganna. Upphafsmaður nýs yrkis (einstaklingur eða lögaðili), sem hefur ræktað það með kynbótum eða uppgötvað og þróað það með úrvali úr náttúrulegum efniviði, getur öðlast einkarétt til hagnýtingar þess í atvinnuskyni, yrkisrétt. Skilyrði er að nokkur þróunarvinna hafi verið lögð í yrkið ef um einfalt úrval úr náttúrulegum efniviði er að ræða.

Upphafsmaður getur framselt rétt sinn til yrkis til annars aðila. Yrkishafi, þ.e. upphafsmaður eða framsalshafi, verður að sækja um og fá skráðan yrkisrétt til að geta neytt yrkisréttar samkvæmt lögum þessum.

Hér er notað orðið yrki (á ensku variety, cultivar) um það sem áður hefur verið nefnt ýmsum nöfnum, svo sem afbrigði, t.d. í lögum um einkaleyfi, eða stofn. Orðið yrki er þó ekki alveg nýtt í málinu og hefur oft verið notað um t.d. skrautplöntur og tré. Sá greinarmunur hefur verið gerður á merkingu orðanna afbrigði og stofn að afbrigði hefur verið notað um yrki, þar sem allar plöntur eru af sömu arfgerð, en stofn um yrki af víxlfrjóvga tegundum þar sem yrkið er safn arfgerða. Hér er lagt til að nota eitt orð í báðum þessum merkingum. Nánar kemur fram í skýringum með næstu grein hvað yrki er.

Samkvæmt Alþjóðasamningnum um vernd nýrra yrkja (UPOV), eins og honum var breytt 1991, getur vernd nýrra yrkja náð til allra tegunda plantna þegar breytingin hefur öðlast gildi. Samkvæmt eldri gerð samningsins skyldi talið upp í hverju landi til hvaða tegunda verndin næði. Sá listi er víða orðinn mjög langur, en þó misjafn eftir löndum, þannig að gagnkvæmur réttur var ekki tryggður milli aðildarlanda UPOV eins og að var stefnt. Heimilt er þó að láta verndina ná til takmarkaðs fjölda tegunda í allt að tíu ár eftir að ríki gerist aðili að samningnum en ekki þykir tilefni til að nýta þessa heimild hér. Því verður heimilt að sækja um vernd þá sem lögin gera ráð fyrir á yrki af hvaða tegund plantna sem er. Það er því yrkishafa sjálfs að meta hvort hagur geti verið að því að vernda rétt til yrkis af tegund þar sem slík vernd hefur ekki tíðkast fyrr.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um hvaða skilyrðum yrki þarf að fullnægja til að veita megi yrkisrétt. Í 1.–3. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að yrki skuli vera sérstætt, nægilega einsleitt og stöðugt. Þessi skilyrði fela jafnframt í sér hvað yrki er. Það þarf að vera sérstætt til að unnt sé í ræktun eða með annarri rannsókn að greina það frá öllum öðrum þekktum yrkjum. Jafnframt verður það að vera nægilega einsleitt til að greining á því í sáðvöruefirliti verði trygg. Loks verður það að vera stöðugt. Með því er átt við að það haldi einkennum sínum í nýjum kynslóðum af plöntum.

Til þess að yrki sé sérstætt er nóg að það greinist með einu ótvíræðu einkenni frá öllum öðrum yrkjum. Um getur verið að ræða útlits- eða byggingareinkenni eða einkenni sem má finna með rannsókn á eðliseiginleikum eða með efnarannsókn. Þeir eiginleikar, sem greina yrki að, þurfa ekki að hafa neitt hagnýtt gildi. Framfarir í hagnýtum eiginleikum, sem fást með hverju nýju yrki, eru oft minni og annars eðlis en svo að þeir nægi til að greina yrki að. Margir hagnýtir eiginleikar eru þó einnig mikilvægir til aðgreiningar, t.d. þroskatími, hæð, styrkur, vetrarþol, viðnám eða þol gegn sjúkdómum og skaðvöldum, efni sem hafa áhrif á gæði eða næringargildi uppskerunnar o.fl. Í flestum löndum Evrópu og víðar þurfa yrki af landbúnaðarplöntum hins vegar að taka eldri yrkjum fram í einhverjum hagnýtum eiginleika til að þau fáist skráð á opinberan sáðvörulista, þ.e. lista yfir yrki sem heimilt er að votta fræ af til sölu. Hagnýtt gildi nýrra yrkja af landbúnaðarplöntum er prófað í sérstökum opinberum ræktunartilraunum eða yrkisprófunum sem tengjast ekki á neinn hátt veitingu yrkisréttar. Yrki þurfa að standast sömu kröfur um sérstæði, einsleitni og stöðugleika til þess að vera skráð á opinberan sáðvörulista og þegar um yrkisrétt er að ræða.

Við mat á einsleitni verður að taka tillit til þess hvaða breytileiki getur talist eðlilegur vegna umhverfisáhrifa og vegna blöndu arfgerða hjá víxlfrjóvga tegundum.

Við mat á stöðugleika verður að taka tillit til þeirrar aðferðar sem yrkishafi hefur tilgreint að eigi að nota við fjölgunina því að ræktunarumhverfi og fjölgunaraðferð geta haft áhrif á stöðugleikann. Ef stöðugleika skortir getur farið svo að ekki verði lengur um sama yrkið að ræða er frá líður. Einnig er í 13. gr. gert ráð fyrir eftirliti á verndartímanum. Getur þá komið í ljós að stöðugleiki reynist ekki nægur þótt það hafi ekki komið í ljós á hinum tiltölulega stutta rannsóknartíma.

Rannsókn á nýjum yrkjum af helstu tegundum nytjaplantna með tilliti til sérstæði, einsleitni og stöðugleika er gerð á sérstökum stofnunum víða um lönd og gilda um hana reglur sem UPOV hefur samræmt. Nokkur sérhæfing er á milli þessara stofnana þannig að víða þarf að leita til annarra landa til að prófa yrki af einstökum tegundum. Slík rannsókn tekur venjulega tvö ár.

Í 4. tölul. 1. mgr. er tekið fram að yrki skuli vera nýtt til að veita megi yrkisrétt. Ekki má líða meira en eitt ár frá því að það er boðið fram á markaði í landinu, eða fjögur ár erlendis. Á það jafnt við um uppskeru til neyslu og efnivið til fjölgunar. Lengri frestur eða sex ár er þó gefinn um tré og vínvið, þar með talin ágræðsluyrki, enda er æviskeið trjáa lengra en flestra annarra nytjaplantna. Sá tímafrestur (griðtími) sem gefinn er frá markaðssetningu þar til sótt er um yrkisrétt er í samræmi við ákvæði UPOV. Yrki telst nýtt þótt það hafi verið ræktað í því skyni að prófa það jafnvel þótt uppskeran hafi verið seld. Það sem skiptir máli er að uppskeran hafi einungis verið aukaafurð, prófunin hafi verið aðalmarkmiðið með ræktuninni. Hið sama gildir þótt yrkið hafi verið framselt öðrum til prófunar eða annarra rannsókna og kynbóta.

Í 2. mgr. er tilgreint hvað þurfi til að yrki teljist þekkt á umsóknardegi og jafnframt að það teljist þekkt gagnvart umsókn, sem kemur seinna fram, frá þeim degi sem umsókn með lýsingu hefur verið lögð inn. Þær stofnanir, sem rannsaka ný yrki, hafa aðgang að safni með eldri þekktum yrkjum, eða lýsingu á þeim, og geta ræktað til samanburðar hvert það yrki sem getur líkst því sem rannsakað er. Eftir að rannsókn lýkur getur komið fram vitneskja um nýtt yrki sem þó er eldra en það sem rannsakað var. Ber þá að taka fullt tillit til þess, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. um ógildingu yrkisréttar frá upphafi.

Um 3. gr.

Yrkisvernd er veitt á grundvelli umsóknar. Hver umsókn getur aðeins tekið til eins yrkis. Í greininni er nánar kveðið á um hvernig umsókn um yrkisvernd skuli úr garði gerð.

Umsókn þarf að hafa að geyma lýsingu á yrki og tiltaka þarf hvað það sé sem geri það hæft til verndunar. Einnig þarf að koma fram heiti yrkis og nafn þess sem hefur ræktað yrkið, eða uppgötvað og þróað það, þ.e. upphafsmanns. Ef upphafsmaður er ekki umsækjandi þarf að liggja fyrir sönnun á rétti umsækjanda til að sækja um yrkisrétt. Nánari reglur um frágang umsókna og efni má setja í reglugerð.

Í 4. mgr. kemur fram krafa um umboðsaðila hérlendis, einstakling eða lögaðila, sé umsækjandi búsettur í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Umsækjandi, sem er búsettur í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, þarf hins vegar ekki að hafa umboðsaðila hérlendis. Ekki er nægilegt að umsækjandi, sem er búsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins, hafi umboðsaðila í öðru ríki á svæðinu en Íslandi heldur verður umboðsaðilinn að vera búsettur hérlendis.

Skv. 5. mgr. er yrkisréttarnefnd heimilt að krefjast upplýsinga, efnis og gagna sem til þarf vegna rannsóknar á yrki til að ganga úr skugga um að yrki fullnægi skilyrðum laganna.

Í 6. mgr. er kveðið á um umsóknargjald. Nánari ákvæði um greiðslutíma og fjárhæð gjaldsins verða sett í reglugerð.

Um 4. gr.

Þegar umsókn, sem fullnægir gerðum formskilyrðum, hefur verið lögð inn hjá yrkisréttarnefnd er hún skráð í dagbók. Afrit skal sent umsækjanda sem kvittun fyrir móttöku yrkisumsóknar. Nánari reglur um form og efni umsókna er yrkisréttarnefnd látið eftir að setja.

Meðal þeirra atriða, sem óskað er eftir í lýsingu yrkis, er uppruni, aðferð við kynbætur og önnur skyld atriði sem geta verið gagnleg við að meta umsóknina. Í 2. mgr. er undanþáguákvæði þess efnis að yrkishafi geti farið fram á að upplýsingar um línur, sem mynda blendingsyrki, og lýsingar á þeim verði ekki gerðar aðgengilegar almenningi. Þessi leynd getur ekki átt við ef blendingsyrki eru fengin með víxlun á yrkjum sem sjálf njóta verndar.

Um 5. gr.

Skv. 5. mgr. 3. gr. getur yrkisréttarnefnd krafist þess að umsækjandi leggi fram ýmsar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að nefndin geti rannsakað yrkisumsókn. Veiti umsækjandi ekki slíkar upplýsingar verður umsóknin felld úr dagbók sem hefur þau réttaráhrif að umsóknin er ógild frá upphafi, þ.e. talið er að hún hafi aldrei verið lögð inn. Ákvæði þessu er ætlað að veita yrkisréttarnefnd möguleika á að koma í veg fyrir að skráðar verði umsóknir sem einungis eru lagðar inn vegna forgangsréttar en ekki er ætlunin að fylgja eftir.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er skýrlega greint frá því hvaða réttur er bundinn við innlagningu umsóknar. Þegar yrki hefur verið skráð telst verndin frá umsóknardegi.

Í 2. mgr. er kveðið á um svonefndan forgangsrétt. Aðili, sem sækist eftir vernd á yrki, getur í raun valið í hvaða aðildarríki UPOV hann leggur fyrst inn umsókn. Leggi hann inn umsókn í öðru aðildarríki innan tólf mánaða frá fyrstu umsókninni ber að telja þá umsókn hafa borist á sama tíma og hin fyrsta. Umsækjandi þarf þó að bera fram slíka ósk.

Umsækjandi þarf að leggja fram gögn er sanna móttöku fyrstu umsóknarinnar. Í samræmi við 2. mgr. 11. gr. UPOV-samningsins er þess krafist að umsækjandi láti í té, innan þriggja mánaða frá umsóknardegi hér á landi, afrit af fyrstu umsókninni, staðfesta af viðtökuyfir-

valdinu, og sýnishorn eða aðrar sannanir fyrir því að um sama yrkið sé að ræða í báðum umsóknunum.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um bráðabirgðarannsókn yrkisréttarnefndar á því hvort yrki fullnægi skilyrðum verndar. Hér er ekki átt við formrannsókn eins og kveðið er á um í 4. gr. Eftir að kannað hefur verið hvort umsókn fullnægir formskilyrðum og hún hefur verið færð í dagbók fer slík bráðabirgðarannsókn fram. Á þessu stigi rannsakar nefndin aðeins hvort eitthvað standi augljóslega í vegi fyrir skráningu samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í umsókninni sjálfri og öðrum aðgengilegum heimildum. Endanlegt samþykki fyrir skráningu er aðeins hægt að veita á grundvelli rannsóknar sem lýst er í 9. gr. Ef yrkisréttarnefnd telur umsókn fullnægja þeim skilyrðum sem gerð eru til verndar er umsóknin birt til andmæla í Lögbirtingablaði. Í þeirri birtingu skal koma fram að þeir sem hagsmuna hafa að gæta geti innan tilskilins frests mótmælt skráningu yrkisins til yrkisréttarnefndar.

Telji nefndin hins vegar að umsókn uppfylli ekki sett skilyrði skal umsækjanda tilkynnt um það og gefinn kostur á að tjá sig um synjun nefndarinnar.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. fjalla um andmælamál almennt. Ef niðurstaða í slíku máli er sú að taka beri andmælin til greina skal það birt í Lögbirtingablaði.

Niðurstaða í andmælamáli er endanleg niðurstaða á stjórnsýslustigi, sbr. 23. gr. frumvarpsins. Aðilar geta þó að sjálfsögðu alltaf borið mál undir dómstóla.

Í 2. mgr. er í raun að finna undantekningu frá þeirri reglu að yrkisréttarnefnd úrskurði í andmælamálum. Þegar andmælt er skráningu yrkis á þeim grundvelli að umsækjandi sé ekki réttur eigandi yrkis er talið nauðsynlegt að dómstólar fjalli um málið. Í slíkum málum getur verið þörf á vitnaleiðslum og sönnunarmat verið erfitt. Því er gert ráð fyrir því í greininni að aðilum sé bent á að leita megi til dómstóla.

Um 9. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu yrkisréttarnefndar til að athuga hvort yrki fullnægi settum skilyrðum fyrir vernd. Getur þá komið til sérstakrar rannsóknar á því hvort yrki sé sérstætt, nægilega einsleitt og stöðugt, sbr. 1.–3. tölul. 1. mgr. 2. gr. og athugasemdir við þá grein. Yrki þarf jafnframt í þeirri ræktun, sem er grundvöllur rannsóknarinnar, að sýna þá eiginleika sem lýst er í umsókn. Nefndin skal meta þörf á slíkri rannsókn og getur t.d. viðurkennt rannsókn sem yrkishafi lætur gera.

Í 2. mgr. segir að krefja megi umsækjanda um gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af rannsókn. Um heimild er að ræða en ekki skyldu.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er fjallað um skráningu yrkis í yrkisréttarskrá með samþykktu yrkisheiti. Nánari ákvæði eru í 11. gr.

Í 2. mgr. er fjallað um það hvernig með skuli fara ef ekki er gerð tillaga um heiti yrkis eða tillaga um nýtt heiti sem yrkisréttarnefnd telur fullnægjandi.

Í 3. mgr. segir að færa skuli athugasemd um málshöfðun fyrir dómstólum í yrkisréttarskrá.

Gert er ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um skráningu í yrkisréttarskrá en felast í greininni, sbr. almenna reglugerðarheimild í 28. gr.

Um 11. gr.

Í greininni eru ákvæði um yrkisheiti og kveðið á um að ráðherra sé heimilt að setja reglur þar um. Í reglunum mætti m.a. kveða á um birtingu yrkisheita. Nefna má að í 2. mgr. 20. gr. UPOV-samningsins eru ákvæði um yrkisheiti sem tekin eru upp í þessa grein.

Gera má ráð fyrir að aukheiti, sem nota má samkvæmt 3. mgr. í tenglum við yrkisheitið, geti verið vörumerki, nafn einstaklings eða firma, staðarnafn eða nafn á fasteign enda sé tekið tillit til réttinda annarra.

Hið skráða yrkisheiti skal notað við sölu eða annað framsal á efni til fjölgunar yrkis og á það jafnt við um vernduð yrki sem önnur. Sú skylda á einnig við þótt notað sé aukheiti og skal yrkisheitið jafnan vera greinilegt.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um yrkisréttarskjal og gildistíma þess sem er almennt 25 ár en í undantekningartilvikum 30 ár. Yrkisréttarnefnd gefur skjalið út gegn greiðslu skráningargjalds og jafnframt afrit til þeirra sem um biðja. Í reglugerð ráðsins nr. 2001/94/EB er gert ráð fyrir 25–30 ára gildistíma eins og hér. Í dönskum lögum er farið eftir árafjöldanum í þeirri reglugerð. Samkvæmt UPOV-samningnum skal gildistíminn vera 20 ár að lágmarki.

Gildistími yrkisréttarskjals er eitt ár í senn og skal greiða árgjald til að tryggja vernd samkvæmt skjalinu. Kvittun fyrir greiðslu gjaldsins telst næg sönnun fyrir því að vernd sé enn í gildi.

Hvað varðar hugsanlegar reglur um lengri gildistíma yrkisréttarskjals en 25 ár má nefna að í Danmörku hefur yrkjum af kartöflum verið veitt vernd umfram þann tíma.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um heimild til eftirlits eftir skráningu en það yrði í höndum yrkisréttarnefndar og fælst í því að athuga hvort yrkishafi héldi yrkinu nægilega vel við. Er það skilyrði þess að unnt sé með rannsókn að staðfesta að um viðkomandi yrki sé að ræða sem er svo aftur forsenda þess að unnt sé að neyta yrkisréttar.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar eru nefnd tilvik þegar skylt er að ógilda veitingu yrkisréttar frá upphafi en í 2. mgr. tilvik þegar heimilt er að fella yrki úr yrkisréttarskrá.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um að yrki, sem fellt hefur verið úr yrkisréttarskrá, verði eigi skráð þar að nýju. Eftir að yrki hefur verið fellt úr skránni nýtur það eigi verndar og er frjálst að nota það. Væri leyft að skrá slíkt yrki á ný gæti það skaðað þá aðila sem hefðu hafið framleiðslu á því í trausti þess að um væri að ræða yrki sem ekki þyrfti að greiða nytjaleyfisgjald af.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um til hvaða yrkja yrkisrétturinn skuli ná. Auk skráð yrkis, sbr. 1. tölul. 1. mgr., getur rétturinn náð til annarra plöntuhópa eða yrkja sem tengjast því með nánar tilgreindum hætti, sbr. 2.–4. tölul. Skv. 2. tölul. getur verið um að ræða plöntur eða efni við til fjölgunar sem annar aðili býður en ekki verður greindur með vissu frá verndaða yrkinu og skv. 3. tölul. yrki sem er í öllum aðalatriðum komið af verndaða yrkinu, þó ekki ef það er sjálft komið af öðru í öllum aðalatriðum eins og nánar er kveðið á um í 2. mgr. Með ákvæðum 4. tölul. um yrki, sem ekki er unnt að framleiða nema með endurtekinni notkun hins

skráða yrkis, er einkum átt við blendingsyrki sem fást við víxlun á tveimur eða fleiri línum eða yrkjum en með því móti getur áunnist blendingsþróttur.

Ákvæðið um yrki, sem er í öllum aðalatriðum komið af hinu verndaða yrki, er talið meðal mikilvægustu nýjunga sem komu inn í UPOV-samninginn þegar hann var endurskoðaður 1991, sbr. 5. tölul. 14. gr. hans. Slíkt yrki getur uppfyllt skilyrði til verndar skv. 2. gr. en samkvæmt þessu ákvæði er réttur til þess einnig hjá upphafsyrkinu. Einfalt dæmi um yrki, sem er í öllum aðalatriðum komið af hinu verndaða yrki, er þegar frábrugðin planta er valin úr þekktu yrki af tegund sem er fjölgað með vaxtaræxlun. Þetta getur t.d. verið litarafbrigði sem hefur orðið til við stökkbreytingu og getur talist nýtt yrki skv. 2. gr. Ekki þykir sanngjarnt að þetta yrki njóti sömu verndar og upphafsyrkið sem getur verið árangur hefðbundins kynbótastarfs með víxlunum og úrvali í tíu til fimmtán ár. Með aðferðum erfðatækninnar hafa opnast fljótvirkar leiðir til að koma einstökum genum, sem stýra mikilvægum hagnýtum eiginleikum, inn í eldri yrki. Þessi aðgerð eða genið sjálft getur verið verndað með einkaleyfi. Einkaleyfishafa er heimilt að setja nýja eiginleikann inn í hvaða yrki sem er en hann skal virða rétt yrkishafa, sé yrkið verndað, og ná samkomulagi við hann þegar kemur að markaðssetningu. Með þessu ákvæði er ætlunin að tryggja að þessar leiðir í kynbótastarfinu geti notið sín hlið við hlið.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 14. gr. UPOV-samningsins getur yrki, sem er komið af öðru í öllum aðalatriðum, fengist með því að velja náttúrulegt eða framkallað stökkbrigði, klónað líkamsfrumubrigði eða einstaka plöntu sem víkur frá plöntum af upphafsyrkinu, með bakvíxlun eða með aðferðum erfðatækninnar.

Um 17. gr.

Í greininni kemur fram hvað felst í þeim einkarétti sem yrkisréttur veitir. Einnig er þar greint frá skilyrðum sem yrkishafi getur sett um hagnýtingu yrkis, m.a. um greiðslu nytjaleyfisgjalds. Rétturinn nær til efniviðar til fjölgunar yrkis, hvort sem um er að ræða fræ, stöngulhnýði eins og kartöflur, græðlinga eða annað, og hvers konar viðskipti og meðferð á efniviðnum í atvinnuskyni enda sé hann ætlaður til fjölgunar. Hins vegar nær rétturinn samkvæmt þessu ekki til þess ef efniviðurinn er seldur til endanlegrar neyslu jafnvel þótt hann sé hæfur til fjölgunar. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. nær rétturinn einnig til þess t.d. ef fræhreinsistöð tekur að sér hreinsun á fræi fyrir annan aðila sem ræktar það í eigin þágu þótt sú ræktun kunni að vera undanþegin yrkisrétti skv. 18. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild til að setja reglur um greiðslu nytjaleyfisgjalds þegar um er að ræða fjölgun yrkja af sérstaklega tilgreindum tegundum eingöngu til notkunar í eigin rekstri. Um er að ræða frávik frá reglunni um forréttindi bóndans (farmer's privilege) sem felur í sér óskoraðan rétt bænda til ræktunar á eigin útsæði. Kom þetta inn í UPOV-samninginn við endurskoðunina 1991, m.a. vegna þess að búrekstur er nú orðið víðast í mun stærri einingum en áður tíðkaðist. Áður var þó búið að taka í lög eða reglur frávik varðandi einstakar tegundir þegar um er að ræða ræktun í atvinnuskyni, t.d. skrautplöntur í Noregi og Svíþjóð og sérstaklega tilgreindar skrautplöntur og ávaxta- og berjategundir í Danmörku, m.a. jólastjörnu og rósir. Án slíkrar undantekningar hefði ekki verið um neina raunverulega vernd yrkja af þessum tegundum að ræða þar sem auðvelt er að fjölga þeim með græðlingum. Í reglugerð ráðsins nr. 2001/94/EB, um yrkisrétt sem veittur er í öllu sambandinu í einu, eru forréttindi bóndans takmörkuð og í kornrækt skulu einungis smábændur njóta óskertra forréttinda. Aðrir greiði nytjaleyfisgjald af eigin útsæði, þó lægra en þegar sáðvara er ræktuð til sölu. Samkvæmt endurskoðuðum bandarískum lögum munu forréttindi bóndans hins vegar haldast óskert hvað varðar yrki af tegundum sem fjölgað er með kynæxlun.

Í 5. mgr. er kveðið á um að yrkisréttur nái einnig til uppskeru af yrki hafi yrkishafi ekki heimilað þá hagnýtingu og haft tök á að nýta réttindi sín. Þetta ákvæði á t.d. við um innflutning frá ríki þar sem yrkið nýtur ekki verndar. Þetta ákvæði er nauðsynlegt samkvæmt UPOV-samningnum. Í 3. mgr. 14. gr. samningsins er ákvæði um vernd sem nær einnig til afurða, framleiddra úr uppskeru sem hefur fengist án þess að yrkishafi hafi haft tök á að nýta réttindi sín. Aðildarríkjum samningsins er þó í sjálfsvald sett hvort þau taka upp þetta ákvæði. Hér er lagt til að það verði ekki gert og er það í samræmi við það sem gert er í nágrannalöndunum.

Í 6. mgr. er kveðið á um að skilyrði þau sem yrkishafi setur skuli vera sanngjörn og að framleiðendum skuli ekki mismunað. Ágreiningi má skv. 19. gr. vísa til yrkisréttarnefndar.

Um 18. gr.

Eins og komið hefur fram er í 17. gr. kveðið á um hvað felst í yrkisrétti. Hér koma fram undanþágur frá því ákvæði. Notkun í einkaþágu er heimil en þessi undanþága er þó takmörkuð, sbr. 16. gr. og athugasemdir við hana. Þá er notkun verndaðs yrkis öllum frjáls til tilrauna og frekari kynbóta. Byggist það á því sjónarmiði að erfðaefni plantna sé sameiginleg auðlind sem skuli öllum frjáls til hagnýtingar.

Í 4. tölul. er ákvæði um um svonefnda réttindaþurrð eða tæmingu réttinda, sbr. 16. gr. UPOV-samningsins. Þessi regla felur í sér að ráðstöfunarréttur rétthafa er takmarkaður þannig að eftir að hann hefur markaðssett vöru getur hann ekki lengur beitt réttindum sínum ótakmarkað. Réttindaþurrð getur verið landsbundin, náð til tiltekins svæðis, t.d. EES-svæðisins, eða talist ná til alls heimsins. Á hinum ýmsu sviðum hugverkaréttar er þetta mismunandi, t.d. nær tæming vörumerkjaréttar til alls heimsins en í þessum lögum er tæmingin bundin við EES-svæðið.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að yrkisréttarnefnd skuli, sé þess óskað, kanna réttmæti þeirra skilyrða sem yrkishafi setur skv. 17. gr.

Um 20. gr.

Samkvæmt greininni er heimilt að skylda yrkishafa til að bjóða fram efnivið til fjölgunar yrkis í ríkari mæli eða á annan hátt en hann hefur gert. Í þessu ákvæði felst að veittum yrkisrétti fylgir kvöð um að sinna þörfum íslenskra ræktenda þótt yrkishafi kjósi e.t.v. að veita öðrum markaðssvæðum forgang. Einnig má hugsa sér að skylda megi yrkishafa til að leyfa ræktun hér á landi á efniviði til fjölgunar yrkis þótt framboð erlendis sé nægilegt ef það er talið nauðsynlegt til að vinna gegn innflutningi plöntusjúkdóma.

Um 21. gr.

Meðferð umsóknar tekur að jafnaði langan tíma, oft meira en tvö ár ef um nýtt yrki er að ræða. Yrkið getur verið orðið tilbúið til almennrar markaðssetningar áður en sá tími er liðinn. Með ákvæðum greinarinnar er yrkishafa gefinn kostur á að neyta hins væntanlega réttar síns, t.d. með því að leggja á nytjaleyfisgjald, áður en umsóknin er afgreidd. Er það í samræmi við þá hagsmuni sem þessum lögum er ætlað að tryggja, jafnt þeirra sem fást við kynbætur og bænda, að sem minnst töf verði á að nýtt yrki komi til nytja.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði um hvernig skuli farið með nytjaleyfisgjald, sem innheimt er í samræmi við ákvæði greinarinnar, á umsóknartíma og þegar umsókn hefur verið afgreidd.

Um 22. gr.

Eins og frumvarp þetta ber með sér fylgja margvísleg stjórnunarleg viðfangsefni framkvæmd laga um yrkisrétt. Ákvæði þar að lútandi eru í II.–IV. kafla frumvarpsins.

Greinin mælir fyrir um að til þeirra viðfangsefna skuli skipuð nefnd af ráðherra og að í nefndina séu m.a. skipaðir fulltrúar sem hafi sérþekkingu á ræktun plantna og hugverkarétti.

Þetta fyrirkomulag á sér hliðstæðu á Norðurlöndum. Í Danmörku er þó tveimur nefndum ætlað það hlutverk sem einni nefnd er ætlað í frumvarpi þessu.

Um 23. gr.

Störf yrkisréttarnefndar verða í mörgum tilvikum það sérhæfð að ekki þykir ástæða til að ákvörðunum nefndarinnar verði skotið til annarra stjórnsýsluaðila til breytingar eða ógildingar. Slíkt verður því að gerast fyrir dómstólum.

Um 24. gr.

Nauðsynlegt er við framkvæmd laga þessara að geta beint erindum og ákvörðunum, sem réttaráhrif hafa, til yrkishafa eða umboðsmanns hans. Verði því ekki komið við er birting erinda heimiluð á þann hátt sem lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, mæla fyrir um.

Um 25. gr.

Rétt þykir að heimila álagningu gjalda til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna að nokkru.

Um 26. gr.

Eftir að yrkisréttur hefur verið skilgreindur og nýtur lagaverndar er eðlilegt að brot á þessum lögum varði refsingu. Um einkarefsimál er að ræða.

Um 27. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 28. gr.

Hér er að finna almenna reglugerðarheimild til handa landbúnaðarráðherra sem fer samkvæmt 2. mgr. 1. gr. með framkvæmd laga þessara. Auk þess getur ráðherrann sett reglur um nánar tiltekin atriði, t. d. yrkisheiti, samkvæmt öðrum greinum laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um yrkisrétt.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði möguleiki á vernd á hugverkarétti í plöntukynbótum, yrkisréttur, í samræmi við samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem Íslendingar eru aðilar að.

Gert er ráð fyrir að stofnuð verði þriggja til fimm manna yrkisréttarnefnd sem veitir yrkisrétt og hefur eftirlit með því að yrkishafi uppfylli lögboðnar skyldur. Umsækjendur um yrkisrétt greiða gjald fyrir umsókn og kostnað við rannsókn á því að yrkið fullnægi skilyrðum fyrir vernd. Einnig greiða þeir gjald fyrir skráningu yrkisins fyrsta árið og árgjald eftir það. Áætlað er að tekjur af gjöldunum standi undir kostnaði við nefndarstarfið.

780. Frumvarp til laga [475. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Ráðherra kveður á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir, nema á annan veg sé mælt í lögum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin lagaákvæði:

a. Við 2. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, sbr. 10. gr. laga nr. 73/1996, bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr. og hljóðar svo:
   Aðsetur sjóðsins skal vera í Borgarnesi, nema ráðherra ákveði annað.
b. Við 1. gr. laga nr. 35/1982, um Blindrabókasafn Íslands, bætist nýr málsliður, er hljóðar svo: Aðsetur Blindrabókasafns Íslands er í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
c. Við 1. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, bætist nýr málsliður, er hljóðar svo: Aðsetur stofnunarinnar er í Reykjavík, nema ráðherra ákveði annað.
d. Við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. 148. gr. laga nr. 83/1997, bætist nýr málsliður, er hljóðar svo: Veiðistjóraembættið hefur aðsetur á Akureyri, nema ráðherra ákveði annað.
e. Við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, bætist nýr málsliður, er hljóðar svo: Aðsetur Siglingastofnunar er í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
f. Við 4. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, bætist nýr málsliður, er hljóðar svo: Ríkislögreglustjóri hefur aðsetur í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
g. Við 2. mgr. 1. gr. laga nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, bætist nýr málsliður, er hljóðar svo: Stofnunin hefur aðsetur í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
h. Við 1. gr. laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr. og hljóðar svo:
   Verðlagsstofa skiptaverðs skal hafa aðsetur á Akureyri, nema ráðherra ákveði annað.
i. Við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, bætist nýr málsliður, er hljóðar svo: Aðsetur stofnunarinnar er í Reykjavík, nema ráðherra ákveði annað.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi getur með almennum lögum ákveðið hvar ríkisstofnun skal hafa aðsetur sé ekki á annan veg mælt í stjórnarskrá. Ákvæði stjórnarskrár setja þessum valdheimildum Alþingis einvörðungu skorður um aðsetur forseta Íslands, ráðuneyta og Alþingis, sbr. 12., 13. og 37. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig skal forsetinn hafa aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. Ráðuneyti skulu á hinn á bóginn hafa aðsetur í Reykjavík og þar skal samkomustaður Alþingis jafnaðarlega einnig vera. Þegar þessum takmörkunum sleppir getur Alþingi ákveðið hvar ríkisstofnanir skulu hafa aðsetur með almennum lögum. Ákveði Alþingi á hinn bóginn að taka ekki afstöðu til staðsetningar stofnunar í lögum, var talið að það félli í hlut þess ráðherra, sem stofnunin heyrði undir. Þessi niðurstaða er í samræmi við þá meginreglu að þegar ákvæðum laga sleppir taki stjórnvöld allar nauðsynlegar ákvarðanir um framkvæmdaratriði og innri málefni stjórnsýslunnar sem eru forsenda þess að hægt sé að hrinda lögum í framkvæmd. Þannig taka t.d. stjórnvöld ákvörðun um opnunartíma afgreiðslna þeirra og önnur framkvæmdaratriði, sé ekki á annan veg mælt í lögum. Þessum heimildum stjórnvalda eru þó settar ákveðnar skorður af lögmætisreglunni. Þannig geta stjórnvöld ekki tekið ákvarðanir sem íþyngja borgurunum verulega nema hafa til þess sérstaka lagaheimild. Lögmætisreglan hefur á hinn bóginn ekki verið talin setja ákvörðunum um staðsetningu stofnana þröngar skorður, þar sem efni slíkra ákvarðana veit að almennu atriði um framkvæmd á stjórnsýslu og snertir hagsmuni flestra neytenda þjónustunnar með viðlíka hætti. Í þessu sambandi er rétt að minna á að bæði í stjórnarskrá og lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er fjallað um réttarstöðu starfsmanna við tilflutning stofnana. Sambærilegar meginreglur og lagasjónarmið og hér að framan eru rakin hafa verið talin gilda í Danmörku (sjá t.d. Bent Christensen: Forvaltningsret — Opgaver, hjemmel, organisation, útg. 1997, bls. 279–368).

Í minnisblaði ríkislögmanns til umhverfisráðherra frá 8. mars 1994 var dregið í efa að ráðherra hefði heimild til að flytja Landmælingar Íslands. Í því sambandi var bent á að í 4. gr. laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, væri kveðið svo á, að ekki mætti setja á fót nýjar ríkisstofnanir nema með lögum. Í sömu lögum voru enn fremur reistar skorður við því, að ríkisstofnanir ykju við húsnæði sitt. Skiptar skoðanir voru meðal lögfræðinga um hvort fyrrnefnd lög legðu einhver bönd á heimildir ráðherra til að ákveða aðsetur stofnana og bentu andmælendur á að markmið fyrrnefndra laga væri það að sporna við þenslu í stjórnsýslu ríkisins, en lögin tækju í engu á því álitaefni hvar stofnanir skyldu hafa aðsetur sitt. Ekki er lengur þörf á að taka afstöðu til þessa lögfræðilega álitaefnis þar sem lög þessi voru felld úr gildi með 55. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þegar ekki hefur verið tekin afstaða til þess í lögum hvar stofnun skuli hafa aðsetur, hefur hlutaðeigandi ráðherra almennt tekið ákvörðun eða staðfest ákvörðun um staðsetningu hennar. Í flestum tilvikum hefur stofnunum verið valin staðsetning í Reykjavík. Dæmi eru þó um annað. Þannig var t.d. Rannsóknarlögreglu ríkisins valinn staður í Kópavogi og ríkislögreglustjórinn hefur haft þar aðsetur frá upphafi.

Það hefur verið stefna fjölmargra ríkisstjórna að flytja ríkisstofnanir út á land og eru þess nokkur dæmi. Aðsetur Skógræktar ríkisins var flutt til Egilsstaða og embætti veiðistjóra til Akureyrar. Þá hafa verið teknar ákvarðanir um flutning Landmælinga Íslands til Akraness og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til Borgarness og tók fyrrnefnda stofnunin til starfa nú um áramót. Auk þess eru ýmsar stofnanir ríkisins starfræktar í nágrenni Reykjavíkur, eins og t.d. Póst- og fjarskiptastofnun, skrifstofa ríkislögreglustjóra og Siglingastofnun Íslands

sem allar eru í Kópavogi. Loks eru dæmi þess að einstök svið stofnana hafi verið flutt frá Reykjavík, sbr. flutning þróunarsviðs Byggðastofnunar til Sauðárkróks.

Með dómi Hæstaréttar frá 18. desember 1998 í málinu nr. 312/1998 var ákvörðun umhverfisráðherra um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness dæmd ólögmæt þar sem ráðherra hafði ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar frá Reykjavík til Akraness. Í dómi Hæstaréttar segir að þótt ekki séu bein fyrirmæli um það í lögum að ríkisstofnun skuli staðsett í Reykjavík verði ekki talið að það eitt gefi ráðherra frjálst val um það hvar hún skuli vera. Vöntun á ákvæðum um þetta í lögum megi helst skýra með því að fyrirmæli séu í stjórnarskrá um staðsetningu ráðuneyta. Hafi það verið talið svo sjálfsagt fram á hin síðari ár að stofnanir, sem undir þau heyrðu, hefðu einnig aðsetur í höfuðborginni, að ekki þyrfti að taka það fram í lögum.

Túlkun Hæstaréttar á þessu ákvæði 2. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar kemur á óvart þegar til þess er litið að uppruna ákvæðisins má rekja til þeirra breytinga sem gerðar voru á stjórnarskránni um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 með stjórnarskipunarlögum nr. 16 frá 3. október 1903. Þær breytingar höfðu tvennt að markmiði. Annars vegar að koma á þingræði í landinu þannig að ráðherra Íslands bæri ábyrgð gagnvart Alþingi Íslendinga. Hins vegar að færa aðsetur ráðherrans til Íslands frá Danmörku. Til að síðarnefnda breytingin gæti gengið eftir meðan landið var enn hluti af danska konungsríkinu bar nauðsyn til að færa þau orð í ákvæði stjórnarskrárinnar að ráðherrann skyldi hafa aðsetur í Reykjavík, en ekki á öðrum stað í ríkinu.[1] Ákvæðið hélst óbreytt í stjórnarskipunarlögum nr. 12 frá 19. júní 1915 um breytingu á sömu stjórnarskrá og í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands nr. 9 frá 18. maí 1920 með því orðalagi, er síðan hefur haldist, en þá var tekið upp orðið ráðuneyti í stað ráðherra, enda voru þeir þá orðnir fleiri en einn, og tiltekið að það hefði aðsetur í Reykjavík.

Hvað sem líður tilurð og tilgangi þessa ákvæðis verður ekki fram hjá því litið að Hæstiréttur hefur síðar ljáð því rýmri merkingu en því virðist í upphafi hafa verið ætlað. Fordæmisgildi dóms Hæstaréttar virðist í stuttu máli mega draga saman með svofelldum hætti: Þegar Alþingi kveður ekki á um aðsetur ríkisstofnunar í lögum ber að líta svo á að stofnunin eigi að hafa aðsetur í Reykjavík. Þrátt fyrir að ekki sé kveðið á um aðsetur stofnunar í lögum getur ráðherra — að óbreyttum lögum — ekki tekið ákvörðun um að flytja aðsetur hennar frá Reykjavík.

Margvísleg starfsemi og þjónusta á vegum ríkisins fer fram utan Reykjavíkur og nægir að vísa þar um til greinargerðar um staðbundna stjórnsýslu og þjónustu á vegum ríkisins í fylgiskjali nr. 5 með skýrslu forsætisráðherra til Alþingis um endurskoðun á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis (þskj. 141, 141. mál). Í ljósi framangreinds dóms Hæstaréttar er nauðsynlegt að tekinn verði af allur vafi um heimildir til að starfrækja ríkisstofnanir utan Reykjavíkur, hvort heldur er í Kópavogi eða á Akureyri, svo dæmi séu tekin. Því er lagt til að í lög verði tekin heimild fyrir ráðherra til að ákveða aðsetur ríkisstofnana sem undir ráðuneyti þeirra heyra. Heimildin tekur einvörðungu til þeirra ríkisstofnana sem Alþingi hefur ekki mælt fyrir um í lögum hvar hafa skuli aðsetur. Þessi lagabreyting haggar að sjálfsögðu ekki við skyldum stjórnvalda til að afla fjárlagaheimilda fyrir stofnkostnaði eða auknum rekstrarkostnaði stjórnvalda við flutning.

---

[1] Alþt. 1902, C-deild, bls. 4.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu felst að hafi ekki verið tekin afstaða til þess í lögum hvar stofnun skuli hafa aðsetur falli það í hlut þess ráðherra, sem stofnunin heyrir stjórnarfarslega undir samkvæmt lögum eða ákvörðun forsætisráðherra með atbeina forseta um skiptingu starfa með ráðherrum, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar.

Með stofnun í skilningi ákvæðisins er átt við öll stjórnvöld ríkisins, þ.e. alla þá aðila sem taldir eru til framkvæmdarvalds ríkisins, svo sem ríkisstofnanir, embætti, stjórnsýslunefndir, sjóði, ríkisfyrirtæki, o.s.frv.

Í ákvæðinu felst í senn heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða að flytja stofnun um set og einnig það sem minna er, að flytja til ákveðnar deildir eða skrifstofur stofnunar.

Um 2. gr.

Til að taka af allan vafa um gildi ákvarðana sem teknar hafa verið hingað til um aðsetur stofnana utan Reykjavíkur þykir rétt að festa í viðeigandi lög ákvæði þar að lútandi. Í samræmi við meginreglu frumvarps þessa skv. 1. gr. er þó lagt til að ákvörðunarvald um aðsetur þeirra verði eftir sem áður á hendi ráðherra.

Í c-lið er lagt til að aðsetur Byggðastofnunar skuli vera í Reykjavík, nema ráðherra ákveði annað. Á þann hátt er því ákvæði er tekið var í b-lið 9. gr. reglugerðar nr. 274/1998, um Byggðastofnun, um að stjórn hennar sé heimilt að staðsetja þróunarsvið stofnunarinnar utan aðalskrifstofu hennar, veitt örugg lagastoð. Þá er í i-lið lagt til að sams konar ákvæði gildi um aðsetur Íbúðalánasjóðs þar sem innheimtusvið stofnunarinnar hefur hafið starfsemi á Sauðárkróki.

Aðrir stafliðir greinarinnar skýra sig sjálfir í ljósi framanritaðs.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, o.fl.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra kveði á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir nema á annan veg sé mælt í lögum. Jafnframt er lagt til að staðfest verði í lögum aðsetur nokkurra stofnana sem þegar eru starfandi utan Reykjavíkur.

Ætla má að flutningur á starfsemi frá frá einum stað til annars leiði sem slíkur yfirleitt af sér einhvern kostnaðarauka. Til lengri tíma litið skiptir hins vegar meira máli hver áhrif önnur staðsetning stofnunar hefur á rekstrarkostnað hennar. Þannig geta hagkvæmari rekstrarskilyrði í nýju umhverfi leitt til lægri rekstrarkostnaðar, rétt eins og lakari skilyrði mundu leiða til hækkunar. Atriði er áhrif hafa í því sambandi verða hins vegar ekki reiknuð út nema í hverju tilviki um sig á grundvelli þeirra forsendna sem þá liggja fyrir. Þar sem meginákvæði frumvarpsins miða einungis að því færa réttarástand í sama horf og áður var talið gilda og

ákvæði frumvarpsins fela ekki í sér nein áform um breytingar frá því sem nú er verður ekki talið að frumvarpið valdi sem slíkt neinum kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

781. Frumvarp til laga [476. mál]

um breytingu á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: stjórnarráðið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að yfirstjórn embættis ríkislögmanns verði flutt frá fjármálaráðherra til forsætisráðherra.

Skipan stjórnarmálefna og skipting starfa milli ráðherra og ráðuneyta heyrir samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar til þeirra starfa sem falin eru handhöfum framkvæmdarvaldsins, sbr. síðari málslið 15. gr. stjórnarskrárinnar sem og 2. gr. hennar, um þrískiptingu ríkisvaldsins. Samhljóða og ítarlegri ákvæði voru síðar sett í lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 73 28. maí 1969, sbr. 1. gr. i.f. og 8. gr. laganna, fyrirmælum stjórnarskrár til nánari útfærslu. Við gildistöku laganna var síðan með úrskurði forseta gefin út reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, þar sem stjórnarmálefnum er skipað undir ráðuneyti og er það meginréttarheimildin um valdsvið hvers ráðuneytis um sig.

Þrátt fyrir þá skipan, sem stjórnarskrárgjafinn hefur þannig valið þessum þætti stjórnarskipunarinnar, eru þess fjölmörg dæmi að hinn almenni löggjafi ákveði vistun stjórnarmálefna með lögum; svo sem til háttar með þau lög sem hér er leitað breytinga á. Slík ákvæði eiga sér oft eðlilegar skýringar í því að um nýskipan er að ræða eða meiri háttar breytingar á skipan stjórnarmálefna standa fyrir dyrum, en hljóta að öðru jöfnu að teljast ofaukið með skírskotun til þess er að framan segir.

Með því að ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að gera þær breytingar á skipan stjórnarmálefna, sem í upphafi var lýst, þykir jafnframt rétt að leita atbeina Alþingis til að færa viðeigandi lagaákvæði til samræmis þar við.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Embætti ríkislögmanns var sett á fót með lögum nr. 51 24. júní 1985. Samkvæmt lögunum er hlutverk embættisins þríþætt: Rekstur einkamála fyrir dómstólum, umfjöllun bótakrafna á hendur ríkissjóði og álitsgerðir og aðstoð við vandasama samningsgerð eftir ósk einstakra ráðherra.

Að því er rekstur dómsmála varðar fer eftir atvikum hverju sinni, hvaða ráðherra eða ráðherrar eru í fyrirsvari fyrir ríkisvaldið í einstökum málum. Embætti ríkislögmanns sækir fyrirmæli um rekstur máls til þess ráðherra, sem hverju sinni er í fyrirsvari fyrir ríkisvaldið.

Með sama hætti er embættinu skylt að semja álitsgerð fyrir hvern þann ráðherra, sem hverju sinni óskar lögfræðilegrar álitsgerðar um tiltekið mál sem undir hann heyrir.

Samkvæmt þessu má ljóst vera, að embætti ríkislögmanns er lögmannsskrifstofa í einkamálum fyrir Stjórnarráð Íslands í heild. Það er þannig í raun þjónustustofnun allra ráðuneytanna. Með vísan til þessa er eðlilegt að embættið heyri undir forsætisráðherra og beri undir forsætisráðuneyti, sem fer með mál er varða Stjórnarráð Íslands í heild, en vistun embættisins hjá fjármálaráðuneyti á sér fyrst og fremst þær sögulegu skýringar, að málarekstur æðstu stjórnar ríkisins í einkamálum hafði um árabil verið að stórum hluta falinn sérstökum málflutningsmönnum, sem störfuðu innan fjármálaráðuneytis.

Um 2. gr.

Gildistökuákvæði þarfnast ekki skýringa.

Samhliða gildistöku frumvarps þessa, ef að lögum verður, mun forsætisráðherra beita sér fyrir setningu reglugerðar, samhljóða þeim breytingum sem frumvarpið stefnir að, um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands og fylgja drög að henni í fylgiskjali til upplýsingar.

Fylgiskjal I.

Drög:

REGLUGERÐ
um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands,
nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 2. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar um breyting á reglugerð þessari nr. 77/1990:

a. 14. og 15. tölul. falli brott.
b. Nýr 14. tölul. hljóði svo: Embætti ríkislögmanns.

2. gr.

15. tölul. liðar I í 5. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 1/1984, falli brott.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann.

Með frumvarpinu er lagt til að embætti ríkislögmanns verði flutt frá fjármálaráðherra til forsætisráðherra. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs.

782. Skýrsla [477. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 1998.

1. Inngangur.

Þjóðþing Færeyja, Grænlands og Íslands stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi 24. september 1985 sem samstarfsvettvang þinganna þriggja. Með því var formfest samstarf landanna þriggja, sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Markmið ráðsins eru að starfa saman að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna Vestur-Norðurlanda, auka samstarfið innan norrænnar samvinnu og vera þingræðislegur tengiliður milli samvinnuaðila innan Vestur-Norðurlanda og annarra fjölþjóðlegra hagsmunahópa og ríkjasamtaka. Vestnorræna ráðið hefur í gegnum tíðina ályktað um ýmis mál, þar á meðal um umhverfis- og auðlindamál, aukið menningarsamstarf landanna og skóla- og íþróttasamvinnu, svo fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja 18 þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar, sem jafnframt fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, með þingmanni frá hverju aðildarríki innanborðs, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið getur einnig skipað sérstakar vinnunefndir um einstök mál. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna, með virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samstarfi við aðra aðila innan vestnorræns samstarfs, samvinnu við norðurheimsskautsstofnanir, og skipulagningu á ráðstefnum og fundum.

2. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Í byrjun árs 1998 sátu eftirtaldir fulltrúar í Vestnorræna ráðinu: Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ólafur G. Einarsson og Svavar Gestsson. Varamenn voru þá Gísli S. Einarsson, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson og Kristín Ástgeirsdóttir.

Þann 5. júní voru kosnir sömu sex fulltrúar, en sú breyting varð á hópi varafulltrúa að Svanfríður Jónasdóttir var kjörin í stað Gísla S. Einarssonar. Þann 9. júní 1998 kaus Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins á fundi sínum Ísólf Gylfa Pálmason sem formann og Ástu R. Jóhannesdóttur sem varaformann Íslandsdeildar fyrir starfsárið.

3. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt fimm fundi á árinu. Á fundunum var m.a. fjallað um undirbúning æskulýðsráðstefnu Vestnorræna ráðsins sem haldin var í Reykjavík 10.–12. júlí, um framkvæmd lífsgildakönnunar sem Vestnorræna ráðið hefur falið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera í aðildarlöndunum, um þátttöku í aðalfundi ráðsins í Grænlandi og um möguleikann á því að setja á fót vestnorrænan menningarsjóð. Þá ræddi Íslandsdeildin möguleika þess að koma vestnorrænu samstarfi betur á framfæri í Norrænu húsunum í aðildarlöndunum. Samskipti Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs, sem og annarra fjölþjóðastofnana og samtaka, voru einnig til umræðu. Ari Trausti Guðmundsson, jarðfræðingur, var gestur á fundi Íslandsdeildar í desember og greindi hann frá ferðum sínum um vestnor-

ræna svæðið. Svavar Gestson var fulltrúi Vestnorræna ráðsins á ráðstefnu Norðurlandaráðs um umhverfismál sem haldin var í Gautaborg 26.–27. febrúar og einnig á ráðstefnu þingmannanefndar Norðurheimskautsráðsins í Salekhard í Rússlandi 22.–24. apríl. Þá var Ísólfur Gylfi Pálmason fulltrúi ráðsins á 50. þingi Norðurlandaráðs í Ósló 9.–12. nóvember. Auk þess hefur núverandi formaður Íslandsdeildar og framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins fundað með ýmsum aðilum. Hér á landi hittu þeir forstöðumann Norrænu upplýsingaskrifstofunnar á Akureyri og forstöðumann Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, auk fulltrúa CAFF-skrifstofunnar, Háskólans á Akureyri og Akureyrarbæjar. Í Kaupmannahöfn fundaði formaður og framkvæmdastjóri með tveimur starfsmönnum Norrænu ráðherranefndarinnar, þeim Bjarna Daníelssyni, forstöðumanni menningarmáladeildar, og Ragnheiði Þórarinsdóttur, ráðgjafa. Í september hittu þeir Jógvan Durhuus og Lisbeth Petersen úr landsdeildinni í Færeyjum, og Ingu Ellingsgård, formann undirbúningsnefndar fyrirhugaðrar kvennaráðstefnu ráðsins. Í tengslum við þá fundi sóttu þeir ráðstefnu um jafnréttismál á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Í Noregi hittu þeir Svein Ludvigssen, varaformann Norðurlandanefndar Norðurlandaráðs, í tengslum við ráðstefnu um byggðamál og svæðasamstarf í Mo i Rana í Noregi í byrjun október. Loks hefur formaður, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins og ritari Íslandsdeildar hitt stjórn Norræna félagsins á Íslandi þar sem ræddir voru samstarfsmöguleikar félagsins og ráðsins.

4. 14. ársfundur Vestnorræna ráðsins 1998.

14. ársfundur ráðsins var haldinn í bænum Ilullisat á Grænlandi dagana 9.–12. júní 1998. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason, , Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Svavar Gestsson. Alls sóttu 16 vestnorrænir þingmenn frá aðildarlöndunum ársfundinn.

Anders Andreasen frá Grænlandi flutti skýrslu formanns. Í máli sínu rakti hann starfið á árinu 1997 og gerði grein fyrir helstu verkefnum ráðsins. Magnús Magnússon frá mannfræðistofnun Háskóla Íslands hélt erindi á aðalfundinum um þróun veiðimannasamfélagsins á Austur-Grænlandi og sýndi kvikmynd sem Sigrún Stefánsdóttir gerði ásamt öðrum um þetta rannsóknarefni. Þá voru þau Ragnheiður Þórarinsdóttir, ráðgjafi hjá Norrænu ráðherranefndinni, og Karl Sigurðsson frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gestir aðalfundarins og fluttu erindi um þema hans, stöðu ungs fólks á Vestur-Norðurlöndum. Loks flutti norski þingmaðurinn Svein Ludvigssen, sem er varaformaður Norðurlandanefndar Norðurlandaráðs, erindi um starfsemi nefndarinnar og áherslur Norðurlandaráðs varðandi grannsvæðin og sjálfstjórnarsvæðin.

Þrjár ályktanir voru lagðar fyrir og samþykktar á aðalfundinum. Í fyrstu ályktuninni er menntamálaráðherra Íslands, Færeyja og Grænlands falið að beita sér fyrir aukinni samvinnu skóla í löndunum þremur varðandi samskipti og samvinnu á internetinu. Í rökstuðningi segir m.a. að tölvutæknin hafi þegar gert fjarlægðir að engu og skapi hún því einstök sóknarfæri fyrir samstarf á Vestur-Norðurlöndunum, þar sem úthöf, fjöll og firnindi skilja að blómlegar byggðir. Með auknum samskiptum á internetinu geta bæði kennarar og nemendur á Vestur-Norðurlöndum aukið þekkingu sína og hæfni og samtímis styrkt vestnorræna vitund.

Önnur ályktunin lýtur að eflingu samstarfs í íþróttamálum og er menntamálaráðherrum landanna þriggja falið að koma á fót vinnuhópi til þess að móta tillögur þar að lútandi. Í rökstuðningi segir m.a. að um árabil hafi íslensk, færeysk og grænlensk íþrótta- og ungmennafélög átt gott samstarf við samsvarandi félög í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, en innbyrðis samstarf hafi á hinn bóginn verið hverfandi. Þessu beri að breyta og örva þurfi

samskipti þeirra tugþúsunda Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga sem leggja stund á íþróttir. Þannig skapast verðmæt tengsl og varanleg, segir í rökstuðningi ályktunarinnar.

Þriðja ályktunin sem var samþykkt lýtur að eflingu menningarsamstarfs og er lagt til að settur verði á fót sérstakur vestnorrænn menningarsjóður. Í rökstuðningi segir að saga og menning Vestur-Norðurlanda sé samofin — og afar sérstök. Að henni þurfi að hlúa og eru menntamálaráðherrar landanna hvattir til að móta tillögur um stofnun menningarsjóðs.

Í þessu sambandi er vert að geta þess að á fundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins í Ósló 11. nóvember var ákveðið að beina því til landsdeildanna að fylgja eftir ályktunum ráðsins frá aðalfundinum með sama hætti og Íslandsdeild hefur samþykkt, þ.e. með því að leggja þær fram sem þingsályktun og kynna á sérstökum fundi með þeim ráðherra sem þeim er beint til.

Þá voru teknar fimm ákvarðanir um innri mál Vestnorræna ráðsins, m.a. varðandi afskrift tillagna sem hafa komið til framkvæmda og um þema næsta árs, sem er málefni kvenna árið 1999. Jafnframt var ákveðið á aðalfundinum að árið 2000 yrði vestnorrænt menningarár.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 1999 var samþykkt. Hún hljóðar upp á 600 þús. d.kr., þar af greiðir Ísland 300 þús. d.kr., Færeyjar 150 þús. d.kr. og Grænland 150 þús. d.kr. Formennska í Vestnorræna ráðinu kom í hlut Íslands á aðalfundinum, og var Ísólfur Gylfi Pálmason, formaður Íslandsdeildar, kjörinn formaður.

5. Ungmennaráðstefna Vestnorræna ráðsins.

Æskulýðsráðstefna Vestnorræna ráðsins var haldin í Reykjavík dagana 10.–12. júlí. Markmiðið með ráðstefnunni var að skapa vettvang fyrir ungt fólk á Vestur-Norðurlöndum til umræðu og skoðanaskipta um sameiginleg málefni til að öðlast þekkingu á högum hvers annars og til að veita þeim tækifæri til að kynnast og þannig renna styrkari stoðum undir vestnorrænt samstarf. Um 130 ungmenni á aldrinum 18–23 ára frá löndunum þremur tóku þátt í ráðstefnunni, auk þorra þingmanna Vestnorræna ráðsins og embættismanna.

Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni var Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og flutti hún ávarp um framtíð dönskunnar sem samskiptamáls sem vakti athygli fjölmiðla. Meðal umræðuefna á ráðstefnunni voru: framtíð vestnorrænu tungumálanna og framtíð dönskunnar sem samskiptamáls, ný samskiptatækni, menning, náttúruvernd og náttúruauðlindir. Auk þess voru haldnir tónleikar í tengslum við ráðstefnuna og kynning á siðum og sérkennum landanna. Líflegar umræður voru á ráðstefnunni og sagði í lokaskýrslu hennar, að markmið hennar, sem getið er að ofan, hefðu náðst.

6. Önnur verkefni Vestnorræna ráðsins 1998.

Undirbúningur fyrir jafnréttisráðstefnu Vestnorræna ráðsins, sem haldin verður í Færeyjum 5.–8. júní nk., stendur yfir. Stofnaður hefur verið undirbúningshópur ráðstefnunnar, skipaður fulltrúum frá hverju aðildarlandi. Hólmfríður Sveinsdóttir frá Kvenréttindafélagi Íslands er fulltrúi Íslands í undirbúningsnefndinni sem er ætlað að skipuleggja dagskrá og þátttöku í ráðstefnunni. Henni til fulltingis er ritari Íslandsdeildar. Gert er ráð fyrir að 25 manns frá hverju landi taki þátt, eða 75 manns alls, auk þingmanna og starfsmanna.

Á árinu hófst gerð svokallaðrar lífsgildakönnunar Vestnorræna ráðsins á meðal 18 ára unglinga í aðildarlöndunum. Tilgangur könnunarinnar, sem er í höndum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, er að bera saman lífsgildi þessa hóps ungs fólks og afstöðu þeirra til ýmissa mála. Könnunin hefur verið gerð á Íslandi og Færeyjum, en beðið er eftir gögnum frá Grænlandi til að úrvinnsla geti hafist.

Að frumkvæði Vestnorræna ráðsins er nú í undirbúningi uppbygging Þjóðhildarkirkju og bæjar Eiríks rauða í Brattahlíð á Grænlandi. Reiknað er með að framkvæmdum verði lokið árið 2000, þegar landafunda í Vesturheimi verður minnst. Árni Johnsen er formaður Brattahlíðarnefndar sem hefur veg og vanda að undirbúningnum. Verkefninu miðar hratt og örugglega, og í desember sl. samþykkti forsætisnefnd Norðurlandaráðs að veita um 10 milljónir íslenskra króna til uppbyggingar Brattahlíðar.

Sjávarútvegsráðherra Íslands stóð fyrir vestnorrænni ráðherraráðstefnu um sjávarútvegsmál 15. apríl og tóku sjávarútvegsráðherrar Færeyja og Grænlands þátt í henni. Ráðstefnan var haldin m.a. til að fylgja eftir málum frá sjávarútvegsráðstefnu Vestnorræna ráðsins sumarið 1997. Á ráðstefnunni var rætt um samstarf þjóðanna í sjávarútvegsmálum og umhverfismálum hafsins.

Loks má nefna að skrifstofa Vestnorræna ráðsins hefur fengið útgáfufyrirtæki til þess að hanna heimasíðu ráðsins og sjá um útgáfu upplýsingabæklings um starfsemi ráðsins. Framkvæmdastjóri ráðsins hefur unnið að málinu á árinu ásamt útgáfufyrirtækinu og er búist við að þeirri vinnu ljúki nú í febrúar.

Alþingi, 12. febr. 1999.

Ísólfur Gylfi Pálmason, form.	Ásta R. Jóhannesdóttir, varaform.	Árni Johnsen.
Guðný Guðbjörnsdóttir.		Ólafur G. Einarsson.

783. Skýrsla [478. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 1998.

Saga ÖSE-þingsins.

Aðild að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE), eiga 55 ríki Evrópu og Norður-Ameríku. Einu þeirra, Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, hefur þó ekki staðið til boða að taka þátt í störfum þingsins síðan þátttaka þess í starfi ÖSE var felld niður árið 1992. Stofnunin starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar.

Í yfirlýsingu þjóðarleiðtoga RÖSE-ríkjanna í París 21. nóvember 1990 var hvatt til þess að komið yrði á fót reglulegum fundum þingmanna ríkjanna. Á fundi þjóðarleiðtoganna í Madrid í apríl 1991 var svo ákveðið að koma á fót RÖSE-þingi er kæmi saman einu sinni á ári (í júlí). Þar var samþykkt svokölluð Madrid-yfirlýsing sem er grundvallarskjal ÖSE-þingmannasamstarfsins. Að loknum tveimur undirbúningsfundum á árinu 1992 var fyrsti fundur RÖSE-þings haldinn í júlí 1992 í Búdapest. Í ársbyrjun 1995 breytti þingið síðan um nafn og kallast nú ÖSE-þingið.

Starf ÖSE-þingsins 1998.

Framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu hefur á undanförnum árum verið langveigamesta verkefni ÖSE, en í samkomulaginu er stofnuninni falið að hafa umsjón með framkvæmd kosninga, mannréttindamálum og aðstoð við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar. Í október sl. var ÖSE síðan falið að fylgjast með framkvæmd vopnahlés í Kosovo-héraði í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu. Samkvæmt samkomulagi sem Richard Holbrooke, sendimaður Bandaríkjastjórnar, gerði við Slobodan Milosevic, forseta Júgóslavíu, eiga 1200 manna eftirlitssveitir á vegum ÖSE að fylgjast með að vopnahléið verði virt af hálfu stríðandi fylkinga í Kosovo. Ástand mála á Balkanskaga hefur því verið fyrirferðarmikið á dagskrá ÖSE-þingsins undanfarin ár. Af öðrum verkefnum bar kosningaeftirlit að venju hæst í starfi ÖSE-þingsins á árinu 1998, og þá var þema ársfundarins í júlí umfjöllun um stofnanauppbyggingu ÖSE og tillögur til einföldunar á henni.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Íslandsdeildin var skipuð sem hér segir árið 1998:

Pétur H. Blöndal, Sjálfstæðisflokki, formaður, Ragnar Arnalds, Alþýðubandalagi, varaformaður, Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki, Guðjón Guðmundsson, Sjálfstæðisflokki, og Guðný Guðbjörnsdóttir, Kvennalista. Ritari deildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Starfsemi á árinu 1998.

a. Fundur stjórnarnefndar.

Dagana 19.–20. febrúar fundaði stjórnarnefnd ÖSE-þingsins í Vín. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal, formaður, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara deildarinnar. Fundurinn einkenndist öðru fremur af umræðum um þau mikilvægu hlutverk sem ÖSE hefur með höndum við að koma á friði og stöðugleika í Bosníu og Hersegóvínu annars vegar og af umfjöllun um starfsreglur þingsins hins vegar.

Í upphafi fundar nefndarinnar árið 1997 kom upp sá vandi að tveir fulltrúar gerðu kröfu um að sitja fundinn í nafni Hvíta-Rússlands. Annars vegar var það fulltrúi hvítrússneska þingsins sem sæti átti í nefndinni á ársfundinum í Stokkhólmi 1996 og hins vegar fulltrúi Lúkashjenkós forseta. Ákveðið var að ekki bæri að taka mark á þjóðaratkvæðagreiðslu um aukin völd forsetans í Hvíta-Rússlandi, sem m.a. Evrópuráðið hafði úrskurðað ólöglega og ólýðræðislega, og að fulltrúar hins þjóðkjörna þings sem sent hafði verið heim sætu fundinn. Þeir hinir sömu sátu fund nefnarinnar að þessu sinni, enda viðurkennir ÖSE-þingið ekki þing það er Lúkashjenkó forseti Hvíta-Rússlands hefur sjálfur skipað. Fyrir fundinum lá harðort mótmælabréf frá utanríkisráðuneyti Hvíta-Rússlands, en ekki var tekið tillit til þess, og munu fulltrúar hins þjóðkjörna þings sem sent hefur verið heim sitja fundi ÖSE-þingsins fyrir hönd Hvíta-Rússlands þar til fram hafa farið lýðræðislegar kosningar í landinu á ný.

Fyrri dag fundarins höfðu eftirfarandi aðilar framsögu og svöruðu spurningum fundarmanna: Bronislaw Geremek, utanríkisráðherra Póllands og þáverandi formaður ráðherraráðs ÖSE; Frans Timmermans, aðstoðarmaður Max van der Stoels, sérlegs erindreka um málefni minnihlutahópa, sem staddur var í Belgrad; Freimut Duve, fulltrúi ÖSE um frelsi fjölmiðla; Gerard Stoudmann, yfirmaður þeirrar stofnunar ÖSE sem fer með mannréttindi og lýðræði (ODIHR); og Giancarlo Aragona, framkvæmdastjóri ÖSE.

Bronislaw Geremek tók við formennsku í ráðherraráði ÖSE í ársbyrjun 1998. Hann sagðist leggja áherslu á eflingu fyrirbyggjandi „diplómatískra“ aðgerða í starfi stofnunarinnar þar sem stuðlað er að bættum samskiptum og reynt að koma í veg fyrir að deilur þróist yfir

í eiginleg átök. Hann sagði ÖSE helst hafa þetta hlutverk í því öryggiskerfi álfunnar sem nú væri í þróun, auk kosningaeftirlits. Þetta væru þau svið sem ÖSE hefði helst sérhæft sig í og ætti að leggja höfuðáherslu á. Fyrirbyggjandi aðgerðir og milliganga á vegum ÖSE hefði oft skilað góðum árangri þótt ekki færi mikið fyrir starfinu eðli málsins samkvæmt. Hann sagðist jafnframt vonast eftir auknu samstarfi og aukinni verkaskiptingu milli ÖSE og annarra fjölþjóðastofnana, einkum Evrópuráðsins. Geremek sagði ÖSE aldrei mundu koma í stað Atlantshafsbandalagsins, en að stofnunin hefði annars konar verkefni á höndum og að hún væri nauðsynlegur hlekkur í öryggiskerfi álfunnar. Þá fjallaði Geremek um stöðu mála á ýmsum helstu átaka- og spennusvæðum álfunnar, svo sem Bosníu og Hersegóvínu, Moldavíu, Nagorno-Karabak, Kosovo og Hvíta-Rússlandi. Hann sagði samningsviljann oft skorta milli deiluaðila á þessum svæðum, en lagði áherslu á það hlutverk ÖSE að miðla málum og útskýra fyrir deiluaðilum hag þeirra sjálfra af gerð samninga.

Giancarlo Aragona, framkvæmdastjóri ÖSE, sagði íhlutun stofnunarinnar í átökin í Albaníu fyrr um veturinn vera stærsta sigur stofnunarinnar, en þar tókst að stilla til friðar þar sem hörð átök voru að brjótast út og voru ítalskar hersveitir þar fremstar í flokki friðargæslusveita. Sagði hann fjölþjóðasamfélagið hafa brugðist þar skjótt og skipulega við, en ÖSE samræmdi aðgerðir ýmissa aðila þar við að tryggja frið og stöðugleika og endurreisa ýmsar lýðræðislegar stofnanir. Hann fjallaði jafnframt um vaxandi samstarf ÖSE við ýmsar aðrar fjölþjóðastofnanir og nefndi kosningarnar í Albaníu í júní 1997 sem dæmi, en þar höfðu eftirlitsnefndir ÖSE-þingsins og Evrópuráðsþingsins með sér ýmiss konar samstarf og sendu m.a. frá sér sameiginlega yfirlýsingu um framkvæmd kosninganna að þeim loknum. Þá fjallaði Aragona um starfsemi ÖSE í Bosníu og Hersegóvínu, fyrrverandi Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu, Króatíu og víðar. Loks greindi hann frá stofnun nýs embættis innan ÖSE, embættis fulltrúa ÖSE um frelsi fjölmiðla og gaf Freimut Duve orðið.

Freimut Duve, fulltrúi ÖSE um frelsi fjölmiðla og fyrrum formaður 3. nefndar ÖSE-þingsins um lýðræði og mannréttindamál, kynnti sitt nýja embætti og sagði þróun þess á frumstigi. Embættinu er ætlað að vera vettvangur kvartana vegna meðferðar stjórnvalda á fjölmiðlum eða fjölmiðlafólki, og mun embættið jafnframt senda fyrirspurnir til viðkomandi stjórnvalda og þrýsta á um úrbætur þegar við á. Annars sagði Duve embætti sitt hafa orðið til í árslok 1997 og að hvorki hlutverk þess né starfsskipulag væri fullmótað enn. Sjálfur sagðist Duve vilja berjast gegn hvers kyns hömlum stjórnvalda á starfsemi fjölmiðla, óhóflegri skattpíningu þeirra, misnotkun fjölmiðla í áróðursstríði o.s.frv.

Embætti Max van der Stoels er ætlað að bregðast við eins skjótt og hægt er þegar hætta er á að þjóðernisdeilur þróist í átök innan ÖSE-svæðisins. Van der Stoel var staddur í Belgrad vegna málefna Kosovo en aðstoðarmaður hans, Frans Timmermans, ávarpaði fundinn. Timmermans sagði Kosovo líklega vera þann stað álfunnar þar sem mest spenna ríkti um þær mundir. Embætti van der Stoels reyndi að stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum á svæðinu, líkt og víðar í álfunni þar sem átök eða spenna ríktu milli þjóðernishópa. Timmermans lagði hins vegar áherslu á að trúnaður embættisins við deiluaðila væri algert grundvallaratriði í starfsemi þess, og því ekki unnt að greina nákvæmlega frá stöðu mála á fundi sem þessum. Deiluaðilar yrðu að geta treyst því að embætti van der Stoels væri hlutlaus milligönguaðili þar sem hægt væri að ræða stöðu mála við í trúnaði. Það er svo hlutverk van der Stoels að leita samningsleiða, reyna að finna fleti á stöðu mála sem báðir eða allir aðilar geti sameinast um. Timmermans sagði víða ríkja deilur milli þjóðernisbrota í Mið- og Austur-Evrópu þar sem samningsviljinn væri í raun til staðar en utanaðkomandi milligönguaðila þyrfti til að koma því ferli í réttan farveg.

Gerard Stoudmann ræddi einkum um hlutverk embættis síns við undirbúning og framkvæmd kosningaeftirlits annars vegar og í málefnum Bosníu og Hersegóvínu hins vegar. Embætti hans er ætlað að efla mannréttindi og lýðræði, en í því sambandi hefur hann á hendi samræmingu kosningaeftirlits, útvegar sérfræðinga á sviði stjórnskipunarréttar og veitir fræðslu á því sviði. Þá hefur embættið aðstoðað við stofnun umboðsmannsembætta („ombudsman") í Bosníu og Hersegóvínu, skipulagt námsstefnur um lýðræðisleg vinnubrögð og þjálfað embættismenn, aðstoðað við uppbyggingu frjálsra fjölmiðla, gefið út þýðingar á kosningalögum o.fl.

Seinni daginn ávörpuðu fundinn dr. Heinz Fischer, forseti austurríska þingsins og dr. Viktor Klima, kanslari Austurríkis.

Javier Ruperez, þáverandi forseti þingsins, fjallaði um hvernig eitthvert eitt tiltekið málefni væri venjulega öðrum fremur á dagskrá þingsins á ársfundi þess og lagði til að á ársfundinum í júlí yrði athyglinni beint að þróun stofnana og stefnu ÖSE. Var það samþykkt. Sir Peter Emery, gjaldkeri þingsins, greindi frá því að 38 ríki af 55 hefðu þegar greitt að fullu árgjöld sín til þingsins fyrir fjárlagaárið 1997–98, og að á árinu áður hefðu 98% árgjaldanna verið greidd að fullu. Rekstrarafgangur síðasta árs nam 81.000 dönskum krónum, og í fyrsta sinn var engin athugasemd gerð af utanaðkomandi endurskoðendum við ársreikninga þingsins. Helle Degn, þáverandi varaforseti þingsins, gerði grein fyrir undirbúningi 7. ársfundar þingsins sem fram fór í Kaupmannahöfn dagana 7.–10. júlí. Frank Swaelen, fyrrverandi forseti þingsins, gerði grein fyrir námsstefnu sem haldin var í Úsbekistan í september 1997 um svæðisbundin öryggis-, efnahags-, félags-, mannúðar- og stjórnmál í Mið-Asíu. Þá gerði Jacques Floch, formaður 2. nefndar, grein fyrir ráðstefnu um svæðisbundið samstarf í efnahagsmálum sem haldin var í Mónakó í október 1997. Loks var Þjóðverjinn Gert Weisskirchen einróma kjörinn formaður 3. nefndar, en Freimut Duve sem þar gegndi formennsku árið áður hafði sem fyrr segir verið skipaður fulltrúi ÖSE um frelsi fjölmiðla.

Loks var tekinn fyrir fjöldi breytingartillagna við starfsreglur þingsins, en sérstök nefnd hafði starfað að gerð tillagna í þeim efnum eftir ársfundinn í Varsjá 1997. Skemmst er frá því að segja að allar þær tillögur sem höfðu í för með sér umtalsverðar breytingar á starfsreglunum voru felldar, enda nægilegt að fulltrúar tveggja ríkja greiði atkvæði gegn tillögu til þess að hún falli. Þetta gilti m.a. um tillögu þess efnis að hægt væri að taka ákvarðanir í stjórnarnefnd gegn atkvæðum tveggja ríkja, og tillögu um hert skilyrði við framlagningu breytingartillagna við ályktanir nefnda (fleiri undirskriftir frá fulltrúum fleiri ríkja). Ýmsir vankantar voru hins vegar sniðnir af gildandi starfsreglum, t.d. varðandi framkvæmd kosninga í embætti þingsins, skráningu fulltrúa á fundum o.fl.

b. 7. ársfundur ÖSE-þingsins.

Sjöundi ársfundur ÖSE-þingsins var haldinn dagana 7.–10. júlí, að þessu sinni í Kaupmannahöfn. Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal, formaður, Ragnar Arnalds, varaformaður, og Guðjón Guðmundsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara deildarinnar. Samhliða þingfundum funduðu stjórnarnefnd og málefnanefndir þingsins.

Aðalumfjöllunarefni þingsins að þessu sinni var þróun stofnana og skipulags ÖSE, og tillögur þingsins til hagræðingar í rekstri stofnunarinnar. Af öðrum málefnum sem helst bar á góma má nefna ástand mála í Kosovo, verkaskiptingu og skörun í starfsemi fjölþjóðastofnana, og skipulagða glæpastarfsemi. Þá var danska þingkonan Helle Degn einróma kjörin forseti ÖSE-þingsins. Loks héldu konur á meðal þingmanna að vanda sérstakan fund, þar sem að þessu sinni var fjallað um hlutverk kvenna í fyrirbyggjandi aðgerðum ÖSE á hugsanlegum

átakasvæðum. Fundur þeirra sendi frá sér ályktun þar sem m.a. er hvatt til aukins hlutar kvenna í starfi ÖSE.

Pétur H. Blöndal, formaður, sat fundi stjórnarnefndarinnar fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Þar gerði Sir Peter Emery, gjaldkeri þingsins, grein fyrir fjármálum þingsins. Rekstur þess var að venju innan fjárlagaramma fjárlagaárið 1997–98 og í fjárlagadrögum fyrir fjárlagaárið 1998–99 var gert ráð fyrir 4,9% hækkun frá árinu áður, en hækkunin tengist m.a. endurnýjun tölvukerfa. Samþykkti nefndin að leggja þau óbreytt fyrir þingfund. Fyrir ársfund ÖSE-þingsins í Varsjá í júlí 1997 hafði Pétur H. Blöndal sent forseta þingsins erindi þar sem hann stakk upp á að stjórnarnefnd ÖSE-þingsins fundaði með fjarfundatækni. Þannig gæti nefndin fundað oftar með minni tilkostnaði, jafnt í fjármunum sem tíma talið. Framkvæmdastjórn þingsins vísaði erindinu til sérstakrar nefndar um starfsreglur. Pétur minnti á bréf sitt á fundinum og innti forseta eftir viðbrögðum við því. Framkvæmdastjóri þingsins, Spencer Oliver, sagði bréfið hafa verið rætt í framkvæmdastjórn þingsins þar sem hugmyndin hefði þótt góð og tók Javier Ruperez, forseti þingsins, undir það. Hins vegar sagði Oliver að ekki nærri öll þjóðþingin sem ættu aðild að ÖSE-þinginu hefðu aðgang að slíkri tækni. Pétur hafði raunar í bréfi sínu bent á þann möguleika að þau ríki sem ekki hefðu yfir fjarfundatækni að ráða gætu sent fulltrúa sína til næsta ríkis með slíka tækni og fulltrúar nokkurra ríkja þannig hugsanlega sameinast í nýtingu slíkrar aðstöðu, en ekki virtist vera áhugi fyrir þeirri útfærslu. Ályktunardrögum um Kosovo, sem lögð voru fram af forseta þingsins og fimm varaforsetum þess (af níu), var vísað til 1. nefndar. Loks var samþykkt sú tillaga Rússa að 8. ársfundur ÖSE-þingsins árið 1999 yrði haldinn í Sankti Pétursborg, en áður hafði verið samþykkt að hann yrði haldinn í Moskvu, og að 9. ársfundur ÖSE-þingsins árið 2000 yrði haldinn í Búkarest.

Þrjár nefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Íslandsdeildin tók þátt í starfi þeirra sem hér segir:

1. nefnd um stjórnmál og öryggismál: Pétur H. Blöndal,
2. nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál: Guðjón Guðmundsson,
3. nefnd um lýðræði og mannréttindamál: Ragnar Arnalds.

Lagðar voru fram skýrslur byggðar á fyrrnefndu aðalumfjöllunarefni í hverri nefnd en á grundvelli þeirra höfðu verið samin drög að ályktunum. Drögin voru rædd í viðkomandi nefnd og afgreidd ásamt breytingartillögum. Öllum var ályktununum þremur síðan steypt saman í eina yfirlýsingu í fjórum köflum — Kaupmannahafnaryfirlýsinguna — sem lögð var fyrir ÖSE-þingið. Fjórði kaflinn samanstendur af ályktun um efnahagssáttmála ÖSE, og jafnframt er ályktun þingsins um Kosovo að finna í yfirlýsingunni.

Framsögumaður skýrslu 1. nefndar var Bandaríkjamaðurinn Alcee Hastings. Í skýrslu sinni kynnti hann nokkur helstu grundvallaratriði í sáttmálum ÖSE, allt frá tilurð RÖSE með undirritun Helsinki-sáttmálans árið 1975. Markmið skýrslunnar var að leggja mat á þá þróun sem orðið hefði og að koma með tillögur til úrbóta þar sem þurfa þætti. Í skýrslunni eru nefnd fjölmörg dæmi um stofnanir, nefndir o.fl. sem framsögumaður sagði ýmist nær algerlega óþarfar eða fjallaði um hvernig starfsemi þeirra skarast. Hann nefndi jafnframt ýmis dæmi um gott starf á vegum ÖSE, en lagði til verulega einföldun á uppbyggingu stofnunarinnar, undirstofnana hennar, nefnda o.s.frv. Einnig fjallaði hann mikið um samstöðureglu ráðherraráðsins sem undanþágur eru fyrir („samstaða mínus einn“) í einstaka málaflokkum. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að þessu yrði breytt til þess að styrkja stofnunina, og að tekin yrði upp einhvers konar „nálgun við samstöðu“ sem útilokaði a.m.k. neitunarvald einstakra ríkja.

Í ályktun nefndarinnar eru m.a. ítrekuð meðmæli þingsins þess efnis að tekin verði upp slík „nálgun við samstöðu", skorað á ÖSE að íhuga að leggja niður ÖSE-dómstólinn sem aldrei hefur verið leitað til, hvatt til aukinnar áherslu á svæðisbundið samstarf og lagt til að leiðtogafundir ÖSE verði ekki haldnir reglulega heldur einungis þegar „ástæða sé til". Fjöldi breytingartillagna var lagður fram. Má þar nefna að samþykkt var breytingartillaga nokkurra þingmanna frá Frakklandi, Belgíu og Sviss þar sem hvatt var til aukinnar verkaskiptingar og markvissara samstarfs ÖSE og Evrópuráðsins. Breytingartillögu nokkurra rússneskra og armenskra þingmanna, þar sem áhersla er lögð á mikilvægi „samstöðureglunnar" í ákvarðanatöku ÖSE, var hins vegar hafnað.

Þá fjallaði nefndin jafnframt um fyrrnefnd ályktunardrög um Kosovo sem vísað var til nefndarinnar af stjórnarnefnd. Drögin voru samþykkt með nokkrum breytingum, gegn fjórum atkvæðum rússneskra þingmanna. Í ályktuninni er þess m.a. krafist að Sambandsríkið Júgóslavía láti af hvers kyns hernaðaraðgerðum á svæðinu, og lagt til að ESB, Bandaríkin og fleiri ríki beiti Sambandsríkið Júgóslavíu umfangsmiklum efnahagsþvingunum þar til látið verði af slíkum hernaðaraðgerðum. Þá er Atlantshafsbandalagið hvatt til að beita sér hernaðarlega til að setja aukinn þrýsting á stjórnvöld í Sambandsríkinu Júgóslavíu, albanskir íbúar Kosovo hvattir til að forðast átök, og deiluaðilar hvattir til samningaviðræðna um friðsamlega lausn deilunnar.

Framsögumaður skýrslu 2. nefndar var ítalska þingkonan Tana de Zulueta. Þema skýrslunnar er svipað og skýrslu 1. nefndar, nema hvað áhersla var lögð á svonefnda „aðra körfu" ÖSE-samstarfsins, sem eru efnahagsmál, tækni, vísindi og umhverfismál. Þessi málaflokkur er talsvert fyrirferðarminni í starfi ÖSE en hinir tveir sem fjallað er um í 1. og 3. nefnd, en skilningur fer hins vegar vaxandi á því hversu mikilvægur efnahagslegur stöðugleiki og almenn efnahagsleg velferð geta verið fyrir frið og stöðugleika á hverju svæði.

Í ályktun nefndarinnar eru stofnanir ÖSE hvattar til að veita efnahagsmálum meiri athygli, í ljósi mikilvægis efnahagslegs stöðugleika og velferðar fyrir frið og stöðugleika almennt. Þá eru stofnanir og nefndir ÖSE hvattar til að bæta samstarf sitt við ýmsar aðrar fjölþjóðlegar stofnanir á sviði efnahagsmála í því skyni að afla betri upplýsinga og forðast tvíverknað. Loks eru þjóðþing aðildarríkja ÖSE hvött til að taka þátt í samræmingu aðgerða og mótun stefnu aðildarríkjanna í baráttunni gegn spillingu og skipulagðri glæpastarfsemi.

Loks fjallaði nefndin um og samþykkti ályktunardrög Ritu Süssmuth, forseta þýska sambandsþingsins, um efnahagssáttmála ÖSE. Í ályktuninni eru aðildarríki ÖSE hvött til að gera með sér efnahagssáttmála þar sem m.a. yrði lögð áhersla á mikilvægi áreiðanlegs og trausts markaðshagkerfis, áreiðanlegt réttarumhverfi, bættan markaðsaðgang, bættar milliríkjasamgöngur og svæðisbundið samstarf.

Í formála skýrslu 3. nefndar fjallar framsögumaður hennar, hollenska þingkonan Guikje Roethof, almennt um áherslu Helsinki-sáttmálans og annarra ÖSE-samninga á virðingu fyrir almennum grundvallarmannréttindum, svo sem lýðræðislegu stjórnarfari, skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi, félagafrelsi og frelsi til flutninga. Líkt og í hinum skýrslunum tveimur er farið yfir sviðið hvað varðar stofnanir og nefndir á vegum ÖSE, þróun málaflokksins og stöðu hans í dag. Í ályktun nefndarinnar er mikil áhersla lögð á mikilvægi þess að viðkomandi nefndir og stofnanir hafi yfir nægum fjármunum að ráða, og í nokkrum tilfellum er hvatt til þess að fjárframlög til umræddra stofnana verði aukin.

Við setningu þingfundarins fluttu ávörp Javier Ruperez, fráfarandi forseti ÖSE-þingsins; Ivar Hansen, forseti danska þingsins; Poul Nyrup Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur; og Bronislaw Geremek, utanríkisráðherra Póllands og þáverandi formaður ráðherraráðs ÖSE, sem jafnframt svaraði spurningum þingmanna. Þá tóku við stutt ávörp nokkurra helstu

embættismanna ÖSE, þeirra á meðal Giancarlo Aragona framkvæmdastjóra ÖSE, sem sátu síðan fyrir svörum. Loks ávörpuðu þingið fulltrúar Evrópuráðsþingsins, Norðurlandaráðs, Svartahafsþingsins, Evrópuþingsins, Norður-Atlantshafsþingsins og VES-þingsins. Blaðamannaverðlaun ÖSE-þingsins voru veitt í þriðja sinn, en verðlaunin eru veitt fyrir störf í þágu lýðræðis og mannréttinda og er þeim ætlað að efla grundvallarregluna um frjálsa fjölmiðlun. Verðlaunin hlaut að þessu sinni breski blaðamaðurinn og sagnfræðingurinn Timothy Garton Ash, en talið er að greiningar hans á hruni kommúnismans hafi lagt sitt af mörkum við uppbyggingu lýðræðis og mannréttinda í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Á lokadegi þingfundarins var fjallað um fyrrnefnda Kaupmannahafnaryfirlýsingu og hún samþykkt, sem og fjárlög fyrir fjárlagaárið 1998–99.

Í almennum stjórnmálaumræðum tók Pétur H. Blöndal til máls og ræddi um mannréttindahugtakið, sem hann sagði fremur vera heimspekilegt en pólitískt hugtak. Hann sagði að ólík viðhorf væru til mannréttinda í til dæmis Kína annars vegar og í Vestur-Evrópu hins vegar. Þó væru þau á báðum svæðum byggð á gömlum siðareglum. Alls staðar væru til einhverjar reglur um mannréttindi, en þær væru stundum túlkaðar á ólíkan máta af ólíkum hópum, jafnvel á sama svæðinu, og væru Kosovo og Kýpur dæmi um þetta. Pétur sagði mjög mikilvægt að kanna hvort ekki væri hægt að tryggja einhver grundvallar- eða lágmarksmannréttindi sem hefðu sama gildi og sömu túlkun til dæmis á öllu ÖSE-svæðinu, sem mundu þannig koma í veg fyrir að fólk þyrfti að lifa í ótta við umhverfi sitt. Loks fór fram kjör forseta ÖSE-þingsins, gjaldkera og þriggja varaforseta af níu. Danska þingkonan Helle Degn var sem fyrr segir einróma kjörin forseti þingsins, og sömuleiðis breski þingmaðurinn Sir Peter Emery í stöðu gjaldkera. Til embætta varaforseta voru kjörin þau Tekin Enerem frá Tyrklandi, Steny Hoyer frá Bandaríkjunum (endurkjörinn) og Tana de Zulueta frá Ítalíu.

c. Kosningaeftirlit.

ÖSE-þingið ákvað frá upphafi að taka virkan þátt í kosningaeftirliti og leggja áherslu á það starf sem mikilvægan lið í að efla lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Jafnframt hefur ÖSE hvatt þingið til þess að sinna þessu starfi af fullum krafti. Árið 1998 tók ÖSE-þingið þátt í kosningaeftirliti í Bosníu og Hersegóvínu, Slóvakíu og fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu, auk þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar í Albaníu. Íslandsdeildin tók ekki þátt í kosningaeftirliti ÖSE-þingsins á árinu en þingmenn sem taka þátt í slíku kosningaeftirliti gera það á kostnað eigin þjóðþinga.

d. Annað.

ÖSE-þingið hefur átt fulltrúa á ýmsum fundum embættismannanefnda ÖSE. Forseti ÖSE-þingsins hefur á árinu tekið þátt í fundum fyrrverandi, núverandi og verðandi formanna ráðherraráðsins. Þá stóð ÖSE-þingið fyrir málþingi um úrlausn deilumála og þróun lýðræðis í Kákasushéraði. Ráðstefnan var haldin í Tbilisi í Georgíu í október. Íslandsdeildin tók ekki þátt í framangreindu málþingi.

Alþingi, 9. febr. 1999.

Pétur H. Blöndal, form.	Ragnar Arnalds, varaform.	Guðjón Guðmundsson.
Hjálmar Árnason.		Guðný Guðbjörnsdóttir.

Fylgiskjal I.

Markmið og skipulag ÖSE-þingsins.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins eru því ætluð eftirfarandi hlutverk:

1. að meta árangurinn af ÖSE-samstarfinu,
2. að ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra ÖSE-ríkjanna,
3. að þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr átökum,
4. að stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í ÖSE-ríkjunum,
5. að leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana ÖSE.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er aðild að því miðuð við þing þeirra ríkja sem undirritað hafa Helsinki-sáttmálann frá 1975 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 og að ríkin taki þátt í ÖSE-samstarfinu. Í dag eiga 55 þing ÖSE-ríkjanna aðild að ÖSE-þinginu. Gert er ráð fyrir 317 fulltrúum á þinginu og þar af á Alþingi þrjá.

Starfsreglurnar gera ráð fyrir að ÖSE-þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Auk þingfunda er gert ráð fyrir að á þinginu starfi þrjár fastanefndir er fjalli um mál er falla undir svið þeirra. Formaður, varaformaður og framsögumaður hverrar nefndar eru kjörnir af nefndunum í lok allsherjarfundar ár hvert. Framsögumaður nefndar velur umræðuefnið sem tekið er fyrir í nefndinni það ár, í samráði við formann og varaformann nefndarinnar. Hann undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Fastanefndirnar þrjár eru nefnd um stjórnmál og öryggismál (fyrsta nefnd), nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál (önnur nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (þriðja nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo.

Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er ætlað að undirbúa störf þingsins. Hún er skipuð forseta ÖSE-þingsins, varaforsetunum níu, gjaldkera, formönnum þriggja málefnanefnda þingsins og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, eða alls 69 fulltrúum. Framkvæmdastjórn þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, varaforsetum og gjaldkera. Henni er ætlað að fylgjast með að ákvörðunum þingsins sé framfylgt og ákvarða um málefni sem upp kunna að koma á milli funda stjórnarnefndar.

Þingsköp ÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið og framkvæmdastjórnin taki ákvarðanir sínar með meiri hluta atkvæða en ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skuli teknar samkvæmt afbrigði af svokallaðri „samstöðureglu“ (consensus rule), en eftir henni er farið á fundum fulltrúa ríkisstjórna ÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins fylgir svokallaðri „consensus minus one“ reglu sem felur í sér að tvö eða fleiri ríki þarf til að fella einstök mál í nefndinni.

Fulltrúi ráðherraráðs ÖSE ávarpar þingið á árlegum fundi þess og gefur skýrslu um málefni ÖSE og verkefni sem verið er að vinna að á þeim vettvangi. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til þess ráðherra er mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins. Opinber tungumál þingsins eru sex: enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska, og er túlkað jafnóðum.

Fylgiskjal II.

Skipan ÖSE-þingsins.

	Fjöldi þingsæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta alls
A. Bandaríkin	17	17
B. Rússland	15	15
C. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D. Kanada og Spánn	10	20
E. Úkranía, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F. Rúmenía	7	7
G. Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkland, Sviss, Hvíta-Rússland, Úsbekistan og Kasakstan	6	78
H. Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I. Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J. Kýpur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litháen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldavía, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kirgisistan, Armenía, Aserbaídsjan og Bosnía og Hersegóvína og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldið Makedónía	3	54
K. Andorra, Liechtenstein, Mónakó og San Marínó	2	8
Samtals		**317**

Fylgiskjal III.

Starfsreglur fyrir Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

(Samþykktar á fundi forsætisnefndar 28. apríl 1993.)

1. gr.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins (The Icelandic delegation to the OSCE Parliamentary Assembly) er skipuð fimm alþingismönnum. Íslandsdeildin sendir þrjá fulltrúa á ÖSE-þingið hvert ár, sbr. ákvæði Madrid-yfirlýsingarinnar frá apríl 1991 og viðauka við starfsreglur þingsins frá janúar 1993 um fjölda fulltrúa frá einstökum aðildarþingum.

2. gr.

Þingflokkar skulu tilnefna í Íslandsdeildina eftir hverjar alþingiskosningar og gildir tilnefningin út kjörtímabilið nema þingflokkar ákveði annað.

3. gr.

Þingflokkur skal tilnefna í deildina eftir hlutfallsreglu jafnmarga þingmenn og hann á rétt til samkvæmt stærð flokksins nema samkomulag sé um aðra skiptingu fulltrúa. Þingflokki, sem ekki hefur styrkleika til að hljóta fulltrúa í Íslandsdeildina, skal heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum deildarinnar. Áheyrnarfulltrúi skal hafa rétt til þátttöku í starfi ÖSE-þingsins samkvæmt almennum reglum 7. gr.

4. gr.

Fulltrúi stærsta þingflokksins skal kalla Íslandsdeildina saman til fyrsta fundar og skal þá kjósa formann og varaformann deildarinnar fyrir kjörtímabilið.

Formaður situr í stjórnarnefnd (Standing Committee) ÖSE-þingsins, sbr. 32. gr. starfsreglna þess.

5. gr.

Íslandsdeildin hefur ritara sem er nefndinni til aðstoðar, sbr. 3. mgr. 35. gr. þingskapa Alþingis.

6. gr.

Íslandsdeildin skal árlega leggja fyrir forsætisnefnd Alþingis, innan þess frests sem nefndin ákveður, tillögur um fjárveitingar til starfsemi deildarinnar. Tillagan skal við það miðuð að fjárveiting nægi til að greiða árgjald til aðalskrifstofu þingsins, ferðakostnað fulltrúa og annan kostnað sem af starfsemi deildarinnar leiðir. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti og önnur útgjöld Alþingis.

7. gr.

Í upphafi hvers kjörtímabils skipuleggur Íslandsdeildin þátttöku deildarinnar í starfi ÖSE-þingsins fyrir kjörtímabilið í heild, sbr. 2. mgr.

Formaður deildarinnar skal að jafnaði sækja öll þau þing sem Íslandsdeildin tekur þátt í. Við val á öðrum þátttakendum á þingin skal fylgja hlutfallsreglu eftir stærð þingflokka ef ekki er samkomulag um annað.

8. gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

784. Skýrsla [479. mál]

Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1998.

1. Inngangur.

Segja má að árið 1998 hafi verið ár nýrra verkefna og aðlögunar í starfi Atlantshafsbandalagsins (NATO), en árið 1997 var ákveðið að bjóða Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi aðild að bandalaginu. Aðild þeirra mun taka gildi á 50 ára afmæli bandalagsins í apríl 1999. Ný verkefni hafa á undanförnum árum skapast á sviði öryggis- og varnarmála sem birtast m.a. í útbreiðslu gereyðingarvopna og vopnakerfa sem fær eru um að bera slík vopn. Þá hefur Evrópa enn orðið að þola þjóðernisátök, einkum á Balkanskaga, sem haft hafa í för

með sér vaxandi kröfur um aðgerðir af hálfu NATO, en það hefur undanfarin ár reynt að hafa milligöngu og stjórn á átakasvæðum þar. Evrópa virðist því enn þurfa jafnmikið á samvinnu við Bandaríkin á sviði varnar- og öryggismála að halda nú og við stofnun Atlantshafsbandalagsins fyrir 50 árum. Til að bregðast við breyttum kringumstæðum var öryggisstefna bandalagsins til endurskoðunar árið 1998, en ný skilgreining hennar verður gerð opinber á leiðtogafundi NATO á 50 ára afmæli bandalagsins í apríl 1999. Friðargæsla í Bosníu og Hersegóvínu, tilraunir til milligöngu milli stríðandi aðila í Kosovo-héraði í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, endurskoðun varnarstefnunnar og undirbúningur stækkunar til austurs voru þannig meðal helstu verkefna NATO árið 1998. Jafnframt þessu hefur verið unnið að eflingu samskipta og samhæfingar bandalagsríkja og aðildarríkja í friðarsamstarfinu, þróun tvíhliða samstarfs við Rússland og að innri aðlögun bandalagsins sjálfs að nýjum og breyttum verkefnum.

Að sama skapi fór fram öflug starfsemi innan Norður-Atlantshafsþingsins. Endurskoðun öryggisstefnu bandalagsins, ástandið á Balkanskaga, stækkun bandalagsins til austurs og efld samskipti við Rússland og Úkraínu voru efst á baugi í starfi þingsins á árinu. Þá var ákveðið að breyta nafni Norður-Atlantshafsþingsins í NATO-þingið og að vinna að enn frekari eflingu tengsla þess við bandalagið. Á fundum þingsins hefur Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins að vanda lagt ríka áherslu á mikilvægi Norður-Atlantshafstengslanna í evrópskum öryggismálum. Hún hefur ítrekað minnt á að trúverðugleiki Atlantshafsbandalagsins liggur einmitt í samstarfi Evrópu og Norður-Ameríku og að ekki megi missa sjónar á því á þessum umbreytingatímum sem hafa valdið óstöðugleika í álfunni og vakið miklar umræður um aukið samstarf og sjálfstæði Evrópu í öryggis- og varnarmálum.

2. Fulltrúar Alþingis á Norður-Atlantshafsþinginu.

Fulltrúar Alþingis á fundum Norður-Atlantshafsþingsins hafa frá upphafi verið tilnefndir af þeim þingflokkum sem stóðu að samþykkt Alþingis um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þ.e. Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Eru tilnefndir í Íslandsdeildina þrír aðalmenn og þrír menn til vara. Í samræmi við starfsreglur Norður-Atlantshafsþingsins og ákvörðun þingflokka voru fulltrúar Alþingis sem hér segir árið 1998:

Aðalmenn: Sólveig Pétursdóttir, Sjálfstæðisflokki, formaður Íslandsdeildarinnar, Jón Kristjánsson, Framsóknarflokki, varaformaður Íslandsdeildarinnar, og Guðmundur Árni Stefánsson, Alþýðuflokki.

Varamenn: Árni R. Árnason og Einar Oddur Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, og Gunnlaugur M. Sigmundsson, Framsóknarflokki. Ritari deildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þingsins. Vegna smæðar hefur Ísland þó aðeins atkvæðisrétt í þremur nefndum auk stjórnarnefndar. Sólveig Pétursdóttir á sæti í stjórnarnefnd þingsins en varamaður hennar í nefndinni er Jón Kristjánsson. Annars er skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir þannig:

Stjórnmálanefnd: Sólveig Pétursdóttir.
Varnar- og öryggismálanefnd: Jón Kristjánsson.
Til vara: Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Félagsmálanefnd: Einar Oddur Kristjánsson.
Til vara: Guðmundur Árni Stefánsson.
Efnahagsnefnd: Árni R. Árnason.
Vísinda- og tæknínefnd: Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Pétursdóttir var á ársfundi þingsins endurkjörin varaformaður undirnefndar stjórnmálanefndar um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja. Þá á Jón Kristjánsson sæti í vinnuhóp varnar- og öryggismálanefndar um öryggismál á norðurslóðum.

3. Fundir sem Íslandsdeildin tók þátt í á árinu.

Norður-Atlantshafsþingið heldur tvo allsherjarfundi árlega, svokallaðan vorfund að vori og ársfund að hausti. Auk þess fundar stjórnarnefnd sérstaklega, ýmist í mars eða apríl. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmála-, efnahags- og varnar- og öryggismálanefndirnar halda sameiginlegan fund. Nefndir og undirnefndir þingsins halda reglulega námsstefnur og fundi á milli þingfunda. Jafnframt stendur öryggis- og varnarmálanefnd árlega fyrir kynnisferð til eins eða fleiri aðildarríkja bandalagsins til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Loks voru haldnar fjórar Rose-Roth námsstefnur á árinu (sjá fskj. I, b-lið). Á árinu 1998 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum, fundi stjórnarnefndar, heimsókn félagsmálanefndar til Tyrklands, heimsókn undirnefndar um öryggismál á norðurslóðum til Eystrasaltsríkjanna og vor- og haustfundum þingsins. Þá var hin árlega kynnisferð öryggis- og varnarmálanefndar að þessu sinni farin um norðurslóðir, og hafði hópurinn u.þ.b. sólarhringsviðdvöl á Íslandi.

a. Febrúarfundir.

Dagana 15.–16. febrúar voru haldnir svokallaðir febrúarfundir Norður-Atlantshafsþingsins í Brussel. Um var að ræða sameiginlegan fund stjórnmála-, efnahags- og varnar- og öryggismálanefndar annars vegar og fund stjórnarnefndar með Norður-Atlantshafsráðinu og Javier Solana, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, hins vegar. Aukaaðilar hafa ekki seturétt á fundunum. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sat Jón Kristjánsson varaformaður fundina, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar ritara. Mikilvægi fundanna fer vaxandi, en þar gefst fulltrúum landsdeilda aðildarríkjanna kærkomið tækifæri til að fræðast um það sem helst er á döfinni hjá bandalaginu.

Helstu umræðuefni sameiginlegs fundar nefndanna þriggja voru stækkun bandalagsins, horfur í þjóðþingunum og fyrirsjáanlegur kostnaður; samstarf bandalagsins við Rússland; þróun nýrrar öryggisstefnu bandalagsins; samskipti ESB og Bandaríkjanna á sviði efnahagsmála; framtíð fjölþjóðahersins í Bosníu og Hersegóvínu og hlutverk Evrópuríkjanna sjálfra í öryggismálum álfunnar. Þá hófu bandarísku þingmennirnir ítrekað máls á deilunni við Írak sem þá var í hámæli, en hefur ekki verið formlega á borði Atlantshafsbandalagsins. Loks sendi fundurinn frá sér yfirlýsingu þar sem áréttaður er stuðningur Norður-Atlantshafsþingsins við tilvonandi stækkun bandalagsins og að aðild að því verði áfram fær.

Fundinn ávörpuðu þrír af fimm aðstoðarframkvæmdastjórum Atlantshafsbandalagsins, Klaus-Peter Klaiber sem fer fyrir stjórnmáladeildinni, Anthony J. Cragg sem fer fyrir deild varnarmála og herstjórnarskipulags og Herpert Van Foreest fyrir deild samgöngu-, tækni- og félagsmála. Þá ávörpuðu fundinn Klaus Naumann hershöfðingi, formaður hermálanefndar bandalagsins, Karel Van Miert frá framkvæmdastjórn ESB og Vernon A. Weaver, sendiherra Bandaríkjanna hjá ESB.

Í upphafi fundarins óskaði William V. Roth Jr., þáverandi forseti þingsins, fulltrúum Danmerkur og Kanada til hamingju með að þjóðþing viðkomandi ríkja hefðu orðið fyrst til að staðfesta stækkun bandalagsins. Jan Petersen fundarstjóri sagði þetta fyrsta fund nefndanna eftir að fram kom á ráðherrafundi bandalagsins í desember 1997 að kostnaður við stækkun yrði viðráðanlegur og að nýju aðildarríkin þrjú mundu leggja þar sitt af mörkum. Hann sagði

þó vanta nákvæmari upplýsingar um sundurliðun kostnaðar sem vonandi bærust þjóðþingunum innan tíðar. Þess má geta að Tékkland og Ungverjaland munu hvort um sig leggja fram um 0,5% af sameiginlegum sjóðum bandalagsins, en Pólland um 2,5%. Til samanburðar má jafnframt geta þess að framlag Íslands í sameiginlega sjóði er að meðaltali um 0,05%.

b. Heimsókn félagsmálanefndar til Tyrklands.

Dagana 26.–28. febrúar heimsótti félagsmálanefnd Norður-Atlantshafsþingsins Tyrkland, og tók Guðmundur Árni Stefánsson þátt í heimsókninni. Nefndin fundaði með fulltrúum stjórnvalda, stjórnarandstöðu og ýmissa mannréttindasamtaka um ástand mannréttindamála og stöðu minnihlutahópa í landinu og heimsótti m.a. Kúrdahéruð í því skyni.

c. Fundur stjórnarnefndar.

Dagana 22.–24. mars fundaði stjórnarnefnd Norður-Atlantshafsþingsins á Madeira í Portúgal. Af hálfu Íslandsdeildar sótti Sólveig Pétursdóttir formaður fundinn, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Meðal helstu dagskráratriða fundarins má nefna skýrslu framkvæmdastjóra um áherslur og forgangsatriði í starfsemi þingsins, umræður um þátttöku í nefndafundum og um frágang skýrslna málefnanefnda þingsins fyrir útgáfu. Þá má geta þess að fulltrúar Póllands, Tékklands og Ungverjalands sátu í fyrsta sinn fund stjórnarnefndar, að þessu sinni sem áheyrnarfulltrúar.

Simon Lunn, framkvæmdastjóri þingsins, kynnti skýrslu sína um áherslur og forgangsatriði í starfsemi þingsins. Hann bað um leiðsögn stjórnarnefndar í ákveðnum atriðum, einkum samskiptum þingsins við Rússland, Úkraínu og ýmis ríki Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins sem ekki hafa aukaaðild að Norður-Atlantshafsþinginu. Er þar einkum vísað til svonefndra Kákasus-ríkja eða Mið-Asíu. Ýmis skref hafa verið tekin í þeim efnum og lýst hefur verið vilja til enn frekari samskipta, en Lunn benti hins vegar á mikinn kostnað við þau og bað því um skýrari leiðsögn stjórnarnefndar.

Þýski þingmaðurinn Karsten Voigt, fyrrverandi forseti Norður-Atlantshafsþingsins, vísaði í reynslu sína sem formanns vináttuhóps þýska sambandsþingsins við rússnesku Dúmuna. Hann sagði erfitt að koma á fundum í Rússlandi með fulltrúum Dúmunnar, en þeim mun auðveldara að fá þá til að heimsækja Þýskaland. Því þyrfti e.t.v. að endurskoða þá áherslu Norður-Atlantshafsþingsins að fjölga fundum með rússneskum þingmönnum í Rússlandi, en bjóða þeim þess í stað til funda og námsstefna innan ríkja Atlantshafsbandalagsins. Þá varaði hann eindregið við tilraunum til að efla samskiptin við ríki Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins sem ekki væru með aukaaðild, það væri of stórt verkefni til þess að þingið réði við það. Þess í stað bæri að leggja áherslu á samskiptin við Rússland og Úkraínu annars vegar og þau ríki sem sækt hefðu um aðild að bandalaginu hins vegar. Spænski varaforsetinn Raphael Estrella greindi frá því að hann mundi ásamt Sir Geoffrey Johnson-Smith leggja fram áætlun um tilhögun samskiptanna við Rússland og Úkraínu á vorfundinum í Barcelona í maí nk., en áætlunin er samin í kjölfar samninga bandalagsins við Rússland og Úkraínu á liðnu ári þar sem óskað er efldra samskipta Norður-Atlantshafsþingsins við þjóðþing þessara ríkja. Aðrir sem tóku til máls undir þessum lið lýstu almennt stuðningi við orð Voigts, þeirra á meðal þáverandi forseti þingsins, bandarískri öldungadeildarþingmaðurinn William V. Roth Jr.

Bandarískri þingmaðurinn Douglas Bereuter vakti máls á því að tímabært væri að Norður-Atlantshafsþingið tæki upp formleg samskipti við Atlantshafsbandalagið, en þau samskipti hafa verið að eflast undanfarin ár þótt enn séu þau óformleg og þingsins hvergi getið í sáttmálum bandalagsins. Lunn greindi frá því að Javier Solana, framkvæmdastjóri Atlantshafs-

bandalagsins, væri jákvæður gagnvart þessari hugmynd en sagði það ekki gilda um alla fastafulltrúana. Spænski þingmaðurinn Javier Ruperez greindi frá því að Norður-Atlantshafsþingið hefði mun veikari stöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu en t.d. Evrópuráðs-, VES- og ÖSE-þingin, en hann gegndi um þær mundir forsæti í því síðastnefnda. Engin ákvörðun var tekin í þessum efnum en greinilegur vilji nefndarinnar var að þarna yrðu gerðar breytingar.

Þá var rædd staða þjóðþinga Austurríkis, Finnlands, Írlands og Svíþjóðar, en þau hafa haft áheyrnaraðild að þinginu sem mörgum hefur þótt óeðlilegt á meðan t.d. Úkraína og Rússland eru með aukaaðild. Þessi þjóðþing höfðu hins vegar áður afþakkað boð um aukaaðild, en það var ítrekað í kjölfar ársfundar þingsins í Búkarest í október 1997. Lunn greindi frá því að enn hefði ekkert heyrst frá Írlandi vegna þessa máls. Hins vegar væri von á formlegum svörum frá hinum þremur, og væri reiknað með jákvæðu svari frá Finnlandi.

Fyrir fundinum lá bréf frá ítalska þingmanninum Gian Giacomo Migone, formanni félagsmálanefndar. Þar leggur hann til að hætt verði að greiða atkvæði um skýrslur í nefndum, einungis verði greidd atkvæði um ályktanir en allar skýrslur gefnar út engu síður. Ekki var samstaða um þetta á fundinum og var tillagan felld. Áfram verður þeirri reglu fylgt að allar skýrslur séu gefnar út en þess skýrt getið hvort þær hafi hlotið samþykki viðkomandi nefndar eða hvort einungis sé um skoðanir framsögumannsins að ræða.

Þá var fjallað um hátíðahöld í tilefni af 50 ára afmæli Atlantshafsbandalagsins í apríl 1999. Helsti viðburðurinn verður leiðtogafundur í Washington, en Solana hefur lýst vilja til samstarfs við Norður-Atlantshafsþingið um hátíðahöld í tilefni hálfrar aldar afmælisins. Lunn sagði að gott væri að fá upplýsingar frá hverju landi fyrir sig um hvað þar standi til fyrir vorfundinn í Barcelona, til þess að atburðirnir rækjust ekki á um of.

Loks kynntu Sir Geoffrey Johnson-Smith, gjaldkeri þingsins, og Simon Lunn fjárhagsstöðu þingsins. Rekstrarafgangur árið 1997 nam um 42 millj. kr.

d. Vorfundur.

Dagana 22.–26. maí var vorfundur Norður-Atlantshafsþingsins haldinn í Barcelona. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Sólveig Pétursdóttir, formaður, Jón Kristjánsson, varaformaður, Guðmundur Árni Stefánsson og Árni R. Árnason, auk Elínar Flygenring, forstöðumanns alþjóðasviðs skrifstofu Alþingis. Á fundinum var einkum rætt um fyrirhugaða stækkun Atlantshafsbandalagsins, samskipti þess við Rússland og Úkraínu og ástand mála í Kosovo.

Að venju funduðu málefnanefndir þingsins auk stjórnarnefndar og sat Sólveig Pétursdóttir í stjórnarnefnd og stjórnmálanefnd, Jón Kristjánsson í öryggis- og varnarmálanefnd, Guðmundur Árni Stefánsson í félagsmálanefnd og Árni R. Árnason í efnahagsnefnd. Á fundum nefndanna voru ræddar skýrslur til afgreiðslu á næsta ársfundi þingsins, og er nánar greint frá þeim í umfjöllun um ársfundinn síðar, en vorfundurinn er nokkurs konar undirbúningsfundur fyrir hann. Þá ávörpuðu ýmsir góðir gestir fundi nefndanna. Á fundi stjórnarnefndar var m.a. fjallað um áherslur í starfi þingsins, samskiptin við NATO, stöðu þjóðþinga sem ekki eru með fulla aðild að þinginu, 50 ára afmæli NATO í apríl 1999, fjármál þingsins o.fl. Ekki er venjan að vorfundur þingsins sendi frá sér ályktanir, en eftirfarandi aðilar ávörpuðu allsherjarþingfundinn: William V. Roth Jr., þáverandi forseti þingsins; Joan Clos, borgarstjóri Barcelona; Jordi Pujol, héraðsforseti Katalóníu; Federico Trillo-Figueroa, forseti spænska þingsins; Jose-Maria Aznar, forsætisráðherra Spánar; Klaus Naumann hershöfðingi, formaður hermálanefndar NATO; og Zbigniew Brzezinski, fyrrum þjóðaröryggisráðgjafi Bandaríkjanna.

e. Heimsókn undirnefndar um öryggi á norðurslóðum til Eystrasaltsríkjanna.

Dagana 8.–12. júní heimsótti undirnefnd öryggis- og varnarmálanefndar um öryggi á norðurslóðum Eystrasaltsríkin, Eistland, Lettland og Litháen. Árni R. Árnason tók þátt í heimsókninni af hálfu Íslandsdeildar. Í heimsókninni var fundað með stjórnvöldum viðkomandi ríkja og hernaðarmannvirki skoðuð, en öll sækjast ríkin eftir aðild að NATO.

f. Árleg kynnisferð á vegum öryggis- og varnarmálanefndar.

Að vanda efndi öryggis- og varnarmálanefnd til árlegrar kynnisferðar þar sem skoðuð eru hernaðarmannvirki og að þessu sinni var förinni heitið á norðurslóðir, nánar tiltekið til Danmerkur, Grænlands, Íslands, Noregs og Rússlands. Hópurinn hafði tæplega sólarhringsviðdvöl á Íslandi dagana 29.–30. ágúst, heimsótti m.a. varnarliðið í Keflavík og sat kvöldverðarboð Íslandsdeildar á Þingvöllum.

d. Ársfundur.

Dagana 9.–13. nóvember var ársfundur Norður-Atlantshafsþingsins haldinn í Edinborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir, formaður, Jón Kristjánsson, varaformaður, og Guðmundur Árni Stefánsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Á fundinum bar það m.a. til tíðinda að ákveðið var að breyta nafni þingsins í NATO-þingið, en ekki var ákveðið nákvæmlega hvenær breytingin tekur gildi. Á dagskrá fundarins kenndi ýmissa grasa, og voru stækkun NATO og ástandið á Balkanskaga ofarlega á baugi. Hæst bar hins vegar endurskoðun á öryggisstefnu bandalagsins, en henni á að ljúka fyrir leiðtogafund bandalagsins í apríl 1999. Í því sambandi var við afgreiðslu ályktana einkum tekist á um hvort tekið skyldi fram að NATO ætti ávallt að þurfa skýrt og sértækt umboð frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eða ÖSE áður en stofnað væri til hernaðaraðgerða utan svæðis. Var niðurstaðan sú að slík skilyrði yrðu ekki tekin fram í ályktunum þingsins. Þá var Javier Ruperez, formaður utanríkismálanefndar spænska þingsins, kjörinn forseti Norður-Atlantshafsþingsins.

Að venju funduðu málefnanefndir þingsins og sat Sólveig Pétursdóttir fundi stjórnmálanefndar, Jón Kristjánsson fundi öryggis- og varnarmálanefndar og Guðmundur Árni Stefánsson fundi félagsmálanefndar. Á fundum nefndanna voru ræddar skýrslur og afgreiddar ályktanir, auk þess sem ýmsir góðir gestir ávörpuðu fundina. Ályktanir nefndanna voru að venju lagðar fyrir þingfundinn til samþykkis.

Á fundi stjórnmálanefndar voru ræddar skýrslur um samskiptin yfir Atlantshafið og hið nýja NATO, opnar dyr NATO, þróunina í átt til sameiginlegs evrópsks stjórnmála- og öryggissvæðis, samstarf NATO og ÖSE og samstarf Póllands og nágrannaríkja á sviði öryggismála. Þá fjallaði nefndin jafnframt um skýrslu sérstaks starfshóps um málefni Miðjarðarhafssvæðisins. Á meðal þeirra sem ávörpuðu nefndina og svöruðu spurningum nefndarmanna má nefna Alexander Vershbow sendiherra, fastafulltrúa Bandaríkjanna hjá NATO.

Á fundi öryggis- og varnarmálanefndar voru ræddar skýrslur um ný hlutverk og verkefni NATO-herja, hið nýja NATO og öryggi óskiptrar Evrópu, horfur á umbótum í rússneska hernum og um framtíðarverkefni í Bosníu og Hersegóvínu. Á meðal þeirra sem ávörpuðu nefndina og svöruðu spurningum nefndarmanna má nefna Hans Hækkerup, varnarmálaráðherra Danmerkur.

Á fundi félagsmálanefndar voru ræddar skýrslur um hlutverk friðargæslusveita gagnvart borgaralegum hjálparstarfsmönnum, um fjölmiðla og borgarastyrjaldir með hliðsjón af reynslunni í Bosníu og Hersegóvínu og um stöðugleikahorfur í Suðaustur-Evrópu. Á meðal

þeirra sem ávörpuðu nefndina og svöruðu spurningum nefndarmanna má nefna dr. Marjorie Mowlam, ráðherra málefna Norður-Írlands.

Á fundi efnahagsnefndar voru ræddar skýrslur um kostnaðinn af stækkun NATO, miðevrópska vopnamarkaði, stækkun ESB í ljósi nauðsynlegrar frjálsræðisaukningar í landbúnaði og tengslanna við Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO), vaxandi ógn af skipulagðri glæpastarfsemi í Evrópu og Ameríku og um einkavæðingu í Ungverjalandi, Póllandi og Tékklandi.

Á fundi vísinda- og tækninefndar voru ræddar skýrslur um kjarnorkuvopnadeiluna í Suður-Asíu og framtíð stefnunnar um hömlur við útbreiðslu kjarnorkuvopna, viðskipti með hefðbundin vopn, Kyoto-bókunina um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda, byltingu í skipulagi NATO-herja og um jarðsprengjur.

Sólveig Pétursdóttir sat fund stjórnarnefndar. Á fundinum var skipan sérstaks starfshóps um málefni Miðjarðarhafssvæðisins tekin til endurskoðunar. Hópurinn var settur á stofn vorið 1996 og átti upphaflega að vera skipaður fimm þingmönnum úr hverri þriggja nefnda, stjórnmála-, félags- og öryggis- og varnarmálanefnd, eða samtals fimmtán. Síðan þá hafa verið gerðar nokkrar breytingar á samsetningu hópsins og talsverðar deilur verið um skipan hans. Því var ákveðið að hann yrði héðan í frá skipaður af landsdeildum aðildarríkjanna og geta Miðjarðarhafsríkin tilnefnt allt að þrjá fulltrúa í hópinn en önnur aðildarríki allt að tvo.

Samskipti Norður-Atlantshafsþingsins og NATO voru rædd og samstaða náðist um nokkrar hugmyndir um hvernig efla mætti þau samskipti án þess þó að gera Norður-Atlantshafsþingið að formlegum hluta bandalagsins. Má þar nefna að leiðtogafundur bandalagsins á 50 ára afmæli þess í apríl 1999 verði nýttur til þess að efla þessi tengsl, m.a. með óbeinni þátttöku fulltrúa þingsins í fundinum. Þá var samþykkt að fara þess á leit að forseti þingsins og framkvæmdastjóri sitji í framtíðinni fundi utanríkisráðherra NATO. Jafnframt var ákveðið að nafni Norður-Atlantshafsþingsins skyldi breytt og verður það í framtíðinni kallað NATO-þingið. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær nafnbreytingin kemur til framkvæmda.

Staða Norður-Kýpur, eða tyrkneska hlutans, var tekin til umfjöllunar þar sem Tyrkir telja eðlilegt að fulltrúum Norður-Kýpur sé boðið að taka þátt í fundum á vegum þingsins þar sem málefni eyjunnar eru til umræðu. Samþykkt var, gegn áköfum mótmælum Grikkja, að starfshópur um málefni Miðjarðarhafssvæðisins geti boðið fulltrúum Norður-Kýpur á fundi sína, enda sé fulltrúum suðurhlutans jafnframt boðið og málefni eyjarinnar til umræðu á dagskrá fundarins.

Þá var aukaaðild Finnlands að þinginu samþykkt, en Finnlandi, Svíþjóð, Írlandi og Austurríki hefur öllum verið boðin slík aukaaðild. Einungis Finnland hefur þegið boðið. Loks voru fjármál þingsins tekin til umfjöllunar. Fulltrúi endurskoðenda frá NATO kynnti skýrslu þeirra þar sem engar alvarlegar athugasemdir eru gerðar við rekstur þingsins árið 1997. Enn fremur kynnti Sir Geoffrey Johnson Smith, gjaldkeri þingsins, drög að fjárlögum þingsins fyrir árið 1999 þar sem framlög aðildarríkjanna eru óbreytt fjórða árið í röð, og voru þau samþykkt.

Föstudaginn 13. nóvember fór fram allsherjarþingfundur. Fyrst fluttu þar ávörp Betty Boothroyd, forseti neðri deildar breska þingsins; bandarískri öldungadeildarþingmaðurinn William V. Roth Jr., forseti Norður-Atlantshafsþingsins; Javier Solana, framkvæmdastjóri NATO; Wesley Clark hershöfðingi, yfirmaður sameiginlegs herafla NATO í Evrópu; Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands; og fulltrúar Evrópuþingsins og ÖSE-þingsins. Þeir Javier Solana og Wesley Clark svöruðu jafnframt spurningum fundarmanna.

Þá var kosið í embætti forseta og fjögur embætti varaforseta þar sem einungis einn sitjandi varaforseti, Frakkinn Arthur Paecht, gat gefið kost á sér til endurkjörs. Paecht var endurkjörinn en jafnframt hlutu kosningu til varaforseta bandarískri fulltrúadeildarþingmaðurinn

Thomas J. Bliley, Bretinn Frank Cook og Tyrkinn Tahir Köse. Spánverjinn Javier Ruperez var sem fyrr segir kjörinn forseti þingsins.

Að loknu kjöri í embætti forseta og varaforseta voru teknar til afgreiðslu ályktanir nefnda þingsins. Frá stjórnmálanefnd var afgreidd ályktun um endurskoðun á skipan öryggismála í Evrópu og Norður-Ameríku. Frá öryggis- og varnarmálanefnd voru afgreiddar ályktanir um NATO og Eystrasaltsríkin og um nýja öryggismálastefnu NATO. Frá félagsmálanefnd voru afgreiddar ályktanir um hlutverk friðargæslusveita gagnvart borgaralegum hjálparstarfsmönnum og um stöðugleikahorfur í Suðaustur-Evrópu. Frá efnahagsnefnd var afgreidd ályktun um rússnesk efnahagsmál. Frá vísinda- og tækninefnd var afgreidd ályktun um útbreiðslu kjarnorkuvopna. Loks var afgreidd sérstök ályktun um öryggismál í kjarnorkuverum sem lögð var fram af Sir Peter Emery, formanni undirnefndar vísinda- og tækninefndar, um útbreiðslu tækni í hergagnaframleiðslu.

Þá kynnti William V. Roth Jr., fyrrverandi forseti Norður-Atlantshafsþingsins, skýrslu sína um NATO á 21. öldinni, og er þar á ferðinni yfirgripsmikil samantekt um bandalagið, það sem helst er á döfinni á vegum þess og helstu verkefni sem bíða. Í kjölfarið fylgdu almennar umræður um hlutverk NATO á næstu öld. Í ræðu sinni þar sagði Sólveig Pétursdóttir að draga mætti lærdóm af reynslu undanfarinna ára, þar á meðal að ekki væri hægt að ganga að friði í Evrópu sem vísum, þrátt fyrir fall járntjaldsins, og að enn væru til öfl í okkar heimshluta sem virtust ekki hika við að færa hörmungar og þjáningar yfir saklaust fólk til að efla pólitísku stöðu sína. Sólveig sagði helsta lærdóminn þó vera þann að NATO og traust samskipti Evrópu og Norður-Ameríku á sviði öryggis- og varnarmála væru enn grundvallarþættir evrópskra öryggismála. Hún sagði að engan skyldi undra þótt sífellt fleiri ríki og þjóðarbrot beindu augum sínum til NATO í leit að öryggi, enda hefði bandalagið sannað að það væri traustsins vert. Því væri rétt að halda stækkunarferlinu áfram, svo og aðlögun hersveita og herstjórna bandalagsins að breyttum verkefnum utan svæðis. Hins vegar sagði Sólveig mikilvægt að NATO tækist ekki á hendur of umfangsmiklar eða lítt skilgreindar skuldbindingar í þeim efnum. Sameiginlegar varnir aðildarríkjanna ættu áfram að vera meginverkefni bandalagsins.

Sökum langrar mælendaskrár þurfti Guðmundur Árni Stefánsson að leggja ræðu sína fram skriflega. Í henni fjallaði hann um framtíðarsýn við aldahvörf, hvernig tryggja mætti komandi kynslóðum frið og öryggi. Þá fjallaði hann meðal annars um þær hættur sem stafað gætu af misnotkun nútímatækni, sem ásamt falli járntjaldsins stuðluðu að mun flóknari og margbreytilegri heimsmynd en þeirri sem við hefðum lengi átt að venjast. Hann taldi upplýsingabyltinguna auka öll samskipti og skilning, en jafnframt skapa áður óþekkt vandamál. Guðmundur Árni sagði áframhaldandi tilvist NATO ekki vera markmið í sjálfu sér, en hins vegar hefði bandalagið áfram hlutverki að gegna til að tryggja frið og stöðugleika í breyttum heimi. Bandalagið væri fyrirmynd til eftirbreytni um hvernig gagnkvæmt traust væri skynsamlegasta leiðin til að tryggja okkur og komandi kynslóðum öryggi og frið.

Alþingi, 9. febr. 1999.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Jón Kristjánsson, varaform.	Guðmundur Árni Stefánsson.

Árni R. Árnason.

Fylgiskjal I.

Almennt um Norður-Atlantshafsþingið.

Norður-Atlantshafsþingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1955 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áhyggjuefni. Undanfarin ár hefur fjölgað á þinginu og starfssvið þess verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í Sovétríkjunum fyrrverandi og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

Fimmtán nýjum lýðræðisríkjum úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hefur verið veitt aukaaðild að þinginu sem þýðir að þau geta nú tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild og að efnahagslegum og pólitískum vandamálum ásamt menningar- og umhverfismálum sem tengjast ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Með Rose-Roth áætluninni veitir þingið nú einnig virkan stuðning við þróun þingbundins lýðræðis í þessum ríkjum (sjá nánar í b-lið).

a. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu, en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings Atlantshafsbandalaginu (NATO). Þingið hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna.

Meginhlutverk þingsins er að upplýsa og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins og nú einnig þingmönnum ríkja Mið- og Austur-Evrópu kleift að koma á framfæri áhuga- og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á upplýsingum um mismunandi viðhorf í hinum ýmsu löndum og svæðum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum samkvæmt aðferðum sem þjóðþingin ákveða. Á þinginu endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana.

Þingið kemur saman tvisvar á ári til allsherjarfundar, vorfundar sem stendur í þrjá daga og ársfundar er stendur í fimm daga. Fundir eru haldnir í aðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, efnahagsnefnd, vísinda- og tækninefnd og félagsmálanefnd. Þessar nefndir eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli kýs hún undirnefnd eða kemur á fót vinnuhóp til að afla um það upplýsinga.

Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um á allsherjarfundi. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða en ályktunum þingsins er beint til ríkisstjórna aðildarríkja.

Þótt þingið sé óháð Atlantshafsbandalaginu hafa samskipti þingsins við bandalagið, sem fyrr segir, smám saman tekið á sig fastara form og meðal formlegra samskipta má nefna: Formlegt svar við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins, ávarp framkvæmdastjóra bandalagsins á haustfundum þingsins, aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn bandalagsins og SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe

— æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og loks fundi milli forustumanna í þinginu og Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

b. Samskiptin við ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft hefur þingið endurskoðað hlutverk sitt í ljósi mikilla breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantshafs er þörf breytinga til aðlögunar að nýjum aðstæðum sem skapast hafa. Umfram allt kallar þetta á þróun fyrirkomulags í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum.

Norður-Atlantshafsþingið hóf tilraunir til að koma á samskiptum við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu árið 1987. Það var þó ekki fyrr en í nóvember 1990, á ársfundi í Lundúnum, að samskiptum þessum var komið í fastara form er þjóðþing Búlgaríu, Tékkóslóvakíu (nú Tékkland og Slóvakía), Ungverjalands, Póllands og fyrrverandi Sovétríkjanna (nú Rússland) fengu aukaaðild að Norður-Atlantshafsþinginu. Síðan þá hafa þjóðþing Albaníu, Hvíta-Rússlands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Moldavíu, Rúmeníu, Slóveníu og Úkraínu fengið aukaaðild að þinginu. Mikilvægi aukaaðildarinnar felst í því að hún veitir löggjöfum hinna nýju lýðræðisríkja tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þingsins.

Þingið hefur einnig átt frumkvæði að öðrum áætlunum að því er varðar Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við áætlun, sem sett var fram árið 1991 af tveimur bandarískum þingmönnum og nú fyrrverandi forsetum Norður-Atlantshafsþingsins, Charlie Rose og William V. Roth Jr., beinir Norður-Atlantshafsþingið nú kröftum sínum í ríkum mæli að því að efla þróun þingræðis í Mið- og Austur-Evrópu. Meginþátturinn í Rose-Roth áætluninni er röð námsstefna og ráðstefna þar sem fjallað er um sérstök vandamál Mið- og Austur-Evrópulanda þar sem reynsla og þekking þingfulltrúa kemur að gagni og þingið getur lagt verulega af mörkum vegna sérstöðu sinnar sem fjölhliða umræðuvettvangur. Margar þessara námsstefna fjalla beint eða óbeint um samskipti hers og borgaralegra stjórnvalda, einkum um lýðræðisleg yfirráð yfir herafla. Þeim er ætlað að miðla upplýsingum og sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja virka þátttöku þjóðþinga í gerð varnaráætlana og ákvörðun fjárveitinga til varnarmála og herafla. Frá upphafi áætlunarinnar og fram til ársloka 1998 höfðu verið haldnar 38 námsstefnur.

Norður-Atlantshafsþingið býður einnig starfsmönnum frá löndum Mið- og Austur-Evrópu til stuttra rannsóknardvala (í þrjá til sex mánuði) á alþjóðaskrifstofunni. Einnig hefur verið komið á laggirnar þjálfunaráætlun til þess að starfslið þjóðþinga Mið- og Austur-Evrópulanda geti öðlast beina reynslu af starfsemi alþjóðlegra stofnana.

Af margvíslegri starfsemi Norður-Atlantshafsþingsins sem að framan er lýst má vera ljóst að þingið hefur bætt nýrri vídd sem beinist að Evrópu allri við hið hefðbundna hlutverk sitt að hlúa að Atlantshafstengslunum.

c. Fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu og embættismenn þess.

Á Norður-Atlantshafsþinginu eiga sæti 188 þingmenn. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandaríska þingsins. Sendinefndir Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands skipa 18 þingmenn hverja. Kanada, Spánn og Tyrkland senda 12 fulltrúa hvert land. Frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi og Portúgal koma sjö frá hverju landi. Danmörk og Noregur senda fimm fulltrúa hvort land og frá Íslandi og Lúxemborg koma þrír frá hvoru landi. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera

fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu. Aukaaðilar taka þátt í nefndafundum og allsherjarfundum en hafa ekki atkvæðisrétt.

Embættismenn þingsins eru sex og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á allsherjarfundi (forseti og fjórir varaforsetar). Sjötti embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann er kjörinn annað hvert ár af stjórnarnefndinni. Norður-Atlantshafsþinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti formenn allra sendinefndanna, forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndaformenn.

d. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um kostnað annan en herkostnað. Til þess að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig árlegt framlag til þingsins.

Fylgiskjal II.

<table>
<tr><td colspan="3">NORÐUR-ATLANTSHAFSÞINGIÐ
Kemur saman á allsherjarfundi tvisvar á ári, á vorfund og ársfund</td></tr>
<tr><td colspan="2">Sendinefndir aðildarríkja

16 aðildarríki Atlantshafsbandalagsins
188 þingmenn

Fjöldi þingsæta er í hlutfalli við fólksfjölda</td><td>Aukaaðilar

Frá Albaníu, Búlgaríu, Eistlandi, Hvíta-Rússlandi, Lettlandi, Litháen, Moldavíu, Póllandi, Rúmeníu, Rússlandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi, Ungverjalandi og Úkraínu

Hafa ekki atkvæðisrétt</td></tr>
<tr><td>Framkvæmdastjórn

Kosin árlega

Forseti, fjórir varaforsetar, gjaldkeri, framkvæmdastjóri</td><td>Stjórnarnefnd

Formenn sendinefnda
Formenn nefnda

Hvert land hefur eitt atkvæði

Kemur saman þrisvar á ári</td><td></td></tr>
</table>

Nefndarfundir	Allsherjarfundir	Önnur starfsemi
Fimm nefndir: Félagsmálanefnd Varnar- og öryggismálanefnd Efnahagsnefnd Stjórnmálanefnd Vísinda- og tækninefnd Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og ályktanir Mynda undirnefndir til að rannsaka afmörkuð mál og afla upplýsinga	Greiða atkvæði um tillögur nefndanna fimm og fjárhagsáætlun Ræða afmörkuð málefni sem ofarlega eru á baugi Hlýða á ávörp gesta Þátttaka auka- og áheyrnaraðila	Árleg kynnisferð til að skoða hernaðarmannvirki og búnað Námsstefnur og hringborðsumræður innan Rose-Roth áætlunarinnar

Fylgiskjal III.

UNDIRNEFNDIR

Stjórnmálanefnd.
(42 fulltrúar.*)

Undirnefnd um stækkun NATO og nýju lýðræðisríkin.
Undirnefnd um evrópskar stofnanir og stofnanir sem lönd beggja vegna Atlantshafs eiga aðild að.

Varnar- og öryggismálanefnd.
(42 fulltrúar.*)

Undirnefnd um varnar- og öryggissamstarf Evrópu og Norður-Ameríku.
Undirnefnd um öryggismál á norðurslóðum.

Efnahagsnefnd.
(35 fulltrúar.*)

Undirnefnd um efnahagssamstarf og samhæfingu austurs og vesturs.

Félagsmálanefnd.
(31 fulltrúi.*)

Undirnefnd um samvinnu og öryggi almennra borgara.

Vísinda- og tækninefnd.
(31 fulltrúi.*)

Undirnefnd um útbreiðslu hernaðartækni.

---

* Fulltrúum fjölgar um einn eða tvo eftir því sem Íslendingar og Lúxemborgarar, með þrjá fulltrúa hvor þjóð, skipa fulltrúum sínum í einhverjar þrjár af þessum fimm nefndum.

785. Skýrsla [480. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1998.

1. Inngangur.

Þátttaka Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins í starfi sambandsins (Inter-Parliamentary Union) á árinu 1998 var með hefðbundnum hætti og tók deildin þátt í báðum reglulegum þingum sambandsins. Það fyrra var haldið í Windhoek í apríl (99. þing) og hið síðara í Moskvu í september (100. þing).

Geir H. Haarde (þingflokki sjálfstæðismanna) var formaður stjórnar Íslandsdeildarinnar þar til í apríl, en er hann tók við embætti fjármálaráðherra tók Einar K. Guðfinnsson (þingflokki sjálfstæðismanna) við formennsku. Aðrir í stjórn Íslandsdeildarinnar voru Magnús Stefánsson (þingflokki framsóknarmanna), Bryndís Hlöðversdóttir (þingflokki Alþýðubandalags) og Jóhanna Sigurðardóttir (þingflokki jafnaðarmanna). Áheyrnarfulltrúar voru Gísli S. Einarsson (þingflokki jafnaðarmanna) og Kristín Halldórsdóttir (Kvennalista). Ritari deildarinnar var Elín Flygenring, forstöðumaður alþjóðasviðs Alþingis.

2. 99. þingið í Windhoek.

Dagana 6.–10. apríl 1998 var haldið í Windhoek 99. þing Alþjóðaþingmannasambandsins. Af hálfu Íslandsdeildar sambandsins sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, Magnús Stefánsson, Einar K. Guðfinnsson og Gísli S. Einarsson, auk ritara.

2.1. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju var fjallað um þrjú málefni í þinginu og ályktað um þau. Málefnin voru:

1. Efling stöðugleika og endurreisn stríðshrjáðra samfélaga.
2. Aðgerðir gegn HIV/AIDS.
3. Áhrif erlendra skulda þróunarríkja á stöðu þeirra í samfélagi þjóðanna.

Umræður um þessi mál fóru fram í nefndum þingsins en auk þess voru almennar stjórnmálaumræður í þingsal þá daga sem ekki var fundað í nefndum. Magnús Stefánsson flutti ræðu í almennu stjórnmálaumræðunum og vék sérstaklega að ári hafsins 1998, mengun sjávar og þá ógnun sem aukin sjávarmengun veldur löndum sem lifa á fiskveiðum líkt og Ísland. Hann ræddi einnig vandamál vegna kjarnaúrgangs frá Dounreay og Sellafield. Að öðru leyti skipti sendinefndin með sér setu á nefndafundum. Þingið ályktaði um öll þrjú umræðuefnin. Auk þess var ákveðið að ályktа um eitt efni til viðbótar: Aðgerðir til að koma á friði í Kosovo.

2.2. Störf og ályktanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipað er tveimur þingmönnum frá hverju þingi og fer með æðsta vald í innri málefnum sambandsins, kom tvívegis saman í Windhoek. Öll íslenska sendinefndin sat fundi ráðsins. Höfuðverkefni ráðsins var að kjósa sér nýjan framkvæmdastjóra, en Anders B. Johnsson, þáverandi aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðaþingmannasamtakanna, var kjörinn í það starf með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. Þá var að vanda lögð fram í ráðinu ítarleg skýrsla um mannréttindamál þingmanna, en nefndin gerði grein fyrir málum 188 þingmanna í 16 ríkjum þar sem brotin höfðu verið mannréttindi á þingmönnum. Á fundi ráðsins var m.a. fjallað um breytingu á reglum Alþjóðaþingmannasam-

bandsins, tillögu um nýtt húsnæði fyrir skrifstofu sambandsins og samstarf við stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

2.3. Störf framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipuð er tólf þingmönnum auk forseta sambandsins, fundaði þrjá daga fyrir upphaf þingsins auk þess sem hún hélt einn heilsdagsfund samhliða þinginu. Geir H. Haarde á sæti í framkvæmdastjórninni og sat hann þrjá fyrstu fundi hennar, en Einar K. Guðfinnsson sat þann síðasta sem varamaður Geirs. Aðalverkefni framkvæmdastjórnarinnar var að eiga viðtöl við umsækjendur um stöðu framkvæmdastjóra Alþjóðaþingmannasambandsins, en Pierre Cornillon, sem verið hafði framkvæmdastjóri sambandsins sl. tólf ár, hætti störfum 1. júlí. Framkvæmdastjórnin fjallaði einnig um ýmis innri mál sambandsins, m.a. um breytingar á hlutfalli árgjalda aðildarþjóða til sambandsins í samræmi við nýjar reglur Sameinuðu þjóðanna.

2.4. Störf pólitískra svæðahópa.

Daglegir samráðsfundir voru haldnir í Vesturlandahóp innan þingmannasambandsins (Tólfplús-hópnum). Hópurinn fundaði fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var tekin afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf, þátttöku í nefndastarfi og fjallað um innri málefni hópsins.

3. 100. þingið í Moskvu.

Dagana 7.–11. september 1998 var haldið í Moskvu 100. þing Alþjóðaþingmannasambandsins. Af hálfu Íslandsdeildar sambandsins sóttu þingið alþingismennirnir Einar K. Guðfinnsson, formaður Íslandsdeildarinnar, Sigríður Jóhannesdóttir og Gísli S. Einarsson, auk ritara.

3.1. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju var fjallað um þrjú málefni í þinginu og ályktað um þau. Málefnin voru:

1. Mannréttindamál 21. aldarinnar í tilefni af 50 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.
2. Vatn sem auðlind fyrir sjálfbæra þróun.
3. Aðgerðir gegn dreifingu og neyslu fíkniefna.

Umræður um þessi mál fóru fram í nefndum þingsins, en auk þess fóru fram almennar stjórnmálaumræður þá daga sem ekki var fundað í nefndum. Sérstakur fundur var haldinn til heiðurs fyrrverandi framkvæmdastjóra IPU, Pierre Cornillon. Þingið ávarpaði Evgueni Primakov, utanríkisráðherra Rússlands, sama dag og hann var útnefndur forsætisráðherra landsins.

Einar K. Guðfinnsson flutti ræðu í almennu umræðunum og vék m.a. að aðgerðum gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, efnahagskreppu Asíu og vandamálum Rússlands. Einar nefndi þær gríðarlegu breytingar á efnahagssviðinu sem orðið hafa á síðustu árum í heiminum og taldi efnahagslegt frelsi og fríverslun mikilvægan þátt í því að skapa friðvænlegri og betri heim.

3.2. Störf og ályktanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipað er tveimur þingmönnum frá hverri sendinefnd og fer með æðsta vald í innri málefnum þess, kom tvívegis saman í Moskvu. Öll íslenska sendinefndin sat fundi ráðsins. Aðildarumsókn þjóðarráðs Palestínumanna var felld,

en samþykkt var að veita þeim sérstök réttindi sem áheyrnaraðila. Í ráðinu var einnig ákveðið að Alþjóðaþingmannasamtökin standi fyrir ráðstefnu fyrir alla þingforseta aðildarríkja samtakanna árið 2000.

3.3. Störf framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipuð er tólf þingmönnum auk forsetans, fundaði fyrir þingið og á meðan á því stóð. Einar K.Guðfinnsson sat þá fundi sem varamaður Geirs H. Haarde, sem kjörinn var í stjórnina árin 1994–98, og var þetta síðasti fundurinn á hans kjörtímabili. Í stað hans og annars stjórnarmanns frá Zambíu voru kjörnir í stjórnina fulltrúar frá Belgíu og Namibíu. Framkvæmdastjórnin ræddi m.a. fjármál sambandsins, samstarf Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaþingmannasambandsins og undirbúning að nýjum húsakynnum fyrir aðalstöðvar sambandsins í Genf.

4. Næstu þing.

Næstu þing sambandsins verða í Brussel (vorið 1999) og Berlín (haustið 1999).

Alþingi, 15. febr. 1999.

Einar K. Guðfinnsson, form.	Magnús Stefánsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.

Jóhanna Sigurðardóttir.

786. Skýrsla [481. mál]

samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 1998.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–1999.)

I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 1998

1. Inngangur.

Í fyrsta hluta (I.) skýrslu þessarar er lýst störfum Norrænu ráðherranefndarinnar á öllum fagsviðunum árið 1998. Auk þess er gerð grein fyrir samstarfi forsætisráðherra og utanríkisráðherra landanna þó þeir séu ekki hluti af Norrænu ráðherranefndinni. Sú starfsáætlun sem samstarfsráðherrar Norðurlanda hafa ákveðið ásamt meginþáttum Norrænu fjárlaganna fyrir 1999 er lögð fram sem II. hluti skýrslu þessarar. Á árinu 1998 fór fram víðtækur undirbúningur fyrir formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 1999 í samstarfi allra ráðuneytanna. Það starf skilaði sér í þeirri heildaráætlun sem lögð er fram sem III. hluti þessarar skýrslu. Jafnframt var ákveðið að á formennskuárinu yrði lögð megináhersla á lífskjör, náttúruvernd og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda á Vestur-Norðurlöndum og öðrum norðlægum slóðum og er markmiðunum lýst í sérstakri áætlun, nefndri „Fólk og haf í norðri“ sem lögð er fram sem IV. hluti skýrslu þessarar.

Skýrslan gefur því glögga mynd bæði af samstarfi norrænu ríkisstjórnanna árið 1998 og af fyrirhuguðu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar og íslenskum áherslum á formennskuárinu 1999.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda.

Forsætisráðherrar Norðurlanda marka pólitíska stefnu fyrir samstarf ríkisstjórna Norðurlanda. Auk þess hafa þeir reglubundið samráð um norræn og alþjóðleg stefnumál og hefur gildi þess þáttar samstarfsins aukist til muna undanfarin ár.

Forsætisráðherrarnir áttu samkvæmt venju tvo formlega fundi á árinu 1998 og var annar þeirra haldinn 27. júní í Málmey í Svíþjóð og hinn samtímis þingi Norðurlandaráðs þann 9. nóvember í Ósló. Við það tækifæri áttu þeir fundi með forsætisnefnd Norðurlandaráðs, oddvitum stjórna Færeyja, Grænlands og Álandseyja, forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna og fjármálaráðherrum Norðurlanda.

Davíð Oddsson, forsætisráðherra flutti stefnuræðuna á þingi Norðurlandaráðs í Ósló þar sem hann gerði grein fyrir áherslum og horfum í norrænu samstarfi 1999 og þeirri stefnu sem Ísland hyggst fylgja í samstarfinu (sjá III. og IV. hluta skýrslu þessarar) en við áramót 1998/1999 tóku Íslendingar við forustuhlutverki í samstarfinu, eins og getið er í formála, úr hendi Svía.

Á fundinum í Málmey var fjallað um árangur *leiðtogafundar ESB í Cardiff* og talið að þar hefðu verið gefin fyrirheit um að markmiðum Amsterdam-samningsins yrði fylgt eftir með aðgerðum á sviði umhverfis- og atvinnumála. Einnig var fjallað um aukin áhrif Norðurlanda á stefnu ESB, m.a. á sviði velferðarmála. Fjölgun aðildarríkja ESB var til umræðu svo og afstaðan til Tyrklands. Seta þeirra norrænu ríkja sem ekki eiga aðild að ESB á *Evrópuráðstefnunni* var rædd og því lýst yfir að norrænu aðildarríkin styddu óskir Íslands og Noregs þar að lútandi.

Viðræður um Schengen-samninginn voru ræddar á báðum fundum ráðherranna. Davíð Oddsson, forsætisráðherra, benti í því sambandi á að því aðeins yrði samningurinn aðgengilegur fyrir Íslendinga og Norðmenn að þeir fengju möguleika til áhrifa á pólitískar ákvarðanir sem teknar yrðu á grundvelli samningsins. Áhersla var lögð á mikilvægi þess stuðnings sem norrænu ESB-aðildarríkin hefðu sýnt málinu við meðferð þess hjá ESB.

Forusta Finnlands, Svíþjóðar og Danmerkur í ESB á tímabilinu frá 1999 til 2002 var rædd en varað við of mikilli bjartsýni hvað varðar möguleika norrænu ríkjanna sem tækju við forustu, til áhrifa á ákvarðanatöku. Forustuhlutverkið fælist aðallega í því að koma áleiðis málum sem þegar væru á dagskrá á borð við dagskrá 2000 og öðru sem tengist stækkun sambandsins. Því hefði Finnland lagt ríka áherslu á að koma Norðlægu víddinni á dagskrá áður en forustutímabilið hæfist.

Mikilvægi *norræns samráðs um alþjóðleg efnahagsmál* og um *Evrópska myntbandalagið* var rætt á fundinum í Málmey. Með hliðsjón af þeim áhrifum sem fyrirsjáanlegt væri að Evrópumyntin hefði á efnahagslíf allra norrænu ríkjanna ákváðu ráðherranir að bjóða fjármálaráðherrum landanna til fundar við sig 8. nóvember í Ósló. Sá fundur þótti gagnlegur og var því ákveðið að framhald yrði á slíku samráði.

Norrænt samstarf á grannsvæðum Norðurlanda var til umræðu á fundinum í Málmey, bæði leiðtogafundurinn í Ríga og Barents- og Norðurskautssamstarfið.

Á Óslóarfundinum var til umræðu forusta Íslands 1999 í norrænu samstarfi ásamt skýrslu sem gefin var af hálfu Svía í lok forustuárs þeirra í samstarfinu og *leiðtogafundur ESB í Portschack.*

Ráðherrarnir samþykktu tvær yfirlýsingar á Óslóarfundinum, aðra um *sjálfbær Norðurlönd* og hina í tilefni þess að *50 ár eru liðin frá samþykkt mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna* og hafa samstarfsráðherrar Norðurlanda þegar lagt drög að því, hvernig yfirlýsingunni um sjálfbær Norðurlönd verði fylgt eftir.

Á fundi ráðherranna með leiðtogum sjálfsstjórnarsvæðanna var m.a. ákveðið að leita eftir *áheyrnaraðild fyrir Norrænu ráðherranefndina hjá Norðurskautsráðinu.* Þar var og kynnt tillaga Færeyinga um norrænt samstarf um rannsóknir á samspili haf- og loftstrauma, sem forsætisráðherrarnir lýstu stuðningi við að yrði skoðuð með það að markmiði að fjármagna verkefnið af norrænu fjárlögunum, að uppfylltum nauðsynlegum skilyrðum.

Á fundi forsætisráðherranna með forsætisnefnd Norðurlandaráðs voru til umræðu málefni Sameinuðu þjóðanna, Evrópumál, svæðisbundið samstarf í Evrópu ásamt nauðsyn þess að gera norrænt samstarf markvissara.

Á fundinum með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna (3+5) voru rædd fjölmörg mál tengd fyrirhugaðri aðild þeirra að ESB. Einnig var hið alvarlega ástand í Rússlandi rætt ásamt aðgerðum í kjölfar leiðtogafundarins í Ríga.

Vegna þess að ekki gafst nægur tími til umræðna um þau mál, sem voru á dagskrá á fundinum með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna, var ákveðið í lok fundarins að halda þessum umræðum áfram við fyrsta tækifæri. Því hefur verið boðað til nýs fundar 8. febrúar nk. samtímis fundi Norðurlandaráðs og Eystrasaltsráðsins í Helsinki. Auk þess fundar eru fyrirhugaðir tveir fundir forsætisráðherranna á þessu ári, sá fyrri á Íslandi í júní og sá síðari í nóvember samtímis 51. þingi Norðurlandaráðs.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda.

Samstarfsráðherrunum ber samkvæmt Helsingforssamningnum að stuðla að auknu samstarfi og samræmingu þess milli hinna ýmsu fagsviða. Auk þess ber þeim að taka ákvarðanir um skipulag sem nær til margra samstarfssviða. Þeir bera ábyrgð á upplýsingamiðlun ráð-

herranefndarinnar og ákveða norrænu fjárlögin. Þeir hafa samráð við fagráðherranefndirnar eftir því sem við á. Þeir bera og ábyrgð á að áherslur samstarfsins og skipting fjárveitinga séu í samræmi við þau pólitísku markmið sem ákveðin eru fyrir samstarfið hverju sinni.

Á árinu áttu ráðherrarnir fundi með samstarfsráðherrum Eystrasaltsríkjanna, með forsætisnefnd Norðurlandaráðs og með sendiherrum norrænu ríkjanna í Brussel, og formaður samstarfsráðherranna átti í upphafi ársins fund með forseta Norðurlandaráðs.

Á fundinum með samstarfsráðherrum Eystrasaltsríkjanna var formennskuáætlun Svía kynnt sem og áherslur í grannsvæðaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Markmið hennar er að stuðla að friði og öryggi á svæðinu, að aðstoða ríkin við þróunina í átt að lýðræði og markaðsbúskap og að stuðla að notkun umhverfisvænnar tækni og framleiðslu. Lýst var áhuga á að auka samstarfið við Rússland. Af hálfu Eystrasaltsríkjanna var lögð áhersla á mikilvægi stuðnings Norðurlanda við undirbúning ríkjanna fyrir aðild að ESB. Einnig lýstu ríkin yfir ánægju með þau samnorrænu námsdvalar- og styrkjakerfi sem gera aðilum frá Eystrasaltríkjunum kleift að dvelja í einu Norðurlandanna til náms og starfa. Rétt er að geta þess að nú hefur verið ákveðið að endurskoða það kerfi sem Norræna ráðherranefndin starfar eftir.

Á fundi formanns samstarfsráðherranna með forseta Norðurlandaráðs og fundi samstarfsráðherranna með forsætisnefnd Norðurlandaráðs voru til umræðu norrænu fjárlögin, undirbúningur fyrir Norðurlandaráðsþingið og helstu áherslur samstarfsins.

Á fundi ráðherranna með sendiherrum norrænu ríkjanna í Brussel voru til umræðu málefni sem efst voru á baugi í Evrópusambandinu, þar á meðal Schengen-viðræðurnar og hvernig efla mætti samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við sendiráð ríkjanna í Brussel.

Önnur helstu mál sem samstarfsráðherrarnir fjölluðu um á starfsárinu 1998 fara hér á eftir.

Upphæð fjárlaga ársins 1999 var ákveðin 716,9 millj. d.kr. Skipting fjárveitinga milli verkefna var endanlega ákveðin í samræmi við tillögu frá Norðurlandaráði á þingi þess í Ósló í nóvember síðastliðnum.

Evrópumálin voru að venju á dagskrá á öllum fundum ráðherranna og bar þar hæst komandi formennsku Finnlands í Evrópusambandinu ásamt stækkun sambandsins í austur. Finnar kynntu hugmyndir sínar um „Norðlægu víddina“ en markmið hennar er að beina áherslu ESB að lausn þess margþætta vanda sem við er að etja á norðlægum svæðum í Rússlandi og á Eystrasaltssvæðinu og að auka hlut svæða Evrópu í Evrópusambandinu. Stöðuskýrsla á sviði Evrópumála 1997–1998 var kynnt og samþykkt í júní og hún síðan send Norðurlandaráði.

Yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlanda um sjálfbær Norðurlönd var rædd og í byrjun árs 1999 tekin ákvörðun um hvernig ráðherranefndin skyldi fylgja henni eftir, en hún tekur m.a. til samstarfs á sviði samgangna, orkumála, landbúnaðar og sjávarútvegs. Umhverfisráðherrarnir munu samræma það starf sem í hönd fer og sem leiða á til þverfaglegrar samnorrænnar stefnu um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra. Stefnt er að framlagningu hennar árið 2000.

Í júní samþykktu ráðherrarnir samnorræna stefnu um rannsóknir og vísindi. Markmiðið með henni er að styrkja norræna vísindasamfélagið og stuðla að uppbyggingu þekkingar á Norðurlöndum ásamt því að tryggja norrænt notagildi og yfirsýn yfir samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar að rannsóknum og vísindum. Með þessari stefnu á að tryggja að áherslur á sviði rannsókna og vísinda séu í samræmi við almennar pólitískar áherslur í samstarfinu.

Á árinu var norræni þjónustusíminn „Halló Norðurlönd“ opnaður og Norræna félaginu í Svíþjóð var falin umsjón með þjónustu þessari sem er rekin í tilraunaskyni. Markmiðið er

að norrænir aðilar sem ferðast eða flytja milli norrænu landanna og hafa rekist á hindranir í kerfinu geti leitað þangað um aðstoð.

Á árinu tóku samstarfsráðherrarnir ákvörðun um að skipa vinnuhóp sem skyldi fylgja eftir starfi þeirrar nefndar sem Ilkka Suominen leiddi árið 1994 og sem hafði það að markmiði að auka verkaskiptingu milli stofnana á Norðurlöndum. Hópnum var sérstaklega ætlað að kanna hvernig norrænu löndin geti komið á, aukið eða dýpkað enn frekar samstarf sín á milli, löndunum til hagsbóta, með markmiðið um norrænt notagildi að leiðarljósi.

Ráðherranefndartillaga um samstarf við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum var samþykkt á árinu. Markmið tillögunnar er að auka vitneskju um hlutverk frjálsra félagasamtaka í norrænu samfélagi, að efla norrænt samstarf frjálsra félagasamtaka og samstarf þeirra við félagasamtök í Eystrasaltsríkjunum, efla netkerfi og bæta tengsl þeirra við Norrænu ráðherranefndina.

Ýmsar ákvarðanir voru teknar á árinu sem snúa að aukinni skilvirkni í störfum ráðherranefndarskrifstofunnar og bættri verkaskiptingu milli stofnana þeirra sem heyra undir ráðherranefndina, stjórna þessara stofnana og Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ákveðið var að hefja undirbúning sameiningar upplýsingadeilda Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs, með það að markmiði að því starfi verði lokið á fyrsta missiri ársins 1999.

Viðmiðunarreglur um kynjaskiptingu í norrænu samstarfi voru samþykktar á árinu. Samkvæmt þeim á hlutfall beggja kynja að vera minnst 40% í embættismannanefndum, stjórnum samnorrænna stofnana, nefndum og vinnuhópum. Samstarfsráðherra kynnti í kjölfarið þessar reglur á fundi í ríkisstjórn Íslands.

Samstarfsráðherrarnir veittu á árinu styrki af óráðstöfuðu fé ráðherranefndarinnar til ýmissa verkefna. Meðal annars var veittur styrkur til samnorrænna aðgerða í tilefni af Ári hafsins og til þingmannaráðs Sama. Fjárveitingar af óráðstöfuðu fé eru bornar undir Norðurlandaráð áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Í upphafi árs 1999 kynnti Halldór Ásgrímsson, samstarfsráðherra, formennskuáætlun Íslands og hlaut hún jákvæðar undirtektir allra ráðherranna, sérstaklega sá þáttur er snýr að því að auka hlut Færeyja, Grænlands og norðlægra svæða almennt í samstarfinu. Um mitt ár 1999 verður skýrsla lögð fyrir samstarfsráðherrana um stöðu mála hvað varðar framkvæmd áætlunarinnar en undirbúingur nokkurra mála er þegar hafinn og má þar nefna sérstaklega þverfaglegar áherslur Íslands „Fólk og haf í norðri“ og árþúsundamótin.

4. Samstarf utanríkisráðherra Norðurlanda og norrænt samstarf á alþjóðavettvangi.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda eru ekki hluti af Norrænu ráðherranefndinni en hafa samt sem áður með sér öflugt samráð. Ráðherrarnir halda nú tvo reglulega samráðsfundi á hverju ári. Auk þess hittast utanríkisráðherrarnir alloft óformlega á hverju ári vegna annarra utanríkisráðherrafunda, t.d. í Norðurlandaráði, Eystrasaltsráðinu, Evrópuráðinu, OECD, Barentsráðinu og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Fundir norrænu utanríkisráðherranna á árinu voru haldnir í Svíþjóð, sá fyrri í Thoresta Herrgård og sá síðari í Västerås, en Svíþjóð fór með formennsku Norðurlanda árið 1998. Á fyrri fundinum var rætt um hefðbundið Norðurlandasamstarf, grannsvæðasamstarf, málefni Evrópusambandsins og Schengen-samstarfið. Nýskipan öryggismála og ástand mannréttindamála var einnig rætt ítarlega.

Utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þriggja var boðið að halda fund með norrænu utanríkisráðherrunum í Västerås en þar var stækkun Evrópusambandsins rædd, öryggismál

í Evrópu ásamt svæðisbundinni samvinnu við Eystrasaltið. Á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna var fjallað um mikilvægi Norðurlandasamvinnunnar í evrópsku samhengi auk málefna Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins. Í umræðum um öryggismál var lögð áhersla á sjálfsákvörðunarrétt ríkja og áframhaldandi þróun friðarsamstarfs Atlantshafsbandalagsins. Aleksandr Avdeyev, varautanríkisráðherra Rússlands, var gestur á sérstökum fundi og var þar aðallega fjallað um hið alvarlega ástand í Kosovo, en einnig um málefni ÖSE, svæðisbundna samvinnu og umbótastarf innan Sameinuðu þjóðanna.

Skýrsla um norrænt samstarf í utanríkismálum — reynsla og niðurstöður frá því á vormissieri 1995 — var samþykkt á fundinum í Västerås. Skýrslan er yfirlit yfir norrænt samstarf á ýmsum sviðum utanríkismála í því skyni að bregða ljósi á þá reynslu sem fengist hefur frá því að Finnar og Svíar gengu í Evrópusambandið (ESB).

Á *vettvangi Sameinuðu þjóðanna* hefur náið samstarf Norðurlanda haldið áfram eftir inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í ESB. Þótt löndin komi sjaldnar fram sem ein heild þar sem ESB reynir eftir fremsta megni að tala fyrir munn allra aðildarríkjanna, leitast ESB-ríkin við að veita Íslandi og Noregi færi á því að móta sömu afstöðu og unnið er að meðal aðildarríkjanna. Í framboðsmálum er fylgt norrænu skiptireglunni og sameiginlegur stuðningur veittur norrænum frambjóðendum. Hvað umbætur á skipulagi Sameinuðu þjóðanna snertir hafa tillögur Norðurlanda notið mikils stuðnings. Innganga Finnlands og Svíþjóðar í ESB hafa aðeins í litlum mæli haft áhrif á norrænt samstarf á sviði þróunarmála.

Langvarandi og sterk hefð er fyrir *norrænu samstarfi í mannréttindamálum.* Minna kann að bera á formlegu samstarfi í mannréttindanefndinni en áður en óformlega samstarfið heldur áfram óbreytt. Samstarfið hefur leitt til meiri áhrifa á ESB-samstarfið í samræmi við sérstöðu Norðurlanda á þessu sviði.

EES-samningurinn felur í sér samræmingu á lögum og reglugerðum Norðurlanda á fjölda sviða og tengir þannig löndin enn nánar saman. Öll löndin hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta innan innri markaðarins. Þar með hafa opnast möguleikar á að nota reglubundið norrænt samstarf sem vettvang til að fara saman yfir mikilvæg mál innan Evrópustefnunnar þrátt fyrir að tengslin við ESB séu mismunandi. Slíkt kerfisbundið samráð hefur leitt til þess að norræn afstaða og norrænt gildismat, sem Ísland og Noregur koma einnig að, hefur náð miklum áhrifum innan löggjafarstarfs ESB. Verðandi stækkun ESB felur einnig í sér stækkun EES og því er náið norrænt samstarf nauðsynlegt varðandi stækkunarferlið.

Hefð er fyrir því að samstarf Norðurlanda nái til sem flestra sviða nema utanríkis- og öryggismála. Jákvæð þróun undanfarinna ára í Evrópu hefur hins vegar skapað skilyrði fyrir nánara samráði í *öryggismálum milli Norðurlanda.* Norðurlönd vinna áfram saman að því markmiði að geta, þegar þörf krefur, sent sameiginlegar friðarsveitir á vettvang. Löndin hafa komið á víðtæku samstarfi til að efla öryggi Eystrasaltsríkjanna. Norrænt samstarf í varnarmálum er líklega meira en nokkru sinni fyrr.

Náið, óformlegt *norrænt samstarf heldur áfram innan margra alþjóðastofnana,* t.d. ÖSE, Evrópuráðsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og OECD. Norrænt samstarf verður æ samtvinnaðra samvinnu grannsvæðanna. Sú samvinna á sér stað m.a. innan Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins.

5. Menningarmál.

Skipulag samstarfsins á sviði menningarmála einkennist nokkuð af því að þar hefur verið komið á fót ýmsum stofnunum og styrkjakerfum sem gegna skilgreindum hlutverkum innan heildarrammans. Umtalsverður hluti hins víðtæka menningarsamstarfs er því í tiltölulega föstum farvegi. Meðal þeirra stofnana sem hér koma við sögu hefur *Norræni menningarsjóð-*

urinn sérstöðu. Hann starfar á grundvelli sérstaks samnings milli Norðurlandanna og lýtur stjórn sem skipuð er annars vegar fulltrúum Norðurlandaráðs og hins vegar Norrænu ráðherranefndarinnar (menningarmálaráðherranna). Ráðstöfunarfé sjóðsins árið 1998 nam um 23 millj. danskra króna. Meiri hluti styrkja rennur til verkefna á sviði lista og almennra menningarmála en starfsemi sjóðsins tekur einnig til menntamála og vísinda (sjá nánar um Norræna menningarsjóðinn, kafla 26.7.).

Af öðrum samstarfsstofnunum á menningarsviðinu er m.a. að nefna *Norræna húsið í Reykjavík, Norðurlandahúsið í Færeyjum, Norrænu stofnunina á Álandseyjum og Norrænu stofnunina á Grænlandi.* Þessar stofnanir gegna alhliða menningarhlutverki þótt umsvif þeirra og verksvið séu nokkuð mismunandi. Norræna húsið í Reykjavík minntist 30 ára afmælis síns í ágúst 1998. Veittar voru 240 þús. d.kr. af ráðstöfunarfé ráðherranefndar menningarmála til endurnýjunar á húsgögnum í kaffistofu hússins en þau húsgögn voru hönnuð af Alvar Aalto eins og húsið sjálft. Fé hefur einnig verið veitt til viðhaldsframkvæmda (sjá nánar um Norræna húsið, kafla 25.1.).

Á myndlistarsviði starfa tvær stofnanir, *Norræn stofnun um samtímalist* í Helsingfors, sem árið 1997 leysti af hólmi Norrænu listamiðstöðina er þar var áður, og *Norræna listamannamiðstöðin Dalsåsen* á Fjölum í Noregi. Á báðum stöðum eru starfræktar gistivinnustofur fyrir myndlistarmenn og hafa ýmsir íslenskir listamenn notið þeirrar aðstöðu.

Á sviði kvikmynda og fjölmiðlunar eru þrjár samstarfsstofnanir: *Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn, Norræna blaðamannamiðstöðin* í Árósum og *Norræn upplýsingamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir* (NORDICOM). Gildistími núverandi samnings um starfsemi Norræna kvikmynda- og sjóvarpssjóðsins rennur út í árslok 1999. Ráðherranefnd menningarmála hefur ákveðið að stefna beri að framhaldi á starfi sjóðsins, en að honum standa ásamt ráðherranefndinni helstu kvikmyndastofnanir og sjóvarpsstöðvar á Norðurlöndum. Sjóðurinn hefur reynst íslenskri kvikmyndagerð styrk stoð.

Af sérstökum *styrkjakerfum* sem lúta formlegum reglum, þótt ekki séu í sjóðsformi, er m.a. að nefna styrki til *þýðinga á grannlandabókmenntum.* Til þeirra renna um 2,4 millj. d.kr. árlega. Þessir styrkir hafa reynst mikilvægir til að stuðla að útgáfu norrænna bóka í þýðingum hér á landi og íslenskra bóka í þýðingum annars staðar á Norðurlöndum.

Sleipnir er kerfi ferðastyrkja fyrir unga listamenn í öllum listgreinum, ætlað til að auðvelda þeim að kynnast listastarfsemi á Norðurlöndum utan heimalandsins og stuðla að því að líta megi á Norðurlönd öll sem eitt vinnusvæði listamanna. Ákveðið var á árinu að láta þetta styrkjakerfi einnig ná til ferða ungra listamanna og gagnrýnenda til og frá grannsvæðum Norðurlanda í Eystrasaltslöndunum og norðvesturhluta Rússlands. Verður sá háttur hafður til reynslu um eins árs skeið og 1 millj. d.kr. veitt í því skyni til viðbótar við hina reglulegu fjárveitingu til Sleipnisstyrkjanna, sem er rúmlega 2,5 millj. d.kr.

Styrkir til norræns íþróttasamstarfs eru veittir af árlegu framlagi sem numið hefur ríflega 1 millj. d.kr. Tilgangur þeirra er að efla samvinnu á íþróttasviði milli Grænlendinga, Íslendinga og Færeyinga og íþróttasamskipti vestnorrænu þjóðanna við aðrar Norðurlandaþjóðir. Úthlutun styrkjanna er í höndum samstarfsnefndar norrænu íþróttasambandanna. Lögð er áhersla á stuðning við hópa sem standa höllum fæti í íþróttastarfinu.

Á listasviðinu starfa fjórar fagnefndir sem eru ráðherranefnd menningarmála til ráðuneytis en þær hafa jafnframt umsjón með ýmsum samstarfsverkefnum hver í sinni grein. Einnig gegna þær umsagnarhlutverki gagnvart Norræna menningarsjóðnum. Starf fagnefndanna fer nú fram á grundvelli árangursstjórnarsamninga sem ráðherranefndin gerir við þær eins og aðrar samstarfsstofnanir. *Norræna bókmennta- og bókasafnanefndin* annast m.a. úthlutun þýðingarstyrkjanna og fjárstuðnings til samstarfs á sviði almenningsbókasafna, þar á meðal

endurmenntunarnámskeiða. Meðal sérstakra verkefna *Norrænu myndlistar- og listiðnaðarnefndarinnar* er að annast stjórn Norrænu listamannamiðstöðvarinnar Dalsåsen, en nefndin veitir einnig fjárstuðning til einstakra samstarfsverkefna. *Norræna leiklistar- og dansnefndin* úthlutar styrkjum til gestaleikja og stendur fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir leikhúsfólk. *Norræna tónlistarnefndin* veitir m.a. styrki til samstarfsverkefna á tónlistarsviði, þar á meðal til norrænu æskulýðshljómsveitarinnar, og annast úthlutun tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Stjórnarnefnd um menningar- og fjölmiðlasamstarf fjallar um samvinnu á sviði kvikmynda og fjölmiðlunar og er ráðherranefnd menningarmála til ráðuneytis í þeim efnum. Nefndin stýrir m.a. samningagerð um Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn, annast úthlutun styrkja til samstarfsverkefna á sviði margmiðlunar, veitir fé til námskeiða á kvikmyndasviði og er mikilsverður upplýsinga- og samráðsvettvangur um þróun í fjölmiðlamálum.

Stjórnarnefnd um norræn menningarverkefni erlendis hefur umsjón með samstarfsverkefnum sem lúta að kynningu norrænnar menningar utan Norðurlanda á grundvelli starfsáætlunar sem gerð er til nokkurra ára í senn. Árið 1998 var m.a. norræn menningarhátíð í Póllandi sem tók til bókmennta, tónlistar, byggingarlistar og kvikmynda auk listasmiðju fyrir börn og unglinga. Þátttaka var frá Íslandi á öllum þessum sviðum. Íslenskir listamenn áttu einnig verk á norrænni listsýningu í Nútímalistasafninu í París snemma á árinu. Norræn menningarkynning í Suður-Afríku hófst á árinu og heldur áfram 1999. Lögð er áhersla á að stofna til gagnkvæmra menningartengsla og samvinnu milli norrænna og suðurafrískra listamanna. Verkaskipting er milli Norðurlandaþjóðanna um skipulagningu einstakra þátta kynningarinnar og er umsjón bókmenntaþáttarins í höndum Íslendinga. Í þeim þætti beinist starfið einkum að samvinnuverkefni norrænna og suðurafrískra höfunda og myndskreyta um gerð barnabókar og kom hópur höfunda hingað til lands vorið 1998 í því skyni. Unnið er að undirbúningi viðamikilla sýninga í Norður-Ameríku árið 2000 um norræn samfélög á víkingaöld og vesturfarir norrænna manna.

Stjórnarnefnd norræns samstarfs um barna- og æskulýðsmenningu hefur umsjón með framkvæmd starfsáætlunar sem gerð var fyrir tímabilið 1996–2000 undir yfirskriftinni „Norræn framtíð“ („Ett kommande NORDEN“) og ætlað er að efla samvinnu um menningarstarf með þátttöku og í þágu barna og ungmenna. Nefndin styrkti m.a. æskulýðsráðstefnu sem haldin var í Reykjavík í júlí 1998 á vegum Vestnorræna ráðsins.

Norræna æskulýðsnefndin veitir rekstrarstyrki til samnorrænna æskulýðssamtaka og styður jafnframt einstök samstarfsverkefni á sviði æskulýðsmála. Árið 2000 er fyrirhugað fjölmennt æskulýðsmót á Íslandi á vegum norrænna ungmennasamtaka sem Ungmennafélag Íslands á aðild að og er skipulagning í höndum UMFÍ. Á mótinu á að leggja áherslu á menningar- og umhverfismál. Ráðherranefnd menningarmála hefur veitt 500 þús. d.kr. framlag til undirbúnings mótsins.

Norræna safnanefndin starfar með tímabundnu umboði að því að efla samvinnu milli safna á Norðurlöndum, bæði á sviði menningarsögu og lista. Að frumkvæði nefndarinnar var sérstökum starfshópi falið að undirbúa tillögur um hvernig söfnin á Norðurlöndum gætu í tilefni árþúsundamótanna stuðlað að því að beina athygli barna og ungmenna að norrænni fortíð og framtíð. Á grundvelli tillagna starfshópsins hefur verið samþykkt að styrkja sex verkefni í þessu skyni, þar á meðal nokkur með þátttöku íslenskra safna.

Árið 1998 höfðu Svíar á hendi *formennsku* í Norrænu ráðherranefndinni. Í stefnulýsingu þeirra fyrir formennskuárið var að því er menningarsviðið varðar m.a. lögð áhersla á að fylgja fram áætlunum um samstarf sem beinist að börnum og ungmennum, vinna að út-

breiðslu norrænna bókmennta, styrkja samstarfið á sviði lista og menningararfleifðar, samvinnu í sjónvarpsmálum, menningartengsl við grannsvæði Norðurlanda og aðgerðir sem fallnar væru til að hamla gegn útlendingaandúð og styrkja fjölmenningarsamfélagið. Síðastnefnda áhersluatriðinu var á árinu m.a. fylgt eftir með fjárstuðningi við ýmis verkefni á grundvelli sérstakrar framkvæmdaáætlunar.

Á fundi ráðherranefndar menningarmála í júní 1998 var samþykkt greinargerð um *stefnumið í norrænu menningarsamstarfi við árþúsundamót*. Sú stefnumörkun sem í greinargerðinni felst lýtur bæði að inntaki og starfsþáttum í norrænni menningarsamvinnu á vegum ríkisstjórnanna. Þar er því lýst, að meginmarkmið samvinnunnar sé að þróa og styrkja sameiginleg gildi norrænna þjóða og dregnir eru fram eftirfarandi áhersluþættir:

— að efla norræna samkennd meðal barna og ungmenna, jafnframt því að áhersla sé lögð á alþjóðlegan skilning,
— að efla vitund Norðurlandabúa um sameiginlega menningu,
— að stuðla að gagnkvæmum áhuga, þekkingu og virðingu milli fólks af mismunandi þjóðerni í fjölmenningarsamfélögum Norðurlanda,
— að styrkja menningarsamstarf milli ríkjanna fimm og sjálfstjórnarsvæðanna þriggja á Norðurlöndum,
— að efla þátttöku almennings í norrænu menningarsamstarfi,
— að stuðla að samvinnu við frjáls félagssamtök á menningarsviðinu og milli þeirra innbyrðis,
— að efla samstarf um þróunar- og nýbreytniverkefni milli fagmanna, stofnana, samtaka og stjórnvalda á menningarsviðinu,
— að ýta úr vör og styðja norræna samvinnu um verkefni sem eru vel grundvölluð faglega og innan einstakra landa og eiga möguleika á að þróast áfram á eigin spýtur að loknu byrjunarskeiði,
— að koma á framfæri, innan Norðurlanda og utan, árangri af norrænni starfsemi atvinnumanna á menningarsviðinu,
— að efla menningarstarfsemi sem fallin er til að vekja víðtækan áhuga um Norðurlönd á alþjóðavettvangi.

Að því er starfshætti varðar er í greinargerðinni m.a. lögð áhersla á að norræn menningarsamvinna sé skilvirk og árangursmiðuð og að skipulag hennar stuðli að því. Mikilvægt er talið að samstarfið eigi sér á hverjum tíma traustar rætur í stjórnmálalegum ákvörðunum og styðjist við framkvæmdaáætlanir sem undirbúnar séu í samráði við faglega fulltrúa menningargeirans. Lögð er áhersla á sveigjanleika í ráðstöfun fjármuna til að stuðla að þessum markmiðum.

Greinargerðin var lögð fyrir Norðurlandaráð í formi ráðherranefndartillögu á þingi ráðsins í Ósló í nóvember 1998. Í ályktun sinni um tillöguna lagði Norðurlandaráð áherslu á að efnt yrði til samráðs milli ráðherranefndarinnar og ráðsins um nánari útfærslu þeirrar stefnu sem mörkuð er í greinargerðinni.

Við upphaf formennskuárs síns lýstu Svíar áhuga á að vettvangur norrænnar menningarsamvinnu væri notaður til upplýsingaskipta og samráðs um *málefni tengd ESB/EES* sem væru ofarlega á baugi hverju sinni. Þessu fylgdu þeir eftir af sinni hálfu með skipulegri upplýsingamiðlun. Á fundi ráðherranefndar menningarmála í júní var m.a. skipst á sjónarmiðum um þau drög sem þá lágu fyrir að rammaáætlun ESB um samstarf á sviði menningarmála.

6. Menntun og rannsóknir.

Samstarf Norðurlanda um menntamál og rannsóknir er mjög umfangsmikið svið innan ráðherranefndarinnar og tekur til samstarfs á grunn- og framhaldsskólastigi, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Hefur starfsemi þess einkum falist í starfsemi stofnana innan vébanda sviðsins sem eru alls níu talsins, föstum styrkjakerfum og tímabundnum verkefnum sem stjórnað er af föstum stjórnarnefndum en þær hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum, sem skipaðir eru tímabundið til þess að vinna að tilteknum verkefnum. Að jafnaði er lögð áhersla á samfellu í þeirri starfsemi sem fyrir er og verkefnum sem mörkuð hafa verið af fyrrverandi formennskulöndum fylgt eftir. Starfsáætlanir innan mennta- og rannsóknasviðsins taka til fimm ára í senn. Unnið er að mestu eftir starfsáætlunum fyrir árin 1997–2000.

Formennska í norrænu samstarfi árið 1998 var í höndum Svía og á sviði menntamála og rannsókna var lögð áhersla á áframhaldandi samstarf um tungumálasamvinnu, málefni barna og unglinga, kennslu í stærðfræði, náttúrufræði og tækni, upplýsingatækni á sviði menntunar og rannsókna, áætlun um norræna rannsóknastefnu og Evrópumálefni. Sérstök áhersla var lögð á gæði í skólastarfi, hlutverk menntunar á vinnumarkaði, fullorðinsfræðslu svo og endurskoðun norræna samningsins um æðri menntun.

Hefur samstarfið beinst að því að auka almennt samstarf landanna á þessum sviðum auk þess að styrkja samstarf við grannsvæði Norðurlanda og önnur Evrópuríki og unnið er að fjölmörgum verkefnum sem taka til þessara áhersluþátta á vettvangi ráðherranefndarinnar.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að gera starfsemina skilvirkari, styrkja og þróa samstarf á sviði menntamála og rannsókna og stefnt að því að jafnauðvelt verði að mynda tengsl, skiptast á hugmyndum og flytjast frá einu fræðslu- og rannsóknarumhverfi til annars á Norðurlöndum og í eigin landi.

Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega. Á árinu 1998 ákváðu ráðherrarnir að taka tiltekin þemu til umræðu á fundum sínum, sem tækju mið af þeim málefnum sem ráðherrarnir leggja áherslu á að ræða og vinna að á norrænum vettvangi á sviði mennta- og rannsóknamála. Þema fundarins í Kaupmannahöfn í desember sl. var mat og gæði á öllum skólastigum að háskólastigi meðtöldu. Þá var ákveðið að þema fundarins í mars 1999 yrði staða norrænna málsamfélaga í ljósi hraðfara þróunar upplýsingatækni.

Norrænar stofnanir.

Á vettvangi ráðherranefndar menntamála og rannsókna eru starfandi níu norrænar stofnanir en þar á meðal er Norræna Eldfjallastöðin (NORDVULK). Dr. Guðmundur Sigvaldason lét af störfum við Eldfjallastöðina eftir um það bil aldarfjórðungsstarf sem forstöðumaður. Dr. Karl Grönvold stýrir stofnuninni þar til gengið verður frá ráðningu nýs forstöðumanns (sjá nánar um Norrænu eldfjallastöðina, kafla 25.2.). Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir var ráðin framkvæmdastjóri við NORDINFO vorið 1998 og sama vor var íslenskur lektor, Ragnhildur Vigfúsdóttir, í fyrsta sinn ráðinn við Norræna lýðháskólann (Nordens folkliga akademi), sem er ein af stofnunum innan vébanda ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir. Um tímabundna ráðningu er að ræða. Fyrir tilstilli lektorsins voru haldnar tvær námstefnur hér á landi á árinu.

Fastar nefndir.

Á vegum ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir starfa auk embættismannanefndar, sem m.a. undirbýr ráðherrafundi, þrjár stjórnarnefndir, NSS, HÖGUT og FOVU, sem í eiga sæti einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Verksvið nefndanna spannar grunnskóla og

framhaldsskóla auk skóla á háskólastigi og fullorðinsfræðslu. Gerðar eru áætlanir um samstarf á vegum stjórnarnefndanna til þriggja ára. Auk stjórnarnefndanna starfa ýmsir vinnuhópar að tilteknum verkefnum. Sérstök áhersla er lögð á að styrkja tengslin milli hinna vestlægu Norðurlanda og annarra ríkja Norðurlanda.

Á vegum stjórnarnefndanna hafa verið haldnar fjölmargar ráðstefnur á árinu um þau málefni sem undir þær heyra auk þess sem þær hafa staðið fyrir ýmsum útgáfum. Þá hafa FOVU- og NSS-stjórnarnefndirnar sameiginlega staðið fyrir fimm námstefnum um fjölmenningarlega kennslu og aðferðir til að sporna við kynþáttamisrétti. Í byrjun desember var haldinn fundur hér á landi með kennurum af öllum skólastigum, námsráðgjöfum, fulltrúum frá félagsmálayfirvöldum, lögreglu o.fl. þar sem einn af norrænu verkefnisstjórunum greindi frá norræna verkefninu og fjallaði um ýmsa þætti þessara mála.

Samstarf á á sviði grunn- og framhaldsskóla.

NSS-stjórnarnefndin fjallar um samstarf Norðurlanda á sviði skólamála en það samstarf hefur verið allumfangsmikið á undanförnum árum. Áætlun NSS-stjórnarnefndarinnar spannar árin 1997–2000. Við val á samstarfsverkefnum er tekið mið af því sem ofarlega er á baugi í löndunum öllum og felst samstarfið í því að leita sameiginlegra lausna og draga lærdóm af því sem vel er gert í einstökum löndum. Samstarfið einkennist af þremur meginþáttum. Í fyrsta lagi er um að ræða samstarf milli Norðurlandanna, í öðru lagi samstarf við nágrannasvæði svo sem Eystrasaltslöndin og í þriðja lagi er lögð áhersla á tengsl við verkefni á sviði skólamála sem unnið er að á vettvangi Evrópusambandsins. Norrænt samstarf á þessu sviði hefur verið mjög gagnlegt fyrir Ísland en það hefur opnað mögleika á að fylgjast náið með því sem er að gerast annars staðar á Norðurlöndum og hafa fjölmargir kennarar og aðrir skólamenn tekið þátt í verkefnum sem unnið hefur verið að.

Unnið er að miklum fjölda verkefna á þessu sviði. Meðal verkefna sem unnið er að nú má nefna:

— *samninga innan grunn- og framhaldsskóla á Norðurlöndum,*
— *hlutverk kennarans með hliðsjón af breyttum námskrám og breyttum kröfum til skóla,*
— *frumkvöðlafræðslu,*
— *nám og kennslu í náttúrufræðigreinum og stærðfræði,*
— *fámennar iðngreinar og*
— *mat á skólastarfi.*

Síðastnefndu verkefni var nýlega hleypt af stokkunum. Var það tekið upp að frumkvæði Íslands á formennskuári þess 1994. Á formennskuári Íslands 1999 verður því fylgt eftir með aukinni áherslu á mat og gæði í skólastarfi í samræmi við þemaumræðu ráðherra á fundi þeirra í desember 1998.

Málasamstarf Norðurlandanna hefur skipað veigamikinn sess á undanförnum árum og hefur NSS-stjórnarnefndin umsjón með NORDMÅL-áætluninni sem tekur til tungumálasamstarfs Norðurlandaþjóðanna. NORDMÅL-áætlunin sem nú er unnið eftir var staðfest af Norrænu ráðherranefndinni í mars árið 1995. Á árinu 1998 samþykkti ráðherranefndin sérstakar áherslur í norrænni málstefnu í samræmi við tillögur málstefnunefndar á vegum nefndarinnar. NORDMÅL-áætluninni er ætlað að styrkja norrænt tungumálasamfélag og tekur til námskeiðahalds, gerðar kennsluefnis, orðabókargerðar, rannsókna, upplýsingastarfsemi og fleiri verkefna. Margar stofnanir koma að NORDMÅL-áætluninni, m.a. norrænar málastofnanir. Á vegum NORDMÅL hafa verið haldin fjölmörg námskeið fyrir kennara og túlka, gefnar út námsbækur sem þýddar hafa verið á finnsku, færeysku og íslensku og unnið er að orðabókarsmíði.

Áætlun á vettvangi NSS um *hreyfanleika og tengsl* snýr sérstaklega að ungu fólki. Þar er um að ræða styrkveitingar á vegum NORDPLUS-junior sem er áætlun fyrir nemendur og kennara í framhaldsskólum, nemendaskipti með sérstöku tilliti til samskipta milli Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga og annarra Norðurlandaþjóða.

Norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu.

FOVU-stjórnarnefndin hefur umsjón með norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu. Nefndin starfar í samræmi við verkefnaáætlun fyrir árin 1997–2000. Lögð hefur verið áhersla á að efla þátttöku félaga, samtaka og stofnana á vettvangi fullorðinsfræðslu í vinnuhópum og í ráðstefnum á vegum nefndarinnar til að skapa betri tengsl. Ýmsir samstarfsstyrkir gegna líka mikilvægu hlutverki í þessu skyni. Af ýmsum verkefnum á vegum FOVU má nefna að á árinu hófst nýtt verkefni um þátt lýðfræðslunnar í þróun og eflingu lýðræðis á Norðurlöndum. Þá hefur verið fjallað um notkun upplýsingatækni í fræðslu fullorðinna og hefur sérstaklega verið lögð áhersla á að styrkja þátt almenningsbókasafna í að opna almenningi aðgang að netheimum. Einnig hefur verið unnið að því að styrkja þróun lýðfræðslu á grannsvæðum Norðurlanda. Mikilvægur liður í þessu starfi eru einnig námskeið og námsstefnur á vegum *Norræna lýðháskólans* (NFA) fyrir þátttakendur frá þessum svæðum sem haldnar voru á árinu.

Norrænt nám í kennslufræði fullorðinna hófst öðru sinni á árinu 1998. Einn háskóli í hverju norrænu landi stendur fyrir viku námskeiði, en þátttakendur koma frá öllum löndunum. Af hálfu Íslands tekur Kennaraháskóli Íslands þátt í þessu verkefni.

FOVU-stjórnarnefndin hefur um nokkurn tíma gert tilraun með að veita sérstaka ferðastyrki til þeirra sem starfa á sviði fullorðinsfræðslu á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum til að gera þeim betur kleift að fara í námsheimsóknir til annarra norrænna landa.

Samstarf um æðri menntun.

HÖGUT-stjórnarnefndin hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á norrænum vettvangi. Haustið 1996 var gert mat á starfsemi HÖGUT að hennar frumkvæði. Að fengnu því mati voru gerðar nýjar samþykktir vegna starfsemi hennar sem staðfestar voru af ráðherranefndinni árið 1997. Á árinu 1998 var samþykkt áætlun HÖGUT sem spannar árin 1999–2000. Helsta hlutverk HÖGUT er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, sérstökum verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Á verksviði nefndarinnar eru meðal annars verkefni á sviði grunnmenntunar og rannsókna og auk þess hefur HÖGUT umsjón með Nordplus-áætluninni sem felst í stúdenta- og kennaraskiptum. Styrkveitingum á vegum NORDPLUS-áætlunarinnar hefur verið haldið áfram. Á hverju ári taka alls um 5000 nemendur og kennarar á Norðurlöndum þátt í áætluninni. Í NORDPLUS gefst námsmönnum tækifæri til að stunda hluta af námi sínu, allt að eitt ár, við háskóla annars staðar á Norðurlöndum og fá námið metið að fullu til eininga í heimalandi sínu. Þá er gefinn kostur á kennaraskiptum og fleiru er lýtur að kennslustörfum.

Á árinu 1998 hefur verið unnið að endurskoðun á Norðurlandasamningi um aðgang að æðri menntun sem undirritaður var árið 1996 og rennur út við árslok 1999. Meginatriði samningsins er að allir norrænir stúdentar hafa jafnan aðgang að öllum háskólum á Norðurlöndum. Í samningnum eru ákvæði um greiðslukerfi sem Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa tekið upp sín á milli. Samkvæmt þessu kerfi skulu þau ríki sem senda frá sér fleiri stúdenta en þau taka á móti greiða ákveðið gjald fyrir mismuninn. Ísland hefur verið undanþegið frá þessum ákvæðum.

Norrænt rannsóknarsamstarf.

Á rannsóknasviði ráðherranefndarinnar starfar ráðgefandi norrænt vísindastefnuráð, Nordisk Forskningspolitisk Råd (FPR), sem heyrir undir ráðherranefnd um mennta- og rannsóknarmál en er jafnframt ráðgefandi um stefnumörkun í vísinda- og tæknirannsóknum á öðrum sviðum ráðherranefndarinnar eftir því sem við á. Á undanförnum misserum hefur verið unnið að endurskipulagningu á hlutverki og starfsemi ráðsins en helsta hlutverk þess er að leggja tillögur fyrir ráðherranefndina þar sem tekið er mið af eftirfarandi þáttum: mótun norrænnar rannsóknarstefnu til að stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna, stefnumörkun með þverfaglegt samstarf í huga, tillögur um forgangsröðun í rannsóknum á vettvangi ráðherranefndarinnar einkum með tilliti til forgangsröðunar í hinum einstöku löndum og þróun gæðastjórnaraðferða í norrænu rannsóknasamstarfi. Á árinu 1998 var samþykkt áætlun um rannsóknir á Norðurslóðum og verkefnisstjórn skipuð af því tilefni. Þá samþykkti ráðherranefndin tillögur FPR um að hefja tímabundið norrænt rannsóknasamstarf árið 2000 á þremur áherslusviðum sem eru *kynbundið ofbeldi, tungutækni og faraldsfræði.*

Frá því árið 1996 hefur verið starfandi sérstök ráðgjafarnefnd um stefnumótun í upplýsingatækni fyrir ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir. Á árinu 1998 samþykkti ráðherranefndin í samræmi við tillögu nefndarinnar þriggja ára rannsóknar- og þróunaráætlun sem nefnist NORDUnet2. Markmið áætlunarinnar er að viðhalda og efla samkeppnishæfni norrænu þjóðanna á sviði menntunar og rannsókna með því að þróa ný samvinnu- og samskiptaform byggð á aðferðum upplýsingatækninnar. Með því er stefnt að því að Norðurlönd nái aftur þeirri forustu í notkun háþróaðra tölvuneta (með Internettækni) sem þau höfðu í upphafi þessa áratugar þegar norræna samnetið, NORDUnet, var stofnað. Tekið hefur verið mið af áþekkum þróunaráætlunum í Bandaríkjunum.

Ávinningur af þátttöku í NORDUnet2 fyrir Íslendinga ef vel tekst til felst m.a. í beinni þátttöku iðnaðarins, netþjónustufyrirtækja, rannsóknabókasafna, skóla, opinberra fjölmiðla o.fl. í verkefnum sem styrkt verða undir hatti áætlunarinnar. Íslensk fyrirtæki, sem framarlega standa, t.d. í margmiðlun, fá því tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri á álitlegu markaðssvæði og geta sótt um styrki til þess. Íslenskir notendur Internetsins fá aðgang að nýjum nýtingarmöguleikum jafnskjótt og aðrir Norðurlandabúar.

7. Umhverfismál.

Samstarf umhverfisráðherra Norðurlanda (MR-Miljø) byggist á Norrænu umhverfisáætluninni 1996–2000 (Den Nordiske Miljøstrategi 1996–2000). Í áætluninni koma fram þau markmið sem sett eru í samstarfinu bæði innan Norðurlanda og á alþjóðavettvangi. Framkvæmd umhverfisáætlunarinnar er í höndum fastra vinnuhópa og annarra nefnda sem falin eru sérstök verkefni. Á árinu var ákveðið að framlengja áætlunina út árið 2000. Embættismannanefndin fylgist með vinnu nefndanna fyrir hönd ráðherranna og upplýsir þá um gang mála. Því eru einstök verkefni almennt ekki á dagskrá ráðherrafunda. Í lok ársins sendu umhverfisráðherrar Norðurlanda sameiginlegt bréf til breska umhverfisráðherrans þar sem þeir lýstu yfir áhyggjum sínum vegna losunar geislavirks úrgangs í hafið frá endurvinnsluverinu í Sellafield.

Umhverfisráðherrafundir eru að jafnaði þrisvar á ári. Það sem hæst bar á þeim vettvangi á árinu voru alþjóðleg málefni, svo sem fundur um loftslagsbreytingar í Buenos Aires og samstarfið á Norðurslóðum en fyrsti formlegi fundur Norðurskautsráðsins var haldinn á árinu. Umhverfisráðherrar Norðurlanda lögðu þar fram sameiginlegt bréf til að undirstrika enn frekar mikilvægi umhverfissamstarfs á Norðurslóðum. Evrópumál eru fastur liður á dagskrá

umhverfisráðherra. Þar eru rædd almenn málefni, sem og dagskrá komandi funda í ráðherraráði Evrópusambandsins (ESB).

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) heyrir undir samstarfið um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 26.5.).

Störf vinnunefnda:

Samstarfsnefnd um umhverfis- og orkumál.

Þessi nefnd er vettvangur fyrir samráð umhverfis- og orkuráðuneyta. Megináhersla hefur verið lögð á málefni sem tengjast loftslagssamningnum og bókuninni við hann sem kennd er við Kyoto.

Á árinu 1998 kom út skýrsla á vegum nefndarinnar um: „Omsettelige utslippskvoter i Norden" sem fjallar um viðskipti með losunarkvóta og tekur dæmi af öðrum kvótakerfum m.a. viðskiptum með fiskveiðikvóta hér á landi. Á lokastigi eru m.a. skýrslur um hagtölur sem tengjast losun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum, aðferðir til að vega saman gróðurhúsaáhrif mismunandi lofttegunda og tengsl kvótaviðskipta og rafmagnsviðskipta milli Norðurlandanna.

Í undirbúningi eru skýrslur um: bindingu kolefnis með ræktun, viðskipti með losunarkvóta, leiðir til að draga úr losun flúorkolefna og hvernig taka má tillit til sérstöðu þjóða í loftslagssamningnum.

Nefndin stóð fyrir tveimur ráðstefnum á árinu.

Samstarfsnefnd um Norræna umhverfis- og sjávarútvegsáætlun.

Nefndin starfar á grundvelli Norrænu umhverfis- og sjávarútvegsáætlunarinnar sem samþykkt var af umhverfis- og sjávarútvegsráðherrum Norðurlandanna í Reykjavík í febrúar 1995. Hlutverk nefndarinnar er að vinna að framgangi þeirra stefnumála sem sett eru fram í áætluninni og fylgjast með framkvæmd þeirra í umboði embættismannanefnda umhverfis- og sjávarútvegsmála.

Samstarfsnefndin er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju Norðurlandanna, einum frá umhverfisyfirvöldum og einum frá sjávarútvegsyfirvöldum.

Samstarfsáætlunin tekur til hafsins, auðlinda þess og strandsvæða og tekur m.a. mið af Norrænu umhverfisáætluninni og Norrænu sjávarútvegsáætluninni. Tilgangur þessa samstarfs er að stuðla að því að aukið tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða í sjávarútvegi og að finna leiðir til þess að bæta umgengni og stuðla að sjálfbærri þróun í nýtingu sjávarauðlinda.

Á þessu ári hefur megin verkefni nefndarinnar verið að endurskoða áætlunina og gera tillögur til embættismannanefndanna um nýja Norræna áætlun í umhverfis- og sjávarútvegsmálum fyrir tímabilið 1999–2002.

MKB ad-hoc hópurinn 1998.

Á fundi hópsins í janúar var m.a. rætt um hvernig staðið skyldi að norrænu samstarfi um mat á umhverfisáhrifum eftir áramótin 1998/1999 en þá verður MKB ad-hoc hópurinn lagður niður í núverandi mynd. Einkum var rætt um að koma á laggirnar norrænu internetsambandi (MKB netkerfi). Bent var á nauðsyn þess að halda áfram samstarfi á stjórnvaldsstigi um internetsamband (MKB netkerfi) í formi námskeiða og námsstefna og með útgáfu fréttabréfs.

Á fundi hópsins í ágúst var einkum rædd tillaga Nordregios og MKB ad-hoc hópsins til EK-M (embættismannanefnd um umhverfismál) um skipulag og fjármögnun áframhaldandi samvinnu um norrænt MKB netkerfi. Embættismannanefndin hefur samþykkt tillöguna og EK-M, NERP og Nordregio munu styrkja verkefnið með 900.000 d.kr. á ári.

Efnavörunefndin.

Vinnunefndin um efnavörur (NKG) er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Hún vinnur að öflun og úrvinnslu gagna sem lagðar eru til grundvallar fyrir ákvarðanir og aðgerðir heima fyrir, í Evrópusamstarfi og á alþjóðavettvangi. Hún stuðlar að samvinnu stjórnvalda og að samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best. Nefndin hefur í vaxandi mæli beint starfi sínu að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegri samvinnu. Á síðustu árum hafa verkefni, er nýtast norrænu löndunum vegna aðildar þeirra að samningnum um EES og ESB, fengið aukið vægi. Vaxandi áhugi er nú á Norðurlöndum á samstarfi á þessu sviði. Ísland hefur tekið þátt í starfi efnavörunefndarinnar frá því árið 1989 og fór með formennsku í nefndinni á árinu.

Verkefni sem unnið hefur verið að á árinu eiga sér stoð í norrænu umhverfisverndaráætluninni fyrir árin 1996–2000. Í grófum dráttum skiptast verkefni vinnunefndarinnar í fjóra flokka, þ.e. flokkun hættulegra efna, skilgreiningu á áhættu vegna efnanotkunar, áhættumat og takmörkun áhættu.

Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í átta þeirra.

Meðal verkefna sem unnið hefur verið að í verkefnahópum á árinu 1998 má nefna eftirfarandi: þróun aðferða til að meta áhættu af efnanotkun, söfnun upplýsinga og skipulögð samvinna rannsóknastofnana á Norðurlöndum. Aflað hefur verið upplýsinga og unnar úttektir varðandi eiturefna- og umhverfiseiturefnafræðilega eiginleika varnarefna og einnig endurskoðaðar úttektir sem gerðar eru á vegum ESB. Unnið var að samræmingu áætlana og aðgerða til að draga úr notkun ósoneyðandi efna og unnið að verkefnum sem lagðar eru til grundvallar fyrir ákvarðanir á því sviði. Unnið hefur verið að flokkun hættulegra efna hvað varðar áhrif á umhverfi og/eða heilsu manna.

Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Hlutverk nefndarinnar er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og móta tillögur að aðgerðum á alþjóðavettvangi. Því er lögð áhersla á verkefni sem styrkja vísindalegan bakgrunn tillagna og mat á þeim aðgerðum sem fram hafa farið.

Verkefnasviðin 1998 skiptust í fjóra eftirfarandi aðalþætti: súrt regn og oxunarefni, þungmálma, lífræn eitruð efni þ.m.t. þrávirk lífræn efni og ofauðgun næringarefna í hafinu.

Af einstökum verkefnum má nefna verkefni um útreikninga á „critical load" fyrir kvikasilfur og námsstefnu um mat á uppsprettum, á flæði með andrúmslofti og hringrás þrávirkra efna í umhverfinu svo og á áhrifum TBT og botnmálninga sem innihalda kopar á lirfustig þorsks.

Auk þess er á fjárlögum nefndarinnar hálf staða ritara fyrir Kaupmannahafnarsamkomulagið (samvinna gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna).

Hópur um hreinni tækni.

Verkefni hópsins er að vinna að samræmingu og skilgreina sameiginleg verkefni á sviði hreinni framleiðslutækni og sorphirðu. Hópurinn tekur fyrst og fremst mið af hlutverki stjórnvalda á framangreindu sviði m.t.t. þess að hlutverk þeirra er að setja ramma til að innleiða hreinni tækni og bæta sorphirðu. Í störfum sínum tekur hópurinn mið af norrænu umhverfisstefnunni.

Á árinu hefur áhersla verið lögð á framleiðsluvöruháða umhverfisstefnu (POMS). Í janúar var haldin þverfagleg ráðstefna um þessi mál í Svíþjóð í samvinnu umhverfis-, neytenda- og atvinnumálasviða. Þá hefur hópurinn fjallað nokkuð um verkefnið Faktor 4/10. Í kjölfarið hefur hópurinn breytt áherslum sínum og fjallar nú meira um vörur og vöruþróun m.t.t. áhrifa

á umhverfið. Þetta er unnið bæði innan hópsins og í þverfaglegu samstarfi við önnur samstarfssvið. Nafni hópsins var breytt í lok ársins og er nú „hópur um vörur og úrgang".

Í mars var haldin námsstefna um sorpbrennslu. Hópur um sorpbrennslu hefur verið að störfum allt árið og m.a. fjallað um væntanlega tilskipun um brennslu úrgangs.

Vinna hópsins um hreinni tækni fer að stærstum hluta þannig fram að settar eru á laggirnar verkefna- og tengiliðahópar, sem annars vegar hafa það hlutverk að stýra tilteknum verkefnum og hins vegar að styrkja norræna samvinnu og auka upplýsingastreymi milli aðila sem vinna innan málaflokksins. Vinna í hópnum um hreinni tækni og undirhópum hans tekur mið af samningnum um EES og fjalla tengiliðahópar um nýjar gerðir sem koma inn í samninginn og framkvæmd samningsins.

Vinnunefnd um náttúruvernd og útivistarmál.

Náttúruverndar- og útivistarnefndin hefur það hlutverk að skilgreina samnorræn markmið og leiðir í náttúruvernd, útivist og verndun menningarlandslags. Nefndin starfar í umboði Norrænu ráðherranefndarinnar í samræmi við norræna stefnu í umhverfismálum (Den Nordiske Miljøstrategi 1996–2000).

Á árinu var lögð áhersla á verkefni sem einkum snerta verndun líffræðilegrar fjölbreytni, þar á meðal verndun búsvæða og tegunda, útivistarmál og verndun menningarlandslags.

Finnland tók við formennsku í nefndinni í upphafi árs og mun leiða hana í tvö ár. Á árinu var lokið við sex verkefni og skýrslum skilað þar að lútandi. Gefinn var út bæklingur sem sýndi dæmi um náttúruvernd á vegum sveitarfélaga og skýrsla um ráðstefnu sem haldinn var í tengslum við verkefnið um menningar- og náttúruarfleið heimsins. Á árinu var einnig haldin ráðstefna um erfðabreyttar lífverur og námskeið um ofbeit og jarðvegsrof.

Á árinu 1997 var stofnaður nýr hópur um verndun heimskautasvæða. Hópnum er ætlað það hlutverk að leggja árið 1999 fram áætlun um verkefni sem stuðla að náttúruvernd og sjálfbærri nýtingu á þeim sviðum náttúruverndar og útivistar sem aðrar alþjóðlegar stofnanir eða samtök taka ekki til. Framkvæmdaáætlunin verður gefin út á sumri komandi.

Vinnunefndin um náttúru- og útivist fjallaði einnig um hvernig mætti auka áherslur og samstarf við grannsvæðin um náttúruvernd og hvaða verkefni væru brýnust á því sviði. Á vegum hópsins starfar einnig verkefnahópur sem vinnur að verndun menningarminja.

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna (NMD).

Starfsemi vinnunefndarinnar (NMD) tók þeim breytingum á síðasta ári að formennskan fluttist frá Íslandi til Noregs en Ísland hafði haft formennsku í nefndinni í þrjú ár. Samhliða var dregið nokkuð úr þátttöku Íslands í fundum vinnunefndarinnar á árinu. Að öðru leyti eru störf nefndarinnar í föstum skorðum og flest stærstu verkefnin eru verkefni til nokkurra ára. Það verkefni sem hæst ber er vinna við skýrslu um fjölbreytni náttúrunnar (biodiversity) en skýrslan á að koma út á árinu 2000. Á árinu var lokið vöktunarverkefni á strandsvæðum, samstarfsverkefni milli Íslands, Færeyja og Noregs en Breiðafjörður er vöktunarstaður Íslands. Verkefninu var lokið með ráðstefnu hér á landi. Einnig er verkefni í gangi varðandi líffræðilega vöktun í fersku vatni en það tengist væntanlegri rammatilskipun ESB á sviði vatnsmála.

8. Byggðamál.

Embættismannanefndin um byggðamál.

Samstarf Norðurlandanna í byggðamálum byggist aðallega á þremur þáttum. Mestum fjármunum er varið til samstarfshéraðanna, síðan er samstarf um menntun og rannsóknir á sviði

byggðaþróunar og skipulagsmála. Þriðji þáttur samstarfsins eru samskipti embættismanna um byggðastefnu og mótun hennar. Fulltrúar Norðurlandanna í embættismannanefndinni koma frá ráðuneytum sem bera stjórnsýslulega ábyrgð á byggðamálum en einnig frá þeim sem hafa umsjón með byggðaáætlunum. Þeim málum er komið fyrir á ólíkan hátt í löndunum. Vegna aukins mikilvægis skipulagsmála í samstarfi á þessu sviði hefur nú verið ákveðið að fulltrúi umhverfisráðuneytisins taki þátt í störfum fullskipaðrar embættismannanefndar í byggðamálum.

Aðlögun hinna norrænu samstarfshéraða að auknum fjárveitingum frá ESB er nú að ganga yfir en NORA, Norræna Atlantssamstarfið sem Ísland tekur þátt í, er hið eina sem er algerlega utan ESB og ekki að neinu leyti hluti INTERREG-áætlunar sambandsins. Samstarf Norðurlandanna og Skotlands í byggðamálum hefur nú einnig fengið fjárveitingar frá Byggðasjóði Evrópusambandsins en Norðmenn greiða sinn hluta af því verkefni sem gengur undir nafninu Northern Periphery. Eins og áður hefur komið fram hafa Íslendingar tekið þátt í sumum verkefnum þessa samstarfs og hafa áhuga á að halda því áfram. Þar er samstarf háskóla í dreifbýli sérstaklega áhugavert.

Eins og áður hefur verið getið hafa embættismannanefndirnar í byggðamálum og landbúnaðarmálum haft með sér samstarf um nokkurra ára skeið. Hefur það að mörgu leyti gefist vel. Meðal þeirra verkefna sem unnið hefur verið að er efling matvælavinnslu í smáum stíl og verkefni í ferðamálum í dreifbýli hafa verið studd. Þá hefur verið gerð rannsókn á málefnum þjónustu í fámennum sveitarfélögum í þeim tilgangi að miðla góðum lausnum á milli sveitarfélaga sem við slíkar aðstæður búa.

Upplýsingamiðlun milli embættismanna í byggðamálum er í nokkuð föstum skorðum. Reglulegt upplýsingaflæði er um málefni ESB og EES. Embættismannanefndin hefur einnig tekið upp ýmis mál sem áhugi er á samstarfi um. Meðal þess sem unnið hefur verið að á undanförnum misserum er undirbúningur að samstarfi sem tæki á möguleikum upplýsingatækninnar til að bæta lífskjör í dreifbýli. Þá hefur verið unnið að athugunum á helstu hindrunum í vegi fyrir flæði fólks yfir landamæri innan Norðurlandanna með áherslu á norrænu samstarfshéruðin. Þetta verk hefur verið unnið í samvinnu við Norrænu samstarfsnefndina.

Enda þótt stuðningi ríkisvaldsins við fyrirtæki séu settar nokkuð ákveðnar skorður með þeim reglum um byggðastyrki sem gilda innan EES er byggðastefna Norðurlandanna í stöðugri endurskoðun í ljósi nýrra aðstæðna og vanda. Í Svíþjóð og Noregi stendur nú yfir veigamikil endurskoðun á aðferðum í þessum efnum. Upplýsingamiðlun og skoðanaskipti milli embættismanna eru reglubundinn hluti af hinu norræna samstarfi á þessum vettvangi en pólitísk skoðanaskipti hafa einnig átt sér stað á ráðherrafundum.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda (sjá nánar kafla 26.6.) heyrir undir samstarfið í byggðamálum.

Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde — NORA).

Á árinu 1996 breyttist samstarf hinna vestlægu Norðurlanda í byggðamálum, Noregur bættist við og tók Norræna Atlantsnefndin, NORA, til starfa í byrjun árs 1996, þannig að nefndin hefur starfað í tvö ár.

NORA er samstarfsvettvangur Íslendinga, Grænlendinga, Færeyinga og Norðmanna og heyrir nefndin undir Norrænu embættismannanefndina í byggðamálum (NERP).

Skrifstofa nefndarinnar hefur þessi ár verið staðsett í Þórshöfn í Færeyjum. Starfandi eru einnig fulltrúar/skrifstofur NORA í hverju aðildarlandi. Hér á landi hefur Byggðastofnun haft umsjón með starfi NORA. Framkvæmdaráð, þar sem sæti á einn fulltrúi frá hverju aðild-

arlandi, sér um að undirbúa ákvarðanir í samstarfi við starfsmenn í hverju landi, leggja fram tillögur og veita framkvæmdastjóra leiðsögn í einstökum málum.

Meginmarkmið með starfi nefndarinnar hefur verið;

— Að hvetja til og efla samvinnu innan svæðisins með áherslu á eftirfarandi atriði: (1) auðlindir og umhverfismál sjávar, (2) landbúnað, (3) verslun og viðskipti, (4) ferðaþjónustu og (5) samgöngur.
— Að koma á samstarfi milli nefndarinnar og annarra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins. Einkum hefur verið lögð áhersla á samvinnu við atvinnuþróunar- og rannsóknarstofnanir í löndunum fjórum.
— Að miðla reynslu og þekkingu í byggða- og atvinnumálum milli landanna.
— Að stuðla að rannsóknum og þróun á framangreindum sviðum, þar sem löndin geta notið góðs af reynslu hvers annars með því að koma á samskiptum stofnana, fyrirtækja og fólks í millum. Endurskoða á starfsemi NORA á árinu 1999 m.t.t. hvaða áherslu eigi að leggja í starfinu í framtíðinni.

Þrír fulltrúar frá hverju landi eiga sæti í nefndinni og eru fulltrúar Íslands skipaðir í nefndina af forsætisráðherra.

Á þessum tveimur árum sem nefndin hefur starfað hafa borist margar umsóknir um stuðning við verkefni frá öllum löndunum fjórum en skilyrði fyrir stuðningi er að minnst tvö aðildarlönd séu umsækjendur að hverju verkefni. NORA hefur einnig í auknum mæli beint starfi sínu að verkefnum sem nefndin sjálf hefur frumkvæði að.

Fjárveiting til nefndarinnar á árinu 1998 var um fimm millj. d.kr. og hefur henni að stærstum hluta verið ráðstafað sem stuðningi til verkefna þar sem sótt er um stuðning frá fyrirtækjum og stofnunum í að minnsta kosti tveimur löndum á svæði NORA og í minna mæli til þess að setja af stað verkefni sem tengjast áður nefndum markmiðum og NORA hefur haft frumkvæði að.

Þátttaka Íslendinga í verkefnum nefndarinnar hefur verið mikil þessi tvö ár sem nefndin hefur starfað. Þannig hafa Íslendingar verið þátttakendur ásamt a.m.k. einu öðru landi í á milli 25 til 30 verkefnum af ýmsum toga. Sjávarútvegur og verkefni tengd veiðum og vinnslu sjávarafurða hafa verið áberandi í starfi nefndarinnar enda er sjávarútvegur eitt það svið sem tengir þessi lönd saman. NORA hefur einnig haft frumkvæði að verkefnum svo sem ráðstefnu um fjarnám og fjarlækningar sem eru verkefni sem skipta miklu máli í dreifðum byggðum á norðurslóðum.

9. Efnahags- og fjármál.

Auk hefðbundinna verkefna á sviði efnahags- og fjármálaráðherra hafa á undanförnum árum bæst við sérstök verkefni, meðal annars á sviði umhverfis- og atvinnumála auk þess sem málefni Eystrasaltsríkjanna hafa hlotið mikla umfjöllun, sérstaklega í tengslum við norrænu fjárfestingaráætlunina. Á árinu 1998 hafa málefni Norræna fjárfestingarbankans verið ofarlega á baugi svo og Efnahags- og myntbandalagið (EMU) og hugsanleg áhrif þess á lönd, innan sem utan þess. Hér á eftir verður gerð grein fyrir fundum og helstu áherslum í starfi efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlandanna á árinu 1998. Auk þess verður fjallað um störf ýmissa nefnda á sviði þeirra, helstu verkefni og greinargerðir.

Ráðherrafundir.

Efnahags- og fjármálaráðherrar Norðurlandanna héldu tvo formlega fundi á árinu 1998, í júní og nóvember. Á þessum fundum var rætt um stöðu og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndunum, atvinnu- og umhverfismál, fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin og áhrif

Efnahags- og myntbandalagsins (EMU). Enn fremur samþykktu ráðherrarnir nýtt samkomulag fyrir Norræna fjárfestingarbankann sem miðar að því að styrkja stöðu hans sem alþjóðlegrar fjármálastofnunar og ákváðu jafnframt hækkun á hlutafé og útlánarömmum. Þá var ákveðið að láta kanna möguleika á auknu samstarfi norrænna kauphalla og verðbréfaþinga sem hugsanlega næði einnig til Eystrasaltsríkjanna þriggja.

Auk þessara formlegu funda héldu ráðherrarnir óformlegan fund í París í tengslum við ráðherrafund OECD-ríkjanna í apríl. Jafnframt var haldinn sameiginlegur fundur forsætis- og fjármálaráðherra um Efnahags- og myntbandalagið, í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Ósló, og var ákveðið að ráðherrarnir hittust reglulega til að ræða þessi mál.

Í nóvember kom út árleg skýrsla ráðherranna um stöðu og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndum, Økonomiske udsigter i Norden (sjá umfjöllun um starf efnahagsnefndar fjármálaráðherra).

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

a. *Embættismannanefndin (EK-Finans).* Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni nefndarinnar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig haft yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Á árinu 1998 voru málefni Norræna fjárfestingarbankans mikið til umfjöllunar, bæði hjá embættismannanefndinni og ráðherrunum, eins og áður er getið. Á árinu 1998 hefur enn fremur verið unnið að sérstakri athugun á áhrifum hagsveiflunnar á stöðu ríkisfjármála og er gert ráð fyrir að henni verði lokið á næsta ári.

b. *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum. Hlutverk þessarar nefndar er að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni. Nefndina skipa að mestu sömu fulltrúar og sitja í embættismannanefndinni. Starf nefndarinnar hefur að mestu falist í að greiða fyrir og leitast við að tryggja framgang fjárfestingaráætlunarinnar. Í þessu skyni hefur nefndin haft náin samskipti við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Nefndin hefur sent árlegar skýrslur til Norðurlandaráðs um stöðu og framkvæmd fjárfestingaráætlunarinnar. Þessari áætlun lýkur formlega árið 2000.

c. *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu (Økonomiske udsigter i Norden) til fjármálaráðherranna sem síðan er lögð fram á þingi Norðurlandaráðs.

d. *Ráðgjafanefnd í gjaldeyris- og peningamálum (Nordiskt finansielt udvalg).* Eins og nafnið ber með sér er nefndin ráðgefandi aðili fyrir fjármálaráðherrana í gjaldeyris- og peningamálum. Enn fremur annast nefndin undirbúning og samræmingu norrænna sjónarmiða á þessu sviði á alþjóðavettvangi, einkum fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Einnig hefur nefndinni verið falið að fylgjast náið með framvindu og undirbúningi vegna Efnahags- og myntbandalagsins og gera ráðherrunum grein fyrir stöðu mála. Nefndina skipa embættismenn frá fjármálaráðuneytum og Seðlabönkum landanna.

e. *Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Kontaktgruppe for miljø og økonomi).* Á vegum tveggja embættismannanefnda, þ.e. þeirra sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø), starfar sérstakur vinnuhópur sem einkum fjallar um hagrænar aðgerðir á sviði umhverfismála. Fjármálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið eiga sinn fulltrúann hvort í þessum hópi. Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Á vegum nefndarinnar hafa verið unnar fjölmargar skýrslur um umhverfismál, efnt til ráðstefna og samráðs við Evrópusambandið á þessu sviði. Á árinu 1998 var meðal annars haldin ráðstefna í samráði við vinnuhóp um orku- og umhverfismál. Ráðstefnan fjallaði um ákvæði Kyoto-bókunarinnar og viðskipti með losunarkvóta.

f. *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Á vegum nefndarinnar hefur meðal annars verið gerð úttekt á fyrirkomulagi samningsstjórnunar í norrænum rekstri. Einnig var gerð sérstök athugun á framsetningu norrænu fjárlaganna og gerðar tillögur um breytingar og úrbætur sem miðuðu að betri og skýrari miðlun upplýsinga. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta viðkomandi landa sitja starfsmenn frá Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar fundi nefndarinnar.

g. *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personaleutskottet).* Norræna launa- og starfsmannanefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra sem starfa við norrænar stofnanir og skrifstofur Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar ýmist frá samstarfsnefndinni, ráðherranefndinni, Norðurlandaráði eða skrifstofum þeirra, en getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndarinnar og stjórnarnefndarinnar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna um réttarstöðu norrænna stofnana frá 9. desember 1988 og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Á árinu 1998 var fram haldið heildarúttekt á launasetningu starfsmanna á skrifstofu ráðherranefndarinnar, sem og umfjöllun um ráðningarform og ráðningarmál í norrænum stofnunum. Miðar þeirri úttekt vel og telja menn sig að farið sé að sjá fyrir endann á henni. Þá voru einnig áberandi sem fyrr mál sprottin af stofnanaúttektinni. Mörg mál af ýmsum toga, einstaklingsmál/endurskoðun lífeyrissamnings o.fl., komu til umfjöllunar og túlkunar í nefndinni en verða ekki sundurgreind hér frekar.

h. *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling).* Starfsmannaskiptin voru með óbreyttu sniði á árinu 1998 frá því sem var á fyrra ári. Hlutdeild Íslendinga nam 103.500 d. kr. eða 5,72% af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar. Íslenskir styrkþegar voru fimm talsins og hlutu þeir hver um sig styrk til dvalar í allt frá einum mánuði til fjögurra mánaða, auk ferðakostnaðar. Styrkþega er getið í greinargerð fjármálaráðuneytisins til Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar um styrkveitingu hverju sinni. Að lokinni skiptidvöl, eða eigi síðar en þremur mánuðum eftir að skiptidvöl lýkur, skila styrkþegarnir skriflegri skýrslu um dvölina til fjármálaráðuneytisins og ráðuneytis eða stofnunar viðkomandi styrkþega.

Ákveðið hefur verið af hálfu hinnar norrænu starfsmannaskiptanefndar að gefa út nýjan bækling með upplýsingum um starfsmannaskiptin sem staðið hafa frá árinu 1979, en

á þeim tíma hafa næstum 2000 ríkisstarfsmenn frá öllum Norðurlöndunum fengið tækifæri til tímabundinna starfa utan síns heimalands.

i. *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.* Samstarfið hófst 1989 að frumkvæði fjármálaráðherra Norðurlanda í þeim tilgangi að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í einum árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á hinum árlegu fundum er gerð grein fyrir þeim breytingum á skattalögum, sem gerðar hafa verið í hverju landi um sig og unnið er að á hverjum tíma. Annar fastur liður er greinargerð um breytingar í skattamálum innan Evrópusambandsins, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á Norðurlöndum, og er sjónarmiðum landanna utan ESB þá komið á framfæri. Í þriðja lagi eru rædd þau skattamál sem til umfjöllunar eru á vettvangi OECD og afstaða landanna til þeirra samræmd eftir atvikum. Að lokum er á fundum þessum fjallað um einstök stærri mál á svið skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða. Fundur yfirmanna skattamála 1998 var haldinn í Reykjavík.

j. *Norræna skattrannsóknaráðið.* Ráðið var stofnað 1973 með samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Að undangengnum nokkrum samskiptum við ráðið ákvað ríkisstjórnin fyrr á þessu ári að leita eftir því að Ísland gerðist aðili að samningi þessum. Á fundi ráðsins í Helsinki í byrjun nóvember var samþykkt að mæla með aðild Íslands og er nú unnið að nauðsynlegum breytingum á samningi landanna þess vegna. Verkefni ráðsins eru að efla fræðilegar rannsóknir á skattamálum á Norðurlöndum á sviði lögfræði og hagfræði. Er verkefninu annars vegar sinnt með því að úthluta styrkjum til fræðimanna og annarra til að vinna tiltekin rannsóknarverkefni sem sótt er um styrk til og hins vegar með því að halda árlega ráðstefnu þar sem tekin eru fyrir með fræðilegum hætti skattamál sem höfða til allra landanna. Á árinu 1998 sóttu fulltrúar Íslands fund ráðsins og ráðstefnu þess sem gestir. Á ráðstefnunni var fjallað um samspil skatta og félagslegrar aðstoðar á Norðurlöndum.

k. *Samstarf fjárlagastjóra Norðurlandanna.* Fjárlagastjórar og/eða forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum Norðurlandanna sem hafa umsjón með fjárlögum hittast alla jafna tvisvar á ári. Á þessum fundum er fjallað um ýmis þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, til lengri eða skemmri tíma, sem lúta jöfnum höndum að nýjungum í fjárlagagerð og einstökum efnisþáttum þeirra.

Norræni fjárfestingarbankinn.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) var stofnaður 1975 til að styrkja norræna samvinnu og efnahag Norðurlandanna. Með aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífs á Norðurlöndunum og stuðningi eigenda hans hefur starfsemi bankans orðið alþjóðlegri. Lán og ábyrgðir eru nú ekki aðeins veittar til verkefna á Norðurlöndum heldur og utan þeirra. Þannig er hlutverk bankans nú að nýta traust lánshæfi á alþjóðamarkaði til að veita lán á almennum bankakjörum til fjárfestingarverkefna einkaaðila og opinberra aðila í þágu bæði Norðurlanda og þeirra ríkja utan Norðurlanda, sem fá lán eða ábyrgðir frá bankanum. Í ljósi aukinnar alþjóðlegrar starfsemi bankans og þeirrar auknu áhættu sem því fylgir er talið mikilvægt að treysta með formlegum hætti alþjóðlega stöðu bankans.

Sem fyrr segir hafa fjármála- og efnahagsráðherrar Norðurlanda nú samþykkt nýtt samkomulag um Norræna fjárfestingarbankann með þessi meginmarkmið að leiðarljósi og var það undirritað í Ósló 23. október 1998 af fulltrúum stjórnvalda allra Norðurlandanna með

fyrirvara um samþykkt viðkomandi þjóðþinga. Jafnframt hefur Forsætisnefnd Norðurlandaráðs fjallað um og samþykkt hið nýja samkomulag. Samkomulagið hefur verið lagt fyrir þjóðþing einstakra landa til afgreiðslu og er miðað við að það taki gildi í upphafi árs 1999. (Sjá nánar um Norræna fjárfestingarbankann, kafla 26.1.).

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samstarf og samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyris-sjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands og Eystrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári. Á fundi þessara aðila síðastliðið vor var meðal annars fjallað um stöðu undirbúnings Efnahags- og myntbandalagsins, atvinnumál og uppbyggingu og þróun velferðarkerfisins og hugsanlegar breytingar í lífeyrismálum. Loks má nefna starfsemi Evrópu-bankans í London. Norðurlöndin eiga þrjá fulltrúa í stjórn bankans sem hafa náið en óformlegt samráð þar sem leitast er við að samræma norræn sjónarmið.

10. Orkumál.

Samstarf Norðurlandanna á sviði orkumála hefur styrkst og öðlast aukið vægi á undanförnum árum. Starfið byggir einkum á yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlandanna um sjálfbæra orkuöflun á Eystrasaltssvæðinu, sem samþykkt var í Bergen árið 1997 og tillögum sem fram koma í skýrslu orkuráðherra Norðurlanda til forsætisráðherranna frá nóvember 1997. Það byggir enn fremur á skýrslu orkuráðherra til Norðurlandaráðs frá nóvember 1996. Í henni er gerð grein fyrir starfinu og áformum um eflingu þess. Haustið 1998 hefur, í tengslum við undirbúning áætlunar Íslands um starf á formennskuári, verið unnið að gerð rammaáætlunar um samstarfið og stefnt er að því að hún verði samþykkt snemma á næsta ári. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum á árinu 1998.

Norrænn raforkumarkaður.

Á þessum áratug hafa átt sér stað miklar breytingar á skipan raforkumála á Norðurlöndum. Norðmenn riðu á vaðið með breytingar og gáfu viðskipti með rafmagn frjáls og síðan hafa bæði Svíar og Finnar komið á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku. Í Danmörku er nú unnið að breytingum á löggjöf og skipulagi raforkumála, meðal annars til þess að hrinda í framkvæmd tilskipun ESB um innri markað á sviði raforku, en frestur til þess rennur út 19. febrúar 1999. Þessar breytingar hafa haft talsverð áhrif á viðskipti með raforku milli ríkjanna. Um árabil hefur verið skilvirkt samstarf og mikil viðskipti með raforku milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Samstaða er um að mikilvægt sé að tryggja að framhald verði á samstarfi ríkjanna og þróa raforkuviðskipti á milli landanna í ljósi áðurnefndra skipulagsbreytinga. Loks er lögð áhersla á samvinnu við önnur ríki við Eystrasalt. Síðla hausts var settur á fót starfshópur til að sinna þessu verkefni.

Meðal annars með tilvísun til tilmæla Norðurlandaráðs 6/1996/när voru á árinu könnuð áhrif raforkuvinnslu á Norðurlöndum á losun gróðurhúsalofttegunda og umhverfi.

Markaður fyrir jarðgas.

Gerðar hafa verið athuganir á aukningu markaðar fyrir jarðgas á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra í austri. Á árinu var settur á fót samstarfshópur um efnið. Ísland hefur ekki tilnefnt fulltrúa í hópinn. Hópurinn á að fylgjast með og vinna að verkefnum sem miða að því að byggja upp kerfi til að flytja jarðgas um Norðurlöndin og grannsvæðin í austri, m.a. til að draga úr umhverfisáhrifum orkuvinnslu og orkunotkunar. Jafnframt á hópurinn að fylgjast með vinnu á vegum Evrópusambandsins á þessu sviði en sem kunnugt var á árinu samþykkt tilskipun um innri markað á sviði jarðgass.

Orku- og umhverfismál.

Á árinu 1998 hefur starfað sameiginlegur starfshópur ráðherranefndanna um orkumál og umhverfismál. Verkefni starfshópsins hafa fyrst og fremst snúist um viðfangsefni sem tengjast rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Starfshópurinn gekkst m.a. fyrir ráðstefnu í febrúar 1998 í Gautaborg í tengslum við fund Norðurlandaráðs. Á ráðstefnunni var farið yfir niðurstöður ráðstefnu aðildarríkja samningsins í Kyoto, túlkun bókunarinnar sem þar var samþykkt og rætt um annars vegar verkáætlun vegna undirbúnings aðildarríkjaráðstefnunnar í Buenos Aires, sem haldin var í nóvember, og hins vegar verkefni til lengri tíma. Í maí var haldinn vinnufundur í Helsingfors um bindingu koltvíoxíðs. Í október var haldin ráðstefna og vinnufundir í Stokkhólmi meðal annars um bindingu koltvíoxíðs í gróðri og viðskipti með losunarheimildir. Meðal verkefna sem unnið er að á vegum hópsins eru athuganir á viðskiptum með losunarheimildir milli Norðurlanda, athugun á losun þriggja flokka gróðurhúsalofttegunda þ.e. HFC, (P)FC og SF6 og möguleikum til að nýta önnur efni í þeirra stað og loks yfirlit um og mat á sveigjanleikaákvæði í Kyotobókuninni. Ákveðið hefur verið að starfshópurinn starfi áfram a.m.k. næstu tvö árin.

Orkurannsóknir.

Norræna orkurannsóknaráætlunin hefur frá árinu 1987 verið skipulögð sem markáætlun til þriggja eða fjögurra ára í senn. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana o.fl. með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Núverandi rannsóknaáætlun lýkur á árinu 1998 og ný áætlun, sem nær til áranna 1999–2002, tók gildi frá og með áramótum 1998/99. Áætlunin tekur til sjö sviða. Kostnaður við áætlunina greiðist að mestum hluta beint af löndunum af því fjármagni sem veitt er til orkurannsókna.

Evrópusambandið, Evrópska efnahagssvæðið og alþjóðaorkumál.

Á fundum ráðherranefndarinnar, embættismannanefndarinnar og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða Evrópska efnahagssvæðið og þróun á sviði orkumála innan Evrópusambandsins. Fyrir fundi í ráðherraráði Evrópusambandsins um orkumál eru haldnir óformlegir fundir norrænu orkuráðherranna og sitja fulltrúar Íslands og Noregs þá fundi.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Í yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlanda frá 27. júní 1998 um sjálfbæra þróun á sviði orkumála umhverfis Eystrasaltið fólu þeir orkuráðherrunum að vinna að tilteknum verkefnum. Þessi verkefni lúta að möguleikum til að auka nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, notkun jarðgass í stað olíu eða kola, samvinnslu raforku og varma, orkusparnaði o.fl. Í nóvember 1998 var lögð fyrir forsætisráðherra Norðurlanda skýrsla þar sem fjallað er um fyrstu niður-

stöður þessara verkefna. Í tengslum við þetta starf hefur starfshópur sá er vinnur að málinu meðal annars sótt ríkin við Eystrasalt heim og gengist fyrir ráðstefnum um orkumál á Norðurlöndum og í ríkjunum við Eystrasaltið. Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og „Baltic Task Force" Evrópusambandsins var um mánaðarmótin nóvember/desember haldinn fundur orkuráðherra Norðurlanda og orkuráðherra landanna við Eystrasaltið. Á fundinum sem haldinn var í Stafangri var m.a. samþykkt verkáætlun fyrir næsta ár. Ákveðið var að efla samstarf landanna við Eystrasalt á þessu sviði. Sérstök áhersla er lögð á verkefni er lúta að þróun sameiginlegs raforkumarkaðar, mat á því hvaða forsendur þurfa að vera til staðar til að auka notkun jarðgass og loks könnun á leiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ákveðið var að setja á fót vinnuhópa til að sinna þessum málum á næsta ári. Einnig var ákveðið að setja á stofn vinnuhóp til að athuga leiðir til skilvirkari orkunýtingar, þar sem athygli verði m.a. beint að blandaðri framleiðslu raforku og varma. Húshitun verður könnuð, þ.m.t. breytt tækni, aðferðir við fjármögnun framkvæmda og nauðsynlegur lagarammi. Ákveðið var að fjalla um árangur þessa starfs á ráðherrafundi, sem haldinn verður í Finnlandi í október 1999.

Á vegum ráðherranefndarinnar hefur verið komið upp þjálfunaráætlun annars vegar fyrir verk- og tæknifræðinga sem starfa hjá orkufyrirtækjum og hins vegar fyrir kennara við háskóla og tækniskóla í Eystrasaltsríkjunum. Áætlunin miðar einkum að því að tengja betur hagræna þætti inn í áætlanagerð og rekstur á orkusviðinu.

Niðurlag.

Starf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála er gagnlegt fyrir Ísland, þó svo að orkulindir okkar, nýting þeirra og orkukerfi landsins sé frábrugðið því sem er annars staðar á Norðurlöndum. Mikilvægt er að fylgjast með þróun raforkumarkaðarins í löndunum og skiptast á upplýsingum um skipan þessa málaflokks meðal annars vegna þeirrar endurskoðunar á löggjöf um orkumál sem nú er unnið að. Starf ráðherranefndarinnar í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hefur stuðlað að betri og víðtækari þekkingu á því sviði og létt undirbúning Íslands vegna vinnu í tengslum við samninginn. Mikilvægt er að því starfi verði haldið áfram. Íslendingar hafa notið góðs af orkurannsóknaráætluninni og hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á að því samstarfi verði haldið áfram. Þá eru fundir á vegum ráðherranefndarinnar mikilvægir til að skiptast á skoðunum varðandi orkumál er tengjast Evrópska efnahagssvæðinu og öðru alþjóðlegu samstarfi á sviði orkumála. Í framhaldi af yfirlýsingu forsætisráðherranna í Bergen 1997 hafa verkefni ráðherranefndarinnar í auknum mæli beinst til grannsvæðanna í austri en vaxandi áhersla verður nú lögð á norðvestursvæðið.

11. Landbúnaður og skógrækt.

Norrænt samstarf á sviði landbúnaðar og skógræktar stendur á gömlum merg og hefur verið mjög virkt frá upphafi aldarinnar. Þetta samstarf skilar stöðugt hugmyndum að nýjum viðfangsefnum og áherslum inn í það starf sem unnið er á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Á liðnu ári var unnið áfram eftir þeirri starfsáætlun fyrir tímabilið 1996–2000 sem samþykkt var í Kupio í Finnlandi á 47. þingi Norðurlandaráðs. Eins og í öðrum starfsáætlunum innan hins norræna samstarfs er gengið út frá meginmarkmiðunum þremur, norrænu notagildi, tengingu við alþjóðamál einkum innan Evrópusamstarfsins og tengslum við svo nefnd grannsvæði í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi.

Megináherslur í hinni nýju samstarfsáætlun eru á verkefni sem hafa skírskotun og tengsl til eftirfarandi fjögurra sviða:
— Gæði í landbúnaðarframleiðslunni með áherslu á umhverfið.
— Varðveisla erfðafræðilegs fjölbreytileika.
— Byggðaþróun á landssvæðum sem eru sérstaklega háð landbúnaði og skógrækt.
— Sjálfbær skógrækt.

Náttúrulegar forsendur til landbúnaðar og skógræktar skera sig nokkuð úr því sem eru í flestum löndum álfunnar og öflugt norrænt samstarf á þessum sviðum er því sérlega verðmætt t.d. við sókn norrænu landanna inn í rannsóknaáætlanir Evrópubandalagsins. Af þeim ástæðum er meðal annars lögð mikil áhersla á þau beinu tengsl sem eru milli NEJS og verkefna sem lúta að rannsóknum og þróun. Landbúnaðarráðherrarnir hafa því lagst eindregið gegn þeim hugmyndum sem lúta að því að færa sem mest af samstarfinu á þessu sviði til samráðsnefndar menntamálaráðuneytanna. Landbúnaðarráðherrarnir telja að málaflokknum sé betur fyrir komið í núverandi kerfi og þjóni sem mjög gott verkfæri í þróun allrar samvinnu innan atvinnuvegarins.

Ráðherrafundirnir eru nú tveir á ári. Sumarfundurinn er umfangsmeiri og er skipt í tvær málstofur þar sem fjallað er annars vegar um landbúnað og hins vegar um skógrækt auk sameiginlegrar umræðu. Að þessu sinni var sumarfundurinn haldinn í Svíþjóð dagana 24.–25. júní. Á sameiginlega hluta fundarins var fjallað um þátt líftækninnar í nýtingu náttúruauðlindanna og þá siðfræðiumræðu sem nú á sér stað í Svíþjóð gagnvart beitingu hennar. Hnattrænar umhverfisbreytingar og þau áhrif sem breytingar sem spáð er kunna að valda á Norðurlöndunum voru einnig teknar fyrir. Að lokum var fjallað um umhverfismál í Eystrasalti í tengslum við samstarf þjóðanna sem eiga þar land að. Í landbúnaðardeild fundarins var einkum fjallað um eftirfylgni Norðurlandanna gagnvart ásetningi landanna í tengslum við World Food Summit innan landanna, í norrænu samstarfi og í alþjóðlegu samstarfi. Einnig var fjallað um margþætt hlutverk landbúnaðarins gagnvart byggðaþróun. Í skógræktardeildinni voru tekin fyrir málefni af svipuðum toga en auk þess sérstaklega fjallað um hlutverk innfluttra plantna í skógrækt, málefni sem er ofarlega á baugi hér á landi. Á ráðherrafundinum var einnig til umræðu stefnumörkun gagnvart varðveislu erfðabreytileikans sem hlýtur mikið vægi í framkvæmdaáætlun þeirri sem gildir til ársins 2000. Ljóst er að sú umræða verður fyrirferðamikil árið 1999 þegar Ísland fer með formennsku í Norðurlandaráði.

Stofnanir sem heyra undir ráðherranefnd landbúnaðar og skógræktar (MR-JS) hafa fengið háa einkunn með hliðsjón af „norrænu notagildi“ og virðist það jafnvel styrkjast vegna hlutverks þeirra í að fylgja málum eftir í alþjóðlegri umræðu svo sem gagnvart varðveislu erfðaefnis og líffræðilegum fjölbreytileika og sjálfbærri nýtingu lands í matvælaframleiðslunni. Norræni genbankinn kemur með mjög virkum hætti að þessum málaflokkum gagnvart alþjóðlegu samstarfi og er einnig mjög virkur í samstarfi við Eystrasaltsríkin og Rússland. Efling hefur einnig orðið í starfsemi Norræna genbankans fyrir húsdýr. Stofnanir og helstu langtímaverkefni á vegum NEJS er:
— Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur (NGB),
— Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH),
— Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ),
— Norræna bútækniráðið (NTS),
— Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS),
— Samstarf landbúnaðarháskólanna (NOVA),
— Norræna dýralæknasamstarfið (NKVet),
— Samstarfsnefnd um plöntusjúkdóma og samræmingu reglna um innflutning plantna.

Auk þessara viðfangsefna veitir NEJS fjármagni til ýmissa verkefna sem rekin eru á verkefnagrundvelli á grundvelli umsókna. Þar má nefna gæðastýringu í landbúnaði með sérstaka áherslu á umhverfismál, varðveislu erfðaefnis, þróun landbúnaðar og skógræktar og sjálfbæra framleiðslu skógarnytja. Embættismannanefndin hefur fjármagnað verkefni í samvinnu við embættismannanefndina um umhverfismál (EK-Miljø) og embættismannanefndina fyrir byggðaþróun (NERP). Þessum verkefnum er ekki lokið. Þá hefur embættismannanefndin lagt mikla áherslu á matvælaöryggi þar á meðal þá hættu sem stafar af lyfjaleifum í matvælum og öryggi matvæla með hliðsjón af salmonellumengun. Þessi verkefni verða áframhaldandi ofarlega á verkefnaskrá nefndarinnar. Á árinu var að mestu lokið við fjögur viðamikil rannsóknaverkefni sem styrkt voru af umhverfisáætlun Norðurlandaráðs og stýrt af NKJ og SNS. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í þremur þessara verkefna sem snúa að hringrás næringarefna í jarðvegi og áhrifum breytinga í samsetningu lofthjúpsins á vöxt plantna. Í báðum verkefnaflokkum hefur þátttaka íslenskra vísindamanna gert þeim kleift að taka þátt í umsóknum í fjórðu rammaáætlun Evrópusambandsins og einnig skapað mikilvægan þekkingargrunn vegna þátttöku í alþjóðlegri umræðu um umhverfismál svo sem hnattrænar loftslagsbreytingar. Á árinu var á vegum NKJ gerð úttekt á faglegum gæðum og ávinningi þessara verkefna og var formennska þeirrar úttektar í höndum Íslendinga. Niðurstaða þeirrar úttektar var mjög á þann veg að mæla með áframhaldandi samstarfi þjóðanna á sviði landbúnaðartengdra umhverfisverkefna.

Í lok ársins var hafinn undirbúningur að starfi næsta árs með því að Ísland kynnti formennskuáætlun á sviði landbúnaðar og skógræktar. Auk þess sem lögð er áhersla á að ljúka verkefnum sem eru í gangi, er lögð áhersla á að efla samvinnu landa í vesturhluta Norðurlanda og auka þátttöku Færeyja og Grænlands og kynna gagn og virkni norrænar samvinnu fyrir öðrum nágrannalöndum í vestri. Þá verður lögð áhersla á varðveislu og endurheimt landgæða með hliðsjón af því að landbúnaður byggir í grundvallaratriðum á hæfilegri landnýtingu og lögð áhersla á framlag landbúnaðarstofnana á Íslandi til þeirrar umræðu. Enn fremur er lagt til að kannaðir verði möguleikar á að koma á skipulögðum skiptum æskufólks úr sveit milli hinna norrænu landa.

12. Sjávarútvegsmál.

Í norræna sjávarútvegssamstarfinu setti umræða um umhverfismerkingar í víðum skilningi mestan svip á árið 1998. Sem fyrr var einnig reynt að styrkja innviði sjávarútvegsins í löndunum með stuðningi við ýmiss konar rannsóknir sem tengjast honum. Þessi áhersla er ekki ný og hefur verið sem rauður þráður í samstarfinu undanfarin ár.

Norræna samstarfið á sjávarútvegssviðinu fellur undir efnahags- og atvinnusamstarf í samræmi við breytingar sem gerðar voru á heildarskipulagi Norrænu ráðherranefndarinnar árið 1996. Unnið er eftir fjögurra ára samstarfsáætlun sjávarútvegssamstarfsins sem gildir fyrir árin 1997–2000. Sjávarútvegssamstarfið hélt sínum hlut í fjárveitingum frá fyrra ári og hafði til ráðstöfunar árið 1998 um 7 millj. d.kr. 600 þús. d.kr. voru lagðar í samstarfsverkefni sjávarútvegs- og umhverfisgeiranna. Frá því þessu þverfaglega samstarfi var komið á og fram til þessa hefur framlag sjávarútvegssamstarfsins numið 1 millj. d.kr. árlega og svo verður áfram. Undir lok ársins lauk endurskoðun á fyrirkomulagi þess samstarfs og hefur ný og breytt samstarfsáætlun verið samþykkt í báðum geirum. Skipulagi samstarfsins er nokkuð breytt, stýrihóp er falið að leita verkefna og samþykkt þeirra er ekki lengur háð samþykki embættismannanefndanna. Stýrihópurinn hefur vald til að verja þeim 2 millj. d.kr. á ári, sem í þetta samstarf fara, í samræmi við árlega framkvæmdaáætlun sem embættismannanefndirnar samþykkja.

Meðal verkefna sem styrkt voru af fé samstarfsins var ráðstefna um samspil veðurfars og göngumynsturs þorska og rannsóknir á vinnuumhverfi í fiskvinnslu, öryggismálum sjómanna og nýjum möguleikum varðandi uppsjávarfiska. Þá var árs hafsins minnst með myndarlegum hætti með gerð vefsíðu fyrir norræn ungmenni og í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Ósló var haldin sýning á sjávarútvegsverkefnum úr einum skóla í hverju norrænu landi.

Í maí kynnti danska ráðgjafarfyrirtækið Mandagmorgen skýrslu sína um þær kröfur sem gerðar verða til norræns sjávarútvegs á næstu árum. Þar komu m.a. fram ábendingar um að sjávarútvegur eigi á hættu að öðlast ímynd ofnýtingar og sóunar, þar sem afurðum sé ekki að treysta m.a. vegna vaxandi mengunar. Fram kom í úttekt á fiskveiðistjórn einstakra landa að á Íslandi væri líkast til stundaður sjálfbærasti sjávarútvegur á Norðurlöndum. Á árinu lauk fyrsta hluta upplýsingarherferðar sem efnt var til í tilefni af stóraukinni umræðu um umhverfismerkingar sjávarafurða. Umræðu um framhald hennar er ekki lokið. Leitað hefur verið til Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) um skýrslu um sjálfbærni veiða úr einstökum stofnum í Norðurhöfum. Þar verður byggt á þeirri vinnu sem hjá ICES hefur verið lögð í að skilgreina hvað felist í varúðarleiðinni svokölluðu. Fyrsta skýrslan af því tagi gæti orðið til á næsta ári. Um er að ræða nokkurs konar einkunnargjöf fyrir stjórn veiða fyrir næstliðið ár. Einnig hefur verið reynt að setja þessi mál í víðara samhengi svo sem innan FAO og WTO og var efnt til tæknifundar FAO að norrænu frumkvæði um viðmið fyrir merkingar afurða síðla árs. Búast má við að stór hluti þessa samstarfs verði áfram helgaður því að svara með ýmsum hætti kröfum um að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í sjávarútvegi og hvernig neytendur geti sannreynt það.

Í tengslum við 50. þing Norðurlandaráðs var haldinn fundur sjávarútvegsráðherra Norðurlanda og ráðherrarnir hittust einnig tvisvar í Stokkhólmi m.a. vegna kynningarinnar á skýrslu fyrirtækisins Mandagmorgen. Embættismannanefndin hittist fjórum sinnum. Svíar höfðu á hendi formennsku í starfinu á þessu ári en Íslendingar taka sem kunnugt er við formennsku um áramót.

Hafin verður á næsta ári endurskoðun samstarfsáætlunar sjávarútvegssamstarfsins en gildandi áætlun er til ársins 2000. Megin markmið hennar er að stuðla að því að efla sjávarútveg sem mikilvægan þátt þjóðlífs í löndunum. Það telst sérstaklega mikilvægt að styðja verkefni sem snerta þau lönd eða þá landshluta sem háðastir eru sjávarútvegi. Markmiðin fela í sér áherslu á verndun auðlinda sjávar og skynsamlega nýtingu þeirra. Ekki er ástæða til að ætla að þessu verði breytt en vænta má áherslubreytinga hvað varðar form samstarfsins, ekki síst í ljósi þess að það hefur undanfarin ár orðið pólitískara, í breiðum skilningi þess orðs. Mikilvægur þáttur í samstarfinu er og verður starf fiskveiðiráðgjafa Norrænu ráðherranefndarinnar sem sér um daglegan rekstur og samræmingu. Formlegt samstarf er nú á hendi embættismannanefndar sem felur annars vegar vísindanefnd að meta umsóknir og hins vegar vinnunefnd frekari umsjón starfsins.

13. Samgöngumál.

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum samstarfsráðherra fer norrænt samstarf um samgöngumál að mestu fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET), en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndunum, ásamt staðgenglum og ráðgjöfum. Nefndin hefur að jafnaði haldið tvo fundi á ári og svo var einnig á þessu ári. Samgönguráðherrar Norðurlandanna héldu fund í Ósló í nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs.

Á þessum fundum voru eftirtalin mál m.a. til umfjöllunar:

Efst á baugi í samgöngumálum Norðurlandanna.

Á fundum NET kynnir hvert land það sem efst er á baugi í samgöngumálum hvers lands.

Í ár voru samræmdar samgönguáætlanir, framkvæmdir í járnbrautarkerfinu og skipulagsbreytingar í sjó- og flugsamgöngum ofarlega á blaði í Finnlandi, endurskoðun ferjuflotans og hugmyndir um uppbyggingu flugvallarins í Færeyjum, samræmd áætlanagerð og forgangsröðun framkvæmda í samgöngum í Noregi og umhverfismál samgöngukerfisins og almenningssamgöngur í Danmörku. Jafnframt var greint frá breytingum á samgönguráðuneytunum í Svíþjóð og Danmörku.

Ísland gerði grein fyrir langtímaáætlun í vegagerð sem nær til ársins 2010, fjögurra ára áætlun í flugvallagerð og fjögurra ára áætlun í hafnagerð. Unnið er að samræmdri áætlun vegna framkvæmda við vegi, flugvelli og hafnir. Einnig var greint frá opnun Hvalfjarðarganga og þverun Gilsfjarðar.

Málefni, er varða EES/ESB og Norðurlönd, svo og annað alþjóðlegt samstarf.

Á fundum ráðherranna og NET voru kynnt og rædd þau mál sem til umræðu voru á árinu í samskiptum EES/ESB og Norðurlanda. Af einstökum málum má nefna umhverfismál samgöngugeirans og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA). Einnig var væntanleg tilskipun ESB um flugvallagjöld rædd. Hvað varðar umferðaröryggismál var skipst á skoðunum um áfengismagn í blóði ökumanna og rædd tillaga ESB um að 0,5 prómill verði lögleidd innan ESB og EES. Grænbók um hafnir og siglingar verður gefin út af ESB á næstunni og kom fram að þar væri ýmislegt sem löndin þyrftu að athuga vel.

Störf vinnuhópa á árinu 1998.

Á árinu störfuðu vinnuhópar á vegum NET að eftirtöldum verkefnum:

— Umferðaröryggismál í Eystrasaltslöndunum. Starf þetta var unnið á ábyrgð Finnlands og lauk með námstefnu í Litháen, þar sem rússnesk þýðing á umferðaröryggishandbók var kynnt.
— Samgöngur og umhverfismál. Noregur greindi frá störfum vinnuhópsins. Helstu áhersluatriði snerta umhverfisgjöld og nauðsyn þess að framfylgja ákvæðum Kyoto-samningsins.
— Upplýsingatækni í samgöngumálum. Verkefnið er unnið á ábyrgð Norðmanna. Bráðabirgðaskýrsla var lögð fram í lok ársins en endanleg skýrsla verður tilbúin fyrri hluta næsta árs.
— Norðurlönd og ESB. Finnland fór með formennsku í þessum starfshópi. Skýrsla liggur fyrir.

Samstarfið í framtíðinni.

Það er sameiginlegt álit samgönguráðherra Norðurlandanna, að áhugi sé fyrir og þörf á að viðhalda norrænu samstarfi á sviði samgöngu-og umferðarmála. Þetta samstarf getur átt sér stað annað hvort innan vébanda Norrænu ráðherranendarinnar eða milli einstakra landa.

Samgöngumál snerta alla þætti þjóðlífsins og ekki óeðlilegt að þau séu vistuð á einum stað þótt þau gangi þvert á verkefni annarra ráðuneyta. Þetta á einkum við um umhverfismál samgöngugeirans, svo og upplýsingatækni í samgöngum.

Samstarf Norðurlanda í samgöngumálum á næstu árum mun greinast í þrennt. Í fyrsta lagi samnorræn verkefni en á því sviði hefur að undanförnu verið lögð áhersla á upplýsingatækni í samgöngu- og umferðarmálum, sbr. hér að framan.

Í öðru lagi mun kastljósið beinast að Evrópumálum. Þar er fyrst að nefna TEN-verkefnið eða þann þátt þess sem nær yfir nyrstu héruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Einnig verður lögð áhersla á umhverfismál og hugað að mengun frá hinum ýmsu samgöngutækjum, aðgengi og nýtingu annarra brennsluefna en nú eru notuð og tekið upp samstarf við ríki er liggja að Norðurlöndunum um að draga úr mengun samgöngutækja. Eins og fram kemur hér að framan hefur sérstakur starfshópur unnið að greinargerð um stærð og mikilvægi samgöngugeirans á Norðurlöndunum til undirbúnings formennsku Finnlands í Evrópusambandinu á næsta ári. Haldið verður áfram umræðu um mál er snerta ESB og EES og um framkvæmd og fullgildingu tilskipana ESB á Norðurlöndunum.

Í þriðja lagi verður lögð áhersla á að ræða samgöngur við grannsvæðin, einkum við Rússland og Eystrasaltsríkin. Milli þessara ríkja og norrænu landanna, einkum Finnlands og Svíþjóðar, er vaxandi bílaumferð og er meðalaldur bifreiða í þessum löndum hár og ástand þeirra lélegt. Litið er á það sem sérstakt verkefni að vinna að bættu öryggi umferðar milli þessara landa, að draga úr mengun og að gera umferðina ábatasamari en nú er raunin.

14. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við grannsvæðin tekur til eftirfarandi starfsemi: starfsemi upplýsingaskrifstofanna, upplýsingamiðlunar og samskipta, styrkjakerfa og þróunarverkefna á ýmsum sviðum. Fjárveiting ráðherranefndarinnar til grannsvæðasamstarfsins var 52 millj. d.kr. á árinu. Þar að auki voru yfirfærðar 3 millj. d.kr. af fjárveitingum ársins 1997 til menntunar- og rannsóknaverkefna í Norðvestur-Rússlandi. Auk þessa renna u.þ.b. 33 millj. d.kr. frá öðrum samstarfssviðum til samstarfs við grannsvæðin.

Upplýsingaskrifstofur og samskipti.

Upplýsingaskrifstofurnar í Vilníus, Ríga, Tallinn og Pétursborg hafa gegnt mikilvægu hlutverki við framkvæmd styrkjakerfanna, Nordpraktik-verkefnisins svo og Östjobb-verkefnisins, sem er nýtt. Skrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum stóðu á fyrsta ársfjórðungi ársins 1998 fyrir röð námsstefna með það að markmiði að miðla reynslu norrænu ríkjanna við undirbúning aðildar að ESB. Vegna mikillar eftirspurnar hafa allar skrifstofurnar haldið námskeið í norrænum tungumálum og þær hafa einnig staðið fyrir fjölmörgum menningarviðburðum til að kynna norræna menningu og norræn gildi.

Til að koma til móts við þær óskir sem fram hafa komið á fundum samstarfsráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, hefur upplýsingamiðstöðvum og tengiliðum fjölgað. Í Eistlandi er nú upplýsingamiðstöð í Tartu og tengiliður í Narva sem liggur við rússnesku landamærin. Í Lettlandi hefur verið stofnað til samstarfs við háskólann og ýmis samtök í Daugavpils um upplýsingamiðlun.

Til að hægt sé að miðla upplýsingum um starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar, og þá sérstaklega um styrkja- og dvalarkerfin, hafa verið skipaðir tengiliðir í Archangelsk og Petrozavdsk. Ráðherranefndin aðstoðar við að færa formennskuna í svæðisráði Barentsráðsins til Múrmansk með því að kosta starfsmann sem aðstoðar við að byggja upp hina nýju skrifstofu svæðisráðsins í lénsstjórnkerfi Múrmansk. Þessi starfsmaður hóf störf í desember 1998 og gegnir hann einnig hlutverki tengiliðs ráðherranefndarinnar í Múrmansk.

Styrkjakerfi.

Styrkjakerfin voru endurskoðuð á árunum 1997–1998 með það að markmiði að tryggja norrænt notagildi þeirra. Á árinu 1998 hafa styrkir til embættismanna verið aðgreindir frá öðrum styrkjum. Upplýsingaskrifstofurnar í löndunum hafa umsjón með styrkjum til embættismanna en markmiðið er að minnka skriffinnsku og greiða fyrir samskiptum við stjórnkerfi hvers lands. Styrkjakerfið fyrir kennara, vísindamenn og nemendur hefur þróast og styrkir nú einnig tengslanet og frjáls félagasamtök. Styrkjakefi fyrir þingmenn hefur gert hópi þingmanna frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi kleift að heimsækja Norðurlönd og kynna sér þingræði og lýðræði.

Verkefnastarfsemi.

Verkefnastarfsemin skiptist í fjögur svið: lýðræði og velferð, menningarmiðlun, sjálfbær nýting auðlinda og markaðsþróun. Sem dæmi um verkefni sem stuðla eiga að þróun lýðræðis má nefna stuðning til þróunar frjálsra félagasamtaka. Innan verkefnaáætlunar ráðherranefndarinnar er lokið einu verkefni sem miðar að því að mennta leiðtoga fyrir frjáls félagasamtök utan höfuðborgarsvæðanna. Einnig er unnið að því að koma á tengslaneti milli frjálsra samtaka á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, sem með miðlun upplýsinga og reynslu mun efla samskipti og samstarf.

Á sviði velferðarmála hafa fyrirbyggjandi aðgerðir og aðgerðir sem stuðla að auknu heilbrigði haft mikið vægi. Má þar nefna baráttuna gegn smitsjúkdómum, þar sem íslensk sérþekking hefur nýst, og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn krabbameini. Einnig hefur verið unnið að því að koma á nothæfu kerfi tölfræðiupplýsinga en slíkt kerfi er grundvöllur skipulagningar og ákvarðana um aðgerðir á sviði heilbrigðismála.

Menningarmiðlun er eitt af mikilvægustu hlutverkum upplýsingaskrifstofanna. Þýðingar á norrænum bókmenntum vega þungt en ráðherranefndin hefur veitt styrki til 22 þýðinga. Upplýsingaskrifstofurnar hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna við framkvæmd Valhalla-verkefnisins, sem ætlað er að auka upplýsingastreymi og stuðla að myndun tengslaneta milli þeirra sem starfa að barna- og æskulýðsmennningu á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum.

Í því skyni að efla sjálfbæra nýtingu auðlinda hefur ráðherranefndin styrkt umhverfisbætandi aðgerðir gegnum styrktarsjóð NEFCO. Lokið hefur verið við verkefni sem hafa það að markmiði að þróa aðferðir og tækni til að fylgjast með ástandi umhverfisins á grannsvæðunum. Ráðherranefndin hefur tekið þátt í að tryggja varðveislu plöntuerfðaefnis á Vavilovstofnuninni í Pétursborg ásamt því að koma að endurnýjun stofnunarinnar, þannig að hún geti á ný orðið einn af leiðandi genbönkum veraldar.

Með því m.a. að miðla reynslu og halda uppi styrkja- og dvalarkerfi hefur Norræna ráðherranefndin aðstoðað við að móta innviðagerð til grundvallar virku markaðshagkerfi. Nordpraktik-áætlunin veitir ungum starfsmönnum fyrirtækja á grannsvæðunum möguleika á starfsþjálfun hjá norrænum fyrirtækjum. Á árinu hófst svonefnd Östjobb-áætlun sem gerði tveimur hópum norrænna ungmenna kleift að dveljast í Rússlandi og í Ríga. Einnig má nefna útflutningsþróunarverkefni í Lettlandi sem Íslendingar leiddu en u.þ.b. 50 lettnesk fyrirtæki eiga aðild að því tengslaneti sem spratt af verkefninu.

Samstarfsáætlun Norðurskautssvæðisins.

Norðurskautssamstarfið er nú hluti af grannsvæðasamstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Auk samstarfsáætlunar um málefni Norðurskautssvæðisins hefur á árinu verið unnið að undirbúingi rannsóknaáætlunar um málefni Norðurskautssvæðisins.

Innan samstarfsáætlunar Norðurskautssvæðisins hefur verið lögð mikil áhersla á málefni frumbyggja, lífskjör þeirra og afkomu. Innan ramma verkefnis um framleiðsluþróun, fullvinnslu og markaðsfærslu hefðbundinna afurða frá Norðurskautssvæðinu hefur nú verið gerð forkönnun vegna samískrar þekkingarmiðstöðvar og mun sú reynsla einnig nýtast á öðrum norðlægum svæðum. Einnig hefur verið gerð samburðarkönnun á lífskjörum Ínúíta og Sama, sem gefur tölfræðilegar upplýsingar um lífskjör þessara þjóða.

Samstarf um fjarlækningar er aðkallandi mál í Norðurskautssamstarfinu. Námsstefna með það að markmiði að stuðla að miðlun reynslu og koma á netkerfi var haldin á Íslandi á árinu.

Til að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda á Norðurskautssvæðinu hefur ráðherranefndin tekið þátt í starfi innan ramma AEPS (Arctic Environment Protection Strategy). Innan þessa samstarfs eru verkefni sem miða að varveislu jurta- og dýraríkis á Norðurskautssvæðinu svo og samstarfsáætlun um verndun svæðisins.

15. Heilbrigðis- og félagsmál.

Ráðherrafundur.

Dagana 15. og 16. júní var árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra haldinn í Sønderborg í Danmörku. Á fundinum var fjallað um ýmis helstu verkefni og vandamál í heilbrigðisþjónustu landanna. Má þar nefna samvinnu um styttingu biðlista sjúkrahúsa og aðgerðir til að bæta gæði og árangur þjónustunnar.

Á fundinum var samþykkt að talmeinafræðingar, fótaaðgerðarfræðingar og meinatæknar fengju aðild að samningum um gagnkvæma viðurkenningu á menntun heilbrigðisstétta á Norðurlöndum. Ráðherrarnir beindu þeim tilmælum til ferðaiðnaðarins að hann legði sitt að mörkum í baráttunni gegn kynferðislegri misnotkun barna. Mikil aukning berkla, kynsjúkdóma og fleiri smitsjúkdóma er gífurlegt vandamál í Eystrasaltsríkjunum og norðvesturhluta Rússlands. Norðurlönd hafa sameinast um að aðstoða þessi lönd við að fyrirbyggja og draga úr þessum sjúkdómum. Ráðherrarnir lögðu ríka áherslu á áframhaldandi fjárhagslegan og faglegan stuðning við þetta verkefni. Í lok fundarins voru kynntar aðgerðir dönsku ríkisstjórnarinnar sem miða að því að fyrirtæki og stofnanir taki aukna félagslega ábyrgð í samskiptum við starfsmenn sína.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (ÄK-S) hélt þrjá fundi á árinu. Óhefðbundin læknisfræði var þema fundar í mars og kom fram tillaga af hálfu Dana um að koma á fót norrænni þvervísindalegri miðstöð á því sviði. Hin löndin töldu það hins vegar ekki tímabært þar sem í a.m.k. tveimur af löndunum væri í gangi víðtæk úttekt á þessum málum. Kynnt var skýrsla um norrænu velferðarsamfélögin í framhaldi af ráðstefnu ráðherranefndarinnar um „Velferðarsamfélag morgundagsins", sem haldin var í Reykjavík árið 1996. Fjallað var um úttektina „Norðurlönd sem sameiginlegur heilsumarkaður", þar sem athugaðir voru möguleikar á samvinnu landanna við að stytta biðlista og kaupa þjónustu hvert af öðru. Gerð var grein fyrir lokaskýrslu norræna átaksverkefnisins gegn krabbameini. Enn fremur var hefðbundin umfjöllun um fjárlagatillögur, þjónustusamninga og erindi frá Norðurlandaráði.

Á fundi í júní var, auk undirbúnings fundar ráðherranna, rædd úttekt á starfsemi NOPUS og hvernig unnt væri að fylgja eftir verkefninu um velferðarsamfélögin á Norðurlöndum.

Á dagskrá haustfundar voru fjárveitingar til rannsóknar- og samvinnuverkefna, þjónustusamningar við norrænar stofnanir og nefndir og væntanleg endurskoðun á norræna samningnum um félagslega þjónustu. Rætt var um málefni Eystrasaltslanda, samvinnu Norðurlanda

og Japans í öldrunarmálum og helstu mál á dagskrá Evrópusambandsins. Af Íslands hálfu var gerð grein fyrir formennskuáætluninni árið 1999 á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Kynnt var starfsemi Norræna heilsufræðaskólans í Gautaborg og framtíðaráform. Á síðari degi haustfundarins var haldinn samráðsfundur með fulltrúum Eystrasaltslandanna um málefni er snerta samskipti þeirra og Norðurlanda á sviði heilbrigðis- og félagsmála.

1. Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV).

Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn í Gautaborg, Svíþjóð, er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir innan heilbrigðisfræðinnar.

Árangur ársins 1998 var í samræmi við sett markmið. Þannig hafa aldrei fleiri lokið meistaragráðu frá skólanum eða 18 og eru það tvöfalt fleiri en að meðaltali síðastliðin fimm ár.

Á árinu var hafist handa við framtíðarstefnumótun fyrir skólann. Var m.a. hafin greining á því hvernig skólinn gæti helst nýst heilbrigðisþjónustunni í nánustu framtíð.

Gerður var samstarfssamningur milli skólans og Alþjóðaheilbrigðis-málastofnunarinnar varðandi réttindi sjúklinga. Var skólinn þannig gerður að svokölluðu WHO Collaborating Centre á því sviði.

Á annan tug Íslendinga stunduðu nám við skólann á árinu auk þeirra sem sóttu þar ráðstefnur og þeirra sem fengu stuðning og leiðsögn við rannsóknarverkefni. Ísland tekur sem áður beinan þátt í nokkrum norrænum rannsóknum sem stýrt er frá skólanum. Má þar m.a. nefna rannsókn á heilsufari barna.

2. Norræn stofnun til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).

Fyrir íslenska tannlækna eru tengslin við NIOM hagkvæm vegna upplýsinga um gæði og aukaverkanir efna til tannlækninga. Ekki síst til þess að koma í veg fyrir að verið sé að nota efni áður en þau eru fullreynd.

Verkefnum NIOM er skipt í fjóra meginþætti:

— stöðlun („standariseringu"),
— prófun efna,
— rannsóknir og
— fræðslu.

Á alþjóðlegum vettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale).

NIOM starfar nú ekki aðeins á norrænum vettvangi heldur hefur stofnunin fengið heimild til starfsemi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Í ljósi þess er í auknum mæli reynt að fjármagna rekstur stofnunarinnar með því að selja þjónustu hennar á þeim markaði.

3. Norræna lyfjanefndin (NLN).

Norræna lyfjanefndin er samstarfsvettvangur Norðurlanda í lyfjamálum. Kostnaður við störf nefndarinnar er um 3 miljónir s.kr. og greiðist að mestu af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar. Verkefni nefndarinnar eru m.a.:

— að stuðla að samræmingu laga, reglugerða og framkvæmd lyfjamála á Norðurlöndum,
— að stuðla að norrænni samvinnu um samstarf Evrópu um lyfjamál, innan Evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar, EFTA, ESB og Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA),
— að stuðla að norrænum rannsóknum og samvinnu um lyfjamál og vera ráðgefandi fyrir ríkisstjórnir Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndina,

— að gera reglulega samanburð á lyfjanotkun og -kostnaði milli Norðurlanda (þar með talið ATC, DDD og ATCvet).

Stjórn nefndarinnar undirritaði nýlega samstarfssamning við Norrænu ráðherranefndina sem nær til næstu þriggja ára. Samkvæmt samningnum mun nefndin á næstu þremur árum leggja megináherslu á „rétta lyfjanotkun" en það hefur í för með sér að nefndin mun með ýmsum ráðum og nýjum hugmyndum vinna að bættri lyfjanotkun og bættri læknismeðferð fyrir sjúklinga og þjóðfélög Norðurlanda.

NLN tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og hefur fengið áheyrnarfulltrúa í ýmsa mikilvæga vinnuhópa um lyfjamál innan ESB. Nýjar tilskipanir ESB um lyfjamál eru sendar NLN til umsagnar. NLN hefur með styrk frá ráðherranefndinni tekið að sér aðstoð við Eystrasaltslöndin, Eistland, Lettland og Litháen við að skipuleggja lyfjamál í löndunum.

Norræna lyfjanefndin hefur ótvírætt mikla þýðingu fyrir Íslendinga. Við skipulag lyfjamála á Íslandi hefur einkum verið tekið mið af skipulagi þessara mála á hinum Norðurlöndunum en það hefur einmitt verið talið vera til fyrirmyndar fyrir önnur lönd.

4. Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).

Aðalverkefni NAD (Nordiska nämnden för alkohol och drogforskning) er að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og fíkniefnarannsókna. Rannsóknir þessar hafa yfirleitt verið samfélagslegar innan félagsvísinda og félagsgeðlækninga.

NAD leitast við að þróa og dýpka þekkingu á notkun áfengis og annarra fíkniefna; forvörnum, stefnu stjórnvalda í þessum efnum; skaðsemi efnanna og meðferð neytenda. Markmið NAD er að stuðla að öflugum norrænum rannsóknum á áfengis- og lyfjaneyslu og áhrifum hennar á samfélagið í heild sinni. NAD er samstarfsvettvangur fyrir Norðurlandabúa sem áhuga hafa á áfengis- og fíkniefnavandanum. NAD liðsinnir ekki einungis vísindamönnum heldur auk þess félagsráðgjöfum, sálfræðingum, sagnfræðingum og öðrum sem áhuga hafa á þessu starfi.

NAD gefur út eigin rit (ritröð NAD) og vinnur með „Nordisk Alkohol og Narkotika tidskrift" (NAT) ásamt ensku útgáfunni „Nordic studies on Alcohol and Drugs".

Á árinu var margvíslegum verkefnum veittur styrkur; svo sem SNAPS-verkefninu svo og nokkrum einstökum vísindamönnum til rannsókna á áfengis- og fíkniefnavandanum á Norðurlöndum.

5. Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).

Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Af öðrum verkefnum má nefna að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að samræmingu upplýsinga sem frá þátttökulöndunum koma.

Allar Norðurlandaþjóðirnar fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, ýmist vegna aðildar sinnar að Evrópusambandinu eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Á aðalfundi nefndarinnar var, auk fastra dagskrárliða, sérstaklega fjallað um brottfall fólks af vinnumarkaði. Þar kom fram að allt bendi til þess að Íslendingar starfi að meðaltali 5–10 árum lengur á vinnumarkaðinum en aðrir Norðurlandabúar. Meðalaldur þeirra sem fara á eftirlaun á hinum Norðurlöndunum er um og innan við 60 ár en á Íslandi er þessi aldur talinn vera nærri 70 árum í flestum starfsstéttum.

Í september stóð NOSOSKO fyrir ráðstefnu um tölfræði- og hagskýrsluleg málefni í Tallinn í Eistlandi fyrir embættismenn og sérfræðinga í Eystrasaltslöndunum þremur.

6. Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO).

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (Nordisk Medicinalstatistisk Komité, NOMESKO) hefur það að markmiði að auðvelda samanburð á heilbrigðistölfræði á Norðurlöndum og að taka frumkvæðið að þróunarverkefnum á því sviði. Að auki hefur nefndin staðið að samvinnu við Eystrasaltsríkin og við Barenthafsríkin. Þá fylgist nefndin með þróuninni í heilbrigðistölfræði á alþjóðavettvangi. Nefndin gefur út ritið Health Statistics in the Nordic Countries, sem er allviðamikið árlegt rit með tölfræðilegum upplýsingum og upplýsingum í texta um heilbrigðistölfræði allra Norðurlanda.

Helstu verkefni NOMESKO 1998 hafa verið eftirfarandi: (1) Samræming á skráningu á sjúkrahúsum; (2) Samræming upplýsinga sem mögulegt er að fá frá heilsugæslu og sjálfstætt starfandi sérfræðingum á Norðurlöndum; (3) Samræming dánarvottorða; nýlega voru á Íslandi samþykkt ný lög um dánarvottorð o.fl.

Flokkunarmiðstöð sjúkdóma og heilbrigðisvandamála í Uppsölum. NOMESKO hefur náið samstarf við hina norrænu miðstöð Alþjóðaheilbrigðis-málastofnunarinnar um sjúkdómaflokka og skylda starfsemi. Miðstöðin er staðsett í Uppsölum í Svíþjóð.

7. Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).

Aðalverkefni NUD (Nordisk Uddannelsescenter for Døvblindepersonale) er að mennta starfsfólk sem vinnur með daufblindum, að þjóna sem þekkingarmiðstöð, vinna að söfnun og þróun þekkingar og sinna alþjóðlegu samstarfi á sviði daufblindu.

Fjárveiting Norrænu ráðherranefndarinnar til NUD er eftir rammasamningi til þriggja ára í senn. Árið 1998 var sérstakt þar sem því var bætt við samninginn sem gilti frá 1995–1997. Undirritaður hefur verið nýr þriggja ára samningur fyrir árin 1999–2001.

Haldin voru fjögur þemanámskeið, þrjú grunnnámskeið, tvær ráðstefnur og ein námsvika. Umsækjendur í allt voru 201 en þátttakendur 168 og 22 í námsviku. Þátttakendur voru 15 frá Íslandi á námskeiðum á árinu; þar af var enginn daufblindur þátttakandi en íslenskir umsækjendur voru samtals 21.

8. Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú í heild til 22 faghópa en Ísland er þó einungis aðili varðandi 19 hópa.

Þrátt fyrir samning frá 2. maí 1992 um EES er áfram talin þörf á norrænum reglum um viðurkenningu starfsgreina. Í fyrsta lagi að því er varðar sérgreinar sem EES-reglur ná ekki til. Í öðru lagi því er varðar einstaklinga sem hlotið hafa menntun sína í þriðja landi og í þriðja lagi vegna norrænna ríkisborgara sem ella hefðu lakari möguleika á að stunda starfsemi sína í öðru norrænu landi.

Eftirlitsnefndin vann að því á árinu að endurskoða samninginn með tilliti til þess að fjölga þeim heilbrigðisstéttum sem undir samninginn heyrðu. Þeirri vinnu lauk með því að þrjár nýjar stéttir bættust við hann, þ.e. meinatæknar, fótaaðgerðafræðingar og talmeinafræðingar.

16. Matvæli.

Á árinu 1998 hefur Norræna embættismannanefndin um matvælamál (EK-Livs) og fastanefndir á hennar vegum, sem eru nefndir um fæðueiturefnafræði, örverufræði, eftirlit, löggjöf og manneldi, lagt áherslu á áhættugreiningu vegna eiturefna í matvælum og vegna matarsjúkdóma í þeim tilgangi að tryggja öryggi matvæla. Jafnframt hafa önnur mál á sviði neytendaverndar og neytendafræðslu verið ofarlega á baugi og hefur samstarf við aðrar embættismannanefndir verið eflt vegna þessa. Má hér sérstaklega nefna málefni sem tengjast umbúðamerkingu matvæla. Fé til verkefna á ofangreindum sviðum var aukið á árinu 1998 og á þingi Norðurlandaráðs í nóvember 1998 var rætt um öryggi matvæla og fræðslu og upplýsingar til neytenda um framleiðslu og samsetningu matvæla. Ákveðið var að auka enn frekar það fé sem veitt er til samstarfs Norðurlandanna á þessum vettvangi á árinu 1999.

Áhættugreining skiptist í þrjá megin þætti, þ.e. áhættumat, áhættustjórnun og áhættukynningu. Að mestu er fjallað um þessi mál í fastanefndunum um fæðueiturefnafræði, matvælaörverufræði og matvælaeftirlit svo og vinnuhópum á þeirra vegum en einnig er samvinna við aðrar fastanefndir, m.a. nefndina sem fjallar um manneldismál. Áhættumat byggir á skoðun eiturefnafræðilegra og faraldsfræðilegra þátta sem tengjast efnum eða örverum í matvælum og matarsjúkdómum sem upp hafa komið, nánar tiltekið hvaða áhrif þessir þættir geta haft á öryggi matvæla. Áhættustjórnun er leið löggjafans og matvælastofnana til að stjórna áhættuþáttum, m.a. með því að setja reglur um matvæli, sinna eftirliti og gefa ráðleggingar. Markmið áhættukynningar er síðan að koma boðskap til neytenda þannig að þeir séu upplýstir, öðlist þekkingu og geti notað hana við fæðuval. Til að fjalla um þessi mál hafa verið haldnir fundir og ráðstefnur á árinu 1998 og er frekara starf ráðgert á komandi árum.

Umfjöllun um umbúðamerkingar matvæla byggir nú á samstarfi embættismannanefnda um matvæli, neytendamál, umhverfismál, sjávarútveg og landbúnað. Markmiðið er að fá fram óskir þessara nefnda um þær upplýsingar sem þeir vilja koma á framfæri við neytendur með umbúðamerkingum eða á annan hátt. Þar er m.a. rætt um umhverfismerkingar sjávarafurða. Jafnframt er unnið að könnun á umbúðamerkingum matvæla og hvernig neytendur nýta þær upplýsingar sem þar koma fram. Þá er stefnt að því að samstarf Norðurlanda um umbúðamerkingar og neytendafræðslu geti leitt til niðurstaðna sem nota má í tengslum við áherslur í löggjöf og öðrum störfum Evrópusambandsins og alþjóðlegu samstarfi á vegum Alþjóðlega staðlaskrárráðsins fyrir matvæli (Codex Alimentarius, FAO/WHO).

Neytendamál hafa nú mikið vægi í starfi Evrópusambandsins (ESB) á matvælasviði og hefur skipulag mála verið endurskoðað með hliðsjón af því. Evrópumál eru fastur liður í starfsemi embættismannanefndarinnar um matvæli og þau mál hafa forgang í ákvörðunartöku um verkefni á vegum nefndarinnar. Þá var tekin ákvörðun um að koma á föstu samstarfi embættismannanefnda um matvæli og um neytendamál með sérstöku tilliti til öryggis matvæla og neytendafræðslu. Samstarf við embættismannanefndina um landbúnaðarmál hefur einnig verið til skoðunar en þar liggur ákvörðun ekki fyrir. Áherslur sem rætt hefur verið um í slíku samstarfi eru að samræma eftirlit með frumframleiðslu og síðan vinnslu og frekari dreifingu matvæla. Einnig að tryggja að eftirlit sé haft á öllum stigum matvælaframleiðslu frá „hafi og haga til maga“.

Miklar kvaðir eru nú lagðar á stjórnvöld í hverju ríki við að framfylgja löggjöf ESB um matvæli. Embættismannanefndin um matvæli hefur sérstaka fastanefnd um matvælalöggjöf sem sem tekur fyrir álitamál um túlkun löggjafar. Einnig hafa verið fundir og ráðstefnur þar sem farið er yfir skyldur stjórnvalda um að hafa yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd matvælaeftirlits á hverjum stað. Þessar áherslur hafa m.a. komið fram vegna umfangsmikils yfir-

eftirlits af hálfu ESB og eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Frekari verkefni á þessu sviði eru fyrirliggjandi á komandi ári.

17. Neytendamál.

1. Norræn samvinna.

Norrænn ráðherrafundur um neytendamál.

Hinn árlegi fundur ráðherra sem fara með málefni neytenda var haldinn í Stokkhólmi 3. febrúar 1998. Fundinn sóttu m.a. Nigel Griffith, ráðherra frá Bretlandi og Horst Reichenbach, ráðuneytisstjóri í framkvæmdastjórn ESB, sem sérstaklega var boðið til fundarins. Af þeirra hálfu kom fram að innan ESB-ríkja sé gjarnan litið til þess hversu framarlega norræn ríki standa á sviði neytendaverndar. Ríkur vilji er fyrir hendi hjá framkvæmdastjórn ESB að leita í smiðju hinna norrænu þjóða við framtíðaruppbyggingu neytendastarfs á grundvelli Amsterdam-samningsins.

Ný samstarfsáætlun um neytendamál.

Í samræmi við ákvörðun ráðherra sem fara með málefni neytenda hefur norræna embættismannanefndin undirbúið nýja samstarfsáætlun sem spannar fimm ára tímabil, þ.e. frá árinu 1999 til ársins 2004. Við undirbúning áætlunarinnar hefur sérstaklega verið leitast við að tryggja ríka samstöðu um hana, jafnt þeirra sem starfa á vegum stjórnvalda sem og frjálsra neytendasamtaka á Norðurlöndum. Það hefur verið gert með því að leita eftir skriflegum umsögnum og í lok umsagnarferilsins var haldið málþing í Stokkhólmi þar sem dregnar voru saman helstu niðurstöður. Á fundi embættismannanefndarinnar í nóvember 1998 var samþykkt að leggja drög að nýrri samstarfsáætlun fyrir ráðherrana til samþykktar.

Stefnuáætlun Íslands á formennskuári 1999.

Á árinu hefur verið unnið að stefnuáætlun Íslands á formennskuári 1999 og var hún kynnt á fundi norrænu embættismannanefndarinnar í nóvember 1998. Viðskipti með tölvutækni eru ört vaxandi m.a. vegna samfelldrar þróunar til að greiða fyrir viðskiptum með notkun tölvutækninnar. Nauðsynlegt er að samstaða náist á Norðurlöndum um þær lágmarkskröfur sem gera þarf á þessu sviði svo að samnorrænum markmiðum um ríka vernd neytenda verði ekki raskað. Ísland hefur því óskað eftir því að til umfjöllunar á norrænum vettvangi verði tekin atriði sem varða tölvutækni og neytendavernd, svo sem undirritun í tölvum, tölvutækni og markaðsfærsla einkum m.t.t. barna og unglinga, fjarsala o.fl. Af Íslands hálfu verður einnig lögð áhersla á virkara samstarf við vestnorrænu grannríkin á formennskuárinu 1999, þ.e. Grænland og Færeyjar.

Samstarfið innan stýrihópa.

Til aðstoðar norrænu embættismannanefndinni starfa þrír stýrihópar að framgangi þeirra mála er skipta neytendur máli en þeir eru lögfræðilegi stýrihópurinn, stýrihópur um vörur og vöruöryggi og stýrihópur um efnahags- og upplýsingamál fyrir neytendur. Að venju hefur verið unnið að ýmsum verkefnum og haldin hafa verið málþing í því skyni að styrkja áhrif neytenda á ýmsum sviðum. Fjallað hefur verið um grænbækur og stefnuáætlanir framkvæmdastjórnar ESB á sviði fjármálaþjónustu, norrænar reglur um markaðsfærslu á veraldarvefnum einkum að því er varðar börn og unglinga, samanburðarauglýsingar og tilskipun ESB um það efni, öryggi leikfanga og annarra vörutegunda fyrir börn. Auk samstarfsins í stýrihópum fer fram mikilvægt samráð og samstarf innan NKU sem er samstarfsvettvangur norrænna neytendasamtaka.

Neytendarannsóknir.

Norrænir ráðherrar hafa lagt áherslu á að auka rannsóknir þar sem málefni neytenda eru í brennidepli. Ráðherrar hafa samþykkt reglur um styrkveitingar til þess að efla grunnrannsóknir á þessu sviði og ráðgjafi starfar að samræmingu þessara mála. Haldið var norrænt rannsóknaþing í Lillehammer í nóvember 1998 þar sem kynntar voru helstu rannsóknir sem fram fara á þessu sviði á Norðurlöndum um þessar mundir (alls um 50 verkefni, samtals að verðmæti u.þ.b. 40 millj. d.kr.). Lýst var yfir vonbrigðum með að engin þátttaka var af hálfu íslenskra rannsóknastofnana þrátt fyrir að af hálfu íslenskra stjórnvalda hafi verið reynt að hvetja til aukinnar þátttöku á þessu sviði rannsókna. Á norrænum vettvangi verður áfram unnið að frekari framgangi norrænna neytendarannsókna svo og samþættingu þeirra við annað rannsóknastarf t.a.m. innan fimmtu rammaáætlunar Evrópusambandsins.

2. Norðurlönd og ESB/EES.

Samráð hefur verið haft um nýja löggjöf á vettvangi Evrópusambandsins sem varðar neytendur, t.a.m. drög að tilskipun um fjarsölu á sviði fjármálaþjónustu, drög að tilskipun um ábyrgð á seldum hlut og ábyrgðaryfirlýsingar. Auk þess hefur lögleiðing ýmissa tilskipana verið rædd á vettvangi neytendasamstarfsins og unnið að samræmingu og norrænu samráði eftir því sem þurfa þykir, t.d. varðandi tilskipun um fjarsölusamninga, verðmerkingar o.fl.

3. Norðurlönd og grannsvæðin.

Í samræmi við stefnumótun Norðurlanda um aðstoð við grannsvæðin hefur grannsvæðanefndin á sviði neytendamála stuðlað að auknu samstarfi og aðstoð við grannsvæðin. Áhersla hefur verið lögð á aðstoð við uppbyggingu frjálsra neytendasamtaka og hvernig haga megi skipulagningu neytendastarfs. Reynsla Norðurlandanna er mikilvæg fyrir grannsvæðin þegar markaðsbúskapur er að ryðja sér þar til rúms. Þess er vænst að í framtíðinni megi auka þátttöku stýrihópanna í þessu samstarfi.

18. Vímuefnamál.

Árið 1998 starfaði norræna embættismannanefndin á sviði fíkniefna (EK-Narkotika) undir formennsku Svía, sem hvöttu áfram til góðs samstarfs í þessum málum við Eystrasaltsríkin. Fyrri stóri fundur nefndarinnar var haldinn í Stokkhólmi í tengslum við fund norrænna ráðherra um vímuefnamál í maí sl. þar sem félagsmálaráðherra Svíþjóðar sýndi hvað mestan áhuga á hinu norræna starfi í fikniefnamálum ásamt ráðherrum Eystrasaltsríkjanna, sem voru gestir á fundinum. Stefna Íslands í fíknefnamálum ásamt verkefninu Vímaefnalaust Ísland árið 2002, sem er verkefni á landsvísu á Íslandi, vöktu verulega athygli fundarmanna.

Lagt var til að Norðurlöndin treystu böndin við Eystrasaltsríkin og ættu samleið um gagnkvæm verkefni. Þá voru fundarmenn sammála um, að innan ramma verkefnis í umsjá NAD (Nordisk alkohol og drogforskning), PT-hópsins (lögregla og tollur) sem og Pompideu-hópsins yrði haldið áfram að mæla og rannsaka vímuefnaneyslu og útbreiðsluaðferðir þeirra, sem selja slík efni.

Seinni stóri fundur embættismannanefndarinnar var haldinn á Grænlandi í október þar sem fulltrúar Grænlands og Íslands hvöttu til eflingar samstarfs um vímuefnamál á Vestur-Norðurlöndum og þá sérstaklega með formennskuár Íslands í huga árið 1999. Voru flestir jákvæðir varðandi þær hugmyndir.

Í lok fundarins á Grænlandi var gefin út fréttatilkynning, þar sem lögð var áhersla á samstarf allra landanna um að styrkja forvarnir og upptöku efna. Þar var sagt frá verkefnum, sem

nefndin legði til að væru styrkt, svo sem vinnu- og upplýsingafundir, rannsókn á miðlægum upplýsingum varðandi verkefni landanna og hverju þau skila.

Ákveðið var að styrkja Pallas-Athena-göngu unglinga á fund jafnaldra þeirra um alla Evrópu. Ákveðið var að fylgjast sérstaklega með hugsanlegum tengslum innflytjenda og flóttafólks við fíkniefni, bæði hvað snertir neyslu og innflutning.

Fulltrúar Íslands lögðu til umræðuefni með lögreglu og tollvörðum á fundi á Íslandi á næsta ári. Var bent á að Ísland tekur ekki þátt í Pompideu-hópstarfinu. Vegna þessa fór lyfjafræðingur frá heilbrigðisráðuneytinu á fund hjá þessum hópi nýlega og er stuttrar skýrslu að vænta frá honum bráðlega.

19. Málefni dómsmálaráðuneytis.

Norrænt samstarf um löggjafarmál miðar að því að koma á, eftir því sem unnt er, samræmdri löggjöf innan Norðurlandanna. Stöðugt er unnið að aðlögun eða endurskoðun og skipst er á upplýsingum um verkefni sem fyrirhuguð eru. Samstarfið miðar einnig að því að finna norræna lausn sem leggja megi til grundvallar við undirbúning nýrra reglna innan ESB/EES.

Samstarf á þessu sviði tengist fyrst og fremst samstarfsáætlun sem dómsmálaráðherrar Norðurlanda gengu frá sumarið 1996 og framkvæmdaáætlun sem samstarfsáætluninni fylgir og endurskoðuð er árlega, síðast á fundi dómsmálaráðherra í júní. Sem sérstök viðfangsefni á árunum 1998/1999 eru tilgreind viðfangsefni er varða baráttu gegn brotastarfsemi sem fram fer yfir landamæri innan Norðurlandanna og nærliggjandi svæða, samstarf yfirvalda sem vinna að afbrotavörnum, barátta gegn útlendingahatri og kynþáttamisrétti, viðbrögð gegn kynferðislegri misnotkun barna, upplýsingatækni og löggjöf, samstarf um einkamálaréttarfar og á sviði sifjaréttar. Þar eru og tilgreind viðvarandi viðfangsefni, svo sem á sviði refsiréttar og refsiréttarfars, þar á meðal varðandi brotastarfsemi bifhjólagengja og efnahagsbrot, einkamálaréttarfar, þar á meðal endurskoðun Brussel og Lúganó samninganna um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum, stjórnarfarsréttur og upplýsingaskylda, hlutafélög, Schengen, sjóréttur, höfundaréttur, vörumerkjaréttur, fjármunaréttur almennt, þar á meðal neytendakaup, og sifjaréttur, þar á meðal alþjóðlegur sifjaréttur. Samstarfsáætlunin inniheldur fyrst og fremst leiðbeiningar um vinnuferli og tilhögun samstarfs, m.a. við undirbúning gerða innan ESB og við upptöku ESB tilskipana í landsrétt.

Samstarf um löggjafarmál fer einkum fram með fundum dómsmálaráðherra Norðurlanda og embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-LOV) þar sem unnið er að samræmingu á samstarfinu og sameiginleg hagsmunamál rædd.

Á sumarfundi dómsmálaráðherranna var auk endurnýjunar á framkvæmdaáætlunni fjallað sérstaklega um tvo meginþætti, annars vegar brotastarfsemi yfir landamæri, þar á meðal peningaþvætti, samstarf um réttaraðstoð án landamæra og rannsóknaraðferðir, og hins vegar um rafræn viðskipti. Ákveðið var að auka samstarf varðandi brotastarfsemi yfir landamæri, m.a. til að afnema hindranir sem eru á samstarfi dómstóla og ákæruvalds yfir landamæri. Einnig var rætt um möguleika á samstarfi við Eystrasaltslöndin um þróun réttarvörslukerfisins og baráttu gegn brotastarfsemi við Eystrasalt og hugsanlega með dómsmálaráðherrum Eystrasaltslandanna á árinu 1999.

Embættismannanefndin hittist reglulega, að jafnaði þrisvar eða fjórum sinnum á ári, en auk þess hittast fulltrúar dómsmálaráðuneytanna eða annarra fagráðuneyta á viðkomandi sviði, þar sem það á við, formlega eða óformlega, og er þar skipst á upplýsingum og einstök löggjafarviðfangsefni rædd. Þetta samstarf fer og fram í tengslum við alþjóðlega fundi, svo

sem á vettvangi ESB/EES eða Evrópuráðsins, þar sem norrænir fulltrúar hafa náið samstarf og samræma sjónarmið sín eftir því sem unnt er.

Meðal viðfangsefna sem rædd hafa verið á fundum embættismannanefndarinnar eða einstakra samráðshópa má nefna brotastarfsemi yfir landamæri, útlendingahatur og kynþáttamisrétti, kynferðisleg misnotkun barna og alþjóðleg einkaréttarmálefni á sviði sifjaréttar, auk þess sem rædd eru þau viðfangsefni önnur sem framkvæmdaáætlunin felur í sér.

Embættismannanefndin hefur stuðlað að nokkrum málþingum. Í desember 1997 var haldið málþing um hlutafélög (félagarétt) og í janúar 1998 var haldið málþing um sifjarétt. Í framhaldi þess var ákveðið að taka saman yfirlit þar sem fram komi í hverju mismunur á sifjalöggjöf landanna liggur helst, m.a. til að draga fram hvar um er að ræða sérlegt óhagræði vegna mismunar. Þá var í maí 1998 haldið málþing í Stokkhólmi um „Free movement for companies". Samþykkt hafa verið fjárframlög til nokkurra viðfangsefna á árinu 1999. Þá er unnið að endurskoðun starfsreglna fyrir tengiliði um rannsóknir á Evrópurétti með það fyrir augum að veita því umboð og ábyrgð til að skipuleggja málþing og rannsóknarverkefni á þessu sviði.

Málefni flóttamanna.

Samráðsnefnd æðri embættismanna um málefni flóttamanna fjallar um stefnumótun í málefnum er varða flóttamenn. Þar fara og fram víðtæk upplýsingaskipti milli stjórnvalda um þróun löggjafar um málefni útlendinga almennt, um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum o.fl. Viðfangsefni nefndarinnar hafa eins og undanfarin ár að verulegu leyti snúist um málefni fyrrum Júgóslavíu og aðstoð við heimflutning flóttamanna þaðan. Víðtækt samstarf er og um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa til þessara landa gera. Haft er samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen samstarfinu. Þróun mála eftir gildistöku Dublin samnings Evrópusambandsríkjanna um hæli hefur verið rædd og staða Íslands og Noregs í því sambandi. Samstarf á þessu sviði nær og til þeirra ráðherra sem fara með málefni er varða flóttamenn og innflytjendur.

Björgunarsamstarf.

Á árinu 1989 hófu Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð formlegt samstarf um björgunarþjónustu (NORDRED) og var þá gerður samningur milli landanna þar að lútandi. Samningurinn er rammasamningur um samstarf yfir landamæri og er þannig viðbót við aðra samninga milli landanna.

Samvinnan tekur til þess að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að auðvelda gagnkvæma aðstoð vegna óhappa skipa á friðartímum og að hraða því að koma hjálparliði og búnaði á vettvang.

Íslandi hefur staðið til boða að gerast aðili að samningnum samkvæmt beinu ákvæði í 8. gr. hans. Á árinu 1997 var haldinn fundur í samstarfshópnum í Reykjavík þar sem samstarfið var kynnt og norrænum fulltrúum kynnt aðstaða hér. Ísland hefur síðan tekið þátt í samstarfinu með áheyrnaraðild og tóku íslenskir fulltrúar m.a. þátt í ráðstefnu um hlut sjálfboðaliða í björgunarstörfum sem haldin var í Stafangri í september 1998. Var þar gerð grein fyrir skipulagi á björgunarstarfi hér á landi og hlut opinberra aðila og sjálfboðaliðasamtaka í því.

Ákveðið hefur verið að Ísland gerist aðili að samningi hinna Norðurlandanna um björgunarþjónustu og er unnið að formlegum frágangi þeirrar aðildar. Með aðild að samningnum verður gagnkvæm aðstoð í björgunarmálum við hinar Norðurlandaþjóðirnar treyst.

20. Norrænn vinnumarkaður.

Samstarfið á vinnumálasviðinu.

Norrænt samstarf á vinnumálasviðinu byggir fyrst og fremst á áætlun um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála 1995–2000.

Samstarfið á vinnumálasviðinu á árinu 1998 hefur einnig mótast af þeim áherslum sem Svíar hafa haft á vinnumálasviðinu á sínu formennskuári.

Meðal helstu markmiða Svía hefur verið að auka samhæfingu norræns vinnumálasamstarfs og vinnumálasamstarfs á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá hefur verið lögð sérstök áhersla á að bæta stöðu ungs fólks og fatlaðra á vinnumarkaðinum og auka jafnrétti kynja á vinnumarkaðinum. Tiltekin verkefni hafa einnig verið sett í gang til að ná þessum markmiðum, m.a. var unnin norræn skýrsla um atvinnumál á árinu sem lögð var fram sem umræðugrundvöllur um atvinnumál á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi en þessi umræða hefur fengið aukið vægi vegna sæmbærilegrar umræðu á vegum ESB. Málefni ungs fólks, fatlaðra og jafnrétti kynjanna eru samþætt í þessari skýrslu og umfjöllun.

Skipulag norræna vinnumálasamstarfsins.

Norræna vinnumálasamstarfið vinnur nú samkvæmt skipulagi sem tók gildi 1. janúar 1997. Hlutverk embættismannanefndarinnar (EK-A), sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi, er að vera stefnumarkandi í vinnumálum.

Á vegum embættismannanefndarinnar starfa nú fimm fastanefndir, tveir verkefnahópar og tveir samskiptahópar. Auk þess heyrir ein stjórnarnefnd stofnunar, þ.e. NIVA, undir embættismannanefndina. Fastanefndirnar eru skipaðar sérfræðingum til að fjalla um einstaka málaflokka. Þetta eru nefndir um atvinnu- og vinnumarkaðsmál, um vinnuverndarmál, um vinnuverndarrannsóknir, um atvinnulíf og vinnuréttarmál og nefnd um fólksflutninga. Sérstök samskiptanefnd undirbýr fundi embættismannanefndarinnar í samráði við skrifstofu ráðherranefndarinnar en auk þess annast hún vinnumálasamskipti við grannsvæði Norðurlanda. Nefndirnar hafa allar gert nákvæma grein fyrir hlutverkum sínum og verkefnum í sérstökum stefnu- og verkefnaskjölum.

Enn fremur eru starfandi starfshópar um afmarkaðri verkefni. Einn slíkur er NIAL sem sér um „Informationsprojektet", sem er fjölbreytt útgáfustarfsemi um vinnumál. Á vegum þessa verkefnis eru tímaritin „ARBETSLIV I NORDEN" og „NORDIC LABOUR JOURNAL". Auk þess undirbýr hópurinn þátttöku Norðurlanda í „Employment week" í Brussel á hverju ári. Þá er einnig starfshópur um evrópsk vinnumál og sérstakur samskiptahópur um vinnumarkaðsþjónustu.

Vinnumarkaðssamstarf.

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir í norrænu samstarfi.

Samstarfshópur um vinnumarkaðsþjónustu annast samstarf um vinnumiðlun, atvinnuleysistryggingar og starfsmenntun í atvinnulífinu.

Eitt helsta verkefni á vegum vinnumarkaðsnefndarinnar er NORDJOBB, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli Norðurlandanna, en Norrænu félögin annast nú þessi samskipti á Norðurlöndum. Á árinu hafa 174 íslensk ungmenni farið í vinnu á Norðurlöndum á vegum NORDJOBB og 122 norræn ungmenni hafa komið til vinnu á Íslandi.

NORDPRAKTIK er sambærilegt verkefni fyrir Eystrasaltslöndin á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og hafa átta einstaklingar komið frá Eystrasaltsríkjunum á þessu ári.

ÖSTJOBB er nýtt verkefni þar sem íslensk ungmenni sækja heim Eystrasaltslöndin og Pétursborg og fóru tveir héðan á þessu ári.

Helstu verkefni sem nú eru í gangi á vegum nefndarinnar eru:

— Þróunaraðstoð við vinnumarkaðinn í Norðvestur-Rússlandi.
— Rannsókn á samspili virkrar vinnumarkaðsstefnu og dagpeningakerfis m.t.t. hagþróunar.
— NOKON-verkefnið sem er samstarfsverkefni með áherslu á frumkvöðlastarf ungs fólks, hugmyndavinnu og staðbundið þróunarstarf.
— Rannsókn á samspili launa og atvinnuleysis.
— Rannsókn byggð á atvinnuleysistölum m.t.t. menntunar, lífeyris og fötlunar hinna atvinnulausu.
— Málþing um jafnrétti í vinnumiðlunarþjónustu.
— Viðhorfskönnun meðal notenda vinnumiðlunarþjónustu sem tæki til að bæta þjónustu við atvinnuleitendur og vinnuveitendur.
— Nefndin gefur árlega út árbækur annars vegar um vinnumarkaðsrannsóknir á Norðurlöndum og hins vegar um stöðu og þróun vinnumarkaðar á Norðurlöndum.

Starfsmenntun.

Haldinn var sérfræðingafundur í Bergen í september, þar sem fjallað var um þróunina á Norðurlöndum í starfsmenntunarmálum og þörf vinnuaflsins fyrir símenntun m.t.t. vinnumarkaðs framtíðarinnar.

Atvinnuleysistryggingar.

Norrænt samstarf vegna atvinnuleysistrygginga heyrir nú undir vinnumarkaðsnefndina og samstarfshóp um vinnumarkaðsþjónustu. Hins vegar starfa tveir hópar áfram um afmörkuð verkefni. Um er að ræða samstarfshóp vegna flutnings atvinnuleysisbóta milli Norðurlanda og nefnd vegna ráðstefna um atvinnuleysistryggingar sem haldnar eru á þriggja ára fresti.

Atvinnulíf og vinnuréttur.

Norræna samstarfsnefndin um atvinnulíf og vinnurétt er ætlað að vera vettvangur fyrir kynningu, umræður og samræmingu norrænna sjónarmiða í málefnum á sviði atvinnulífs og vinnuréttar bæði innan og utan Norðurlanda.

Vinnuréttarnefndin hefur lagt megináherslu á að fjalla um áhrif nýrra tillagna á sviði vinnuréttarmála sem hafa verið til umfjöllunar hjá Evrópusambandinu og framkvæmd annarra sem þegar hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu og fyrirhugað er að nái til Evrópska efnahagssvæðisins. Í öðru lagi hefur verið lögð rík áhersla á samstarf við aðila vinnumarkaðarins ekki síst um vinnuréttartilskipanir Evrópusambandsins. Umfjöllunin hefur einnig náð til annarra þátta í evrópsku og alþjóðlegu vinnumálasamstarfi. Á vegum nefndarinnar var m.a. haldin ráðstefna með þátttöku aðila vinnumarkaðarins í Ósló í október um sveigjanlegt vinnuskipulag á Norðurlöndum.

Vinnuvernd.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd hefur það meginhlutverk að vinna að samstarfi stjórnvalda á Norðurlöndum á sviði vinnuverndarmála.

Áður var unnið að samræmingu lagafyrirmæla og reglna en það hefur að mestu farist yfir á vettvang ESB og EES samningsins. Nú er hins vegar lögð áhersla á samræmingu sjónarmiða Norðurlanda í *staðlagerð* á vettvangi Evrópsku staðlastofnunarinnar CEN. Mikill fjöldi staðla myndar grunninn að þeim kröfum sem gerðar eru um öryggi og hollustu tækja

og búnaðar sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur. Norðurlöndin starfa nú sameiginlega að þessum málum til hagræðis og til að auka áhrif sín. Ísland hefur umsjón með þátttöku Norðurlanda í *stöðlun véla til matvælavinnslu.*

Skipst er á upplýsingum um aðferðir sem beitt er til þess *að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með eftirliti, fræðslu, fyrirbyggjandi heilsuvernd, átaksverkefnum o.fl.* Fundir og ráðstefnur eru haldnar í þessu skyni og var m.a. fjallað um *starfsmannaheilsuvernd* á árinu með þátttöku aðila vinnumarkaðarins.

Norræna ráðstefnan um eftirlit á vinnustöðum var haldin á Íslandi í júní sl. með um 80 þátttakendum. Fulltrúar Eystrasaltslandanna sátu hana einnig.

Fjármunum er varið til rannsókna- og þróunarverkefna af ýmsu tagi og má sem dæmi taka að lokið var við verkefni um *áhættumat véla á árinu.* Verulegum fjármunum hefur verið varið til samstarfsverkefnis um *vinnu barna og unglinga á Norðurlöndum* og er því stjórnað frá Íslandi. Markmiðið er að kanna umfang og eðli vinnu 13–17 ára ungmenna á Norðurlöndunum. Sambærilegar kannanir voru gerðar í lok árs 1997 og í byrjun árs 1998 á öllum Norðurlöndunum. Norræn skýrsla mun liggja fyrir um málið í byrjun árs 1999.

Nefndin hefur samræmt *aðstoð Norðurlanda við Eystrasaltslöndin* á sínu sviði. Haldin var ráðstefna í Tallinn um árangursríkar aðferðir við framkvæmd eftirlits á vinnustöðum. Veittur var styrkur í verkefnið *Vinnuumhverfi í fiskiðnaði í Eistlandi.* Verkefnisstjórn var í höndum Íslands. Verkefninu lauk með námskeiði sem haldið var í Tallinn í nóvember fyrir þá eftirlitsmenn í Eistneska vinnueftirlitinu sem hafa með fiskiðnað að gera.

Vinnuverndarrannsóknir.

Hlutverk samstarfsnefndarinnar um vinnuverndarrannsóknir er að vinna að samstarfi um rannsóknir á sviði vinnuverndar, m.a. með því að veita styrki til rannsóknarverkefna.

Stærsti styrkurinn sem nefndin veitir hefur um árabil farið til norræns hóps sem vinnur að því að taka saman vísindalegar forsendur sem leggja ber til grundvallar þegar stjórnvöld landanna setja mengunarmörk fyrir varasöm efni á vinnustöðum.

Eitt af þeim verkefnum sem nefndin styrkir er *ráðstefna sérfræðinga á sviði vinnuverndar* sem haldin er árlega til skiptis á Norðurlöndunum, en hún var haldin á Íslandi í ágúst sl. og voru þátttakendur tæplega 200. Á vegum nefndarinnar starfar undirnefnd sérfræðinga um grundvöll mengunarmarka fyrir vinnustaði.

Á þessu ári verður efnt til *ráðstefnu um framtíðarsýn í atvinnulífinu* með þátttöku stjórnenda rannsóknarstofnana og vinnueftirlita, fulltrúa ráðuneyta og þeirra annarra sem móta stefnuna í vinnuvernd og atvinnulífi.

NIVA (Nordiska institutionen för vidareutbildning inom arbetsmiljöområdet).

Vinnueftirlit ríkisins á fulltrúa í stjórn NIVA sem er norræn menntastofnun og hefur aðsetur í Helsinki í Finnlandi. NIVA stendur að námskeiðum fyrir sérfræðinga á sviði vinnuverndar og hafa nokkur slík námskeið verið haldin hérlendis. Íslendingar hafa einnig sótt þessi námskeið til Norðurlandanna. Þessi starfsemi hefur reynst Íslandi mjög mikilvæg.

Samráðsnefnd um ESB málefni.

Félagsmálaráðuneyti og Vinnueftirlit ríkisins hafa tekið virkan þátt í norrænu samstarfsnefndinni um ESB málefni. Í henni er fjallað um undirbúning löggjafar ESB á sviði vinnumarkaðs- og vinnuverndarmála, skipst á skoðunum og stefnt að samræmingu sjónarmiða. Á þessum vettvangi má fá upplýsingar um undirbúning mála á frumstigi og um umfjöllun mála hjá ráðherraráðinu og Evrópuþinginu. Samskipti samkvæmt EES samningnum eru takmörkuð

við framkvæmdastjórn ESB og því gefur þessi vettvangur frekari möguleika til að afla upplýsinga og koma sjónarmiðum á framfæri.

21. Jafnréttismál.

Norrænt samstarf á sviði jafnréttis kvenna og karla byggir á norrænni samstarfsáætlun sem tekur til tímabilsins 1995 til 2000. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda héldu einn fund á árinu. Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (ÄK-Jäm) hélt fjóra fundi á árinu.

Norræn samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála.

Samstarfsáætlunin var samþykkt í byrjun ársins 1995 og gildir til ársins 2000. Markmiðið með samstarfi Norðurlanda í jafnréttismálum er:

— að samstarfið leiði til þess að haldið verði áfram að þróa sameiginlega lífsýn Norðurlandaþjóða, svo og sameiginlega stefnu þeirra í víðara samstarfi innan Evrópu og á alþjóðavettvangi,
— að samstarfið stuðli að árangursríkara og öflugra jafnréttisstarfi á innanlandsvettvangi í hverju og einu Norðurlandanna,
— að það verði sjálfsagt að gæta jafnréttissjónarmiða í starfi á mismunandi sviðum stefnumótunar í þjóðfélaginu. Einnig skal gæta jafnréttissjónarmiða á þeim sviðum stefnumótunar sem starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar tekur til.

Ráðherranefndin mun á gildistíma áætlunarinnar beina samstarfi sínu að starfsemi sem:

— stuðlar að því að konur og karlar fái jafnan aðgang að ákvarðanatöku í stjórnmálum og efnahagsmálum,
— stuðlar að jafnri stöðu og áhrifum kvenna og karla í efnahagsmálum en aðgerðir sem stuðla að launajafnrétti kynja eru mikilvægar í slíku starfi,
— stuðlar að jafnri stöðu kynjanna í atvinnulífinu,
— gefur konum og körlum bætt tækifæri til að sameina foreldrahlutverk og launavinnu,
— hefur áhrif á þróun jafnréttismála innan Evrópu og á alþjóðavettvangi.

Í því skyni að ná árangri með starfi sínu á sviði forgangsverkefnanna mun ráðherranefndin vinna að:

— þróun aðferða sem stuðla að virku jafnréttisstarfi.

Ein aðferð sem ráðherranefndin leggur einkar ríka áherslu á, er að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum stefnumótunar, í nánasta umhverfi, í sveitarstjórnum, við stjórn landsins og á vettvangi Norðurlanda. Aðrar áhrifaríkar aðferðir eru gerð hagtalna um konur og karla, kvenna- og jafnréttisrannsóknir, menntun í jafnréttismálum ásamt upplýsinga- og fræðslustarfsemi.

Verkefni samkvæmt samstarfsáætluninni.

Jafnréttissjónarmiða gætt við stefnumótun. Eitt af forgangsverkefnunum samkvæmt samstarfsáætluninni er að þróa og prófa aðferðir og tæki sem stuðla að því að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum stjórnsýslustigum landanna við alla málaflokka. Hið sama á við um stjórnsýslu Norrænu ráðherranefndarinnar. Til þess að stuðla að slíkri þróun aðferða eru nú í gangi sérstök verkefni í öllum norrænu ríkjunum sem byggja á þessum hugmyndum sem á erlendum málum kallast „mainstreaming".

Markmiðið með verkefninu er að þróa aðferðafræði og tæki til þess að gera sjónarmið kynjajafnréttis miðlæg í allri almennri stefnumótun. Verkefnið nær til tveggja málaflokka, til starfs og stefnumótunar í málum ungmenna og til starfs og stefnumótunar í vinnumarkaðsmálum. Verkefnið er til þriggja ára og mun ná til allra Norðurlandanna og Skrifstofu norrænu

ráðherranefndarinnar. Starfandi er norrænn verkefnisstjóri og innlendur verkefnisstjóri í hverju landi. Á Íslandi er verkefnið einskorðað við starf og stefnumótun í málefnum ungmenna. Skrifstofa jafnréttismála stýrir verkefninu en unnið er að því hjá Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur og Íþrótta- og tómstundaráði Akureyrar.

Á árinu 1998 hefur verið unnið að *fræðslu fyrir þá sem starfa með ungu fólki,* bæði í íþróttahreyfingunni og í félagsmiðstöðvum. Sænskur sérfræðingur í jafnréttisvinnu kom til landsins í byrjun ársins og hélt námskeið og kynningu á aðferðafræði samþættingar fyrir pólitíska fulltrúa, embættismenn og starfsmenn í þessum málaflokki. Aðaláherslan hefur verið á upplýsingaöflun og stöðumat með tilliti til stöðu ungs fólks í annars vegar tómstundastarfi (Reykjavík) og hins vegar íþróttastarfi (Reykjavík og Akureyri) sem er skipulagt í tengslum við bæjaryfirvöld í þessum sveitarfélögum. Þessar upplýsingar eru nú aðgengilegar í skýrslunni „Mainstreaming", Samþætting jafnréttismála í störfum ÍTR og ÍTA.

Jafnréttissjónarmið við stefnumótun á Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar. Einnig er unnið að samþættingu sjónarmiða jafnréttis kynja á Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar. Starfandi er ráðgjafanefnd um starfsmannamál og jafnrétti kynja sem hefur skipulagt ýmis konar aðgerðir m.a. fræðslu til yfirmanna. Þá hefur Norðurlandaráð ítrekað samþykkt að unnið skuli að því að jafna hlut kynja í norrænum nefndum og stjórnum. Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar tekur árlega saman yfirlit yfir hlutfall kynja. Samstarfsráðherrar Norðurlanda samþykktu á árinu leiðbeinandi reglur um hvernig markmiðinu um minnst 40% hlut hvors kyns í sérhverri nefnd og stjórn skuli náð.

Skýrsla frá norrænu ráðstefnunni „Konur, vinna og efnahagsmál". Skýrsla frá ráðstefnunni kom út á árinu í TemaNord ritröðinni. Meginþemu ráðstefnunnar voru rétturinn til starfa og réttra launa, konur í kjarasamningum og ólíkir hópar kvenna — styrkur ekki veikleiki. Í heftinu eru birtir fyrirlestrar frá ráðstefnunni og samantektir frá þeim starfshópum sem þar störfuðu.

Á ráðstefnunni komu fram tillögur að áframhaldandi norrænu samstarfi á þessu sviði. Á árinu var sænskum hagfræðingi falið að taka saman yfirlit yfir aðgerðir norrænu landanna á þessu sviði frá því norræna jafnlaunaverkefninu lauk á árinu 1994. Stefnt er að útgáfu þeirrar skýrslu í byrjun næsta árs.

Verkefnið „Halva makten — nordiska kvinnor på väg". Á vegum embættismannanefndarinnar er unnið að útgáfu á bók um völd og áhrif kvenna á Norðurlöndum. Bókinni er ætlað að fylgja eftir því verki sem hófst með útgáfu bókarinnar „Den ofärdiga demokratin" sem kom út árið 1983 og hefur verkefnið gengið undir nafninu „Halva makten — nordiska kvinnor på väg". Tilgangur verkefnisins er að lýsa stöðu kvenna á Norðurlöndum að því er varðar völd og áhrif og lýsa hvernig og hvers vegna norrænar konur og norræn stjórnvöld í hverju landi fyrir sig hafa náð þeim árangri sem raun er. Í ritinu er m.a. fjallað ítarlega um ábyrgð, skipulag og þátttöku stjórnvalda og opinberra stofnana í jafnréttismálum og hvernig samvinna frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda hefur þróast. Að verkinu koma konur frá öllum norrænu löndunum. Verkefninu er lokið en bókin mun væntanlega ekki koma út fyrr en í byrjun næsta árs. Heiti bókarinnar hefur verið ákveðið „Likestillte demokratier? — Kjönn og politikk i Norden". Hún mun koma út á skandinavísku máli, finnsku og ensku og samantekt mun koma út á íslensku. Ákveðið hefur verið að enska útgáfan verði kynnt á blaðamannafundi í Brussel í byrjun 1999.

Norrænt fréttabréf um jafnréttismál. Frá árinu 1996 hefur verið gefið út norrænt fréttabréf um jafnréttismál. Tilgangur þess er að miðla fréttum um jafnréttisstarfið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og á Norðurlöndunum. Fréttabréfið er gefið út á finnsku, ís-

lensku, skandinavísku og á ensku í 3000 eintökum, þar af eru 200 eintök á íslensku. Blaðið kemur út þrisvar á ári.

Upplýsingabanki á netinu um kvennahreyfinguna á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum. Norrænu rannsóknarstofnuninni í kvenna- og jafnréttisfræðum hefur verið falið að safna upplýsingum um kvennahreyfingar á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum og koma þeim á Internetið. Kvenréttindafélag Íslands er tengiliður rannsóknarstofnunarinnar hér á landi. Verkefninu lýkur í lok þessa árs.

Karlar og jafnrétti kynja. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda samþykktu á árinu 1997 sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 1997 til 2000 um karla og jafnrétti kynja. Í áætluninni eru samtals fimmtán verkefni sem öll hafa það að markmiði að auka virka þátttöku karla í starfinu. Framkvæmdaáætlunin, ásamt greinargerð frá starfshópnum sem hana vann, hefur verið gefin út á íslensku. Á árinu 1998 var haldin ráðstefna um föðurhlutverkið í Finnlandi og er skýrsla frá ráðstefnunni komin út. Í tengslum við ráðstefnuna var haldinn sérfræðingafundur þar sem rætt var um næstu verkefni samkvæmt áætluninni en þau eru rannsókn á föðurhlutverkinu, hugmyndarit um karla og jafnrétti í atvinnulífinu og viðamikið verkefni um ofbeldi karla. Þá hefur verið gefin út skýrsla um feðraorlof á Norðurlöndum.

Önnur verkefni.

Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og jafnréttisfræðum, NIKK. Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og jafnréttisfræðum var stofnuð á árinu 1995. Rannsóknarstofnunin, sem er þverfagleg, hefur aðsetur í Ósló.

Stjórnin er skipuð fulltrúum frá hverju Norðurlandanna til þriggja ára í senn. Hlutverk norrænu rannsóknarstofnunarinnar er að samhæfa norrænar kvenna- og jafnréttisrannsóknir, byggja upp gagnagrunn um rannsóknir á þessu sviði, samræma gagna- og upplýsingaþjónustu á Norðurlöndum og skipuleggja og standa fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir fræðikonur/-menn. Á stofnuninni er aðstaða til að halda námskeið fyrir fræðimenn og nemendur og aðstaða fyrir gestafræðimenn. Einnig skal rannsóknarstofnunin skipuleggja og veita aðstöðu vegna stúdenta- og fræðimannaskipta. Stofnunin er tengiliður við ýmis alþjóðasamtök og stofnanir og hefur sem slík orðið til að auka alþjóðlegt samstarf og styrkja tengsl við erlenda fræðimenn og stofnanir.

Mikil áhersla er lögð á að auka samstarf milli fræðimanna á Norðurlöndunum. Íslendingar eru þátttakendur í flestum rannsóknarverkefnum sem stofnunin stendur fyrir og hefur tilkoma hennar stórlega aukið þátttöku okkar í norrænum rannsóknum á þessu sviði. Á árinu voru haldin nokkur rannsóknarnámskeið fyrir fræðimenn bæði á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Undirbúningur heimsþings um kvennarannsóknir sem haldið verður í Tromsö í Noregi í júní 1999 er hafinn en NIKK er ein þeirra stofnana sem stendur að þeim undirbúningi. Þetta verður í fyrsta sinn sem heimsþingið verður haldið á Norðurlöndum.

Ákvörðun var tekin um nýtt þriggja ára verkefni um söfnun, miðlun og samhæfingu karlarannsókna á Norðurlöndum. Sérstakur starfsmaður hefur verið ráðinn og mun hann hefja störf í byrjun næsta árs.

Samstarf við Eystrasaltsríkin.

Baltnesk/norræn framkvæmdaáætlun. Starfandi er sérfræðingahópur sem hefur það verkefni að fylgja eftir verkefnaáætlun við Eystrasaltsríkin á sviði jafnréttismála. Áætlunin tekur til tímabilsins 1998–2000. Meginþemu hennar eru:

— Samstarf stjórnvalda/embættismanna sem vinna að jafnrétti kynja.
— Samstarf um fræðslu/miðlun upplýsinga.

— Samstarf um kvenna- og jafnréttisrannsóknir.
— Samstarf félagasamtaka.
— Samstarf um að vinna gegn ofbeldi gagnvart konum.

22. Húsnæðis- og byggingarmál.

Starf á vegum embættismannanefndar um húsnæðis- og byggingarmál á árinu hafði að leiðarljósi samstarfsáætlun sem samþykkt var af húsnæðisráðherrum Norðurlandanna fyrir tímabilið 1998–2001 en þar er lögð áhersla á þrjú megin viðfangsefni:
— félagslega þætti húsnæðismála,
— sjálfbæra þróun í byggingar- og húsnæðismálum,
— samvinnu við grannsvæðin.

Í samstarfsáætluninni er lögð áhersla á norrænt notagildi og breyttar áherslur á þessum vettvangi síðastliðin ár. Félagslegir þættir, staða og aðskilnaður ólíkra hópa á húsnæðismarkaði og aðstæður þeirra sem verst eru settir hafa verið í brennidepli. Þannig hefur dregið úr vægi tæknilegra þátta er lúta að nýbyggingum að öðru leyti en því sem viðkemur vistvænum byggingum, umhverfi og sjálfbærri þróun sem fengið hefur sífellt meira vægi.

Samstarfið hefur haft að leiðarljósi miðlun reynslu og þekkingar varðandi leiðir og lausnir í húsnæðismálum. Á árinu var unnið að rannsóknarverkefnum varðandi stefnumótandi þætti húsnæðismála, gefnar út skýrslur og haldnar námsstefnur auk þess sem unnið var að undirbúningi fyrir ný verkefni.

Á fyrri hluta ársins var haldin námsstefna í Ósló um húsaleigubætur á Norðurlöndum. Farið var yfir stöðu og horfur í hverju landi fyrir sig ásamt því að prófessor frá enskum háskóla flutti fræðilegt erindi um fyrirkomulag húsaleigubóta í Evrópu.

Fjallað var um framtíð norræns samstarfs á sviði húsnæðis- og byggingarmála á sameiginlegum fundi húsnæðisráðherra og fulltrúa frá Norðurlandanefnd Norðurlandaráðs. Niðurstaðan var m.a. sú að lögð skyldi megin áhersla á félagslega þætti húsnæðismála.

Áfram var unnið að verkefni er snýr að félagslegum aðskilnaði sérhópa á húsnæðismarkaði en skýrsla kom út á árinu 1997 (Bostadspolitik mot segregation). Embættismannanefndin stofnaði til samstarfs við Samband sænskra sveitarstjórna sem tók að sér undirbúning að norrænu samstarfi um hvernig megi styrkja ímynd íbúðarhverfa og samheldni íbúanna. Á árinu 1998 hófst vinna við rannsóknarverkefni undir heitinu „húsnæðismál aldraðra í framtíð". Markmiðið er að lýsa reynslu af mismunandi fyrirkomulagi í húsnæðismálum aldraðra á Norðurlöndum. Gert er ráð fyrir samanburðarrannsókn á fyrirkomulagi og framkvæmd þessara mála. Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað árið 1999 málefnum aldraðra.

Unnið var að samanburðarrannsókn undir heitinu „Housing in the Nordic Countries" sem er ætlað að draga upp heildarmynd af fyrirkomulagi og stöðu húsnæðismála á Norðurlöndum. Markmið þessa verkefnis er að gefa út rit með upplýsingum um húsnæðismál á Norðurlöndum sem yrði aðgengilegt fyrir Eystrasaltslöndin, Austur-Evrópu og Evrópusamstarfið. Skýrslan verður gefin út á ensku á næsta ári.

Skýrsla sem kom út árið 1997 undir heitinu „Nordisk bustadsrett" var gefin út á ensku á árinu 1998. Efni skýrslunnar, sem er samanburðargreining á gildandi réttarreglum um húsnæðismál á Norðurlöndum, hefur vakið mikla athygli.

23. Iðnaðar- og atvinnumál.

Samstarfið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál byggir að nokkru á hefðbundnum viðfangsefnum og venjum en að öðru leyti á nýlundu og frumkvæði þeirra, sem forustu hafa hverju sinni.

Á árinu 1998 höfðu Svíar með höndum formennsku í hinu norræna samstarfi og þar með á sviði iðnaðar- og atvinnumála (næring).

Stefnumarkandi ráðherrafundur iðnaðar- og orkuráðherranna var haldinn í júní í Þrándheimi en auk þess fundaði embættismannanefndin sjö sinnum til þess að leggja á ráðin og framfylgja ákvörðunum ráðherranna og Norðurlandaráðs. Forustuhlutverkið flyst á árinu 1999 til Íslendinga.

Höfuðáherslan í starfi ráðherranefndarinnar árið 1998 hefur eftir sem áður verið á þremur meginsviðum: að betrumbæta norræna samkeppnisstöðu til atvinnuaukningar og hagsældar, að samræma atriði er varða EES og ESB svo og eftirfylgni samstarfsmála í þágu grannsvæðanna í austri. Nýsköpun og þróun hefur verið í fyrirrúmi og upplýsinga- og samskiptatækni, rafræn viðskipti atvinnumarkaðarins og framþróun dreifbýlisbyggða.

Á Norðurlandavettvangi.

Hinn 1. september 1998 lauk víðtækri úttekt og skýrslugerð á vegum ráðherranefndarinnar um hið norræna samstarf og samstarfskosti, að því er tekur til nýsköpunar og þróunar. Embættismannanefndin hefur síðan gaumgæft niðurstöðurnar, og mun það starf allt verða lagt til grundvallar að samstarfinu á sviði nýsköpunar í þágu atvinnulífsins sem og framtíðarhlutverk Norræna iðnaðarsjóðsins að því er þetta varðar en ráðherranefndin fer með mál er varða stofnunina.

Í ársbyrjun 1998 lauk skýrslugerð um það með hvaða hætti atvinnulífið á Norðurlöndum notfærir sér upplýsingatæknina. Einkum var tekið mið af litlum og meðalstórum fyrirtækjum en tilgangurinn var að bera kennsl á sameiginlega þætti og þar með skyggnast um eftir nýjum hugmyndum og aðgerðum á norrænum vettvangi.

Rafræn viðskipti og hagnýting upplýsingatækni í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja var sérstaklega á dagskrá ráðherranna á júnífundi þeirra. Fólu þeir embættismannanefndinni að fylgjast grannt með framvindu mála, einnig á sviði annarra atvinnugreina.

Ráðherrarnir fjölluðu um athuganir á möguleikum og hindrunum á því að Norðurlönd gætu haft áhrif út á við sem ein heild. Með tilliti til þessa hratt embættismannanefndin af stað rannsókn á því hvernig bæta má samkeppnishæfi landanna með auknu samstarfi Norðurlandanna í atvinnumálum. Skal kostað til þessa verks 1 millj. d.kr.

Veitt var fé til og lagður grunnur að tilraunaverkefni um notkun upplýsinga- og samskiptatækni í norrænum fyrirtækjum. Stefnt var m.a. að því að móta reglur um hvernig leggja megi mat á hagnýtingu upplýsingatækni í norrænum fyrirtækjum og þar með leiða í ljós samræmdan grundvöll fyrir tölfræðilegar mælingar á Norðurlöndum og síðar innan vébanda Evrópusambandsins og OECD. Áfram verður unnið að þessu máli á árinu 1999.

Ráðist var í forathugun og skýrslugerð um sambærilegar tölulegar upplýsingar um rafeindaiðnaðinn og þau norrænu fyrirtæki er starfa við upplýsingatækni.

Um var að ræða söfnun samræmdra tölulegra upplýsinga sem einskorðaðar eru við þjónustu, vörur og atvinnugreinar á framangreindum sviðum.

Í framhaldi ákvörðunar viðskiptaráðherranna var skipaður starfshópur um rafræn viðskipti. Starfsemin hefst árið 1999 og beinist þá að því að menn miðli reynslu hver frá sínu landi og hreyfi síðan hugmyndum og tillögum við ráðherrana.

Á grundvelli skýrslu um samþættingu, samverkun atvinnulífs, vinnumarkaðar og byggðasvæða var efnt til ráðstefnu í Stokkhólmi í febrúar. Norrænir þátttakendur voru 80. Þessi málefni og leiðir til styrktar atvinnulífi í dreifbýli voru áfram á dagskrá iðnaðar- og atvinnumálaráðherranna í júní.

Í ársbyrjun var efnt til 100 manna norrænnar ráðstefnu um umhverfisvæna framleiðslustefnu. Þar var til umfjöllunar samþætt stefna í umhverfis- og framleiðslumálum. Ræddir voru m.a. norrænir samstarfshættir og hugmyndir að raunhæfum samstarfsverkefnum í umhverfis-, neytenda- og atvinnumálum, einnig frumkvæði og ráðgjöf.

Á árinu 1998 var áfram unnið að samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar Íslands og Færeyinga til eflingar ferðamannaiðnaði, sem byggir á menningarlegum og umhverfisvænum grundvelli.

Veitt var nokkurt fé með embættismannanefndinni um menningarmál til tilraunaverkefnis er lýtur að ferðamálum í Eystrasaltslöndunum.

Útflutningsráð Íslands fékk styrk til forrannsóknar á útflutningsþróunarverkefnum í Litháen. Niðurstöður lágu fyrir um mitt ár.

EES/ESB.

Að venju voru málefni Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins fastur dagskrárliður á fundum iðnaðarráðherranna svo og embættismannanefndarinnar. Er þá leitað svara og veittar óformlegar upplýsingar um það sem menn helst vilja fregna af þeim vettvangi.

Til þess að hlutast til um aukið gagnkvæmt upplýsingastreymi á sviði iðnaðar- og atvinnumála fundaði embættismannanefndin í október með iðnaðarfulltrúum Norðurlandanna í Brussel ásamt fulltrúum EFTA-skrifstofunnar og Evrópusambandsráðsins. Þessi kynni gáfu góða raun og verða efld áfram.

Grannsvæðin.

Á umliðnum árum sem og 1998 hafa talsverð samskipti átt sér stað á vegum ráðherranefndarinnar við stjórnvöld grannsvæðanna til eflingar þeirri viðleitni Eystrasaltsríkjanna og grenndar Pétursborgar að aðlagast ESB og EES á sviði iðnaðar- og atvinnumála. Um er að ræða málþing, námsferðir og þjálfun sérfræðinga frá grannsvæðunum.

Fé til þessa hefur verið veitt af fjárlagalið um ráðherranefndarinnar til einstakra samstarfsverkefna.

Þannig var á árinu hrundið af stað verkefni sem nefnist „Östjobb" og felst í því að senda ungt fólk frá Norðurlöndum, sem er í starfsþjálfun, í þjálfunar- og kynnisferðir til Eystrasaltsríkjanna. Veittar voru 400 þús. d.kr. á árinu vegna 20 þátttakenda sem fóru til Pétursborgar og Lettlands.

Af sérstökum fjárveitingalið, sérstaklega ætluðum hinum norrænu samskiptum við grannsvæðin, voru áfram veittar 3,5 millj. d.kr. á árinu til verkefnisins „Nordpraktik", sem fólst í að aðstoða og þjálfa 130 sérfræðinga frá grannsvæðunum á Norðurlöndum.

Stofnanir:

Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Norræni iðnaðarsjóðurinn er stofnun á vegum ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál (sjá nánar um Norræna iðnaðarsjóðinn, kafla 26.2.).

Nordtest.

Í nóvember 1998 var fagnað 25 ára afmæli stofnunarinnar.

Helstu áherslusvið Nordtest eru upplýsinga- og rafeindatækni, gæðakröfur, efnistækni og umhverfismál. Samkvæmt þeirri framkvæmdaáætlun, sem iðnaðarráðherrarnir samþykktu síðla árs 1997, skal Nordtest stuðla áfram að öryggi, góðu umhverfi og gæðum með því að

efla norræna samvinnu um prófunartækni. Hið góða orðspor, sem Nordtest nýtur, hefur leitt til þess að aðferðir og tækniskýrslur stofnunarinnar eru gjarnan lagðar til grundvallar í alþjóðlegu og evrópsku þróunar- og stöðlunarstarfi á sviði prófunartækni. Það hefur svo aftur leitt til þess að norrænar aðstæður og sjónarmið í þessum efnum eru mjög ríkjandi. Áfram verður mikil áhersla lögð á Evróputengslin og samstarfið við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og stofnanir þess.

Umfangsmikil úttekt og endurskoðun, líkt og gerð var á iðnaðarsjóðnum, var hafin síðla árs og lýkur henni væntanlega á fyrri hluta árs 1999.

Nordtest birtir ársskýrslu sína fyrir starfsárið um miðjan febrúar 1999.

24. Upplýsingatækni.

Í formennskutíð Norðmanna 1997 voru mótaðar hugmyndir um aukið samstarf Norðurlanda á sviði upplýsingatækni. Þann 20. mars 1998 var síðan haldinn samráðsfundur ráðherra Norðurlanda á sviði upplýsingatækni í Haga-höllinni í Stokkhólmi. Á þeim fundi var tekin ákvörðun um að stofna til formlegs norræns samstarfs um upplýsingatækni og mynda norrænt tengslanet milli þeirra ráðuneyta sem ábyrgð bera á samræmingu á sviði upplýsingatækni. Á fundi samstarfsráðherra í Kaupmannahöfn 13. janúar 1999 var tekin formleg ákvörðun um að setja á laggirnar ráðherranefnd og embættismannanefnd um samstarf landanna á þessu sviði.

25. Norrænar stofnanir á Íslandi.

25.1. Norræna húsið.

Formlegt hlutverk hússins er að koma til móts við og örva áhuga á norrænum málefnum á Íslandi og miðla þekkingu um Ísland á öðrum Norðurlöndum. Hefur þetta verið hlutverk stofnunarinnar frá því hún hóf störf árið 1968.

Norræna húsið er norræn menningarmiðstöð á breiðum grunni og heyrir undir Norrænu ráðherranefndina. Það er að mestu leyti rekið af ráðherranefndinni og þar með af Norðurlöndunum sameiginlega.

Árið 1998 var merkisár í sögu Norræna hússins, því stofnunin hefur starfað í þrjátíu ár. Starfsemin hefur ávallt verið mjög öflug og fjölbreytt og forstjórar Norræna hússins hafa á þessu þrjátíu ára tímabili verið góðir merkisberar norræns samstarfs. Nýr forstjóri, Riitta Heinämaa frá Finnlandi, tók til starfa 1. janúar 1998, þegar Torben Rasmussen lét af störfum að loknu fjögurra ára starfstímabili.

Ný stjórn Norræna hússins tók einnig til starfa. Tove Veierød, upplýsingafulltrúi hjá Norsk Hydro í Noregi, var kosin formaður stjórnarinnar. Varaformaður er Sigríður Anna Þórðardóttir, alþingismaður. Skipunartími stjórnar er 3 ár. Í stjórninni eiga sæti 7 manns, 3 frá Íslandi og 1 frá hverju landanna Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Starfsmenn Norræna hússins eru 16, þar af 3 verkefnaráðnir.

Starfsemi Norræna hússins var með hefðbundnu sniði og var fólgin í rekstri bókasafns, kaffistofu, sýningarsalar, með sýningum í anddyri, fyrirlestra- og tónleikahaldi, barnadagskrám, vestnorrænu fjölmiðlaverkstæði, skólaheimsóknum og upplýsingastarfsemi um norræn málefni. Að venju var Jónsmessan haldin hátíðleg að norrænum sið og í desember var Lúsíuhátíð haldin samkvæmt sænskri hefð. Mörg félög, félagasamtök, stofnanir, tónlistarfólk og aðrir tóku fundarsal og fundarherbergi á leigu vegna funda, málþinga, ráðstefnuhalds, tónleika o.fl. Tónleikar á vegum tónleikanefndar Háskóla Íslands voru á vor- og haustmánuðum og kynningar á óperum Richards Wagners voru haldnar á vegum Wagnerfélagsins.

Hefðbundin bókmenntakynning sendikennara Norðurlanda við Háskóla Íslands var haldin í samvinnu við bókasafn hússins í febrúar. Bókasafnið er opið alla daga vikunnar. Útlán bóka hefur verið svipað og undanfarin ár. Norræn myndbönd og geisladiskar með norrænni tónlist hafa bæst við safnið í æ ríkara mæli. Góðar bókagjafir bárust safninu í tilefni af afmæli hússins. Sænski utanríkisráðherrann Lena Hjelm-Wallén færði bókasafninu að gjöf „Nationalencyklopedin" á margmiðlunardiskum.

Norræna húsið átti samstarf við norrænar stofnanir og listasöfn um sýningar á árinu; Norrænt ljós og myrkur með listamönnum frá norðurhéruðum Svíþjóðar og Finnlands, ljósmyndasýningin Ung i Norden í samvinnu við NIFIN og sýning á verkum sænska listmálarans Rojs Fribergs í samvinnu við Hjørring Kunstmuseum, Listasavn Førøyar og Listasafn Akureyrar.

Í anddyri voru myndlistarsýningar auk ljósmyndasýninga, m.a. frá Álandseyjum og Grænlandi.

Norræna húsið á sæti í fulltrúaráði Listahátíðar í Reykjavík. Framlag Norræna hússins til Listahátíðar 1998 var sýningin „Skjáir veruleikans" í sýningarsölum og anddyri. Myndlistarmenn frá Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi, auk Daða Guðbjörnssonar og Helga Þorgils Friðjónssonar frá Íslandi, áttu verk á sýningunni. Sýningin var einnig sett upp í Listasafninu á Akureyri, verður í Norðurlandahúsinu í Færeyjum í janúar 1999 og lýkur í Horsens Kunstmuseum í apríl 1999. Norræni menningarsjóðurinn og Norræni myndlistar- og listiðnaðarsjóðurinn veittu styrk til sýningarinnar. Sýningin Norrænt grafíkþríár með þátttöku grafíklistamanna frá Norðurlöndum og Póllandi var haldin í samvinnu við félagið Íslensk grafík. Sumarsýning Norræna hússins, „Þeirra mál ei talar tunga", var haldin í samvinnu við Kvennasögusafn Íslands. Á sýningunni voru verk eftir listakonur sem voru frumherjar í íslenskri myndlist. Sumardagskrá Norræna hússins var helguð verkum íslenskra kvenna á sviði tónlistar, skáldskapar, leiklistar og kvikmynda og var einnig í samvinnu við Kvennasögusafnið. Tónlistarmenn, kórar og kammersveitir frá Norðurlöndum héldu tónleika í Norræna húsinu á árinu. Í desember voru opnaðar sýningar helgaðar aldarminningu finnska arkitektsins Alvars Aaltos (1898–1976). Þar voru til sýnis ljósmyndir og líkan af bókasafninu í Víborg sem Aalto teiknaði og var tekið í notkun 1935.

Viðamikil afmælishátíð var haldin í ágúst með þátttöku margra gesta frá Norðurlöndum, m.a. frá menntamálaráðuneytum Norðurlanda, Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Einnig var boðið gestum frá stjórnsýslu- og menntastofnunum í Reykjavík auk kirkju og Alþingi.

Fjölbreytt dagskrá var í Opnu húsi laugardaginn 23. ágúst. Þar komu fram tónlistarmenn frá Álandseyjum, Danmörku, Finnlandi, Grænlandi, Noregi og Svíþjóð. Menntamálaráðuneyti viðkomandi landa færðu Norræna húsinu þetta framlag tónlistarmannanna að afmælisgjöf. Í bókasafni var sett upp sýning frá Þjóðminjasafni Eistlands á hefðbundnu handverki og var sýningin gjöf frá Menntamálaráðuneyti Eistlands. Margar góðar gjafir og kveðjur bárust Norræna húsinu frá norrænum stofnunum, Norrænu félögunum og einstaklingum. Sérstök dagskrá fyrir börn og unglinga fór fram sunnudaginn 24. ágúst, og hátíðardagskrá fyrir boðsgesti fór fram síðdegis sama dag. Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands flutti hátíðarræðu, og Berit Brørby Larsen, forseti Norðurlandaráðs og Søren Christensen, aðalritari skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, fluttu ávörp. Auk þess fluttu íslenskar tónlistarkonur verk eftir Jórunni Viðar. Mánudaginn 25. ágúst var leikskólabörnum boðið að koma og hlýða á finnska tónlistarhópinn Mukaralla.

Mikil áhersla var lögð á efni fyrir yngri kynslóðina og var börnum úr leikskólum borgarinnar og nágrenni boðið að koma og fræðast um Norðurlönd. Kynningin var í höndum verk-

efnisstjóra og var veittur styrkur til verkefnisins frá Norrænu ráðherranefndinni. Norræn barnakvikmyndahátíð var haldin í Reykjavík í október og voru erindi flutt í Norræna húsinu. Auk þess stóð verkefnisstjórinn fyrir málþingi um norrænar barnakvikmyndir í tengslum við hátíðina, með þátttöku fyrirlesara frá Norðurlöndum.

Vestnorræna fjölmiðlaverkstæðið hélt áfram starfsemi sinni. Tímaritið OZON kom út tvisvar á árinu (5. og 6. tbl.), og var því dreift, eins og áður, til framhaldsskóla í hinum vestnorrænu löndum. Forstjóri Norræna hússins ber meginábyrgð á verkefninu og verkefnisstjórar frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi annast daglega framkvæmd. Verkefninu lýkur í árslok 1998. Það er fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni og vestnorrænu stofnununum þremur, Norðurlandahúsinu í Færeyjum, Norræna húsinu í Reykjavík og Norrænu stofnuninni á Grænlandi.

Tvö tveggja vikna sumarnámskeið um íslenska tungu og menningu voru haldin í júlí og voru þátttakendur 26 frá öllum Norðurlöndum og 2 frá Lettlandi.

Norrænn skólaráðgjafi hefur haft aðsetur í Norræna húsinu en heyrir undir NORDMÅL, sem er verkefni á vegum NSS (Styringsgruppen for nordisk skolesamarbejde). Stöðugildið er nú 1,5. Fjöldi grunnskólabarna fékk fræðslu um Norðurlönd og einnig hópar sem komu frá Norðurlöndum til að fræðast um Ísland og íslenska menningu. Norrænn skólaráðgjafi verður með sjálfstæðan rekstur og verður leigutaki í Norræna húsinu árið 1999.

Norræna húsið hefur fengið í grunnframlag u.þ.b. 55 millj. ísl. kr. frá Norrænu ráðherranefndinni árin 1996–98. Veitt var aukaframlag vegna viðgerða á fasteigninni og til endurnýjunar á húsgögnum í kaffistofu. Norræna húsið fékk einnig styrki úr ýmsum sjóðum til sérverkefna.

Í árslok 1998 lauk samningi um verkefnavísa sem gerður var við Norrænu ráðherranefndina fyrir tímabilið 1995–98.

25.2. Norræna eldfjallastöðin.

Meginhlutverk Norrænu eldfjallastöðvarinnar er að stunda rannsóknir í jarðvísindum með áherslu á eldvirkni, flekahreyfingar og umhverfisrannsóknir þeim tengdar og á að þróa norrænt samstarf í grundvallarvísindum á sínu sviði. Stofnunin heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og fjárveiting til stofnunarinnar árið 1998 er 77,4 millj. ísl. kr. en auk þess fær stofnunin á þessu ári fjárveitingar frá öðrum til kaupa á nýjum massagreini, til reksturs sumarskóla, til ýmissa sérverkefna og reksturs húsnæðis.

Miklar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi við stofnunina á árinu og enn þá ekki séð fyrir endann þar á. Forstjóri stofnunarinnar frá upphafi, Guðmundur E. Sigvaldason, lét af störfum 1. júlí en Karl Grönvold gegnir nú stöðu forstöðumanns.

Rannsóknir.

Norræna eldfjallastöðin var stofnuð til þess að gefa Norðurlandabúum tækifæri til þess að stunda rannsóknir á eldvirkni á stað þar sem slík virkni er nánast alltaf í gangi í einhverri mynd og þar sem þekking er veruleg og vaxandi. Um leið og Norðurlönd fá þannig aðgang að þekkingu og reynslu er stofnunin styrkur fyrir þær rannsóknir sem fyrir eru í landinu.

Mikið af jarðmyndunum hinna Norðurlandanna eru mynduð við forna og löngu útkulnaða eldvirkni og til þess að skilja betur þessar myndanir, sem margar hafa verulegt efnahagslegt gildi, getur aðgangur að svæðum sem virk eru í dag skipt miklu máli. Fyrir þá sem búa í eldfjallalandi skiptir miklu að hafa eins mikinn skilning á eðli, orsökum og hegðun eldvirkni og mögulegt er á hverjum tíma.

Kvikumyndun og kvikustreymi eru hluti af gríðarlegum efnisflutningum úr iðrum jarðar og til yfirborðs þar sem kvikan leggur til efni til nýmyndunar jarðskorpu og hefur áhrif á efnasamsetningu grunnvatns, sjávar og andrúmslofts. Þessir efnisflutningar hafa í mörgu afgerandi áhrif á ýmsa umhverfisþætti á Norður-Atlantshafi. Eldvirkni er þannig ekki bara sú ógnun og hætta sem eldgos eru íbúum landsins heldur einnig mikilvægur umhverfisþáttur.

Stofnun á stærð við Norrænu eldfjallastöðina á eingöngu möguleika á því að vera framarlega í rannsóknum á afmörkuðum sviðum eldfjallafræði og nú beinist áhersla sérfræðinga stofnunarinnar að mælanlegum jarðskorpuhreyfingum og að jarðefnafræði. Mörgum sviðum er snerta eldfjallarannsóknir, eins og t.d. jarðskjálftaathugunum, er þegar sinnt á öflugan hátt í landinu en öðrum sviðum, eins og eldgosahegðun (physical-volcanology), mætti vera betur sinnt.

Jarðskorpuhreyfingar á Íslandi hafa einkum tvennar orsakir — landið er að gliðna um rekbeltin og bergkvika er á hreyfingu í jarðskorpunni. Hvort tveggja veldur mælanlegum landslagsbreytingum. Framfarir í mælitækni hafa verið hraðstígar á undanförnum árum og hefur stofnunin jafnan verið vel búinn til slíkra mælinga — bæði hvað varðar aðkeypt tæki og sérhönnuð og heimasmíðuð. Undanfarið hefur áhersla verið á notkun radarmynda úr gervihnöttum þar sem bornar eru saman myndir teknar á mismunandi tímum. Þetta gerir það mögulegt að kanna hreyfingar á stærri svæðum, en jafnframt er eldri mælinetum sinnt eftir því sem tilefni gefst til.

Jarðefnafræði er beitt til skilnings á myndun og þróun bergkviku í iðrum jarðar og síðan þeim áhrifum sem eldvirkni hefur á umhverfið. Slík umhverfisáhrif eru mikil, bæði þegar litið er til langs tíma og þegar litið er til skammtímaáhrifa. Mjög stór eldgos eru líkleg til þess að hafa afgerandi áhrif á umhverfi sitt, þar með talið veðurfar. Sem betur fer eru stórgos þeim mun sjaldgæfari sem þau eru stærri en með rannsóknum á minni gosum má fá haldbærar upplýsingar um líkleg áhrif stórgosa.

Miklar framfarir verða stöðugt í efnagreiningartækni sem er undirstaða slíkra rannsókna og á þessu ári eignaðist eldfjallastöðin nýtt tæki, massagreini, sem opnar nýja möguleika á sviði jarðefnafræði. Tækið er keypt með styrkjum frá Rannsóknarráðum Íslands, Noregs og Danmerkur og frá sjóði Knut og Alice Wallenberg í Svíþjóð. Er vonast til þess að tækið verði komið í fulla notkun snemma á næsta ári.

Norrænir styrkþegar og alþjóðatengsl.

Stofnunin ræður yfir fimm stöðum styrkþega fyrir unga vísindamenn frá Norðurlöndum og auk þeirra hafa þrír aðrir notið aðstöðu á stofnuninni í ár. Allir þessir styrkþegar og gestir vinna að verkefnum í samvinnu við sérfræðinga stofnunarinnar. Sérfræðingar stofnunarinnar taka einnig þátt í margvíslegum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum m.a. í Frakklandi, Bretlandi, Bandaríkjunum, á Norðurlöndum og víðar m.a. sem þátttakendur í samvinnuverkefnum á vegum Evrópusambandsins.

Sumarskóli.

Fjórði sumarskóli Norrænu eldfjallastöðvarinnar var haldinn að Kirkjubæjarklaustri í september og fjármagnaður af NorFA og Evrópusambandinu. Þátttakendur voru 50 ungir vísindamenn og leiðbeinendur sem allir eru meðal helstu sérfræðinga, hver á sínu sviði. Viðfangsefni sumarskólans voru niðurstöður úr athugunum á ískjörnum frá Grænlandi og breytingar á veðurfari á Norður-Atlantshafi seinustu árþúsundin. Jöklar og stórhraun Suðurlands mynduðu hvetjandi umhverfi fyrir skólann sem einnig naut ómetanlegrar aðstoðar Sigfúsar J. Johnsen og Árnýjar E. Sveinbjörnsdóttur hjá Raunvísindastofnun háskólans.

26. Norrænir sjóðir.

26.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB).

Starfsemi og afkoma.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) er fjölþjóðleg fjármálastofnun í eigu Norðurlandanna fimm. Bankinn fékk fyrst alþjóðlegt lánshæfismat árið 1982 og hefur síðan óslitið notið besta mögulega vitnisburðar matsfyrirtækjanna Standard & Poors og Moody's (AAA/Aaa).

Árið 1998 er 23. starfsár bankans. Eignaraðild Íslands er u.þ.b 1%. Hlutverk Norræna fjárfestingarbankans (NIB) er að veita lán og ábyrgðir á markaðskjörum til fjármögnunar fjárfestinga, sem í senn uppfylla kröfur um norræna hagsmuni og hagsmuni lántakenda, jafnt innan sem utan Norðurlanda. Bankinn veitir einnig lán til verkefna í Eystrasaltslöndum innan sérstakrar norrænnar fjárfestingaráætlunar þeirra vegna. Auk þess annast bankinn nýja fjárfestingaráætlun á sviði umhverfismála á grannsvæðum Norðurlanda. Höfuðstöðvar bankans eru í Helsinki, en auk þess hefur bankinn svæðisskrifstofur í Kaupmannahöfn, Ósló, Reykjavík og Stokkhólmi auk Singapore. Starfsmenn eru nú alls 122 og þar af sex Íslendingar.

Fimmta árið í röð sýnir rekstur Norræna fjárfestingarbankans stöðugan og góðan hagnað. Á tímabilinu 1.1. – 31.8. 1998 var hagnaður bankans ECU 78 millj. (ISK 6.224 millj.), samanborið við ECU 80 millj. á sama tímabili í fyrra. Vaxtamunur fyrstu átta mánuði ársins var ECU 91 millj. en samsvarandi tala í fyrra ECU 87 millj.

Lykiltölur fyrir tímabilið 1.1. – 31.8. 1998 eru í stuttu máli þessar:

— Norræni fjárfestingarbankinn var rekinn með ECU 78 millj. hagnaði fyrstu átta mánuði ársins. Þetta er svipaður hagnaður og á sama tímabili í fyrra.
— Vaxtamunur var ECU 91 millj. á tímabilinu en var 87 millj. á sama tíma árið áður.
— Tekin voru 45 lán í 13 gjaldmiðlum. Stærsta einstaka lánið var 500 millj. bandaríkjadala. Einnig gaf bankinn út sín fyrstu skuldabréf í pólskum zloty og grískum drökhmum. Endurgreiðslur áður tekinna lána námu ECU 1.082 millj. (ECU 762 millj.).
— Niðurstaða efnahagsreiknings í ágústlok reyndist ECU 10,7 milljarðar í lok tímabilsins en var 10,0 á sama tíma í fyrra.

Síðustu fjögur ár hefur ávöxtun eigin fjár bankans verið nálægt 12% að nafnvirði sem jafngildir um 9–10% raunávöxtun á ári. Útlit er fyrir fyrir svipaða niðurstöðu árið 1998. Útlánastofn bankans hefur vaxið um 12% á ári síðustu fjögur ár og hefur bankinn greitt út arð til eiganda sinna ár hvert. Síðustu tvö ár námu arðgreiðslur til eigenda ECU 35 millj. (ISK 2,8 milljörðum) hvort ár.

NIB á Íslandi.

Útistandandi lán til til íslenskra lögaðila nema ríflega ISK 37 milljörðum og svarar það til nærri 8% af heildarlánveitingum bankans til Norðurlanda. Þessu til viðbótar koma umsamin óútborguð lán til Íslands að jafnvirði ISK 4,4 milljarða. NIB er stærsti einstaki erlendi lánveitandinn til Íslands og nemur hlutdeild bankans um 15% af öllum erlendum langtímaskuldbindingum þjóðarbúsins. Rúmlega 54% útistandandi lána NIB til Íslands eru til ýmissa innviðaframkvæmda á sviði raforkudreifingar og -framleiðslu, fjarskipta og samgangna. Lán til sjávarútvegs nema rúmlega 16% af útlánum bankans til Íslands. Lán til byggðamála nema um 9% af útlánum bankans. Útlán bankans til umhverfisfjárfestinga bæði í iðnaði og innviðum hafa vaxið hröðum skrefum. Lán til ýmissa verkefna á sviði umhverfismála, eins og sorphirðu og frárennslis nema rúmlega 5% af útlánum til Íslands. Önnur útlán NIB til Íslands eru m.a. á sviði iðnaðar og ferðaþjónustu.

Útborguð ný lán til Íslands á árinu 1997 námu ISK 6,5 milljörðum. Á tímabilinu janúar til nóvember 1998 hafa verið samþykkt sex ný lán til Íslands að jafnvirði 3,1 milljarður króna Ný samþykkt lán á fyrstu ellefu mánuðum ársins 1998 greinast þannig á einstaka flokka: Bankar 1.360 millj., einkafyrirtæki 1.150 millj. og fyrirtæki í eigu hins opinbera 560 millj. Gert er ráð fyrir að útborguð ný lán á árinu 1998 nemi alls um 5,5 milljörðum króna.

NIB hefur lagt bönkum og lánastofnunum í aðildarlöndunum og utan þeirra til lánaramma. Þannig lánar bankinn innlendum lánastofnunum fjármuni sem þær endurlána síðan til verkefna sem uppfylla kröfur bankans um lánshæfi. Þessi aðferð hefur reynst vel á Íslandi þar sem hefðbundin lánastarfsemi bankans var áður að mestu bundin við hið opinbera og stærstu fyrirtæki landsins. Veitt rammalán til Íslands námu alls ISK 4,6 milljörðum á árunum 1995–1997 og það sem af er árinu 1998 hafa verið samþykktir lánarammar til Íslands að jafnvirði ISK 1.360 millj.

Rammafyrirkomulagið hefur orðið til þess að lán bankans renna nú til mun fleiri verkefna en áður og með lánarömmum getur NIB nú þjónað smáum og meðalstórum íslenskum fyrirtækjum mun betur en áður.

NIB hefur einnig lagt áherslu á aukið samstarf við íslenska banka með lánarömmum, samstarfi í útlánum og kynningu á nýjungum bankans sem heimfæra má á íslenska fjármálakerfið. Nýtt áhættustýringarkerfi NIB hefur m.a. verið kynnt íslenskum bönkum. Þá er fyrirhugað að kynna íslenskum lánastofnunum aðferðir bankans við umhverfismat en kerfisbundin gerð slíks mats er forsenda lánveitinga NIB.

Alþjóðalán NIB.

Eftirspurn eftir alþjóðlegum lánum NIB fer vaxandi. Á fyrstu átta mánuðum ársins 1998 var gengið frá nýjum alþjóðalánum að fjárhæð ECU 195 millj. sem er 28% aukning frá sama tímabili árið 1997.

Útistandandi lán NIB utan Norðurlanda námu ECU 1.323 millj. í ágústlok 1998. Nýir samningar um réttarstöðu NIB hafa verið gerðir í Argentínu, Botswana, Kólumbíu, Króatíu, Mauritius, Rúmeníu og Túnis en slíkir samningar eru forsenda fyrir lánveitingum af bankans hálfu.

NIB hefur átt í viðræðum við nokkur íslensk fyrirtæki sem hyggjast sækja á alþjóðamarkaði og vill leggja sitt af mörkum til að styðja álitleg útrásarverkefni í íslensku atvinnulífi.

Lán af þessu tagi hefur þegar verið veitt til jarðhitaveitu í borginni Tianjin í Kína sem verkfræðifyrirtækið Virkir-Orkint stóð að. NIB lánaði fé til þessa verkefnis í samvinnu við Norræna þróunarsjóðinn (NDF). NIB hefur veitt lán til jarðhitaveitu í Galanta í Slóvakíu sem Virkir-Orkint undirbjó. Bæði Hitaveita Reykjavíkur og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) eiga aðild að því verkefni. Þá lánuðu NDF og NIB til sjávarútvegsfyrirtækis með íslenskri aðild í Namibíu. Þess utan hefur NDF lánað til fiskveiðiverkefna eða fiskirannsókna með íslenskri þátttöku í Malaví, Mósambík og á Grænhöfðaeyjum. Íslenskir ráðgjafar hafa einnig komið við sögu í fiskveiðiverkefni á Maldiveseyjum sem fjármagnað var af NDF.

NDF, Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF) og NEFCO eiga gott samstarf við NIB, eru með aðsetur í höfuðstöðvum bankans og njóta þar þjónustu frá honum. Allir þjóna þessir aðilar norrænum fyrirtækjum.

Meðal verkefna utan Norðurlanda með íslenskri þátttöku sem eru til athugunar hjá NIB um þessar mundir má nefna ný háhitaverkefni á Yuannan og Tianjin svæðunum í Kína og stóra jarðhitaveitu í Kosice í Slóvakíu.

Umhverfislán NIB.

Á síðustu átta árum hefur Norræni fjárfestingarbankinn veitt lán til um 170 umhverfisfjárfestinga á Norðurlöndum sem nema um ECU 1,3 milljörðum. NIB hefur bæði lánað til iðnfyrirtækja sem þróa umhverfisvæna framleiðslu eða framleiðsluaðferðir og einnig til umhverfisfjárfestinga á vegum sveitarfélaga. Um það bil fimmtungur heildarlána NIB hefur farið til umhverfisfjárfestinga.

Í ágústmánuði árið 1996 ákváðu forsætisráðherrar Norðurlanda að stofna skyldi við NIB nýjan umhverfislánaflokk sem í byrjun byggir á ECU 100 millj. norrænni ábyrgð eða 7,9 milljörðum ISK og hófust lánveitingar á árinu 1997. Þessum lánum skal varið til að auðvelda umhverfisbætur á grannsvæðunum í austri þ.e. við Eystrasalt, Barentshaf og á Kólaskaga. Á þessum slóðum eru umhverfismál í ólestri og mikil þörf á að draga úr mengun í lofti og legi. Markmiðið með þessum nýja umhverfislánaflokki er að draga úr mengun sem berst út í Eystrasalt og í norðvestur héruðum Rússlands. Lán hafa þegar verið veitt til vatnsveitu- og frárennslisframkvæmda í Pétursborg og til umhverfisframkvæmda á vegum sveitarfélaga í öllum Eystrasaltslöndunum og Póllandi. Dæmi um verkefni sem er til sérstakrar athugunar í bankanum um þessar mundir er endurnýjun á nikkelbræðslum í Pechenga á Kólaskaga. Markmiðið með þátttöku Norðurlanda í endurbótum á þessu fyrirtæki er að draga úr stórhættulegri efnamengun á svæðinu, sem hefur áhrif í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

NIB í Eystrasaltsríkjunum.

Frá árinu 1993 hefur NIB í samvinnu við Evrópubankann og NOPEF annast framkvæmd fjárfestingaráætlunar Norðurlanda í Eystrasaltsríkjunum (BIP). NIB hefur einnig lagt fjárfestingarbönkunum þremur sem starfræktir eru í Eystrasaltsríkjunum til lánsfé og tæknilega aðstoð. Bankinn hefur þegar lánað um ECU 50 millj. til u.þ.b. 35 verkefna til Eystrasaltsríkjanna innan ramma fjárfestingaráætlunarinnar. Þá hefur hann einnig lánað beint til norrænna fyrirtækja til fjárfestinga í Eystrasaltríkjunum. Mest hafa umsvifin verið í Eistlandi enda hafa Eistlendingar náð lengst í uppbyggingu markaðshagkerfis af Eystrasaltsríkjunum þremur.

Stefnt er að því að smám saman dragi úr tæknilegri aðstoð NIB við fjárfestingarbankana þrjá í Eystrasaltsríkjunum. Bankinn hefur þegar að mestu dregið sig út úr rekstri fjárfestingarbanka Eistlands, sem getur nú staðið óstuddur. NIB hefur lagt áherslu á að nýir og öflugir hluthafar með þekkingu í bankaviðskiptum eignist aðild að hinum bönkunum. Í samráði við Norrænu-Baltnesku fjárfestingarnefndina (NBIC, embættismannanefnd sem hefur umsjón með BIP) hefur NIB nýtt Norræna fjárfestingarsjóðinn til að greiða fyrir þessu.

Nú hefur finnsk-sænska samsteypan Merita-Nordbanken keypt ráðandi hlut í fjárfestingarbanka Lettlands. Þá er stefnt að sölu hlutabréfa í Litháíska fjárfestingarbankanum til nýrra hluthafa sem geta eflt starfsemi hans.

Markmið og meginstefna NIB.

Nýverið lauk ítarlegri stefnuvinnu innan bankans þar sem markmið og langtímastefna hans voru mótuð. Slík stefnumótun er ekki síst mikilvæg í ljósi þeirra miklu breytinga sem nú standa yfir í evrópsku atvinnu- og fjármálalífi. NIB fylgist náið með þeirri þróun og er nægjanlega sveigjanlegur til að geta brugðist við væntanlegum breytingum, en það er mikilvæg forsenda áframhaldandi velgengni bankans.

Meginmarkmið NIB er að stuðla að hagvexti á Norðurlöndum. Í því skyni vill hann:

— Stuðla að auknu norrænu samstarfi í atvinnulífi og eflingu innviða á Norðurlöndum.
— Hvetja til fjárfestingar yfir landamæri innan Norðurlanda og til markaðssóknar og fjár-

festingar norrænna fyrirtækja á grannsvæðum Norðurlanda og á öðrum nýjum markaðssvæðum.
— Vera í forustu fyrir fjármögnun umhverfisverkefna á Norðurlöndum og á grannsvæðum í austri og fjárfestingar í umhverfisvænni nýsköpun og framleiðslu ásamt því að stuðla að eflingu rannsókna og þróunar í atvinnulífinu.
— Leggja áherslu á samstarf við aðrar lánastofnanir sem viðbót við bankakerfi Norðurlanda.

Til þess að bankinn geti framvegis sem hingað til boðið góð lánskjör verður hann að viðhalda besta lánshæfismati. NIB er ein örfárra fjármálastofnana sem hefur lánshæfiseinkunnina AAA/Aaa á alþjóðlegum fjármálamarkaði og er þess vegna mikilvæg viðbót við lánakerfi Norðurlandanna.

Til þess að vinna að framgangi þessarar meginstefnu mun NIB:
— Kynna bankann sem öfluga lánastofnun í þágu atvinnulífsins á Norðurlöndum og sem viðbót við þjónustu annarra banka.
— Efla sérþekkingu og þjónustu við fjármögnun umhverfis-, orku- og innviðaverkefna annars vegar og hins vegar rannsókna og þróunarverkefna.
— Auka lán til fjárfesta utan Norðurlanda til verkefna á Norðurlöndum sem og fjármögnun norrænna fjárfestinga á nýjum mörkuðum.
— Fjölga þeim löndum sem eiga kost á PIL-lánum bankans.
— Rækta samstarf við norrænar og alþjóðlegar fjármálastofnanir.
— Efla hlutdeild bankans í innviðafjárfestingum með þátttöku einkaaðila og öðrum verkefnum á sviði einkarekstrar.
— Auka fjárhagslegt bolmagn bankans og vera í fremstu röð í áhættustýringu við ávöxtun fjármagns hans.

Aukið stofnfé NIB.

Miðað við núverandi vöxt útlána til verkefna á Norðurlöndum má búast við því að útistandandi lán nálgist á næsta ári mjög þau mörk, sem núverandi stofnfé bankans setur þeim. Verkefnalán utan Norðurlanda (PIL-Projektinvesteringslån) fylla einnig sinn lánaramma á næsta ári.

Hlutfall stofnfjár og útlána Norræna fjárfestingarbankans hefur efri mörkin 2,5, með öðrum orðum er miðað við að heildarútlán verði aldrei hærri en 2,5 sinnum stofnféð. Því þarf að koma til umtalsverð hækkun stofnfjár til að halda megi ofangreindri áætlun um aukningu útlána. Á fundi sínum í júní 1998 veitti Norræna ráðherranefndin samþykki sitt fyrir eftirfarandi:
— Eigið fé Norræna fjárfestingarbankans verði aukið úr ECU 2.809 millj. í ECU 4.000 millj.
— Af aukningunni, sem nemur ECU 1.191 millj., skulu ECU 100 millj. greiðast af hluthöfum en afgangurinn vera í formi aukinna ábyrgða eigenda.
— Af þeim ECU 100 millj. sem hluthafar greiða skulu ECU 70 millj. koma úr varasjóði bankans. ECU 30 millj. greiðist beint af eigendum með jöfnum greiðslum á þremur árum, í fyrsta skipti í ársbyrjun 1999.

Aukið svigrúm til lána utan Norðurlanda.

Vaxandi alþjóðavæðing í norrænu atvinnulífi hefur leitt til aukinnar eftirspurnar eftir langtímalánum á samkeppnishæfum kjörum til verkefna utan Norðurlanda. PIL lánaflokkurinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í útrás margra norrænna fyrirtækja. Frá árinu 1982 hafa aðildarlönd NIB ábyrgst 90% af hverju PIL láni. Ábyrgðarféð nemur nú í heild ECU 1.800

millj. en var í upphafi SDR 350 millj. árið 1982. Á þeim rúmu 15 árum sem PIL lánin hafa verið veitt hefur aldrei reynt á ábyrgð eigenda bankans.

Miðað við vöxt útlána í PIL lánaflokknum og horfur varðandi verkefnaútflutning virðist ljóst að til ársins 2005 getur aukning PIL lána numið 10–12% á ári án þess að bankinn þurfi að auka áhættu í lánveitingum. Áætlun til næstu 5 ára gerir því ráð fyrir aukningu PIL-lánaflokksins í ECU 3,3 milljarða.

Í ljósi þeirrar góðu reynslu sem fengist hefur af PIL-lánaflokknum hefur ráðherranefndin tekið ákvörðun um eftirfarandi:

— Lánarammi PIL verði aukinn úr ECU 2 milljörðum í ECU 3,3 milljarða á árinu 1999.
— Heildarfjárhæð ábyrgðar eigenda verði eftir sem áður ECU 1,8 milljarðar.
— Fyrir hvert einstakt PIL-lán nemi ábyrgð eigendanna framvegis sem hingað til 90% af andvirði lánsins en ábyrgð bankans 10% en þó fari skuldbindingar eigendanna aldrei fram úr ECU 1,8 milljörðum í heild.

Stofnfjáraukningin sem hér um ræðir og bíður samþykktar þjóðþinganna fimm, mun auka heildarbolmagn bankans til útlána innan og utan Norðurlanda úr ECU 9–10 milljörðum í ECU 14 milljarða.

Nýr stofnsamningur NIB.

Starfsemi Norræna fjárfestingarbankans hefur orðið mun alþjóðlegri en fyrirsjáanlegt var við stofnun hans árið 1975. Ástæður þessa er fyrst og fremst að finna í breytingum á atvinnulífi Norðurlandanna þar sem fyrirtæki sækja nú fastar á erlenda markaði en áður. Á þessum rúmu tveimur áratugum hefur einnig orðið veruleg breyting á því umhverfi sem bankinn starfar í, bæði hvað varðar skattareglur og reglur á fjármálamarkaði.

Aðildarríkin (Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð) hafa nú undirritað nýjan stofnsamning sem treystir stöðu NIB sem alþjóðlegs lögaðila og miðar að því að bankinn standi jafnfætis öðrum fjölþjóðlegum fjármálastofnunum sem hann starfar með.

Staðfesting hins nýja stofnsamnings Norræna fjárfestingarbankans er nú til meðferðar hjá þjóðþingunum fimm.

Evran: Ný reikningseining NIB.

Frá árinu 1993 hafa reikningar NIB verið færðir í ekum (ecu). Þegar þriðji og síðasti áfangi Efnahags- og myntbandalagsins (EMU) hefst í ársbyrjun 1999 mun bankinn skipta um reiknings- og fjármagnseiningu og taka upp evru (euro) í stað eku (ecu), í hlutfallinu 1:1. Þessi breyting mun að ýmsu leyti styrkja stöðu NIB. Hin nýja reikningseining, evra, verður nú raunverulegur gjaldmiðill 11 Evrópulanda, og mun hasla sér völl sem alþjóðlegur gjaldmiðill við hlið Bandaríkjadals. NIB hafði lítið gagn af eku (ecu) í útlánum eða lántökum enda ekan „gengisgjaldmiðill". Evran mun á hinn bóginn einfalda fjárstýringu NIB að ýmsu leyti. Þegar fram líða stundir og fjármagnsmarkaður EMU vex fiskur um hrygg verður einnig AAA/Aaa-lánshæfiseinkunn NIB án efa enn verðmætari en fyrr við lánsfjáröflun. Þetta skiptir miklu máli ekki síst á tímum ólgu og óvissu á alþjóðlegum fjármagns- og gjaldeyrismörkuðum.

Sú efling bankans sem felst í hinum nýja stofnsamning, fjármagnsaukningunni og upptöku evrunnar sem reikningseiningar kemur því á réttum tíma.

Horft til framtíðar.

Til lengri tíma litið mótast starfsemi bankans af þeirri þróun sem verður í efnahagslegu og alþjóðlegu umhverfi Norðurlanda. Greina má þessa meginstrauma:

— Alþjóðavæðing atvinnulífs og fjármálastarfsemi.
— Evrópusamruni þar sem Efnahags- og myntbandalagið (EMU) er þungamiðjan um þessar mundir.
— Tenging ríkja sem áður bjuggu við miðstýrðan áætlunarbúskap við alþjóðlega markaðskerfið.
— Einkavæðing innviða og iðnaðar í opinberri eigu um allan heim.

Þessi þróun mun án efa færa með sér ný og ögrandi verkefni fyrir allar fjármálastofnanir. Hlutverk NIB er að vinna með norrænum fyrirtækjum og fjármálastofnunum að því að efla samkeppnishæfni og heilbrigða framvindu efnahagsmála í þessu nýja og síbreytilega umhverfi.

26.2. Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Á árinu 1998 var starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins í samræmi við nýja stefnumörkun, sem iðnaðarráðherrarnir höfðu samþykkt. Þar er lagður til grundvallar styrkur norrænnar samvinnu á sviði iðnaðarrannsókna og þróunar í evrópsku samhengi. Mun sjóðurinn hér eftir fást í enn ríkari mæli við fjármögnun á frumskeiði nýsköpunarferlis og hvetja til verkefnahugmynda á norrænum vettvangi. Verkefna sem ýmist væri hægt að fjármagna frá Evrópu eða í viðkomandi landi. Megináherslan er eftir sem áður lögð á starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem og þróun og framleiðslu þar sem höfð er hliðsjón af umhverfisvernd, lífsgæðum og heilbrigði.

Árið 1998 var hið fyrsta þriggja ára rekstraráætlunar 1998–2000. Í júnímánuði var minnst aldarfjórðungsafmælis sjóðsins og í ágúst tók nýr forstjóri við stjórnartaumum þar.

Í framhaldi framangreindrar skýrslugerðar og umfjöllunar ráðherra- og embættismannanefndar um hið norræna samstarf og samstarfskosti að því er tekur til nýsköpunar og þróunar, vinnur stjórn og framkvæmdastjóri að tillögugerð varðandi hlutdeild af sjóðsins hálfu.

Ársskýrsla Norræna iðnaðarsjóðsins fyrir starfsárið kemur út í febrúar 1999.

26.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef).

Samstarf um útflutningsverkefni.

Markmið Norræna verkefnaútflutningssjóðsins, (Nopef) er að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Þetta gerir sjóðurinn með því að styðja for- og arðsemisathuganir á verkefnum sem talið er að geti leitt til nýrra viðskiptatækifæra á erlendum mörkuðum. Í þessu skyni veitir Nopef lán á hagstæðum kjörum. Jafnframt stendur sjóðurinn fyrir almennum athugunum sem geta komið norrænu viðskiptalífi að gagni í þessu samhengi.

Nopef styður við forathuganir vegna útflutningsverkefna eftir tveimur meginleiðum. Annars vegar er um að ræða almennan stuðning við slík verkefni utan aðildarríkja ESB og EFTA. Hins vegar styður sjóðurinn samstarf norrænna og baltneskra fyrirtækja með því að veita lán til stofnunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Eistlandi, Lettlandi og Litháen (BIP-lán). Að auki hefur Nopef með höndum nokkur smærri verkefni, m.a. stuðning við grannsvæðin í Norðvestur-Rússlandi og samstarfsverkefni við ESB.

Almenn verkefni.

Nopef veitir fyrirtækjum áhættulán til for- og arðsemisathugana á verkefnum sem til þess eru fallin að efla útflutning frá Norðurlöndum og stuðla að alþjóðavæðingu norrænna fyrirtækja. Lánin geta svarað til allt að 50% af kostnaði við gerð slíkra athugana og getur sjóður-

inn breytt þeim í styrk reynist ekki grundvöllur fyrir verkefninu en annars ber að endurgreiða þau. Lánin eru vaxtalaus.

Helstu forsendur fyrir stuðningi Nopefs eru:

— Verkefnið verður að vera vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni.
— Verkefnið verður að tengjast löndum utan ESB og EFTA.
— Norrænir hagsmunir þurfa að liggja að baki verkefninu.
— Raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins þarf að liggja fyrir.

Verkefnin geta verið af margvíslegu tagi og er lögð meginhersla á að viðunandi líkur séu á að þeim verði hrint í framkvæmd.

Lán vegna baltnesku ríkjanna (BIP).

Í tengslum við fjárfestingaráætlunina fyrir baltnesku ríkin (BIP) hafa norrænu löndin falið Nopef að styðja norræn fyrirtæki til að stofna lítil og meðalstór fyrirtæki í þessum löndum. Í vissum tilvikum kemur einnig til greina að styrkja fyrirtæki frá umræddum ríkjum ef það er í samstarfi við norrænan aðila. Stuðningurinn samkvæmt þessari áætlun, sem nær til ársloka 1999, er í formi vaxtalauss láns eins og þegar um almennan stuðning er að ræða. Lánin geta hins vegar numið allt að 60% af áætluðum kostnaði við athuganirnar og ef verkefnið leiðir til árangurs er hægt að sækja um 20% viðbótarlán. Ef verkefni er ekki hrint í framkvæmd getur lántaki sótt um niðurfellingu lánsins. Verkefnin eru jafnframt skilgreind víðar en almennu verkefnin, m.a. ná þau til undirbúnings viðskiptaáætlana og samstarfssamninga, tillögugerðar um endurskipulagningu fyrirtækja o.fl. Hámarksstuðningur við hvert verkefni er 600 þúsund finnsk mörk.

Verkefnin 1998.

Nopef studdi 99 verkefni á árinu 1998 og nam stuðningurinn við þau rúmlega 298 millj. ísl. kr. Þar af voru tvö íslensk verkefni sem fengu samtals 7 millj. ísl. kr. Hér á eftir er sýndur fjöldi verkefna eftir löndum og fjárhæðir fyrir árin 1997 og 1998.

	Fjöldi		Fjárhæð (millj. ísl. kr.)	
	1997	**1998**	**1997**	**1998**
Danmörk	39	43	118,7	141,3
Eistland	1	4	3,5	12,4
Finnland	24	12	64,3	33,7
Ísland	2	2	8,7	7,0
Litháen		1		3,9
Noregur	16	16	52,6	44,3
Svíþjóð	23	21	61,4	55,4
Samtals	**105**	**99**	**309,2**	**298,0**

Enginn vafi er á því að starfsemi Nopef hefur verið að styrkjast undanfarin ár og árangurinn að aukast, sérstaklega hefur áherslan á grannsvæðin verið að skila sér. Verkefnum hefur fjölgað sem leitt hafa af sér viðskipti og jafnframt hefur eftirspurn eftir stuðningi frá sjóðnum aukist.

Nopef, sem settur var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfissjóðsins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar staðsettar í Helsingfors.

26.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF).

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) tók formlega til starfa 1. febrúar 1989. Hann hefur aðsetur hjá Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) í Helsinki og nýtur samrekstrar með honum að mörgu leyti. Ákvörðun var tekin vorið 1996 um að ríflega tvöfalda stofnfé sjóðsins, sem er nú 515 millj. SDR (um 50 milljarðar ísl. kr.), sem greiðist af Norðurlöndunum samkvæmt viðtekinni kostnaðarskiptareglu.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Fyrst og fremst er lánað til fátækustu ríkja heims. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast. Lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns, sem er útgreiddur, og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Í litlum mæli hafa einnig verið veitt áhættulán til einkafyrirtækja.

Á árinu 1998, fram til 1. desember, hafði sjóðurinn undirritað lán að fjárhæð 42,1 millj. SDR, en heildarlán á árinu nema væntanlega hátt í 50 millj. SDR (tæpir 5 milljarðar ísl. kr.) til alls 14 verkefna. Frá stofnun hefur sjóðurinn þar með veitt lán að fjárhæð um 360 millj. SDR (um 35 milljarðar ísl. kr.).

Sex lán hafa verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta:

a. Lán var veitt til fiskveiðiverkefnis í Malawi að fjárhæð 2,8 millj. SDR (um 270 millj. ísl. kr.). Sjóðurinn tekur þátt í verkefninu ásamt Alþjóðabankanum og Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ). Verulegur hluti lánsins var notaður til byggingar tveggja skipa á Íslandi, rannsóknarskips og togveiðiskips, auk þess sem ýmiss annar tækjabúnaður var keyptur frá Íslandi.
b. Fiskveiðiverkefni í Namibíu hlaut 1,5 millj. SDR lán (um 150 millj. ísl. kr.). Sjóðurinn tók þátt í fjármögnun verkefnisins ásamt NIB. Verkefnið er samstarfsverkefni Íslenskra sjávarafurða hf. og félags í eigu namibískra stjórnvalda, sem í sameiningu hafa ráðist í verulegar fjárfestingar vegna uppbyggingar veiða og vinnslu í sameiginlegu fyrirtæki, Seaflower Whitefish Corporation í bænum Luderitz. Lán NDF var notað til kaupa á tækjabúnaði í frystihús og frystitogara fyrirtækisins, m.a. frá Íslandi.
c. Á Grænhöfðaeyjum hefur sjóðurinn tekið þátt í verkefni í samvinnu við ÞSSÍ um fjármögnun fiskveiðiverkefnis. Veitt hefur verið lán að fárhæð 2,1 millj. SDR (rúmar 200 millj. ísl. kr.) til að kosta fræðslustarfsemi, ráðgjöf og tækjabúnað. Verkefnið var að hluta til undirbúið af íslenskum ráðgjöfum fyrir hönd NDF og tækjabúnaður keyptur frá Íslandi að hluta til.
d. Í Tanggu í Kína hefur NDF tekið þátt í hitaveituverkefni í samvinnu við NIB. NDF hefur lánað um 0,7 millj. SDR (um 70 millj. ísl. kr.) en NIB tvöfalt meira. Íslenskir ráðgjafar hafa starfað að verkefninu og töluvert af búnaði var keyptur frá Íslandi til verkefnisins, sem nú er lokið.
e. Sjóðurinn hefur veitt rammalán að fjárhæð 5,6 millj. SDR (um 550 millj. ísl. kr.) til Þróunarbanka Austur-Afríku (East African Development Bank), sem er í eigu ríkissjóða Kenya, Tansaníu og Uganda, með aðsetur í Kampala. Þessum lánaramma er ætlað að styðja smá- og meðalstór fjárfestingarverkefni. Íslenskum aðilum var veitt lán að fjárhæð 500 þús. bandaríkjadala (um 35 millj. ísl. kr.) til fjárfestinga í fiskveiðum og vinnslu við Viktoríuvatn.
f. Sjóðurinn hefur veitt lán til fiskveiðiverkefnis í Mósambík í samvinnu við ÞSSÍ og dönsku þróunarsamvinnustofnunina DANIDA. Lán sjóðsins er 3,6 millj. SDR (um 350 millj. ísl. kr.) og hefur að hluta til verið notað til að fjármagna rekstur rannsóknarskips-

ins Fengs. Breytingar og viðhald á skipinu, áður en það hélt til Mósambík, voru unnar á Íslandi.

Að auki má nefna að á árinu 1998 hefur þátttaka sjóðsins í endurfjármögnun Seaflower-fyrirtækisins í Namibíu verið undirbúin í samvinnu við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins á Íslandi. Þar er íhugað að NDF veiti áhættulán.

Þess er vænst að þremur verkefnum, sem sjóðurinn hefur stutt í samvinnu við ÞSSÍ, muni ljúka á næsta ári, þ.e. fiskveiðiverkefninu á Grænhöfðaeyjum, fiskveiðiverkefninu í Malawi og rannsóknarþætti sjávarútvegsverkefnis í Mósambík, en líkur eru á að framhald verði á einhverjum þessara verkefna.

Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 16 millj. SDR (tæpir 1,6 milljarðar ísl. kr.). Íslensk fyrirtæki hafa unnið samninga sem nema um 1,8% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun hans. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í allnokkrum mæli keypt íslenska sérfræðiþjónustu til verkefnaundirbúnings og eftirlits.

Á árinu 1999 mun fara fram heildarmat á starfsemi sjóðsins til undirbúnings ákvarðanatöku um frekari fjármögnun hans árin 2001–2005.

Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar Norðurlandanna fimm. Fulltrúi Íslands í stjórn er Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en hann gegndi stjórnarformennsku frá miðju ári 1997 fram á mitt ár 1998. Varamaður hans er Björn Dagbjartsson, forstjóri ÞSSÍ. Starfslið sjóðsins telur 14 starfsmenn. Meðal þeirra er einn Íslendingur, Guðmundur Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu. Hann gegnir starfi sérstaks ráðgjafa (Senior Adviser) um tveggja ára skeið í fjarveru Engilberts Guðmundssonar, aðstoðarforstjóra sjóðsins, sem starfar tímabundið hjá Alþjóðabankanum í Washington.

26.5. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Árið 1998 var áttunda starfsár Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Stofnfé félagsins er 80 millj. ekna.

Megintilgangur félagsins samkvæmt stofnsamningi Norðurlandanna er að stuðla að umhverfisbótum svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefna og fyrirtækja. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum er að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu norrænu landanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO nemur að jafnaði ekki meiru en 25% af heildarhlutafé.

Í árslok 1998 hafði stjórn NEFCO samþykkt þátttöku í alls 43 verkefnum með fjármögnun í formi hlutafjár og lána að upphæð 49,09 millj. ekna en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er um 592,5 millj. ekna.

Verkefnin skiptast þannig eftir löndum: Pólland 13, Tékkland 4, Slóvakía 2, Eistland 8, Lettland 11, Litháen 2 og Rússland 3. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Ísland 2, Danmörk 10, Finnland 11, Noregur 9 og Svíþjóð 11.

Styrktarsjóður NEFCO (Blødgøringsfaciliteten).

Árið 1996 var tekin ákvörðun um að stofna styrktarsjóð við NEFCO og starfrækja hann næstu þrjú ár. Árið 1998 námu framlög til sjóðsins 35 millj. d.kr., 25 millj. d.kr. frá norrænu löndunum og 10 millj. d.kr. af norrænum fjárlögum.

Frá stofnun sjóðsins hafa 21 verkefni verið til umfjöllunar og ýmist verið tekin ákvörðun um styrk eða lýst yfir vilja til að styrkja. Sjö þessara verkefna eru komin til framkvæmda. Samtals hefur sjóðurinn ráðstafað og samþykkt framlög að fjárhæð um 87 millj. d.kr. og ef talin eru með þau verkefni sem lýst hefur verið vilja til að styrkja hefur um 124 millj. d.kr. verið ráðstafað.

Á árinu 1998 fór fram úttekt á starfsemi sjóðsins ásamt mati á árangri starfseminnar. Í framhaldi af því var ákveðið að halda áfram starfsemi sjóðsins 1999–2003 á svipuðum grunni og áður, þ.e. með árlegum framlögum frá aðildarríkjum og úr sameiginlegum sjóði Norrænu ráðherranefndarinnar. Nafni sjóðsins var breytt og heitir hann nú norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (Nordiska Miljöutveklingsfonden — NMF).

26.6. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda.

Samþykktir.

Ráðherranefndin ákvað 1997 breytingu á samþykktum sjóðsins með gildistöku áramótin 1997/98. Breytingin felur í sér að sjóðnum er ætlað að leggja aukna áherslu á lánveitingar til Færeyja og Grænlands og er honum ekki lengur ætlað að lána til fyrirtækja á Íslandi nema þau séu í samstarfi við Færeyinga eða Grænlendinga. Færeyingar og Grænlendingar geta á hinn bóginn sótt einir um lán til verkefna sinna eða þá í samstarfi við hvaða þjóð sem er.

Breyting samþykktanna felur einnig í sér að sjóðnum er ætlað að nota hluta af hagnaði sínum (allt að 1,5 MDKK) til að styrkja starfsemi NORA, Norrænu Atlantsnefndarinnar, sem vinnur að samstarfi Færeyja, Grænlands, Íslands og Noregs. Framlag sjóðsins bætist við landsframlög frá Færeyjum, Íslandi og Grænlandi.

Rekstur.

Breytingar hafa verið gerðar á rekstri sjóðsins 1998 í samræmi við hinar nýju samþykktir og í byrjun ársins ákvað stjórn sjóðsins að gera stefnumótandi áætlun fyrir starfsemina næstu árin, sem borin hefur verið undir ráðherranefndina og hlotið samþykki hennar.

Opnaðar hafa verið skrifstofur í Færeyjum og á Grænlandi til þess að styrkja starfsemi sjóðsins þar. Einn starfsmaður hefur verið fluttur frá Reykjavík til skrifstofunnar í Færeyjum en nýr starfsmaður hefur verið ráðinn til skrifstofunnar á Grænlandi. Á aðalskrifstofunni er forstjórinn auk tveggja starfsmanna í hálfu starfi.

Á næstunni mun aðalskrifstofan flytja úr leiguhúsnæði sínu til margra ára hjá Byggðastofnun í nýtt leiguhúsnæði hjá Landsbanka Íslands við Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík.

Útlán.

Í samræmi við hinar nýju samþykktir voru engar íslenskar lánsumsóknir lagðar fyrir stjórn sjóðsins á árinu, en átta lán til iðnfyrirtækja á Íslandi sem sótt hafði verið um 1997 eða fyrr, voru borguð út á árinu.

Veruleg aukning varð á umsóknum frá Færeyjum og Grænlandi 1997 og 1998. Í lok ársins 1998 var gert ráð fyrir allt að níu útborguðum lánum til þessara landa á árinu (fimm lán til útgerðar, fiskvinnslu og iðnaðar í Færeyjum og fjögur lán til hótela á Grænlandi).

Stjórn.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju Norðurlandanna auk fulltrúa frá Grænlandi og Færeyjum og hefur hver þeirra einn varamann.

26.7. Norræni menningarsjóðurinn

Fjöldi umsókna sem bárust Norræna menningarsjóðnum árið 1998 var meiri en nokkru sinni fyrr, eða 995 umsóknir að upphæð 230 millj. d.kr. Fjöldi veittra styrkja hefur ekki verið í samræmi við þessa miklu aukningu í fjölda umsókna síðast liðin ár. Þess má geta að frestur til að skila inn umsóknum er frá og með áramótunum 1997/1998 tvisvar sinnum á ári í stað fjórum sinnum áður. Stjórnarfundir á árinu voru þrír.

Styrkir að upphæð 28,5 millj. d.kr. voru veittir á árinu, þar af voru styrkir að upphæð 23 millj. d.kr. greiddir út af fjárveitingu ársins 1998 en 5,5 millj. d.kr. eru greiddar út af fjárveitingu ársins 1999 og er þar um að ræða verkefni vegna norrænu menningarborganna árið 2000, Bergen, Helsinki og Reykjavík.

Stjórnin tók á árinu ákvörðun um að vinna að þróunaráætlun fyrir sjóðinn. Áherslur, ný styrksvið, nýir markhópar og starfsemi sjóðsins í ljósi markmiðsins um þrjár stoðir norræns samstarfs eru meðal málefna sem skoða á nánar. Jafnvel mætti skoða nánar hvernig verkefnum sem hlotið hafa styrk er fylgt eftir, gera úttektir á verkefnum sem lokið er og byggja á fenginni reynslu þegar mótaðar eru framtíðaráherslur.

Norræni menningarsjóðurinn fékk í nóvember aukafjárveitingu fyrir árið 1999 að upphæð 1,5 millj. d.kr. sem mun efla sjóðinn og auka möguleikana á að koma til móts við eftirspurn eftir styrkjum.

II. STARFSÁÆTLUN NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR (C2) OG MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 1999

Inngangur.

Styrkur hins norræna samstarfs felst í langri hefð, rótgrónu neti náinna persónulegra tengsla, áþekkum viðhorfum til samfélagsins og einlægum áhuga á að finna í sameiningu nýjar leiðir til að þróa norrænt samfélag. Breytingar á formi samstarfsins við ríki meginlands Evrópu hafa því fremur eflt en veikt norrænt samstarf. Á æ fleiri sviðum leiðir norrænt samstarf til árangurs sem með eðlilegum hætti má nýta í samstarfinu í Evrópu.

Norrænt samstarf er í stöðugri þróun. Á síðasta þingi Norðurlandaráðs gáfu varnamálaráðherrarnir í fyrsta sinn skýrslu. Verður svo einnig framvegis. Undir formennsku Norðmanna hafa ráðherrar á sviði upplýsingatækni hist og væntanlega leiðir það framtak til norræns samstarfs af formlegri toga á þessu sviði. Í formennskutíð Svía árið 1998 hefur verið hafist handa um að kanna hvort hentugt sé að koma á kerfisbundnu norrænu samstarfi á fleiri sviðum.

Sú grunnhugmynd stenst að norrænt samstarf eigi að veita aðildarríkjum samstarfsins aukinn ávinning. Samstarfið á Norðurlöndum hvílir á því grunngildismati sem Norðurlandaþjóðirnar standa vörð um. Það fjallar um samkennd bæði hvað varðar menningu og tungu en einnig sameiginlegt gildismat hvað varðar lýðræði, grunnréttindi af félagslegum toga og aðra þætti sem móta gott samfélag handa íbúunum. Á allnokkrum sviðum skila samnorrænar lausnir augljósum ávinningi í aukinni hagkvæmni, eflingu norrænnar ímyndar og hagstæðari samkeppnisstöðu á alþjóðavettvangi. Þetta á einnig við um samstarfið við grannsvæðin og innan Evrópu.

Samkvæmt tilmælum Norðurlandaráðs skal efla vægi grannsvæða í starfinu svo að heildarhlutur þess þáttar nálgist fimmtung fjárlaga. Þennan áhersluauka ber einnig að telja samnorrænt framlag til eflingar norðlægri vídd Evrópusambandsins.

Umbótastarfi undanfarinna ára á starfssviðum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar með áherslu á stoðirnar þrjár og á starfsemi sem stuðlar að því að varpa ljósi á hina pólitísku vídd samstarfsins hefur á árinu 1998 verið fylgt eftir með m.a. skipulagsbreytingu á skrifstofu ráðherranefndarinnar. Komið hefur verið á rökréttari ábyrgðarskiptingu milli hinna ýmsu aðila á vettvangi ráðherranefndarinnar. Skipulagsbreytingin á skrifstofunni felur í sér að hún getur verið virkari við undirbúning og eftirfylgd pólitískra ákvarðana með augljósari ábyrgð aðila innan stofnunarinnar.

Hið virka formennskuhlutverk skapar góða undirstöðu fyrir pólitíska forgangsröðun í norrænu samstarfi. Formennska Svía á árinu 1998 á sér stoð í undangenginni formennsku Norðmanna og slíkt stuðlar að stöðugri þróun. Í áætlun Svía er athyglinni beint að atvinnumálum og sjálfbæru samfélagi — og sér þess einnig stað í starfsemi komandi árs.

Starfsáætlunin og fjárlagafrumvarpið fyrir árið eru að ýmsu leyti breytt. Norðurlandaráð hefur í allnokkrum tilmælum sínum óskað eftir því að starfsáætlunin og fjárlagafrumvarpið yrðu einfölduð bæði að inntaki og uppbyggingu svo að kröfum um yfirsýn væri betur fullnægt. Starfsáætlunin nær í ár einungis til pólitískra heildaráætlana og athyglinni er beint að stoðunum þrem. Í fjárlagafrumvarpinu er í innganginum að finna greinargóða samantekt á frumvarpinu eins og það skiptist á stoðirnar þrjár. Fjárlagatextarnir eru kerfisbundnari þannig að tilgangur hvers liðs er greinilegur, áherslur varðandi árið 1999 koma glögglega fram og stuttlega er gerð grein fyrir afkomu ársins 1997.

A. STARFSÁÆTLUN NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR (C2)

Samstarfið á Norðurlöndum.

Norrænt samstarf grundvallast á meginstoðunum þrem. Samstarfið á Norðurlöndum er þó áfram fjöreggið. Þar með er ekki sagt að samstarfið eigi að dvelja við það sem var síður en svo. Styrkur samstarfsins felst í getunni til endurnýjunar, m.a. í tengslum við forgangsröðun þess lands sem fer með formennsku, en jafnframt er ljóst að varðveita og þróa ber allnokkur grunnsamstarfssvið.

Svar við spurningunni um hvers vegna starfsemi eigi að fara fram undir samnorrænni stjórn ræðst áfram af skilyrðinu um „norrænt notagildi“ sem tekið var upp í kjölfar skýrslu sameiginlegs starfshóps á vegum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um umbætur í norrænu samstarfi.

Um alla norræna starfsemi skal gilda að hún

— færi að öðrum kosti fram undir stjórn hvers ríkis fyrir sig en samnorrænum lausnum fylgi veruleg jákvæð áhrif;
— staðfesti og efli norræna samkennd;
— bæti norræna starfshæfni og samkeppnisstöðu.

Beiting reglunnar um norrænt notagildi hefur m.a. leitt til sýnilegs árangurs í tengslum við úttektina á samnorrænum stofnunum. Allnokkrar stofnanir hafa breyst eða verið lagðar af og aðrar og skilvirkari leiðir hafa þróast fyrir norrænt samstarf, t.d. í formi tengslaneta sem haga starfsemi sinni eftir þörfinni hverju sinni.

Starfsemi og framtíð samnorrænna stofnana er stöðugt í athugun. Mat á stofnununum skal áfram miðast við norrænt notagildi þeirra.

Á mörgum sviðum fer fram árangursríkt samstarf án nokkurs samnorræns fjárframlags. Samnorrænar fjárveitingar ráða ekki úrslitum um það hvort koma megi á norrænu samstarfi. Almennt má segja að ekki er mikið um samnorræna starfsemi sem er fjármögnuð eingöngu

með fjárveitingum á norrænu fjárlögunum. Áhrif norræns fjármagns magnast ef það nýtist framvegis í meiri mæli en endranær sem aflvaki, sem kveikja að frekara norrænu samstarfi.

Samstarf á sviði menningar, menntamála og vísinda er mikilvægt vegna þess að það festir í sessi norræna ímynd hvað varðar tungu, menningu og gildismat. Það tryggir að Norðurlandaþjóðirnar eru á allmörgum sviðum vísinda meðal fremstu þjóða heims, einnig á svokölluðum þröngum vísindasviðum þar sem Norðurlandaþjóðirnar myndu hver í sínu lagi vera of veikburða.

Efla ber vísindasamstarfið og beina því að sviðum þar sem norrænn ávinningur næst og Norðurlönd geta látið til sín taka á alþjóðavettvangi og enn fremur þar sem Norðurlandaþjóðirnar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Samstarfið kemur til með að eflast og vera í háum gæðaflokki í krafti þeirrar norrænu stefnumótunar um rannsóknir og vísindi sem samþykkt hefur verið til að stuðla að samræmingu og skapa sameiginlegan grundvöll fyrir mat á samnorrænni vísindastarfsemi.

Endurskoðun menningarsamstarfs er nú í undirbúningi og lögð verður fram tillaga að stefnumótun um samstarf á komandi árum á sviði menntamála og vísinda.

Börn og ungmenni eru í brennidepli og unnið er af kappi að því að hrinda í framkvæmd áætlunum um norrænt menningarsamstarf í þágu barna og ungmenna. Áfangaskýrsla varðandi framkvæmdaáætlunina um menningarsamstarf í þágu barna og ungmenna 1996–2000 verður lögð fyrir 50. þing Norðurlandaráðs.

Á sviði fjölmiðlunar er lögð mikil áhersla á að fylgja eftir sameiginlegri afstöðu menningarmálaráðherranna um að efla almenningsþjónustu (public service). Þessi starfsemi er vænleg til að ná mikilvægum meningarlegum markmiðum, sem festa ber í sessi og þróa þegar nýja stafræna tæknin verður tekin í notkun. Enn fremur er viðleitni í þá veru að skapa opið tæknikerfi til móttöku á stafrænu sjónvarpi, þ.e. að finna sameiginlegar tæknilegar lausnir varðandi hentugan móttökubúnað. Norðurlandaþjóðirnar starfa einnig saman að því að fylgja eftir tækniþróuninni hvað eftirlit varðar.

Mikilvægt áherslusvið er að viðhalda framleiðslu norrænna kvikmynda og norræns sjónvarpsefnis með styrk frá Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum. Bæði á sviði kvikmynda og sjónvarps er lögð áhersla á framleiðslu efnis í háum gæðaflokki sem höfðar til barna og ungmenna.

Í framtíðinni verða aðgerðir gegn útlendingaandúð og til eflingar skilnings á fjölmenningu áberandi á mörgum sviðum, ekki síst á sviði menningar- og menntamála. Menningarstarfsemi og íþróttir gegna mikilvægu hlutverki í þeirri viðleitni að stuðla að jákvæðri afstöðu til fjölmenningar Norðurlanda.

Á sviði tungumálasamstarfs verður lögð fram tillaga að heildarstefnu Norðurlanda varðandi tungumál. Hún getur orðið undirstaða frekari þróunar á þessu sviði og stuðlað að aukinni samþættingu aðgerða á tungumálasviði við aðra starfsemi ráðherranefndarinnar.

Áætlanir um aukin ferðalög og náms- og starfsdvöl eru mikilvægar í því skyni að efla sjálfsímynd unglinga og þroska hana í þá veru að hún nái til Norðurlanda í heild enda hefur í mörg ár verið lögð áhersla á þessa staðreynd. Á sviði menntamála og vísinda njóta þessar áætlanir áfram forgangs. Norræna ráðherranefndin hyggst viðhalda Nordjobb-áætluninni, sem veitir unglingum tækifæri til að fá sumarvinnu annars staðar á Norðurlöndum.

Á sviði samstarfs um byggðamál verður áfram unnið að því að styðja byggðastefnu þjóðanna með því að miðla þekkingu og reynslu. Á árinu 1999 verður lögð fram tillaga að samstarfsáætlun á sviði byggðamála. Samstarfi landamærasvæða verður haldið áfram í því skyni að efla efnahagslega og menningarlega samþættingu á landamærasvæðum.

Framkvæmd norrænnar áætlunar, sem nær yfir mörg svið og fjallar um aukið öryggi matvæla, verður brýnt áherslusvið. Meðal brýnustu viðfangsefna verða þverfagleg verkefni um merkingu matvæla, ásamt vinnu starfshóps sem m.a. á að athuga vandamál varðandi salmónellu og varðandi fúkalyf í skepnufóðri.

Norrænu samstarfi á sviði umhverfismála verður beint að því að tryggja framkvæmd Norrænnar umhverfisáætlunar 1996–2000. Samstarf verður hafið um þróun sameiginlegra norrænna markmiða varðandi umhverfisgæði, og sama á við um aukna skilvirkni í nýtingu auðlinda, í því skyni að stuðla að því að langtímamarkmiðum verði náð um sjálfbær Norðurlönd með tilliti til umhverfismála.

Samstarf á sviði orkumála, sem byggt er á yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlandanna árið 1997, beinist að því að tryggja sjálfbæra orkuöflun á Norðurlöndum og annars staðar kringum Eystrasalt.

Innan sjávarútvegsins verður á árinu 1999 áfram unnið að framkvæmd upplýsingaáætlunar („Den Grønne Bølge"). Unnið er að því að áætlunin geti orðið fyrirmynd fyrir ESB en innan sambandsins eru uppi óskir um að veita neytendum gleggri upplýsingar um sjávarútveg.

Í formennskutíð Svía á árinu 1998 hefur verið lögð áhersla á að vinnumarkaðssviðið væri lykilsvið. Ný samstarfsáætlun fyrir vinnumarkaðs- og vinnuumhverfissviðið verður undirbúin á árinu 1999, og hyggst ráðherranefndin efla starfið í því skyni að fjölga atvinnutækifærum og styrkja málefni vinnumarkaðarins sem hluta af velferðarkerfi Norðurlanda. Sérstaklega verður lögð áhersla á aðgerðir til þess að bæta möguleika þeirra hópa sem eiga í erfiðleikum með að komast inn á vinnumarkaðinn. Enn fremur hyggst ráðherranefndin athuga afleiðingar þess með tilliti til vinnuréttar og vinnuumhverfis að tekin er í notkun ný tækni.

Ráðherranefndin hyggst vinna áfram að því að þróa norrænt samstarf á sviði jafnréttismála í því skyni að festa jafnréttisstarf í sessi og auka skilvirkni þess auk þess að tryggja norrænan vettvang fyrir frekara samstarf. Í einu verkefni er ætlunin að þróa aðgerðir og starfshætti til þess að tryggja að jafnréttissjónarmið ryðji sér til rúms í málefnum vinnumarkaðar og æskulýðsmálum. Jafnvel í eigin starfsemi ráðherranefndarinnar verður vægi jafnréttisstarfs aukið.

Samstarf við frjáls félög og almenningssamtök verður aukið og eflt. Stuðla ber að sífelldri umræðu og hin frjálsu félagasamtök eiga í þeim mæli sem unnt er að dragast inn í norrænt samstarf. Við mat á nýrri skipan samstarfs, sem fullnægir skilyrðum um norrænt notagildi, skulu frjálsu félagasamtökin ávallt vera með í skoðanaskiptum um það hvernig best sé að leysa verkefnið.

Í norrænu samstarfi skipa Vestur-Norðurlönd áfram þýðingarmikinn sess og menningartengslin sem liggja om norrænu húsin og stofnanirnar skulu efld og þróuð.

Samstarfið við Evrópu/ESB/EES.

Samstarf ráðherranefndarinnar um málefni Evrópu/ESB/EES hefur breyst með afgerandi hætti að loknum umbótum í norrænu samstarfi á árinu 1995 og eftir að Finnar og Svíar gengu í ESB. Evrópumálefni eru nú órjúfanlegur hluti af starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Samstarf Norðurlanda á vettvangi ráðherranefndarinnar skal byggt á hinum sameiginlega grunni Norðurlanda og stuðla að þróun hans. Samstarfinu skal beint að þeim sviðum þar sem Norðurlöndin eiga sameiginlega hagsmuni og hafa uppi óskir um að hafa áhrif á dagskrána í Evrópusamvinnunni. Norrænt samstarf á jafnframt að mynda brú milli þeirra ríkja Norðurlanda sem eru með í ESB og hinna auk sjálfstjórnarsvæðanna sem eru tengd Evrópusamstarfinu vegna EES og annarra samninga.

Evrópska víddin í norrænu samstarfi felur einkum í sér samstarf innan ESB en einnig samstarf innan EES. Norrænt samstarf varðandi Evrópumálefni getur þó jafnvel fjallað um samstarf í tengslum við aðrar evrópskar stofnanir, t.d. Evrópuráðið. Stefnt er að því að finna vettvang fyrir pólitíska samstillingu og, þegar forsendur verða til þess, sameiginlegt frumkvæði.

Framkvæmd ESB-víddarinnar í norrænu samstarfi hvílir bæði á sameginlegri ákvörðun forsætisráðherranna og Norðurlandaráðs um umbætur frá árinu 1995 og samþykkt samstarfsráðherranna í Uppsölum 1996. Ekki liggur fyrir nein meginaætlun um samstarf ráðherranefndarinnar við ESB/EES. Meðferð ESB/EES-mála er oftast tvinnuð inn í samstarfs- og framkvæmdaáætlanir á hinum ýmsu sviðum.

Samstarfið að Evrópumálunum fær þannig á sig eðlilegan svip samráðs og upplýsingamiðlunar. Engin ósk er um það að norræn samskipan í ESB-málum eigi að leiða til samfylkingar innan ESB en kerfisbundið samráð veitir Norðurlandaþjóðum tækifæri til að gæta sameiginlegra hagsmuna. Skiptast má á upplýsingum bæði á undirbúningsstigi, fyrir fundina í ráðherraráði ESB og á framkvæmdastigi þegar formleg ákvörðunartaka er að baki.

Atriði sem ítrekað er til umræðu á fundum norrænna forsætisráðherra er spurningin um samráð varðandi stefnumarkandi og pólitískt veigamikil ESB/EES-málefni. Árlegur fundur samstarfsráðherra og ESB-sendiherra í Brussel skiptir miklu varðandi samræmingu á afstöðu ráðherranefndarinnar í ESB-málefnum. Aðaltilgangur þessa fundar er að tryggja upplýsingamiðlun um ESB/EES-mál sem á döfinni eru þar sem eru samnorrænir þættir sem huga þarf að, svo og að þróa samstarfið milli ráðuneytanna, ráðherranefndarinnar og sendinefnda ESB á forgangssviðum. Pólitísku merkin sem slíkur fundur sendir út skipta miklu máli fyrir þróun hins svokallaða „þríhyrningssamstarfs“ með þátttöku höfuðborganna, sendinefnda landanna hjá ESB og skrifstofu ráðherranefndarinnar.

Mikilsverður þáttur þessa „þríhyrningssamstarfs“ er nýhafið fyrirkomulag þar sem ráðgjafar ráðherranefndarskrifstofunnar dvelja hjá einni af norrænu sendinefndunum hjá ESB í Brussel. Tveir starfsmenn dvöldu þannig í Brussel á árinu 1998 og hugmyndin er að þrír starfsmenn geri það á tveggja vikna tímabili 1999.

Það markmið að stuðla að norrænni réttareiningu skiptir miklu þegar löggjöf landanna er löguð að tilskipunum ESB. Í ljósi þessa þarf að tryggja norræna samræmingu innan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar áður en aðlögunin fer fram.

Á árinu 1999 verður fyrirkomulag samstarfs milli ráðuneytanna, sendinefnda landanna hjá ESB í Brussel og ráðherranefndarinnar tekið upp á þeim fagsviðum sem hlut eiga að máli. Upplýsingamiðlunin fer alfarið fram með óformlegum hætti og miðast við framkvæmdaáætlanir á fagsviðunum, samstarfsáætlanir, veigamikil rit o.fl. Ráðherranefndin hefur unnið að þróun kerfis sem getur haft uppi á nýjum aðferðum til að tryggja aðgang að upplýsingum og samstarfi eins snemma á ferlinu og hægt er í löggjafarstarfi ESB, svo og til að auðvelda skrifstofunni að taka upp og undirbúa ESB-málefni sem þjóna sameiginlegum norrænum hagsmunum fyrir fundi ráðherranefndarinnar.

Starfinu skal almennt beint að langtímamálefnum eins snemma og unnt er á undirbúningsskeiði málsins hjá ESB. Þegar Norðurlandaríkin þrjú, sem eru aðilar að ESB, gegna formennsku í ESB á komandi árum, Finnland árið 1999, Svíþjóð árið 2001 og Danmörk árið 2002, verður það ákveðinn prófsteinn á norrænt samstarf. Möguleikar þess að finna sameiginleg viðfangsefni eða viðfangsefni sem fylgt verður eftir í formennskutíð þessara þriggja þjóða verða ræddir á árinu. Brýnt viðfangsefni af þessum toga er Norðlæga víddin í ESB. Ráðherranefndin fylgist með gildistöku myntbandalagsins ásamt viðræðum um aðild nýrra ríkja að Evrópusambandinu.

Svo getur farið að samstarfshættir sem miðast við svæðasamstarf komi framvegis til með að skipta meira máli í evrópska samstarfinu. Verði aðildarlönd ESB ríflega 20 talsins er margt sem bendir til að grannríki með skylda menningu telji enn eðlilegra en nú að starfa saman að málefnum í tilvikum þegar slík takmarkaðri umgjörð er talin hagkvæm. Ljóst er að í öðru svæðisbundnu samstarfi á borð við samstarfið í Benelux-ríkjunum og Eystrasaltsráðinu líta aðilar á norrænt samstarf sem fyrirmynd að þróun þeirra eigin stofnana. Þau tengsl sem þegar hefur verið komið á við m.a. Benelux-skrifstofuna verða þróuð enn frekar á árinu 1999. Að frumkvæði ráðherranefndarinnar verður haldin sameiginleg ráðstefna með Benelux-skrifstofunni í Brussel á árinu 1999, þar sem meginviðfangsefnið verður *pólitískt mikilvægi svæðisbundins samstarfs innan ESB.*

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda ásamt Norðurskautssvæðinu.

Forsendur og stefnumarkandi umgjörð.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við grannsvæðin hófst árið 1990 og beindist það fyrst að Eystrasaltslöndunum en síðan var samstarfið aukið 1994 og náði þá til norðvesturhluta Rússlands. Síðan 1995 hefur ráðherranefndin haft Norðurskautsáætlun. Frá og með árinu 1999 teljast grannsvæðin á Norðurskautssvæðinu samkvæmt skilgreiningu ráðherranefndarinnar hluti af grannsvæðum Norðurlanda.

Almenn markmið ráðherranefndarinnar með samstarfinu við grannsvæðin eru skilgreind í skýrslunni „Nordiskt samarbete i en ny tid" (Norrænt samstarf á nýjum tímum), eins og hér segir:

— að stuðla að stöðugleika og þróun lýðræðis á grannsvæðum Norðurlanda,
— að ýta undir mótun vel virks markaðsbúskapar,
— að vinna að því að virðing fyrir mannréttindum aukist og
— að stuðla að ábyrgri og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Á grundvelli tillagna umbótahópsins var árið 1996 skipaður starfshópur (svonefndur Lyra-hópur) sem átti að móta sameiginlega norræna stefnumörkun varðandi grannsvæðin. Á grundvelli tillagna þess hóps samþykktu samstarfsráðherrarnir í októbermánuði 1996 m.a. stefnumarkandi forgangsröðun hvað varðar samstarf ráðherranefndarinnar við grannsvæðin og eru markmið hennar þessi:

— að beina aðgerðum að svæðum þar sem norrænt samstarf skilar ávinningi svo og miðlun norræns gildismats,
— að leggja áherslu á stærri og sýnilegar áætlunarheildir og verkefni,
— lýðræðisþróun ásamt stuðningi við þróun réttarríkis og eflingu á samtökum vinnumarkaðarins og sérstaklega á frjálsum félagasamtökum,
— styrking þess hlutverks sem upplýsingaskrifstofurnar sinna í miðlun norræns gildismats, norrænnar menningar og þekkingar í norrænum tungumálum.

Meðal annarra meginþátta í samþykkt samstarfsráðherranna var m.a. upplýsingamiðlun í því skyni að beina starfsemi ráðherranefndarinnar að þeirri þörf sem fyrir hendi er á grannsvæðunum, auk samstarfs og upplýsingamiðlunar í samskiptum við önnur alþjóðleg samtök og stofnanir sem starfa á grannsvæðum.

Ákvörðuninni um stefnumörkun verður hrint í framkvæmd í starfsáætlun ráðherranefndarinnar með því að verkefnastarfseminni aðallega verður skipt í eftirgreind fjögur viðfangssvið:

— stuðningur við lýðræðisþróun og málefni þegnanna,
— menningarmiðlun,

— sjálfbær auðlindabúskapur og
— efling virks markaðsbúskapar.

Sameiginlegur þáttur í ofannefndum viðfangssviðum er sérstök áhersla á stuðning við viðræður Eystrasaltsríkja um aðild að Evrópusambandinu, svo og þróun hins frjálsa félagageira.

Markmið sameiginlegrar norrænnar stefnu varðandi Norðurskautssvæðin voru skilgreind í tillögu ráðherranefndarinnar að samstarfi á Norðurskautssvæðinu 1995 og í samstarfsáætlun Norðurskautssvæðisins fyrir 1996 eins og segir hér:

— að þróa og bæta lífsgæðin svo og forsendur varðandi efnahagsmál og samgöngu- og veitukerfi til að stuðla að áframhaldandi búsetu á Norðurskautssvæðum, og skal sérstaklega hugað að aðstæðum frumbyggja;
— að stuðla að því að varðveita yfirbragð óbyggða, náttúrugæði og líffræðilega fjölbreytni, svo og stuðla að því að koma á forsvaranlegri og sjálfbærri nýtingu auðlinda svæðisins;
— að minnka og fjarlægja orsakir mengunar land-, haf- og íssvæða og afmarkaðra svæða;
— að þróa hagkvæma samstarfshætti og samstarfsstofnanir með þátttöku ríkja á Norðurskautssvæðinu þar sem tekin er ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun nauðsynlegra aðgerða.

Nýjar krefjandi aðstæður fyrir samstarfið.

Sýnilegustu nýju þættirnir í samstarfi ráðherranefndarinnar við grannsvæðin eru í fyrsta lagi aðild Eystrasaltsríkjanna að evrópskum samruna en slíkt skapar ný tækifæri og gerir nýjar kröfur til samstarfs milli ríkja sem liggja að Eystrasalti. Í öðru lagi er nú með formlegri stofnun upplýsingaskrifstofunnar í Pétursborg unnt að láta samstarf ráðherranefndarinnar við Norðvestur-Rússland ná til Pétursborgarsvæðisins, Barentssvæðisins og Kaliningrad.

Á ráðstefnu sem ráðherranefndin hélt haustið 1997 um samstarfið milli Norðurlanda og grannsvæðanna voru eftirtalin verkefni talin öðrum mikilvægari í framtíðarsamstarfi ríkja sem liggja að Eystrasalti og Barentshafi:

— stækkun ESB í austurátt og þörfin sem því er tengd fyrir að efla íhlutun ESB í málefni Norður-Evrópu (hinn norðlægi þáttur ESB),
— framtíðartengsl milli Eystrasaltslanda og Rússlands svo og
— þróun innri málefna í Rússlandi.

Ef ætlunin er að stefna að stöðugri þróun í Eystrasaltsríkjunum er mikilvægasti þátturinn stækkun ESB stig af stigi. Öll verðandi aðildarríkin eru með í stefnumótun sem felur í sér aðildaráætlun og stuðning við undirbúning að aðildinni á þrennan mismunandi hátt: PHARE, Ispa og pre-FEOGA. Eystrasaltsríkin hafa m.a. með Evrópusamningum sínum, sem tóku gildi í febrúarmánuði 1998, stigið mikilvæg skref í átt að fullri þátttöku í innri markaði Evrópu. Ljóst er að krafa um vegabréfaáritun hefur verið afnumin milli allra Eystrasaltsríkja, Norðurlanda og nokkurra annarra Evrópuríkja. Árið 1995 var gefin út samstarfsyfirlýsing Eystrasaltsríkjanna og EFTA. Líta ber á viðleitni í þá veru að koma á innri markað Eystrasaltsríkjanna sem mikilvægan þátt í undirbúningi fyrir innri markað Evrópu.

Í Rússlandi hafa átt sér stað pólitískar, efnahagslegar og félagslegar umbætur á tíunda áratugnum. Aðildar- og samstarfssamningurinn (PC-samningurinn) milli ESB och Rússneska sambandslýðveldisins, sem öðlaðist gildi í desember 1997, er grundvöllur fyrir þróun samstarfsins milli Rússlands og ESB/EES-ríkja. Samningurinn myndar umgjörð fyrir pólitískar viðræður, er stuðningur við lýðræðisþróunina og upptöku markaðsbúskapar.

Eystrasaltssvæðið er eitt þeirra efnahagssvæða í Evrópu sem er í hvað örustum vexti. Mjög margir aðilar hafa áhuga á samstarfinu á þessum markaði. Öll ríki Norðurlanda hafa

tekið þátt í tvíhliða samstarfi eða fjölþjóðlegu samstarfi á grannsvæðunum. Jafnframt eiga að minnsta kosti 80 alþjóðlegar stofnanir eða samtök aðild að samstarfi á Eystrasaltssvæðinu. Norræna ráðherranefndin er í þessu samhengi samstarfsstofnun sem hefur tök á að framkvæma verkefni, hefur eigin fjárlög, skrifstofu og tengslanet á landsvísu þar sem víðfeðm sérfræðiþekking er fyrir hendi.

Náið samstarf við Baltnesku ráðherranefndina verður á næstu árum mikilvægur þáttur í mótun baltnesk-norræna samstarfsins í átt að samstarfi þar sem stuðningsaðgerðir víkja fyrir vaxandi pólitískum samböndum og viðskiptasamböndum. Í samræmi við þá forgangsröðun sem fram kom á fundi baltneskra og norrænna samstarfsráðherra í febrúarmánuði 1998 er stuðningurinn við aðlögunarferli Eystrasaltsríkja að ESB almennt skilyrði fyrir grannsvæðastarfsemi ráðherranefndarinnar. Enn fremur verður athyglinni sérstaklega beint að því hvernig starfsemi upplýsingaskrifstofanna sérstaklega verður aukin á svæðum utan höfuðborgarsvæða.

Samnorræn þátttaka í alþjóðlega skipulögðum ráðstöfunum til þess að uppræta verstu mengunina af Eystrasaltssvæðinu í samræmi við úttekt HELCOMs á sérlega illa útleiknum stöðum verður áfram mikilvæg. Sérstaklega ber að huga að mengun frá Pétursborgarsvæðinu og Kaliningrad.

Ráðherranefndin, Barentsráðið og svæðisráð þess eiga með sér stöðugt samstarf og miðla sín á milli upplýsingum. Gert er ráð fyrir að sameiginleg fjármögnun komi einnig framvegis til greina í tilvikum þegar um verður að ræða skilgreinda sameiginlega hagsmuni. Auk þátttöku sinnar í Barents-samstarfinu hyggst ráðherranefndin þróa reglubundin og stöðug tengsl við utanríkisþjónustu Rússneska sambandslýðveldisins og lénsstjórnirnar á rússnesku grannsvæðunum.

Þau markmið sem fram voru sett í ráðherranefndartillögu um samstarf á Norðurskautssvæðinu árið 1995 eru enn í fullu gildi. Beðið er eftir þróun mála í Norðurskautsráðinu og líkur eru á því að áheyrnaraðild fáist að ráðinu í fyrirsjáanlegri framtíð en slíkt veitir tækifæri til að samræma betur aðgerðir á Norðurskautssvæðinu og einnig á Barentssvæðinu. Meðan beðið er eftir að tengslunum verði formlega komið á var hafist handa um að skiptast reglulega á upplýsingum við Norðurskautssráðið.

Laga verður starfshættina að starfsemi þjóðbundinna og alþjóðlegra samtaka. Á grundvelli fyrrnefndrar Lyra-skýrslu og sambærilegra gagna sem síðar er aflað er ljóst að aðgerðir einstakra norrænna og sérstaklega evrópskra þjóða til þess að geta skipst á þekkingu við grannsvæðin eru af allt annarri stærðargráðu en samnorrænar aðgerðir. Dæmi um afgerandi aðgerðir, sem fyrst hafa orðið áþreifanlegar eftir að skýrsla Lyra-hópsins kom fram, er þekkingarmiðlunin innan ramma hinna sænsku „Eystrasaltsmilljarða“, tvíhliða danskar, finnskar og norskar stuðningsáætlanir og nýjar stuðningsaðgerðir ESB í tengslum við stækkunarferlið.

Með opinberri opnun upplýsingaskrifstofunnar í Pétursborg haustið 1997 er ráðherranefndinni orðið kleift að auka starfsemi sína á grannsvæðunum í Norðvestur-Rússlandi. Sérstaklega verður athyglinni beint að Kaliningrad sem er á jaðarsvæði miðað við rússneska byggðakjarna en telst jafnframt til grannsvæða Norðurlanda sem og Eystrasaltslanda.

Aðgerðir einstakra þjóða í tvíhliða samstarfi við lönd í Austur- og Mið-Evrópu, þar sem efnahagsþróun er hröð og hagstæð, minnka stig af stigi. Þetta á við um t.d. Pólland og Eistland en samstarfið við þau lönd einkenndist af auknum gagnkvæmum viðskiptasamböndum. Ráðherranefndinni ber fyrir sitt leyti að taka afstöðu til þess hvaða svæði hafi áfram þörf fyrir efnahagsaðstoð og hvar skapast hafi aðstæður fyrir samstarf á öðrum forsendum að ekki

sé minnst á stigvaxandi eiginfjármögnun. Athuga ber hvort nauðsynlegt sé að endurskilgreina að einhverju leyti þá túlkun sem nú er beitt á grannsvæðishugtakið.

Áætlanirnar fyrir árið 1999 fela í sér áþreifanlega aukna starfsemi á grannsvæðunum. Aukning þessi, hraðfara þróun á grannsvæðunum svo og óskir Norðurlandaráðs um skilvirkari samræmingu grannsvæðastarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar miðað við aðra þjóðbundna og alþjóðlega starfsemi hafa beint athygli að þörfinni á athugun á stefnumörkun ráðherranefndarinnar varðandi starfsemi á grannsvæðunum á árinu 1999.

B. MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 1999

Frumvarp að fjárlögum fyrir árið 1999 er á verðlagi ársins 1999 og eru niðurstöðutölur þess 732,3 millj. d.kr. Innan þessa heildarramma hefur fjárveiting að fjárhæð 11,5 millj. d.kr. verið flutt til grannsvæðaáætlunarinnar. Þetta er í samræmi við óskir Norðurlandaráðs varðandi grannsvæðastarfsemina. Þetta mikil breyting hefur að sjálfsögðu áhrif á möguleika þess að koma öðrum nýjum forgangsverkefnum að í fjárlögunum. Engu að síður hefur tekist að koma nokkrum nýjum liðum inn í frumvarpið og auka vægi annarra með auknum fjárveitingum.

Það var forsenda fjárlagatillögunnar að unnt yrði að skapa skilyrði fyrir öflugu norrænu samstarfi sem tæki mið af þeim breytingum sem verða á Norðurlöndum, í Evrópu og á grannsvæðunum, án þess að hækka fjárlagarammann. Á þingi Norðurlandaráðs haustið 1997 tók Norðurlandaráð ákvörðun um áherslur varðandi fjárlögin (tilmæli 1/97). Sú ákvörðun hefur ásamt þeim áherslum sem fram eru settar í formennskuáætlun Svía verið undirstaða að mótun fjárlagafrumvarpsins.

Ný verkefni og auknar áherslur í fjárlagafrumvarpinu.

Í fjárlagavinnunni er með virkum og kerfisbundnum hætti unnið að því að finna fé á fjárlögunum fyrir nýjungar og aukið fjármagn til þeirra verkefna sem nú þegar er lögð mikil áhersla á. 11,5 millj. d.kr. af því fjármagni sem „losað" hefur verið um hafa runnið til grannsvæðaáætlunarinnar. Afgangurinn af því fé, sem „losað" hefur verið, hefur farið í ný verkefni og verkefni sem leitt hafa til nýrra fjárlagaliða eða aukinnar áherslu á þá sem fyrir voru. Þessum verkefnum og auknu áherslum hefur verið forgangsraðað og þau verið valin út frá eftirfarandi forsendum:

— Er verkefnið eða hin aukna áhersla í samræmi við tilmæli sem Norðurlandaráð samþykkti á þinginu?
— Er verkefnið eða hin aukna áhersla í samræmi við formennskuáætlun Svía?
— Er verkefnið eða hin aukna áhersla byggð á áætlun innan tiltekins geira?
— Er þetta verkefni eða aukin áhersla sem nær til fleiri geira?

Í frumvarpi til fjárlaga er að finna eftirfarandi ný verkefni og auknar áherslur. (Þetta er til viðbótar þeim 11,5 millj. d.kr. sem fara til grannsvæðaáætlunarinnar):

Titill	þús. d.kr.
Árþúsundamótin með börnum og ungmennum	1.023
Lesið á Norðurlöndum — Tungumálaskilningur	256
Uppbygging „framleiðslufyrirtækis" á sviði kvikmyndaiðnaðar	496
Viðhald menningarhúsanna	1.023
Nordplus mini (tilraunaverkefni)	1.187
Þróunarverkefnið NORDUnet2	460
Framkvæmd rannsóknaráætlunar	512
Aukin norræn skilvirkni í nýtingu auðlinda — Faktor 4/10	512
Markmið umhverfisgæða	409
Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	614
Styrkjafyrirkomulag fyrir táknmálstúlkun	614
Upplýsingatæknisamstarf lítilla og meðalstórra fyrirtækja	614
Frjáls félagasamtök	614
Norræni menningarsjóðurinn	+ 2.061
Styrkir til norrænna málnefnda	+ 842
Upphaf rannsóknaráætlunar um velferðarmál	+1.637
Fyrirhuguð aukning á rannsóknaráætluninni Norðurlönd og Evrópa	+3.378
Samræmingarfulltrúi í norrænum karlarannsóknum, NIKK	+851
Húsnæði og byggingar	+818
Matvæli	+1.120
Skrifstofa ráðherranefndarinnar	+3.320
Samtals	22.361

Athugasemd: Einungis allra mikilvægustu auknu áherslurnar eru teknar með. Allir nýir fjárlagaliðir eru sýndir. Táknið + gefur til kynna aukningu miðað við 1998 á fjárlagalið sem þegar var fyrir hendi.

Ný verkefni og auknar áherslur miðað við núverandi markmið, og án breytinga á fjárlagarammanum, fela í sér niðurskurð annars staðar í fjárlagafrumvarpinu. Mestur verður niðurskurðurinn á eftirgreindum liðum:

	þús. d.kr.
– Fyrirhuguð menningarverkefni í samstarfi við aðra geira — almennt	- 1.632
– Norræn rannsóknaráætlun um málefni Norðurskautssvæðisins (frestun)	-5.608
– Norræni iðnaðarsjóðurinn	-2.410
– Fjárveiting til endurskipulagningar stofnana	-2.040
– Varasjóður ráðherranefndarinnar	-5.497

Frjáls félagasamtök.

Liður í formennskuáætlun Norðmanna 1997 var að leggja skyldi áherslu á gerð áætlunar um samstarf við frjáls félagasamtök. Í ljósi þessa var samin skýrslan „Norræna ráðherranefndin og frjálsu félagasamtökin — tillaga að stefnu", sem á haust- og vetrarmánuðum 1997/98 var til umsagnar innan Norrænu ráðherranefndarinnar og hjá frjálsum félagasamtökum á Norðurlöndum. Norrænu samstarfsráðherrarnir samþykktu á þessum forsendum í júlímánuði 1998 ráðherranefndartillögu um stefnu fyrir samstarfið við frjáls félagasamtök. Tillagan var lögð fyrir Norðurlandaráð sem á þingi sínu í Ósló í nóvembermánuði 1998 samþykkti hana.

Umsagnirnar sýndu að margir eru þeirrar skoðunar að greining og lýsing á raunverulegri þróun á vettvangi frjálsra félagasamtaka og í samskiptum þeirra og annarra hluta samfélagsins eigi rétt á sér og hafi gildi. Þrátt fyrir mismun milli norrænu landanna er bent á að eins konar „norrænt módel" sé til á vettvangi frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum, sem m.a. víkja í nokkru frá uppbyggingu og starfsemi frjálsra félagasamtaka á meginlandinu og í enskumælandi löndum.

Umsagnaraðilarnir meta einstakar tillögur í áætluninni með tiltölulega ólíkum hætti. Almennt er stuðningur við aðgerðir sem eru til þess fallnar að auka vitneskju um frjálsu félagasamtökin og efla þannig starfsemina, t.d. ferðastyrkir til þátttakenda frá félagasamtökum á vestnorrænum löndum, fjárstuðningur vegna túlkunar, svo og fjárstuðningur vegna áætlunar um skiptiheimsóknir fyrir félagsmenn í félagasamtökum á borð við þá möguleika á starfsmannaskiptum sem standa opinberum starfsmönnum til boða. Óskað er eftir nánari samskiptum ráðherranefndarinnar og frjálsu félagasamtakanna innan þess fyrirkomulags og samskiptanets sem þegar er fyrir hendi. Hins vegar koma fram verulegar efasemdir um réttmæti stofnana eða heildaráætlana sem gætu falið í sér hættu á miðstýringu markmiðslýsinga og að skipan samstarfs við frjáls félagasamtök verði um of steypt í sama mót.

Í frumvarpi að fjárlögum fyrir 1999 er gert ráð fyrir ákveðinni fjárveitingu vegna ráðherranefndartillögunnar að áætlun um samstarf við frjálsu félagasamtökin. Í tillögum að stefnumótun um rannsóknir og vísindi eru ráðgerðar undirbúningsrannsóknir á hlutverki frjálsra félagasamtaka í framtíðarsamfélagi Norðurlanda. Þessar rannsóknir eru einn þátturinn í tillögu að rannsóknum á norræna velferðarsamfélaginu. Enn fremur er lagt til að tilteknum fjármunum á fjárlögunum (Stuðningur við frjáls félagasamtök) verði varið til aukaframlags vegna ferðastyrkja, verkefnastarfsemi og túlkunar. Jafnframt er í frumvarpinu að fjárlögum gert ráð fyrir auknu fjármagni til embættismannaskipta opinberra starfsmanna með það fyrir augum að fyrirkomulagið komi einnig umsækjendum úr röðum frjálsra félagasamtaka til góða. Af menningargeiranum er einnig veitt auknu fjármagni til nýrra verkefna varðandi frjáls félagasamtök.

Í fjárlagafrumvarpinu er, hvað varðar grannsvæðasamstarfið, lögð áhersla á starfsemi sem til þess er fallin að efla starfsemi frjálsra félagasamtaka í Eystrasaltsríkjum. Sérstök áhersla er lögð á aukningu styrkja og starfsmannaskipta þar sem einnig komi til greina sem umsækjendur fulltrúar frjálsra félagasamtaka. Auk þess verður lögð áhersla á menntun forustumanna frjálsra félagasamtaka, svo og fjölda stakra verkefna, m.a. varðandi konur og tengslanet, alþýðufræðslu og nýjar aðferðir í fullorðinsfræðslu.

Norræn stefnumótun um rannsóknir og vísindi.

Ráðherranefndin hefur ákveðið að fylgja sérstakri *norrænni stefnumótun um rannsóknir og vísindi*, þar sem lýst er skilyrðum um ábyrgð og starfshæfni þegar nýjum verkefnum á sviði rannsókna og þróunar er hleypt af stokkunum og þau fjármögnuð af norrænu fjárlögunum. Stefnumótun þessi á að tryggja jöfn gæði og stuðla að heilsteyptu ferli þegar kemur að því að ýta úr vör, forgangsraða og taka ákvörðun um ný *tímabundin* rannsóknarverkefni með megináherslu á þvervísindalegt samstarf sem nær til margra sviða. Þannig verður þess kostur að öðlast heildarsýn varðandi stefnuna í vísindum. Undirbúningur nýrra norrænna rannsóknaverkefna getur þar með farið í venjulegan farveg, sem fylgt er í löndunum, um alþjóðlegt rannsókna- og þróunarstarf. Markmiðið er að efla vísindasamstarf og starfshæfni á Norðurlöndum. Ákvarðanir um nýjar rannsóknir munu byggja á framkvæmdaáætlunum fagráðherranefndanna og ráðgjöf vísindasamfélagsins. Jafnt og þétt verður unnið að undirbúningi og forgangsröðun nýrra tillagna. Stefnumótunin á að stuðla að endurnýjun norræns sam-

starfs á sviði rannsókna og þróunar með stuðningi við þverfaglega vísindastarfsemi í formi *rannsóknaráætlana, tengslaneta vísindamanna og vísindanáms*. Vísindastefnumótunin tekur til tímabundinna nýrra verkefna en ekki grunnfjárveitinga vegna rekstrar stofnana.

Fagráðherranefndirnar bera ábyrgð á því að ýta úr vör og útfæra rannsókna- og þróunarstarfsemi hver á sínu sviði og þær taka sjálfar ákvarðanir um ráðstafanir fjármagns innan geirans.

Menntamála- og vísindaráðherrarnir (MR-U) bera meginábyrgð á samræmingu tillagna og semja árlega tillögu til samstarfsráðherranna (MR-SAM) um forgangsröðun nýrra verkefna ásamt skýrslu um starfsemina á sviði rannsókna og þróunar en samstarfsráðherrarnir ákveða heildarramma fjárveitinga til rannsóknarstarfseminnar.

Norræna vísindastefnuráðið (FPR) ber ábyrgð á samræmingu og undirbúningi nýrra verkefna í samstarfi við fagsviðin. Skipan ráðsins breytist á árinu 1999 svo að það verður hæfara til að taka ákvarðanir um þverfagleg verkefni. Vísindastefnuráðið skal árlega undirbúa heildartillögu að forgangsröðun nýrra verkefna sem lögð er fyrir ráðherranefndina til ákvörðunar. Í samstarfi við fagsviðin mótar vísindastefnuráðið samhæft gæða- og matskerfi ásamt almennum reglum um fyrirkomulag varðandi umsóknir, skipulag, framfylgd, skýrslugerð um árangur og upplýsingar.

Rannsóknirnar fara fram í norrænum háskólum, æðri menntastofnunum og öðrum rannsóknarstofnunum, að meðtöldum samnorrænum rannsóknarstofnunum. Ábyrgðin á vísindalegu mati, gæðaeftirliti, framkvæmd og framfylgd þarf að vera í höndum *áætlanastjórna* sem skipaðar skulu af viðkomandi fagráðherranefnd. Stjórnunarleg ábyrgð skal vera í höndum stofnana á Norðurlöndum sem búa yfir nauðsynlegri hæfni. *Samningsstýrikerfi* Norrænu ráðherranefndarinnar skal beitt varðandi allar fjárveitingar.

Í frumvarpi að fjárlögum fyrir árið 1999 eru veittar 512.000 d.kr. til útfærslu á norrænni stefnumótun um rannsóknir og vísindi.

Greining á afleiðingum þess að flytja tilteknar stofnanir af norrænu fjárlögunum.

Norðurlandaráð óskaði í tilmælum sínum 1/97 eftir því að ráðherranefndin gerði í frumvarpi sínu til fjárlaga fyrir árið 1999 grein fyrir því hvernig draga mætti úr eða fella niður fjárveitingar á norrænu fjárlögunum til Norræna iðnaðarsjóðsins, til NIAS, NORDITA, Norrænu sjóréttarstofnunarinnar og Norrænu eldfjallastöðvarinnar, hugsanlega þannig að annars konar fjármögnun kæmi í staðinn, og enn fremur að hún lýsti forsendunum fyrir því og afleiðingum.

Allar umræddar stofnanir hafa í síðustu úttektum, þar á meðal úttektinni á notagildi reynst hafa mikið norrænt notagildi. Stofnanirnar hafa margar hverjar komið á fót góðu vísindaumhverfi sem laðar til sín vísindamenn, ekki aðeins frá Norðurlöndum heldur í reynd hvaðanæva úr heiminum. Þörf á breytingum og endurskipulagningu meðal stofnana á vísindasviðinu á að meta í tengslum við sviðið sem stofnunin starfar á. Meta ber tilvist rannsóknarstofnana og framtíðarsvip þeirra eftir hlutverki þeirra í hinni nýju norrænu stefnumótun um rannsóknir og vísindi. Því er áríðandi að fagráðherrarnir framfylgi tillögunum um stofnanirnar að teknu tilliti til þeirra framkvæmdaáætlana sem starfað er eftir.

Almenn sjónarmið.

Rétt er í upphafi að líta til þess hvaða meginreglur liggja til grundvallar norræna mennta- og vísindasamstarfinu. Í norrænu samstarfi ber að:

— leggja aukna áherslu á skipulag sem eykur sparnað,
— stuðla að hreyfanleika í norræna mennta- og vísindasamstarfinu,

— efla norðlægu víddina í evrópsku samstarfi,
— stuðla að verkaskiptingu og sérhæfingu einstakra ríkja á Norðurlöndum á sviði æðri menntunar og vísinda.

Inntak hugtaksins *norrænt notagildi* hefur verið víkkað. Við beitingu þess sem mælistiku:
— styður Norræna ráðherranefndin starfsemi sem annars hefði átt að fara fram á vegum einstakra landa en skilar betri árangri ef fleiri norræn ríki koma að henni,
— vekur Norræna ráðherranefndin athygli á og eflir norræna samkennd,
— eykur Norræna ráðherranefndin norræna starfskunnáttu og samkeppnishæfni.

Meginmarkmið norræna vísindasamstarfsins er að:
— auka umfang norræns vísinda- og þróunarstarfs,
— gera norrænar áherslur sýnilegar,
— tryggja gæði og gildi.

Staða norrænna stofnana í vísinda- og rannsóknasamstarfinu.

Norræna ráðherranefndin hefur orðið þess áskynja að miklir möguleikar eru faldir í norrænu vísindasamstarfi sem getur eflt og aukið verðmæti fjárfestinga heima fyrir. Á vegum ráðherranefndarinnar eru nú starfrækt styrkja- og dvalarkerfi í því skyni að efla starfskunnáttu norrænna vísindamanna, myndun tengslaneta, vísindaáætlanir og samnorrænar stofnanir.

Það kann að vera rétt að gaumgæfa betur hvernig þróa megi norrænar stofnanir þannig að þær nýtist betur í norræna vísinda- og rannsóknasamstarfinu í samræmi við hina norrænu stefnumótun um rannsóknir og vísindi. Jafnvel þótt þær stofnanir sem nefndar eru í tilmælum ráðsins séu samkvæmt öllum gerðum úttektum á háu gæðastigi og fullnægi kröfunum um norrænt notagildi verður samt með reglulegu millibili að yfirfara uppbyggingu þeirra og fjármögnun. Stofnanirnar eru afar ólíkar innbyrðis hvað varðar uppbyggingu og markmið. Því er áríðandi að meta hverja stofnun fyrir sig. Norrænar rannsóknarstofnanir geta haft mismunandi hlutverk og verkefni; verið miðstöðvar norrænnar sérþekkingar, staðið fyrir menntun vísindamanna, verið viðbót við rannsóknastörf í löndunum o.fl.

Til dæmis hefur Norræna kjarnfræðistofnunin (NORDITA) náð svo sterkri stöðu að hún getur haft hlutverki að gegna við samhæfingu vísindastarfsemi innan einstakra landa, átt aðild að samnorrænum vísindarannsóknum, forgangsröðun og mati á nýjum rannsóknarsviðum og rannsóknarefnum. Stofnunin getur þannig veitt faglegan stuðning til þess vísindastarfs sem í gangi er og þá um leið styrkt norræna samstarfið með áþreifanlegum hætti. Það er því nauðsynlegt að norrænir vísindamenn telji stofnunina bjóða mikilvæga sameiginlega aðstöðu, en telji hana ekki vera eins konar „norrænan botnlanga“ frá starfseminni heima fyrir. Norrænt notagildi slíks starfs verður helst metið eftir þeim áhuga sem ríkir á alþjóðavettvangi fyrir starfsemi stofnunarinnar.

Aðrar norrænar vísinda- og þróunarstofnanir leysa annars konar verkefni. Ófáar stofnanir hafa skipta fjármögnun þar sem norræna fjármagnið er einungis hluti af fjárhagsáætluninni. Mikilvæg spurning varðandi stofnanirnar eru tengsl þeirra við rannsóknarstofnanir í hverju landi og hvaða starfsemi á að fjármagna með norrænu fjármagni. Nú þegar er fé veitt samkvæmt tímabundnum samningnum, en sjálf stofnunargerðin ber með sér að starfsemin er þó til langframa.

Ekki má horfa fram hjá því að sífelldar umræður um framtíð stofnananna hefur í för með sér óöryggi og getur skaðað starfið, ekki síst þegar leitað er eftir nýju hámenntuðu fólki til starfa þar. Samkvæmt stefnumótuninni í rannsóknum og vísindum ber að þróa skilmála í því skyni að tryggja gæði og mat á norrænum stofnunum. Þannig þróast starf stofnananna og

markmið þeirra stöðugt með það að markmiði að þær styðji framþróun norræns vísinda- og þróunarstarfs.

Norrænar stofnanir sem framtíðartæki í vísinda- og rannsóknasamstarfinu.

Áhugavert getur verið að ræða á almennum nótum, alveg óháð þeim stofnunum sem nú eru starfandi, hvaða hlutverki stofnanir geti gegnt í vísinda- og rannsóknasamstarfinu í framtíðinni, miðað við þau markmið sem upp eru sett, sem annar kostur en vísindaáætlanir og aðrar samstarfsaðferðir. Í ljósi slíkra hugmynda getur það verið spurning, hvort ekki ætti frekar að nýta norrænu stofnanirnar og miðstöðvarnar fremur en leggja þær niður. Hér fara á eftir nokkur dæmi slíkra hugmynda:

1. Ein hugmyndin fjallar um sjálfstæðar norrænar stofnanir sem hefðu náið samstarf við vísindasamfélögin í löndunum og á alþjóðavettvangi. Stofnanir af því tagi ætti að starfrækja sem norrænar þekkingarmiðstöðvar sem taka að sér samræmingu rannsóknarstarfsemi í einstökum löndum, þátttöku í samnorrænu nýherjastarfi á sviði vísinda, forgangsröðun og mat á nýjum rannsóknarsviðum og rannsóknarefnum. Grunnfjárveiting ætti þá að vera á norrænu fjárlögunum.
2. Annars konar stofnun gæti verið miðstöð sem væri miðpunktur norræns tengslanets á sviði þar sem mikilvægt er að norræn starfshæfni sé fyrir hendi án þess að ofuráhersla verði lögð á að stofnunin teldist hluti hins alþjóðlega vísindasamfélags. Dæmigerð þess háttar stofnun gæti borið ábyrgð á starfsemi á sviði þar sem norræn vísindasamfélög eru lítil hvert um sig og því hagkvæmt að standa sameiginlega að verkefnum. Grunnfjárveiting ætti þá að vera á norrænu fjárlögunum.
3. Nokkrar norrænu stofnananna eru þegar virtustu stofnanir á Norðurlöndum á sínu sviði („centers of excellence"). Slíkar norrænar miðstöðvar má stofna innan háskólasamfélaga sem þegar eru starfandi. Gegnum slíka miðstöð fengi háskólinn aukafjármagn gegn því að „taka að sér" viðkomandi miðstöð. Þessar miðstöðvar, sem störfuðu í tengslum við háskóla yrðu af nýjum toga og yrðu mikilvæg tæki til að viðhalda norrænum vísinda- og menntasamfélögum sem eru í háum gæðaflokki og sýnileg í Evrópu. Það mætti einnig líta á þær sem einn aðila í þeirri verkaskiptingu sem til þarf að koma á nýjum sviðum þar sem einstökum þjóðum getur reynst erfitt að þróa vísindasamfélög sem eru nægilega öflug.

Norrænt fjármagn sem rynni til slíkra háskólamiðstöðva væri viðbót við fjármögnun gestgjafalandsins og fjármagnaði að hluta starfsemi, tímabundnar sérstakar prófessorsstöður og ýmiss konar norræna styrki. Æskilegt væri að slík fjárveiting væri veitt til fimm ára í senn með möguleika á framlengingu.

Niðurstöður ráðherranefndarinnar.

Norrænar vísindastofnanir eru þannig eitt af mörgum tækjum í heildarvísindasamstarfi á Norðurlöndum. Þær stofnanir sem getið er í tilmælum Norðurlandaráðs eru innbyrðis ólíkar hvað varðar uppbyggingu og markmið. Þeim er það sameiginlegt að samkvæmt nýjasta mati fullnægja þær bæði kröfunum um norrænt notagildi og mikil gæði.

Þáttur í norrænu stefnumótuninni um rannsóknir og vísindi er að Norræna vísindastefnuráðið tekur nú að sér ábyrgð á að koma á framfæri við Norrænu ráðherranefndina tilmælum um hlutverk stofnananna og fjármögnun þeirra á grundvelli mats á gæðum þeirra og norrænu notagildi. Stofnanirnar hafa í því sambandi sjálfar það verkefni að þróa starfsemi sína og sýna fram á notagildi hennar. Úrslitum ræður að aðferðin við mat á stofnunum sé gerð form-

leg og sé þáttur í eðlilegu samstarfi milli stofnana og Norrænu ráðherranefndarinnar til langframa svo að starfsemi stofnananna hljóti ekki skaða af.

Ráðherranefndin álítur að starfrækja beri áfram sem sjálfstæðar norrænar stofnanir þær stofnanir sem rækja sitt hlutverk vel og varar við því að leggja þær niður af fljótfærni eða stöðva norrænar fjárveitingar til þeirra.

Ráðherranefndin telur að fylgja beri eftirfarandi grundvallarreglum:

— líta ber til þess hvernig stofnun nýtist í norrænu samstarfi til að framfylgja Norrænu stefnumótuninni um rannsóknir og vísindi,
— að stofnanir svo sem Nordita, Norræna eldfjallastöðin, NIAS, Norræna sjóréttarstofnunin og Norræni iðnaðarsjóðurinn, sem þjóna vel sínu hlutverki, starfi áfram sem sjálfstæðar norrænar stofnanir,
— að áfram verði fyrir hendi möguleikinn á því að stofnanir geti, þegar til lengri tíma er litið, orðið hluti af rannsóknarstofnunum í einstökum löndum eða miðstöðvar við háskóla og fengið áfram grunnfjárveitingu frá Norrænu ráðherranefndinni
— og að taka megi stofnanir út af norrænu fjárlögunum ef slíkt er talið hagkvæmt og gestgjafalandið tekur smám saman við fjármögnun starfseminnar, hugsanlega ásamt öðrum löndum sem vilja koma að málinu.

Skipting fjárlagafrumvarpsins eftir stoðunum þrem.

Tvenns konar framsetning er á fjárlagadrögum þessa árs. Auk hefðbundinnar lýsingar á fjárlagaliðunum er hér á eftir að finna lýsingu á skiptingu fjárveitinganna í fjárlagadrögunum miðað við stoðirnar þrjár. Hér eru dregnir saman megindrættir norræns samstarfs á komandi ári á hverju sviði.

Í fjárlagadrögum ársins hefur orðið veruleg aukning á grannsvæðastarfseminni og jafnframt nokkur aukning á þeirri starfsemi sem beinist að Evrópu. Samanborið við niðurstöðutölur ársins 1997 er aukningin um 30%. Þessi þróun er árangur þess pólitíska vilja að efla samstarfið við grannsvæði Norðurlanda.

Samstarfið innan Norðurlanda.


Samstarfið undir hinni svonefndu Norðurlandastoð vegur eðlilega þyngst í norrænu samstarfi og gert er ráð fyrir að um 72% af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 1999 renni þangað.


Þetta er þó hlutfallsleg lækkun miðað við fyrri ár enda runnu á árinu 1996 og 1997 um 75% af fjármagninu til samstarfsins innan Norðurlanda.

Þessi þróun er afleiðing af breyttri forgangsröðun milli stoðanna innbyrðis, grannsvæðunum í vil, og er það í samræmi við vilja m.a. Norðurlandaráðs.

Samstarf á sviði menntamála, vísinda og menningar hefur á liðnum árum ávallt haft öflugt norrænt inntak og sama gildir árið 1999 en þá er gert ráð fyrir að 91% af fjárveitingunum á sviði menntamála og vísinda og 85% af fjárveitingunum á sviði menningar renni til samstarfsins innan Norðurlanda.

Samsvarandi norrænt vægi á félags- og heilbrigðismál er 89%, á sviði velferðar og byggingar- og húsnæðismála er það 85%, en hins vegar er þetta vægi tiltölulega takmarkað á sviði umhverfis- og orkumála.






Samstarf sem beinist að Evrópu.

Samstarf ráðherranefndarinnar varðandi Evrópu/EES er samtvinnað öðru starfi sem fer fram innan einstakra geira. Ekki er starfað eftir neinni eiginlegri Evrópuáætlun fyrir heildarstarfsemi ráðherranefndarinnar. ESB-málefnum er aftur á móti oft gefinn forgangur í framkvæmda- og samstarfsáætlunum einstakra geira.

Samstarfið undir ESB-stoðinni er aðallega í formi pólitískrar umræðu sem ekki byggir á fjárveitingum sem nokkru nemur og þetta eðli samstarfsins endurspeglast í heildarfjárlagadrögunum. Innan einstakra geira er samstarfið þannig í miklum mæli fólgið í norrænu samráði og miðlun upplýsinga við undirbúning og framkvæmd ESB-tilskipana og áætlana.

Norrænum verkefnum sem snúa að viðfangsefnum tengdum ESB/EU hefur þó verið gefinn forgangur á mörgum samstarfssviðanna.

Skipting fjárlaga 1999 eftir stoðum innan samstarfssviða.



Sérstaklega skal tekið fram að á sviði *neytendamála* er ætlunin að verja um 44% af heildarfjárlögunum til verkefna sem tengjast ESB. Sérstök áhersla er lögð á að þróa norræn og norræn-evrópsk tengslanet svo að þau verði mikilvæg tæki til samræmingar og áhrifa á gerð evrópskra reglna. Enn fremur er ætlunin að framkvæma í norrænu neytendasamstarfi pólitíska og lögfræðilega greiningu á þeim möguleikum sem opnast hafa fyrir tilstilli Amsterdamsáttmálans til að taka á pólitískt í neytendamálum í ESB. 40% af fjárveitingunum á *matvælasviðinu* eru ætluð til að framkvæma verkefni sem hafa að markmiði að hafa áhrif á stofnanir í Evrópu í því skyni að færa haldbær rök í málum sem könnuð hafa verið sérstaklega á Norðurlöndum. Á sviði *löggjafar* er sem fyrr 35% af fjárlögunum varið til að halda áfram rannsóknarverkefnum á sviði evrópsks samrunaréttar.

Á sviði *umhverfismála* er það ofarlega á pólitísku dagskránni að hafa áhrif á umhverfisstefnu ESB. Sérstakri athygli verður beint að hreinni framleiðslutækni og þróun og framkvæmd umhverfislöggjafar innan ESB/EES. Innan umhverfisgeirans er 35% af heildarfjárveitingunum varið til ESB-verkefna.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Samkvæmt mati verður um 140 millj. d.kr. varið til samstarfs við grannsvæðin, en þar af tekur grannsvæðaáætlunin ásamt starfsemi um málefni Norðurskautssvæðanna til sín 65,5 millj. d.kr. Í samanburði við fjárlög ársins 1998 og niðurstöðutölur ársins 1997 felur þetta í sér um 30% aukningu. Utan grannsvæðaáætlunarinnar sjálfrar er framlag menningargeirans, annars vegar fyrir tilstilli Norræna menningarsjóðins og hins vegar á fjölmiðlasviðinu, stærsta framlag innan geira.

Verulega aukinnar starfsemi er vænst innan fjármálageirans, þar sem grannsvæðastarfsemi kemur inn sem þáttur í árangurssamningi Norræna verkefnaútflutningssjóðsins. Innan orkumálageirans hefur orðið mikil aukning vegna starfsemi sem beinist að þróun orkumarkaðarins í kringum Eystrasalt og vegna myndunar tengslaneta meðal orkumálaráðherra og embættismanna landanna. Á sviði byggðamála er einnig um aukningu að ræða vegna aðgerða til þekkingaruppbyggingar hjá stjórnvöldum Eystrasaltsríkja vegna fyrirhugaðrar aðildar að ESB.


Skipting fjárlaga fyrir árið 1999 milli áherslusviða.

Í kjölfar þeirra umbóta sem gerðar hafa verið á norrænu samstarfi á síðustu árum, hefur verið unnið víðtækt stefnumótandi starf innan norræna kerfisins. Það hefur ekki einungis beinst að stoðunum þrem, heldur hefur verið gerð tilraun til að finna hentuga starfshætti fyrir verkefni sem eru pólitískt áhugaverð. Pólitískar áherslur eru breytilegar frá einum tíma til annars og full ástæða er til þess að leitast við að endurspegla í norrænu fjárlögunum þau pólitísku samstarfssvið sem eru ný.


Samstarfssviðin sem kynnt eru í fjárlagadrögunum endurspegla enn fremur nýja starfshætti á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Eftirfarandi skipting er notuð:

— *Menningar-, mennta- og vísindamál.*
— *Umhverfis- og auðlindamál (þar á meðal grannsvæðin)*
nær til sviðanna: umhverfismál, efnahags-/fjármál, byggðamál, orkumál, samgöngur, sjávarútvegsmál, landbúnaður og skógrækt.
— *Velferðarmál-, iðnaðar- og atvinnumál*
nær til sviðanna: félags- og heilbrigðismál, vímuefnamál, neytendamál, matvæli og löggjöf, iðnaðar- og atvinnumál, bygginga- og húsnæðismál, vinnumarkaður, vinnumhverfi og jafnrétti.
— *Annað.*

Skipting fjárlaga fyrir árið 1999 milli samstarfssviða.
(Mismunur miðað við árið 1998 innan sviga)



Þróun fjárlaganna á árunum 1993–1999.



millj. d.kr.	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Nafnvirði	650,7	655,9	718,9	707,5	702,6	716,9	732,3
Á verðlagi 1998	723,4	711,4	762,9	736,0	716,7	716,9	716,9

Afgangur á fjárlögunum.

þús. d.kr.	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Afgangur *)	31.331	17.689	5.900	2.500	0 **)	0 ***)
þar af:						
endurgreitt til landanna	0	0	2.000	0	1.689	0
til ráðstöfunar ráðherranefndar	31.331	17.689	3.900	2.500	0	0
Fjárlög	655.886	718.925	707.474	702.636	716.931	732.308
Ráðstöfunarfé						
Norrænu ráðherranefndarinnar	687.217	736.614	711.374	705.136	716.931	732.308

*) Afgangurinn er frá síðast þekkta reikningsári fyrir fjárlagaárið. Þ.e. fyrir 1999 er það afgangurinn frá árinu 1997 o.s.frv.
**) Halli að fjárhæð 2.314 þús. d.kr. frá 1996 var bættur upp árið 1997 með endurgreiðslum frá stofnunum sem lagðar höfðu verið niður.
***) Fjárhagsreglunum var breytt á árinu 1998 þannig að afgangur er alltaf endurgreiddur til landanna.

Afgangurinn af starfseminni hefur minnkað stöðugt síðan 1994. Ástæðan er umfram allt minnkandi vaxtatekjur.

Sérfræðinganefndin um norræn fjárlög hefur í skýrslu bent á misræmi milli þess hvernig farið er með annars vegar afgang og hins vegar halla á norrænu fjárlögunum. Ráðherranefndin hefur, eftir að hafa að nýju haft samband við sérfræðinganefndina, kosið að viðhalda núverandi kerfi varðandi meðferð á vöxtum. Fjárhagsreglunum hefur verið breytt á árinu 1998 þannig að farið er með afgang og halla á sama hátt. Það felur í sér að afgangurinn er endurgreiddur löndunum en að löndin verða á hinn bóginn að bæta hugsanlegan halla. Afgangur er í þessu samhengi munurinn milli þeirra tekna sem gert var ráð fyrir á fjárlögunum og raunverulegra tekna.

Tekjuhlið fjárlaganna.

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er að langmestum hluta fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum en skipting þeirra er ákveðin samkvæmt sérstakri skiptireglu. Skiptireglan miðast við hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum á Norðurlöndum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, sem nú eru 1995 og 1996.

Tekjur, þús. d.kr.	Reikningur 1997	Fjárlög 1998	Fjárlög 1999	Skiptiregla 1999
Launatengd gjöld	8.197	6.000	7.000	
Vaxtatekjur	11.126	11.500	10.500	
Aðrar tekjur (eða hugsanl. tap)	3.067	800	800	
Framlög ríkjanna	681.935	698.631	714.008	
Þar af:				
– Danmörk	162.003	173.260	182.072	25,5%
– Finnland	119.120	122.959	126.379	17,7%
– Ísland	7.501	6.986	7.140	1,0%
– Noregur	163.908	151.603	154.940	21,7%
– Svíþjóð	229.404	243.822	243.477	34,1%
Fjárlög samtals	704.325	716.931	732.308	100,00%

Athugasemdir:

Launatengd gjöld: á við gjaldskyld laun starfsmanna skrifstofunnar.

Vaxtatekjur: Gert er ráð fyrir vaxtatekjum að fjárhæð 10,5 millj. d.kr. sem eru áætlaðar á grundvelli væntanlegra 3,65% vaxta á árinu 1999 og meðalgreiðslugetu á árinu að fjárhæð 290 millj. d.kr.

Aðrar tekjur: Undir þennan tekjulið færast endurgreiðslur verkefnafjármagns frá ýmsum stjórnsýslustofnunum og óráðstafað fjármagn stofnananna frá fyrri árum.

Tafla um alla fjárlagaliði

Í þús. DKK	Fjárlög 1999	Fjárlög 1998	Mismunur +/-	Prósent
Menningar-, mennta- og vísindamál	**328.705**	**325.274**	**3.431**	**1,1%**
Menningarsamstarf	**142.485**	**137.844**	**4.641**	**3,4%**
Almenn menningarverkefni	**27.098**	**25.517**	**1.581**	**6,2%**
Ráðstöfunarfé - menning	2.148	2.628	-480	-18,3%
Norræni menningarsjóðurinn	24.950	22.889	2.061	9,0%
Börn og ungmenni	**12.988**	**11.616**	**1.372**	**11,8%**
Verkefnafé og almennir styrkir	*12.988*	*11.616*	*1.372*	*11,8%*
Norrænt íþróttasamstarf	1.125	1.040	85	8,2%
Norræna æskulýðsnefndin	5.316	5.046	270	5,4%
Stjórnarnefnd um norræna barna- og æskulýðsmenningu	5.524	5.530	-6	-0,1%
Árþúsundamót með börnum og unglingum	1.023	-	1.023	-
Kvikmyndir og fjölmiðlar	**31.962**	**31.332**	**630**	**2,0%**
Verkefnafé og almennir styrkir	*27.452*	*26.923*	*529*	*2,0%*
Stjórnarnefndin um norrænt menningar- og fjölmiðlasamstarf	3.257	3.184	73	2,3%
Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	19.095	18.666	429	2,3%
Forgangsverkefni í norrænu kvikmynda- og fjölmiðlasamstarfi	4.604	5.073	-469	-9,2%
Uppbygging framleiðslufyrirtækis	496	-	496	-
Stofnanir	*4.510*	*4.409*	*101*	*2,3%*
NORDICOM	1.482	1.449	33	2,3%
Norræna blaðamannamiðstöðin (NJC)	3.028	2.960	68	2,3%
Listir	**40.005**	**39.603**	**402**	**1,0%**
Verkefnafé og almennir styrkir	*18.139*	*17.914*	*225*	*1,3%*
Norræna bókmennta- og bókasafnanefndin (NORDBOK)	6.903	6.748	155	2,3%
Norræna lista- og listiðnaðarnefndin (NKKK)	2.669	3.459	-790	-22,8%
Samisk menningarstarfsemi	2.448	2.393	55	2,3%
Sleipnir	2.558	2.550	8	0,3%
Norræni menningararfurinn	1.535	1.561	-26	-1,7%
Menning og upplýsingatækni	409	520	-111	-21,3%
Sérstakar aðgerðir á listasviðinu	491	683	-192	-28,1%
Norræna listamannaheimilið í Róm	870	-	870	-
Lesið á Norðurlöndum	256	-	256	-
Stofnanir	*21.866*	*21.689*	*177*	*0,8%*
Leiklist og dans á Norðurlöndum	6.637	6.488	149	2,3%
Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	5.656	5.540	116	2,1%

Í þús. DKK	Fjárlög 1999	Fjárlög 1998	Mismunur +/-	Prósent
Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	1.404	1.389	15	1,1%
Norræna stofnunin fyrir nútímalist	8.169	8.272	-103	-1,2%
Norræn menningarhús (stofnanir)	**22.123**	**19.760**	**2.363**	**12,0%**
Norræna húsið í Reykjavík	5.960	5.259	701	13,3%
Norræna húsið í Færeyjum	9.382	9.154	228	2,5%
Norræna stofnunin á Álandseyjum	1.624	1.306	318	24,3%
Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	4.134	4.041	93	2,3%
Viðhald menningarhúsa	1.023	-	1.023	-
Önnur menningarverkefni	**8.309**	**10.016**	**-1.707**	**-17,0%**
Verkefnafé og almennir styrkir	*8.309*	*10.016*	*-1.707*	*-17,0%*
Þverfagleg verkefnastarfsemi	0	1.632	-1.632	-100,0%
Norræn menningarverkefni erlendis	6.386	6.242	144	2,3%
Aðgerðir gegn útlendingaandúð	1.565	1.530	35	2,3%
Menningardagskrá þinglandanna	358	612	-254	-41,5%
Menntamál og vísindi	**186.220**	**187.430**	**-1.210**	**-0,6%**
Almenn mennta- og vísindaverkefni				
Ráðstöfunarfé — Mennta- og vísindamál	2.278	4.055	-1.777	-43,8%
Menntamálasamstarf	**85.225**	**81.889**	**3.336**	**4,1%**
Skólasamstarf	**17.130**	**15.285**	**1.845**	**12,1%**
Verkefnafé og almennir styrkir	*17.130*	*15.285*	*1.845*	*12,1%*
Norrænt skólasamstarf (NSS)	5.215	5.098	117	2,3%
NORDPLUS-junior	9.090	8.886	204	2,3%
Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	1.638	1.301	337	25,9%
NORDPLUS-mini (tilraunaverkefni)	1.187	-	1.187	-
Almennings- og fullorðinsfræðsla	**16.332**	**15.977**	**355**	**2,2%**
Verkefnafé og almennir styrkir	*10.111*	*9.884*	*227*	*2,3%*
Stjórnarhópurinn um almennings- og fullorðinsfræðslu.	3.299	3.225	74	2,3%
Styrkjafyrirkomulag í þágu almennings- og fullorðinsfræðslu	6.812	6.659	153	2,3%
Stofnanir	*6.221*	*6.093*	*128*	*2,1%*
Norræni lýðháskólinn (NFA)	6.221	6.093	128	2,1%
Æðri menntun	**32.736**	**32.877**	**-141**	**-0,4%**
Verkefnafé og almennir styrkir	*32.736*	*32.877*	*-141*	*-0,4%*
Stjórnarhópurinn um æðri menntun — HÖGUT	1.023	-	1.023	-
NORDPLUS	30.690	31.420	-730	-2,3%
Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.023	1.457	-434	-29,8%
Tungumálasamstarf	**14.976**	**14.120**	**856**	**6,1%**
Verkefnafé og almennir styrkir	*10.266*	*9.135*	*1.131*	*12,4%*
Styrkur til norrænna málnefnda	1.862	1.020	842	82,5%
Norræn námskeið í tungumálum og bókmenntum (NORDKURS)	1.916	1.873	43	2,3%
Tungumálasamstarf á Norðurlöndum (NORDMÁL)	5.530	5.306	224	4,2%
Kennsla um Norðurlönd erlendis	958	936	22	2,4%
Stofnanir	*4.710*	*4.985*	*-275*	*-5,5%*
Norræna stofnunin í Finnlandi	4.710	4.985	-275	-5,5%
Almennar áætlanir — öll stig upplýsingatækni	**4.051**	**3.631**	**420**	**11,6%**
Stefnumörkunarhópur ráðherranefndarinnar í upplýsingatækni (MR-U)	522	510	12	2,4%
Upplýsingatækni í kennslu	3.069	3.121	-52	-1,7%

Í þús. DKK	Fjárlög 1999	Fjárlög 1998	Mismunur +/-	Prósent
Þróunarverkefnið NORDUnet2	460	0	460	100,0%
Vísindasamstarf	**98.717**	**101.486**	**-2.769**	**-2,7%**
Verkefnafé og almennir styrkir	*52.255*	*55.444*	*-3.189*	*-5,8%*
Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	2.046	2.536	-490	-19,3%
Norræni vísindaháskólinn (NorFA)	36.302	36.836	-534	-1,4%
Vísindaáætlunin Norðurlönd og Evrópa	10.325	6.947	3.378	48,6%
Norrænt tengslanet um þjóðminjar	2.046	2.193	-147	-6,7%
Norræn norðurskautsvísindaáætlun	512	6.120	-5.608	-91,6%
Framkvæmd stefnumótunar í vísindum	512	-	512	-
Norræna nefndin um lífsiðfræði	512	812	-300	-36,9%
Stofnanir	*46.462*	*46.042*	*420*	*0,9%*
Norræna kjarnfræðistofnunin (NORDITA)	17.355	17.400	-45	-0,3%
Norræna stofnunin um sjórétt (NIfS)	2.521	2.558	-37	-1,4%
Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	7.760	7.781	-21	-0,3%
Norræn samstarfsnefnd um vísindaupplýsingar (NORDINFO)	5.128	5.249	-121	-2,3%
Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)	7.705	6.973	732	10,5%
Norræna Samastofnunin (NSI)	5.993	6.081	-88	-1,4%
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**182.522**	**169.841**	**12.681**	**7,5%**
Grannsvæðin	**65.554**	**54.101**	**11.453**	**21,2%**
Upplýsingastarfsemi og samskipti	10.200	9.400	800	8,5%
Styrkjaáætlunin fyrir Eystrasaltsríkin og Rússland	15.350	15.000	350	2,3%
Verkefnafé	*40.004*	*27.620*	*12.384*	*44,8%*
Lýðræði og málefni þegnanna	15.440	13.370	2.070	15,5%
Menningarmiðlun	3.960	2.200	1.760	80,0%
Markaðsbúskapur	7.220	5.050	2.170	43,0%
Sjálfbær auðlindabúskapur	11.000	7.000	4.000	57,1%
Norðurskautssamstarf	2.384	2.081	303	14,6%
Orkumál	**4.386**	**4.400**	**-14**	**-0,3%**
Verkefnafé — orkumál	3.363	4.400	-1.037	-23,6%
Norrænar orkurannsóknaráætlanir	1.023	-	1.023	-
Umhverfismál	**40.890**	**40.105**	**785**	**2,0%**
Verkefnafé — umhverfismál	34.752	35.005	-253	-0,7%
Styrktarsjóður NEFCO	5.217	5.100	117	2,3%
Skilvirkni í nýtingu auðlinda Faktor 4/10	512	-	512	-
Markmið umhverfisgæða	409	-	409	-
Efnahags- og peningamál	**11.016**	**11.236**	**-220**	**-2,0%**
Verkefnafé — efnahags- og peningamál	1.023	1.000	23	2,3%
Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)	9.993	10.236	-243	-2,4%
Byggðamál	29.940	30.062	-122	-0,4%
Verkefnafé — byggðamál	20.076	20.400	-324	-1,6%
Stofnanir	*9.864*	*9.662*	*202*	*2,1%*
Norræn miðstöð um rannsóknir og þróun í byggðamálum (NORDREGIO)	9.864	9.662	202	2,1%
Samgöngumál	**254**	**248**	**6**	**2,4%**
Verkefnafé — samgöngumál	254	248	6	2,4%
Landbúnaður og skógrækt	**23.161**	**22.549**	**612**	**2,7%**
Verkefnafé	*8.934*	*8.364*	*570*	*6,8%*
Verkefnafé — landbúnaður og skógrækt	7.277	7.344	-67	-0,9%
Samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	1.043	1.020	23	2,3%
Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaröryggi	614	-	614	-

Í þús. DKK	Fjárlög 1999	Fjárlög 1998	Mismunur +/-	Prósent
Stofnanir	*14.227*	*14.185*	*42*	*0,3%*
Norræni genbankinn (NGB)	8.826	8.645	181	2,1%
Norrænar skógaræktarrannsóknir (SNS)	5.401	5.540	-139	-2,5%
Sjávarútvegur	**7.321**	**7.140**	**181**	**2,5%**
Verkefnafé — sjávarútvegur	7.321	7.140	181	2,5%
Velferðar- og atvinnumál	**142.213**	**139.618**	**2.595**	**1,9%**
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	**13.554**	**13.540**	**14**	**0,1%**
Verkefnafé	*11.173*	*11.164*	*9*	*0,1%*
Verkefnafé — Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	7.081	7.371	-290	-3,9%
Nordjobb	2.762	2.672	90	3,4%
Upplýsingaverkefni	1.330	1.121	209	18,6%
Stofnanir	*2.381*	*2.376*	*5*	*0,2%*
Norræn stofnun fyrir framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA)	2.381	2.376	5	0,2%
Félags- og heilbrigðismál	**35.325**	**34.556**	**769**	**2,2%**
Verkefnafé	*5.371*	*5.090*	*281*	*5,5%*
Verkefnafé — félags- og heilbrigðismál	3.734	3.968	-234	-5,9%
Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	1.023	1.122	-99	-8,8%
Styrkjafyrirkomulag vegna táknmálstúlkunar	614	-	614	-
Stofnanir	*29.954*	*29.466*	*488*	*1,7%*
Norræna lyfjanefndin (NLN)	3.086	2.802	284	10,1%
Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV)[1]	32.513	31.844	669	2,1%
Stofnun til prófunar efna til tannlækninga (NIOM)	8.511	8.870	-359	-4,0%
Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD)	2.511	2.507	4	0,2%
Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH)	7.664	7.506	158	2,1%
Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD)	6.565	6.197	368	5,9%
Norræn menntunaráætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.617	1.584	33	2,1%
Jafnrétti	**7.435**	**6.524**	**911**	**14,0%**
Verkefnafé — jafnrétti	2.681	2.621	60	2,3%
Stofnanir	*4.754*	*3.903*	*851*	*21,8%*
Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og jafnréttisfræðum (NIKK)	4.754	3.903	851	21,8%
Vímuefnasamstarf	**614**	**510**	**104**	**20,4%**
Verkefnafé — vímuefnasamstarf	614	510	104	20,4%
Velferðarmál	**1.739**	**510**	**1.229**	**241,0%**
Verkefnafé — velferðarmál	102	510	-408	-80,0%
Velferðarrannsóknir	1.637	-	1.637	-
Vinnumál	**68.676**	**71.228**	**-2.552**	**-3,6%**
Verkefnafé — vinnumál	1.432	1.312	120	9,1%
Upplýsingatæknisamstarf lítilla og meðalstórra fyrirtækja	614	-	614	-
Stofnanir	*66.630*	*69.916*	*-3.286*	*-4,7%*
Norrræni iðnaðarsjóðurinn	55.286	57.696	-2.410	-4,2%
Nordtest	11.344	12.220	-876	-7,2%
Bygginga- og húsnæðismál	**818**	**0**	**818**	**100,0%**
Verkefnafé — bygginga- og húsnæðismál	818	0	818	100,0%
Neytendamál	**7.834**	**7.658**	**176**	**2,3%**
Verkefnafé — neytendamál	5.747	5.618	129	2,3%

Í þús. DKK	Fjárlög 1999	Fjárlög 1998	Mismunur +/-	Prósent
Svanurinn — Norræn umhverfismerking	2.087	2.040	47	2,3%
Matvæli	**5.348**	**4.228**	**1.120**	**26,5%**
Verkefnafé — matvæli	5.348	4.228	1.120	26,5%
Löggjöf	**870**	**864**	**6**	**0,7%**
Verkefnafé — löggjöf	870	864	6	0,7%
Önnur starfsemi	**78.868**	**82.198**	**-3.330**	**-4,1%**
Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar (NMRS)	58.724	55.404	3.320	6,0%
Samband Norrænu félaganna	2.706	2.713	-7	-0,3%
Nordens Administrativa Förbund	153	156	-3	-1,9%
Norrænt Sama-samstarf	1.294	1.295	-1	-0,1%
Framlag til Vestur-Norðurlanda	2.455	2.393	62	2,6%
Norrænt tölfræðisamstarf	1.481	1.428	53	3,7%
Ráðstöfunarvarasjóður framkvæmdastjórans	358	357	1	0,3%
Endurskipulagning stofnana	0	2.040	-2.040	-100,0%
Varasjóður ráðherranefndar	1.983	7.480	-5.497	-73,5%
Styrkur til frjálsra félagasamtaka	614	-	614	-
Upplýsingamiðlun	3.433	2.652	781	29,4%
Upplýsingamiðlun utan Norðurlanda	1.228	2.040	-812	-39,8%
Þýðingar og túlkun	777	780	-3	-0,4%
Starfsmannaskipti	2.046	1.836	210	11,4%
Útgáfustarfsemi	1.616	1.622	-6	-0,4%
Samtals	**732.308**	**716.931**	**15.377**	**2,1%**

[1] Starfsemi NHV greiðist beint af löndunum.

III. ÁÆTLUN ÍSLANDS VEGNA FORMENNSKU Í NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDINNI 1999

Ísland leggur fram eftirfarandi starfsáætlun um samstarf norrænu ríkisstjórnanna árið 1999 en í ár gegna Íslendingar formennsku á þeim vettvangi.

Í inngangi áætlunarinnar eru meginþættir og helstu áherslur reifaðar og í hinum köflum hennar er gerð grein fyrir áætlunum fagsviðanna fyrir næsta ár. Þverfagleg áætlun, nefnd „Fólk og haf í norðri" liggur með sem fylgiskjal og er hér birt sem IV. hluti skýrslu samstarfsráðherra.

1. INNGANGUR

Hið hnattræna og hið evrópska.

Einkennandi fyrir þróunina nú í lok 20. aldar er að þjóðríkin verða í auknum mæli háðari umheiminum og samskiptum við hann. Jafnframt eru skilin milli innanríkis- og utanríkismála mun óljósari en áður og alþjóðamál spanna nú í ríkara mæli en áður allan heiminn og norrænt samstarf hefur sannað að það á sinn sess í því fjölþætta hnattræna og alþjóðlega samstarfi, sem þróast hefur á síðustu áratugum. Fyrirhuguð stækkun Evrópu leiðir einnig til þess að mikilvægi svæðisbundins samstarfs eykst og að sama skapi hlutverk norræns samstarfs í Evrópu.

Þessi þróun á alþjóðlegum og evrópskum vettvangi hefur á síðustu árum aukið vægi norræns samstarfs, samvinnu og samráðs um alþjóðamál. Þannig hefur þýðing reglubundinna funda milli norrænu forsætisráðherranna og utanríkisráðherranna aukist. Að auki hefur nú verið tekið upp samband milli norrænu forsætisráðherranna og fjármálaráðherranna til upplýsinga og umræðna um Evrópska myntbandalagið.

Næsta ár verður stækkun Evrópusambandsins, NATO, Schengensamningurinn, Evrópska myntbandalagið og Norðlæga víddin svo og Sameinuðu þjóðirnar og Endurreisnar- og þróunarbankinn (IBRD) á dagskrá funda norrænu forsætisráðherranna og norrænu utanríkisráðherranna. Markmiðið verður að móta norræna afstöðu til málefna sem efst eru á baugi í Evrópu, á alþjóðavettvangi og hnattrænt, þegar hagsmunir Norðurlanda falla saman.

Í tilefni þess að nú eru 50 ár liðin síðan mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt gáfu norrænu forsætisráðherrarnir út yfirlýsingu á 50. þingi Norðurlandaráðs í Ósló, þar sem þeir hvetja til sameiginlegs átaks til stuðnings grundvallarmannréttindum og frelsi og gegn skerðingu á þessum réttindum. Þessu ber að fylgja eftir á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.

Ísland leggur áherslu á að auka tengslin milli Norrænu ráðherranefndarinnar og formennskulands Evrópusambandsins. Vegna formennsku Finnlands þar seinni hluta 1999 og formennsku Danmerkur og Svíþjóðar í framhaldinu gefst gott tækifæri til að styrkja þessi tengsl. Mikilvægt er að nýta þessa möguleika markvisst á svo mörgum sviðum sem mögulegt er bæði í norrænu samstarfi ráðherra og embættismanna.

Árið 1999 tekur Ísland við formennsku í Evrópuráðinu og Noregur tekur við formennsku hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Hugmyndir um aukið samstarf milli þessara samtaka hafa verið lagðar fram. Þannig verða Norðurlönd og norrænar áherslur sýnilegri í Evrópusamstarfi en áður.

Ísland leggur áherslu á norrænt samráð þegar þess er kostur við undirbúing við lögfestingar tilskipana Evrópusambandsins í því skyni að stuðla að norrænni réttareiningu. Með skipulögðum hætti ber að ganga úr skugga um að slíkt samráð eigi sér stað á öllum sviðum hins norræna samstarfs.

Ísland leggur áherslu á aukið upplýsingaflæði milli aðalskrifstofa Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar og höfuðstöðva Evrópusambandsins í Brussel. Þess vegna er lögð áhersla á að styrkja það kerfi sem byggt hefur verið upp til að gefa starfsmönnum Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs kost á að dvelja við sendiráð Norðurlanda í Brussel.

Fólk og haf í norðri.

Ísland vill beina sérstakri athygli að hinu strjálbýla Norðurskautssvæði og Vestnorræna svæðinu og leggur fram þau markmið sem æskilegt er að unnið verði að til hagsbóta fyrir íbúa þessara svæða í þverfaglegu áætluninni „Fólk og haf í norðri". Markmið hennar eru: bætt lífsskilyrði á svæðunum, sjálfbær nýting náttúruauðlinda, atvinnuþróun, náttúruvernd, aukin samskipti innan svæðisins og aukin þekking umheimsins á lífi, kjörum og menningu þeirra þjóða sem þar búa. Áætlunin, sem tekur bæði til verkefna sem heyra undir norræna stoð og grannsvæðastoð hins norræna samstarfs á umhverfis-, sjávarútvegs-, byggðamála-, menntunar-, rannsókna-, landbúnaðar- og skógræktarsviði. Það er æskilegt að áætlunin verði höfð að leiðarljósi bæði innan þessara sviða og annarra eftir því sem við á. Listi yfir verkefni sem falla að markmiðum áætlunarinnar verður kynntur fyrir árslok 1998. Vonir eru bundnar við að þessi verkefni og önnur verkefni tengd „Fólki og hafi í norðri" komi til framkvæmda

innan Norrænu rannsóknaáætlunarinnar um málefni Norðurskautsins og Norrænu samstarfsáætlunarinnar um málefni Norðurskautssvæðisins.

Grannsvæði Norðurlanda.

Samstarf Norðurlanda við Eystrasaltsríkin og grannsvæði Norðurlanda í Rússlandi sem og við Norðurskautssvæðið er mikilvægt. Með tilliti til þess takmarkaða fjármagns af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar sem hægt er að veita til þessa samstarfs leggur Ísland áherslu á nauðsyn hagkvæmrar verkaskiptingar milli Norrænu ráðherranefndarinnar og annarra sem eiga samstarf við þessi svæði þannig að komist verði hjá tvíverknaði. Jafnframt er mikilvægt að samnorrænni aðstoð sé beint að verkefnum sem hafa í för með sér hvað mest norrænt notagildi. Í formennskutíð Íslands verður lögð áhersla á að bæta stöðu barna á grannsvæðum Norðurlanda. Þegar ákvarðanir um samnorrænar aðgerðir til að bæta stöðu barna þar eru teknar ber m.a. að líta til niðurstaðna og upplýsinga sem fram komu á barnaráðstefnu Norðurlandaráðs (BARNforum) í desember 1998.

Í tilefni formennsku Finna í Evrópusambandinu leggja þeir áherslu á að auka samstarf og aðstoð Evrópusambandsins við Norðvestur-Rússland og Eystrasaltssvæðið. Þetta átak „Norðlæga víddin" er mikilvægt áherslumál fyrir Norðurlönd öll og grannsvæði þeirra. Ísland leggur áherslu á góðar upplýsingar um inntak þessarar áherslu og frjóar umræður á norrænum vettvangi um hana.

Hið hefðbundna norræna.

Mikilvægt er að hugað verði að því þegar í upphafi árs 1999 hvernig árþúsundamótanna verður minnst á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Æskilegt er að rætt verði við Norðurlandaráð um sameiginlegt framlag í þessu skyni.

Ísland vill leggja sitt af mörkum til þess að vestnorrænu löndin, Færeyjar og Grænland ásamt með Álandseyjum verði sýnilegri í norrænu samstarfi og að þau taki í auknum mæli þátt í verkefnasamstarfi á fagsviðunum.

Ísland leggur áherslu á að þróa og styrkja það norræna samstarf sem nú þegar er hafið á sviði upplýsingatækni. Þetta á við það pólitíska samstarf undir leiðsögn þeirra ráðherra sem fara með upplýsingatæknimál, þar sem miðlæg áherslusvið eins og notkun upplýsingatækninnar til eflingar lýðræði og til að tryggja jafnræði hvað varðar aðgengi að upplýsingasamfélaginu standa í fyrirrúmi. Og þetta á einnig við um aukna notkun upplýsingatækni á öðrum samstarfssviðum norræna samstarfsins, ekki síst á menningar- og menntamálasviði ásamt neytendasviði, þar sem auka ber notkun upplýsingatækni til að ná eða miðla settum markmiðum. Í upplýsingasamfélagi nútímans er það jafnframt mikilvægara en nokkru sinni fyrr að vernda tungumál lítilla málsamfélaga. Samvinna Norðurlanda um verndun norrænna mála á að stuðla að því að þau verði notuð hnökralaust í samskiptum manns og tölvu. Jafnframt þarf að vinna markvisst að því að auka gagnkvæma þekkingu og skilning á tungumálum norrænu grannþjóðanna. Einnig á að leggja áherslu á að viðhalda og vekja athygli á þeirri málstefnu sem fylgt er á Norðurlöndum til að vernda norrænu tungumálin.

Við eigum einnig að taka upplýsingatæknina í okkar þjónustu við miðlun upplýsinga um menningararf okkar, norrænt vísindastarf og samfélagsmál. Á þessu sviði eru margir samstarfsfletir eins og framleiðsla á margmiðlunarefni fyrir menntakerfi og almenning. Jafnframt ber að auka stuðning til margmiðlunarverkefna á sviði menningar.

Ísland vill beina sjónum að menningarmiðlun til barna og ungmenna á Norðurlöndum ásamt því að auka samskipti norrænna barna og ungmenna. Í þessu sambandi er vakin sérstök athygli á norrænu ungmennamóti sem fyrirhugað er að halda í Reykjavík árið 2000 á vegum

aðildarfélaga NSU (Norrænna samtaka um ungmennasamstarf). Á mótinu verða þátttakendur frá öllum norrænu löndunum og menningar- og umhverfismál verða þar í fyrirrúmi.

Sérstök áhersla verður lögð á þátttöku frá jaðarsvæðum og þátttöku fámennra þjóðarsamfélaga í norrænu menningarsamstarfi.

Eitt áherslumálanna er að efla norrænt samstarf um menningarkynningar utan Norðurlanda á þann veg að öll norrænu löndin fái tækifæri til að kynna menningu sína. Nú þegar er hafinn undirbúningur viðamikillar farandsýningar í Norður-Ameríku árið 2000 um víkingatímann og vesturferðir Norðurlandabúa við síðustu aldamót sem Ísland leggur mikla áherslu á að komist til framkvæmda ásamt öðrum menningarkynningum utan Norðurlanda.

Í samstarfi við Svíþjóð, fráfarandi formennskuland, er lögð áhersla á að á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar verði tekið upp samstarf við frjáls félagasamtök, samkvæmt þeirri áætlun um samstarf við slík samtök sem samþykkt var á 50. þingi Norðurlandaráðs.

Með hliðsjón af norrænni samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál, verður aðalmarkmið sjávarútvegssamstarfsins að efla sjávarútveg, sem mikilvægan þátt þjóðlífs í löndunum.

Ári hafsins verður fylgt eftir m.a. með aukinni umræðu um ábyrga nýtingu sjávarauðlinda og með því að stuðla að auknum skilningi á alþjóðavettvangi á sjónarmiðum norrænu ríkjanna um fiskveiðistjórnun, sjálfbærni og umhverfismál. Samhliða þessu verður stefnt að samræmingu norrænna sjónarmiða og kynningu á þeim í svæðisbundnu samstarfi og á alþjóðavettvangi.

Umhverfismál verða áfram meðal áherslumála og áhersla lögð á að fylgja eftir yfirlýsingu norrænu forsætisráðherranna sem nefnd hefur verið „Sjálfbær Norðurlönd". Á sviði umhverfis og sjávarútvegs verður lögð áhersla á verndun hafsins og nýtingu sjávarauðlinda, sem og á verndun og nýtingu ferskvatns.

Umhverfismálin á grannsvæðunum eru eins og undangengin ár eitt af meginverkefnum samstarfsins, þar skiptir norræna umhverfisfjármögnunarfélagið NEFCO miklu. Sama gildir um umhverfismál á Norðurskautssvæðinu sem í auknum mæli verður unnið að í samstarfi við önnur alþjóðasamtök, m.a. innan ramma Norðurskautssráðsins. Á umhverfissviði er jafnframt mikilvægt að auka enn frekar samskiptin við Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið.

Það er markmiðið að auka og styrkja hið pólitíska samstarf á sviði neytendamála með það fyrir augum að samnorræn stefnumótun geti haft áhrif á stefnu Evrópusambandsins, Evrópska efnahagssvæðisins og á alþjóðavettvangi.

Auk þess sem fram kemur í norrænu samstarfsáætluninni á sviði neytendamála fyrir árin 1999–2004 leggur Ísland m.a. áherslu á mótun samnorrænnar stefnu hvað varðar upplýsingatækni, samnorrænar lágmarkskröfur við nýja lagasetningu um neytendavernd og að neytendamál verði samþætt öðrum sviðum.

Lögð er áhersla á að haldið verði áfram því starfi sem hafið var 1998 við að ryðja úr vegi þeim fjölmörgu hindrunum og óþægindum sem mæta Norðurlandabúum sem flytjast milli norrænu landanna til að stunda atvinnu eða menntun. Upplýsingar um mál af þessum toga, sem Norræna félagið í Svíþjóð safnar frá þeim er nýta þjónustusímann „Halló Norðurlönd", verða m.a. notaðar við þessa vinnu.

Einnig verður leitast við að auka upplýsingamiðlun milli norrænu landanna um atvinnuhorfur, húsnæðismál, skólamál, félagsmál og fleira með það fyrir augum að aðstoða fólk sem vill flytja búferlum frá einu landi til annars. Þessum markmiðum má ná með aukinni nettengingu milli viðkomandi stofnana á Norðurlöndunum.

Á sviði landbúnaðar og skógræktar er stefnt að því að styrkja samstarfið við Grænland og Færeyjar og taka upp samstarf um sameiginleg hagsmunamál við aðila í Skotlandi, á

Orkneyjum, Írlandi og í Kanada. Vakin er athygli á þörfinni á að viðhalda og endurheimta landgæði á hinum viðkvæmu svæðum Norðurskautsins. Einnig er lögð áhersla á að aðstoða þróunarríkin þar sem þekkingu á nýtingu landgæða skortir oft á tíðum.

Margt bendir til þess að áhugavert og verðmætt efni kunni að leynast í þeim fjölmörgu skýrslum og verkefnum sem lokið hefur verið við á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar án þess að niðurstöður þeirra hafi verið notaðar sem skyldi. Lagt er til að þessi gögn verði skoðuð á ný á viðkomandi fagsviðum í því skyni að meta, hvort nú séu möguleikar fyrir hendi, sem ekki voru þar áður til að fylgja málum eftir.

Það er alkunna að almenningur hefur í mörgum tilfellum takmarkaða vitneskju um norræna styrkjakerfið, möguleika á þátttöku í verkefnasamstarfi eða á því að notfæra sér þá þjónustu sem norrænar stofnanir bjóða, ekki einungis á menningar- og rannsóknasviði heldur á mörgum öðrum sviðum. Því er stefnt að því að efla og bæta hagnýtar upplýsingar og leita skilvirkari leiða til að koma þeim á framfæri, m.a. með auknum atbeina nýrrar upplýsingatækni.

2. MENNINGARMÁL

1. Á fundi Norrænu ráðherranefndarinnar, menningarmálaráðherranna, 8. júní 1998 var samþykkt greinargerð um stefnumið í *norrænu menningarsamstarfi við árþúsundamót.* Sú stefnumörkun sem í greinargerðinni felst lýtur bæði að inntaki og starfsháttum í norrænni menningarsamvinnu á vegum ríkisstjórnanna.
   Á formennskuári Íslendinga verður mikilvægt verkefni að fylgja þessari stefnumörkun eftir, m.a. stuðla að því að verkaskiptingu milli samstarfsstofnana ráðherranefndarinnar á menningarsviðinu verði þróuð í samræmi við þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar í greinargerðinni.
2. Á fundi ráðherranefndar menningarmála í júní 1998 var einnig fjallað um tillögur starfshóps um *norræna málstefnu*, en verkið var unnið á vegum ráðherranefndar menntamála og vísinda. Margar af tillögunum varða menningarmálasviðið, t.d. þær sem lúta að þætti bókmennta og fjölmiðla. Af íslenskri hálfu er lögð áhersla á að tillögum í þessum efnum verði fylgt eftir með raunhæfum hætti. Í því sambandi verður m.a. hugað að aðgerðum sem fallnar eru til að efla gagnkvæma kynningu *barna- og unglingabókmennta* á Norðurlöndum.
3. Nærtækt er að Íslendingar beiti sér fyrir því á formennskuári sínu að hugað verði sérstaklega að *stöðu jaðarsvæða og fámennra þjóðarsamfélaga í norrænu menningarsamstarfi.* Til greina kemur að efna til ráðstefnu á Íslandi þar sem reynt verði að varpa ljósi á hver hlutur íbúa þessara svæða er nú, hvers þeir vænta af samstarfinu, hvað veldur þeim örðugleikum og hvernig mætti efla þátttöku þeirrra og stuðla að því að samstarfið kæmi þeim að sem bestum notum.
4. Oft verður þess vart að almenningur á Norðurlöndum, jafnt á Íslandi sem annars staðar, hefur óljósa vitneskju um það samstarfskerfi sem byggt hefur verið upp á sviði menningarmála og á því óhægt um vik að nýta þá möguleika sem samstarfið býður. Því virðist enn þörf á að efla og *bæta hagnýtar upplýsingar,* t.d. um ýmis styrkjakerfi, og leita skilvirkari leiða til að koma þeim á framfæri, m.a. með auknum atbeina nýrrar upplýsingatækni.
5. Áfram ber að leggja áherslu á *nýtingu nútímalegrar upplýsingartækni í menningarsamstarfinu* sjálfu, ekki einungis til að koma á framfæri upplýsingum um samvinnuna heldur og til að auka fjölbreytni verkefna, greiða fyrir þátttöku og auðvelda aðgang almennings

að menningarverðmætum. Nú þegar er nokkru fé varið til samvinnu um margmiðlunarverkefni, en kanna þarf hvernig skipuleggja megi öflugri stuðning við framleiðslu á norrænu efni fyrir slíka miðlun.

6. Gildistími samnings um *Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn* rennur út í lok árs 1999. Íslendingar hafa hug á að stuðla að því eftir föngum, að búið verði í haginn fyrir öflugt framhald á starfsemi sjóðsins.
7. Mikilsvert er að norrænt samstarf um *menningarkynningar utan Norðurlanda* haldi áfram og eflist og nýtist öllum þjóðunum til að koma menningu sinni á framfæri og stofna til nýrra menningartengsla. Uppi eru áform um umfangsmikla sýningarstarfsemi í Norður-Ameríku aldamótaárið til að minnast landafunda og vesturfara norrænna manna. Af íslenskri hálfu er lögð áhersla á að það undirbúningsstarf sem vinna þarf á næstu misserum stuðli að því að þau áform takist sem best.

3. MENNTUN OG RANNSÓKNIR

Samstarf á sviði menntamála og vísinda á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar mun á formennskuári Íslands áfram beinast að því að auka almennt samstarf landanna auk þess að styrkja samstarf við önnur Evrópuríki sem og við grannsvæði Norðurlanda. Markmiðið er að jafn auðvelt verði að mynda tengsl, skiptast á hugmyndum og flytjast frá einu fræðslu- og rannsóknarumhverfi til annars á Norðurlöndum og í eigin landi. Lögð verður áhersla á að styrkja norræn viðhorf í alþjóðasamstarfi og gera starfsemina skilvirkari. Lögð verður sérstök áhersla á að styrkja tengslin milli hinna vestlægu Norðurlanda og annarra ríkja Norðurlanda.

Á formennskuári Íslands verður lögð áhersla á sjálfbært samfélag á Norðurlöndum, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og málefni hafsins. Þessir áhersluþættir hafa skírskotun til verkefna sem þegar er unnið að í norrænu samstarfi. Starfsemi á sviði menntunar og rannsókna innan ráðherranefndarinnar mun því taka mið af þeim og því beint til viðkomandi nefnda og stofnana innan mennta- og rannsóknasviðsins að huga að því hvernig þessi áhersluatriði falli að starfsemi þeirra og að metið verði hvort forsendur séu fyrir nýjum verkefnum undir þessum formerkjum.

Eitt þeirra verkefna sem nýlega hefur verið hleypt af stokkunum er verkefnið *mat í skólastarfi*. Var þetta verkefni tekið upp að frumkvæði Íslands á formennskuári þess 1994. Á formennskuári Íslands 1999 verður því fylgt eftir með aukinni áherslu á mat og gæði í skólastarfi að háskólastigi meðtöldu. Það fellur vel við umræðuefnið á fundi mennta- og rannsóknamálaráðherra í desember 1998 en þeir hafa ákveðið að taka tiltekin umræðuefni fyrir á fundum sínum. Munu umræðuefnin hverju sinni taka mið af þeim málefnum sem ráðherrarnir leggja áherslu á að ræða á norrænum vettvangi. Formennskulandið mun sjá um samhæfingu í undirbúningi þeirrar umræðu í samstarfi við menntamálaráðuneyti landanna og skrifstofu ráðherranefndarinnar. Hafa ráðherrarnir þegar rætt nokkrar hugmyndir um fleiri umræðuefni.

Áætlunin um norræna tungumálasamvinnu mun skipa forgangssess á formennskuári Íslands. Mikilvægi þess að varðveita hin norrænu tungumál eykst stöðugt í hraðfara þróun upplýsingasamfélagsins þar sem enska ræður stöðugt meira ríkjum. Í þeim samanburði eru norrænu tungumálin lítil málsamfélög. Nauðsynlegt er því að á vettvangi ráðherra um menntun og rannsóknir verði unnið skipulega að því að viðhalda norrænu málunum og stuðla að framgangi þeirra í upplýsingasamfélaginu og því ákjósanlegt umræðuefni á fundi ráðherranna.

Áfram verður unnið að því að styrkja norræna samvinnu á sviði upplýsingatækni með sérstakri áherslu á að skapa börnum og unglingum tækifæri til að nýta sér þá tækni sem best þekkist í þeim efnum enda munu málefni barna og ungmenna skipa áfram forgangssess á formennskuári Íslands í samræmi við þær áherslur sem ríkt hafa um árabil innan Norrænu ráðherranefndarinnar.

Á formennskuári Íslands á sviði menntunar og rannsókna verður lögð áhersla á samfellu í þeirri starfsemi sem fyrir er. Verkefnum sem mörkuð hafa verið af fyrrverandi formennskulöndum verður fylgt eftir á verksviði hinna ýmsu nefnda og vinnuhópa innan sviðsins. Helstu starfsáætlanir innan mennta- og rannsóknarsviðsins taka til fimm ára í senn. Unnið er að mestu eftir starfsáætlunum fyrir árin 1997–2000.

Nefna má eftirfarandi áætlanir og verkefni:

— Mat í skólastarfi.
— Upplýsinga- og samskiptatækni (IKT) í skólastarfi.
— Brottfall nemenda úr skilgreindu framhaldsnámi.
— Skilgreining á hlutverki kennarans.
— Símenntun.
— Rannsóknarverkefni um atvinnulíf og lýðfræðslu.
— Norræn endurmenntun í kennslufræði fullorðinna.
— Fullorðinsfræðsla og upplýsingatækni.
— Efling lýðræðis.
— Lítil fyrirtæki og lýðfræðsla.
— Auka og hvetja til stúdenta- og kennaraskipta (mobilitet — Nordplus).
— Grunnmenntun og rannsóknir.
— Áhersla á svæðisbundið samstarf.
— Alþjóðlegt samstarf.
— Mótun norrænnar rannsóknarstefnu (Nordisk forskningspolitisk strategi) til að stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna.
— Stefnumörkun með þverfaglegt samstarf í huga.
— Tillögur um forgangsröðun í rannsóknum á vettvangi ráðherranefndarinnar einkum með tilliti til forgangsröðunar í hinum einstöku löndum.
— Þróun gæðastjórnaraðferða í norrænu rannsóknasamstarfi.

Ráðstefnur á formennskuári Íslendinga.

Fyrirhugað er að halda ráðstefnur um þau málefni sem lögð er áhersla á í norrænu samstarfi um menntun og rannsóknir og er ráðgert að halda eftirfarandi ráðstefnur á formennskuári Íslands á sviði menntunar og rannsókna.

— *Mat í skólastarfi.* Það er eitt meginforgangsefni á sviði ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir á vegum NSS.
— *Fjármögnun og skipulag háskóla,* en fjármögnun háskólastigsins er orðið mjög aðkallandi úrlausnarefni í flestum löndunum. Högut-nefndin mun undirbúa ráðstefnuna og koma með tillögu um tímasetningu.
— *Meginstraumar í símenntun á norrænum, evrópskum og alþjóðlegum vettvangi.* Horft verður um öxl og litið fram á veginn með hliðsjón af verkefnaáætlun FOVU 1997–2000. FOVU-nefndin mun undirbúa ráðstefnuna og koma með tillögu um tímasetningu.

4. UMHVERFISMÁL

Inngangur.

Samstarfið á umhverfissviðinu byggir í grundvallaratriðum á Norrænu umhverfisáætluninni 1996 til 2000. Upphaflega var áætlað að hún gilti til ársloka árið 1999, en gera má ráð fyrir því að samþykkt nýrrar umhverfisáætlunar geti dregist fram á mitt ár 2000. Á formennskuári Íslands mun þó hefjast undirbúningur að gerð nýrrar umhverfisáætlunar. Mikilvægur þáttur í því er að líta yfir farinn veg og leggja mat á það hvernig til hefur tekist við að ná þeim markmiðum sem sett voru í áætluninni sem nú er unnið eftir. Niðurstöður úr slíkri endurskoðun ber að nýta við undirbúning og gerð nýrrar áætlunar.

Á formennskuári Íslands verður gengið út frá þeim þremur stoðum sem byggt er á í norrænu samstarfi, Norðurlönd, grannsvæðin og norðurslóðir og Evrópa og önnur alþjóðamál.

Norræna stoðin.

Á formennskuári Íslands verður áhersla lögð á að styrkja norrænu stoðina í umhverfissamstarfi á nyrðri og vestari svæðum Norðurlandanna.

Í norrænu stoðinni er nærtækt að leggja áherslu á hafið á næsta ári. Í áætlun um þverfagleg málefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á næsta ári kemur áherslan á hafið skýrt fram og af Íslands hálfu verður lögð áhersla á að umhverfisgeirinn leggi sitt af mörkum að því er varðar málefni hafsins. Leggja verður áherslu á að fjallað verði um alla þætti sem snerta umgengni við hafið og nýtingu auðlinda þess. Hér er átt við mengun, verndun búsvæða, sjálfbærar veiðar o.fl.

Lögð verður áhersla á að fylgja eftir yfirlýsingum ráðherra og samningum sem undirritaðir voru á ráðstefnunni „Environment for Europe“ í Árósum í júnílok sl. Enn fremur ber að vinna að markmiðum sem sett eru í OSPAR-samningnum.

Af verkefnum vinnuhópa sem Ísland hyggst leggja áherslu á eru vernd og nýting vatns, þ.m.t. fráveitumál og enn fremur vernd strandsvæða. Af verkefnum vinnuhópa sem Ísland hyggst leggja áherslu á eru vatnsmálin og strandsvæði verða sérstakt áherslumál Íslendinga. Áfram mun verða lögð áhersla á þverfaglegt samstarf við aðra geira og sem dæmi um ný verkefni sem kom til álita er greining á fjárhagslegu verðmæti náttúrunnar.

Grannsvæðin/Norðurslóðir.

Undanfarin ár hafa Norðurlöndin, saman og sitt í hverju lagi unnið markvisst að því að styðja jákvæða þróun umhverfismála á grannsvæðunum við Eystrasalt. Á formennskuári Íslands mun því starfi haldið áfram. Miðað er við það að Styrktarsjóður NEFCO haldi áfram sínu starfi og að reyna að vinna að því að umhverfismál fái aukið framlag úr grannsvæðasjóði Norrænu ráðherranefndarinnar.

Auk þess er það sérstakt áherslumál að styrkja tengsl við norðurslóðir enn frekar, bæði með því að leggja áherslu á að starfi fastra vinnuhópa verði beint frekar á þann vettvang og því að efla samvinnu við aðra sem starfa á þeim vettvangi. Sem dæmi um hið síðarnefnda eru tengsl við hópa sem vinna undir Arctic Environmental Protection Strategy (AEPS), einkum að því er viðkemur að draga úr mengun á svæðinu, náttúruvernd og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Sem dæmi um einstök verkefni má nefna framkvæmd á Regional Programme of Action sem er liður í því að hrinda í framkvæmd Global Programme of Action for the Protection of the Marine Environment from Land-Based Pollution (GPA) og alþjóðlegum samningaviðræðum um þrávirk lífræn efni. Jafnframt verður sérstakur gaumur gefinn að hættu sem stafar af geislavirkum úrgangi í Norðvestur-Rússlandi.

Í heild má segja að markmiðið sé að starf Norrænu ríkjanna á Norðurslóðum falli vel að þeim markmiðum sem þau hafa sett sér í samstarfinu innan Norðurskautsráðsins. Áhersla verður lögð á að vinna að sjálfbærri þróun á Norðurslóðum og meðal verkefna sem Ísland mun stuðla að er gerð staðardagskrár 21 fyrir smærri samfélög á köldum svæðum.

Evrópa og önnur alþjóðamál.

Ísland mun á formennskutímabili sínu stuðla að því að styrkja samskiptin við ESB og EES. Fyrsta skrefið í því efni er að taka til gaumgæfilegrar athugunar og umræðu innan umhverfisgeirans hvernig þessum samskiptum verði best háttað. Ræða þarf hvort og þá hvernig eigi að hafa reglulegt samráð eða samskipti við framkvæmdastjórn ESB og hvernig eigi að haga samskiptum við EFTA. Að mati Íslands þarf að ræða bæði kosti og galla slíks fyrirkomulags.

Í þessu sambandi er ástæða til að ræða sérstaklega undirbúning og lögbindingu gerða sem gilda eiga á EES-svæðinu. Dæmi eru um vel heppnað starf af því tagi í efnavöruhópnum (Kemikaliegruppen), en spurningin er hvort starfið eigi að vera kerfisbundnara. Ekki verður fram hjá því litið að umhverfislöggjöf Norðurlandanna, þ.m.t. þeirra sem standa utan ESB, á að stórum hluta uppruna sinn í tilskipunum sambandsins. Undir hatti sumra embættismannanefnda eru starfandi sérstakir lagahópar og það má velta því fyrir sér hvort taka eigi þennan þátt út með svipuðum hætti innan umhverfisgeirans. Hér er þó eingöngu um umræðugrundvöll að ræða en ekki beinar tillögur.

Á formennskutímabilinu mun Ísland leggja áherslu á að Norðurlöndin starfi áfram saman á alþjóðavettvengi eftir því sem við verður komið. Í því sambandi er vísað til þess sem segir að ofan um samningaviðræður um þrávirk lífræn efni og um framkvæmd á GPA. Jafnframt verður áfram stuðlað að samvinnu á sviði annarra samninga sem máli skipta. Þar má m.a. nefna gagnlegt samstarf sem oft hefur átt sér stað um Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og líffræðilega fjölbreytni.

5. BYGGÐAMÁL

1. Samstarfsáætlun 2000–2004.

Á árinu 1999 á að undirbúa samstarfsáætlun í byggðamálum fyrir árin 2000–2004. Undirbúningur áætlunarinnar hófst með málþingi í Stokkhólmi í september en meiri hluti vinnunnar mun fara fram á næsta ári. Samstarfið í byggðamálum hefur verið í þremur meginflokkum: hin norrænu samstarfssvæði; rannsóknir og kennsla og samskipti embættismanna.

Sú þróun hefur einkennt flest samstarfssvæðin (fyrir utan norræna Atlantssamstarfið) að þau njóta einnig umtalsverðs stuðnings ESB frá INTERREG-áætluninni. Meginverkefni næstu ára er að viðhalda hinu norræna samstarfi í skugganum af mikilli fjárhagslegri fyrirgreiðslu. Ljóst er að fé af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar má sín lítils í slíkum samanburði til að hafa umtalsverð áhrif á efnahagsþróun svæðanna í samstarfinu. Hins vegar getur það nýst til að efla samstarf á milli þeirra sem er, þrátt fyrir allt, ekki kjarni stuðningsins af hálfu ESB. Norræn sjónarmið mega sín ef til vill ekki mikils í endurskoðun INTERREG-áætlunarinnar en þó er nauðsynlegt að þeim sé komið á framfæri.

Nordregio hefur nú starfað í rúmt ár. Í samstarfsáætluninni þarf að leggja áherslu á eflingu hennar vegna þess að þar verður hægt að byggja upp kennslu og rannsóknir sem nýtast mun Norðurlandaþjóðunum öllum enda hafa þær ekki möguleika á að standa fyrir slíku sjálfar. Nánar er fjallað um Nordregio hér að neðan.

Samstarf og upplýsingamiðlun milli embættismanna í byggðamálum á Norðurlöndum gengur mjög greiðlega. Því verður væntanlega haldið áfram á sama grunni og verið hefur.

Verkefni ársins er að standa vel að því að gera og samþykkja samstarfsáætlunina.

2. Efling Nordregio.

Komið hefur fram tillaga um að gera Nordregio að miðstöð þekkingar og þekkingarmiðlunar í umhverfismati á Norðurlöndunum. Ekki er mögulegt að stunda nauðsynlega fræðslu í þeim efnum einungis innanlands. Unnið verður að þessu verkefni á árinu 1999. Jafnframt þarf að tryggja að fræðsla á þessu sviði, svo og á sviði skipulags- og byggðaþróunarmála fari ekki einungis fram í Stokkhólmi. Er bæði hægt að hugsa sér að námskeið verði haldin í hinum löndunum og að notast verði við netið og fjarkennslu. Á árinu 1999 þarf að kanna hvort grundvöllur er fyrir því að Nordregio tæki upp þekkingarmiðlun til þeirra sem starfa að staðbundinni atvinnuþróun.

3. Samvinna milli byggða- og vinnumarkaðsmála.

Undanfarin ár hefur staðið yfir samstarf milli embættismannanefndanna í byggðamálum og landbúnaðarmálum. Það hefur að mörgu leyti verið gagnlegt enda þótt það hafi meðal annars leitt í ljós erfiðleika í samstarfi milli tveggja ráðuneyta í sama landi. Af þessu samstarfi hefur fengist reynsla sem hægt er að læra af áður en farið yrði út í samstarf milli byggðaráðuneyta og ráðuneyta sem standa fyrir almennum vinnumarkaðsaðgerðum. Rétt er að hefja málið á því að gert yrði uppkast að mögulegum samstarfsverkefnum af ráðgjöfum Norrænu ráðherranefndarinnar á þessum sviðum og ræða tillögur á grundvelli skýrslu frá þeim. Markmiðið er að á árinu 1999 verði gerð samstarfsáætlun milli hinna norrænu embættismannanefnda á sviðum byggðamála og vinnumarkaðsaðgerða ef niðurstaða starfsins er að það sé gagnlegt.

4. Norrænt samstarf í ferðaþjónustu í strjálbýli.

Eitt af samstarfsverkefnum landbúnaðar- og byggðanefndanna hefur leitt til stofnunar tengslahóps um ferðaþjónustu. Áður hafa verið gerðar tilraunir til að auka samstarfið á þessu sviði. Ekki er undarlegt að í byggðamálunum sé mjög horft til möguleika ferðaþjónustunnar og þar er gagnlegt að miðla reynslu og upplýsingum. Á árinu 1999 verður ákveðið með hvaða hætti málefnum ferðaþjónustu í dreifbýli verður sinnt í norrænu samstarfi.

5. Upplýsingatækni og byggðaþróun.

Árið 1997 fór, að frumkvæði norska formannsins, fram umræða um mikilvægi upplýsingatækni fyrir byggðaþróun og hvaða áhugaverð og mikilvæg sjónarmið gætu orðið uppi í hugsanlegri norrænni samvinnu á því sviði. Vorið 1999 mun NERP taka ákvörðun um áætlanir um sameiginlega þekkingaröflun á sviði upplýsingatækni og byggðaþróunar og jafnframt meta hvort ástæða sé til að taka slíkt með sem eitt af áhersluverkefnum í samstarfsáætlun í byggðamálum fyrir árin 2000–2004.

6. Menningarsamstarf á samstarfssvæðunum.

Árið 1999 verður ýtt úr vör þriggja ára áætlun um eflingu menningarverkefna á samstarfssvæðunum. Markmiðið er að hvetja samstarfssvæðin til að þróa heilsteypta langtímasýn og ráðast síðan í verkefni sem gætu leitt til aukins menningarframboðs á svæðunum. Slíkt framboð gæti komið til viðbótar innanlandsaðgerðum og leitt í ljós að sameiginlegt átak fyrir allt samstarfssvæðið getur hvatt til nýrra og meira spennandi verkefna.

6. EFNAHAGS- OG FJÁRMÁL

1. Almenn efnahagsmál.

Almenn umræða og skoðanaskipti um stefnumörkun í efnahagsmálum er fyrirferðarmikil í samstarfi efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlanda. Enn fremur hafa ráðherrarnir reglubundið samráð á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, OECD og Eystrasaltsráðsins, ásamt Þýskalandi, Póllandi og Eystrasaltsríkjunum.

Áfram verður eitt veigamesta verkefnið á þessu sviði á komandi starfsári umfjöllun um stefnumörkun í ríkisfjármálum og peningamálum með það fyrir augum að treysta stöðugleika í efnahagsmálum, efla hagvöxt og stuðla að aukinni atvinnu.

Á árinu 1998 hefur verið unnið að umfangsmikilli athugun á áhrifum hagsveiflna á stöðu opinberra fjármála á öllum Norðurlöndunum. Þessari athugun verður fram haldið á næsta ári og áformað að ljúka henni þá með sérstakri skýrslu. Í tengslum við þetta verður efnt til alþjóðlegrar ráðstefnu um málið. Jafnframt verður fjallað um hugsanlegt framhald þessa málefnis.

Nú er unnið að sérstakri athugun á auknu samstarfi norrænna kauphalla og verðbréfaþinga þar sem meðal annars eru kannaðar leiðir til að samræma reglur á þessu sviði. Vaxandi alþjóðavæðing hefur leitt til aukinnar samkeppni og jafnframt knúið á um aukna samvinnu á þessum vettvangi. Enn fremur verða möguleikar á samvinnu milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna á þessu sviði kannaðir.

Í mörgum löndum hefur tilhögun lífeyrismála verið til endurskoðunar, meðal annars í ljósi breyttrar aldurssamsetningar og áhrifa hennar á uppbyggingu velferðarkerfisins á næstu árum og áratugum. Norðurlöndin standa að mörgu leyti betur en aðrar þjóðir á þessu sviði. Að tillögu Íslands verða þessi mál tekin til sérstakrar skoðunar á árinu 1999.

2. Starfsemi og verksvið Norræna fjárfestingarbankans.

Starfsemi Norræna fjárfestingarbankans hefur í vaxandi mæli verið til umræðu á vettvangi fjármálaráðherranna. Annars vegar í tengslum við sérstaka fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem fjármálaráðherrarnir höfðu frumkvæði að á sínum tíma (sbr. lið 5). Hins vegar hefur verið vaxandi þörf fyrir lánsfé, ekki síst áhættufé, til ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu sem hefur kallað á auknar ríkisábyrgðir og aukið hlutafé í bankanum. Með aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífs á Norðurlöndunum og stuðningi eigenda hans hefur starfsemi bankans orðið alþjóðlegri. Lán og ábyrgðir eru nú ekki aðeins veittar til verkefna á Norðurlöndum heldur og utan þeirra. Þannig er hlutverk bankans nú að nýta traust lánshæfi á alþjóðamarkaði til að veita lán á almennum bankakjörum til fjárfestingarverkefna einkaaðila og opinberra aðila í þágu bæði Norðurlanda og þeirra ríkja utan Norðurlanda, sem fá lán eða ábyrgðir frá bankanum. Í ljósi aukinnar alþjóðlegrar starfsemi bankans og þeirrar auknu áhættu sem því fylgir er talið mikilvægt að treysta með formlegum hætti alþjóðlega stöðu bankans.

Fjármála- og efnahagsráðherrar Norðurlanda hafa nú samþykkt nýtt samkomulag um Norræna fjárfestingarbankann með þessi meginmarkmið að leiðarljósi og var það undirritað í Ósló 23. október 1998 af fulltrúum stjórnvalda allra Norðurlandanna með fyrirvara um samþykkt viðkomandi þjóðþinga. Jafnframt hefur Forsætisnefnd Norðurlandaráðs fjallað um og samþykkt hið nýja samkomulag. Samkomulagið hefur verið lagt fyrir þjóðþing einstakra landa til afgreiðslu og er miðað við að það taki gildi í upphafi árs 1999.

3. Umhverfismál.

Á vegum tveggja embættismannanefnda, þ.e. þeirra sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø), starfar sérstakur vinnuhópur um umhverfismál, einkum beitingu hagrænna aðgerða á því sviði. Fjármálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið eiga sinn hvorn fulltrúann í þessum hópi. Meginverkefni hópsins hefur verið gerð skýrslna um stöðu umhverfismála á Norðurlöndunum frá efnahagslegu sjónarmiði og er Ísland aðili að þessari skýrslugerð. Á vegum nefndarinnar hefur einnig verið efnt til ráðstefna og samráðs við Evrópusambandið á þessu sviði. Á árinu 1998 var meðal annars haldin ráðstefna í samráði við vinnuhóp um orku- og umhverfismál þar sem fjallað var um ákvæði Kyoto-bókunarinnar og viðskipti með losunarkvóta. Að tillögu Íslands mun þessi vinnuhópur á næsta ári taka til sérstakrar skoðunar ýmsa efnahags- og umhverfislega þætti sem tengjast nýtingu náttúruauðlinda.

4. Evrópumál.

Í tengslum við almenna umræðu um efnahagsmál hafa málefni Evrópusambandsins mikið verið rædd á vettvangi efnahags- og fjármálaráðherranna. Sérstaklega hafa mál tengd stofnun Efnahags- og myntbandalagsins verið rædd, ekki einungis á milli norrænu ráðherranna heldur einnig á öðrum vettvangi svo sem OECD og á sameiginlegum fundum milli EFTA og Evrópusambandsins. Haustið 1998 var haldinn sameiginlegur fundur forsætis- og fjármálaráðherra Norðurlanda um málefni EMU. Jafnframt var ákveðið að ráðherrarnir myndu hittust reglulega til að ræða þessi mál og er áformað að næsti fundur verði haldinn á Íslandi í júní 1999.

5. Stuðningur við Eystrasaltsríkin og rússnesku nærhéruðin.

Mikil áhersla hefur verið lögð á samskipti og stuðning Norðurlanda við Eystrasaltsríkin, einkum í tengslum við hina sérstöku fjárfestingaráætlun (Det baltiske investeringsprogram, BIP) sem hrundið var í framkvæmd í mars 1992 og framlengd á árinu 1996 fram til ársins 2000. Með þessari áætlun hafa Norðurlöndin veitt umtalsverðum fjármunum, eða sem nemur um 1.500 milljónum íslenskra króna, til uppbyggingar efnahagslífs í Eystrasaltsríkjunum með milligöngu Norræna fjárfestingarbankans, Evrópubankans í London og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins. Þessi áætlun hefur þegar skilað umtalsverðum árangri.

7. ORKUMÁL

Inngangur.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála hefur öðlast aukið vægi á síðustu árum. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hefur verið komið á markaðsbúskap í raforkumálum. Það hefur leitt til mikilla breytinga í viðskiptum með raforku á Norðurlöndum. Frá árinu 1993 hafa verkefni er lúta að loftslagsbreytingum („gróðurhúsavandanum") haft nokkurn forgang í samstarfinu og unnið hefur verið að fjölmörgum athugunum og verkefnum. Þessi vinna hefur verið þýðingarmikil bæði fyrir starfið á þessu sviði í löndunum sem og fyrir hinar alþjóðlegu samningaviðræður í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Norræna orkurannsóknaráætlunin hefur mikla þýðingu við eflingu samstarfs háskóla og rannsóknastofnana á Norðurlöndunum og við að miðla niðurstöðum rannsókna. Áætlunin er fjármögnuð með framlagi beint frá löndunum. Mikil áhersla hefur verið lögð á samstarf við Eystrasaltsríkin (Eistland, Lettland og Litháen) og önnur ríki við Eystrasalt. Samstarfið fékk aukið vægi með yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlanda í Bergen árið 1997. Í yfirlýsingunni fólu forsætisráðherrarnir orkuráðherrum Norðurlanda að meta tiltekn-

ar leiðir til að stuðla að sjálfbærri þróun í orkuöflun við Eystrasalt. Miklar breytingar eiga sér stað á orkusviðinu á alþjóðavettvangi, ekki síst innan ESB. Ráðherraráð Evrópu og Evrópuþingið hafa samþykkt tilskipanir um innri markað á sviði raforku og jarðgass. Norrænt samstarf á orkusviðinu byggist á greinargerð sem Norræna ráðherranefndin lagði fyrir Norðurlandaráð í nóvember árið 1996, yfirlýsingu forsætisráðherranna í Bergen sumarið 1997 um sjálfbæra þróun í orkuöflun við Eystrasalt og úrvinnslu úr tilmælum Norðurlandaráðs.

Markmið.

Markmiðið með samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála er að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndunum og grannsvæðunum. Nýta ber orkulindir og orku með skilvirkum hætti til að efla atvinnulíf og styrkja efnahag án þess að ganga á hið náttúrulega umhverfi. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska þýðingu fyrir Norðurlöndin.

Rammaáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði orkumála.

Um áramótin 1998/1999 er gert ráð fyrir að samþykkt verði rammaáætlun fyrir orkusamstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlunin mun meðal annars byggja á þeim verkefnum sem unnið hefur verið að, sérstaklega forgangsröðun í formennskuáætlun Svía en með þeim hætti verður stuðlað að samfellu í samstarfinu. Í áætluninni er lýsing á samstarfinu, einkum þeim sviðum þar sem gert er ráð fyrir að efla það.

Gert er ráð fyrir að vægi norrænu stoðarinnar verði aukið. Mikilvægustu verkefnin verða á sviði orkumarkaðar, loftslagsbreytinga, upplýsingamála og orkurannsókna. Í áætluninni verður lögð aukin áhersla á samstarf við aðra málaflokka, einkum umhverfis-, flutninga- og fjármálasvið.

Samstarfið hvað varðar grannsvæðin í austri mun grundvallast á því starfi sem unnið hefur verið í samræmi við Bergenyfirlýsinguna og niðurstöðum fundar norrænu orkuráðherranna og starfsbræðra þeirra handan Eystrasaltsins, sem haldinn var í Stafangri 1. desember 1998.

Samvinna Norðurlandanna um alþjóðlegt samstarf á sviði orkumála mun einkum beinast að framkvæmd tilskipana ESB um innri markað á sviði raforku og innri markað á sviði jarðgass. Mikilvægt er meðal annars að fjalla um hvernig unnt verður að veita svokölluðu „grænu rafmagni“ forgang á markaðinum, þ.e.a.s. rafmagni sem unnið er með endurnýjanlegum orkulindum.

Norrænt orkusamstarf undir íslenskri formennsku.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir nýjum verkefnum sem Íslendingar ætla að leggja mesta áherslu á á formennskuári. Áherslur hvað varðar grannsvæðin verða í samræmi við niðurstöðu Stafangursfundarins.

Í fyrsta lagi er lögð áhersla að löndin skiptist á upplýsingum og gögnum um orkumál og að efla miðlun upplýsinga um orkusamstarfið og orkusviðið. Íslendingar munu leggja til að settur verði á fót starfshópur, þar sem löndin skiptist á upplýsingaefni um orkusviðið jafnframt því sem hópurinn geri tillögu um starfsáætlun á upplýsingasviðinu. Sérstaklega verði hópnum falið:

a. Að gera tillögu að heimasíðu á Veraldarvefnum um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála.
b. Að meta þörf fyrir upplýsinga- og kynningarefni fyrir skóla, ungt fólk, fjölmiðla o.fl. Efnið á að lýsa samstarfinu; stefnu einstakra landa í orkumálum; skipulagi orkumála; orkulindum Norðurlandanna og hagnýtingu þeirra; orkumarkaðinum; orkunotkun og

hagkvæmri orkunýtingu; samhengi orku, efnahags, atvinnu og umhverfis; tengingu orku og loftslagsbreytinga sem og orkurannsóknum. Hópnum ber auk þess að fjalla um að hve miklu leyti áhugi kunni að vera á efninu utan Norðurlandanna.

Stefnt er að því að fjalla um niðurstöður og tillögur hópsins á fundi orkuráðherranna á Íslandi í ágúst 1999.

Í öðru lagi verður lögð áhersla á að koma á fót samstarfi milli orkusviðsins og annarra málaflokka, einkum flutningasviðsins. Þróun á samgöngu- og flutningasviðinu mun hafa mikla þýðingu fyrir loftslagsmálin. Því er mikilvægt að fara skipulega yfir þær leiðir sem færar eru til að draga úr olíunotkun í samgöngum og flutningum í bráð og lengd. Meðal áhugaverðra verkefna til skemmri tíma er gerð yfirlits yfir mögulegar aðgerðir til að spara olíu, að hrinda slíkum aðgerðum í framkvæmd og að miðla upplýsingum um það efni til íbúa landanna. Þegar litið er til lengri tíma er mikilvægt að kanna hvaða annað eldsneyti getur komið í stað olíu, sem og nýjungar í þróun farartækja (bílar, skip, flugvélar og járnbrautir), með það að markmiði að draga úr orkunotkun.

Í þriðja lagi eru áform um að styrkja samvinnuna við heimastjórnarsvæðin, einkum Færeyinga og Grænlendinga. Á síðustu árum hefur samvinnan á orkusviðinu einkennst af mörgum verkefnum er lúta að endurskipulagingu raforkukerfa í löndunum og grannsvæðunum. Mestur áhugi á þessum verkefnum hefur verið í Skandinavíu og Finnlandi. Með vísan til þessa er mikilvægt að hefja eitt eða fleiri verkefni þar sem Færeyjar, Grænland og Ísland koma til að hafa veigamikið hlutverk. Til skoðunar er hugmynd sem lýtur að því að meta með hvaða hætti nýta má orkulindir þessara landa með sjálfbærum hætti, einnig m.t.t evrópska orkumarkaðsins.

Í fjórða lagi er unnið að undirbúningi norrænnar námstefnu um ALTENER-áætlun ESB. Öll Norðurlöndin taka þátt í og leggja fé til áætlunarinnar. Á námstefnuni munu löndin m.a. skiptast á upplýsingum um reynsluna af ALTENER I áætluninni sem lokið er. Jafnframt munu þau skilgreina hvaða árangurs þau vænta af ALTENER II, fjalla um á hvaða sviðum áhugamál landanna fara saman svo og um samstarf þeirra í milli.

8. LANDBÚNAÐUR OG SKÓGRÆKT

Á formennskuári Íslands verður lögð áhersla á að efla norræna samvinnu innan ramma samstarfsáætlunarinnar á sviði landbúnaðar og skógræktar og halda áfram þeim verkefnum sem unnið er að innan ramma áætlunarinnar.

Við munum leggja áherslu á að efla samvinnu landa í vesturhluta Norðurlanda og auka þátttöku Færeyja og Grænlands. Auk þess er áhugi Íslands á því að kynna gagn og virkni norrænar samvinnu fyrir öðrum nágrannalöndum í vestri, sem eiga sameiginlegar rætur og menningu með Norðurlöndunum. Hér er átt við Skotland og eyjarnar, einkum Orkneyjar, Írland, og jafnvel austurfylki Kanada, svo sem Nova Scotia, Prince Edward Island og Nýfundnaland. Við ætlum að hefja undirbúning að ráðstefnu, að líkindum árið 2000, með þátttöku ofangreindra þjóða og Norðurlandanna og jafnframt kanna hvort um sé að ræða sameiginleg áhugamál milli þessara aðila sem væri vert að hefja samstarf um.

Ísland telur að finna þurfi framtíðarlausn fyrir aðbúnað og rekstur Norræna genbankans. Ísland telur bankann vera flaggskip norrænnar samvinnu í landbúnaðarmálum en hann er í reynd orðinn að fyrirmynd fyrir genbanka víða um heim. Húsnæðismál bankans þurfa sérstakrar athugunar við með lausn til framtíðar sem markmið. Á sama hátt þarf að komast að niðurstöðu um framtíð Húsdýragenbankans.

Á norðurslóðum, þar sem land er viðkvæmt, og víða hjá öðrum löndum er lögð vaxandi áhersla á varðveislu og endurheimt landgæða, en landbúnaður byggir í grundvallaratriðum á hæfilegri landnýtingu þar sem ekki er gengið á auðlindina sem slíka og landinu skilað jafnhæfu til framleiðslu frá einni kynslóð til annarrar. Hér er um ung vísindi að ræða, sem hafa aflað sér sér viðurkenningar á síðustu árum. Á formennskuári Íslands verður lögð sérstök áhersla á að vitneskja sem þegar er orðin til á þessu sviði verði nýtt. Í því sambandi verði einnig horft til þróunarlanda þar sem vankunnátta í meðferð landgæða mun leiða til skertrar framleiðslugetu.

Önnur þýðingarmikil svið sem við munum leggja áherslu á innan samvinnu Norðurlanda er frekari þróun í átt að sjálfbærum landbúnaði og skógrækt og að stuðla að aukinni hollustu og hreinleika matvara, t.d. með því að forðast eða draga úr notkun vaxtaraukandi efna, fúkkalyfja og hormóna í landbúnaði jafnt innan Norðurlandanna sem á alþjóðlegum vettvangi. Sem fyrr munum við leita eftir samstarfi við EK-Livs og EK-Miljø um þessi verkefni.

Sem sérlega áhugavert verkefni má nefna rannsóknir á mengun af þungmálmum í matvælum og leiðir til að draga úr mengun, svo sem notkun hagrænna stjórntækja til að hafa áhrif á þróun framleiðsluhátta í landbúnaði og skógrækt ásamt samstöðu um verkefni á sviði dýraverndar og dýrasiðfræði. Markmið norræns samstarfs á þessum vettvangi, auk innra gildi þess, er einnig að hafa áhrif á alþjóðlega þróun þessara mála.

Norðurlöndin hafa gert áætlun um hvernig eigi að fylgja eftir samþykktum FAO-fundar þjóðarleiðtoga um matvælaöryggi sem haldinn var í Róm 1996. Ísland hyggst halda því verki áfram eins og áætlað var, en í áætluninni var einmitt lögð áhersla á hollustu og hreinleika matvæla og að takmarka notkun vaxtaraukandi efna.

Ísland hefur ásamt Noregi hvatt til þess að auka umræðu á samnorrænum vettvangi um málefni EU/EES og lagt áherslu á regluleg skipti á upplýsingum. Einnig leggjum við áherslu á aukið samráð á norrænum vettvangi um málefni sem verða á dagskrá hjá WTO.

Þó skógrækt hafi ekki sömu fjárhagsþýðingu hérlendis og í Skandinavíu metum við mikils samstarf á þeim vettvangi jafnt með tilliti til framleiðslu sem vegna umhverfisáhrifa og munum því leggja áherslu á samvinnu innan SNS.

Innan ESB hefur fengist góð reynsla af að efla samskipti ungs sveitafólks milli landa. Ísland mun á formennskuárinu kanna möguleika á að koma á skipulögðum skiptum æskufólks úr sveit milli hinna norrænu landa. Tilgangur þess er að auka þekkingu æskufólks hverrar þjóðar á lífskjörum og starfsháttum hinna þjóðanna auk þess að efla kynni meðal æskufólks úr sveit á Norðurlöndum.

9. SJÁVARÚTVEGSMÁL

Formennskuáætlun Íslands fyrir sjávarútvegssviðið á árinu 1999 byggir á grunni fjögurra ára samstarfsáætlunar sem gildir árin 1997–2000. Samkvæmt henni er höfuðmarkmið að efla sjávarútveg, sem mikilvægan þátt þjóðlífs í löndunum.

Þróun á alþjóðavettvangi hefur æ meiri áhrif á forsendur og umhverfi þeirra sem nýta lifandi auðlindir sjávar. Miklu skiptir að skilningur sé á því innan norræns sjávarútvegs að aðilar hans þurfa sjálfir að bregðast við þeim kröfum sem þar verða til.

Á formennskuári Íslendinga verður lögð áhersla á að miðla upplýsingum á Norðurlöndum um kröfurnar sem að sjávarútveginum beinast, en jafnframt að auka upplýsingamiðlun út á við um það hvernig sjávarútvegur er rekinn á Norðurlöndum.

Í framhaldi af ári hafsins verður aukin umræða um ábyrga auðlindanýtingu. Norræn sjónarmið um m.a. fiskveiðistjórnun, sjálfbærni og umhverfismál þurfa að vera sýnilegri og heyr-

ast betur en verið hefur, fyrir þá sem áhuga hafa. Það markmið er sett að samræma, þar sem við á, afstöðu norrænu ríkjanna og reyna að ná samstöðu um að koma norrænum sjónarmiðum á framfæri bæði í svæðasamstarfi og alþjóðlegu samstarfi.

Margs konar norrænt frumkvæði hefur verið tekið í ljósi umræðu um umhverfismerkingar sjávarafurða með sjálfbærni að leiðarljósi. Meðal þeirra er að greina hvaða kröfur verða gerðar til sjávarútvegsins í framtíðinni, upplýsingaveita til að upplýsa almenning um norrænan sjávarútveg, beiðni til Alþjóðahafrannnsóknaráðsins (ICES) um að það geri skýrslu um sjálfbærni veiða í Norðurhöfum, erindi til sjávarútvegsdeildar Evrópusambandsins um þessi mál auk þess sem efnt var til tæknifundar Alþjóða matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um alþjóðleg viðmið fyrir sjálfbærnimerki á sjávarafurðir.

Þessu starfi verður haldið áfram og það styrkt í formennskutíð Íslendinga.

Meðal nýrra verkefna á árinu er að beina upplýsingaherferðinni að fiskkaupendum í markaðslöndum, stjórnmálamönnum, fjölmiðlum, áhugafélögum og ungu fólki. Þá þarf að afmarka með ICES, umfang skýrslunnar um sjálfbærar veiðar í norðurhöfum og frekari notkun þeirra upplýsinga sem þar koma fram. Íslendingar munu beita sér fyrir því að norrænu Evrópusambandsríkin haldi áfram innan ESB að koma á framfæri norrænum sjónarmiðum í málum sem varða þau öll og koma, ef hægt er, þannig t.d. að endurskoðun sjávarútvegsstefnu bandalagsins. Íslendingar munu beita sér fyrir því á formennskuárinu að fylgja eftir innan FAO norrænum sjónarmiðum sem fram komu á tæknifundi FAO um umhverfismerkingar haustið 1998.

Norrænt sjávarútvegssamstarf er lifandi og hefur m.a. sýnt að hlustað er á norrænu ríkin þegar rætt er um sjávarútveg. En einnig hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að styrkja innri umræðu og þekkingu í greininni um svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf og hvaða þýðingu þær ákvarðanir sem þar eru teknar geta haft á greinina í heild. Undir íslenskri stjórn verður lögð áhersla á það hlutverk sem sjávarútvegssamstarfið hefur við að miðla upplýsingum jafnt til sem frá greininni.

Þá verður haft frumkvæði að því að safna saman frekari upplýsingum úr alþjóðlegu ríkja- og félagasamstarfi þar sem Norðurlöndin eru ýmist fáliðuð eða taka ekki þátt. Markmiðið er að auka þekkingu á alþjóðlegum ferlum sem í gangi eru áður en að ákvörðunum er komið, ferlum sem gætu breytt þeim ramma sem norrænn sjávarútvegur býr við. Þekking sem þannig verður til er þarft innlegg í norræna umræðu innan málaflokksins og getur orðið til að sameiginlegum norrænum sjónarmiðum verði haldið fram á viðeigandi stað og tíma.

Vestnorrænu ríkin framleiða sjávarafurðir og selja stærstan hluta þeirra til Evrópusambandslandanna m.a. til norrænu ríkjanna innan sambandsins. Ísland mun á formennskuári styðjast við þá skilgreiningu á grannsvæðum sem sett er fram í gildandi samvinnuáætlun sviðsins en þar segir að grannsvæði Norðurlanda á sjávarútvegssviðinu taki til svæða þar sem eftirsóknarvert er að vinna saman. Í samræmi við þetta er Barentshafssvæðið, heimskauta- og Norður-Atlantshafssvæðið sérstaklega áhugavert í sjávarútvegssamstarfinu.

Meðal þeirra nýju krafna sem beint er að norrænum sjávarútvegi er að flétta inn í allan rekstur hans umhverfisverndarsjónarmiðum. Á árinu 1999 tekur gildi ný norræn umhverfis- og sjávarútvegsáætlun sem gildir til ársins 2002. Innan norræna sjávarútvegssamstarfsins er þetta þverfaglega samstarf talið til góðs og aðilar þess vilja leggja sitt af mörkum til að leysa verkefni sem liggja á mörkum umhverfis- og sjávarútvegsmála. Nauðsynlegt er að blása nýju lífi í samvinnu umhverfis og sjávarútvegsráðuneyta er varðar alþjóðasamstarf á þessu sviði.

Auk þess er vilji til þess innan sjávarútvegssamstarfsins að hvetja þá sem ábyrgð bera á öðrum sviðum að tryggja, eins og mögulegt er, heilbrigði sjávar sem er forsenda fyrir því

fjölbreytilega lífi sem þar er að finna. Meðal þess er rétt væri að beina athygli að á næsta ári er:

— Að auka starf við að takmarka mengun hafsins.
— Að beita sér fyrir snörum alþjóðlegum viðbrögðum til að takmarka hættu af mengun vegna lestarvatns í skipum. Það er oft flutt um langan veg og getur borið lífverur sem eru skaðlegar á nýjum stað.
— Að auka skilning á áhrifum hafsins á veðurfar.

Sjávarútvegsrannsóknir hafa fram til þessa verið stærstur hluti norræna sjávarútvegssamstarfsins. Aukin verkefni er varða stefnumótun (pólitískari verkefni) hafa orðið til þess að hlutur rannsókna hefur minnkað. Þrátt fyrir það eru rannsóknir ofarlega á forgangslista enda stuðla þær að frekari þróun og eru nauðsynlegur grundvöllur umræðu dagsins t.d. um sjálfbærni. Nauðsynlegt er að forgangsraða af festu rannsóknum sem styrktar eru.

Á formennskuári Íslendinga viljum við setja fé í rannsóknir og þróun veiðarfæra með sérstakri áherslu á kjörhæfi þeirra og hvaða áhrif þau hafa á umhverfið. Enn fremur er lögð áhersla á gæði sjávarafurða. Líta þarf bæði til krafna stjórnvalda í viðskiptalöndunum um öryggi og heilnæmi afurðanna en einnig viðbótarkrafna viðskiptavina og neytenda. Íslendingar vilja einnig styrkja rannsóknir, þróun og kennslu um öryggi, vinnuumhverfi og heilbrigði sjómanna.

Gildandi samstarfsáætlun norrænu ríkjanna á sjávarútvegssviðinu verður endurskoðuð árið 2000. Í ljósi þessarar áætlunar og þeirra breytinga sem átt hafa sér stað innan samstarfsins á undanförnum árum þykir Íslendingum rétt að umræða um skipulag þess hefjist þegar á árinu 1999.

Mikilvægir viðburðir er varða sjávarútvegssamstarfið á árinu 1999 eru:

CSD: Nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, heldur fund í New York í apríl þar sem hafið er á dagskrá. CSD er sú stofnun Sameinuðu þjóðanna sem á að fylgja eftir Ríóráðstefnunni og framkvæmdaáætlunarinnar Agenda 21 sem samþykkt var í kjölfar hennar. Í tengslum við fundinn er áhugi á því í norrænu samstarfi að ljósi verði varpað á norræna umhverfishugsun, norræna fiskveiðistjórnun og samvinnu.

FAO-COFI: Fundur er í sjávarútvegsnefnd Matvæla og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna í febrúar. Á fundinum er þess vænst að rætt verði um alþjóðlegan ramma um umhverfismerkingar sjávarafurða í framhaldi af tæknifundi um sama mál sem haldinn var í FAO að norrænu frumkvæði haustið 1998.

FAO-ráðherrafundur: FAO hefur boðað sjávarútvegsráðherra heimsins á fund í byrjun mars. Þar er búist við að merkjamál verði einnig til umræðu.

ICES (Alþjóða hafrannsóknaráðið) hefur verið beðið um að vinna skýrslu um nýtingu fiskistofna í Norðurhöfum þar sem sagt er til um hvort þeir hafi á næstliðnu ári verið nýttir á sjálfbæran hátt. ICES hefur orðið við þessari beiðni og verður fyrsta skýrslan birt árið 1999. Á norrænum vettvangi verður það rætt á árinu hvernig þessar upplýsingar verða settar fram og notaðar við að koma á sjálfbærum veiðum.

Norræna sjávarútvegsráðstefnan verður haldinn í 25. sinn. Til hennar var fyrst efnt 1949 og hefur hún verið haldin reglulega síðan. Ráðstefnan verður á Íslandi 16. og 17. ágúst. Yfirskrift hennar er: „Hvernig á að nýta lifandi auðlindir sjávar"?

10. SAMGÖNGUMÁL

Í lok júlí 1998 var lögð fyrir Norðurlandaráð greinargerð samgönguráðherra Norðurlandanna um stöðu og þróun norræns samstarfs á sviði samgöngumála. Greinargerðin var unnin

af norrænu embættismannanefndinni um samgöngumál (NET) og staðfest af ráðherrum eða fulltrúum þeirra í júní.

Þær breytingar sem orðið hafa á sviði samgöngumála á Norðurlöndunum og á Eystrasaltssvæðinu, ásamt þeim breytingum sem gengið hafa yfir Evrópu á síðustu árum, hafa leitt til breytinga á samstarfi landanna. Þetta á fyrst og fremst við um afstöðu landanna til ESB, til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í upplýsingatækni, til aukinna krafna um bætt umferðaröryggi og til umhverfismála.

Markmið þessa samstarfs er að búa þannig um hnútana að samgöngur á Norðurlöndum og milli þeirra, svo og við næsta umhverfi, séu greiðar, öruggar og að mengun frá þeim sé í lágmarki.

Samstarfið í framtíðinni.

Það er sameiginlegt álit samgönguráðherra Norðurlandanna að áhugi sé fyrir og þörf á að viðhalda norrænu samstarfi á sviði samgöngu- og umferðarmála. Þetta samstarf getur átt sér stað annað hvort innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar eða milli einstakra landa.

Samgöngumál snerta alla þætti þjóðlífsins og ekki er óeðlilegt að þau séu vistuð á einum stað þótt þau gangi þvert á verkefni annarra ráðuneyta. Þetta á einkum við um umhverfismál samgangna og umferðar, svo og upplýsingatækni í samgöngum.

Samstarfið á næstu árum greinist í þrennt. Í fyrsta lagi samnorræn verkefni og hefur á því sviði að undanförnu verið lögð áhersla á upplýsingatækni í samgöngu- og umferðarmálum. Á árinu 1998 hefur sérstök nefnd á vegum NET unnið að úttekt á þessum málum á Norðurlöndum og er að vænta skýrslu frá henni í lok þessa árs. Í framhaldi af henni er stefnt að frekari vinnu á þessu sviði sem gæti leitt til niðurstöðu og lausna sem gagnast gætu fleirum en hinum norrænu löndum. Markmiðið með þessu starfi er að leita að lausnum sem bætt gætu öryggi umferðar og minnkað mengun, væntanlega með því að draga úr umferð, og aukið afköst hennar og hagkvæmni.

Í öðru lagi mun kastljósinu verða beint að Evrópumálum. Þar er fyrst að nefna TEN-verkefnið eða þann þátt þess sem nær yfir nyrstu héruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Lögð verður áhersla á umhverfismál og hugað að mengun frá hinum ýmsu samgöngutækjum, aðgengi og nýtingu annarra brennsluefna en nú eru notuð og samstarfi við ríki sem liggja að Norðurlöndunum um að draga úr mengun samgöngutækja. Sérstakur starfshópur á vegum samgönguráðherranna vinnur að greinargerð um stærð og mikilvægi samgöngugeirans á Norðurlöndum út frá evrópskum sjónarhóli til undirbúnings formennsku Finna í ESB á næsta ári. Þar verða dregnar fram þær sérstöku aðstæður sem samgöngur Norðurlandanna búa við og ekki finnast í öðrum Evrópuríkjum. Einnig er þar gerð grein fyrir samgöngum við þau lönd sem liggja að norrænu ríkjunum, eins og við Eystrasaltsríkin og Rússland. Samgönguráðherrarnir munu halda áfram umræðu um mál er snerta ESB og EES og um framkvæmd og fullgildingu tilskipana ESB á Norðurlöndum.

Í þriðja lagi munu samgönguráðherrarnir leggja áherslu á að ræða samgöngur við nágrannaríkin, einkum við Rússland og Eystrasaltsríkin. Milli þessara svæða og norrænu landanna er vaxandi bílaumferð og er meðalaldur bifreiða í þessum löndum mjög hár og ástand þeirra lélegt. Litið er á það sem sérstakt áhersluverkefni að vinna að bættu öryggi umferðar á milli þessara landa, að draga úr mengun og að gera umferðina ábatasamari en nú er. Samgönguráðherrarnir munu hafa það sem forgangsverkefni að taka upp samstarf við samgönguyfirvöld í Rússlandi og í Eystrasaltsríkjunum til að ná ofangreindum markmiðum í samgöngum milli landanna.

Áhersluatriði Íslands á árinu 1999.

Á formennskuári sínu mun Ísland fylgja eftir þeim samþykktu áformum um samstarfið í framtíðinni sem um er fjallað í greinargerð samgönguráðherranna hér að framan.

Auk þess mun samgönguráðuneytið á árinu beita sér fyrir nokkrum málum sem sérstaka þýðingu hafa fyrir íbúa Vestur-Norðurlanda. Þar eru efst á blaði aðgerðir til þess að bæta samgöngur á svæðinu, þ.e. á milli Íslands og Grænlands annars vegar og milli Íslands og Færeyja hins vegar og þá einkum aðgerðir er varða bættar flugsamgöngur. Einnig er áhugi fyrir því að taka fyrir umhverfismál í samgöngugeiranum með hliðsjón af Kyoto-samningnum og upplýsingatæknimál samgöngukerfisins.

Áhersla verður á það lögð að á sumarfundi norrænu embættismannanefndarinnar og hugsanlega ráðherrafundi, sem stefnt er að að halda á Íslandi, verði aðalfundarefnið samgöngumál þessa svæðis.

11. HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSMÁL

Inngangur.

Til grundvallar norrænu samstarfi á sviði heilbrigðis- og félagsmála liggur samstarfsáætlun sem samþykkt var í lok ársins 1994 og nær hún til tímabilsins 1995–2000.

Eins og á öðrum sviðum hins opinbera samstarfs landanna hvílir samvinnan í heilbrigðis- og félagsmálum á þrem meginstoðum:

— Samstarfi innan Norðurlanda.
— Samstarfi við ESB/EES.
— Samstarfi við grannsvæði Norðurlanda (þar með talin lönd við Norðurheimskautið).

Í gildandi samstarfsáætlun eru skilgreind þrjú helstu markmið samstarfsins og gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem ætlað er að beita til að tryggja framkvæmd áætlunarinnar. Heilbrigðis- og félagsmálaráðherrarnir leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Að styrkja stoðir félags- og heilbrigðisgeirans í norrænum velferðarmálum.
2. Að vinna að því að grundvallaratriðum í hinu norræna velferðarlíkani verði haldið á lofti í alþjóðasamstarfi - ekki síst í því evrópska.
3. Að tryggja áhrifamátt og árangur samstarfsins með skipulegri upplýsingastarfsemi.

Í formennskutíð sinni ætlar Ísland að beita sér fyrir því að hafin verði endurskoðun á samstarfsáætlun landanna. Hugmyndin er sú að ný samstarfsáætlun taki einkum mið af nýjum áherslum í alþjóðasamstarfi og sameiginlegum þróunarverkefnum á sviði heilbrigðis- og félagsmála í aðildarlöndunum.

Forgangsverkefni árið 1999.

1. Aukin gæði og árangur heilbrigðisþjónustu.

Ísland leggur mikla áherslu á að starfsemi heilbrigðisþjónustunnar byggi á vísindalegum grundvelli og aðgerðum sem skilað hafa árangri. Í því skyni er ætlunin að styðja við starfsemi sem snýr að mati á árangri og hagkvæmni læknisaðgerða og annarra meðferðarúrræða heilbrigðisþjónustunnar. Sömuleiðis er mikilvægt að stuðlað verði að auknum gæðum heilbrigðisþjónustu með þróun klínískra leiðbeininga og kjörmeðferðar við sjúkdómum og öðrum heilsufarsvandamálum.

Heilbrigðisþjónustan og flest önnur svið þjóðfélagsins einkennast af gífurlegu flæði upplýsinga sem mörgum reynist erfitt að átta sig á hvort séu byggðar á nægjanlega traustum grunni. Þetta á jafnt við um heilbrigðisstarfsmenn, neytendur, vísindamenn eða stjórnmála-

menn. Það er einfaldlega mjög örðugt að vinna á árangursríkan hátt úr sívaxandi straumi upplýsinga um heilbrigðismál og önnur málefni. Til þess að mæta þessum vanda innan heilbrigðisþjónustunnar lagði breski faraldsfræðingurinn Archie Cochrane til, árið 1972, að unnin væru skipuleg gagnrýnin yfirlit um árangur heilbrigðisþjónustu, eftir sérgreinum eða undirgreinum, sem byggðu á tvíblindum slembiúrtökum eða -rannsóknum (RCT, randomized controlled trials).

Sérstök rannsóknarmiðstöð, sem kennd er við Archie Cochrane, með greinar um öll Norðurlönd, hefur verið starfrækt undanfarin ár og eru aðalstöðvar hennar í Kaupmannahöfn. Tilgangur starfseminnar er að vinna skipuleg yfirlit yfir árangur meðferðar á ýmsum sviðum læknisfræðinnar. Norrænu Cochrane miðstöðvarnar gegna mikilvægu hlutverki við þróun árangursríkrar læknisfræði (evidence based medicine) á Norðurlöndum.

Í formennskutíð Íslands verður lögð áhersla á verkefni er miða að auknum gæðum heilbrigðisþjónustu og að tryggja grunnfjárveitingar til starfsemi Cochrane miðstöðva, auk þess sem stuðla verður að aukinni alþjóðasamvinnu þessara miðstöðva og námskeiðhaldi á vegum þeirra eða í tengslum við þær.

2. Réttindi sjúklinga.

Mikilvægt er að réttarstaða sjúklings gagnvart heilbrigðisþjónustunni sé tryggð og að heilbrigðisstarfsmenn haldi trúnað við sjúklinga. Starfi heilbrigðisstarfsmanna fylgir ábyrgð gagnvart einstaklingum og samfélagi og þeir geta því aðeins vænst trausts að þeir uppfylli þær siðfræðilegu kröfur sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma. Samtímis er brýnt að siðareglum sé komið á framfæri við starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar svo tryggt sé að þeim sé kunnugt um ábyrgð og skyldur sem á þeim hvíla.

Aukinni áherslu á mannréttindi sjúklinga fylgir að virða ber sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Í því felst að sjúklingurinn eigi, eins og frekast er unnt, að fá að ráða því hvernig heilbrigðisþjónustu hann þiggur. Læknar geta ekki lengur tekið ákvarðanir fyrir sjúkling án samráðs við hann. Þessi viðhorfsbreyting kallar á breytt og betri samskipti heilbrigðisstarfsmanns og sjúklings.

Í framhaldi af Amsterdam yfirlýsingunni um réttindi sjúklinga árið 1994 hafa flest Norðurlöndin sett sér löggjöf um réttindi sjúklinga. Í löggjöf Norðurlanda er rík áhersla lögð á að tryggja einstaklingsbundin réttindi sem eiga við um alla menn jafnt, óháð lögum og án skilyrða. Þessi einstaklingsbundnu réttindi miða að því að vernda frelsi einstaklingsins og fela í sér ákvæði um að yfirvöld gangi ekki á mannhelgi hans.

Í ljósi mikilla samskipta Norðurlanda og vaxandi alþjóðlegs samstarfs á sviði heilbrigðisþjónustu er mikilvægt að stuðlað sé að ákveðinni samhæfingu í gerð og framkvæmd löggjafar sem varðar réttindi sjúklinga. Enn fremur er brýnt að samræmi sé í túlkun og framkvæmd alþjóðlegra sáttmála og samninga er snerta réttindi sjúklinga.

Ísland leggur áherslu á að í tengslum við árlegan fund heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda árið 1999 verði efnt til sérstaks málþings um réttindi sjúklinga. Enn fremur verði stuðlað að auknu samstarfi embættismanna og sérfræðinga á þessu sviði.

3. Heilsufar kvenna.

Heilsufar kvenna hefur verið til umræðu á alþjóðlegum vettvangi á undanförnum árum. Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti árið 1992 ályktun um málið og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur staðið fyrir ráðstefnum um málið. Stofnunin er þeirrar skoðunar að konur hljóti að gegna veigamiklu hlutverki við stefnumótun í heilbrigðismálum og uppbyggingu heilbrigðisþjónustu.

Athuganir benda til þess að í heilsufarslegu tilliti sé staða kvenna víða mun lakari en karla. Skortur er einnig á kynbundnum gögnum um heilsufar og upplýsingum um afleiðingar sjúkdóma fyrir konur. Til þess að bæta úr ástandinu hefur víða verið efnt til rannsókna á heilsufari kvenna og jafnvel sums staðar verið komið á fót sérstökum rannsóknarstofnunum á þessu sviði.

Konur leita meira til heilbrigðisþjónustunnar en karlar. Hluti af þessum mun tengist vandamálum varðandi getnaðarvarnir og barneignir. Konur ganga undir fleiri rannsóknir en karlar, konum er ávísað meiri lyfjum en körlum og konur sækjast meira eftir óhefðbundnum lækningum en karlar.

Helstu dánarorsakir kvenna eru hjarta- og æðasjúkdómar og illkynja æxli. Dánartíðni vegna blóðþurrðarsjúkdóma hefur minnkað hjá báðum kynjum á undanförnum árum. Aftur á móti hefur dauðsföllum vegna illkynja æxla fjölgað hlutfallslega meðal kvenna, þar vega dauðsföll vegna lungnakrabbameins og brjóstakrabbameins þyngst. Dánartíðni vegna lungnakrabbameins meðal kvenna á Norðurlöndum er með því hæsta sem þekkist í Evrópu.

Í formennskutíð Íslands verður lögð áhersla á frekari stuðning við athuganir á heilsufari kvenna á Norðurlöndum. Sömuleiðis telur Ísland mikilvægt að löndin nýti betur niðurstöður rannsókna á sviði forvarna, heilsuverndar og meðferðar helstu heilbrigðisvandamála kvenna á Norðurlöndum.

4. Bætt umhverfi fjölskyldunnar.

Á Íslandi hefur á undanförnum árum verið unnið að mótun opinberrar fjölskyldustefnu. Meginforsendur hennar eru að fjölskyldan sé hornsteinn samfélagsins og ríkisstjórnum og sveitarfélögum beri á hverjum tíma að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda. Fíkniefnaneysla og misnotkun áfengis er fjölskylduvandi sem sporna verður gegn með skipulegum aðgerðum á sviði forvarna og stuðnings við fjölskyldur.

Fjölskyldan og þá einkum foreldrarnir eru augljóslega best til þess fallnir að veita börnum öryggi og tækifæri til þroska og ljóst er að þeir eru almennt alfarið á móti áfengis- og vímuefnaneyslu barna sinna. Stjórnvöld geta á ýmsan hátt létt undir með foreldrum við umönnun og uppeldi barna sinna. Til dæmis með því að stuðla að efldum skilningi atvinnurekenda á mikilvægi uppeldishlutverks foreldra og gildi samstarfs foreldra og skóla.

Á formennskuári Íslands verður lögð áhersla á að verkefni sem stuðlað geta að bættu umhverfi fjölskyldunnar njóti ákveðins forgangs. Sérstaklega er mikilvægt að norrænir aðilar leggi sitt af mörkum til þess að skapa skilyrði fyrir því að jafnvægi náist á milli fjölskyldulífs og atvinnu foreldra.

Eftirfylgni.

Ísland undirstrikar mikilvægi þess að Norræna embættismannanefndin um heilbrigðis- og félagsmál (EK-S), fagnefndir, stofnanir og vinnuhópar á því sviði taki í störfum sínum mið af þeim áherslum sem formennskulandið hefur lagt fram. Þessir aðilar verða síðan á miðju ári 1999 beðnir um skýrslur um framvindu mála og hvernig þeir hafi staðið að því að hrinda áherslum Íslands í framkvæmd. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir verður metið hvort ástæða sé til frekari aðgerða eða hvort einstakir þættir framkvæmdaáætlunarinnar þarfnist endurskoðunar.

12. MATVÆLI

Helstu tillögur og markmið:

Stjórn og skipan málaflokksins.

— Fagráðherrar, sem fara með matvælalöggjöf og matvælaeftirlit, verði kallaðir saman og ræði framgang matvælamálefna í norrænu samstarfi og hvort ástæða er til að stofna ráðherranefnd fyrir matvælamál. *[Samvinna á Norðurlöndum].*
— Samstarf vestnorrænu landanna verði aukið m.a. með aukinni áherslu á verkefni sem skipta máli fyrir vestnorrænu þjóðirnar. *[Norðurlönd og grannsvæðin].*
— Stuðlað verði að aukinni samvinnu fagsviða (sektora) í norrænu samstarfi sem fara með mál sem geta haft áhrif á öryggi og hollustu matvæla og sem fara með mál á sviði neytendaverndar og neytendafræðslu. *[Samvinna á Norðurlöndum].*

Öryggi matvæla og neytendavernd.

— Norðurlöndin dragi sameiginlegan lærdóm af yfireftirliti ESB og ESA í þeim tilgangi að bæta og samræma yfirstjórn með eftirliti og tryggja að ESB og ESA túlki löggjöf um matvæli og framfylgi henni með sama hætti á EES. *[Norðurlönd og ESB/EES].*
— Markmiðum og stefnu um matvælalöggjöf í „Green Paper" framkvæmdastjórnar ESB verði fylgt eftir með samstarfi Norðurlanda til að hafa áhrif á þróun mála. Samræming og einföldun reglna um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla er meðal áhersluatriða. *[Norðurlönd og ESB/EES].*
— Lögð verði áhersla á samræmda áhættugreiningu og gagnasöfnun til að vinna gegn matarsjúkdómum. Sérstaklega er bent á skoðun mála vegna lyfjanotkunar og afleiðinga hennar á myndun fjölónæmra örvera í matvælum. *[Samvinna á Norðurlöndum].*
— Stuðlað verði að samstarfi og sérhæfingu rannsóknastofnana á sviði matvælarannsókna og matarsjúkdóma og að þær geti veitt ráðgjöf og þjónustu fyrir öll Norðurlöndin. *[Samvinna á Norðurlöndum].*
— Könnuð verði þörf á formlegu samstarfi staðlaskrárnefnda (Codex nefnda) á Norðurlöndunum í þeim tilgangi að hafa áhrif á Codex-staðla. *[Samvinna á Norðurlöndum].*

Ofangreindar tillögur og markmið falla undir þau þrjú forgangssvið sem nú er unnið eftir í norrænu samstarfi, þ.e. [Samvinna á Norðurlöndum], [Norðurlönd og ESB/EES] og [Norðurlönd og grannsvæðin], sbr. þær merkingar sem fram koma í tengslum við hvert markmið. Ísland leggur áherslu á að stjórn og skipan málaflokksins verði tekin til skoðunar. Einnig er lagt til að samstarf milli vestnorrænu landanna verði aukið m.a. með auknu verkefnasamstarfi. Til greina kemur að fjármagna það með umsóknum í þá sjóði sem til eru á þessu sviði og af verkefnafé geirans. Markmiðið er að tryggja virkari þátttöku þessara landa í norrænu samstarfi, að þau hafi þar áhrif á framvindu mála og að fjallað verði um mál sem geta haft sérstöðu fyrir íbúa á vestnorræna svæðinu.

Samstarf um matvælaeftirlit tekur mið af því að ekki verði slakað á kröfum og eftirliti til að tryggja öryggi matvæla og að neytendur fái þær upplýsingar sem þeir eiga rétt á um samsetningu, eðli eða áhrif matvæla. Matarsjúkdómar virðast aukast um allan heim og má einnig rekja til áður óþekktra orsaka. Þá hafa komið fram stofnar fjölónæmra örvera sem geta valdið alvarlegum matarsjúkdómum. Þetta kallar á markvissa áhættugreiningu sem Norðurlöndin eiga að vinna saman að. Meðal annars þarf að leggja áherslu á gagnasöfnun og samanburð á sjúkdómsvaldandi örverum og faraldsfræðilegum upplýsingum er tengjast matvælum og matarsjúkdómum.

Áhersla á matvælalöggjöf tekur ekki síst mið af markmiðum ESB sem fram komu í skjalinu „The general principles of food law in the European Union - Commission Green Paper" og þeirrar stefnu sem mörkuð er á grundvelli þess. Auk áherslu á alþjóðlegt samstarf á vegum ESB/EES er nauðsynlegt að styrkja áhrif Norðurlandanna í starfsemi Alþjóðlega staðlaskrárráðsins fyrir matvæli (Codex Alimentarius Commission, FAO/WHO). Staðlar og verklagsreglur ráðsins eru notaðir af ESB og öðrum ríkjum við mótun matvælalöggjafar og framkvæmd eftirlits. Þá notar Alþjóða viðskiptastofnunin (WTO) Codex staðla ef upp kemur ágreiningur í alþjóðlegum viðskiptum með matvæli. Norðurlönd hafa unnið saman að Codex málum, en Ísland leggur til að rætt verði hvort koma skuli á formlegu samstarfi staðlaskrárnefnda á Norðurlöndunum.

13. NEYTENDAMÁL

1. Inngangur.

Grundvöllur neytendasamstarfsins á formennskuári Íslands er hin nýja „Stefnuáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði neytendamála 1999–2004".

Forgangssvið hinnar norrænu samvinnu eru:

— samvinnan á Norðurlöndum svo og á Vestur-Norðurlöndum,
— Norðurlönd og ESB/EES,
— grannsvæðin,

Ísland telur að mikilvægt sé að auka og dýpka samvinnu á Norðurlöndum í þeim tilgangi að samnorræn stefnumótun á sviði neytendamála geti lagt grunn að frekari stefnumótun og haft áhrif innan ESB/EES, svo og á alþjóðavettvangi.

Ísland leggur því áherslu á að auka megi stjórnmálalega samvinnu á sviði neytendamála á formennskuárinu.

Ísland býður til fundar öllum þeim ráðherrum sem fara með neytendamál á Norðurlöndum. Af tilliti til þeirra ráðherra sem bera ábyrgð á fleiri fagsviðum þá verður boðað til fundarins í tengslum við fundi annarra fagsviða en í Danmörku, Finnlandi og á Íslandi ber sami ráðherra ábyrgð málefnum iðnaðar,- atvinnu- og neytendamála. Til bráðabirgða er stefnt að slíkum fundi í Reykjavík í lok ágústmánaðar 1999.

Enn fremur leggur Ísland til að fulltrúum frá þingnefndum í þjóðþingum Norðurlandanna, sem fjalla um lagafrumvörp til verndar neytendum, verði kynnt sérstaklega hin nýja norræna stefnuáætlun um samstarf á sviði neytendamála og þar með þau helstu álitamál er varða neytendur. Þannig verður hin nýja stefnuáætlun þegar frá upphafi tengd við störf þingmannanna í þágu neytendaverndar sem fram fer í þjóðþingunum, svo og við störf Norðurlandaráðs.

Ísland vill auk þess sérstaklega stefna að virku samstarfi við grannríki sín á vestnorræna svæðinu um málefni er varða vernd neytenda, þ.e. Grænland og Færeyjar.

2. Samvinnan á Norðurlöndum.

Neytendur og ný löggjöf til verndar neytendum.

Ísland telur nauðsynlegt að styrkja enn frekar norræna stefnumótun á sviði löggjafar er varðar neytendavernd. Markmið með sameiginlegri stefnumótun er að tryggja að norrænar lágmarkskröfur verði hafðar að leiðarljósi við frekari stefnumótun í málefnum neytenda á öðrum vettvangi t.d. hjá ESB eða á alþjóðavettvangi (OECD, WTO, S.þ. o.fl.).

Til grundvallar verði lögð hin samnorræna stefnuáætlun á sviði neytendamála árin 1999–2004.

Ísland vill þó sérstaklega óska eftir því að til umfjöllunar verði tekin á formennsku þess eftirtalin málefni á sviði neytendaverndar:

a. mótun sameiginlegrar norrænnar stefnu um upplýsinga- og tölvutækni, þar á meðal:
— undirritun í tölvum,
— internet og persónuvernd,
— tölvutæknin og kaupalögin,
— tölvutæknin og samningalögin,
— tölvutæknin og auglýsingar,
— tölvutæknin og markaðfærsla, einkum m.t.t. barna og unglinga,
— fjarsala,
— uppbyggingu samnorrænna gagnagrunna (t.d. um óréttmæta samningsskilmála, neytendarannsóknir, o.fl.).

b. mótun samgeiginlegra norrænna lágmarksskrafna í lögum á sviði neytendaverndar þar á meðal:
— gjaldeyrisfærslur milli landa (sbr. tilskipun ESB um credit transfers),
— trygging lágmarksneytendaverndar við einkavæðingu opinberrar þjónustu (svo sem rafmagnsveitna, sjúkrahúsa, grunnskóla, o.fl).

c. framkvæmd löggjafar á sviði neytendaverndar:
— Ísland leggur áherslu á að löggjöf sem sett er til verndar hagsmunum neytenda sé virt í framkvæmd, að neytendum sé tryggður góður og greiður aðgangur að upplýsingum um hver séu réttindi þeirra og skyldur og ef löggjöfin er of flókin þá verði hún einfölduð án þess þó að það leiði til þess að vernd neytenda verði minni en nú er.[1]

Fjárhags- og upplýsingamál neytenda:
Á þessu sviði vill Ísland á formennskuári sínu leggja áherslu á að:
— mótaðar verði leiðir til þess að auka möguleika neytenda til að hagnýta sér bestu kjör sem bjóðast á markaðnum hverju sinni,
— móta leiðir sem geta leitt til þess að neytendur hafi betri aðgang að upplýsingum og að gæði upplýsinganna verði betra, t.d. með aðstoð tölvutækninnar og notkun upplýsingagrunna fyrir tölvur, svo sem með því að setja upp samnorræna upplýsingagrunna þegar það á við og er fallið til þess að auka neytendavernd, sbr. einnig áðurnefnd áhersluatriði um löggjafarmálefni hér að framan.

Málefni neytenda að því er varðar vörur og vöruöryggismál:
— mótuð verði sameiginleg forgangsatriði Norðurlanda að því er varðar vöruöryggismál og opinbera markaðsgæslu,

---

[1] Sbr. m.a. vinnuskjal framkvæmdastjórnar ESB um framkvæmd neytendalöggjafar í Evrópu svo og kröfur ýmissa aðila t.d. kaupmanna, lögmanna á Norðurlöndum (t.d. í Danmörku, þar sem þeir hafa krafist „mindre sjusk i lovgivningen") en þeir aðilar halda því fram að reglur séu orðnar of margar og að oft skorti nægilega yfirsýn yfir skyldur neytenda og réttindi en á hinn bóginn sé nauðsynlegt að tryggja skilvirka framkvæd á þeim réttarreglum sem eru í gildi hverju sinni.

— unnið verði að samnorrænum verkefnum á sviði vöruöryggis sem að gagni koma í alþjóðlegu samstarfi,
— gerð verði áætlun um það hvernig miðla megi upplýsingum um vöruöryggismál til neytenda í því skyni að gera þá meðvitaðri um mál sem snerta öryggi vöru,
— tryggja þarf áhrif neytenda á þær kröfur sem gerðar eru til matvæla þ.e. matvælaframleiðslu, merkinga á matvöru, o.fl.

Samþætting neytendamála við önnur samstarfssvið:

Í formennskutíð Íslands verður lögð sérstök áhersla á að unnið verði að sameiginlegri norrænni stefnuáætlun um samþættingu neytendamála og stjórnvalda er varða:
— atvinnulífið,
— umhverfismál, þ.m.t. atriði er varða matvæli og matvælaframleiðslu,
— menntamál, þ.m.t. að stuðla að virkri framkvæmd norrænu áætlunarinnar um neytendafræðslu.

3. Norðurlönd og ESB/EES.

Öll Norðurlöndin hafa nána samvinnu við Evrópusambandið; Danmörk, Finnland og Svíþjóð með aðild að ESB en Ísland og Noregur með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Á sviði neytendaverndar gildir nánast sami „acquis communautaire" fyrir öll ríkin og er því samvinna þeirra ekki síst af þeirri ástæðu mikilvæg á þessu sviði, bæði að því er varðar þróun nýrrar löggjafar sem og lögleiðingu þegar samþykktra tilskipana.

Ísland leggur því áherslu á að í samstarfi við Evrópusambandið og stofnanir þess verði tryggt að sjónarmið Norðurlanda á sviði neytendaverndar verði höfð til hliðsjónar við mótun gerða sem gilda eiga á EES-svæðinu.

Ísland telur að á grundvelli velmótaðrar norrænnar stefnumótunar í málefnum neytenda sem byggir á hinni löngu norrænu hefð um samvinnu á þessu sviði eiga Norðurlönd að hafa frumkvæði og forustuhlutverki að gegna á vettvangi ESB á sviði neytendamála, þ.m.t að:
— hafa áhrif á undirbúning og lögleiðingu ESB-gerða, t.d. tilskipunar um fjarsölusamninga, tilskipunar um lögbannsaðgerðir til verndar hagsmunum neytenda,
— miðla af norrænni reynslu af kvörtunar- og úrskurðarnefndum og stuðla að því að innan ESB verði skipulögð kerfi sem annist úrlausnir utan dómstóla fyrir neytendur er sæki fyrirmyndir til hins norræna kerfis (sbr. tilmæli framkvæmdastjórnar ESB þess efnis),
— tryggja sameiginlega hagsmuni vegna uppbyggingar og reksturs Norðurlanda á norræna umhverfismerkinu „Svaninum" og hafa áhrif á þróun evrópska umhverfismerkisins,
— stuðla að því að fjármagni sé veitt til verkefna á sviði neytendamála innan fimmtu rammaáætlunar ESB á sviði rannsókna og þróunar.

4. Norðurlönd og grannsvæðin.

Ísland vill leggja áherslu á að sú stefna norrænu landanna að styðja lýðræðisþróunina á grannsvæðunum og stuðla að jafnvægi og aukinni réttarvernd fyrir neytendur á þessum svæðum komist til framkvæmda, m.a. með því að veita þeim aðstoð:
— við þróun löggjafar á sviði neytendaverndar og miðlun upplýsinga um norræn kerfi fyrir kvörtunar- og úrskurðarnefndir,
— við þróun kennsluefnis til neytendafræðslu í skólum

og aðra almenna ráðgjöf og upplýsingar um uppbyggingu á sviði neytendaverndar á Norðurlöndum.

14. VÍMUEFNAMÁL

1. Á formennskutímabili Íslands hjá Norrænu ráðherranefndinni mun rík áhersla vera á m.a. samstarfi vestnorrænu þjóðanna. Vestnorrænu þjóðirnar eru, af landfræðilegum ástæðum, betur varðar gegn markaðssetningu og misnotkun ólöglegra fíkniefna en hin Norðurlöndin. Engu að síður er fyllsta ástæða til þess að leggja áherslu á mikilvægi norræns samstarfs, gagnkvæm upplýsingaskipti um reynslu þjóðanna og á umræður um fíkniefnamál er geti komið að gagni á Vestur-Norðurlöndum.
2. Á árinu 1999 mun megin áherslan í samstarfinu um fíkniefnamál halda áfram að byggjast á samstarfsáætluninni *Norrænt samstarf um fíkniefnamál 1997–2000*, en á grundvelli hennar er nauðsynlegt að fjalla um aukið samstarf lögreglu og tollayfirvalda á Norðurlöndum, PTN, ásamt því að halda áfram umræðum í ráðherranefndinni um að fella norrænar rannsóknaniðurstöður, NAD, inn í þær umræður. Á formennskuárinu verður áhersla lögð á þá stefnu í fíkniefnamálum er einkennir Norðurlöndin þar sem heftandi eftirlitsaðgerðir eru framkvæmdar ásamt almennum fyrirbyggjandi aðgerðum til þess að draga úr eftirspurn eftir fíkniefnum, leit og manneskjulegum meðferðartilboðum fyrir fíkla. Á formennskuári sínu mun Ísland miðla af reynslu sinni sem fæst með verkefninu „Fíkniefnalaust Ísland“, en ráðherrar annarra Norðurlanda hafa sýnt því áhuga. Jafnframt verður tekið frumkvæði að undirbúningsumræðum um nýtt samstarfsverkefni eftir árið 2000 sem mun byggjast á þeirri reynslu sem fæst úr núverandi samstarfi og þeim skipulagsbreytingum sem gerðar voru árið 1997. Á formennskuárinu verður áfram tekið tillit til forgangsverkefna innan tengdra greina, svo sem félags- og heilbrigðissviða og refsigeirans. Þverfagleg verkefni fá forgang í þeim tilvikum þar sem slíkt er talið gagnlegt.
3. Á formennskuárinu verður mikil áhersla lögð á pólitískt samráð á efri stjórnstigum um fíkniefnamál. Með tilvísun til umræðnanna á fundi Norrænu ráðherranefndarinnar í Stokkhólmi í júní 1998, þar sem viðstaddir ráðherrar gáfu skýr skilaboð um þennan málaflokk, og á grundvelli þeirrar athygli sem fundur þessi hlaut, munu íslensku ráðherrarnir boða til ráðherrafundar í Reykjavík árið 1999. Þetta er talið mikilvægt varðandi Vestur-Norðurlönd sem þurfa ekki síður athygli í þessum efnum en eystri svæðin. Á formennskuári Íslands eru aðilar reiðubúnir til stefnumótandi umræðna við þingmenn í Norðurlandaráði óski ráðið þess.
4. Í samstarfinu skal vera samhengi við forgangsverkefni frá árinu áður. Ljúka skal þeim verkefnum sem hafin eru og umræðum skal ljúka eða þeim haldið áfram. Þetta á við t.d. um verkefnið er lýtur að misnotkunarmynstri og unglingamenningu, ásamt grænlenska verkefninu sem útfæra mætti m.a. til Færeyja, Íslands og annarra jaðarsvæða. Bæði verkefnin eru rekin í samstarfi við NAD. Halda ber áfram sænska forgangsverkefninu um umræður um þróunina í fíkniefnamálum á Norðurlöndum (Narkotikasituationen 1990–96) fram að aldamótum, samstarfsverkefninu sem framundan er og mögulega einnig uppfærslu útgefinna rita eftir tvö eða þrjú ár.
5. Hvað varðar fyrirbyggjandi aðgerðir hafa Íslendingar um margra ára skeið haft áhuga á gerð miðlægs gagnagrunns á Norðurlöndum sem hafi að geyma upplýsingar frá viðkomandi löndum um þróun fíkniefnavandans en þó með megináherslu á mat á forvarnar- og meðferðarverkefnum. Norðurlöndin búa öll yfir umtalsverðri þekkingu á forvarnaraðgerðum en hins vegar er hlutfallslega lítið fyrirliggjandi af upplýsingum um niðurstöður þeirra. Hjá ESB hefur verið unnið að kerfisbundinni söfnun upplýsinga um fíkniefnavandann en starfinu hefur miðað hægt. Norðurlöndin ættu að geta, án þess að hætta

sé á að fleiri séu að sinna einu og sama verkefninu, haft eigin forgagnsverkefni og undirbúið aðgerðir varðandi kerfisbundna söfnun upplýsinga um mat á forvarnaraðgerðum. Vegna óvissu um niðurstöður evrópsks samstarfs og vegna mismunandi menningarlegra aðstæðna í Suður- og Norður Evrópu, gerir Ísland tillögu um að Norræna ráðherranefndin ýti úr vör norrænu samstarfi um nákvæmt mat á möguleikum og tilgangi stofnunar norræns gagnagrunns með það að markmiði að glæða baráttuna gegn fíkniefnanotkun á Norðurlöndum nýju lífi.

6. Nýjar rannsóknir hafa varpað ljósi á samspil uppeldismynsturs og tilhneigingar síðar á æviskeiðinu til (tilrauna-)misnotkunar á áfengi og fíkniefnum. Þörf virðist vera á þemaumræðum, mögulega á þverfaglegum vettvangi, með talsmönnum mennta- og leikskólageirans, um í hvaða mæli og hvernig grípa megi til fyrirbyggjandi aðgerða fyrr en nú tíðkast, þ.e. strax á forskólaaldri með nálgun við börn og foreldra þeirra.
7. Á formennskutímabilinu verður unnið að því að gera norrænar aðgerðir um fíkniefnalaust unglingaumhverfi og norræna reynslu sýnilega ungu fólki á Norðurlöndum og utan þeirra, ásamt því að skapa aðstæður til að stofna til og styrkja samskipti, og miðlun á reynslu milli ungs fólks á Norðurlöndum á þessu sviði. Á formennskutímabilinu verður því lögð áhersla á að stuðla að því að tvö verkefni með ungt fólk sem markhóp verði vel kynnt. Norræna borgarráðstefnan, sem fjalla mun um lífskjör ungs fólks og haldin verður í Reykjavík í júní 1999, hefur hlotið fjárhagsstuðning frá Norrænu ráðherranefndinni. Ísland leggur jafnframt til að stuðningur verði veittur við sérstaka norræna útfærslu unglingaverkefnisins Pallas Athena Thor með þátttöku ungs fólks frá öllum Evrópuríkjunum. Einnig er mælt með fjárhagsstuðningi við þátttöku fulltrúa frá Eystrasaltsríkjunum.
8. Með tilvísun til samstarfsverkefnisins og forgangsröðunar mála er lúta að fíkniefnavandanum, gerir Ísland það að tillögu sinni að haldin verði ráðstefna um fíkniefnaneyslu í fangelsum. Einnig að gerð verði tilraun með fíkniefnalausar deildir í fangelsum, tengingu afplánunar og meðferðar, meðferðar á afplánunartíma, þjálfunar starfsmanna o.fl. Ísland er reiðubúið að vera gestgjafi slíkrar ráðstefnu eða fundar um málefni þetta innan vébanda embættismannanefndarinnar.
9. Með vísan til evrópskra og annarra alþjóðlegra málefna verður áhersla lögð á það á formennskuári Íslands að Norræna ráðherranefndin og embættismannanefndin nýtist vel sem vettvangur samráðs og, í þeim mæli sem mögulegt er, til samræmingar norrænna viðhorfa varðandi baráttuna við fíkniefnavandann. Þetta skapar vestnorrænu þjóðunum, sem eru tengdar evrópsku samstarfi með öðrum hætti en hin Norðurlöndin, dýrmæt tækifæri til þátttöku og til að hafa áhrif á umræður.

15. LÖGGJAFARMÁL

Inngangur.

Norrænu dómsmálaráðherrarnir ákveða á hverju ári starfsáætlun, sem lögð er til grundvallar löggjafarsamstarfinu. Tilgangur slíkrar starfsáætlunar er að tryggja sameiginlegar áherslur í norrænu löggjafarsamstarfi, með því markmiði að viðhalda heföbundinni einsleitni hinnar norrænu löggjafar auk þess að hafa frumkvæði að nýrri löggjöf varðandi sameiginlega norræna hagsmuni.

Það land sem fer með formennsku gegnir mikilvægu hlutverki við mótun árlegrar starfsáætlunar. Starfsáætlunin fyrir tímabilið júni 1999 til júní 2000 verður ákveðin af dómsmálaráðherrum Norðurlandanna í júní 1999.

Áhersluatriði.

Á formennskuári Íslands hjá Norrænu ráðherranefndinni mun barátta gegn glæpum og forvarnir verða forgangsverkefni. Á formennskuárinu verður samvinnan þróuð milli afbrotavarnarráða á Norðurlöndunum með útgáfu áætlunar til samræmingar og skiptingu verkefna.

Samvinnan við Eystrasaltsríkin verður bætt og er fyrirhugaður fundur milli dómsmálaráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í september 1999. Megin áhersla fundarins verður baráttan gegn skipulagðri glæpastarfsemi sem teygir sig yfir landamæri ríkja á Norðurlöndum og aðliggjandi landa.

Í hinni hefðbundnu löggjafarsamvinnu Norðurlandanna verður rík áhersla lögð á gæði lagasetningar.

Enn fremur mun samvinnan varðandi fjölskyldurétt, sem hefur verið ein af þungamiðjum norrænnar löggjafarsamvinnu, verða styrkt sérstaklega. Á formennskuári Íslands verður vinnu haldið áfram við rannsóknir, sem þegar eru hafnar og leiða eiga í ljós mismun í löggjöf á sviði fjölskylduréttarins á Norðurlöndum. Athyglinni verður sérstaklega beint að því að skilgreina þau svið, þar sem þörf er á frekari norrænni samvinnu með það fyrir augum að varðveita einsleitni í löggjöf Norðurlandanna á sviði einkamálaréttar.

Samræmd innleiðing ESB-reglna í innanlandsrétt er afar mikilvæg til þess að varðveita hina norrænu einsleitni. Embættismannanefndin um löggjafarmálefni mun áfram tryggja samráð Norðurlanda við innleiðingu ESB- og EES-löggjafar. Í þessu skyni verður verkefnum varðandi vandamál lögleiðingar ESB- og EES-reglna ýtt úr vör.

Sérstök verkefni.

— Fundur fyrirhugaður milli dómsmálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í september 1999.
— Útgáfa skýrslu um sérstaka meðferð sem refsingu fyrir þá sem dæmdir eru fyrir kynferðislega misnotkun á börnum.
— Skipun vinnuhóps til að takast á við vandamál vegna lögleiðingar ESB- og EES-reglna.
— Haldin verður þverfagleg ráðstefna um rafræn viðskipti í samvinnu við aðila er hafa málefni neytenda og athafnalífs á sinni könnu.
— Málþing verður haldið um einkamálaréttarfar.

16. NORRÆNN VINNUMARKAÐUR

Ísland vill áfram leggja áherslu á þau markmið sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár af öðrum norrænum ríkjum, þ.e. að efla atvinnulífið og atvinnusköpun með þeim aðferðum sem möguleg eru í norrænni samvinnu.

Ísland vill einnig leggja áherslu á að samþætta norræna samstarfið á vinnumálasviðinu sem mest evrópsku og innlendu vinnumálasamstarfi þannig að stefnumörkunin horfi til allra þessara svæða samtímis. Þannig er mikilvægt að draga fram þá þætti í vinnumálasamstarfinu sem eru þýðingarmestir og mest samstaða er um á öllum þessum svæðum.

Ísland vill efla heildarsýn á vinnumarkaðs- og vinnuumhverfissviðinu með því að auka skipti á upplýsingum, viðhorfum og reynslu við önnur svið auk þess að efla áþreifanleg verkefni með þetta að markmiði og undirbúa þannig samræminguna að efnahagsstefnu, menntastefnu, svæðastefnu og atvinnustefnu landanna.

Ísland vill einnig styrkja norrænt samstarf við ESB-stofnanir bæði á vinnumarkaðs- og vinnuumhverfissviðinu.

Ísland leggur áherslu á aukið vinnumálasamstarf innan svæða á Vestur-Norðurlöndum og norðurslóðum auk þess sem eflt er margvíslegt samstarf við grannsvæði Norðurlanda um vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál.

1. Vinnumarkaðsmál.

Í þeirri viðleitni að koma á fullri atvinnu og efla þau réttindi sem eru tilgreind í samningnum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað eru áherslur á eftirfarandi meginmarkmið:

— Efla virka og öfluga vinnumarkaðsstefnu, með það að markmiði að styrkja starfsemi á vinnumarkaði og að viðhalda skilvirkni og sveigjanleika á vinnumarkaði.
— Efla réttindi þau, sem eru grundvölluð í samkomulaginu um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, hér með talið að standa áfram vörð um sömu meðferð á norrænum þegnum á vinnumarkaði einstakra landa - og vinna að auknum hreyfanleika vinnuaflsins yfir landamæri í þeim mæli að þetta stuðli að aukinni jákvæðri þróun að sameiginlegum vinnumarkaði.
— Gera sýnilegt og skapa umræður um ójafnvægi á vinnumarkaði.

Sérstök verkefni:

Unnið er að verkefni sem auka á þekkingu á og innsýn inn í með hvaða hætti stjórnun vinnumarkaðsstefnunnar í einstökum löndum á sér stað.

a. Starfsmenntamál.

Helstu áherslur:

— Styrkja frumkvæði sem hefur að markmiði að auka framleiðni, þar á meðal framtak sem eykur hæfni vinnuaflsins.
— Halda áfram samvinnu á sviði starfsmenntunar einkum á sviði eftir- og framhaldsmenntunar til að bæta þekkingu vinnuaflsins.
— Efla samvinnu um endurhæfingu til starfs.

Sérstök verkefni:

Nauðsynlegt er að skoða hvaða áherslur hafa verið í löndunum um starfsmenntamál langtímaatvinnulausra og hver sé árangurinn eða hvort framboðin starfsmenntun í löndunum henti þessum hópi illa.

Ráðstefna um starfsmenntamál langtímaatvinnulausra.

b. Atvinnumál sérstakra hópa.

Helstu áherslur:

— Bæta möguleika eldra fólks og annarra illa staddra hópa til atvinnu.

Sérstök verkefni:

Undanfarin ár hefur verið lögð sérstök áhersla á atvinnumál ungs fólks. Þau verða áfram í brennidepli. Mikill áhugi er hins vegar á að skoða nú sérstaklega atvinnumál eldra fólks, bæði vegna breytinga á vinnumarkaði og viðhorfum til eldra fólks sem vinnuafls. Þannig takast á ýmis sjónarmið um atvinnumál eldra fólks, m.a. það sjónarmið að úrelding þekkingar sé það hröð að betra sé að ráða yngra fólk til starfa og það sjónarmið að aukin þörf sé fyrir

að sem flestir standi undir samneyslunni ekki síst vegna aukins hlutfalls eldra fólks í samfélaginu.

Ráðstefna um atvinnumál eldra fólks.

c. Jafnrétti á vinnumarkaði.

Helstu áherslur:

— Vinna gegn mismunun á vinnumarkaði.

Sérstök verkefni:

Mikilvægt er að kanna hvernig framkvæmd vinnumiðlunar og önnur þjónusta við þá sem eru í atvinnuleit sé m.t.t. jafnréttissjónarmiða. Er unnið eftir ákveðnum jafnréttismarkmiðum við að útfæra þjónustuna eða er sérstakt átak í gangi í löndunum til að taka á sýnilegri mismunun við þjónustuna.

Ráðstefna um jafnrétti í þjónustu við þá sem eru í atvinnuleit.

d. Vinnumiðlun.

Helstu áherslur:

— Auka upplýsingar um aðstæður á vinnumarkaði á Norðurlöndum með efldri vinnumiðlun yfir landamæri, þar með taldar auknar skipulagðar upplýsingar til vinnumiðlunarskrifstofa landanna auk annarra stjórnsýslutækja um aðstæður á vinnumarkaði á hinum Norðurlöndunum.
— Halda áfram með og efla vinnumiðlunarsamstarf milli norrænu vinnumiðlunarkerfanna og efla samstarfið innan vinnumiðlunarkerfis Evrópu EURES.

Sérstök verkefni:

Unnið er að verkefni sem á að gefa yfirlit yfir vinnumiðlunaraðferðir sem notaðar eru við vinnumiðlun milli Norðurlanda. Verkefnið á einnig að draga fram nýjar aðferðir í ljósi nýrrar tækni og alþjóðavæðingar vinnumarkaðarins.

e. Vinnumarkaðsrannsóknir.

Helstu áherslur:

— Halda áfram samvinnu um vinnumarkaðsrannsóknir og efla útbreiðslu á niðurstöðum rannsókna, á Norðurlöndum sem utan þeirra.

Sérstök verkefni:

Unnið er að þverfaglegu rannsóknarverkefni með öðrum norrænum ríkjum. Um er að ræða sameiginlegt rannsóknarverkefni Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar og Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar með sambærilegum aðilum í hinum löndunum, þar sem markmiðið er að gera grein fyrir mismunandi ferlum einstaklinga í velferðarkerfinu. þ.e. varpa ljósi á ólíkar aðstæður fólks sem hefur framfæri af einstökum þáttum velferðarkerfisins, gera grein fyrir skörun í kerfinu, sem og að skýra betur virkni þess.

2. Vinnuumhverfismál.

Í þeirri viðleitni að styrkja markmiðið um að launþegar séu verndaðir gegn slysum og hvers kyns heilsutjóni vegna vinnu sinnar og aðstæðna á vinnustað er lögð megináhersla á eftirfarandi:

— Styrkja grundvallarreglur þær um bætt vinnuumhverfi sem norræni vinnuumhverfissamningurinn hefur að geyma.
— Stuðla að því að Norðurlöndin standi áfram í fremstu röð ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis hvað varðar þekkingu á vinnuumhverfismálum og áherslu á forvarnir á vinnustöðum. Efla samstarf við evrópskar stofnanir, þ.á.m. vinnuumhverfisstofnun ESB í Bilbao á Spáni.
— Efla þekkingarmiðlun um vinnuumhverfismál innan vébanda norrænu stofnunarinnar fyrir framhaldsmenntun innan vinnuumhverfissviðsins.
— Stuðla að rannsóknum á áhrifum vinnuumhverfisþátta á heilsu starfsmanna og líðan.
— Stuðla að framþróun þeirra aðferða sem beita má til þess að hafa áhrif á vinnuumhverfið og stuðla að forvörnum gegn slysum og sjúkdómum sem rætur eiga að rekja til þess.

a. Rannsóknir á sviði vinnuverndar.

Helstu áherslur:

— Stuðla að auknum rannsóknum á tengslum vinnu og heilsufari kvenna, en litlar rannsóknir hafa verið gerðar á því sviði. Efla samstarf við ESB-stofnanir um rannsóknir og nýtingu niðurstaðna rannsókna.
— Hin árlega norræna vinnuverndarráðstefna verði útvíkkuð þannig að sérfræðingar frá fleiri löndum Evrópu taki þátt í henni.
— Efla rannsóknir á áhrifum vinnuumhverfisþátta sem eru sérstakir fyrir norðurslóðir og tengjast þeim atvinnuvegum og atvinnuháttum sem þar eru ríkjandi, t.d. fiskveiðum og fiskvinnslu.

b. NIVA — norræn stofnun fyrir framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði.

Helstu áherslur:

— Leggja áherslu á námskeið þar sem miðlað er þekkingu sem aflað er í samnorrænum rannsóknarverkefnum.
— Þróa námskeið um aðferðafræði í vinnueftirliti og miðlun þekkingar til stjórnenda og starfsmanna á vinnustöðum.
— Þróa námskeið um afmörkuð svið sem varða vinnuaðstæður kvenna sérstaklega, t.d. um áhrif einhæfrar vinnu og þróun vinnuskipulags og tækni sem kemur í veg fyrir einhæfni vinnunnar.
— Þróa námskeið um vinnuumhverfisþætti sem eru sérstakir fyrir norðurslóð, svo sem um áhrif kulda og um vinnuumhverfi við fiskveiðar og fiskvinnslu.

c. Stjórnvaldsaðgerðir og eftirlit.

Helstu áherslur:

— Leggja áherslu á þróun aðferða sem beita má til að bæta vinnumhverfi á vinnustöðum þar sem konur eru í meirihluta. Þetta á t.d. við um aðferðir til að draga úr skaðlegum áhrifum einhæfrar vinnu.

— Leggja áherslu á upplýsingaskipti milli landanna með það að markmiði að ræða og draga lærdóm af markmiðum þeim og leiðum sem löndin nota í viðleitni sinni til að bæta vinnuumhverfið. Enn fremur að stuðla með þessum hætti að samræmingu laga og reglna á sviði vinnuumhverfismála.
— Taka fyrir verkefni sem stuðla að aukinni þátttöku starfsmanna í mótun vinnuumhverfis síns, þar á meðal verkefni sem stuðla að aukinni þekkingarmiðlun til starfsmanna á vinnustöðum til auka hæfni þeirra til að hafa áhrif á mótun vinnuumhverfisins.
— Halda áfram samráði Norðurlanda á sviði stöðlunar og efla norræn áhrif á evrópska staðlasamvinnu hvað varðar öryggi og heilbrigði.

3. Sameiginleg vinnumál.

Með sameiginlegum vinnumálum er átt við verkefni sem ná bæði til vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála. Um er að ræða samstarf við jaðarsvæði eins og grannsvæði Norðurlanda og afmörkuð svæði innan Norðurlanda, samstarf við aðila vinnumarkaðarins, atvinnumál innflytjenda og ýmis upplýsingamál.

a. Samstarf við jaðarsvæði.

Undanfarin ár hefur verið unnið að margvíslegu samstarfi við grannsvæði Norðurlanda um vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál. Samstarf þetta hefur einkum náð til Eystrasaltsríkjanna. Þessu samstarfi verður haldið áfram.

b. Svæðabundið vinnumálasamstarf.

Ísland hefur einnig áhuga á að líta sérstaklega á þau svæði innan Norðurlandasamstarfsins sem tilheyra Vestur-Norðurlöndum og norðurslóðum bæði í vinnumarkaðs- og vinnuverndarmálum.

c. Samstarf við aðila vinnumarkaðarins.

Helstu áherslur:

— Þróa samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.
— Stuðla að því að félagsleg sjónarmið verði að veruleika í evrópskri samvinnu.

Sérstök verkefni:

Aðilar vinnumarkaðarins innan ESB hafa unnið að því að ná samkomulagi um fyrirkomulag tímabundinna ráðninga. Samkomulag þetta gæti leitt til tilskipunar sem næði til alls Evrópska efnahagsvæðisins. Sveigjanlegt vinnufyrirkomulag hefur einnig mikið verið til umfjöllunar innan norræna samstarfsins m.a. var það umfjöllunarefni á ráðstefnu í Ósló, þar sem ýmsar rannsóknarniðurstöður voru kynntar. Nú síðustu ár hafa rutt sér til rúms ýmis ný ráðningarform sem m.a. gera það óljóst hvort um launþega eða verktaka sé að ræða. Mikilvægt er að kanna stöðu þessara mála á Norðurlöndum. Mikill áhugi er fyrir að skipuleggja ráðstefnu um ráðningarfyrirkomulag í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins á næsta ári.

Ráðstefna um ráðningarfyrirkomulag

d. Atvinnumál innflytjenda.

Helstu áherslur:
— Efla framlag til baráttunnar gegn kynþátta- og útlendingahatri í þjóðfélaginu.
— Stuðla að samlögun flóttamanna og innflytjenda í þjóðfélaginu.
— Efla þátttöku innflytjendakvenna og ungmenna á vinnumarkaði.
— Tryggja sömu meðferð í atvinnulífinu með tilliti til kyns, kynþáttar, þjóðflokks, trúarbragða eða frá hvaða landssvæði menn koma o.s.fr.v.

e. Upplýsingamál.

Helstu áherslur:
— Grundvallarreglur norræna fyrirkomulagsins fái hljómgrunn í alþjóðlegu samstarfi.
— Efla upplýsingar og markaðssetningu á mikilvægum sviðum innan norrænnar vinnumarkaðs- og vinnuumhverfisstefnu.
— Breiða út almenna þekkingu á mikilvægum vandamálum er varða vinnumarkað og vinnuumhverfi á Norðurlöndunum með því að efla áfram það upplýsingastreymi, sem meðal annars berst í gegnum „Arbetsliv i Norden".
— Breiða út þekkingu á Norðurlöndunum um Evrópusamstarfið, þar á meðal á Evrópusviðinu.
— Breiða út þekkingu í Evrópu á grundvallarþáttum norræna fyrirkomulagsins, sem vinnumarkaðs- og vinnuumhverfissviðið felur í sér.

17. JAFNRÉTTISMÁL

Grundvöllur norræns samstarf á sviði jafnréttismála er norræn samstarfsáætlun sem tekur til tímabilsins 1995 til 2000. Samkvæmt henni er markmiðið:
að samstarfið leiði til þess að haldið verði áfram að þróa sameiginlega lífssýn Norðurlandaþjóða, svo og sameiginlega stefnu þeirra í víðara samstarfi innan Evrópu og á alþjóðavettvangi,
að samstarfið stuðli að árangursríkara og öflugra jafnréttisstarfi á innanlandsvettvangi í hverju og einu Norðurlandanna,
að það verði sjálfsagt að gæta jafnréttissjónarmiða í starfi á mismunandi sviðum stefnumótunar í þjóðfélaginu. Einnig skal gæta jafnréttissjónarmiða á þeim sviðum stefnumótunar sem starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar tekur til.

Samkvæmt áætluninni er samstarfinu beint að eftirfarandi málaflokkum:
— Jöfnum aðgangi kvenna og karla að ákvarðanatöku í stjórnmálum og efnahagsmálum.
— Jafnri stöðu og áhrifum kvenna og karla í efnahagsmálum.
— Jafnri stöðu kynjanna í atvinnulífinu.
— Bættum möguleikum kvenna og karla til að sameina foreldrahlutverk og launavinnu.
— Þróun jafnréttismála innan Evrópu og á alþjóðavettvangi.

Á grundvelli samstarfsáætlunarinnar hafa jafnréttisráðherrar Norðurlanda samþykkt tvær verkáætlanir, um karla og jafnrétti sem tekur til tímabilsins 1997–2000 og um baltneskt-norrænt samstarf á sviði jafnréttismála sem tekur til tímabilsins 1998–2000. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda leggja árlega fram yfirlit yfir þau verkefni sem þegar er unnið að og fyrirhuguð eru á yfirstandandi ári.

Að öðru leyti mun Ísland leggja áherslu á:

1. Samvinnan á Norðurlöndum.

Ísland leggur áherslu á að áfram verði unnið á þeim brautum sem markaðar hafa verið í þegar samþykktum áætlunum. Áhersla verður lögð á þau verkefni er snúa að stöðu kvenna í efnahagslífinu, einkum að því er varðar launajafnrétti kynja. Á árinu 1999 mun koma út fræðsluhefti þar sem kynntar verða aðgerðir og verkefni sem unnin hafa verið á þessu sviði í löndunum fimm frá því Norræna jafnlaunaverkefninu lauk á árinu 1994. Er mikilvægt að fræðsluheftið fái góða kynningu og verði hvati til áframhaldandi aðgerða á þessu sviði.

Nauðsynlegt er að áfram verði markvisst unnið að því að tryggja konum raunverulega jafnstöðu á við karla í efnahagslífinu. Ísland telur mikilvægt m.a út frá samþættingarsjónarmiðinu að vinnumálaráðherrar Norðurlanda komi markvisst að þessu starfi og verða kannaðir möguleikar á því.

Samkvæmt verkáætluninni um karla og jafnrétti kynja verður hafist handa við samvinnuverkefni um karla, jafnrétti og atvinnulíf á árinu 1999. Um er að ræða samstarfsverkefni milli jafnréttis- og vinnumálasviðsins. Markmið þess er að beina sjónum að tengslum karla við atvinnulífið, yfirvinnu og réttindum þeirra varðandi hlutastörf og orlofstöku. Starfsmenning karla og þær væntingar sem gerðar eru til þeirra á vinnumarkaði er lykilatriði í þessu verkefni. Gert er ráð fyrir að skipaður verði norrænn starfshópur til að stýra þessu verkefni.

Á árinu 1999 mun taka til starfa hjá Norrænu rannsóknarstofunni í kvenna- og jafnréttisfræðum (NIKK) starfsmaður sem á að byggja upp, styðja við og samhæfa norrænar karlarannsóknir. Ísland telur mikilvægt og mun beita sér fyrir því að þeir aðilar sem vinna sérstaklega að málefnum karla og jafnrétti, t.d. á jafnréttisskrifstofunum á Norðurlöndum, myndi eins konar ráðgjafarhóp við þennan nýja starfsmann og fái jafnframt möguleika á að mynda með sér tengslanet og styrkja þannig starfið á innlendum vettvangi.

Bæði framangreind verkefni eru tilgreind í verkáætluninni um karla og jafnrétti kynja en hafa verið í biðstöðu m.a. vegna þess að sýnt þykir að þau kalli á einhverja innlenda fjármögnun.

2. Samstarf við ESB.

Ísland leggur áherslu á að þau málefni sem eru efst á baugi innan Evrópusambandsins verði á dagskrá norræns samstarfs og þannig verði ekki aðeins tryggt að löndin tvö, Ísland og Noregur, sem ekki eiga aðild að Evrópusambandinu fái nauðsynlegar upplýsingar, heldur einnig að það samhæfingarstarf sem nú á sér stað á þessu sviði sé tryggt.

Þá er mikilvægt að metið sé hverju sinni hvort og þá hvernig þau verkefni sem unnið er að á norrænum vettvangi geti lagt sitt af mörkum til þróunar mála á þessu sviði innan Evrópusambandsins. Þykir í þessu sambandi rétt að huga bæði að hinni nýju stöðu við karlarannsóknir hjá NIKK og því viðamikla verkefni sem nú er á lokastigi um konur og völd á Norðurlöndum.

3. Samstarf við Eystrasaltsríkin.

Skipaður hefur verið starfshópur/verkefnisstjórn til að fylgja eftir þeirri áætlun sem samþykkt var í lok ársins 1997 um samstarfsverkefni á sviði jafnréttismála við Eystrasaltsríkin. Áætlunin gildir til ársins 2000. Starfið er rétt að hefjast. Mun Ísland leggja sitt af mörkum til að vel takist til undir sinni formennskutíð.

18. HÚSNÆÐIS- OG BYGGINGARMÁL

Á húsnæðisráðherrafundi í Halmstad 15. júní 1998 voru lögð fram drög að samstarfsáætlun fyrir árið 1999. Samstarfsáætlunin var unnin sameiginlega af fulltrúum Svíþjóðar og Íslands í embættismannanefndinni með hliðsjón af formennskuári Íslands.

Verkefni næsta árs.

Starfsáætlun embættismannanefndar um húsnæðis- og byggingarmál (EK-Bygg) byggir á samstarfsáætlun sem húsnæðisráðherrar Norðurlandanna hafa samþykkt fyrir tímabilið 1998–2001 þar sem lögð er áhersla á þrjú megin viðfangsefni:

— Félagslegir þættir húsnæðismála.
— Sjálfbær þróun í byggingar- og húsnæðismálum.
— Samvinna við grannsvæðin.

Jafnframt er lögð til grundvallar formennskuáætlun íslenskra stjórnvalda. Í starfi embættismannanefndarinnar á næsta ári verður lögð áhersla á þátttöku og samstarf við Vestur-Norðurlönd. Norrænt samstarf á sviði húsnæðismála verður kynnt aðilum á þessum vettvangi á Vestur-Norðurlöndum og fulltrúum boðin þátttaka í námsstefnum og fundum á vegum nefndarinnar.

Fjárveitingar til byggingar- og húsnæðismála hafa dregist verulega saman á síðustu árum og takmarkar það möguleika á að ráðast í ný verkefni. Norðurlandanefnd Norðurlandaráðs hefur fjallað um framkvæmdaáætlun í húsnæðis- og byggingarmálum 1998–2001 og leggur þar megináherslu á verkefni um félagslega þætti húsnæðismála. Í starfsáætluninni fyrir 1999 er lögð áhersla á að ljúka þeim verkefnum sem eru í gangi og fylgja þeim eftir með námsstefnum þar sem m.a. yrði lögð áhersla á að kynna þingmönnum Norðurlandaráðs niðurstöður verkefnanna.

Meðfylgjandi eru viðfangsefni samstarfsins á næsta ári.

1. Félagslegir þættir húsnæðismála.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að rannsóknum á orsökum og afleiðingum félagslegs aðskilnaðar (bostadssegregation) á húsnæðismarkaði á Norðurlöndum. Næsta skref í þessu starfi er að safna saman og kynna dæmi um góðar lausnir á þessu sviði. Embættismannanefndin hefur stofnað til samstarfs við Samband sænskra sveitarstjórna sem hefur tekið að sér undirbúning að norrænu samstarfi um hvernig megi styrkja ímynd íbúðarhverfa og samheldni íbúanna. Í tengslum við þetta verkefni eru áform um rannsóknarverkefni og skoðanaskipti um hvernig beita megi skipulagi og stjórnun húsnæðismála varðandi byggða- og búsetuþróun.

a. Húsnæði fyrir sérhópa.

Staða sérhópa á húsnæðismarkaðnum hefur verið í kastljósi umræðunnar síðastliðin ár. Húsnæðismál aldraðra m.a. eru dæmi um þetta. Á árinu 1998 hófst undirbúningur að verkefni undir heitinu „húsnæðismál aldraðra í framtíðinni". Markmiðið er að lýsa reynslu af mismunandi fyrirkomulagi húsnæðismálum aldraðra á Norðurlöndum. Gert er ráð fyrir samanburðarrannsókn á fyrirkomulagi og framkvæmd þessara mála. Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað árið 1999 málefnum aldraðra. Lögð er sérstök áhersla á að ljúka þessu verkefni á næsta ári.

b. Húsnæðislöggjöf og efnahagslegt umhverfi.

Á árinu 1997 var gefið út á vegum embættismannanefndarinnar rit um Húsnæðislöggjöf Norðurlandanna (Nordisk bustadsrett) og hefur það nú komið út í enskri þýðingu. Á árinu 1999 lýkur verkefni undir heitinu „Housing in the Nordic Countries".

Í báðum þessum verkefnum liggur fyrir mjög greinargóð lýsing og samanburður á lögum og reglum sem stýra húsnæðismálum og lánafyrirkomulagi á Norðurlöndum.

Í öllum norrænu löndunum hafa að undanförnu orðið breytingar og eru að verða á stjórnsýslu og þátttöku hins opinbera í húsnæðismálum. Á árinu 1999 verður haldin ráðstefna undir heitinu „Bostadsfinanseringens omstrukturering i Norden — individuellt och behovsprövat stöd til konsumtion". Skýrslunar tvær verða til umræðu og umfjöllunar á ráðstefnunni.

Í nefndarstarfinu á þessu ári hefur komið fram umræða um lagalega umgjörð fyrir félög, fyrirtæki og félagasamtök sem starfa að húsnæðismálum. Ástæðan er breytingar á starfsumhverfi húsnæðisfélaga og þær breytingar sem orðið hafa í kjölfar minni þátttöku hins opinbera í lánveitingum til húsnæðismála ásamt nýjum kröfum í kjölfar Evrópusamstarfs. Lagt er til að haldin verði námsstefna þar sem fjallað verði um mismunandi fyrirkomulag þessara mála á Norðurlöndum og reglur Evrópusambandsins þar að lútandi.

2. Sjálfbær þróun.

Undir formennsku Svía á yfirstandandi ári hafa verkefni sem tengjast sjálfbæru samfélagi haft forgang. Embættismannanefndin styður námsstefnu um „Vistvænar byggingar" (Miljømæssigt bæredygtigt byggeri) sem halda á í byrjun 1999 undir danskri stjórn. Það er mikilvægt, einkum fyrir Ísland, að áframhald verði á norrænum skoðanaskiptum þar sem sérstaklega er fjallað um byggingar- og húsnæðismál í ljósi sjálfbærrar þróunar. Eðli málsins samkvæmt þarf að þróa þessi mál á þverfaglegum forsendum og í rannsóknasamstarfi á breiðum grundvelli. Í þeim efnum væri eðlilegt að embættismannanefndin leitaði samstarfs m.a. við nefnd umhverfismála (EK-Miljø) og eftir samstarfi um rannsóknir á þessum vettvangi við þá aðila sem tengjast því með einum eða öðrum hætti.

3. Grannsvæðin.

Fram til þessa hafa samskipti við grannsvæðin verið á grundvelli tengsla milli tveggja landa (bilaterala program). Á árinu 1999 verður lögð áhersla á að miðla sameiginlega upplýsingum og þekkingu á húsnæðismálum á Norðurlöndum til grannsvæðanna á grundvelli rannsóknaverkefnanna „Housing in the Nordic Countries" og „Boligrett". Boðið verður upp á námsstefnur í löndunum þar sem niðurstöður verða kynntar á vegum embættismannanefndarinnar. Húsnæðisyfirvöldum í Eystrasaltsríkjunum verður boðið að fá til sín slíka kynningarfundi.

19. IÐNAÐAR- OG ATVINNUMÁL

Markmið og leiðir.

Samstarfið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál byggir að nokkru á hefðbundnum viðfangsefnum og venjum en að öðru leyti á nýlundu og frumkvæði þeirra sem forustu hafa hverju sinni.

Eftir sem áður verður höfuðmarkmið samstarfsins að efla samkeppnishæfi atvinnulífsins á Norðurlöndum og búa þar með í haginn fyrir aukið bjargræði þegnanna og hagsæld.

Samstarfsaðilarnir eru ráðherranefndin um iðnaðar- og atvinnumál (MR-N) og samnefnd embættismannanefnd (EK-N), svo og Velferðar- og atvinnumáladeild norrænu ráðherraskrif-

stofunnar í Kaupmannahöfn (NMRS), einnig starfshópar skipaðir til einstakra afmarkaðra ætlunarverka, enn fremur þar að lútandi stofnanir, sem eru Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI) og Norræna prófanastofnunin (Nordtest).

Efni.

Ráðstöfunarfé til hinna ýmsu ætlunarverka á vegum ráðherranefndarinnar (MR-N) ákvarðast af samstarfsráðherrum Norðurlanda (MR-Sam) og nemur fjárveitingin á árinu 1999 1,4 millj. DKK. Að auki eru 600 þús. DKK ætlaðar til samstarfsverkefnis um upplýsingatækni í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum.

Á döfinni.

Þegar er hafinn undirbúningur og framkvæmd nokkurra verkefna, sem haldið verður áfram á hinu íslenska formennskuári. Má þar m.a. tilgreina viðfangsefni, er lúta að því að framfylgja niðurstöðum rannsóknar sem gerð var á sóknarfærum og samstarfsáformum um norræna nýsköpun; samstarf atvinnuþátta um umhverfisverndarstefnu í framleiðsluiðnaði; viðfangsefni á sviði upplýsingatækni og rafrænna viðskipta til bættrar samkeppnisstöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Auk þess verður um áramótin hrundið af stað verkefni, sem kallast Norðurlöndin sem ein samkeppnishæf heild. Þá er að fara af stað tilraunaverkefni er tekur til rafrænna viðskipta með byggingarvörur.

Ráðagerð.

Áhersluatriði á íslenska formannsárinu eru m.a. eftirfarandi:

Þörf er talin á nýrri og breiðari sýn á nýsköpunarferlið og hið norræna samstarf um nýsköpunarstefnu. Þar mætti taka mið af víðtækari skilgreiningum en þeim hefðbundnu, sem hingað til hafa að mestu snúist um rannsóknir og tækniþróun. Því er stefnt að því að glöggva og kveða sérstaklega á um almenna þróun atvinnulífsins, með tilliti til þess, að atriði svo sem aðgengi að fjármagni, opinber íhlutun, skipulagning og stjórnun hafi samverkandi áhrif á nýsköpun einstakra fyrirtækja. Þarna hlýtur að koma tilstilli og samræming hins pólitíska valds og stofnana þjóðfélagsins.

Annað brýnt mál er svokallað „benchmarking" eða samkeppnishæfi á Norðurlöndum. Á þeim vettvangi verða skilgreindar bæði hömlur og möguleikar, er forsvarsmenn fyrirtækja mæta við að skynja Norðurlöndin heildrænt í samkeppninni við umheiminn. Reynt verður að tilgreina svæði þar sem samnorrænt framtak í atvinnumálum getur bætt rekstrarskilyrði fyrirtækjanna. Verði þar horft til nýsköpunar, vinnumarkaðarins, menntunar o.s.frv.

Ætlunin er að menn beri saman bækur sínar um reynslu af gildandi lagasetningu, aðferðum og skorðum hvers konar. Með hliðsjón af því verði stefnt að nánara samráði þeirra aðila hins norræna samstarfs, er fara með stefnumörkun í atvinnumálum, vinnumálum og menntamálum.

Hugað verður að iðnhönnun sem sérlegu samstarfssviði á hinum norræna vettvangi.

Fyrirliggjandi er að ráðherranefndin efli framtak, í tengslum við viðfangsefni og samstarfsverkefnin á hverjum tíma, sem gæti orðið til þess að bæta forsendur kvenna til atvinnusköpunar og atvinnurekstrar.

Sérstætt atvinnusköpunarverkefni, verði að leggja þróun ferðaiðnaðar lið á vestnorrænum slóðum sem og í norðurhéruðum Skandinavíu, með samverkan viðkomandi aðila á þessum svæðum. Í þessu tilliti verði lögð áhersla á þróun ferðaiðnaðar á norðlægum slóðum, þ.e. Grænlandi, Færeyjum og Íslandi sem og hinum samísku svæðum Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Þannig bendir Alheimsferðamálaráðið sérstaklega á, að slík framandi og fáförul land-

svæði hafi til að bera stórfellda möguleika til þróunar ferðamannaiðnaðarins sem og atvinnusköpunar og farsældar.

Grannsvæðin.

Áframhald verður á samstarfinu við Eystrasaltsríkin til eflingar atvinnulífsins þar. Dæmi þar um mætti nefna verkefnið Nordpraktik. Með því er átt við áætlun sem gefur ungu fólki af grannsvæðunum í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og af St. Pétursborgarsvæðinu í Rússlandi, kost á að ferðast um og kynnast starfs- og framleiðsluháttum, sem tíðkast í litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Norðurlöndum.

ESB/EES.

Fylgst verður grannt með þeirri þróun innan vébanda Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, sem kann að hafa hagnýtt gildi fyrir iðnþróun og atvinnulíf á Norðurlöndum.

Enn fremur verður eftir atvikum lögð áhersla á, að efla gagnkvæm tengsl ráðherranefndarinnar (MR-N) og embættismannanefndarinnar (EK-N) við norrænu sendinefndirnar og iðnaðarfulltrúana í Brussel.

Stofnanirnar.

Embættismannanefndin fer með mál tveggja stofnana í umboði ráðherranefndarinnar, þ.e. Norræna iðnaðarsjóðsins í Ósló (NI) og Norrænu prófanastofnunarinnar (Nordtest) í Espoo í Finnlandi. Starfsemin þar er bæði talin afar mikilvæg og hafa sérlegt gildi fyrir norrænt samstarf. Stjórnskipaðir fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum sitja í stjórnum beggja stofnananna, og munu ráðherranefndin og embættismannanefndin eftir sem áður gaumgæfa og sinna því starfi, sem þar fer fram.

20. UPPLÝSINGATÆKNI

Í formannstíð Norðmanna árið 1997 og Svía árið 1998 hefur verið lagður grunnur að samstarfi Norðurlandanna á sviði upplýsingatækni. Á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 1999 mun Ísland leggja áherslu á að vinna að þeim markmiðum, sem staðfest voru á ráðherrafundi um samstarf Norðurlanda á sviði upplýsingatækni, sem haldinn var í Haga-höllinni 20. mars 1998. Meginmarkmið samstarfsins eru að:

— efla lýðræði,
— tryggja öllum aðgengi að upplýsingasamfélaginu,
— efla norræn tungumál og norræna menningu,
— ryðja brautina fyrir rafræn viðskipti,
— örva uppbyggingu tengsla meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Á ráðherrafundinum var ákveðið að efla samstarf þjóðanna á sviði upplýsingatækni og mynda norrænt tengslanet milli þeirra ráðuneyta sem bera ábyrgð á samræmingu á sviði upplýsingatækni.

Ísland hyggst vinna að þessum markmiðum með því að:

1. Standa fyrir ráðstefnu.

Haldin verði ráðstefna á Íslandi þar sem þátttakendur verði þeir aðilar sem vinna að stefnumótun og framkvæmd stefnu landanna um upplýsingasamfélagið.

Tilgangur ráðstefnunnar verður að skiptast á upplýsingum um hvað löndin eru að gera á þessu sviði, hvað er í bígerð, spá fyrir um þróun næstu ára og undirbúa formlega gangsetningu tengslanets embættismanna.

Haldinn verði embættismannafundur til að undirbúna ráðstefnuna þar sem rætt verði um fyrirkomulag hennar og dagskrá.

Ráðstefnan verði t.d. haldin í júní, á sama tíma og fundur forsætisráðherra Norðurlanda er í Reykjavík.

2. Gefa út skýrslu um stöðu og stefnu Norðurlanda í upplýsingatæknimálum.

Í tengslum við ráðstefnuna verði gefin út skýrsla um þróun upplýsingasamfélagsins á Norðurlöndum sem dreifa mætti til lykilaðila í Evrópu og birta á Veraldarvefnum.

3. Koma á rafrænu tengslaneti og vefsíðum.

Komið verði á rafrænu tengslaneti milli þeirra aðila sem fara með stefnumótun og framkvæmd stefnu stjórnvalda í hverju landi. Settur verði upp póstlisti þar sem fréttum og upplýsingum, sem nýst geta öðrum löndum, er reglulega komið á framfæri. Póstlistinn verði jafnframt sá vettvangur sem notaður væri til að einstaklingar sem vinna á þessu sviði geti skipst á skoðunum um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni.

Komið verði upp sérstökum vefsíðum fyrir almenning og fyrirtæki þar sem miðlað verður upplýsingum um það nýjasta sem er að gerast í málefnum upplýsingasamfélagsins á Norðurlöndum.

IV. „FÓLK OG HAF Í NORÐRI"

Áherslur Íslands hvað varðar norrænt samstarf um þróun í átt að sjálfbæru samfélagi á norðurslóðum og vestnorrænum svæðum

Inngangur.

Á formennskuárinu 1999 hyggjast Íslendingar leggja sérstaka áherslu á ábyrga auðlindanýtingu, hreint umhverfi, náttúruvernd og heilbrigt mannlíf á norðurslóðum og á Vestur-Norðurlöndum. Þó norðlægar slóðir séu eitt þeirra svæða í heiminum sem eru tiltölulega óspillt er ljóst að á síðustu árum hefur mannlíf og náttúra þar átt við ákveðin vandamál að stríða. Vandamálin eru í senn af vistrænum og félagslegum toga og eðli þeirra þannig að þau verða ekki leyst nema með þverfaglegu og fjölþjóðlegu samstarfi. Hugmyndir um sjálfbært samfélag á norðurslóðum og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda falla vel að þeirri áherslu sem lögð er á sjálfbært samfélag á Norðurlöndum í samstarfi þeirra. Þessar áherslur eru í samræmi við þá áherslu sem Finnar leggja á Norðlægu víddina í samstarfi Evrópusambandsins og verður leitast við að kynna okkar sjónarmið við mótun þeirrar stefnu sem þar stendur fyrir dyrum.

Áætlun þessi tekur til verkefna sem heyra m.a. undir umhverfis-, sjávarútvegs-, landbúnaðar-, mennta-, rannsókna-, byggðamála-, samgöngumála- og orkumálasvið. Áætlunin hefur verið samin í samvinnu fulltrúa ýmissa sviða með það að markmiði að hún verði höfð til hliðsjónar á formennskuári Íslendinga eftir því sem við á. Áætlunin felur í sér þau markmið sem Íslendingar munu vinna að á formennskuári sínu hvað varðar norðurslóðir og vestnorræn svæði.

Markmiðin eru:

1.0 Að stuðla að sjálfbæru samfélagi á Norðurlöndum með sérstakri áherslu á norðurslóðir og vestnorræn svæði.

Hér er um yfirgripsmikið markmið að ræða og því hafa Íslendingar valið að leggja áherslu á fáein svið sem mikilvægt er að fjalla um í þessu sambandi.

1.1 Sjálfbær nýting auðlinda hafsins.

Íbúar á norðurslóðum og á vestnorrænum svæðum eiga það sameiginlegt að byggja afkomu sína á nýtingu náttúruauðlinda, einkum auðlinda hafsins. Sjálfbær nýting þeirra er því ein af grundvallarforsendum þess að lífsskilyrði íbúanna séu tryggð. Nýting þessara auðlinda er einnig nátengd menningu og hefðum þessara þjóða. Þó sumar þjóðir á norðurslóðum njóti virðingar fyrir umgengni og stjórnun á nýtingu auðlinda hafsins er sjálfsagt að vera á verði gagnvart ofnýtingu. Sama máli gegnir um mengun hafsins í Norður- og Norðvestur-Atlantshafi. Því verður á formennskuári Íslands lögð sérstök áhersla á verkefni sem dregið geta úr mengun og stuðlað að skynsamlegri nýtingu endurnýjanlegra auðlinda á svæðinu.

Varðandi auðlindastjórnun hafa íbúar á norðurslóðum og vestnorrænum svæðum reynslu sem vert er að miðla bæði innan svæðisins og til umheimsins Nátengt þessu er rétturinn til að nýta auðlindir hafsins, þ.m.t. sjávarspendýr. Verndun umhverfisins er frábrugðin verndun auðlinda að því leyti að mengun á að mestu leyti upptök sín utan svæðisins. Því nægir ekki að beita sér fyrir aðgerðum innan svæðisins eingöngu til að ná þeim árangri sem stefnt er að. Hér er vert að benda á að á næsta ári mun CSD (Umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna) leggja áherslu á hafið og sjálfbæra nýtingu þess á árlegum fundi sínum og gefur það einnig tilefni til áherslu á málefni hafsins í norrænu samstarfi. Einnig er rétt að benda á það að á fundi Norðurskautsráðsins 17.–18. september sl. var samþykkt aðgerðaáætlun um verndun hafsins á norðurskautssvæðinu og verður henni hrint í framkvæmd sem fyrst.

1.2 Sjálfbær þróun landbúnaðar og verndun landgæða

Á norðurslóðum, þar sem land er viðkvæmt, og víða hjá öðrum löndum er lögð vaxandi áhersla á varðveislu og endurheimt landgæða, en landbúnaður byggir í grundvallaratriðum á hæfilegri landnýtingu þar sem ekki er gengið á auðlindina sem slíka og landinu skilað jafn hæfu til framleiðslu frá einni kynslóð til annarrar. Hér er um ung vísindi að ræða, sem hafa aflað sér sér viðurkenningar á síðustu árum. Á formennskuári Íslands verður lögð áhersla á að vitneskja sem þegar er orðin til á þessu sviði verði nýtt. Í því sambandi verði einnig horft til þróunarríkja þar sem vankunnátta í meðferð landgæða mun leiða til skertrar framleiðslugetu

1.3 Sjálfbær þróun í samfélögum á norðurslóðum og vestnorrænum svæðum.

Smáar byggðir á norðurslóðum eiga margt sameiginlegt þegar kemur að skipulagningu og þróun byggða á köldum og viðkvæmum svæðum. Nægir þar að nefna sorp og úrgangsmál, náttúruvernd, ferðamennsku, orkumál og fleira. Innan Norrænu ráðherra-

nefndarinnar hefur verið unnið að sumum þeim þáttum sem hér hafa verið nefndir. Í Norðurskautssráðinu hefur verið lögð áhersla á það frá Íslands hálfu að gerð verði heildstæð áætlun um sjálfbæra þróun á norðurskautssvæðinu. Við leggjum til að gerð verði könnun á því hverju þarf að bæta við þá rannsóknavinnu sem þegar hefur farið fram til að markmiðið um sjálfbæra þróun í samfélögum á norðurslóðum og vestnorrænum svæðum geti orðið að veruleika.

1.4 Verndun náttúrunnar og líffræðilegrar fjölbreytni á norðurslóðum.

Náttúra á norðurslóðum og vestnorrænum svæðum er afar viðkvæm. Aukið álag á náttúruna getur haft í för með sér óbætanlegt tjón. Því verður lögð áhersla á það af Íslands hálfu að unnið verði að verkefnum sem stuðla að náttúruvernd á Norðurslóðum. Einn af vinnuhópum Norrænu ráðherranefndarinnar er að vinna að áætlun, „Handlingsplan om Naturskydd i Arktis". Ísland vill, eftir því sem tilefni gefst til, leggja áherslu á framkvæmd þeirrar áætlunar. Þetta markmið er eitt af þeim málum sem við leggjum mikla áherslu á og búast má við því að áætlunin „Handlingsplan om Naturskydd i Arktis" innihaldi tillögur um verkefni sem þjóni þessu.

1.5 Atvinnuþróun á Vestur-Norðurlöndum og norðurslóðum.

Frjáls samkeppni hvað varðar verslun og viðskipti er vaxandi krafa í heiminum í dag. Tollaívilnanir og verndaraðgerðir verða æ verr séðar í ljósi þróunarinnar hjá GATT-WTO og alþjóðavæðingarinnar. Jaðarsvæðin verða að taka mið af þessari þróun ef þau ætla að eiga aðild að henni og njóta fjárfestinga. Vandamál jaðarsvæða hvað varðar aðgengi hafa í för með sér aukinn kostnað, sem gerir þessum svæðum erfitt að taka þátt í alþjóðaviðskiptum. Hluti ástæðunnar liggur í því að efnahagur landanna byggist að mestu leyti á endurnýjanlegum fiskauðlindum en náttúrulegar sveiflur valda því að erfitt er að gera fjárfestingaráætlanir sem standast samkeppni; og hluti hennar liggur í legu landanna sem veldur auknum kostnaði.

Þörf er á að kanna þessi mál í löndunum í Norður-Atlantshafi en niðurstöður slíkrar úttektar væru mjög gagnlegar stjórnendum og stjórnmálamönnum í löndunum. Á slíkri könnun má byggja þegar þróaðar eru leiðir til að finna á hvaða sviðum styrkur svæðisins liggur og þannig vega upp á móti þeim vandamálum sem upp koma vegna legu landanna og aðgengis.

2.0 Að auka samskipti og upplýsingastreymi milli fólks/íbúa á norðurslóðum og vestnorrænum svæðum.

Byggð á norðurslóðum er dreifð og samgöngur oft erfiðar. Upplýsingatækni nútímans býður upp á ýmsa möguleika til að stuðla að þekkingu og menntun. Það er til dæmis mikilvægt að miðla þekkingu og lausnum á vandamálum af sama toga. Það hefur einnig mikla þýðingu að niðurstöður rannsókna og kannana sem gerðar eru á norðurslóðum séu gerðar aðgengilegar fyrir sem flesta, bæði almenning og rannsóknastofnanir. Samstarf menntastofnana og norðurslóðastofnana eru einn mikilvægasti þátturinn í þessu efni.

3.0 Að auka skilning og þekkingu umheimsins á lífi og kjörum fólks á norðurslóðum og vestnorrænum svæðum.

Íbúum á norðurslóðum og vestnorrænum svæðum hefur stundum þótt gæta skilningsleysis á menningu þeirra og tengslum við náttúruna, ekki síst þegar nýtingu náttúruauðlinda ber á góma. Upplýsingamiðlun í þessu samhengi er því mjög mikilvæg. Umræða um siðfræði veiðimannsins og siðfræði náttúruverndar væri tilvalið innlegg í umræður um þetta mál. Hér veltur á miklu að valdir séu markhópar og leiðir sem skila árangri til aukins skilnings á menningarlegri fjölbreytni með sérstöðu norðlægra og vestnorrænna svæða í huga. Vel má hugsa sér samvinnuverkefni mennta-, sjávarútvegs- og umhverfisgeira á þessu sviði.

787. Svar [412. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 4 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 14-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Eftirfarandi er ráðstöfun liðarins sundurliðuð eftir verkefnum.

Styrkþegi	**Fjárhæð**
Hálendishópurinn, almennur fundur um verndun náttúru á miðhálendi Íslands	100.000
Einar Einarsson, til framleiðslu EE-hjólbarðanagla	100.000
Lífsmynd, gerð Þingvallamyndar	200.000
Maður og umhverfi, heimildarmynd um erlenda ferðamenn á Íslandi	75.000
SAMLÍF — Samtök líffræðikennara, námskeiðahald fyrir líffræðikennara á grunn- og framhaldsskólastigi	75.000
Samband veitinga- og gistihúsa, prentun handklæðaspjalda fyrir baðherbergi gististaða	50.000
Sunna Ósk Logadóttir, ráðstefna í Novosibrisk um sjálfbæra þróun	70.000
Akureyrarbær, ráðstefna á Akureyri um skipulag og byggingar á norðurslóðum	200.000
Verkfræðingafélag Íslands, ráðstefna Verkfræðingafélags Íslands og Framtíðarstofnunar um gróðurhúsalofttegundir	100.000
Ferðaskrifstofa Íslands hf., ráðstefnan Hlutverk heilbrigðisstarfsmanna í tóbaksvörnum	50.000
Háskóli Íslands, Siðfræðistofnun, ráðstefnan Náttúrumál	100.000
SMS, Stafræna myndasafnið hf., til að vinna að umsókn um styrk í INFO 2000 áætlunina	250.000
Sturla Birgisson, til að kynna Ísland sem vistvænt land	75.000
Íslenska lífmassafélagið	350.000

SÓL, Samtök um óspillt land	150.000
Útgáfufélag Glettings, styrkur til útgáfu á Snæfellsblaði, blaði um fyrirhuguð virkjanasvæði á norðausturhálendinu	50.000
Iðntæknistofnun, til gerðar íslenskrar útgáfu af handbókinni Hreinni framleiðslutækni grænn gróði	300.000
Plús-film ehf., til gerðar myndarinnar Heita vatnið	100.000
Landsnefnd Alþjóðaverslunarráðsins, vegna handbókar um umhverfisstjórnun og námskeiðahalds fært af 14-190 1.23 00	350.000
Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands, vegna matvæladags sem haldinn var á Akureyri 24.október undir yfirskriftinni Matvælaiðnaður og umhverfið	100.000
Jón Eiríksson, Sauðárkróki, umhverfisbætur á Reykjanesi við Skagafjörð	150.000
Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu, ungmennaskiptaverkefnið Ungt fólk; landbúnaður og umhverfismál	100.000
Líffræðifélag Íslands, útgáfa fyrirlestra um erfðabreyttar lífverur	50.000
Þorvaldur Örn Árnason, útgáfa ritsins Umhverfismennt	100.000
Landssamband hestamannafélaga, útgáfa bæklings til að hvetja hestamenn til bættrar umgengni við landið	200.000
Gróandinn, útgáfustyrkur garðyrkjutímaritsins Gróandans	100.000
Lifandi vísindi, útgáfa tímaritsins	100.000
Rósa Ingólfsdóttir, útivistarsýningin Útivist fyrir alla	50.000
Reynir Sæmundsson, þátttaka í ráðstefnu á Spáni um fyrirtækjastefnumótun til að leita samstarfs í tengslum við framkvæmdir í fráveitumálum	50.000
Bo Mobil hönnunarsamkeppnin '98, þátttaka Myndlista- og handíðaskóla Íslands í samnorrænni hönnunarkeppni	100.000
Neytendasamtökin, þátttaka í fundi stjórnar umhverfismerkisráða Norðurlanda	100.000
Eysteinn Björnsson, þróun og útfærsla á hugmyndum að sjálfbærum byggðarkjörnum í kringum menntasetur og rannsóknastofnanir atvinnuveganna	50.000

788. Svar [411. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 14,6 millj. kr. framlagi til ýmissa umhverfisverkefna á liðnum 14-190 1.23 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Eftirfarandi er ráðstöfun liðarins sundurliðuð eftir verkefnum.

Styrkþegi	Fjárhæð
Kirkjubæjarstofa, samkvæmt fjárlögum	1.000.000
Umhverfisráðuneytið, til umhverfisfræðsluráðs	1.000.000
Náttúrufræðistofnun Íslands, til frjókornamælinga	600.000
Náttúruvernd ríkisins, til sérstakra landvörsluverkefna á árinu 1998	1.400.000
Umhverfisráðuneytið, vegna aðalfundar framkvæmdanefndar Óslóar- og Parísar-samþykktarinnar um verndun Norðaustur-Atlantshafsins fyrir mengun	3.655.000
Samband íslenskra sveitarfélaga, hlutdeild ráðuneytisins í verkefninu Staðardagskrá 21	750.000
Námsgagnastofnun, kostnaðarþátttaka í gerð fræðsluefnis um sorp, endurvinnslu og endurnýtingu	1.076.605
Umhverfisráðuneytið, kostnaður við ýmsar nefndir ráðuneytisins (ferðir, uppihald, fundarkostnaður o.fl.)	3.500.000
Fræðsluhópur HVR og FHU, námskeið fyrir starfsmenn HVR og heilbrigðis eftirlitssvæðanna	80.000
Iðntæknistofnun Íslands, ráðstefna um rafmagn og vetni sem valkosti í flutningum og samgöngum	75.000
Hollustuvernd ríkisins, skýrsla um olíumengaðan jarðveg	110.000
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna, til verkefnis Børges Johannesar Wigums um endurskoðun vinnslu í steinefnanámum á Íslandi	100.000
Vélstjórafélag Íslands, til gerðar námsefnis fyrir kælitæknináms keið	100.000
Bændaskólinn á Hvanneyri, tilraunir til jarðgerðar í lokuðu rými	250.000
Fræðslustofan Krían, undirbúningur kennsluefnis og námskeiðahalds með verklegri þjálfun í landgræðsluaðferðum	200.000
Reykvísk útgáfa, útgáfa á úrskurðum ráðuneytisins á sviði byggingar- og skipulagsmála	638.685
Steinunn Harðardóttir, verðlaun fyrir umfjöllun um umhverfismál	125.000
Aukning hf., hönnun verðlaunagrips vegna verðlauna fyrir umfjöllun um umhverfismál	365.781
Ómar Þ. Ragnarsson, verðlaun fyrir umfjöllun um umhverfismál	125.000

789. Skýrsla [482. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 1998.

1. Inngangur.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Eftir stofnun NATO árið 1949 lá VES nánast í dvala í rúma fjóra áratugi, þar til sambandinu var með Maastricht-sáttmálanum árið 1991 falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins (ESB). Síðan þá hefur VES eflst verulega og gegnt vaxandi hlutverki í öryggismálum Evrópu. Því er einkum ætlað að annast framkvæmd á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB og jafnframt að gegna hlutverki Evrópustoðar NATO, þ.e. að vera vettvangur evrópskra NATO-ríkja. Af þessum sökum er litið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmálaarms ESB.

VES-þingið er þingmannasamkunda sambandsins. Sem fyrr var framtíð sambandsins sjálfs ofarlega á baugi í umræðum þingsins á árinu, einkum í árslok eftir að bresk stjórnvöld vörpuðu fram hugmyndum um eflingu sjálfstæðs varnarmáttar ESB. Stofnanatengsl VES við ESB og NATO voru jafnframt til umfjöllunar, sem og ástandið á Balkanskaga. Hlutverk auka- og áheyrnaraðila VES, staða samstarfsríkja Mið- og Austur-Evrópu með tilliti til fyrirhugaðrar stækkunnar NATO og mögulegt samstarf VES við Rússland voru enn fremur á meðal helstu umræðuefna á VES-þinginu árið 1998.

2. Markmið og skipulag VES-þingsins.

VES-þingið var stofnað árið 1954 þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til þess að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Aðildarríki þingsins eru nú tíu talsins og eru þau jafnframt öll aðildarríki ESB og NATO. Aukaaðild að þinginu eiga evrópsk aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, Ísland, Noregur og Tyrkland. Áheyrnaraðild að VES-þinginu eiga ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, auk Danmerkur. Loks hafa tíu ríki Mið- og Austur-Evrópu gert samstarfssamninga við VES. Aðild að VES þinginu eiga eftirfarandi ríki:

Aðildarríki: Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland.

Aukaaðild: Ísland, Noregur og Tyrkland.

Áheyrnaraðild: Austurríki, Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð.

Samstarfsríki: Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Rúmenía, Tékkland, Slóvakía, Ungverjaland og Slóvenía.

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni sem falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðsins og beinir til þess fyrirspurnum. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Varamenn í landsdeildum mega taka aðalsæti í nefndum. Á þinginu starfa auk fastanefnda forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, níu varaforsetar þess (einn frá hverju hinna aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna 4–5 fundi á ári utan þingfundanna.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Þá mega varamenn landsdeilda taka aðalsæti í nefndum en geta einungis sótt þingfundina sem áheyrnarfulltrúar. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið mikinn þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum og styrktist staða þeirra nokkuð við breytingar sem samþykktar voru á starfsreglum þingsins á fundi þess í maí, líkt og nánar er greint frá hér á eftir. Þeir hafa þó ekki full réttindi, ekki atkvæðis- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu

að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa heldur ekki rétt til að tala sitt eigið tungumál á fundunum. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum, gera breytingartillögur og taka þátt í nefndastarfi á annan hátt. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun í nefndum. Aukaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

3. Stofnun Íslandsdeildar VES-þingsins.

Vegna aðildar Íslands að NATO stóð Alþingi lengi til boða að senda áheyrnarfulltrúa á fundi VES-þingsins. Alþingi þekktist boð þingsins árið 1993, en árið áður hafði Ísland fengið aukaaðild að VES sem þó tók ekki formlega gildi fyrr en 6. mars árið 1995. Í umboði forsætisnefndar tilnefndu Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins og síðar Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins áheyrnarfulltrúa á desemberfundi VES-þingsins árin 1994 og 1995. Í kjölfar þess að Ísland hlaut formlega aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu í mars 1995 samþykkti forsætisnefnd á fundi í maí 1995 að stofna Íslandsdeild VES-þingsins. Íslandsdeildin var þannig skipuð árið 1998:

Aðalmenn: Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, Sjálfstæðisflokki, Össur Skarphéðinsson, varaformaður, Alþýðuflokki, og Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki.

Varamenn: Kristján Pálsson og Guðmundur Hallvarðsson, Sjálfstæðisflokki, og Ásta R. Jóhannesdóttir, Alþýðuflokki. Þá tók Gústaf Adolf Skúlason við af Auðunni Atlasyni um mitt ár sem ritari Íslandsdeildarinnar.

Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir er sem hér segir:

Forsætis-, stjórnar- og stjórnmálanefnd: Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Varamaður: Össur Skarphéðinsson.
Varnarmálanefnd: Össur Skarphéðinsson.
Varamaður: Kristján Pálsson.
Nefnd um almannatengsl: Össur Skarphéðinsson.
Tækni- og geimvísindanefnd: Siv Friðleifsdóttir.
Fjármála- og stjórnsýslunefnd: Siv Friðleifsdóttir.
Þingskapanefnd: Siv Friðleifsdóttir.

4. Starfsemi á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegra þingfunda, auk þess sem nefndir þingsins halda fundi nokkrum sinnum á ári utan þingfunda. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í þingfundunum tveimur, auk þess sem formaður og varaformaður sóttu sérstaka ráðstefnu á vegum þingsins um öryggismál í Evrópu.

a. Ráðstefna um öryggismál Evrópu.

Dagana 4.–6. maí fór fram ráðstefna um öryggismál í Evrópu á vegum VES-þingsins í Madríd. Hana sóttu fyrir hönd Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, og Össur Skarphéðinsson, varaformaður. Á ráðstefnunni var fjallað um evrópsk öryggismál innan NATO, samstarf VES og NATO, fjölþjóðaheri og tengsl þeirra við NATO og VES og öryggis- og varnarmálastefnu Evrópuríkja. Ýmsir góðir gestir ávörpuðu ráðstefnuna, m.a. nefna José Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, Javier Solana, framkvæmdastjóri NATO, José Maria Aznar, forsætisráðherra Spánar, og George Robertson, varnarmálaráðherra Bretlands.

b. Fyrri hluti 44. fundar VES-þingsins.

Dagana 18.–20. maí fór fram fyrri hluti 44. fundar VES-þingsins í höfuðstöðvum þingsins í París. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundinn Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, og Ásta R. Jóhannesdóttir, auk Auðuns Atlasonar ritara. Á þinginu var rætt og ályktað um eftirtalin mál:

— öryggismál í „stækkaðri“ Evrópu,
— tengsl VES og Rússlands,
— lögreglusveitir VES,
— Evrópu og stöðu mála á Balkanskaga,
— samstarf Evrópuríkja í vörnum á hafi,
— fjárlög VES fyrir árið 1998,
— samstarf þjóðþinga í Mið-Evrópu, og
— þjóðþing og öryggismál.

Eftirtaldir stjórnmála- og embættismenn ávörpuðu VES-þingið að þessu sinni: George A. Papandreou, ráðherra Evrópumála í ríkisstjórn Grikklands, José Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, Radu Vasile, forsætisráðherra Rúmeníu og Akis Tsohatzopoulos, varnarmálaráðherra Grikklands.

Í upphafi þingfundar kvaddi breski þingmaðurinn Terry Davis sér hljóðs fyrir hönd flokkahóps sósíaldemókrata og lagði til að umræðu um stöðu mála á Balkanskaga yrði flýtt. Í fyrirliggjandi dagskrá var sú umræða ráðgerð síðdegis á lokadegi þingsins, sem seinasta mál á dagskrá. Davis sagði umræðuna um stöðu mála í Kosovo vera þá brýnustu á þessu þingi og röng skilaboð fælust í því til serbneskra stjórnvalda að setja málið síðast á dagskrá. Var fallist á tillögu Davis og umræður um eldfima stöðu mála í Kosovo flýtt til þriðjudags og rædd í samhengi við umræðu um alþjóðlegar lögreglusveitir VES.

Fyrsta mál á dagskrá var ályktun byggð á skýrslu þýska þingmannsins Roberts Antretter, um öryggismál í „stækkaðri“ Evrópu. Lára Margrét Ragnarsdóttir tók þátt í umræðunni og lagði áherslu á að óvissunni um framtíð VES hefði verið eytt á leiðtogafundi ESB í Amsterdam. Þar ákváðu ESB-ríkin að innlima ekki VES inn í ESB heldur byggja samtökin upp sem sjálfstæða stofnun. Lára Margrét fagnaði þessari niðurstöðu og sagði helsta styrk VES felast í fjölda aðildarríkja. Lára sagði nauðsyn þess að styrkja VES vera augljósa. Pólitísk spenna á Balkanskaga væri viðvarandi og Kýpurdeilan og átökin í Mið-Austurlöndum krefðust þess að þjóðir heimsins ynnu náið saman að lausn mála. Hún sagði VES vissulega hafa átt í erfiðleikum með að taka á fyrrnefndum vandamálum, þar eð oft hefði skort á pólitískan vilja til að nýta þau tæki sem VES hefði yfir að ráða. Einmitt þess vegna ætti hins vegar að styrkja VES og efla „tækjabúr“ þess enn frekar og þannig leysa úr læðingi þann pólitíska vilja sem nauðsynlegur væri til að takast á við öryggismál í álfunni. Lára Margrét fagnaði hugmyndum Antretters um að efla þátttöku aukaaðildarríkja, áheyrnarríkja og samstarfsríkja í starfi VES. Þá lagði hún þunga áherslu á mikilvægi öryggissamstarfs Evrópu við Bandaríkin og sagði NATO hafa verið og vera kjarnann í öryggismálum álfunnar.

Seinna málið á dagskrá fyrsta þingdags snerti breytingar á orðalagi í þingsköpum VES-þingsins, m.a. um réttindi aukaðildarríkja. Sem kunnugt er hafa aukaaðildarríkin þrjú, Ísland, Noregur og Tyrkland, haft málfrelsi, atkvæðis- og tillögurétt í nefndum þingsins, en hvorki atkvæðis- né tillögurétt í þinginu sjálfu, en hins vegar málfrelsi í öllum málum, nema í umræðum um ársskýrslu og fjárlög VES. Jafnframt hafa fulltrúar aukaaðildarríkjanna verið útilokaðir frá þátttöku í fjárlaganefnd þingsins. Frá því að þessar reglur voru settar hafa hins vegar ýmsar forsendur breyst. Ákvarðanir í ráðherraráði VES eru jafnan teknar samhljóða og því þykir ekki lengur ástæða fyrir því að leyfa aukaaðildarríkjum ekki að taka þátt í um-

ræðum um árskýrslu. Þá hafa aukaaðildarríkin frá árinu 1995 greitt kostnað af rekstri VES og því þykir sjálfsagt að fulltrúar þeirra taki þátt í starfi fjárlaganefndar og geti í nefndinni greitt atkvæði um fjárlög. Tillaga lá fyrir þinginu um að breyta þingsköpum í samræmi við þessar breyttu forsendur. Breytingarnar voru allar samþykktar samhljóða og hafa þingmenn aukaaðildarríkja nú fulltrúa í öllum nefndum þingsins, þar á meðal í fjárlaganefnd. Enn fremur var þingsköpum breytt á þá lund að þingmenn aukaaðildarríkja hafa nú sess fullgildra meðlima í nefndum þingsins, með öllum réttindum og skyldum sem því fylgir, en eru ekki titlaðir aukafulltrúar, eins og hingað til. Þá mega fulltrúar aukaaðildarríkja einnig taka þátt í umræðu um ársskýrslu VES. Ljóst má vera af þessum breytingum að staða aukaaðildarríkja í VES-þinginu hefur styrkst nokkuð. Á hinn bóginn er sáttmáli VES-þingsins óbreyttur þar sem segir í kafla II, grein C, að fulltrúar aukaaðildarríkja hafi ekki atkvæðisrétt í þinginu. Sú hefð hefur hins vegar skapast, sem fyrr segir, að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær.

c. Annar hluti 44. fundar VES-þingsins.

Dagana 30. nóvember til 3. desember fór fram annar hluti 44. fundar VES-þingsins í höfuðstöðvum þingsins í París. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu þingið Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, Össur Skarphéðinsson, varaformaður, og Siv Friðleifsdóttir, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Á fundinum var rætt og ályktað um eftirtalin mál:

— pólitíska og lagalega stöðu aukaaðildarríkja, áheyrnarríkja og samstarfsríkja VES,
— horfur í samstarfi yfir Atlantshafið á sviði öryggis- og varnarmála,
— VES og aðgerðir til að viðhalda stöðugleika á Balkanskaga,
— skipan tengsla NATO, VES og ESB,
— endurskipulagningu evrópskra vopnabúra og hlutverk VES,
— samstarf Evrópu og Rússlands við nýtingu kjarnorku,
— boðskiptakerfi VES,
— aldamótin og tölvukerfi: afleiðingar fyrir evrópsk varnarmál,
— endurskoðaða reikninga þingsins fyrir árið 1997,
— fjárlög þingsins fyrir árið 1999,
— eftirlaunasjóð starfsmanna, og
— stefnu VES í upplýsingamálum.

Eftirtaldir stjórnmála- og embættismenn ávörpuðu VES-þingið og svöruðu spurningum þingmanna að þessu sinni: Lluís María de Puig, forseti VES-þingsins, José Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, Ismail Cem, utanríkisráðherra Tyrklands, George Robertson, varnarmálaráðherra Bretlands, Günter Verheugen, aðstoðarutanríkisráðherra Þýskalands, Peter Stoyanov, forseti Búlgaríu, og Lamberto Dini, utanríkisráðherra Ítalíu og formaður ráðherraráðs VES.

Nýlegar yfirlýsingar breskra stjórnvalda um endurskoðun öryggis- og varnarmála Evrópu settu helst svip á þingfundinn, en bresk stjórnvöld höfðu nýlega varpað fram hugmyndum um eflingu sjálfstæðs varnarmáttar ESB. Nákvæmar skilgreiningar á hlutverki VES, stöðu aukaaðildarríkjanna o.s.frv. höfðu hins vegar ekki fylgt í kjölfarið. Nýtt líf færðist hins vegar fyrir vikið í umræðuna um sjálfstæðan varnarmátt ESB, þótt allir virtust sammála um að standa bæri vörð um NATO og samstarfið yfir Atlantshafið. Þannig sagði t.d. de Puig, forseti VES-þingsins, í ávarpi sínu að persónulega væri hann hlynntur því að VES yrði innlimað í ESB og sagðist óttast að ella mundi VES brátt einfaldlega „þynnast niður í NATO“. Hann minnti

enn fremur á að margir væru þeirrar skoðunar að leggja bæri VES niður. De Puig var endurkjörinn í embætti forseta þingsins fyrir árið 1999.

Í umræðum um skýrslu belgíska þingmannsins Armands De Decker um skipan tengsla NATO, VES og ESB gagnrýndi Lára Margrét Ragnarsdóttir þann tvískinnungshátt sem hún sagði einkenna skýrsluna. Þannig væri ítrekað fjallað um ágæti VES sem stofnunar þar sem aðildarríki ESB, ríki sem sækjast eftir aðild að sambandinu og loks evrópsk aðildarríki NATO sem ekki sækjast eftir aðild að ESB gætu fjallað um öryggismál og varnarmál „á jafnréttisgrundvelli". Lára Margrét sagðist taka undir þetta og hún sagðist einnig taka undir þau orð skýrslunnar að Evrópa þyrfti að efla sjálfstæðan hernaðarmátt sinn, m.a. til að viðhalda stuðningi við NATO í Bandaríkjunum. Hins vegar sagði Lára Margrét þetta engan veginn fara saman við þá miklu pólitísku slagsíðu sem einkenndi skýrsluna í þá veru að stefna bæri að innlimun VES í ESB. Þannig segði skýrslan að Evrópa gæti ekki ávallt treyst á samráð við ríki Norður-Ameríku og „samþykki landa sem ekki væru aðilar að ESB". Lára Margrét sagðist ekki geta komið auga á hvernig þátttaka evrópsku NATO-aðildarríkjanna utan ESB, þ.e. Íslands, Noregs og Tyrklands, gæti verið svo þung byrði fyrir evrópska öryggismálastofnun. Lára Margrét minnti að lokum á skilgreiningu Cutileiros, framkvæmdastjóra VES, frá því í ávarpi hans daginn áður. Þar sagði Cutileiro VES vera stofnun sem Evrópuríki gætu beitt á sviði öryggis- og varnarmála í málum þar sem ríki Norður-Ameríku vildu ekki taka beinan þátt í aðgerðum. Lára Margrét sagði VES vissulega þurfa að eflast, en lagði áherslu á að sambandið héldi sjálfstæði sínu gagnvart ESB og nánum tengslum við NATO.

5. VES og Amsterdamsáttmálinn.

Stefnt er að gildistöku Amsterdamsáttmála ESB á fyrri hluta ársins 1999. Í Amsterdam var felld sameiginleg tillaga stjórnvalda í Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu, Belgíu, Lúxemborg og á Spáni um innlimun VES í ESB. Ástæðan var einkum hörð andstaða danskra, írskra og breskra stjórnvalda sem vilja að samstarf í utanríkis- og varnarmálum verði alfarið hefðbundið milliríkjasamstarf og hafna hugmyndum um yfirþjóðlegt eðli slíkrar samvinnu. Eigi að síður voru teknar ákvarðanir um sameiginlega utanríkis- og varnarmálastefnu ESB (CFSP) í Amsterdam, sem snerta framtíð VES, bæði beint og óbeint. Breytingarnar sem voru gerðar á greinum um CFSP miða allar að því að styrkja hina sameiginlegu utanríkisstefnu.

Í fyrsta lagi er fastar kveðið að orði um tengsl VES og ESB í Amsterdamsáttmálanum, m.a. um að ESB geti „notfært sér VES" til að framfylgja ákvörðunum í varnarmálum (grein J.7.3.). Þá eru svonefnd Petersberg-verkefni VES (mannúðaraðgerðir, friðargæsla, aðgerðir til að koma á friði og aðgerðir í brýnum háska) felld undir verkefnasvið CFSP. Það þýðir að ESB mun að öllum líkindum ályktа í auknum mæli um mál sem hingað til hafa verið á starfssviði VES og fela VES að framfylgja þeim ályktunum.

Í öðru lagi var ákveðið í Amsterdam að styrkja verulega stofnanir í tengslum við hina sameiginlegu utanríkisstefnu. Komið verður á fót sérstakri skrifstofu CFSP sem mun undirbúa og útfæra sameiginlega stefnu ESB í utanríkis- og varnarmálum (Policy Planning and Early Warning Unit). Líklegt má telja að þessi uppbygging málefnalegs undirbúnings CFSP muni leiða til skýrari stefnu og samræmdari, en hingað til hefur brunnið við að CFSP sé einungis minnsti samnefnari stefnu aðildarríkjanna fimmtán.

Í þriðja lagi felur Amsterdamsáttmálinn í sér nýja tegund ákvarðanatöku í utanríkismálum, svokallaða „jákvæða hjásetu". Þessi aðferð kveður á um að einstök ríki geti setið hjá við einstakar ákvarðanir. Þannig standa þau ekki að viðkomandi ákvörðun eða aðgerð, en skuldbinda sig jafnframt til þess að gera ekkert sem hindrar önnur ríki í að hrinda tiltekinni ákvörðun í framkvæmd. Á þennan hátt er mögulegt að koma í veg fyrir að ríki neyðist til að

beita neitunarvaldi vilji þau ekki standa að ákvörðun (t.d. hlutlausu ESB-ríkin). Eins er búist við að ákvarðanir verði teknar skjótar í framtíðinni, þar eð ekki er þörf á samhljóða ákvörðunum í öllum málum. Neitunarvald er þó enn fyrir hendi og er ákvörðun þá skotið til leiðtogaráðs ESB til einróma samþykktar.

Þessar breytingar munu ef að líkum lætur styrkja innviði sameiginlegrar utanríkis- og varnarmálastefnu ESB. Að því gefnu að engar slíkar breytingar verði gerðar á stofnunum eða ákvörðunartökuferlum VES má álykta að efling CFSP kunni að bitna á sjálfstæði VES þar eð áhrif ESB á starfsemi VES muni aukast enn frekar. Sterkari stefnumótun í utanríkis- og varnarmálum ESB þýðir óneitanlega veikara Vestur-Evrópusamband í samskiptum sambandanna tveggja. Þá má geta þess að í stefnuplaggi framkvæmdastjórnar ESB frá því í júlí, Agenda 2000, er hernaðarleg styrking VES og nánari tengsl þess við ESB skilgreind sem eitt af meginverkefnum Evrópusambandsins á komandi árum.

Á hinn bóginn verður að teljast harla ólíklegt að af formlegri innlimun VES í ESB verði í nánustu framtíð. Slíkt krefst einróma samþykkis í ráðherraráðinu og auk þess mögulegra stjórnarskrárbreytinga í einstökum aðildarríkjum. Aukinheldur hefur fátt bent til þess að Danmörk og Bretland breyti afstöðu sinni til málsins í bráð, þótt bresk stjórnvöld íhugi nú leiðir til eflingar sjálfstæðum varnarmætti ESB, en þær hugmyndir hafa enn ekki verið útfærðar nánar. VES mun því halda áfram að gegna sjálfstæðu hlutverki í öryggismálum Evrópu. Samtökunum er mikið í mun að treysta stöðu sína sem milliliðs á milli ESB og NATO og aðstoða ríki Mið- og Austur-Evrópu til þátttöku í evrópsku öryggismálakerfi. Mikilvægt er fyrir íslenska hagsmuni að fylgjast grannt með þróun mála á vettvangi VES og taka þátt í mótun evrópskrar öryggisstefnu.

6. Framtíðarstarf VES.

Vestur-Evrópusambandið fagnaði 50 ára afmæli sínu 17. mars 1998, en Brusselsáttmálinn var undirritaður þann dag árið 1948. Mikil gerjun á sér stað í öryggismálum Evrópu og umræða um aukið samstarf NATO og VES er stöðugt í gangi. Með aukinni Evrópusamvinnu má telja líklegt að VES muni fá veigameira hlutverk — í samvinnu við NATO — í vörnum álfunnar, einkum hvað varðar björgunaraðgerðir og friðargæslu (Petersberg-verkefnin). Aðildin að NATO hefur nær allan lýðveldistímann verið kjarni íslenskra utanríkis- og varnarmála. Á þeim vettvangi hafa íslensk stjórnvöld ávallt lagt sitt af mörkum og fylgst vel með þróun mála. Á sama hátt ber Alþingi skylda til að vera virkt í starfi VES-þingsins. Þannig er mögulegt að gæta hagsmuna Íslands í varnar- og öryggismálum, bæði austan hafs og vestan.

Alþingi, 8. febr. 1999.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Össur Skarphéðinsson, varaform.	Siv Friðleifsdóttir.
Kristján Pálsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.

790. Frumvarp til laga [483. mál]

um skógrækt og skógvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Um markmið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið laga þessara eru:

a. að tryggja vernd, viðhald og aukningu skóglendis og að nýir skógar verði ræktaðir til nytja, landbóta og útivistar fyrir almenning;
b. að tryggja rannsókna-, fræðslu- og leiðbeiningarstarf um alla þætti skógræktar.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér greinir:

a. *Skógrækt:* Allar þær framkvæmdir sem snúa að ræktun og meðferð skóga og skóglendis, svo sem friðun, undirbúningur lands, plöntuframleiðsla, gróðursetning, umhirða, grisjun, felling og endurnýjun.
b. *Skógræktaráætlun:* Áætlun um einn eða fleiri þætti skógræktar eða þætti er tengjast skógrækt. Landsáætlun nær til landsins alls og fjallar um heildarmarkmið og leiðir. Landshlutaáætlun nær til tiltekins landshluta en þar eru lögð fram langtímamarkmið og útfærðar fjárhagslegar leiðir til að ná þeim. Ræktunaráætlun nær að jafnaði yfir tíu ára tímabil og fjallar um tiltekið svæði, svo sem skóglendi eða jarðarpart, og þar koma fram helstu þættir í ræktun og meðferð skóglendisins. Framkvæmdaáætlun útfærir ræktunaráætlun og nær til eins eða fárra ára í senn.
c. *Skógur:* Vistkerfi þar sem ríkjandi lífverutegundir eru tré.
d. *Skóglendi:* Land sem að mestu eða öllu leyti er eða verður vaxið trjágróðri, náttúrlegum eða ræktuðum, skógi eða kjarri.
e. *Þjóðskógar:* Skóglendi eða önnur lönd í eigu ríkisins þar sem skógvernd eða skógrækt er helsta tegund landnýtingar, ekki þó ríkisjarðir í ábúð eða leigu samkvæmt ábúðarlögum né það skóglendi sem með lögum er falið öðrum til umsjár.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

Landbúnaðarráðherra skal, á fimm ára fresti, láta Skógrækt ríkisins vinna heildstæða landsáætlun í skógrækt og leggja fyrir Alþingi til samþykktar. Áætlunin innihaldi stefnu í skógrækt og skógvernd, áætlanir verkefna allra þeirra aðila sem fá framlög á fjárlögum og mat á árangri undanfarinnar áætlunar. Kortlagning skógræktarskilyrða í landinu skal fylgja áætluninni. Fyrsta landsáætlun verði lögð fram árið 2001.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar skógráð til fjögurra ára í senn. Hlutverk skógráðs er að:

a. gera tillögur til ráðherra um stefnu, markmið og leiðir í skógrækt og skógvernd fyrir gerð landsáætlunar skv. 3. gr.,
b. gefa ráðherra umsagnir um drög að reglugerðum sem hann setur samkvæmt lögum þessum og um einstök mál er varða skógrækt og skógvernd í landinu,

c. vera vettvangur umræðu um skógrækt og skógvernd og hafa frumkvæði um að koma með ábendingar til stjórnvalda um þau mál sem það telur nauðsynleg og varða skógrækt í landinu.

Skógráð skal halda fund árlega og oftar ef þörf krefur. Formaður boðar til funda.

Skógræktarstjóri skal vera í skógráði. Formaður skógráðs er skipaður án tilnefningar, en aðrir meðlimir samkvæmt tilnefningu Skógræktarfélags Íslands, Landssamtaka skógareigenda, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landgræðslu ríkisins og Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins.

II. KAFLI
Um Skógrækt ríkisins.

5. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Skógrækt ríkisins og annast hún framkvæmd þessara laga og hefur eftirlit með því, fyrir hönd landbúnaðarráðherra, að þeim sé fylgt. Ráðherra setur reglugerð um starfssvið og deildarskiptingu Skógræktar ríkisins.

Hlutverk Skógræktar ríkisins er að:

a. vinna að verndun, ræktun og sjálfbærri nýtingu skóga á Íslandi og stuðla að því að umfang skógræktar og flatarmál skóglendis aukist,
b. veita stjórnvöldum, einstaklingum og félögum ráðgjöf um mál er tengjast skógum og skógrækt,
c. stunda rannsókna-, fræðslu- og leiðbeiningastarf um alla þætti skógræktar,
d. hafa umsjón með þjóðskógunum og auðvelda almenningi aðgang að þeim,
e. fara með umsýslu eigna sem eru á hennar forræði,
f. annast gerð skógræktaráætlana og hafa eftirlit með skógræktaráætlunum sem gerðar eru af öðrum,
g. annast alþjóðleg samskipti á sviði skógarmála,
h. hafa eftirlit með og veita leyfi til innflutnings á trjáfræi.

6. gr.

Skógrækt ríkisins tekur í störfum sínum mið af stefnumörkun skógráðs skv. 4. gr. og landsáætlun í skógrækt skv. 3. gr. hverju sinni.

7. gr.

Skógrækt ríkisins rekur rannsóknastöð sem fjárhagslega sjálfstæða deild. Hlutverk hennar er að sjá um alhliða rannsóknir tengdar skógvernd og skógrækt og skal hún starfa samkvæmt áætlun sem samþykkt er af sérstöku fagráði. Fagráð rannsóknastöðvarinnar er skipað af ráðherra til fjögurra ára í senn og eru skipan þess, hlutverk og starfssvið ákveðin með reglugerð.

8. gr.

Skógrækt ríkisins er heimilt að styrkja einstaklinga og félagasamtök til skógræktar eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

9. gr.

Skógræktarstjóra er heimilt, með samþykki ráðherra, að leigja lönd sem eru í eigu eða á forræði Skógræktar ríkisins eða fela öðrum umsjón með þeim.

10. gr.

Skógrækt ríkisins skal gera og viðhalda skrá yfir skóglendi landsins þar sem komi fram tegund skóglendis, aldur ef um er að ræða gróðursetningu og flokkun eftir gæðum og notagildi, svo sem til viðarframleiðslu, jarðvegsverndar, náttúruverndar, útivistar eða annarra nota. Sérstaka skrá um nýgróðursetningu skal gefa út árlega og er öllum skylt, sé þess óskað, að veita Skógrækt ríkisins upplýsingar um gróðursetningu. Einnig skal kortleggja skógræktarskilyrði landsins og skulu þau kort endurnýjuð á tíu ára fresti.

11. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar skógræktarstjóra, lengst til fimm ára í senn, og skal hann fara með daglega stjórn Skógræktar ríkisins. Skógræktarstjóri skal hafa háskólapróf í skógfræði. Skógræktarstjóri ræður sérmenntaða starfsmenn Skógræktar ríkisins í samræmi við deildarskiptingu stofnunarinnar og aðra starfsmenn í samráði við forstöðumenn deilda.

III. KAFLI
Um friðun, ræktun og meðferð skóglendis.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um gerð og innihald ræktunaráætlana í samráði við Skógrækt ríkisins. Þar skal m.a. flokka fyrirhugað skógræktarland eftir náttúruverndargildi og taka tillit til þess við gerð ræktunaráætlana.

Við gerð ræktunaráætlana um meðferð skóga skal m.a. taka tillit til alls konar skógarnytja og áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki skógarins, vatnsbúskap og jarðvegsvernd.

13. gr.

Skylt er eiganda eða notanda skóglendis að takmarka svo notkun þess að það rýrni hvorki að stærð né gæðum til lengri tíma. Nýtingu verði ávallt háttað þannig að skógur endurnýist á svæðinu. Öll meðferð skóga, svo sem grisjun og umhirða, miðist við að auka verðmæti eða aðgengi án þess að rýra líffræðilega fjölbreytni eða framleiðni til lengri tíma.

Skóga eða hluta þeirra má aldrei fella nema fyrir liggi samþykki Skógræktar ríkisins, og skal samþykki ávallt vera háð því að gerðar séu ráðstafanir til að endurnýja skóg á sama svæði eða jafnstóru svæði annars staðar. Skóga sem ræktaðir hafa verið til nytja skal höggva samkvæmt aðferðum sem viðurkenndar eru af Skógrækt ríkisins.

Öllum sem um skóglendi fara er óheimilt að skerða trjágróður eða skaða hann á annan hátt. Bannað er að leggja eld í skóglendi nema með leyfi Skógræktar ríkisins.

14. gr.

Öll beit búfjár í skóglendi utan heimalanda er bönnuð frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert. Sé skóglendi nýtt til beitar ber eiganda búfjárins að stjórna beitinni þannig að skóglendið spillist ekki og að eðlileg endurnýjun skógarins geti orðið.

Skógrækt ríkisins er heimilt að setja reglur um girðingar vegna skógræktar.

Liggi alfaravegur um friðað skóglendi skulu vegfarendur loka þeim hliðum sem eru á girðingum um löndin svo að öruggt sé að hliðin opnist ekki af sjálfsdáðum. Týni vegfarendur búfé í skógargirðingum er þeim skylt að koma því út úr girðingu svo fljótt sem unnt er.

15. gr.

Landbúnaðaráðherra er heimilt, að fengnu áliti skógræktarstjóra, að banna alla þá meðferð eða nýtingu skóglendis sem ætla má að geti rýrt gæði eða umfang þess eða valdið jarðvegsrofi.

IV. KAFLI
Um sektir, málsmeðferð o.fl.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

17. gr.

Landbúnaðaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga eftir tillögum skógræktarstjóra.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs, nr. 78/1935, með síðari breytingum, lög um skógræktardag skólafólks, nr. 13/1952, lög um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum, og lög um viðauka við lög nr. 3/1955 um skógrækt, nr. 22/1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrstu lög sem sett voru um skógrækt á Íslandi voru lög nr. 54/1907, um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands. Í lögunum segir að hefja skuli skógrækt „með því markmiði að friða og bæta skóga þá og skógarleifar sem enn eru hér á landi, rækta nýjan skóg og leiðbeina landsmönnum í meðferð skógar og gróðursetningu". Með lögunum var komið á sérstöku embætti skógræktarstjóra og þá var ráðherra heimilað að skipa skógarverði eftir þörfum, en tala þeirra og laun skyldu ákveðast í fjárlögum.

Lög nr. 54/1907 voru felld úr gildi með lögum um skógrækt, nr. 100/1940. Þau lög voru mun ítarlegri en hin fyrri, en markmiðin voru hins vegar nánast hin sömu. Lögin geymdu m.a. ákvæði um meðferð skóga, kjarrs og friðunar á lyngi, um friðun og ræktun skóga og um meðferð skógarítaka. Þá var í lögunum ákvæði um Skógræktarfélag Íslands og viðurkenningu þess sem sambands skógræktarfélaga í landinu.

Lög nr. 100/1940 voru numin úr gildi með núgildandi lögum nr. 3/1955, um skógrækt, sbr. enn fremur viðauka við þau lög nr. 22/1966. Í gildandi lögum eru ítarleg ákvæði í II. og III. kafla laganna um meðferð skóga, kjarrs og lyngs og um friðun og ræktun skóga. Ákvæði eru um viðbrögð við óheimilli beit í skóglendum, löggirðingar um skóglendi o.fl. sem ekki þykir ástæða til að taka upp í nýjum lögum, enda hafa önnur lög að geyma ákvæði um girðingar, vörsluskyldu búfjár og fleira sem að slíku lýtur. Enn fremur eru ákvæði um friðun, ræktun og meðferð skóglendis færri í frumvarpi þessu en í núgildandi lögum, enda ekki talin þörf á jafnítarlegum ákvæðum og nú gilda til að markmiðum þeirra verði náð. Að öðru leyti er um efnisatriði frumvarps vísað til athugasemda við einstakar greinar.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru ákvæði um skógráð, sem er ráðgjafandi nefnd um skógarmál, ákvæði um landsáætlun í skógrækt, sem landbúnaðarráðherra ber að leggja fyrir Alþingi til samþykktar, og enn fremur er staðfest með frumvarpinu hver núverandi hlutverk og verkefni Skógræktar ríkisins eru. Frá setningu gildandi laga um skógrækt, nr. 3/1955, hafa hlut-

verk Skógræktar ríkisins breyst. Sú þróun hefur orðið á síðustu árum að stofnunin hefur hætt eða dregið verulega úr ýmsum verkefnum sem áður voru áberandi í starfsemi stofnunarinnar, svo sem plöntuframleiðslu og gróðursetningu, og þess í stað snúið sér að rannsóknum, fræðslu og leiðbeiningum um alla þætti skógræktar, fyrir stjórnvöld, einstaklinga og félög.

Ýmis stjórnvöld og stofnanir á þeirra vegum fara með hlutverk og verkefni sem með einhverjum hætti geta snert skógrækt og skógvernd í rúmri merkingu þeirra orða. Hér má sem dæmi nefna að Náttúrufræðistofnun sem heyrir undir umhverfisráðuneytið heldur skrá um einstaka þætti íslenskrar náttúru og veitir aðstoð með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Þá starfar Náttúruvernd ríkisins, sem heyrir enn fremur undir umhverfisráðuneytið, að náttúruvernd, undirbýr m.a. friðlýsingu svæða, hefur umsjón með gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði og skráir náttúruminjar. Samkvæmt skipulagslögum er það hlutverk sveitarfélaga að taka ákvarðanir um landnotkun.

Með setu fulltrúa frá nefndum aðilum í skógráði er tryggt að í framkvæmd verði ekki skörun á verkefnum samkvæmt þessu frumvarpi og samkvæmt öðrum lögum og að sérþekking þeirra geti nýst við framkvæmd verkefna sem beint lúta að skógrækt og skógvernd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar felast sömu efnisatriði og eru í núgildandi lögum um friðun, vernd og ræktun skóga. Hér koma einnig fram almenn markmið með skógrækt, þ.e. til nytja, landbóta og útivistar. Með nytjum er átt við alls konar afnot af skóglendi, svo sem viðarnytjar, tínslu berja, sveppa og jurta, veiðar o.fl. Skógrækt til landbóta getur falið í sér uppgræðslu illa gróins lands, aukningu á fjölbreytni lands og lífríkis og hvers kyns verðmætaaukningu sem skógrækt hefur í för með sér. Reynslan hérlendis og erlendis er að skógar eru yfirleitt nýttir til útivistar, óháð upphaflegu markmiði. Flestir ef ekki allir skógar verða því fjölnytjaskógar.

Í b-lið er það markmið sett að halda skuli uppi rannsókna-, fræðslu- og leiðbeiningarstarfi í þágu skógræktar. Vegna legu Íslands, ríkjandi landnýtingar og skógleysis eru skógræktarskilyrði önnur en í öðrum löndum sem liggja á svipaðri breiddargráðu. Rannsóknir frá öðrum löndum er því ekki hægt að heimfæra sjálfkrafa á Íslandi. Skógræktarrannsóknir eru nauðsynlegar fyrir farsælan framgang skógræktar á Íslandi. Þær hafa aukist mjög á síðustu árum og er um fjórðungi af fjárveitingum ríkisins til Skógræktar ríkisins varið til rannsókna. Þá eru rannsóknir grundvöllur fræðslu og leiðbeininga í skógrækt.

Um 2. gr.

Orðaskýringar eru um nýmæli. Orðið þjóðskógar er hér notað yfir lönd þau sem Skógrækt ríkisins hefur umsjón með. Á orðið að undirstrika að þetta skóglendi er eign þjóðarinnar og rekið í þágu hennar. Þjóðskógur er þó ekki eins og þjóðgarður þar sem helsta markmið er náttúruvernd. Í þjóðskógum geta verið mörg og misjöfn markmið milli einstakra skóga eða innan sama skógar, svo sem verndun, útivist, fræðslugildi, tilraunir, framleiðsla afurða o.fl. Eitt hlutverka þjóðskóga yrði t.d. að vísa veginn í sambandi við ræktun og meðferð skóga í timburskógrækt.

Um 3. gr.

Greinin er í samræmi við 2. gr. núgildandi laga um að landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn skógræktarmála.

Nýmæli er að gera skuli landsáætlun í skógrækt og endurskoða á fimm ára fresti. Er þetta í samræmi við þingsályktunartillögu um sama efni frá 1997, 546. mál á 121. löggjafarþingi.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli og fjallar um ráðgefandi nefnd um skógarmál, skógráð, sem ráherra skipar, og hlutverk hennar. Ráðið er skipað fulltrúum hagsmunaaðila um skógrækt, enda þykir æskilegt að sem flest sjónarmið geti komið fram innan ráðsins. Fulltrúi áhugamanna um skógrækt er tilnefndur af Skógræktarfélagi Íslands. Landssamtök skógareigenda tilnefna fulltrúa til að gæta sjónarmiða skógareigenda. Sveitarfélög eiga mörg hver skóglendi og ættu að gæta hagsmuna hins almenna skógarnotanda. Náttúruvernd ríkisins hefur umsjón með allstóru skóglendi og hefur náttúruvernd að leiðarljósi. Náttúrufræðistofnun hefur með höndum skráningu og rannsóknir á náttúru landsins og ætti að gefa faglega breidd í skógráð. Landgræðsla ríkisins hefur umsjón með stórum svæðum þar sem lokamarkmið landgræðslu er endurheimt skóglendis. Fulltrúi Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins eykur faglegt vægi innan ráðsins.

Helsta hlutverk ráðsins verður að vinna að stefnumörkun í skógrækt og má gera ráð fyrir tíðari fundum þegar kemur að því að ganga frá útgáfu hennar, en fundir þess á milli verða sennilega einn til tveir á ári.

Um 5. gr.

Greinin geymir mun ítarlegra ákvæði um viðfangsefni Skógræktar ríkisins en núgildandi lög. Greinin er staðfesting á þeim hlutverkum sem Skógrækt ríkisins hefur nú þegar tekið að sér en ekki eru talin upp í núgildandi lögum. Hlutverk og verkefni stofnunarinnar eru talin upp í átta töluliðum og á bæði almenningi og stjórnvöldum að vera ljóst hver verkefni stofnunarinnar eru. Starfsemi Skógræktar ríkisins hefur aukist og breyst um margt á síðustu árum. Auk skóggræðslu, skógvörslu, rannsókna og styrkveitinga til skógræktar er mikið starf unnið á sviði áætlanagerðar, leiðbeininga, fræðslu og afurðamála.

Rétt þykir að mæla fyrir um starfssvið og deildarskiptingu Skógræktar ríkisins með reglugerðarheimild.

Um 6. gr.

Hér er áréttað að auk þess að gegna þeim hlutverkum sem tilgreind eru í 5. gr. skuli starfsemi Skógræktar ríkisins taka mið af stefnumörkun og landsáætlun á vegum skógráðs og ráðherra.

Um 7. gr.

Greinin er nýmæli en er að öllu leyti staðfesting á núverandi skipan mála.

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá hóf starfsemi árið 1967. Starfsemi stöðvarinnar var lengi mjög takmörkuð vegna fjárskorts. Rannsóknastöðin hefur hins vegar eflst mjög á síðustu árum og margvíslegar rannsóknaniðurstöður liggja nú fyrir sem eru til þess fallnar að efla skógrækt og auka arðsemi hennar. Hér er einnig staðfest að það sé hlutverk Skógræktar ríkisins að sjá um skógræktarrannsóknir. Þar með verða þær í nánum tengslum við aðra starfsemi stofnunarinnar, svo sem skógvörslu og ráðgjöf.

Um 8. gr.

Greinin á sér hliðstæðu í núgildandi lögum. Þar er heill kafli um hvernig skuli styrkja nytjaskógrækt á bújörðum en ekkert um annars konar styrki sem hafa þó unnið sér fastan

sess, sbr. landgræðsluskógaverkefnið. Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um landshlutabundin verkefni í skógrækt og er gert ráð fyrir að í framtíðinni verði í tengslum við slík sérstök landshlutabundin skógræktarverkefni veitt framlög til skógræktarverkefna á vegum einstaklinga og félaga og að hlutverk Skógræktar ríkisins í þeim efnum verði áætlanagerð og faglegt eftirlit en ekki styrkveitingar. Á næstu árum verður þó millibilsástand á meðan landshlutabundnu verkefnin eru að mótast og nauðsynlegt er að Skógræktin geti haldið áfram að veita styrki í einhverjum takmörkuðum mæli á meðan. Þá geta komið upp ófyrirséðar ástæður fyrir því að ríkisvaldið kjósi að veita framlög til skógræktar í gegnum Skógrækt ríkisins.

Um 9. gr.

Heimild til að leigja lönd í eigu Skógræktar ríkisins er í núgildandi lögum en háð því að leigutaki rækti þar barrskóg. Þar eru einnig erfðafestuákvæði sem hafa gert það að verkum að leiga á landspildum er ekki fýsilegur kostur fyrir stofnunina. Hins vegar er jákvætt að geta komið til móts við ræktunarþörf fólks með því að leigja landsspildur til skógræktar. Í flestum tilvikum er gert ráð fyrir að leigugjaldið verði ekki annað en ræktun skógar á svæðinu þannig að hér er ekki um tekjulind fyrir stofnunina að ræða. Lóðaleiga í skóglendi, t.d. undir þorpið í Hallormsstaðaskógi og einstakar sumarbústaðalóðir, skapar nokkrar tekjur en sú starfsemi verður ávallt takmörkuð þar sem hlutun þjóðskóganna niður í einkalóðir stangast á við markmið um aðgengi almennings, sbr. d-lið 5. gr. Þá getur stofnunin einnig haft hag af því að fela öðrum umsjón með tilteknum svæðum, sbr. til hliðsjónar umsjón Skógræktarfélags Suður-Þingeyjarsýslu á Fossselsskógi.

Um 10. gr.

Greinin er nýmæli. Skrá yfir skóglendi Skógræktar ríkisins er til hjá stofnuninni, en hér er gert ráð fyrir mun ítarlegri skrá sem er nauðsynleg við gerð áætlana á landsvísu og ætti að vera aðgengileg þeim sem þess óska. Slík skrá verður einnig mikið og gott heimildargagn um stöðu skógræktar hverju sinni og þróun mála. Kortlagning skógræktarskilyrða er einnig nauðsynlegt hjálpargagn við stefnumörkun í skógrækt. Sérstök skrá um nýgróðursetningar er einkum ætluð til þess að hægt verði að fylgjast með flatarmáli nýmarka í tengslum við bindingu koltvísýrings.

Um 11. gr.

Ráðherra er ætlað að skipa skógræktarstjóra en samkvæmt núgildandi lögum er hann skipaður af forseta Íslands. Skógræktarstjóra er ætlað að ráða sérmenntaða starfsmenn stofnunarinnar, en samkvæmt núgildandi lögum skipar ráðherra skógarverði. Breyting þessi er í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Menntunarkröfur til skógræktarstjóra eru þær sömu eða sambærilegar og í núgildandi lögum.

Um 12. gr.

Greinin er nýmæli og fjallar um gerð ræktunaráætlana. Gert er ráð fyrir að ráðherra, í samráði við Skógrækt ríkisins, gefi út nákvæmar leiðbeiningar um innihald ræktaráætlana hverju sinni. Þar eð gerð skógræktaráætlana er nýlegt fyrirbæri hér á landi og enn í örri þróun þykir ekki rétt sem stendur að binda nákvæmar leiðbeiningar í lögum. Við gerð ræktunaráætlana um ræktun nýmarka verður að sjálfsögðu að hafa í huga ákvæði í lögum og reglum sem meðal annars kveða á um fjarlægð framkvæmda frá vegum, raflínum og mannvistarminj-

um. Þá er hér mælt fyrir um að taka skuli tillit til náttúruverndargildis lands þegar verið er að skipuleggja nýskógrækt.

Meðferð eldri skóga, einkum grisjun, er fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi Skógræktar ríkisins og verður æ fyrirferðarmeiri. Þá verður grisjun einnig þáttur í nytjaskógrækt á bújörðum og starfi skógræktarfélaga. Um miðja 21. öld verður komið að lokafellingu í elstu nytjaskógarreitum og þaðan í frá verður um reglubundið skógarhögg og endurnýjun þeirra skóga að ræða. Hér er gert ráð fyrir að tillit sé tekið til allskonar skógarnytja, þ.m.t. útivistar og umhverfisþátta, þegar verið er að skipuleggja meðferð skógar.

Samkvæmt 13. gr. er gert ráð fyrir að leggja þurfi fram formlega áætlun, sem Skógrækt ríkisins samþykkir, þar sem fjallað verði m.a. um framangreind atriði þegar um lokafellingu er að ræða. Ekki eru sett hér skilyrði um formlega áætlun í hvert skipti sem skógarreitur er grisjaður þó að slíkar áætlanir verði einnig gerðar fyrir grisjun þar sem um stærri framkvæmdir er að ræða.

Um 13. gr.

Greinin geymir fyrirmæli um meðferð skóga og skóglenda. Hliðstæð ákvæði eru í II. kafla núgildandi laga. Ákvæði greinarinnar byggjast á reynslu liðinna áratuga og miða að því að markmið vegna meðferðar skóga og skóglenda náist. Í framkvæmd þýðir þetta að hver sá sem vill höggva skóg þarf að leggja fram áætlun um það til Skógræktar ríkisins og fá samþykki hennar.

Um 14. gr.

Í greininni eru ákvæði sem er að finna í 8., 14. og 15. gr. núgildandi laga. Samkvæmt núgildandi lögum getur skógræktarstjóri varið skóglendi sem er í hættu vegna ofbeitar með því að ríkissjóður kosti friðun þess, en eigendur fjárins sem veldur ofbeitinni bera enga ábyrgð. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að eigandi búfjár beri ábyrgð á að beit þess spilli ekki skóglendi. Í flestum tilvikum er skóglendi sem nýtt er til beitar í heimalöndum bújarða þannig að eigandi skógarins er oftast einnig eigandi búfjárins sem þar er á beit. Að landnotandi beri ábyrgð á meðferð lands síns er í anda sjálfbærrar þróunar. Þá er óbreytt ákvæði frá núgildandi lögum um að þeir sem kunni að missa búfé (hross, sauðfé, nautgripi) í friðað skóglendi beri ábyrgð á að koma því út af viðkomandi svæði.

Um 15. gr.

Með tilkomu ræktaðra skóga koma ýmis ný atriði til sögunnar varðandi skóglendi á Íslandi, svo sem grisjun og skógarhögg. Reynsla erlendis sýnir að ýmsar aðferðir við grisjun og skógarhögg geta rýrt verðmæti og fjölbreytni skógarins, valdið jarðvegsrofi eða hindrað endurnýjun. Ákvæði 13. og 14. gr. eru almennar ábendingar um meðferð skóga í anda sjálfbærrar þróunar. Í 15. gr. felst heimild til að grípa til neyðarúrræða ef í ljós kemur að einhver meðferð skóglendis rýri gæði þess eða umfang eða valdi jarðvegsrofi.

Rétt er að taka fram að svo virðist sem hófleg beit búfjár yfir sumarið skaði ekki skóga að ráði og afturför skóglendis af völdum beitar virðist mun sjaldgæfari en áður var. Hér er því ekki um að ræða að banna almennar beitarnytjar í skóglendi miðað við ástandið nú. Hins vegar getur verið ástæða til að banna beit í einstökum skóglendum, t.d. þar sem jarðvegsrof er áberandi, þar sem skógi hnignar og endurnýjunar er þörf eða þar sem mikill nýgræðingur er og þörf er á tímabundinni friðun.

Um 16.–18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skógrækt og skógvernd.

Tilgangur frumvarpsins er að laga gildandi lög, sem að stofni til eru frá árinu 1955, að breyttum aðstæðum.

Þau ákvæði sem helst hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs eru í fyrsta lagi að lagt er til að heildstæð landsáætlun í skógrækt verði lögð fyrir Alþingi til samþykktar á fimm ára fresti, fyrst árið 2001. Talið er að kostnaður við fyrstu áætlun verði á bilinu 15–45 m.kr. eftir því hve hún verður ítarleg. Á árinu 1998 er áætlað að verja rúmlega 6 m.kr. til verksins og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir 3,8 m.kr. til viðbótar. Miðað við óbreytt framlag árin 2000 og 2001 ætti áætlunin að geta legið fyrir í tæka tíð þótt hún uppfylli þá ekki ýtrustu kröfur. Síðan yrði hún aukin og endurskoðuð á fimm ára fresti.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að sett verði á fót níu manna skógráð sem haldi einn til tvo fundi á ári. Áætla má að þóknun og annar kostnaður við nefndina nemi 100–200 þús. kr. á ári.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Skógrækt ríkisins fái rýmri heimild til að leigja lönd og fela öðrum umsjón með löndum sínum en í gildandi lögum. Í athugasemd við frumvarpið er ekki gert ráð fyrir að þetta skapi stofnuninni tekjur, en dregið gæti úr kostnaði hennar þótt ekki séu forsendur til að meta heimildina til fjár að svo komnu máli.

Í fjórða lagi er lagt til að haldin sé skrá yfir skóglendi landsins, skógræktarskilyrði færð inn á kort sem endurnýjuð yrðu á tíu ára fresti og gefin út sérstök skrá um nýja gróðursetningu. Talið er að kostnaður við þetta nemi um 2–3 m.kr. á ári að jafnaði þótt hann verði mismikill eftir árum.

Að lokum falla niður ákvæði í gildandi lögum um styrki til nytjaskógræktar á bújörðum, en þeir hafa numið um 20 m.kr. á ári. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að áformað er að umsjón þessa verkefnis færist til landshlutabundinna skógræktarverkefna verði frumvarp um þau að lögum. Verði það frumvarp ekki að lögum eða landshlutabundin skógræktarverkefni ekki stofnuð mun kostnaður ríkisins af styrkjum lækka eftir því sem þegar gerðir samningar um nytjaskógrækt á bújörðum renna út.

Niðurstaða þessa mats er að frumvarpið auki árlegan kostnað um 2–3 m.kr.

791. Frumvarp til laga [484. mál]

um landshlutabundin skógræktarverkefni.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta í landinu og verndun og umhirðu þess skóglendis sem fyrir er, treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni.

2. gr.

Landshlutaverkefni.

Landbúnaðarráðherra er heimilt eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og að fengnu áliti Skógræktar ríkisins að stofna til sérstakra landshlutaverkefna í skógrækt. Landshlutaverkefni í skógrækt eru samkvæmt lögum þessum sjálfstæð verkefni sem fá framlög til skógræktar á tilteknu landsvæði.

3. gr.

Skilgreiningar.

Fjölnytjaskógrækt. Í lögum þessum er greint milli tveggja greina fjölnytjaskógræktar. Annars vegar ræktunar timburskóga, með það markmið að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, og hins vegar ræktunar landbótaskóga, en þá er fyrst og fremst lögð áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi.

Skjólbelti. Skjólbelti eru í lögum þessum greind í tvo flokka. Annars vegar eru belti sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði og hins vegar belti sem hugsuð eru sem undanfari skógræktar á bersvæði.

4. gr.

Landshlutaáætlun og samningar við þátttakendur.

Fyrir hvert landshlutaverkefni skal gera sérstaka landshlutaáætlun. Áætlunin skal vera til a.m.k. 40 ára og skiptast í tíu ára tímabil. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis.

Gera skal samninga sem landbúnaðarráðherra staðfestir við hvern og einn þátttakanda verkefnis og þinglýsa þeim á viðkomandi jörð. Samningar skulu taka til afmarkaðs lands sem tekið er til ræktunar í hverju tilviki og kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri og annað sem þurfa þykir.

5. gr.

Kostnaður.

Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði hvers landshlutaverkefnis greiðist með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðherra samþykkir skógræktar- og skjólbeltakostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins og verkefnisstjórna.

Landshlutaverkefnin greiða undirbúnings- og rekstrarkostnað og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða þau ákveðinn hluta af samþykktum kostnaði við skógrækt og skjólbeltarækt á lögbýlum óháð búsetu, með kvöðum um endurgreiðslu til ríkissjóðs, sbr. 6. gr. Hlutfallsleg greiðsla landshlutaverkefnanna af samþykktum kostnaði er ákveðin í reglugerð settri af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum stjórna verkefnanna.

6. gr.

Skipting tekna af landshlutaverkefnum.

Til ríkissjóðs skal greiða 15% af söluverðmæti hvers rúmmetra trjáviðar á rót og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga. Undanþegin er grisjun fyrstu 40 árin, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu og innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Forgangur að vinnu.

Skógareigendur, sem hafa til umráða jarðir sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við viðkomandi landshlutaverkefni, skulu hafa forgang að vinnu á þeirra vegum. Nýti þeir ekki forgangsréttinn skulu aðrir skógareigendur sem aðild eiga að landshlutaverkefninu, hafa forgang að vinnunni.

8. gr.

Stjórn og rekstur.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir hvert verkefni til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af félögum skógarbænda á viðkomandi svæði, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji er skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn verkefnisins og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir. Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur. Skógrækt ríkisins veitir aðstoð og faglegar leiðbeiningar við verkefnin samkvæmt samstarfssamningi viðkomandi aðila.

9. gr.

Ársskýrslur og ársreikningar.

Ársskýrslur og ársreikningar landshlutaverkefna skulu samþykktir af viðkomandi stjórn og skulu enn fremur staðfestir af landbúnaðarráðherra. Þar skal koma fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga landshlutaverkefna skal birta í Stjórnartíðindum, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

10. gr.

Önnur verkefni.

Landbúnaðarráðherra getur, í samráði við skógræktarstjóra, falið stjórn landshlutaverkefna umsjón skógræktarverkefna þar sem einstaklingum og félagasamtökum er veittur stuðningur til skógræktar og stofnað er til skv. 8. gr. laga um skógrækt og skógvernd.

11. gr.

Reglugerð og almenn lagaákvæði.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð skóga landshlutaverkefna samkvæmt ákvæðum laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að fjórum árum liðnum skal endurskoða lög þessi ásamt lögum um Héraðsskóga, nr. 32/1991, og Suðurlandsskóga, nr. 93/1997 .

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í meginatriðum byggt á lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga, sem samþykkt voru á 121. löggjafarþingi, 1996–97, og er það lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um skógrækt og skógvernd. Með frumvarpinu er lagt til að landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til þess að stofna til landshlutabundinna skógræktarverkefna í líkingu við það verkefni sem stofnað var til með lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga. Gert er ráð fyrir því breytta fyrirkomulagi að ráðherra sé veitt heimild til að stofna til verkefna án þess að sérstaka lagasetningu þurfi til í hverju tilviki. Lög um Suðurlandsskóga eru að meginstofni byggð á lögum um Héraðsskóga frá 1991. Í lögum um Héraðsskóga er eingöngu gert ráð fyrir verkefnum í nytjaskógrækt. Helstu nýmæli í lögum um Suðurlandsskóga eru að þar er stefnt að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta. Í lögum um Suðurlandsskóga og í þessu frumvarpi kemur fyrir orðið „timburskógrækt". Er það heiti almennt notað í dag í stað orðsins „nytjaskógrækt". Merkingin orðanna er sú sama. Í lögum um Suðurlandsskóga og í þessu frumvarpi kemur enn fremur fyrir hugtakið „fjölnytjaskógrækt". Það hugtak er að sama skapi nýtt í málinu og er átt við ræktun timburskóga og landbótaskóga, en með landbótaskógrækt er fyrst og fremst lögð áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi.

Í lögum um skógrækt, nr. 3/1955, sbr. breytingalög frá 1984 um ræktun nytjaskóga á bújörðum, sbr. enn fremur lög nr. 22/1966, um viðauka við lög nr. 3/1955, eru veittar heimildir til að styðja nytjaskógrækt og skjólbeltarækt. Eru því samtals fjórir lagabálkar í gildi sem varða stuðning ríkisins við skógrækt. Stefnt er að því að einfalda umgerð þessa málaflokks og er fyrsta skrefið í þá átt stigið með þessu frumvarpi og því frumvarpi sem lagt er fram samhliða, til nýrra laga um skógrækt og skógvernd. Er gert ráð fyrir því í síðarnefnda frumvarpinu að fella úr gildi öll eldri lög um skógrækt, að undanskildum lögum um Suðurlandsskóga og Héraðsskóga. Er stefnt að því að þegar einhver reynsla er komin á framkvæmd laga samkvæmt þessu frumvarpi fari fram endurskoðun á þeim sem og lögum um Suðurlandsskóga og Héraðsskóga með það að markmiði að um landshlutaverkefni gildi einn lagabálkur í stað þriggja.

Í frumvarpi þessu, sbr. enn fremur frumvarp til laga um skógrækt og skógvernd, er gert ráð fyrir því að mestur stuðningur ríkisins við gróðursetningu verði á grundvelli landshlutaverkefna. Með öðrum orðum er sú stefna sett að Skógrækt ríkisins dragi sig út úr þessum þætti skógræktar í landinu. Áfram er þó gert ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi heimild til að styrkja einstaklinga og félagasamtök í skógrækt. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að landbúnaðarráðherra geti falið stjórnum landshlutaverkefna umsjón þessara verkefna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um tilgang frumvarpsins og þarfnast greinin ekki nánari skýringa.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um hvernig landbúnaðarráðherra getur stofnað til landshlutaverkefna og hvert markmiðið er með slíkum verkefnum. Landshlutaverkefni eru hvorki opinberar stofnanir né fyrirtæki, en eru sjálfstæð í þeim skilningi að stjórnir verkefnanna lúta ekki fyrirmælum annarra.

Um 3. gr.

Hér er að finna skilgreiningar á hugtökum sem koma fyrir í lögunum og þurfa sérstakrar skýringar við.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að unnin verði a.m.k. 40 ára áætlun um ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta fyrir hvert verkefni. Áætlunin skiptist í 10 ára tímabil, en af hálfu sérfræðinga Skógræktar ríkisins er lögð áhersla á að heildaráætlunin nái til a.m.k. 40 ára þar sem við ræktun skóga sé nauðsynlegt að eðlileg hringrás náist í ræktuninni svo að nýting timburs úr skógunum verði hagkvæm. Kveðið er á um að í landshlutaáætlun skuli stefna að því að rækta skóga á að minnsta kosti 5% flatarmáli þess lands sem telst láglendi. Láglendi í þessu samhengi telst vera það land sem er undir 400 metra hæðarlínu. Með lögum um Suðurlandsskóga er stefnt að ræktun á ákveðnum hektarafjölda á því svæði sem um ræðir. Þar sem þetta frumvarp er umgjörð fyrir verkefni á mismunandi landsvæðum er lagt til að í stað hektarafjölda sé stefnt að ákveðnu hlutfalli þess lands sem er innan áætlunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ræktun fjölnytjaskóganna og skjólbeltanna skuli byggjast á samningum sem hver einstakur landeigandi eða ábúandi með samþykki eiganda gerir við landshlutaverkefnið og landbúnaðarráðherra staðfestir fyrir hönd ríkisins. Tekin eru fram helstu atriði sem nauðsynlegt er að fram komi í samningunum.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að um sérstaka fjárveitingu verði að ræða fyrir hvert verkefni. Í 2. og 3. mgr. er kveðið á um að leita þurfi eftir samþykki landbúnaðarráðherra á því hvaða kostnað við skógrækt megi greiða. Hvert stuðningshlutfallið verður skal síðan ákveða með reglugerð. Þátttöku ríkisins í skógrækt skal því ákveða með því að velja hvaða kostnaður er samþykktur og hver hlutfallsleg greiðsla er af samþykktum kostnaði. Í 3. mgr. er einnig kveðið á um að landshlutaverkefnin greiði almennan rekstrarkostnað, þ.e. kostnað við undirbúning verkefnisins, rekstur, laun stjórnar og fastra starfsmanna. Gera verður ráð fyrir að í byrjun verði um nokkurn undirbúningskostnað að ræða fyrir hvert verkefni við gagnasöfnun, þróunarvinnu og gerð ræktunaráætlana.

Um 6. gr.

Í greininni er sagt fyrir um hvernig skuli farið með tekjur af timburskógunum við skógarhögg og að ráðherra setji nánari ákvæði um það í reglugerð. Gert er ráð fyrir að skatthlutfall af timbursölu taki mið af styrk ríkisins til greiðslu stofnkostnaðar í skógrækt og að hlutfall þess styrks verði miðað við væntanlegt verðmæti skóga á rót, þ.e. söluverðmæti trjáviðar á rót áður en skógarhögg og flutningar fara fram. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að fyrstu

40 árin verði veitt undanþága frá því að greiða í ríkissjóð 15% söluverðmætis trjáviðar sem fæst við grisjun sem getur verið mjög mismunandi á milli skóga.

Um 7. gr.

Þessi grein kveður á um forgang að vinnu við landshlutaverkefnin. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að skógarbændur eigi alltaf forgang að þeirri vinnu sem í boði er á þeirri jörð er þeir nýta. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að vinna, sem skógarbændur vinna ekki sjálfir, standi fyrst til boða þeim skógarbændum sem gert hafa ræktunarsamninga við verkefnið verði því við komið. Þegar um forgang að vinnu er að ræða er gert ráð fyrir að allir þeir sem hafa sama lögheimili og búsetu og skógarbóndi falli undir forgangsákvæðin, ekki bara skráður skógarbóndi.

Um 8. gr.

Greinin kveður á um að landbúnaðarráðherra skipi hverju verkefni stjórn sem fari með yfirstjórn þess. Samkvæmt ákvæðinu er henni heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra. Einnig er kveðið á um að gerðir skuli samstarfssamningar um aðstoð og faglegar leiðbeiningar við Skógrækt ríkisins um hvert verkefni.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Með þessu ákvæði er landbúnaðarráðherra veitt heimild til þess að fela landshlutaverkefnum umsjón skógræktarverkefna sem Skógrækt ríkisins fer með samkvæmt ákvæðum laga um skógrækt og skógvernd.

Um 11. og 12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem nú þegar hefur verið stofnað til verkefna á Héraði og á Suðurlandi með sérstökum lögum er talið eðlilegt að þessi lög og lögin um Héraðsskóga og Suðurlandsskóga verði endurskoðuð að ákveðnum tíma liðnum. Fimm árum frá gildistöku þessara laga má gera ráð fyrir því að næg reynsla hafi fengist og þá verði það skoðað hvort heppilegt sé að fella lög um Suðurlandsskóga og Héraðsskóga úr gildi og að aðeins verði í gildi ein heildarlög um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Frumvarpið felur í sér heimild til handa landbúnaðarráðherra til að stofna til landshlutaverkefna í skógrækt sem styrkja skógrækt á lögbýlum eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra skipi stjórn fyrir hverja landshlutaáætlun og getur kostnaður við hverja stjórn numið 100–300 þús. kr. á ári. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur eftir því sem fjárhagur verkefnisins leyfir. Áætlað er að laun framkvæmdastjóra í fullu starfi og rekstur skrifstofu kosti 4–5 m.kr. á ári. Í áætlun um Suðurlandsskóga er stjórnunarkostnaður talinn nema um 2% af heildarkostnaði. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að landbúnaðarráðherra sé heimilt að fela stjórnum landshlutaverkefna umsjón skógræktarverkefna sem falla undir Skógrækt ríkisins. Ætla má að heimildin verði nýtt þegar slíkt þykir hagkvæmt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórnir landshlutaverkefna veiti, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, fjárstyrki til skógræktar á sínu svæði og geri samninga um fjárstyrki. Hvert verkefni kostar gerð landshlutaáætlana í skógrækt til 40 ára í senn. Með hliðsjón af reynslu við undirbúning Suðurlandsskóga kostar hver áætlun 3–5 m.kr. og alls gætu þær orðið sex á landinu. Heildarkostnaður við fyrstu áætlanir í öllum landshlutum gæti því numið 18–30 m.kr. Kostnaður við endurskoðun áætlana er talinn óverulegur.

Gert er ráð fyrir að hver landshlutaáætlun sé til 40 ára og stefni að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% láglendis á viðkomandi svæði. Sé unnið að áætlunum í öllum landshlutum er stefnt að ræktun 200.000 hektara skóglendis á landinu öllu eða um 5.000 hektara á ári í 40 ár. Þetta verk er þegar hafið. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir nálægt 154 m.kr. til að auka við skóga í landinu, sbr. töflu 1. Mótframlög bænda, skógræktarfélaga og einstaklinga eru áætluð um 64 m.kr. Samtals er því áætlað að verja um 218 m.kr. til þessara verkefna á árinu 1999 og talið að framlögin nýtist til að stækka skóga um 1.500 hektara á ári. Til að ná markmiði laganna þarf að auka skóga um 3.500 hektara á ári í 40 ár.

Aðstæður til skógræktar eru mismunandi eftir landshlutum og hægt að fara misdýrar leiðir til að rækta 3.500 hektara af nýjum skógi á ári, sbr. töflu 2. Ef aðeins verða ræktaðir timburskógar gæti þurft að auka framlög ríkisins um 500 m.kr. á ári til að ná markmiðinu, en ef eingöngu verður friðað fyrir beit verður kostnaðarauki ríkisins um 44 m.kr. Miðað við óbreytta samsetningu framkvæmda þurfa árleg framlög að hækka um 360 m.kr. Í tengslum við gerð þessarar kostnaðarumsagnar hefur landbúnaðarráðuneytið sett fram dæmi um áætlun sbr. töflu 3 sem gerir ráð fyrir að um þriðjungi verði náð með timburskógrækt en því sem á vantar að mestu með friðun lands, beitarstjórnun og sáningu birkifræs. Kostnaðarauki ríkisins samkvæmt þessari áætlun gæti verið 222 m.kr. á ári. Þar sem landshlutaáætlanir liggja ekki fyrir og gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði kostnaðarþátttöku ríkisins í reglugerð er ekki unnt að áætla kostnað nákvæmar. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að reglur ráðherra um kostnaðarþátttöku og leiðir í skógrækt taki mið af fjárveitingum Alþingis í fjárlögum hverju sinni.

Tafla 1. *Framlög samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1999 og áætluð nýræktun skóga*	*Áætlaður hluti ríkisins, %*	*Fjárlaga-frumvarp, m.kr.*	*Áætlað mótframlag, m.kr.*	*Framlög samtals, m.kr.*	*Áætluð nýrækt skóga, ha*
Héraðsskógar, timburskógrækt	97	57	2	59	408
Suðurlandsskógar, timburskógrækt	97	30	1	31	215
Nytjaskógrækt á bújörðum, timburskógrækt	80	24	6	30	208
Skógrækt ríkisins, skógrækt á eigin löndum	100	13	0	13	135
Landgræðsluskógar á vegum skógræktarfélaga	38	19	30	49	348
Viðbótarskógar á vegum einstaklinga	25	7	21	28	184
Skjólbelti, styrkir veittir af Skógrækt ríkisins	50	4	4	8	8
Samtals		**154**	**64**	**218**	**1.506**

Tafla 2. *Áætlaður kostnaður við skógrækt og hlutdeild ríkisins*	*Kostnaður á hektara, þús. kr.*	*Áætlaður hluti ríkisins, %*	*Framlag á hektara í þús. kr.*
Timburskógrækt	144	97	140
Nytjaskógrækt á bújörðum, timburskógar	144	80	115
Skógrækt ríkisins, skógrækt á eigin löndum	70	100	97
Landgræðsluskógar, plöntur afhentar skógræktarfélögum	140	38	53
Viðbótarskógar, plöntur afhentar einstaklingum	152	25	38
Landbótaskógrækt, birkiskógar	23	97	23
Landbótaskógrækt, sjálfgræðsla lands	13	97	13

Tafla 3. *Tilbúið dæmi um áætlun fyrir tiltekið ár*	*Áætlaður hluti ríkisins, %*	*Framlag ríkisins, m.kr.*	*Hektarar á árinu*
Timburskógrækt	97	168	1.200
Skógrækt ríkisins, skógrækt á eigin löndum	100	10	100
Landgræðsluskógar, plöntur afhentar skógræktarfélögum	38	5	100
Viðbótarskógar, plöntur afhentar einstaklingum	25	4	100
Landbótaskógrækt, birkiskógar	97	23	1.000
Landbótaskógrækt, sjálfgræðsla lands	97	13	1.000
Samtals		**223**	**3.500**

792. Skýrsla [485. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 1998.

1. Inngangur.

Evrópuráðið, elsta evrópska fjölþjóðastofnunin, hefur tekið örum breytingum undanfarin ár. Í pólitísku tómarúmi sem myndaðist eftir lok kalda stríðsins varð Evrópuráðið sú stofnun sem sameinaði Vestur- og Austur-Evrópu, eftir rúmlega hálfrar aldar aðskilnað. Evrópuráðið gegnir nú m.a. því veigamikla hlutverki að styðja lýðræðis- og efnahagsuppbyggingu í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með efnhagsaðstoð, lagaaðstoð, tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört, árið 1989 voru þau 22 en eru nú 40 talsins, auk þess sem fjöldi annarra ríkja hefur sótt um aðild. Pólitískt vægi ráðsins hefur þannig aukist verulega undanfarin ár, en íbúar aðildarríkjanna eru um 750 milljónir. Evrópuráðið fagnar hálfrar afmæli í maí 1999, en í sama mánuði tekur Ísland í fyrsta sinn við formennsku í ráðherranefnd ráðsins.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt fjölþjóðasáttmála sem eru bindandi fyrir þau ríki sem undirrita þá. Ályktanir Evrópuráðsins og þeir bindandi fjölþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar sem Evrópuráðið hefur samþykkt um ýmis svið þjóðlífsins, þar sem hæst ber að sjálfsögðu mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á fót lýðræði og réttarríki í löndum sínum. En mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og -samtök. Sem dæmi um það má nefna að í Amsterdamsáttmála Evrópusambandsins (ESB) er að finna ákvæði þar sem undirritun mannréttindasáttmála Evrópu er gerð að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir inngöngu í sambandið.

2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Árið 1998 var Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins þannig skipuð:

Aðalmenn: Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Sjálfstæðisflokki, Margrét Frímannsdóttir varaformaður, Alþýðubandalagi, og Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki.

Varamenn: Tómas Ingi Olrich, Sjálfstæðisflokki, Ólafur Örn Haraldsson, Framsóknarflokki, og Hjálmar Jónsson, Sjálfstæðisflokki. Ritari Íslandsdeildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari en hann tók við af Auðunni Atlasyni alþjóðaritara um mitt ár 1998. Þá ber að geta þess að fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu var efld á árinu, en Sveinn Björnsson sendiherra veitir starfi hennar forstöðu. Starf fastanefndarinnar er mikill styrkur fyrir Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hvað varðar upplýsingaflæði og ýmiss konar aðstoð.

3. Evrópuráðsþingið.

Evrópuráðsþingið gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi Evrópuráðsins enda hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 527 fulltrúar sem skiptast til helminga í aðal- og varamenn. Öfugt við ráðherranefndina, þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði, fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í málefnanefndum sem eru þrettán talsins. Þá sitja formenn landsdeilda í stjórnarnefnd og í sameiginlegri nefnd með ráðherranefndinni, auk þess sem tuttugu þingmenn sitja í forsætisnefnd þingsins. Loks starfa á þinginu fimm flokka-

hópar, óháð þjóðerni. Þingið fundar fjórum sinnum á ári, í lok janúar, apríl, júní og september. Mikilvægi þingsins felst einkum í því að það:

— á frumkvæði að aðgerðum og gerir beinar tillögur til ráðherranefndarinnar,
— hefur eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýstir á um skjótar aðgerðir,
— er samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna 40 og eflir þannig tengsl þjóðþinga.

Á þingfundum eru skýrslur málefnanefnda ræddar og um þær ályktað. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær og framkvæmir til samræmis við þær ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft mikilvægt frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál, menningarmál og menntamál, og eina alevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Þingfundir þar sem þingmenn starfa saman, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum eru því mikilvægir, ekki síst fyrir hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Reynslan hefur sýnt að þær þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta við að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi — og ekki síður möguleika — Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni.

4. Þingfundir Evrópuráðsþingsins 1998.

a. Fyrsti hluti þings Evrópuráðsins 1998.

Dagana 26.–30. janúar var fyrsti hluti þings Evrópuráðsins á árinu 1998 haldinn í Strassborg í Frakklandi. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu þingið þau Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Margrét Frímannsdóttir varaformaður og Tómas Ingi Olrich, auk Auðuns Atlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Á þinginu voru ræddar skýrslur og ályktað um eftirfarandi mál: stofnun fastanefndar Evrópuráðsþingsins um jafnréttismál, framtíð félagsmálasáttmála Evrópu, skuldbindingar Úkraínu um afnám dauðarefsinga, niðurstöðu leiðtogafundar Evrópuráðsins og framhald þess starfs, stöðu mála í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu og áhrif á ástandið á Balkanskaga, baráttu gegn félagslegri einangrun og fyrir aukinni félagslegri samleitni, hættuna af skipulagðri glæpastarfsemi, störf flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, stöðu flóttamanna frá Bosníu og Hersegóvínu, ástandið í Alsír; þróun ferðamannaiðnaðar í Mið- og Austur-Evrópu og sjálfbæra þróun við Miðjarðar- og Svartahaf. Auk þess fór fram á þinginu kosning í sameinaðan Mannréttindadómstól Evrópu.

Eftirtaldir stjórnmála- og embættismenn ávörpuðu þingið og svöruðu spurningum: Werner Hoyer, ráðuneytisstjóri í þýska utanríkisráðuneytinu, en Þjóðverjar fóru þá með formennsku í ráðherranefnd Evrópuráðsins (Hoyer hljóp í skarð Klaus Kinkels utanríkisráðherra sem forfallaðist); Sadako Ogata, flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, og Hans van den Broek, framkvæmdastjóri utanríkismála í ESB.

Í upphafi þingfundar var Leni Fischer, þingmaður Kristilegra demókrata í Þýskalandi, endurkjörin forseti Evrópuráðsþingsins, án mótatkvæða. Þá voru varaforsetar Evrópuráðsþingsins útnefndir af þinginu. Þeirra á meðal var Lára Margrét Ragnarsdóttir. Sem varaforseti stýrir hún þingfundum með reglulegu millibili og situr í forsætisnefnd þingsins sem tekur ákvarðanir um stjórn þingsins, hvaða mál eru tekin á dagskrá o.s.frv.

Því næst voru erindisbréf sendinefnda á Evrópuráðsþinginu borin upp til atkvæða, eins og venja er í upphafi nýs árs. Að þessu sinni bar svo við að erindisbréfum úkraínsku sendi-

nefndarinnar var mótmælt af fulltrúum laganefndar þingsins. Mótmælin höfðu legið í loftinu fyrir þingið. Ástæða mótmælanna var sú að stjórnvöld í Úkraínu hafa ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Evrópuráðinu um afnám dauðarefsingar. Í ofanálag hafa úkraínsk stjórnvöld nánast hundsað ályktun Evrópuráðsþingsins (ályktun 1112 frá 1997) þar sem þau er vöruð við refsiaðgerðum af hálfu Evrópuráðsins standi þau ekki við skuldbindingar sínar. Þá var greint frá því að illa hefði gengið að fá skýr svör og upplýsingar um fjölda dauðarefsinga í landinu þar sem stjórnvöld hefðu lagt stein í götu fulltrúa Evrópuráðsins sem sinnti málinu. Að lokum lýsti fulltrúi laganefndar áhyggjum sínum yfir ummælum ríkissaksóknara Úkraínu sem hefur lýst því yfir að grípi Evrópuráðið til refsiaðgerða gagnvart Úkraínu verði 200 fangar sem bíða dauðarefsingar umsvifalaust teknir af lífi. Hvatti þingmaðurinn þingheim til þess að hvika hvergi gagnvart slíkum hótunum, enda stæði og félli starfsemi Evrópuráðsins með því að aðildarríki héldu skuldbindingar sínar. Í bréfi sem úkraínska sendinefndin dreifði á þinginu var hins vegar fullyrt að dauðarefsingum hefði fækkað verulega, auk þess sem fullyrt var að almenningur í landinu væri einkar hlynntur dauðarefsingu. Mótmælum laganefndar var vísað til þingskapanefndar sem tók þau fyrir að kvöldi sama dags. Þingskapanefndin vísaði hins vegar mótmælunum frá með þeim rökum að Úkraína hefði þrátt fyrir allt sýnt viðleitni í þá átt að draga úr dauðarefsingum, einkum eftir mótmæli og ályktanir Evrópuráðsþingsins. Þá var trúnaðarbréfum sendinefndar Tyrklands mótmælt með þeim rökum að enginn fulltrúi Kúrda sæti í nefndinni. Þeim mótmælum var einnig vísað til þingskapanefndar sem vísaði þeim frá.

Að lokinni umræðu um erindisbréf þingmanna var tekin á dagskrá tillagan um stofnun fastanefndar Evrópuráðsþingsins um jafnréttismál. Afgreiðslu þess máls hafði verið frestað á næsta þingfundi á undan, þar eð ekki reyndist nægjanlegur fjöldi þingmanna viðstaddur (tveir þriðju hlutar) til að kosning væri marktæk. Umræðum um málið hafði þó verið lokið og því einungis kosið um tillöguna á fundi þingsins í janúar. Hún var samþykkt með miklum meiri hluta atkvæða, sem og skipun um að samþykktin yrði samstundis virk.

Því næst kynnti þýski þingmaðurinn Karl Hermann Haack skýrslu sína um framtíð félagsmálasáttmála Evrópu. Í ályktun byggðri á skýrslunni leggur Haack m.a. til að eftirlit með skuldbindingum verði hert, fjölgað verði í sérfræðinganefndinni sem vaktar sáttmálann og komið verði á fót sérstökum félagsmáladómstól, að fyrirmynd Mannréttindadómstóls Evrópu. Í ályktuninni er einnig sett fram sú hugmynd að einstaklingar geti komið á framfæri kærumálum á hendur stjórnvöldum vegna brota á félagsmálasáttmálanum. Lára Margrét Ragnarsdóttir var talsmaður flokkahóps hægri manna í þessu máli og tók til máls á eftir Haack. Í ræðu sinni fagnaði Lára Margrét umræðu um framtíð félagsmálasáttmálans, enda mikilvægt að hann endurspegli breyttar aðstæður í félagsmálum. Lára Margrét benti á að aðeins minni hluti aðildarríkja Evrópuráðsins hefði samþykkt nýjustu útgáfu sáttmálans, sem væri áhyggjuefni. Þess vegna yrði að tryggja nokkurn sveigjanleika varðandi samþykkt sáttmálans þannig að sem flest ríki gætu undirritað hann og staðið við skuldbindingar sínar. Þá fagnaði hún hugmyndinni um stækkun sérfræðinganefndarinnar en tók fram að hugmyndir um aukið eftirlit mættu ekki leiða til aukins skrifræðis. Hún sagði hugmyndina um félagsmáladómstól Evrópu góðra gjalda verða, en kanna yrði hvort ekki væri hægt að byggja hann upp sem einingu innan Mannréttindadómstólsins.

Í lok fyrsta dags þingfundar funduðu málefnanefndir þingsins og kusu formenn nefnda. Þær breytingar urðu á formennsku nefnda að Tom Cox var kjörinn formaður heilbrigðis- og félagsmálanefndar í stað austurríska þingmannsins Alfreds Gusenbauer. Lára Margrét Ragnarsdóttir var endurkjörin fyrsti varaformaður nefndarinnar.

Annar dagur þingfundar hófst með kosningu dómara í sameinaðan Mannréttindadómstól Evrópu (áður skiptist dómstóllinn í mannréttindanefnd og Mannréttindadómstól, en þessar tvær stofnanir hafa nú verið sameinaðar samkvæmt viðauka 11 við mannréttindasáttmálann). Evrópuráðsþingið kýs dómara í réttinn og velur einn fulltrúa af þremur tilnefndum frá hverju aðildarríki sem undirritað hefur mannréttindasáttmálann. Alls 31 af 39 aðildarríkjum að mannréttindasáttmálanum höfðu útnefnt frambjóðendur og stóð valið á milli þeirra. Kosning stóð yfir allan daginn. Af Íslands hálfu voru tilnefndir til setu í Mannréttindadómstólnum þeir Gaukur Jörundsson, umboðsmaður Alþingis og dómari í mannréttindanefnd Evrópu, og Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómarar.

Að loknum umræðum um niðurstöður leiðtogafundar Evrópuráðsins í október 1997 flutti Werner Hoyer, ráðuneytisstjóri í þýska utanríkisráðuneytinu, skýrslu ráðherranefndar Evrópuráðsins. Þýskaland gegndi um þær mundir formennsku í ráðherranefndinni. Lára Margrét Ragnarsdóttir beindi þeirri spurningu til Hoyers í fyrirspurnartíma hvað ráðherranefndin hefði gert til að framfylgja tilmælum þingsins um auknar aðgerðir til aðstoðar fórnarlömbum Tsjernóbyl-slyssins, en ályktun þar að lútandi var samþykkt á fundi þingsins í júní 1997. Lára Margrét spurði einnig hvað ráðherranefndin hyggðist gera í þessu sambandi í framtíðinni. Werner Hoyer svaraði því til að í undirbúningi væri alþjóðasamþykkt um aðstoð við fórnarlömb náttúruhamfara og mundu slys af þessu tagi falla þar undir.

Þá má geta þess að forsætisnefnd Norðurlandaráðs fundaði þennan þingdag með formönnum flokkahópa Evrópuráðsþingsins og með Leni Fischer forseta þingsins um samvinnu stofnananna tveggja. Þann fund sátu einnig formenn sendinefnda Norðurlandanna á Evrópuráðsþinginu. Þá fundaði forsætisnefndin með Svíanum Daniel Tarschys, framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, daginn eftir. Fyrir hönd forsætisnefndar Norðurlandaráðs sóttu fundina m.a. alþingismennirnir Valgerður Sverrisdóttir, Geir H. Haarde og Rannveig Guðmundsdóttir, og með þeim í för var Elín Flygenring, forstöðumaður alþjóðasviðs Alþingis.

Í upphafi þingfundar á miðvikudeginum var niðurstaða í kosningum dómara í sameinaðan Mannréttindadómstól tilkynnt. Það kom í hlut Láru Margrétar Ragnarsdóttur að tilkynna úrslitin, þar eð hún stýrði fundi þennan morgun, sem einn af varaforsetum þingsins. Gaukur Jörundsson var kosinn til að sitja í Mannréttindadómstól Evrópu fyrir Íslands hönd til sex ára. Hann hlaut örugga kosningu, eða 198 atkvæði af 212, en 33 þingmenn skiluðu auðu. Arnljótur Björnsson hlaut tíu atkvæði og Markús Sigurbjörnsson fjögur.

Tómas Ingi Olrich var talsmaður flokkahóps hægri manna í umræðum um þá ógn sem Evrópu stafar af auðgunarbrotum og skipulagðri glæpastarfsemi. Hann fagnaði skýrslu danska þingmannsins Helle Degn, og sagði löngu tímabært að ræða aðgerðir til að stemma stigu við glæpum í ríkjum Evrópuráðsins. Tómas Ingi lagði áherslu á að beint orsakasamhengi væri á milli bágs efnahagsástands og mikillar glæpatíðni. Þannig ríkti vargöld í mörgum fátækustu löndum Evrópuráðsins sem hefðu ekki fjárhagslegt bolmagn til að berjast gegn glæpum þar eð skatttekjur þessara ríkja stæðu ekki undir slíku. Þannig gætu glæpir grafið undan lýðræðislegum stöðuleika og grundvallarreglum réttarríkisins. Í því samhengi bar hann fram þá tillögu að stjórnmála-, laga- og mannréttindanefnd héldu áfram að fjalla sameiginlega um þetta vandamál. Í lokaorðum sínum tók skýrsluhöfundur undir þessa tillögu Tómasar Inga.

Auk þátttöku í þingfundum sótti Íslandsdeildin fundi í nefndum þingsins. Á fundi heilbrigðis- og félagsmálanefndar var Lára Margrét Ragnarsdóttir útnefnd til að ljúka við skýrslu nefndarinnar um óhefðbundnar lækningar. Auk þess var Lára Margrét útnefnd til að sinna kosningaeftirliti fyrir hönd stjórnmálanefndar Evrópuráðsins í Úkraínu 29. mars.

b. Annar hluti þings Evrópuráðsins 1998.

Dagana 20.–24. apríl var annar hluti Evrópuráðsþingsins árið 1998 haldinn í Strassborg. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildar þau Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, Margrét Frímannsdóttir, varaformaður, Hjálmar Árnason, Hjálmar Jónsson og Tómas Ingi Olrich, auk Auðuns Atlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Á þinginu voru ræddar skýrslur og ályktað um eftirtalin mál: stöðu þjóðþinga í aðildarríkjum Evrópuráðsins; samband Evrópuráðsins og Evrópusambandsins eftir leiðtogafund ESB í Amsterdam; árangur af eftirlitsstarfi Evrópuráðsþingsins; umbætur hjá Sameinuðu þjóðunum; þróun mála í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu og stöðuna í Kosovo-héraði; misnotkun á börnum og vanrækslu þeirra; heilsufarslegar hættur asbests og umhverfismengunar; störf Alþjóðaflóttamannastofnunarinnar; stöðu palestínskra flóttamanna og friðarferlið í Mið-Austurlöndum; uppkast að sáttmála um notkun refsiréttar við umhverfisvernd; og meðferð kjarnorkuúrgangs.

Eftirtaldir stjórnmála- og embættismenn ávörpuðu þingið og svöruðu spurningum: Radu Vasile, forsætisráðherra Rúmeníu, Ivan Kostov, forsætisráðherra Búlgaríu, og Helmut Schäfer, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneyti Þýskalands, en Þjóðverjar fóru um þessar mundir með formennsku í ráðherranefnd Evrópuráðsins.

Hjálmar Jónsson tók til máls í umræðunum um fyrsta þingmálið, stöðu þjóðþinga í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Hann fagnaði skýrslu austurríska þingmannsins Mosers, sem hann sagði löngu tímabæra. Hjálmar sagði lýðræðisþróun vera áhyggjuefni víða, ekki síst í þeim löndum sem hefðu ríka lýðræðishefð og að spádómar um „endalok sögunnar" hefðu ekki verið á rökum reistir. Hjálmar gerði samvinnu á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að umtalsefni og sagði æskilegt jafnvægi á milli þessara tveggja stoða ekki alltaf vera nægjanlegt. Hann sagði frumvörp framkvæmdarvaldsins oftar en ekki eiga greiðari leið í gegnum þjóðþing en þingmannafrumvörp og varaði við þeirri hættu að þjóðkjörnir þingmenn yrðu nánast að áhorfendum í löggjafarstarfi sem stjórnað væri af framkvæmdarvaldinu. Þá minntist Hjálmar á minnkandi áhrif þjóðþinga sakir alþjóðlegs samstarfs og nefndi Evrópusamvinnuna til sögunnar. Hann sagði ríki utan ESB hafa þverrandi áhrif á lagasetningu sem snerti þau beinlínis (t.d. varðandi rammalöggjöf um innri markað ESB) og sagðist sakna umræðu um þetta vandamál í skýrslu Mosers. „Evrópuráðsþingið á einmitt að taka á þessu vandamáli því að þar koma saman ríki innan og utan ESB," sagði Hjálmar. Í lok ræðu sinnar ræddi Hjálmar neikvæða ímynd sem stjórnmál og stjórnmálamenn þurfa einatt að berjast við. Hann sagði að vissulega væri samantekt pólitískra spillingarmála löng og erfið lesning, en á hinn bóginn væru þau mál margfalt fleiri þar sem stjórnmálamenn hefðu af heilindum unnið að hagsmunum umbjóðenda sinna. Sú staðreynd ætti að hvetja stjórnmálamenn til að vinna enn frekar að siðvæðingu stjórnmála og bæta þannig ímynd sína meðal almennings og örva hann til þátttöku. Ályktun byggð á skýrslu Mosers var samþykkt einróma að loknum umræðum. Í henni skorar Evrópuráðsþingið m.a. á þjóðþingin að grípa til aðgerða til að auka þátttöku almennings í stjórnmálum (m.a. með þjóðaratkvæðagreiðslum), að tryggja sjálfstæði þinga gagnvart framkvæmdarvaldinu og tryggja aðgang þjóðþinga að upplýsingum.

Á öðrum degi þingsins var kosningu dómara í sameinaðan Mannréttindadómstól Evrópu framhaldið, en þorri dómara var kosinn á þinginu í janúar. Fyrsta mál á dagskrá var hins vegar samskipti Evrópuráðsins og Evrópusambandsins að afloknum leiðtogafundi ESB í Amsterdam. Lára Margrét Ragnarsdóttir tók þátt í umræðunum og fagnaði þeirri ákvörðun ESB að fella mannréttindasáttmála Evrópu undir lagabálk sambandsins. Hún varaði hins vegar eindregið við því að Evrópudómstóllinn, sem er ein af stofnunum Evrópusambandsins, fengi lögsögu yfir mannréttindasáttmálanum, eins og útlit er fyrir. Þannig geta borgarar í ESB-

ríkjum skotið málum sínum bæði til Evrópudómstólsins og Mannréttindadómstólsins. Á þann hátt væri stuðlað að tvíverknaði og hætta á misræmi dóma ykist. Lára Margrét sagði Mannréttindadómstól Evrópu hafa í áranna rás byggt upp trúverðugleika og traust meðal borgara í álfunni, sem ekki mætti stefna í voða. Þá gerði hún sterka stöðu Evrópusambandsins að umtalsefni. Hún sagði eina af niðurstöðum Amsterdamfundarins þá að sambandið væri að víkka út starfsemi sína og teygja sig yfir á hefðbundið starfsvið Evrópuráðsins. Hún varaði við þeirri þróun sakir þess að hin 15 aðildarríki ESB gætu þannig farið að ráða lögum og lofum í stjórnmálalífi í álfunni. Um leið væru a.m.k. 25 aðildarríki Evrópuráðsins, sem ekki eru í ESB, nánast dæmd til áhrifaleysis. Sú þróun getur trauðla talist happadrjúg, sagði Lára Margrét. Hún hvatti ESB-ríkin til að vera áfram virk í alþjóðasamstarfi og í starfi að hagsmunum álfunnar, en sagði að þau skyldu vera virk innan Evrópuráðsins þar sem nær öll ríki álfunnar ættu atkvæði og rödd. Aðeins með virku samstarfi ESB-ríkja við ríki eins og Rússland, Úkraínu og Tyrkland er hægt að að skapa stöðugleika, frið og hagsæld í Evrópu, sagði Lára Margrét, og bætti við að einleikur ESB mundi einungis draga upp á nýjan leik hefðbundnar átakalínur á milli austurs og vesturs. Lára Margrét sagði að lokum spurninguna um samband Evrópuráðsins og Evrópusambandsins snúast um verkaskiptingu í alþjóðakerfinu þar sem mestu skipti að ná raunverulegum árangri á skilvirkan hátt og forðast samkeppni og tvíverknað. Að loknum umræðum samþykkti þingið ályktun þar sem m.a. er hvatt til aukinnar samvinnu Evrópuráðsins og Evrópuráðsþingsins, skorað á ESB að gerast aðili að sáttmálum Evrópuráðsins og lagt til að Evrópuráðið fái aðild að Evrópuráðstefnunni um stækkun ESB.

Skýrsla slóvenska þingmannsins Josefs Prokes um meðferð kjarnorkuúrgangs kom til umræðu á lokadegi þingsins, föstudaginn 24. apríl. Tómas Ingi Olrich var talsmaður flokkahóps hægri manna í Evrópuráðsþinginu í umræðum um málið. Í máli sínu benti Tómas Ingi á að mengun af völdum geislunar væri alþjóðlegt vandamál, þar eð hún virti engin landamæri og flyttist með vindi og vötnum á milli landa. Á sama tíma væri kjarnorkuúrgangur fylgifiskur þessarar tegundar orkuframleiðslu, sem skipti fjölmörg ríki miklu máli efnahagslega. Því skipti miklu, við umræður um meðferð kjarnorkuúrgangs, að sætta hagsmuni þeirra sem háðir væru framleiðslu kjarnorku og þeirra sem liðu fyrir mengun af hennar völdum. Tómas Ingi hvatti til aukinna rannsókna á sviði meðferðar kjarnorkuúrgangs og kjarnorkuframleiðslu og sagði þá leið mun happadrýgri en uppsetningu alþjóðlegra geymslustöðva fyrir kjarnorkuúrgang. Slíkar stöðvar væru einungis tímabundnar lausnir. Hann gerði ár hafsins að umtalsefni og benti á að miklu magni geislavirkra efna væri enn sleppt í hafið. Því til stuðnings minntist Tómas Ingi á efnið *tecnetium 99*, sem er tilbúið efni og hefur helmingunartímann 213 þúsund ár. Tómas Ingi sagði vísindaheiminn nær enga vitneskju hafa um umhverfisáhrif þessa efnis og m.a. þess vegna ætti að grípa til allra mögulegra ráðstafana til að stemma stigu við útbreiðslu þess samkvæmt varúðarreglunni í umhverfisvernd.

Lára Margrét Ragnarsdóttir tók einnig þátt í umræðunum um meðferð kjarnorkuúrgangs. Í máli sínu mótmælti hún þeirri hugmynd að koma á fót alþjóðlegum geymslustöðvum fyrir kjarnorkuúrgang, en í ályktun skýrslunnar var lagt til að sá möguleiki yrði skoðaður. Hún sagði það aðeins skammtímalausn sem aldrei mætti koma í stað raunverulegrar lausnar vandans við meðferð kjarnorkuúrgangs. Lára Margrét benti á að áhyggjur almennings af meðferð kjarnorkuúrgangs væru réttmætar og að þær yrði að taka alvarlega. Hún sagði mikið í húfi fyrir þjóðir sem byggðu afkomu sína á sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem hreinleiki afurða skipti lykilmáli.

Að loknum umræðum voru teknar fyrir sex breytingartillögur við ályktun skýrslunnar, sem Tómas Ingi lagði fram í félagi við franska þingmanninn Claude Birraux. Fyrstu tvær tillögurnar lutu að því að ályktun Evrópuráðsþingsins yrði í samræmi við ályktanir Sameinuðu

þjóðanna, á þá leið að sá sem framleiðir kjarnorkuúrgang bæri ábyrgð á meðferð hans og gerði það á eigin landi, að svo miklu leyti sem það samræmdist kröfum um örugga úrvinnslu. Þriðja breytingartillagan kvað á um að meðferð og geymsla kjarnorkuúrgangs yrði ekki leyfð í grennd sjávar, nema vísindalega væri sannað að slíkt skapaði enga mengunarhættu fyrir hafið. Fjórða breytingartillagan hvatti til þess að til allra mögulegra ráðstafana yrði gripið til að minnka losun geislavirkra efna í hafið, með það að markmiði að lágmarka eða koma alveg í veg fyrir mengun af þeirra völdun. Fimmta breytingartillagan kvað á um að flutningar kjarnorkuúrgangs á hafsvæðum yrðu í lágmarki og að fylgja bæri alþjóðlegum öryggisstöðlum þar að lútandi. Allar breytingartillögurnar voru samþykktar samhljóða og ályktun skýrslunnar að því loknu.

Auk þátttöku í þingfundum sótti Íslandsdeildin fundi í nefndum þingsins. Lára Margrét Ragnarsdóttir fundaði auk þess með Daniel Tarschys, framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, fjölmörgum þingmönnum, fulltrúum Pompidou-hópsins og fyrrverandi framkvæmdastjóra verkefnisins All different — All equal. Á þessum fundum kynnti hún verkefni Hins hússins, sem ber nafnið *Pallas — Aþena — Þór* og felst í því að skipuleggja lestarferð ungmenna um alla Evrópu sem lið í baráttu gegn fíkniefnanotkun. Hugmyndin fékk góðar undirtektir. Þá hélt Íslandsdeildin samráðsfund með Sveini Björnssyni sendiherra. Á fundinum gerði Sveinn grein fyrir helstu áherslum í starfi utanríkisráðuneytisins í Evrópuráðinu og Íslandsdeildin greindi frá störfum sínum og því sem fram undan væri á árinu.

c. Þriðji hluti þings Evrópuráðsins 1998.

Dagana 22.–26. júní fór fram þriðji hluti þings Evrópuráðsins í Strassborg. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildar þau Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Hjálmar Árnason, Ólafur Örn Haraldsson og Tómas Ingi Olrich, auk Auðuns Atlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Á þinginu voru ræddar skýrslur og ályktað um eftirtalin mál: skuldbindingar Rússlands gagnvart Evrópuráðinu; efnahagslíf í Japan í sambandi við þróun mála í Suðaustur-Asíu og á heimsvísu; starfsemi Þróunarbanka Evrópu; uppkast að Evrópusáttmála gegn spillingu; friðarsamkomulagið á Norður-Írlandi; stöðu mála í Kosovo-héraði; aðstæður kúrdískra flóttamanna í Suður-Tyrklandi og Norður-Írak; þróunarsjóð Evrópu — athafnir og framtíðarhorfur; grunnmenntun í vísindum og tækni; mannréttindi þeirra sem neita að gegna herþjónustu; og verndun einkalífs.

Eftirtaldir stjórnmála- og embættismenn ávörpuðu þingið og svöruðu spurningum: Albert II, konungur Belgíu, Michael Camdessus, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Charles Frank, framkvæmdastjóri Þróunarbanka Evrópu, Giorgios Papandreou, Evrópumálaráðherra Grikklands og fulltrúi ráðherranefndar Evrópuráðsins, Bronislaw Geremek, utanríkisráðherra Póllands og formaður ráðherráðs Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, Paul Murphy, aðstoðarráðherra málefna Norður-Írlands í bresku ríkisstjórninni, Liz O'Donnel aðstoðarutanríkisráðherra Írlands og Giorgio Ratti, formaður stjórnar félagsmálasjóðs Evrópu.

Í upphafi þingfundar var óskað eftir sérstakri umræðu um stöðu mála í Kosovo-héraði og var fallist á þá beiðni. Þá spunnust umræður um skýrslu um aðstæður kúrdískra flóttamanna í Suður-Tyrklandi og Norður-Írak. Layla Aytaman kvaddi sér hljóðs fyrir hönd tyrknesku sendinefndarinnar og sagði þessa skýrslu lengi hafa verið afar umdeilda, en tyrkneski fulltrúinn í flóttamannanefnd þingsins skilaði séráliti við skýrsluna. Hún kvartaði undan því að skýrsluhöfundur hafi farið langt út fyrir umboð sitt og fjallað um pólitíska stöðu mála í stað þess að fjalla um aðstæður flóttafólks. Þá gagnrýndi hún að tímamörk við samningu og umfjöllun skýrslunnar hafi ekki verið virt og lagði til að skýrslunni yrði vísað frá. Fulltrúi

mannréttindanefndar mótmælti þessu og var frávísunartillögunni vísað frá. Í umræðum um skýrsluna í þingvikunni lögðu tyrkneskir þingmenn fram á fimmta tug breytingartillagna og drógu afgreiðslu ályktunar sem byggðist á skýrslunni þannig á langinn. Skýrslan og ályktunin voru hins vegar samþykktar með minni háttar breytingum. Þessi aðferð — að leggja fram mikinn fjölda breytingartillagna — (sem rússneskir þingmenn beittu einnig á aprílþinginu í umfjöllun um annað mál) var hins vegar harðlega gagnrýnd í umræðum um þingsköp.

Þriðja þingdaginn, miðvikudaginn 24. júní, tók Lára Margrét Ragnarsdóttir þátt í umræðum um friðarsamkomulagið sem gert var á Norður-Írlandi fyrr á árinu. Lára Margrét fagnaði samkomulaginu, sem hún sagði vera stórt skref í átt til friðar á þessu stríðshrjáða svæði. Hún gerði góða útkomu í þjóðaratkvæðagreiðslu um friðarsamkomulagið að umtalsefni, en 71% íbúa Norður-Írlands greiddu atkvæði með samkomulaginu. Hún lagði áherslu á að samkomulagið væri málamiðlun þar sem tekið hefði verið tillit til andstæðra sjónarmiða. Þá fagnaði hún því að samkomulagið fæli í sér nýjar stofnanir, sem hún sagði auka líkur á því að samkomulagið mundi halda. Að lokum sagði hún að samkomulagið markaði tímamót og gæti verið fyrirmynd fyrir lausn mála á öðrum átakasvæðum í álfunni. Í umræðum um friðarsamkomulagið gerðu aðstoðarráðherra málefna Norður-Írlands í bresku ríkisstjórninni og aðstoðarutanríkisráðherra Írlands grein fyrir samningaferlinu sem leiddi til friðarsamkomulagsins. Þau lögðu bæði áherslu á mikilvægi þess að deiluaðilar í samningum sem þessum settu sér skýr tímamörk og nauðsyn þess að byggja kerfisbundið upp traust á milli deiluaðila.

Lára Margrét Ragnarsdóttir tók einnig þátt í umræðum um skýrslu um framtíð Þróunarsjóðs Evrópu og var talsmaður heilbrigðis- og félagsmálanefndar þingsins, í forföllum maltneska þingmannsins Sceberras Trigona. Hlutverk sjóðsins er að fjármagna verkefni af félagslegum toga, svo sem að veita lán til mannúðaraðstoðar (t.d. móttöku flóttamanna) og vegna náttúruhamfara. Lára Margrét óskaði skýrsluhöfundi, austurríska þingmanninum Michael Gross, til hamingju með skýrsluna og lýsti í nafni nefndarinnar yfir stuðningi við innihald hennar. Hún fagnaði þeirri þróun að sífellt fleiri ríki hafa gerst aðilar að Þróunarsjóðnum, sem hún sagði styrkja hann og ýta undir aðild enn fleiri ríkja. Sjóðinn sagði hún einkum mikilvægan ríkjum þar sem róttækar þjóðfélagsumbætur eru gerðar til þess að bæta efnahagslega og félagslega stöðu þeirra. Í öðru lagi lagði Lára Margrét áherslu á að auka bæri samvinnu stofnana Evrópuráðsins — ráðherranefndarinnar, Evrópuráðsþingsins og Þróunarsjóðsins — við að vinna að og ná þeim markmiðum að bæta efnahagslega og félagslega stöðu og styrkja lýðræði í þeim aðildarríkjum sem eru skemmst á veg komin. Í því samhengi greindi hún frá því að undirnefnd heilbrigðis- og félagsmálanefndar um málefni barna hefði í upphafi árs haldið fund með aðstoðarframkvæmdastjóra Þróunarsjóðsins og fleiri starfsmönnum um bága stöðu barna í Rúmeníu. Í þriðja lagi benti Lára Margrét á að skerpa bæri markmið sjóðsins, í samræmi við yfirlýsingar í lokasamþykkt leiðtogafundar Evrópuráðsins í október 1997. Þar segir m.a. að örva eigi athafnir Þróunarsjóðsins og auka þátttöku hans í aðgerðum Evrópuráðsins við að stuðla að aukinni félagslegri samleitni meðal aðildarríkja. Lára Margrét lýsti fullum stuðningi við þessar fyrirætlanir, enda væru þær samhljóða ályktun Evrópuráðsþingsins númer 1355, um baráttu gegn félagslegri útilokun og eflingu félagslegrar samleitni, sem samþykkt var í janúar 1998. Loks lagði Lára Margrét fyrir hönd heilbrigðis- og félagsmálanefndar fram tvær breytingartillögur við ályktun skýrslunnar. Önnur tillagan miðaði að því að fylgst yrði betur með þeim verkefnum sem lánað er til og hin að því að nefndir Evrópuráðsþingsins gætu átt nokkurt frumkvæði að stýringu lána. Báðar tillögurnar voru samþykktar einróma.

Auk þátttöku í þingfundum sótti Íslandsdeildin að venju fundi í nefndum þingsins. Þá hélt deildin samráðsfund með Sveini Björnssyni, sendiherra Íslands við Evrópuráðið. Á fundinum

gerði Sveinn grein fyrir helstu áherslum í starfi utanríkisráðuneytisins í Evrópuráðinu og undirbúningi fyrir væntanlegri formennsku í ráðherraráðinu. Íslandsdeildin greindi frá sínum störfum í nefndum þingsins og því sem fram undan væri á árinu.

d. Fjórði hluti þings Evrópuráðsins 1998.

Dagana 21.–25. september fór fram fjórði hluti þings Evrópuráðsins í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu þingið þau Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Margrét Frímannsdóttir varaformaður, Tómas Ingi Olrich og Hjálmar Jónsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Á þinginu voru ræddar skýrslur og ályktað um eftirfarandi mál: skuldbindingar Búlgaríu gagnvart Evrópuráðinu; mannréttindi þeirra sem neita að gegna herþjónustu; samstarf Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE); siðferði í vopnaviðskiptum; Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunina (OECD) og alþjóðahagkerfið; tungumálakennslu í aðildarríkjum Evrópuráðsins; ástandið í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu og í Kosovo-héraði; stöðu flóttamanna í og frá Kosovo; þróun mála í Albaníu; framtíðarverkefni í vísindum og tækni tengdum verndun og nýtingu sjávar; ástand hafanna, stöðu umhverfisins og þróun hafréttar; sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda; stöðu minnihlutahópa í Úralfjöllum; og stöðu frönskumælandi minni hlutans í nágrannabyggðum Brussel.

Eftirtaldir stjórnmála- og embættismenn ávörpuðu þingið og svöruðu spurningum þingmanna: Giorgos Papandreou, aðstoðarutanríkisráðherra Grikklands, fyrir hönd þáverandi formanns ráðherranefndar Evrópuráðsins José Maria Gil-Robles, forseti Evrópuþingsins, Donald Johnston, framkvæmdastjóri Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD), og Ugo Mifsud Bonnici, forseti Möltu.

Giorgos Papandreou, aðstoðarutanríkisráðherra Grikklands, ávarpaði þingið sem fyrr segir fyrir hönd formanns ráðherranefndar Evrópuráðsins. Lára Margrét Ragnarsdóttir lagði ásamt þremur öðrum þingmönnum fram skriflega spurningu til ráðherrans um stöðu nokkurra mannréttindamála sem verið höfðu á borði nefndarinnar allt frá árinu 1989, en ráðherranefndin hefur yfirumsjón með eftirliti með að aðilar að mannréttindasáttmálanum standi við skuldbindingar sínar samkvæmt honum. Papandreou sagði framkvæmd slíkra mála og eftirlit með þeim vera hornsteininn í starfi Evrópuráðsins og sagði málið verða tekið fyrir á næsta fundi ráðherraráðsins. Lára Margrét tók undir þau orð Papandreou og hvatti hann til að beita sér fyrir því að afgreiðslu málanna yrði hraðað.

Fimmtudaginn 24. september ályktaði þingið um ástand mála í Kosovo. Í ályktun þingsins eru harðnandi átök í Kosovo m.a. fordæmd og hvatt til að Kosovo fái sem mesta sjálfstjórn með áherslu á mannréttindi serbneska minni hlutans. Lára Margrét Ragnarsdóttir tók þátt í umræðunni. Hún sagði sárt að þurfa enn einu sinni að horfa upp á slíkar hörmungar á Balkanskaga og lýsti áhyggjum sínum af stöðu þeirra hundruða þúsunda sem flúið hefðu heimili sín í Kosovo, ekki síst 50.000 flóttamanna sem hefðust við undir berum himni í fjöllum héraðsins þar sem snjór væri þegar tekinn að falla. Lára Margrét fagnaði ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá deginum áður og lýsti þeirri von sinni að samfélag þjóðanna tæki loks í taumana í Kosovo. Þá sagði hún óviðunandi hvernig Milosevic, forseti Sambandsríkisins Júgóslavíu, kæmist ítrekað upp með að virða að vettugi yfirlýstan vilja samfélags þjóðanna. Margoft hefði sannast að beiting hervalds eða trúverðug hótun um beitingu hervalds væri það eina sem Milosevic tæki mark á og sagðist Lára Margrét fylgjandi því að Atlantshafsbandalagið yrði beðið um að tryggja stöðugleika á svæðinu og að það fengi umboð til að beita til þess þeim aðferðum sem til þyrfti. Loks sagði Lára Margrét að fróðlegt

yrði að fylgjast með hvort Jevgení Prímakov, þá nýskipaður forsætisráðherra Rússlands, mundi styðja slíkar aðgerðir.

Fimmtudaginn 24. september ályktaði þingið jafnframt um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, á grundvelli skýrslu sem portúgalski þingmaðurinn Lino Carvalho skrifaði og kynnti fyrir hönd landbúnaðarnefndar þingsins. Tómas Ingi Olrich skrifaði og kynnti álit á skýrslunni og ályktunardrögunum fyrir hönd vísinda- og tækninefndar þingsins og lagði enn fremur fram níu breytingartillögur við skýrslu Carvalhos. Áður hafði Carvalho raunar fallist á sjö breytingartillögur Tómasar Inga á sameiginlegum fundi nefndanna. Í atkvæðagreiðslunni hlutu sex breytingartillagnanna samþykki þingsins. Þá dró Tómas Ingi tvær breytingartillögur til baka eftir að Carvalho hafði lagt fram málamiðlunartillögu. Einni breytingartillögu Tómasar Inga var hafnað.

Með breytingartillögum sínum fékk Tómas Ingi m.a. fellda inn í ályktunina áherslu á að meginmarkmið fiskveiðistjórnunar skuli ávallt vera sjálfbær nýting fiskstofna sem sé efnahagslega hagkvæm. Þá fékk hann einnig bætt við áskorunum til þeirra sem koma að fiskveiðistjórnun að þróa veiðireglur og til aðildarríkja Evrópuráðsins þess efnis að þau stuðluðu að eflingu háskólamenntunar í sjávarútvegsfræðum. Fyrsta breytingartillaga Tómasar Inga var hins vegar naumlega felld, en þar fór hann fram á að felld yrði brott áhersla ályktunardraganna á að niðurskurði fiskveiðiheimilda skyldu ávallt fylgja félagslegir styrkir til viðkomandi samfélaga og jafnvel til viðkomandi útgerðarmanna. Fyrir vikið greiddi Tómas Ingi atkvæði gegn ályktuninni í heild sinni, en þau Lára Margrét Ragnarsdóttir og Hjálmar Jónsson sátu hjá.

Í máli sínu gagnrýndi Tómas Ingi meðal annars neikvæða umfjöllun skýrslu Carvalhos um kvótakerfið og áherslu hennar á sóknarstýringu. Þá gagnrýndi hann harðlega áherslu skýrslunnar og ályktunarinnar á félagslega styrki samfara niðurskurði veiðiheimilda. Hann benti m.a. á að annað helsta vandamál fiskveiða í heiminum væru of stórir fiskveiðiflotar og að viðurkennt væri af Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) að niðurgreiðslur og opinberir styrkir í sjávarútvegi væru helsta ástæða þessa. Því gæti Evrópuráðsþingið ekki mælt með beitingu slíkra styrkja nema hugsanlega í sérstökum undantekningartilfellum. Annað helsta vandamál fiskveiða væri sú staðreynd að nýtingarrétturinn tilheyrði öllum og því leiddi nýting auðlindarinnar til gengdarlauss kapphlaups um að ná sem mestum hluta af sameiginlegri auðlind. Loks gagnrýndi Tómas Ingi notkun skýrsluhöfundar á hugtakinu „sjálfbærri nýtingu“ sem hann sagði einungis virðast vísa til líffræðilegra þátta en ekki efnahagslegra og sagði veiðarnar jafnframt þurfa að geta verið efnahagslega sjálfbærar til að skilgreiningunni væri náð.

Hjálmar Jónsson var ásamt Margréti Frímannsdóttur meðflutningsmaður að einni breytingartillagna Tómasar Inga, og var jafnframt talsmaður flokkahóps hægri manna í umræðunni. Í máli sínu lagði Hjálmar m.a. áherslu á að ekki stæðist að nota hugtakið „sjálfbæra nýtingu“ án þess að það vísaði til efnahagslega sjálfbærrar nýtingar. Þá gagnrýndi hann hvernig skýrsla Carvalhos mælir ítrekað með sóknarstýringu umfram kerfi framseljanlegs kvóta. Hjálmar lýsti furðu sinni á því að skýrslan skyldi ekki taka meira mark á reynslu og þekkingu Íslands og gat þess m.a. að íslensk fiskveiðistjórnun hefði fengið sérstaka viðurkenningu frá Efnahags- og þróunarstofnuninni (OECD) og frá World Wide Fund for Nature.

Lára Margrét Ragnarsdóttir lagði í máli sínu m.a. áherslu á að kerfi framseljanlegs kvóta hefði fyrir löngu sannað sig og gagnrýndi umfjöllun um það kerfi í skýrslu Carvalhos þar sem fjallað er um kvótakerfi sem eins konar tilraun og sagt að kanna þurfi gildi þess kerfis. Þá svaraði hún þeirri gagnrýni á kvótakerfið að það leiddi til samþjöppunar í fiskiskipaflota og að því fylgdi að t.d. smáfiski væri hent. Lára Margrét sagði hvort tveggja vissulega geta

fylgt kvótakerfinu, en benti á að sama mætti segja um sóknarstýringarkerfi, sem hún benti jafnframt á að hefði reynst Íslendingum illa.

5. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Á árinu sat Lára Margrét Ragnarsdóttir í forsætisnefnd Evrópuráðsþingsins. Sem varaforseti stýrir hún þingfundum með reglulegu millibili og situr í forsætisnefnd þingsins sem tekur ákvarðanir um stjórn þingsins, hvaða mál eru tekin á dagskrá o.s.frv. Þá bar það til tíðinda að sett var á fót sérstök nefnd um jafnrétti kynjanna og tók Margrét Frímannsdóttir sæti í henni fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Þátttaka deildarinnar í nefndastarfi skiptist þannig:

Forsætisnefnd: Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd: Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Stjórnarnefnd: Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Stjórnmálanefnd: Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Til vara: Margrét Frímannsdóttir.
Laganefnd: Margrét Frímannsdóttir.
Jafnréttisnefnd: Margrét Frímannsdóttir.
Til vara: Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Efnahagsnefnd: Margrét Frímannsdóttir.
Til vara: Hjálmar Jónsson.
Umhverfis-, skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd: Ólafur Örn Haraldsson.
Til vara: Hjálmar Árnason.
Þingskapanefnd: Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Fjárlaganefnd: Hjálmar Jónsson.
Landbúnaðarnefnd: Ólafur Örn Haraldsson.
Til vara: Hjálmar Jónsson.
Vísinda- og tækninefnd: Tómas Ingi Olrich.
Til vara: Hjálmar Árnason.
Mennta- og menningarmálanefnd: Hjálmar Árnason.
Til vara: Tómas Ingi Olrich.
Heilbrigðis- og félagsmálanefnd: Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Flóttamannanefnd: Hjálmar Árnason.
Nefnd um almannatengsl þingsins: Hjálmar Jónsson.

b. Þátttaka í nefndafundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga halda nefndir Evrópuráðsþingsins nokkra fundi árlega, ýmist í Strassborg, París eða í einhverju aðildarríkja ráðsins. Alls tók Íslandsdeildin þátt í fjórtán slíkum fundum á árinu 1998, en það er einungis lítið brot þeirra funda sem haldnir voru. Eigi að síður má segja að starf Íslandsdeildarinnar hafi verið kröftugt. Þess má m.a. geta að Lára Margrét Ragnarsdóttir var útnefnd af heilbrigðis- og félagsmálanefnd til að rita og kynna skýrslu nefndarinnar um óhefðbundnar lækningar og Tómas Ingi Olrich var útnefndur af vísinda- og tækninefnd til að rita og kynna skýrslu nefndarinnar um orkustefnu Evrópu. Báðar skýrslurnar eru í vinnslu og verða ræddar í þinginu á árinu 1999.

c. Annað starf Íslandsdeildar.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var á árinu útnefnd til að sinna kosningaeftirliti fyrir hönd stjórnmálanefndar Evrópuráðsins í Úkraínu 29. mars og til að sinna eftirliti með þjóðarat-

kvæðagreiðslu um stjórnarskrármálefni í Albaníu 22. nóvember. Ekki fékkst fjárveiting til kosningaeftirlits í Úkraínu, en Lára Margrét tók þátt í eftirliti með framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Albaníu.

6. Starfsárið fram undan.

Krefjandi verkefni eru fram undan á vettvangi Evrópuráðsþingsins. Hlutverk og vægi Evrópuráðsins hefur tekið stórstígum breytingum á undanförnum árum og aukist til muna. Það er því bæði áskorun og gott tækifæri fyrir Ísland að taka við formennsku í ráðherranefnd Evrópuráðsins í maímánuði árið 1999. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hefur lýst sig reiðubúna til að koma að undirbúningi formennskutímans og hugmyndavinnu í því sambandi og þegar rætt það mál í eigin röðum. Undirtektir utanríkisráðuneytisins hafa verið einkar jákvæðar.

Segja má að Evrópuráðsþingið sé hugmyndabanki Evrópuráðsins. Reynslan sýnir að afar margar aðgerðir og samþykktir ráðherranefndar Evrópuráðsins eiga upptök sín á þinginu. Þar koma hugmyndir fram, samið er um útfærslu þeirra og kosið um tillögur. Öflugt starf innan Evrópuráðsþingsins í því skyni að hafa áhrif á störf og stefnu Evrópuráðsins er því ómetanlegt með tilliti til þjóðarhagsmuna. Með öflugu starfi innan Evrópuráðsþingsins geta íslensk sjónarmið átt greiðan aðgang að mótun samevrópskrar stefnu og hugsanlegrar framtíðarlöggjafar í viðkomandi málaflokkum. Þau áhrif eru ómetanleg til langs tíma litið.

Alþingi, 9. febr. 1999.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Margrét Frímannsdóttir, varaform.	Hjálmar Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Ólafur Örn Haraldsson.	Hjálmar Jónsson.

793. Svar [163. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um skuldbindingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

1. *Hversu háar eru væntanlegar árlegar greiðslur (í b-lið lífeyrisgreiðslur og kostnaður að frádregnum iðgjöldum) Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga vegna:*
   a. *réttinda sem sjóðfélagar hafa þegar öðlast (áunnin réttindi),*
   b. *réttinda sem sjóðfélagar hafa og munu öðlast með greiðslu iðgjalda, þ.e. framreiknuð réttindi?*

   Svar óskast sundurliðað eftir árum, 1998–2075. Enn fremur komi fram hvað sjóðirnir geti greitt með eignum sínum, væntanlegum iðgjöldum, sbr. b-lið, og vöxtum umfram hækkun launa og hvað muni falla á launagreiðendur. Reiknað verði með þeim sjóðfélögum sem áttu réttindi hjá sjóðunum í árslok 1997.

Hversu stórt hlutfall af tekjusköttum hvers árs eru þessi útgjöld að óbreyttum tekjuskattslögum?

Fyrir liggur áætlun um greiðslur úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, LSR, miðað við stöðu sjóðsins í árslok 1996. Ekki var talið rétt að leggja í sérstaka úrvinnslu upplýsinga miðað við árslok 1997, sbr. það sem síðar kemur fram um vinnu að þessum málum á vegum sjóðsins. Framangreind áætlun nær til ársins 2072 og tekur til allra skuldbindinga við þá sem áttu réttindi í sjóðnum í árslok 1996. Í henni er miðað við að vextir á ári séu 2% umfram launahækkanir. Enn fremur er gert ráð fyrir að framlag launagreiðenda vegna lífeyrishækkana verði 47% af áföllnum skuldbindingum í árslok 1996 en tæp 52% af skuldbindingum sem falla á eftir það. Tafla sem sýnir áfallna skuldbindingu, framtíðarskuldbindingu, iðgjöld, framlag launagreiðenda, bakábyrgð ríkisins og stöðu sjóðsins á hverju þessara ára er í fylgiskjali I með svari þessu. Þar kemur fram að árlegar greiðslur frá launagreiðendum, iðgjöld, framlög vegna lífeyrishækkana og greiðslur vegna bakábyrgðar, sem voru um 4 milljarðar króna á árinu 1997, verða á bilinu 4 til rúmlega 8 milljarðar króna fram til ársins 2030 en fara síðan lækkandi. Taflan sýnir enn fremur að eignir sjóðsins munu þverra miðað við þetta á árinu 2027.

Ekki hefur verið gerð áætlun um hlutfall framangreindra stærða af tekjum ríkissjóðs á hverju ári eða einstökum tekjutegundum en til samanburðar má hafa að tekjuskattar til ríkisins eru áætlaðir rúmlega 40 milljarðar króna á yfirstandandi ári.

Nauðsynlegt er að túlka þessar tölur með fyrirvara. Niðurstöðurnar eru mjög háðar þeim forsendum sem gefnar eru og hafa þegar tekið miklum breytingum, m.a. vegna stofnunar A-deildar LSR og flutningi úr eldra réttindakerfi LSR í þá deild. Enn fremur hafa skuldbindingar verið gerðar upp við sjóðinn á undanförnum árum og má reikna með að framhald verði á því.

Ekki hafa verið gerðir sambærilegir útreikningar fyrir aðra sjóði sem spurt er um og ekki var talið rétt að leggja í sérstaka vinnu við þá. Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, LR, er nú á vegum þeirra unnið að áætlun um fjárhag þeirra á næstu árum og áratugum. Í þeim áætlunum er reynt að taka tillit til sem flestra þátta sem áhrif hafa á stöðu sjóðanna og ekki hefur verið unnt að taka til greina hingað til, m.a. áhrifa af uppgreiðslu skuldbindinga. Talið er að áætlanir þessar muni liggja fyrir síðar á þessu ári. Með hliðsjón af þessu var ekki talið rétt að leggja í kostnaðarsama útreikninga að þessu sinni.

2. *Hver er heildarskuldbinding þessara lífeyrissjóða og hversu langt dugir eign þeirra til greiðslu hennar?*

Eftirfarandi tafla sýnir höfuðstól sjóðanna og skuldbindingar þeirra eins og þær voru áætlaðar í árslok 1997. Höfuðstóllinn er að meðtöldu endurmati vegna mismunar á vöxtum á bundnum eignum sjóðanna og þeim vöxtum sem skuldbindingar þeirra eru miðaðar við.

Í þús. kr.	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild	Lífeyrissjóður alþingismanna	Lífeyrissjóður ráðherra	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga
Höfuðstóll	37.677	0	0	4.712
Framtíðariðgjöld	23.684			2.212
Áfallin skuldbinding	140.690	2.662	345	15.698
Heildarskuldbinding	190.090			21.404

Ekki liggur enn fyrir mat á því hversu lengi eign LSR og LH dugir fyrir skuldbindingum. Eins og fram kemur í svari við 1. lið var áætlað að eignir LSR dygðu til að greiða skuldbindingar til ársins 2027. Enn fremur var áætlað að sá sjóður þyrfti að vera um 34 milljörðum meiri en hann var í árslok 1996 til að standa undir öllum skuldbindingum sínum.

3. *Hvernig skiptist heildarskuldbinding að frádreginni eign sjóðanna á*
   a. ríkissjóð, sundurliðað eftir A- og B-hluta,
   b. sveitarfélög,
   c. aðra?

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu skuldbindinga LSR og LH milli A-hluta og B-hluta stofnana ríkissjóðs, sveitarfélaga og annarra.

	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga
Ríkissjóður A	88.019	1.762
Ríkissjóður B	7.776	0
Sveitarfélög	6.347	660
Aðrir	38.548	13.276

4. *Hversu margir sjóðfélagar eiga „eign" allt að 1 millj. kr., hversu margir eiga þar yfir, allt að 2 millj. kr., hversu margir eiga þar yfir, allt að 3 millj. kr. o.s.frv. ef gengið er útfrá því að „eign" hvers sjóðfélaga sé fundin með því að skipta heildarskuldbindingu sjóðanna á sjóðfélaga þeirra samkvæmt áunnum réttindum hvers og eins?*

Tafla í fylgiskjali II sýnir skuldbindingar sjóðanna brotnar niður eftir fjárhæð réttinda sjóðfélaga. Miðað er við árslok 1997.

5. *Hversu margir sjóðfélagar kusu að greiða til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í stað B-deildar, sbr. 4. og 5. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997, eða í stað Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 2/1997? Hvað kostar þetta val ríkissjóð og aðra launagreiðendur þegar greitt er í A-deild hærra iðgjald og af öllum launum í stað daglauna einvörðungu þó að á móti komi lægri skuldbindingar í B-deild?*

Til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins var á árinu 1997 greitt iðgjald vegna rúmlega 19.600 sjóðfélaga. Af þeim ákváðu rúmlega 4.000 að færa sig yfir í A-deild sjóðsins. Til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga var á árinu 1997 greitt iðgjald vegna rúmlega 2.100 sjóðfélaga. Af þeim ákváðu rúmlega 700 að færa sig yfir í A-deild LSR. Auk þeirra sem þannig fluttu sig í A-deild LSR greiða um 4.000 nýráðnir starfsmenn til deildarinnar þannig að í árslok 1997 voru félagar í henni um 8.700.

Réttindi samkvæmt reglum sem gilda um A-deild sjóðsins voru miðuð við að þau væru sambærileg þeim réttindum sem B-deildin veitir. Kostnaður ríkissjóðs og annarra launagreiðenda við það að starfsmaður velji aðild að A-deild sjóðsins er því að jafnaði ekki meiri en verið hefði við aðild að B-deild. Kostnaðurinn fellur hins vegar til með mismunandi hætti og á mismunandi tímum eftir aðild að þessum deildum. Ekki hefur verið gerður útreikningur sem sýnir þennan samanburð.

6. *Hver hefur verið árleg meðalávöxtun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins umfram meðalhækkun dagvinnulauna opinberra starfsmanna árin 1978–97? Hvaða ávöxtun er lögð til grundvallar útreikningnum?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um þennan samanburð og er hann óraunhæfur með tilliti til þeirra reglna sem giltu um LSR allt til ársins 1997. Samkvæmt þeim fékk sjóðurinn ekki greidda vexti eða verðbætur á 40% af heildarútlánum sínum. Hrein raunávöxtun eigna í vörslu sjóðsins hefur samkvæmt reikningum sjóðsins verið um 5,5% undanfarin ár. Í útreikningum sem getið er um hér að framan var miðað við að vextir væru 2% umfram launahækkanir.

7. *Hvernig er iðgjald til A-deildar háð raunávöxtun miðað við framreikning eigna sjóðsins samkvæmt vísitölu neysluverðs (t.d. 4,5%, 3,5%, 2,5%, 1,5%)?*

Nauðsynlegt iðgjald til A-deildar LSR var 15% og var miðað við 3,5% raunávöxtun. Sé öðrum forsendum en ávöxtun haldið óbreyttum er áætlað að með 1,5% ávöxtun þyrfti iðgjaldið að vera 26,1%, með 2,5% ávöxtun yrði það 20,1% og með 4,5% ávöxtun 12,0%.

Fylgiskjal I.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.
Áætlun um skuldbindingar, iðgjöld og greiðslur.

Miðað er við stöðu sjóðsins í árslok 1996. Gert er ráð fyrir að vextir verði 2% umfram launahækkanir og miðað er við að framlög launagreiðenda vegna lífeyrishækkana verði 47% af skuldbindingu, sem áfallin er í árslok 1996 en 51,9% af skuldbindingum sem falla á eftir það. Allar fjárhæðir eru í millj. kr.

Ár	Áfallin skuldbinding	Framtíðar-skuldbinding	Iðgjöld	Framlag launagreiðenda	Bakábyrgð	Sjóður
1997	3.761	3.762	2.100	1.768	0	35.980
1998	3.873	3.878	2.066	1.823	0	36.807
1999	3.985	4.002	2.028	1.882	0	37.554
2000	4.106	4.144	1.986	1.949	0	38.211
2001	4.182	4.246	1.947	1.999	0	38.765
2002	4.263	4.363	1.907	2.055	0	39.237
2003	4.332	4.475	1.866	2.110	0	39.618
2004	4.396	4.590	1.823	2.167	0	39.906
2005	4.489	4.750	1.773	2.245	0	40.097
2006	4.564	4.896	1.725	2.317	0	40.160
2007	4.630	5.047	1.674	2.392	0	40.102
2008	4.691	5.199	1.622	2.468	0	39.913
2009	4.766	5.382	1.565	2.559	0	39.592
2010	4.819	5.549	1.510	2.644	0	39.114
2011	4.865	5.715	1.454	2.728	0	38.488
2012	4.913	5.901	1.394	2.822	0	37.709
2013	4.963	6.109	1.330	2.928	0	36.762
2014	5.019	6.329	1.266	3.039	0	35.626

2015	5.056	6.539	1.201	3.146	0	34.294
2016	5.087	6.756	1.135	3.257	0	32.767
2017	5.108	6.980	1.066	3.372	0	31.034
2018	5.115	7.195	997	3.484	0	29.088
2019	5.131	7.445	922	3.612	0	26.928
2020	5.130	7.683	849	3.736	0	24.528
2021	5.120	7.917	776	3.858	0	21.889
2022	5.083	8.122	705	3.966	0	19.011
2023	5.017	8.261	642	4.042	0	15.907
2024	4.933	8.376	582	4.105	0	12.612
2025	4.829	8.446	526	4.147	0	9.139
2026	4.717	8.502	473	4.182	0	5.511
2027	4.580	8.492	426	4.183	0	1.735
2028	4.438	8.470	379	4.179	0	-2.152
2029	4.287	8.437	334	4.169	2.152	-3.952
2030	4.120	8.351	293	4.132	3.952	-3.974
2031	3.948	8.251	254	4.089	3.974	-3.964
2032	3.772	8.144	214	4.042	3.964	-3.947
2033	3.592	8.021	176	3.987	3.947	-3.927
2034	3.402	7.847	144	3.906	3.927	-3.897
2035	3.204	7.629	116	3.803	3.897	-3.835
2036	3.004	7.397	90	3.692	3.835	-3.748
2037	2.804	7.128	68	3.562	3.748	-3.651
2038	2.603	6.839	48	3.422	3.651	-3.533
2039	2.404	6.520	33	3.266	3.533	-3.402
2040	2.208	6.179	21	3.099	3.402	-3.253
2041	2.017	5.815	12	2.919	3.253	-3.090
2042	1.834	5.434	7	2.730	3.090	-2.912
2043	1.658	5.041	4	2.535	2.912	-2.724
2044	1.492	4.652	1	2.341	2.724	-2.527
2045	1.334	4.268	0	2.150	2.527	-2.332
2046	1.187	3.891	0	1.961	2.332	-2.139
2047	1.051	3.528	0	1.779	2.139	-1.949
2048	925	3.182	0	1.606	1.949	-1.766
2049	809	2.854	0	1.442	1.766	-1.591
2050	703	2.546	0	1.287	1.591	-1.427
2051	607	2.257	0	1.142	1.427	-1.272
2052	521	1.989	0	1.007	1.272	-1.127
2053	444	1.741	0	882	1.127	-992
2054	375	1.513	0	767	992	-868
2055	315	1.305	0	662	868	-753
2056	262	1.116	0	567	753	-649
2057	216	947	0	481	649	-555
2058	176	795	0	404	555	-471
2059	142	662	0	337	471	-395
2060	114	545	0	277	395	-329
2061	90	443	0	226	329	-270

2062	70	356	0	181	270	-220
2063	54	282	0	144	220	-176
2064	41	221	0	113	176	-140
2065	30	170	0	87	140	-109
2066	22	129	0	66	109	-84
2067	16	96	0	49	84	-64
2068	11	70	0	36	64	-47
2069	8	50	0	26	47	-35
2070	5	35	0	18	35	-25
2071	0	0	0	0	25	-17
2072					17	0

Fylgiskjal II.

Réttindi sjóðfélaga í LSR og LH eftir fjárhæð skuldbindinga. Taflan sýnir fjölda sjóðfélaga og réttindi miðað við árslok 1997.

Réttindi í millj. kr.	LSR, B-deild Heildarskuld-binding	LSR, B-deild Áfallin skuldbinding	LH Heildarskuld-binding	LH Áfallin skuldbinding	Lífeyrissjóður alþingismanna Áfallin skuldbinding	Lífeyrissjóður ráðherra Áfallin skuldbinding
–1	12.173	16.340	325	542	73	2
1–2	3.673	7.093	165	480	58	2
2–3	3.190	4.610	105	354	98	10
3–4	3.083	3.243	87	285	46	7
4–5	3.069	2.275	67	267	41	7
5–6	3.073	1.715	79	258	22	8
6–7	2.742	1.376	144	217	25	5
7–8	2.312	1.139	241	187	11	6
8–9	1.966	889	321	135	12	3
9–10	1.650	685	326	120	10	1
10–11	1.268	618	336	86	11	3
11–12	1.003	486	302	69	7	1
12–13	743	345	264	44	10	1
13–14	566	297	164	30	5	0
14–15	402	236	100	29	7	1
15–16	298	180	62	23	4	0
16–17	252	159	34	15	3	0
17–18	152	113	20	9	5	0
18–19	123	90	14	8	4	1
19–20	90	68	7	5	3	0
20–21	78	55	0	0	4	0
21–22	59	43	0	0	1	0
22–23	63	45	0	0	2	0
23–24	60	50	0	0	2	0

24–25	35	25	0	0	1	0
25–26	30	16	0	0	3	0
26–27	25	16	0	0	3	0
27–28	15	15	0	0	1	0
28–29	20	19	0	0	0	0
29–48	104	76	0	0	0	0

794. Svar [164. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um aukna skuldbindingu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga vegna aukins hluts dagvinnulauna í heildarlaunum opinberra starfsmanna.

1. *Hvað er gert ráð fyrir að ákvæði kjarasamninga opinberra starfsmanna um aukinn hlut dagvinnulauna í heildarlaunum opinberra starfsmanna muni auka skuldbindingu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga mikið? Hve mikið hækkar nauðsynlegt iðgjald vegna þessa?*

Í aðlögunarsamningum sem gerðir hafa verið á grundvelli kjarasamninga opinberra starfsmanna hefur verið fylgt þeirri stefnu að auka hlut dagvinnulauna. Áhrif þess má sjá á mismun á breytingum á heildarlaunum opinberra starfsmanna eins og þær mælast í launavísitölu Hagstofu Íslands og vísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna sem reiknuð er fyrir LSR.

Frá ársbyrjun 1997 til september hækkaði fyrrnefnd vísitalan um 6,8% en á sama tíma hækkuðu dagvinnulaun opinberra starfsmanna um 15,5%. Hækkun dagvinnulauna umfram launavísitöluna á þessu tímabili var rúmlega 8%. Gera má ráð fyrir að á árinu 1998 hafi þessi hækkun umfram launavísitöluna orðið nálægt 10%.

Í árslok 1997 var áfallin skuldbinding LSR um 140 milljarðar króna. Samkvæmt framangreindu má því gera ráð fyrir að á árinu 1998 hafi skuldbindingar sjóðsins með auknum hlut dagvinnulauna í heildarlaunum orðið um 14 milljarðar króna. Áfallnar skuldbindingar LH var tæpir 16 milljarðar króna og má ætla að þær hafi hækkað um 1,6 milljarða króna af framangreindum ástæðum.

Við áætlun á nauðsynlegu iðgjaldi til að tryggja sambærileg réttindi og eru í B-deild LSR var tekið tillit til vægis dagvinnulauna í heildarlaunum. Við þá áætlun var gert ráð fyrir því að hlutfall þeirra í heildarlaunum færi vaxandi frá því sem verið hefur. Var í því efni höfð hliðsjón af þeirri stefnu sem þá var í mótun á milli ríkisins og stéttarfélaga opinberra starfsmanna og því að draga mundi úr yfirvinnu vegna vinnutímatilskipunar EES. Sú breyting sem nú er að koma fram er í samræmi við þær forsendur sem gengið var út frá og raskar ekki því mati sem lagt var á hversu hátt iðgjald þyrfti að vera til að tryggja sambærileg réttindi í báðum deildum sjóðsins en það var áætlað 15% af heildarlaunum.

2. *Er gætt jafnræðis á milli starfsmanna ríkisins sem greiða í A- og B-deild við framkvæmd þessa ákvæðis þannig að laun starfsmanna í B-deild lækki miðað við laun starfsmanna í A-deild þar sem lífeyriseign þeirra fyrrnefndu vex við breytinguna en þeirra síðarnefndu ekki?*

Eins og fram kemur í svari við fyrstu spurningu raskar þessi breyting ekki þeim forsendum sem gengið var út frá í samkomulaginu sem gert var við stéttarfélögin um breytingar á lífeyr-

iskerfinu og eru því ekki tilefni til að gera sérstakar ráðstafanir í kjarasamningum af þeim ástæðum.

3. *Verður gætt jafnræðis við ákvörðun viðbótarlauna skv. 2. mgr. 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þannig að þeir starfsmenn sem greiða til B-deildar fái lægri viðbótarlaun en þeir sem greiða til A-deildar vegna aukinnar lífeyriseignar þeirra fyrrnefndu?*

Greiðslur viðbótarlauna eru ekki komnar til framkvæmda og ekki er tímabært að fjalla um hvernig að þeim verður staðið.

795. Svar [165. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um nauðsynlegt iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

1. *Hvert er nauðsynlegt iðgjald til að ná jafnvægi milli eignaliða og skuldbindinga (vegna iðgjaldsins, þ.e. ekki á að laga stöðu vegna áunninna réttinda með iðgjaldinu) í:*
   a. *B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. dagvinnulaunum,*
   b. *A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. heildarlaunum,*
   c. *lífeyrisdeild alþingismanna af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. þingfararkaupi,*
   d. *lífeyrisdeild ráðherra af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. ráðherralaunum, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. dagvinnulaunum?*

a. Miðað við þær forsendur sem gengið var út frá við ákvörðun iðgjalds til A-deildar LSR má áætla að iðgjald af dagvinnulaunum til að tryggja réttindi eins og þau eru í B-deild LSR þyrfti að vera um 21%.

b. 15,5%.

c. Hefur ekki verið áætlað.

d. Hefur ekki verið áætlað.

e. Um 26%.

2. *Hvað mætti varanlega hækka laun sjóðfélaga í framangreindum sjóðum, hverjum fyrir sig, ef sjóðfélagar nytu almennra lífeyriskjara, þ.e. 10% iðgjalds, og launagreiðendur hvorki töpuðu né græddu á breytingunni?*

Eins og fram kemur í svari við 1. lið eru réttindi í A-deild LSR ígildi 15,5% af heildarlaunum. Þar af greiðir launagreiðandi 11,5%. Sé litið svo á að það skipti launagreiðanda engu hvort hann greiðir laun eða framlag til lífeyrissjóðs mundi lækkun á framlagi launagreiðanda til lífeyrissjóðs úr 11,5% í 6% geta leitt til rúmlega 5% launahækkunar án þess að leiða til aukins launakostnaðar.

3. *Hvernig breytist svarið við 1. og 2. tölul. ef forsenda um ávöxtun breytist úr 3,5% í 3,0% eða 2,5%?*

Iðgjald til A-deildar LSR var áætlað 15,5% miðað við 3,5% raunávöxtun Sé öðrum forsendum en ávöxtun haldið óbreyttum er áætlað að með 2,5% ávöxtun þyrfti iðgjaldið að vera 20,1% og með 4,5% ávöxtun 12,0%. Samkvæmt því breytist iðgjaldaþörfin um nálægt 30% við breytingu á vöxtum um 1%. Miðað við 3% ávöxtun í stað 3,5% ætti iðgjaldaþörfin að vera nálægt 17,8%. Lækkun á framlagi launagreiðanda úr 13,8% í 6% gæti leitt til hækkunar á launum um nálægt 7,3% án hækkunar á launakostnaði. Með 2,5% ávöxtun er iðgjaldaþörfin áætluð 20,1%. Hækkun launa án hækkunar á launakostnaði miðað við 10% iðgjald gæti þá verið um 9,5%.

Rétt er að vekja athygli á því að samhengi vaxta, iðgjalda til lífeyrissjóðs og launa er flóknara en svo að því verði gerð skil á þann hátt sem spurningin gefur tilefni til og svarið er miðað við. Má m.a. benda á að það skiptir máli fyrir launagreiðanda, ekki síst ef hann er ríkissjóður, hvort laun eru greidd beint eða renna til lífeyrissjóðs. Lækkun greiðslna til lífeyrissjóðs hækkar framtíðarskuldbindingar launagreiðenda vegna hærri skatta og aukinnar framfærslubyrði síðar. Lækkun á framlagi til lífeyrissjóðs er því ekki ígildi launahækkunar um sömu fjárhæð. Í öðru lagi leiðir lækkun vaxta til þess að verðmæti lífeyrisréttinda í hendi launþega minnka. Má gera ráð fyrir að það leiði til breyttrar afstöðu við samninga um laun, m.a. hlutfalls iðgjalda og beinna launa. Verður því að gæta varúðar þegar dregnar eru ályktanir um gagnkvæmt staðgönguvirði launa og lífeyrisiðgjalda.

4. *Hvaða áhrif hefði breyting forsendu um ávöxtun í 3. tölul. á stöðu almennu sjóðanna, þ.e. hvað þyrfti að jafnaði að skerða lífeyri þeirra mikið að óbreyttu 10% iðgjaldi?*

Breytingar á vöxtum hafa að sjálfsögðu hliðstæð áhrif á iðgjaldaþörf almennu sjóðanna og þeirra sjóða sem fjallað hefur verið um hér að framan. Fjármálaráðherra telur ekki rétt að tjá sig frekar á þessum vettvangi um hugsanleg áhrif breyttra vaxta á þá en bendir fyrirspyrjanda á að leita til forsvarsmanna þeirra sjóða um það efni eða tryggingastærðfræðings ef hann óskar fræðilegrar útlistunar á því sem hann spyr um.

796. Frumvarp til laga [486. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson:

1. gr.

Heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skulu ekki vera undir 88.000 kr. fyrir fulla dagvinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1999.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um lágmarkslaun var lagt fram á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Það er nú lagt fram að nýju í breyttri mynd. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skuli ekki vera lægri en 88.000 kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu.

Meginvandinn í íslensku þjóðfélagi er fátækt sem stafar af lágum launum. Þau hafa leitt til fólksflótta frá landinu. Einkenni íslensks hagkerfis eru hin lágu taxtalaun. Um nokkra hríð hefur ekki verið hægt að framfleyta fjölskyldu með lægstu taxtalaunum. Launakerfið á Íslandi einkennist af umfangsmiklum feluleik með raunveruleg launakjör. Þannig hafa ýmiss konar aukagreiðslur komið til viðbótar taxtalaunum. Annað einkenni á íslensku atvinnulífi er hve langan vinnutíma íslenskir launamenn vinna. Í samanburði sem var gerður milli Íslands og Danmerkur kom í ljós að launamaður hérlendis vinnur um 50 klst. á viku að meðaltali en danskur launamaður 39 klst. Þetta sýnir að íslenskur launamaður vinnur að jafnaði tíu vikum lengur en danskur launamaður á ári hverju. Lífskjörum hér á landi, sem eru betri en launin gefa til kynna, er þannig augljóslega fyrst og fremst haldið uppi með löngum vinnudegi.

Hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands. Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga notið matargjafa sökum fátæktar. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo síðustu ár að þeim er mörgum um megn að sinna þeim skyldum sínum.

Lág framleiðni og fólksflótti.

Alþjóðlegur samanburður sýnir að laun á Íslandi eru áberandi lægri en í helstu viðmiðunarlöndum okkar. Ein aðalástæða þessa er að framleiðni íslenskra fyrirtækja er mun lægri en þekkist annars staðar. Þannig er samkeppnisstaða Íslands mjög léleg í alþjóðlegum samanburði. Framleiðni á hverja vinnustund á Íslandi er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Í samanburði á landsframleiðslu á vinnustund í 24 OECD-ríkjum er Ísland í 20. sæti.

Þetta hefur leitt til fólksflótta frá landinu. Íslendingum fjölgaði 50% meira í Danmörku en á Íslandi árið 1995. Alls fluttu 1.060 héðan til Danmerkur árið 1994. Íslendingum fjölgaði um 30% í Noregi og um 60% á Grænlandi árið 1995. Alls voru 20.800 Íslendingar búsettir erlendis og fjölgaði þeim um 10% milli áranna 1994 og 1995. Til samanburðar má geta þess að samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 22.425 Íslendingar búsettir erlendis 1. desember 1996 en það þýðir að Íslendingum erlendis fjölgaði um tæplega 9,5% á árinu 1996. Á þessu hefur sem betur fer orðið breyting á síðustu tveimur árum vegna aukins hagvaxtar í íslensku þjóðfélagi vegna aðgerða verkalýðshreyfingarinnar. Fjölgun aðfluttra á móti brottfluttum nemur 800 manns á síðastliðnu ári sem er ákveðinn mælikvarði á stöðu mála.

Þegar borin eru saman laun og lífskjör verður vitaskuld að taka tillit til margra þátta, svo sem bótakerfis, skattkerfis, húsnæðiskerfis, vaxta, matvöruverðs, heilbrigðiskerfis og gjalda fyrir opinbera þjónustu.

Í íslensku þjóðfélagi hefur lengi tíðkast að vinna langan vinnudag. Sú hefð markast af einhæfu atvinnulífi um aldir þar sem unnið var í skorpum bæði til sjávar og sveita. Þessi vinnumáti hefur breyst síðustu áratugi eftir því sem íslenskt hagkerfi hefur færst nær því sem gerist í nágrannalöndunum og ýmiss konar þjónustustörf skipta sífellt meira máli. Nýjar vinnutímareglur á Evrópska efnahagssvæðinu leyfa ekki lengur svo langan vinnutíma.

Lág taxtalaun hér á landi eru efnahagslegt vandamál. Þau leiða til þess að ýmsir sem eru á þessum launum eiga vart fyrir mat, hvað þá að þeir geti nýtt sér þá þjónustu sem eðlilegt

er að veitt sé í nútímaþjóðfélagi. Jafnframt verður þetta til þess að ýmsar starfsstéttir fá viðbætur við laun sem ekki er samið um í kjarasamningum. Þetta skapar verulegt óöryggi fyrir launafólk í landinu og hefur, með öðru, stuðlað að því að launajafnrétti er ekki eins og skyldi. Það að lægstu taxtar skuli vera svipaðir og lágmarksframfærsla er ósvinna. Hér bera margir ábyrgð.

Tímakaup í dönskum iðnaði árið 1994 var 97% hærra en í íslenskum. Ekki eru nýjar tölur fyrirliggjandi en vitnað er til skýrslu forsætisráðherra varðandi samanburð. Tekjur hjóna í Danmörku árið 1993 voru um 39% hærri en á Íslandi. Danskur byggingaverkamaður hefur um 28% hærri ráðstöfunartekjur en sá íslenski. Þessar tölur, sem komu fram í skýrslu forsætisráðherra um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar, segja alla söguna.

Skattar og lág laun.

Í þessum samanburði við Danmörku ber að hafa í huga að byrði beinna skatta er minni hér en í Danmörku. Meðalheimili í Danmörku greiðir 38% tekna sinna í tekju- og eignarskatt en meðalheimili á Íslandi 21%. Jaðarskattar eru hærri í Danmörku en á Íslandi en þykir þó mörgum nóg um þá hérlendis.

Hins vegar er athyglisvert að skattleysismörk hér á landi voru 57.000 kr. á mánuði þegar samanburður var unninn en í Danmörku eru engin skattleysismörk. Skattleysismörk á Íslandi eru nú 60.848 kr. Það er umhugsunarvert hvort skattleysismörk hér á landi, sem vissulega eru ekki há, hafi komið í veg fyrir hækkun taxtalauna undanfarin ár. Ef greiddur væri skattur af öllum tekjum, ef til vill 10–15% skattur af lægstu tekjum, er ekki ósennilegt að það hefði leitt til hærri taxtalauna í kjarasamningum síðustu ár. Umræðu vantar um þennan þátt mála hérlendis. Jaðarskattar koma harðast niður á tekjulægsta fólkinu á Íslandi en leggjast jafnt á alla tekjuhópa í Danmörku. Af þeim sökum er full ástæða til að endurskoða skatta- og launakerfin á Íslandi í samhengi við ákvörðun lágmarkslauna.

Í alþjóðlegum samanburði kemur skýrt fram að óbeinir skattar hér eru mun hærri en erlendis. Þá er verð á matvælum mun hærra hér en í nágrannalöndunum og leiðir það hugann að því að löngu er tímabært að endurskoða þá stefnu stjórnvalda. Endurbætur á því sviði væru ein mesta kjarabót fyrir láglaunafólk sem um getur.

Við gerð kjarasamninga undanfarin ár hefur verkalýðshreyfingin oft talað um að nú væri kominn tími til að hækka lægstu launin. Viðurkenna ber að árangur hefur náðst þótt lægstu umsamin laun, 70.000 kr., séu neðan fátæktarmarka að mati fagfólks í félagsfræði. Á verðbólgutímanum var einna algengast að samið væri um kauphækkun sem átti að leiðrétta lægstu launin. Þá var reiknuð út prósentuhækkun þeirrar launahækkunar og hún gekk í gegnum allt kerfið. Láglaunafólk stóð þannig eftir í sömu sporum og áður og verðbólgan eyddi áhrifum hagstæðra kjarasamninga á örskömmum tíma.

Við gerð kjarasamninga síðari ár hefur reynst einna best að semja um eingreiðslur til að hækka lægstu laun. Sú aðferð virðist hafa haldið nokkuð vel í undanförnum kjarasamningum. Þrátt fyrir það eru lægstu taxtalaunin svo lág að það er gjörsamlega óverjandi fyrir þjóðfélagið. Ekki má gleyma því að fjölmargir fá greitt samkvæmt þessum töxtum og má þar nefna ófaglært starfsfólk, ekki hvað síst á vegum hins opinbera. Þetta launafólk hefur ekki tækifæri til að bæta sér upp lág laun með mikilli vinnu eða kaupaukakerfi. Það lifir í sárri fátækt og á fárra kosta völ.

Gildistaka frumvarpsins.

Flutningsmenn telja að allt sem viðkemur kjarasamningum eigi að vera á forræði samningsaðila. Þar sem ekki hefur tekist með samningum að knýja fram hækkun lægstu launa undanfarin ár ber Alþingi Íslendinga skylda til að grípa inn í þessi mál með lagasetningu.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skuli ekki vera undir 88.000 kr. Í kjölfar mjög mikilla launabreytinga, sem orðið hafa hjá einstökum starfsstéttum undanfarið og eru langt umfram almenna kjarasamninga, er ástæða til að flytja frumvarp til laga um lágmarkslaun. Nú er ljóst að 88.000 kr. mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu eru ekki há og flestir launþegar hafa hærri heildarlaun, að vísu með nokkurri eftirvinnu. Frumvarpinu er þannig fyrst og fremst ætlað að skapa vörn fyrir þá sem minnst mega sín. Rökin fyrir þessu eru augljós. Hækkun lægstu launa í 88.000 kr. á mánuði mun auka velferð þeirra fátækustu í íslensku þjóðfélagi, jafna laun og bæta afkomu margra einstaklinga. Það er engin ástæða til að ætla að lagasetning af þessum toga muni kalla á óðaverðbólgu, allra síst ef aðilar vinnumarkaðarins setjast nú niður í alvöru til að semja um hækkun lægstu taxtalauna, eins og þeir hafa margoft talað um undanfarin ár.

Að mati flutningsmanna mundi lagasetning af þessum toga knýja samningsaðila til að finna leiðir til að unnt sé að lifa mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum.

Lögbinding lágmarkslauna.

Launaumræða verður að vera í alþjóðlegu samhengi. Íslenskar vörur eru vitaskuld í samkeppni við erlendar, hvort sem um er að ræða útflutningsvörur okkar eða vörur sem keppa við innflutning. Við verðum að standast þessa alþjóðlegu samkeppni og okkur hefur fyrst og fremst tekist það með löngum vinnudegi. Löggjöf um lágmarkslaun er til erlendis, t.d. í Ameríku og Frakklandi. Þess má geta að nokkur umræða um lágmarkslaun var í Bandaríkjunum í aðdraganda að forsetakosningunum árið 1996. Eitt af höfuðstefnuatriðum ríkisstjórnar Tony Blair er að setja lög um lágmarkslaun og að skilgreina þarfir einstaklinga og fjölskyldna til framfærslu sinnar.

Hægt er að sýna fram á að séu lágmarkslaun ákveðin of há geti það leitt til þess að það dragi úr vinnu í viðkomandi hagkerfi. Þetta eru helstu rök gegn lögbindingu lágmarkslauna. Þau eiga ekki við núverandi aðstæður hérlendis að mati flutningsmanna. Þau lágmarkslaun sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi eru ekki há og atvinnulífið á auðveldlega að geta ráðið við þau með aukinni framleiðni. Atvinnuástand hér á landi er einnig að mörgu leyti mun betra en í nágrannalöndunum. Að skapa umhverfi fyrir sérhæfð störf, hálaunastörf, er vitaskuld háð mörgum þáttum, m.a. menntakerfi og því sem varið er í rannsóknir og þróunarstarf innan og utan fyrirtækja. Á þessu sviði er stefna ríkisstjórnarinnar mjög á reiki. Ekki hefur verið unnið nóg hérlendis í menntamálum og rannsóknum undanfarna áratugi.

Íslendingar verða að gera upp við sig hvort hér eigi að verða láglaunasvæði eins og allt stefnir í og landsmenn verði að vinna langan vinnudag til að halda uppi sambærilegum lífskjörum og í nágrannalöndunum eða hvort þróa eigi hagkerfið í átt til sérhæfðra starfa sem eru betur launuð. Flutningsmenn efast ekki um að síðari leiðin er gæfuríkari fyrir land og þjóð.

Lokaorð.

Það er liðin tíð að hægt sé að ætlast til þess af Íslendingum að þeir vinni allt að 30% lengri vinnudag en kollegar þeirra erlendis til þess eins að ná sambærilegum launum. Það mun ekki auka framleiðni íslenskra fyrirtækja ef þau eiga í auknum mæli að byggja á ódýru

vinnuafli. Við verðum að snúa af þessari braut því að annars verður Ísland áfram láglaunaland.

Frumvarp þetta er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa hér mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið er ekki farin og taxtalaunin látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir með lágmarkstaxta og eiga sér ekki viðreisnar von. Við megum ekki láta mál þróast á þann veg.

Með frumvarpinu voru þrjú fylgiskjöl. Þau tvö fyrstu voru:

I. Laun verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi og í Danmörku. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (Verslunarmannafélag Reykjavíkur, febrúar 1996).
II. Samanburður á tekjum verkafólks á Íslandi og í Danmörku. Unnið fyrir 18. þing Verkamannasambands Íslands. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (október 1995).

Fylgiskjal III.

Þjóðhagsstofnun:

Minnisblað um lágmarkslaun.

(10. desember 1998.)

Meðal helstu einkenna efnahagsþróunar á Vesturlöndum á undanförnum áratug eða tveimur eru mikið atvinnuleysi og aukinn ójöfnuður í tekjudreifingu í mörgum landanna. Þessi þróun hefur beint sjónum stjórnmálamanna og fræðimanna að lágmarkslaunum og hlutverki þeirra.

Tvö sjónarmið eru ríkjandi. Annars vegar er hin viðtekna kenning hagfræðinga að hækkun lágmarkslauna dragi úr atvinnu og hafi lítil áhrif til að leiðrétta tekjuójöfnuð. Aðrir halda því hins vegar fram að hækkun lágmarkslauna sé áhrifarík leið til að bæta lífskjör hinna lægst launuðu og draga úr fátækt. Fylgismönnum hækkunar lágmarkslauna hefur borist fræðilegur liðsauki á sl. árum, m.a. í rannsóknum Cards og Kruegers, sem halda því fram að hækkun lágmarkslauna geti í raun aukið atvinnu.[1]

Hér á eftir verður lýst fyrirkomulagi lágmarkslauna í OECD-ríkjum, fjallað um helstu sjónarmið og reifuð nokkur atriði er varða lágmarkslaun á Íslandi. Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að skýra nánar hugtakið lágmarkslaun.

Lágmarkslaun.

Í kjarasamningum er samið um kauptaxta. Þeir eru bindandi að því leyti að óheimilt er að greiða lægri laun en þar er kveðið á um. Vinnuveitandi getur hins vegar greitt hærri laun. Á

---

[1] *Myth and Measurement. The New Economics of the Minimum Wage*, Princeton University Press, 1995.

Íslandi er þannig samið um lágmarkslaun sem gilda um allt land og í öllum starfsgreinum.[1] Umræðan um lágmarkslaun fjallar ekki um þetta fyrirkomulag, heldur um lögbindingu lágmarkslauna, sbr. frumvarp Gísla Einarssonar o.fl. um hækkun lágmarkslauna í 85 þús. kr., er taka átti gildi 1. mars 1998. Víða erlendis háttar svo til að ekki er samið um lágmarkslaun með þeim hætti sem hér er gert og ekki eru til kjarasamningar sem gilda yfir landið og starfsgreinar. Í mörgum fræðiritum er ekki gerður greinarmunur á umsömdum lágmarkslaunum og lögbundnum. Á þessu er þó mikilvægur munur; annars vegar er um að ræða frjálsa samninga en hins vegar felur lögbinding í sér íhlutun um verðmyndun. Munurinn minnkar þó þegar samið er um lágmarkslaun í mjög miðstýrðum kjarasamningum þar sem áhrif einstakra fyrirtækja eða launþega eru lítil.

Lágmarkslaun í OECD-ríkjum.

Í nýjasta hefti OECD Employment Outlook[2] er ítarlega fjallað um lágmarkslaun og verður umfjöllun hér að talsverðu leyti byggð á þeirri heimild.

Lögbundin lágmarkslaun eru í gildi í 14 af 29 aðildarríkjum OECD. Þar á meðal eru öll nýju aðildarríkin í Austur-Evrópu og Asíu, en að þessum 5 ríkjum frátöldum eru 9 aðildarríki með lögbundin lágmarkslaun.

Fyrirkomulag lágmarkslauna er mjög mismunandi frá einu landi til annars, eins og tafla 1 sýnir. Meginatriðin sem þar koma í ljós eru eftirfarandi:

— Lágmarkslaun eru víðast ákveðin í samráði við samtök launþega og atvinnurekenda.
— Lágmarkslaun taka mið af verðlagi eða launum, en eru óvíða formlega bundin við þessa kvarða.
— Í Evrópu eru miklar undantekningar frá lágmarkslaunum fyrir einstaka hópa og einstakar greinar.
— Í Norður-Ameríku eru lágmarkslaun að mestu án undanþágna.
— Hlutfall lögbundinna lágmarkslauna og meðaltímakaups í iðnaði er að meðaltali um 39%.

Tvö aðildarríki, Bretland og Írland, munu lögbinda lágmarkslaun um mitt ár 2000. Lágmarkslaun voru lögbundin í ákveðnum atvinnugreinum í Bretlandi 1909 og lögð niður 1993, nema í landbúnaði.

Í töflu 1 hér að aftan kemur fram að víðast eru lög um lágmarkslaun gömul að stofni til. Þá kemur einnig fram að lágmarkslaun hafa verið sett á í kjölfar félagslegs umróts, svo sem kreppunnar í N-Ameríku, stríðsloka Evrópu, falls alræðisstjórna í Austur-Evrópu og víðar.

Kaupmáttur lágmarkslauna hefur á undanförnum áratug lækkað mjög í Bandaríkjunum, Kanada og Mexíkó. Í nokkrum Evrópuríkjum, einkum í Frakklandi, Lúxemborg og Póllandi, hefur kaupmáttur lágmarkslauna hins vegar aukist umtalsvert, og sömu þróunar hefur gætt í Japan og Kóreu. Hins vegar hafa lágmarkslaun lækkað verulega í nær öllum ríkjum OECD í hlutfalli við meðallaun.

Í töflu 1 kemur fram að lágmarkslaun eru að jafnaði 44% af meðaltímakaupi í iðnaði og um 39% af heildarlaunum. Þau eru hæst í Frakklandi, en nokkru lægri í Hollandi og Nýja-Sjálandi. Umræða um lágmarkslaun er fyrirferðarmikil í Bandaríkjunum og rannsóknastarfsemi á sviðinu lífleg. Í því sambandi er rétt að hafa í huga hversu lág lágmarkslaunin eru að

---

[1] Heimilt er þó að greiða iðnsveinum lægri laun og eins eru laun unglinga lægri.

[2] Making the most of the minimum: Statutory minimum wages, employment and poverty í *OECD Employment Outlook*, París, júlí 1998.

tiltölu við meðallaun þar í landi eða einungis 36–38% af meðallaunum. Til samanburðar við þessar tölur má nefna að lægstu umsamin laun á Íslandi á 2. ársfjórðungi 1997 námu 60,3% af meðaltímakaupi að tilliti teknu til eingreiðslna og 42,6% af heildarlaunum landverkafólks í ASÍ.

Lágmarkslaun og kjarasamningar.

Athyglisvert er að þau lönd sem ekki hafa lögbundin lágmarkslaun eiga það sameiginlegt að aðild að verkalýðsfélögum er víðtæk. Þessi ríki eiga það og sameiginlegt að kjarasamningar eru miðstýrðir. Þetta er sýnt í töflu 2. Þar kemur fram að ekkert Norðurlandanna lögbindur lágmarkslaun.

Ísland er ekki með í þessum samanburði, en samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands voru 86,8% launþega í stéttarfélögum og er Ísland því í 2. sæti meðal OECD-ríkja í þessu tilliti. Miðstýring er mjög mikil í kjarasamningagerð á Íslandi og samræming milli samninga mikil.

Það er því mjög freistandi að álykta að ástæða sé til að lögbinda lágmarkslaun í þeim löndum þar sem stéttarfélög eru veik til að vernda þá launþega sem utan þeirra standa. Jafnframt má álykta að víðtæk aðild að stéttarfélögum geri lögbindingu óþarfa.

Rök með og móti lágmarkslaunum.

Fylgismenn lágmarkslauna tefla yfirleitt fram rökum um félagslegt réttlæti máli sínu til stuðnings. Hagkvæmnisrökum er einnig til að tefla. Kenningin um afkastalaun (efficiency wages) tengja saman framleiðni og laun, þannig að hækkun launa geti leitt af sér aukna framleiðni. Þá hefur einnig verið bent á að hækkun lágmarkslauna að atvinnuleysisbótum óbreyttum hafi jákvæð áhrif á vinnuvilja.

Hefðbundin greining hagfræði á vinnumarkaði leiðir til eftirfarandi ályktana um áhrif lágmarkslauna:

— Lágmarkslaun draga úr atvinnu ungs fólks og lítt menntaðs fólks.
— Lágmarkslaun geta hindrað aðgengi ungs fólks að vinnumarkaðnum.
— Neikvæð áhrif á atvinnu eru mest í litlum opnum hagkerfum.
— Lágmarkslaun hafa lítil áhrif á fátækt þar sem atvinnuþátttaka meðlima fátækustu heimilanna er lítil.
— Hækkun lágmarkslauna leiðir til aukins launajafnaðar sem þannig getur dregið úr menntunarsókn.
— Með lækkun skatta eða breytingu bótakerfis má ná betri árangri við að auka atvinnu og bæta kjör hinna verst settu.

Þessi sjónarmið má sjá í mörgum ritum OECD.

Á það hefur verið bent að áhrif lágmarkslauna á atvinnustig sé háð forsendu um samkeppni á vinnumarkaði. Við skilyrði frjálsrar samkeppni munu laun ákveðast af jaðarafköstum vinnuafls. Samkeppnin mun hafa þau áhrif að einstakur atvinnurekandi hefur ekkert svigrúm til launabreytinga, þau ráðast alveg af markaðnum. Bjóði atvinnurekandi laun undir markaðslaunum munu allir starfsmenn segja upp, hann hefur heldur engan hag af því að hækka laun umfram markaðinn.

Ófullkomin samkeppni breytir ofangreindum niðurstöðum að verulegu leyti. Í ýtrasta tilviki háttar svo til að aðeins einn kaupandi er á markaðnum. Slík tilvik eru nefnd einkeypi. Þegar svo háttar til halda þær niðurstöður sem fást í frjálsri samkeppni ekki. Við slík skilyrði verða laun lægri en jaðarafköst. Atvinnurekandinn hefur svigrúm til launabreytinga, en hann tekur tillit til þess að hann þarf að hækka launin ef hann vill fá fleiri til starfa og því verður

atvinna minni hjá einkaupa en við skilyrði frjálsrar samkeppni. Hækkun lágmarkslauna getur aukið atvinnu hjá einkaupa, eins og Card og Krueger sýna fram á.

Við fyrstu sýn kann einkaupadæmið að virðast hrein undantekning. Svo þarf þó ekki að vera, því fyrirtæki geta haft umtalsverð áhrif á launin á einstökum mörkuðum og gagnvart starfsfólki sínu. Almennt hallast hagfræðingar þó fremur að því að líkan sem byggist á fullkominni samkeppni sé raunsönn lýsing á vinnumarkaðinum, einkum er til lengdar lætur. Þegar horft er til Íslands og launamyndunar hér á landi má bæta við rökum gegn hækkun lágmarkslauna.

— Hækkun lágmarkslauna leiðir til launaskriðs langt upp eftir launakerfinu og þegar til lengdar lætur breytast launahlutföll ekki.

Þegar þetta gerist koma áhrifin fremur fram í almennum launahækkunum og leiða hugsanlega til verðbólgu án þess að atvinna dragist saman. Þessi hefur því miður verið reynslan hér á landi af hækkun lágmarkslauna með kjarasamningum á umliðnum áratugum. Þótt launadreifing sýni að fáir taki lágmarkslaun, vegna alls konar yfirborgana, hefur hluti af launakjörum mun fleiri launþega verið tengdur lægstu töxtunum.

Niðurstöður rannsókna.

I. Áhrif á atvinnu.

Miklar empírískar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum lágmarkslauna á atvinnustig og þá einkum á atvinnu ungs fólks.

Í yfirlitsgrein Browns og fleiri[1] um þessar rannsóknir var komist að þeirri niðurstöðu að 10% hækkun lágmarkslauna mundi minnka atvinnu ungs fólks um 3%. Bók Cards og Kruegers er byggð á öðru líkani og annarri rannsóknaraðferð. Niðurstaða þeirra er sú að hækkun lágmarkslauna hafi lítil áhrif á atvinnu ungs fólks og að áhrifin séu fremur jákvæð en neikvæð.

Flestar rannsóknir á þessu sviði hafa verið gerðar á tímaröðum. Rannsókn Cards og Kruegers studdist hins vegar við „case studies" þar sem fylgst var með áhrifum af hækkun lágmarkslauna á atvinnu í fjölmörgum fyrirtækjum um nokkurt skeið. Þessi rannsóknaraðferð hefur verið gagnrýnd af mörgum. Bent hefur verið á að gagna í rannsókninni hafi verið aflað með símakönnunum, sem oft eru ónákvæmar, og að spurningar í könnuninni hafi verið ónákvæmar. Könnun á launagreiðslum fyrirtækja á sama svæði og í sömu atvinnugreinum leiddi í ljós nokkuð aðrar niðurstöður. Þá hefur einnig verið bent á að í óhefðbundnum aðferðum Cards og Kruegers felist erfiðleikar við að sýna fram á að ekki hafi komið til aðrir áhrifavaldar en launahækkun. Þá hefur verið bent á að áhrifin af hækkun lágmarkslauna á atvinnu komi fram að nokkrum tíma liðnum.[2]

Aðstæður eru misjafnar frá einu landi til annars. Í fyrrnefndri skýrslu OECD er gerð grein fyrir rannsókn OECD á áhrifum lágmarkslauna í níu aðildarríkjum. Niðurstaðan er sú að hækkun lágmarkslauna um 10% dragi úr atvinnu unglinga (15–19 ára) um 0–2% þegar Portúgal og Spáni er sleppt en um 3–6% ef þau lönd eru með. Áhrifin á atvinnu ungs fólks (20–24 ára) eru lítil sem engin, og alls engin hvað varðar atvinnu fólks á aldrinum 25–54 ára.

---

[1] Brown, C., Gilroy, C. og Cohen, A. (1982), „The Effect of the Minimum Wage on Employment and Unemployment", *Journal of Economic Literature*, júní, bls. 487–528.

[2] Sjá m.a. yfirlit í *Economist* apríl 1995 og greinar í *American Economic Review*, maí 1995.

Í áðurtilvitnuðu riti OECD eru birtar helstu niðurstöður fjölda rannsókna á áhrifum lágmarkslauna á atvinnu. Af 24 tilfærðum rannsóknum var niðurstaða 14 að hækkun lágmarkslauna drægju úr atvinnu ungs fólks, í tveimur var niðurstaða sú að atvinna sumra hópa minnkaði en annarra ekki, í fjórum var niðurstaðan sú að hækkun hefði engin áhrif og í fjórum rannsóknanna var niðurstaðan sú að hækkun lágmarkslauna yki atvinnu ungs fólks.

II. Áhrif á tekju- og launajöfnun.

Ef hækkun lágmarkslauna leiðir einvörðungu til þess að þeir launþegar sem eru síst framleiðnir missa vinnuna, verða áhrif hækkunar lágmarkslauna þau að launajöfnuður minnkar. Þetta virðist ekki vera reynslan í aðildarríkjum OECD. Launadreifingin jafnast, því þeir sem áður voru á lágmarkslaunum fá hærri laun og laun þeirra sem voru áður heldur yfir lágmarkslaunum hækka einnig, en áhrif eru lítil sem engin á þá sem eru með enn hærri laun.
Rétt er að taka það skýrt fram að þessar rannsóknir eru miðaðar við litlar breytingar á lágmarkslaunum, en um hækkun þeirra um tugi prósenta gegnir allt öðru máli.

Rannsóknir OECD sýna þrátt fyrir þetta að á fátækustu heimilunum eru ekki margir með lágmarkslaun. Þetta skýrist af því að fáir á fátækustu heimilunum eru vinnandi. Unglingar eða ungt fólk sem þiggja lágmarkslaun búa oft á heimilum þar sem fjölskyldutekjur geta verið mjög háar. Eins eru áhrif hækkunar lágmarkslauna á ráðstöfunartekjur heimila í mörgum tilvikum lítil vegna áhrifa skatta og þó enn fremur bótakerfisins. Hér er um að ræða hina illræmdu fátæktargildru, þegar háir jaðarskattar og tekjutenging bóta koma í veg fyrir að ráðstöfunartekjur efnalítils fólki geti hækkað.

Niðurstaða.

Niðurstaða OECD í umfjöllun sinni um lágmarkslaun er þessi:

„Lögbundin lágmarkslaun hafa bæði kosti og galla. Þau geta komið í veg fyrir að laun falli niður fyrir félagslega óviðunandi mörk. Þau geta einnig aukið hvata til vinnu. Ef lágmarkslaun hafa veruleg áhrif á atvinnu er viðbúið að kostirnir verði vegnir upp. Áhrif lágmarkslauna til að bæta kjör hinna lægst launuðu fara einnig eftir samspili við önnur úrræði sem beitt er til að styðja við lágtekjuheimili.

Ekki er hægt að skera úr um með neinni nákvæmni hversu mikil áhrif lágmarkslaun hafa á atvinnustig þegar miðað við er við tiltölulega litlar hækkanir lágmarkslauna. Hins vegar er almennt samkomulag um að miklar hækkanir lágmarkslauna miðað við meðallaun muni draga úr atvinnu. Þótt niðurstöður stangist stundum á, eru líkur á að ungu fólki sé hætt við að missa vinnuna.“[1]

Þótt bók þeirra Cards og Kruegers hafi vissulega leitt til þess að margar forsendur hagfræðinga um lágmarkslaun hafi verið endurmetnar, virðast engu að síður nýlegar rannsóknir fremur hallast að því að jafnvel lítil hækkun lágmarkslauna geti haft skaðvænleg áhrif á atvinnu ungs fólks.

---

[1] Bls. 57, *OECD Employment Outlook.*

Tafla 1. Fyrirkomulag lögbundinna lágmarkslauna í OECD-ríkjum.

Land og ár sem lágmarkslaun voru tekin upp	Endurskoðun	Undanþágur og lægra lágmark vegna ungs fólks	Hlutfall lágmarkslauna og	
			meðaltímakaups í iðnaði	meðallauna með yfirvinnu og bónus
Bandaríkin (1938)	Hvorki tengd verðlagi né launum.	Lægri laun fyrir yngri en 20 ára fyrstu 90 daga þeirra í starfi.	36,1%	38,1%
Frakkland (1950; breytt 1970)	Einhliða ákvarðað m.t.t. verðlags og launa, skv. ákv. forskrift.	Undanþágur vegna öryrkja o.fl. Lægri laun fyrir 17–18 ára og þá sem starfað hafa stutt.	68,7%	57,4%
Holland (1968)	Þróun meðallauna, tillit til bóta.	Lægri laun fyrir 15–22 ára.	58,1%	49,4%
Japan (1959; breytt 1970)	Samráð við aðila vinnumarkaðar m.t.t. launa og verðs.	Undanþágur vegna öryrkja, lærlinga o.fl.	46,8%	30,8%
Kanada (1930–1950)	Hvorki tengd verðlagi né launum.	Undanþágur í einstökum fylkjum.	38,2%	39,6%
Kórea (1988; breytt 1990)	Samráð.	Starfsmenn í fyrirtækjum með færri en 10 starfsmenn. Lægri laun fyrir yngri en 18 og þá sem starfað hafa stutt.	30,7%	24,4%
Lúxemborg (1944)	Verðlag. Annað hvort ár miðað við laun og hagþróun.	Lægri laun fyrir 15–17 ára.		53,9%
Mexíkó (1917; breytt 1962)	Samráð.	Engar undanþágur.	27,6%	
Nýja-Sjáland (1945; breytt 1983)	Árleg.	Undanþágur vegna öryrkja o.fl. og lægri laun fyrir 16–19 ára.	52,8%	45,6%
Portúgal (1974)	Samráð, verðbólga og hagþróun.	Lægri laun fyrir yngri en 18 ára.	64,1%	
Pólland (1990)	Þrisvar til fjórum sinnum á ári, m.t.t. til útgjalda tekjulágra, verðbólgu og hagþróunar.	Engar undanþágur.		44,6%
Spánn (1963; breytt 1976)	Samráð, m.t.t. verðbólgu og hagþróunar	Lægri laun fyrir yngri en 18 ára.	40,6%	32,4%
Tékkland (1991)	Hvorki tengd verðlagi né launum.	Lágmarkslaun eiga bara við þá sem ekki taka laun skv. kjarasamningum.		21,2%
Tyrkland (1971)	Samráð.	Lægri laun fyrir yngri en 16 ára.	27,7%	
Ungverjaland (1977; breytt 1976)	Samráð.		40,7%	37,4%
Óvegið meðaltal			44,3%	39,6%

Heimild: ***OECD Employment Outlook*****, júlí 1998.**

Tafla 2. Verkalýðsfélög og kjarasamningagerð í nokkrum ríkjum OECD.

	Hlutfall launþega í verkalýðsfélögum		Miðstýring[1]	Samræming[2]
	Hlutfall %	Sæti	Sæti	Sæti
Með lögbundin lágmarkslaun				
Kanada	38%	8	16	16
Frakkland	9%	19	5	9
Japan	24%	16	16	1
Holland	26%	15	5	9
Nýja-Sjáland	30%	12	16	16
Portúgal	32%	11	5	9
Spánn	19%	17	5	9
Bandaríkin	16%	18	16	16
Ekki með lögbundin lágmarkslaun				
Ástralía	35%	9	14	15
Austurríki	42%	6	1	1
Belgía	54%	5	1	9
Danmörk	76%	3	5	6
Finnland	81%	2	1	6
Þýskaland	29%	13	5	1
Ítalía	39%	7	5	4
Noregur	58%	4	1	4
Svíþjóð	91%	1	5	9
Sviss	27%	14	5	6
Bretland	34%	10	14	16

Heimild: *OECD Employment Outlook*, júlí 1997.

[1] Með miðstýringu er átt við á hvaða vettvangi samið er um laun. Um þrjá meginvettvanga er að ræða. Í fyrsta lagi er um að ræða samninga milli heildarsamtaka sem taka til allra atvinnugreina og allra landshluta. Í öðru lagi er um að ræða samninga milli einstakra stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda um laun einstakra stétta eða atvinnugreina og loks í þriðja lagi samninga um laun í einstökum fyrirtækjum milli stjórnenda og stéttar- eða starfsmannafélaga.

[2] Í mörgum löndum eru kjarasamningar gerðir í einstökum fyrirtækjum, en mikil samræming er milli þeirra, sem ýmist er vegna samráðs milli atvinnurekenda eða stéttarfélaga.

797. Frumvarp til laga [487. mál]

um breyting á lögum almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Flm.: Gísli S. Einarsson.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, örorkustyrkja, barnalífeyris og bóta í fæðingarorlofi.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 11. gr. orðast svo: Fullur árlegur ellilífeyrir skal vera 85% af lágmarkslaunum samkvæmt lögum um lágmarkslaun og greiðist þeim einstaklingum sem átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. mgr.

3. gr.

1. málsl. 3. mgr. 12. gr. orðast svo: Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera 85% af lágmarkslaunum samkvæmt lögum um lágmarkslaun og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, sbr. þó 4. mgr.

4. gr.

1. málsl. 1. mgr. 15. gr. orðast svo: Fæðingarstyrkur skal vera 85% af lágmarkslaunum samkvæmt lögum um lágmarkslaun á mánuði í sex mánuði og greiðast móður við hverja fæðingu barns, sbr. þó 2. mgr. og ákvæði þessarar greinar um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum.

5. gr.

Á eftir orðinu „fæðingarorlofi“ í 3. málsl. a-liðar 1. mgr. 16. gr. kemur: eða fá greiddan fæðingarstyrk skv. 15. gr.

6. gr.

17. og 18. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

7. gr.

Orðin „heimilisuppbót“, „sérstök heimilisuppbót“ og „frekari uppbætur“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

8. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþegar makabætur sem nema fullum grunnlífeyri almannatrygginga.

9. gr.

9. og 10. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1999.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um lágmarkslaun, sem lagt er fram á þessu þingi gerir ráð fyrir því að lágmarkslaun verði ekki lægri en 88.000 kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu. Með þessu frumvarpi eru lagt til að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga verði einfaldaðar og lífeyrisþegum greidd 85% af lágmarkslaunum til framfærslu á mánuði, eins og þau eru ákveðin á hverjum tíma og munu lífeyrirsgreiðslur því fylgja öllum breytingum á lágmarkslaunum. Lagt er til að flestar aukagreiðslur til lífeyrisþega verði felldar niður þar sem grunnlífeyrir verður hækkaður. Flutningsmaður vill jafnframt vekja athygli á nauðsyn þess að endurskoða almannatryggingalöggjöfina í heild sinni sem allra fyrst.

Með breytingum á lögum um almannatryggingar er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrir verði ákveðið hlutfall af lágmarkslaunum eins og þau eru á hverjum tíma en í stað þess verði tekjutrygging skv. 17. og 18. gr. felld niður. Þá er lagt til að fæðingarstyrkur skv. 15. gr. verði líka ákveðinn sem hlutfall af lágmarkslaunum og fæðingardagpeningar ekki greiddir öðrum en þeim sem hvorki njóta launa né fæðingarstyrks í fæðingarorlofi.

Með breytingum á lögum um félagslega aðstoð er á sama hátt gert ráð fyrir að makabætur skv. 5. gr. verði hækkaðar þannig að þær nemi fullum grunnlífeyri almannatrygginga í stað þess að heimilt sé að greiða allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt er lagt til að heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót skv. 9. gr. og frekari uppbætur skv. 10. gr. falli niður þar sem lífeyrisgreiðslur hafa verið hækkaðar verulega.

798. Fyrirspurn [488. mál]

til forsætisráðherra um réttindi heyrnarlausra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra tryggja þau sjálfsögðu mannréttindi þeirra Íslendinga sem eru heyrnarlausir eða heyrnarskertir að fylgjast með almennri stjórnmálaumræðu fyrir Alþingiskosningarnar í vor?

799. Fyrirspurn [489. mál]

til dómsmálaráðherra um réttindi heyrnarlausra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra fyrir Alþingiskosningarnar í vor framfylgja gagnvart heyrnarlausum og heyrnarskertum því ákvæði kosningalaga að stjórnvöldum sé skylt að kynna þá sem eru í framboði?

800. Fyrirspurn [490. mál]

til félagsmálaráðherra um réttindi heyrnarlausra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra tryggja þann rétt sem heyrnarlausir og heyrnarskertir eiga samkvæmt meginreglum Sameinuðu þjóðanna til að fá upplýsingar og fylgjast með stjórnmálaumræðu fyrir komandi Alþingiskosningar?

801. Fyrirspurn [491. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skort á hjúkrunarfræðingum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa þar sem fram hefur komið að á þriðja hundrað hjúkrunarfræðinga vantar til starfa?
2. Telur ráðherrra að úr brýnustu þörf megi bæta með aukinni menntun sjúkraliða?

802. Fyrirspurn [492. mál]

til samgönguráðherra um rannsóknir á sjóslysum m.s. Víkartinds og m.s. Dísarfells.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvað líður rannsóknum á sjóslysum m.s. Víkartinds og m.s. Dísarfells og hvenær má vænta niðurstöðu þeirra?

803. Fyrirspurn [493. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tóbaksvarnir á vinnustöðum.

Frá Magnúsi Árna Magnússyni.

1. Hver eru rökin fyrir því að veitinga- og skemmtistaðir landsins, sem eru jafnframt í mörgum tilvikum fjölmennir vinnustaðir, eru undanþegnir reglum um reykingabann skv. 9. gr. laga nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996?
2. Hvers á fólk sem hefur menntað og ráðið sig til þjónustustarfa og annarra starfa er krefjast viðveru á slíkum stöðum að gjalda í þessum efnum?
3. Viðurkennir heilbrigðisráðuneytið rétt starfsfólks veitinga- og skemmtistaða til skaðabóta frá ríkinu vegna þessarar mismununar þegar það fær sjúkdóma sem rekja má til óbeinna reykinga?

Skriflegt svar óskast.

804. Fyrirspurn [494. mál]

til samgönguráðherra um fast mánaðargjald fyrir símnotkun.

Frá Magnúsi Árna Magnússyni.

Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir því að Landssíminn hf. bjóði upp á hóflegt fast mánaðargjald fyrir ótakmarkaða símnotkun til að renna frekari stoðum undir netnotkun landsmanna og auðvelda sókn þeirra á markaði sem eru að opnast því sviði?

805. Tillaga til þingsályktunar [495. mál]

um aðgerðir til að bæta tengsl atvinnulífs og einkalífs.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að setja fram tillögur um aðgerðir sem auðveldi fólki að samræma betur en nú atvinnulíf og einkalíf. Verði tillögurnar unnar í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélög, Skrifstofu jafnréttismála og kvennasamtök.

Tillögurnar skulu m.a. taka til:

a. vinnutíma og sveigjanleika á vinnumarkaði,
b. leyfis vegna veikinda barna,
c. lengingar fæðingarorlofs kvenna og karla,

d. hvatningar til karla um að þeir nýti rétt sinn til fæðingarorlofs og leyfis vegna veikinda barna,
e. hvatningar til karla um að þeir sinni betur uppeldis- og heimilisskyldum sínum,
f. hvatningar til vinnuveitenda um að sýna foreldrum ungra barna meiri skilning og sveigjanleika í skipulagi vinnunnar,
g. nauðsynlegra úrbóta í launamálum kvenna,
h. þjónustu við fjölskyldur vegna barna og aldraðra,
i. skólatíma barna,
j. möguleika til samveru, tómstundastarfs og menningarlífs,
k. möguleika fólks til endurmenntunar,
l. fræðslu um hlutverk og ábyrgð foreldra,
m. fræðslu um jafnrétti á heimilum,
n. hlutverks atvinnurekenda og stéttarfélaga við að skapa betra vinnuumhverfi og bættar aðstæður fólks til að samræma einkalíf og atvinnu.

Tillögur skulu lagðar fram innan árs og þeim hrint í framkvæmd á næstu fjórum árum.

Greinargerð.

Í umræðu sem nú fer fram víða um heim um verkefni kvennabaráttunnar ber einna hæst kröfur um aðgerðir af hálfu opinberra aðila og vinnumarkaðarins í heild sem verða megi til að auðvelda fólki að samræma betur en nú atvinnulíf og einkalíf. Þegar bandaríski femínistinn Gloria Steinem var spurð hvert hún teldi vera mikilvægasta baráttumál kvennahreyfinga á næstu 25 árum nefndi hún fyrst jafnrétti á heimilunum. Hún sagði að undanfarin 25 ár hefði umræðan um stöðu kynjanna einkum snúist um jafna möguleika utan veggja heimilanna, úti á vinnumarkaðinum, en að jafnrétti þar næðist aldrei nema jöfnuður ríkti í verkaskiptingu á heimilum.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 1998–2001 um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna er vikið að tengslum atvinnulífs og fjölskyldulífs (liður 3.12) og er þar gert ráð fyrir rannsókn á viðhorfum karla og kvenna, sem og atvinnurekenda. Það er gott og blessað en dugar allt of skammt. Annars staðar á Norðurlöndum er mikið rætt um samhengi atvinnu og einkalífs og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bæta tengslin þar á milli. Slíkum aðgerðum er ætlað að minnka vinnuálag á konum með því að hvetja til jafnari verkaskiptingar á heimilum og þar með að fá karla til að sinna hlutverki sínu sem heimilisfeður (feður) betur og sjá til þess að þeir hafi til þess svigrúm, auk þess að koma til móts við gjörbreytta fjölskylduhætti. Litið er á slíkar aðgerðir sem leið til jafnréttis á heimilum og sem aðgerð til að bæta stöðu barna.

Í allri stefnumótun sem varðar daglegt líf fólks er mikilvægt að átta sig á mismunandi fjölskyldugerðum og því að börn og fullorðnir verði að geta sinnt bæði atvinnu og einkalífi hvernig sem fjölskyldan er. Þá er einnig brýnt að samræma betur atvinnulíf og einkalíf til að tryggja öryggi barna og draga úr andlegu álagi, svo og vegna fjölbreytilegra hlutverka sem einstaklingar þurfa að sinna í lífi sínu. Hægt er að draga úr slíku álagi með aukinni samvinnu innan fjölskyldna, sveigjanleika á vinnumarkaði, bættri félagsþjónustu o.fl. Síðast en ekki síst gætu slíkar aðgerðir orðið til að draga úr upplausn og sundrungu fjölskyldna sem er eitt þeirra einkenna nútímasamfélaga sem einkum bitna á börnum.

Á vettvangi Evrópusambandsins eru tengsl atvinnulífs og einkalífs mjög til umræðu, bæði sem hluti af jafnréttisáætlun sambandsins og þáttur í félagsmálastefnu þess. Ástæða umræðunnar er sívaxandi atvinnuþátttaka kvenna sem breytir öllum aðstæðum á heimilum og um leið þörfinni fyrir þjónustu við fjölskyldur. Evrópusambandið hefur beint sjónum að þeim

miklu breytingum sem eru að verða á samsetningu fjölskyldna um alla Evrópu. Þeim heimilum þar sem aðeins býr einn fullorðinn með eða án barna fjölgar stöðugt. Þá fjölgar einstæðum foreldrum jafnt og þétt, hópur aldraðra fer sístækkandi og hjónaskilnaðir færast í vöxt. Um leið fer barneignum fækkandi. Kannanir sýna að einstaklingum sem búa einir er hættara en öðrum við að lenda út af beinu brautinni. Hér á landi má m.a. sjá þetta í tölum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar þar sem einhleypir karlar eru stærsti hópur þeirra sem njóta félagslegrar aðstoðar. Þá má ekki gleyma hópum fólks sem samfélagið þarf að gefa sérstakan gaum, svo sem fötluðum, öldruðum og útlendingum sem hér setjast að. Eitt af hlutverkum stjórnvalda er að bregðast við slíkum breytingum, marka stefnu og finna leiðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf, auk þess að upplýsa almenning og efla umræður um þróun samfélagsins.

Samkvæmt könnun Hagstofunnar á heimilum hér á landi voru þau árið 1998 samtals 89.900. Á tæplega fjórðungi heimila býr aðeins einn. Á öðrum fjórðungi heimila búa tveir fullorðnir með börn undir 16 ára aldri, en á tæplega 38% heimila búa fleiri en tveir fullorðnir. Þessar tölur sýna að heimili með foreldri/foreldra og börn yfir 16 ára aldri eða önnur samsetning fullorðinna er algengasta tegund heimila hér á landi. Óhætt er að fullyrða að miklar breytingar hafa orðið á samsetningu fjölskyldna ef litið er til lengri tíma og að þær hafa haft gífurlegar afleiðingar fyrir líf fólks. Brýnt er að draga breytingarnar fram í dagsljósið, gera sér grein fyrir afleiðingum þeirra og orsökum og grípa til nauðsynlegra aðgerða til að bæta mannlífið, ekki síst með hag barna í huga.

Vinnutími hefur löngum verið lengri hér en gengur og gerist í öðrum Evrópulöndum. Einkum hefur vinnutími karla utan heimilis verið langur, en þeim konum sem vinna fullan vinnudag utan heimilis fjölgar stöðugt. Þar við bætist öll sú ólaunaða vinna sem unnin er innan heimilanna og hvílir enn að meiri hluta á herðum kvenna. Langur vinnutími þýðir að gengið er á þær stundir sem fólk hefur til samvista við fjölskyldu sína eða vini utan vinnutíma. Óhætt er að fullyrða að íslenskir karlmenn hafa löngum átt lítinn frítíma og að það hefur bitnað á samskiptum við fjölskyldur þeirra. Greinilegt er að kröfur karlmanna um að fá tíma fyrir fjölskylduna, hvort sem það er við fæðingu barns eða síðar, aukast stöðugt og er það vel. Fregnir að utan herma að æ erfiðara verði að fá fólk til að sinna störfum sem kalla á miklar fjarvistir eða röskun á heimilishögum og að það eru karlmennirnir sem láta ekki lengur bjóða sér slík býti. Við þessu þarf samfélagið að bregðast og koma betur til móts við fjölskyldurnar.

Eftir því sem rannsóknum á heilsufari fólks fleygir fram kemur æ betur í ljós hve góð hvíld, hæfileg hreyfing og gott félagslíf eru öllum nauðsynleg. Til þess að ná æskilegu jafnvægi milli vinnu og frístunda, hvernig sem þær eru nýttar, þarf breytingar á vinnumarkaðinum og aukinn skilning á sveigjanleika, bæði hvað varðar vinnutíma og þjónustu sem snýr að einkalífi fólks.

Það er ekki nægjanlegt að einblína á vinnutíma fullorðinna, einnig þarf að skoða vinnutíma og frístundir barna og kanna hvað þeim er boðið upp á og hvernig auðvelda má þeim að samræma nám, frístundastarf, menningu og fjölskyldulíf, t.d. með betra skipulagi.

Launamál í landinu eru sérstakur kapítuli út af fyrir sig, ekki síst það mikla launamisrétti milli karla og kvenna sem viðgengst. Ljóst er að lág laun og langur vinnutími kemur illa niður á þeim fjölskyldum sem búa við slíkar aðstæður, ekki síst einstæðum foreldrum og börnum þeirra. Nefnd Sameinuðu þjóðanna sem kannaði hvernig Íslendingar hafa staðið við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna benti á misrétti sem börn einstæðra foreldra búa við hér á landi sökum bágra aðstæðna. Slíkt á ekki að líða og þær verða síst til að hjálpa fólki að ná æskilegu jafnvægi milli atvinnu og einkalífs.

Þannig mætti fara yfir fleiri þætti sem snúa að atvinnu og einkalífi fólks. Í tillögugreininni er vikið að flestum þeim þáttum sem þarf að kanna og nauðsynlegt er að taka á til að auðvelda fólki að bæta tengsl einkalífs og atvinnulífs. Hér er um það að ræða að ríkisvaldið marki stefnu sem nái til sem flestra hópa samfélagsins, leitað verði samvinnu við sveitarfélög, atvinnurekendur og stéttarfélög í landinu, m.a. með það í huga að þessir aðilar semji í ríkari mæli en gert hefur verið um langt skeið um félagslegar aðgerðir sem bæta lífsgæðin. Þess má geta hér að Evrópusambandið hefur beint því til aðila vinnumarkaðarins innan Evrópusambandsins að þeir semji oftar en hingað til um möguleika fólks til endurmenntunar þar sem augljóst er að þörf fyrir endurmenntun verður æ brýnni í nánast öllum atvinnugreinum.

Eitt af hlutverkum ríkisvaldsins er að leggja fram upplýsingar um breytingar og þróun samfélagsins þannig að einstaklingar, skólar, stéttarfélög, vinnuveitendur og aðrir sem hafa áhrif á daglegt líf fólks taki mið af þeim og bregðist við.

Annað hlutverk sem ríkisvaldið hefur tekið að sér og á að sinna er að stuðla að sem mestu jafnrétti þegnanna, ekki síst jafnrétti karla og kvenna. Því miður er víða pottur brotinn í þeim efnum hér á landi sem annars staðar og því þörf margvíslegra aðgerða. Í tillögugreininni er vikið að fjölmörgum atriðum sem snerta stöðu kynjanna, enda löngu ljóst að besta aðferðin til að bæta tengsl atvinnu og einkalífs, og þar með að tryggja öryggi og velferð barna, er að jafna sem mest aðstöðu kynjanna. Í því felst m.a. að útrýma launamisrétti og vekja karlmenn til vitundar um uppeldis- og heimilisskyldur þeirra. Síðast en ekki síst er það skylda ríkisvaldsins að taka til í eigin ranni og vekja aðila vinnumarkaðarins af þungum svefni, þannig að þeir stefni inn í 21. öldina sem hluti af samfélagi sem virðir jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna, samfélagi sem telur sitt æðsta hlutverk að tryggja börnum gott og gjöfult líf.

806. Tillaga til þingsályktunar [496. mál]

um rannsókn á ofbeldi gegn börnum.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er undirbúi og hafi umsjón með rannsókn á orsökum, umfangi og afleiðingum hvers kyns ofbeldis gegn börnum.

Nefndin geri tillögur um úrbætur og gangi frá skýrslu um málið sem lögð verði fyrir Alþingi. Nefndin hugi sérstaklega að bættri skráningu ofbeldis og því hvernig greiningu er háttað á því ofbeldi sem börn eru beitt.

Greinargerð.

Vorið 1994 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um rannsóknir á heimilisofbeldi, svo og öðru ofbeldi gegn konum og börnum á Íslandi, eins og segir í fyrirsögn ályktunarinnar. Nefnd var sett á laggirnar og vann hún mikið starf við að kanna heimilisofbeldi, fyrst og fremst það ofbeldi sem konur eru beittar. Nefndin skilaði skýrslu um málið og í framhaldi af henni voru gerðar þrjár skýrslur til viðbótar þar sem bent var á nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr heimilisofbeldi.

Víðtæk rannsókn á hvers kyns ofbeldi gegn börnum hefur ekki farið fram hér á landi, en að dómi flutningsmanns er nauðsynlegt að greina á milli ofbeldis gegn konum annars vegar og börnum hins vegar. Þar er ekki um sama félagslega fyrirbærið að ræða. Þegar um ofbeldi gegn börnum er að ræða geta bæði konur og karlar verið gerendur og því á ekki að blanda

saman rannsókn á þessum tveimur hópum. Hjá börnum bætist við hinn hræðilegi glæpur sem kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er, en það fer oftast mjög leynt og kemst iðulega ekki upp fyrr en mörgum árum eftir að því er lokið. Má í því sambandi minna á heimsfræga kvikmynd Danans Thomasar Winterbergs „Veisluna", þar sem segir frá því er fjölskylda brotnar niður frammi fyrir staðreyndum um kynferðislega misnotkun föður á tveimur börnum sínum sem átti sér stað nokkrum áratugum áður en sagan er sögð.

Á undanförnum árum hefur athyglin beinst nokkuð að kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, meðferð dómstóla og annarra á slíkum málum, sem og að meðferð og stuðningi við þolendur. Könnun var gerð á sínum tíma á umfangi kynferðisafbrota gagnvart börnum. Könnunin leiddi í ljós mun alvarlegra ástand en menn höfðu gert sér grein fyrir. Að meðaltali komu upp í kringum 100 tilvik á ári, eða 560 tilvik alls á árunum 1992–96. Nýlega var opnað „Barnahús" þar sem fengist verður við meðferð barna sem orðið hafa fyrir kynferðisbrotum og er það mikil framför. Því miður hafa fjölmörg mál sem snerta kynferðislega áreitni eða ofbeldi gegn börnum komið til kasta dómstóla á undanförnum árum. Aðrar tegundir ofbeldis hafa ekki verið kannaðar með svipuðum hætti, s.s. ofbeldi í skólum, ofbeldi sem börn beita hvert annað, ofbeldi á götum úti og ofbeldi, annað en kynferðislegt, sem foreldrar eða forráðamenn beita börn sín. Okkur vantar því greinargóðar upplýsingar til að heildarmyndin af ofbeldi gegn börnum verði skýr.

Á 122. þingi lagði flutningsmaður þessarar tillögu fram fyrirspurn um ofbeldi gegn börnum eins og það birtist á stærstu heilbrigðisstofnunum okkar. Tölurnar sem fram komu í svarinu voru ógnvænlegar, en í ljós kom að skráningu upplýsinga var stórlega ábótavant og greining á ofbeldi gegn börnum í skötulíki. Það má því ljóst vera að mikil nauðsyn er á að bæta skráningu og greiningu þeirra tilvika þar sem virðist um ofbeldi að ræða, að ekki sé minnst á þjónustu og ráðgjöf til þeirra barna sem beitt eru ofbeldi. Þá þarf að kanna meðferð dómstóla á hvers kyns ofbeldisbrotum gegn börnum og refsingar fyrir þau. Allir þeir sem vinna með börnum þurfa á fræðslu að halda og það þarf að minna borgara þessa lands á þá skyldu að koma börnum til varnar ef grunur er um misnotkun eða ofbeldi af einhverju tagi.

Flutningsmaður telur að hér sé um mjög brýnt mál að ræða, enda á ekkert samfélag að þola illa meðferð á börnum, sama af hvaða tagi hún er. Því er þessi tillaga flutt.

807. Tillaga til þingsályktunar [497. mál]

um úttekt á framtíðarstöðu og þýðingu almannatryggingakerfisins.

Flm.: Magnús L. Sveinsson, Árni M. Mathiesen, Sólveig Pétursdóttir,
Katrín Fjeldsted, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að láta gera ítarlega úttekt á framtíðarstöðu og þýðingu almannatryggingakerfisins, m.a. með tilliti til setningar laga um lífeyrissjóði á síðasta ári.

Greinargerð.

Á síðustu missirum hefur farið fram ítarleg umræða í þjóðfélaginu um lífeyris- og tryggingamál. Er það í rökréttu samhengi við almenna þróun þessara mála hér á landi og víða um heim.

Fyrirsjáanleg veruleg mannfjölgun í heiminum á næstu árum og áratugum, sérstaklega í vanþróuðu ríkjunum, samfara hlutfallslegri aukningu aldraðra í aldurssamsetningu íbúa jarðarinnar, krefst nýs mats á stöðu aldraðra, sem og yngra fólks, sem verður kjarni þess vinnuafls sem stendur undir stöðugt þyngri framfærslubyrði. Þó að hægt sé að mæta mikilli og aukinni framfærsluskyldu sem fram undan er með nútímalegri uppbyggingu söfnunarlífeyrissjóða ásamt sérsparnaði á það enn langt í land í ríkjum OECD.

Lífslíkur fólks í heiminum hafa aukist meira á síðustu 50 árum en á næstu 5000 árum þar á undan (Foreign Affairs, jan/febr. 1999). Fram undir iðnbyltinguna miklu í Evrópu og Norður-Ameríku á síðari hluta 19. aldar var fólk 65 ára og eldra 2–3% af öllum íbúum jarðarinnar, eftir því sem næst verður komist. Samkvæmt skýrslu forsætisráðherra um stöðu eldri borgara hérlendis og erlendis, sem lögð var fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi, var meðaltalshlutfall 65 ára og eldri í OECD-ríkjunum 14% árið 1996. Spáð er að árið 2030 verði þetta hlutfall orðið 22,5%. Ísland er nokkuð fyrir neðan meðaltalið og er gert ráð fyrir að á þessum tíma muni hlutfall aldraðra hér á landi hækka úr 11,5% í 18,8%. Þetta þýðir að árið 2030 verða 3,3 á vinnualdri á hvern lífeyrisþega, samanborið við 6,6 nú. Af þessum tölum sést að mikil hlutfallsleg fjölgun lífeyrisþega verður á næstu áratugum. Því er nauðsynlegt að bregðast við henni í tíma til að tryggja sem best að lífeyrisþegar geti búið við sómasamleg kjör þegar þeir hverfa af vinnumarkaðinum.

Tryggingar, eftirlaun og aðrar tryggingagreiðslur til aldraðra, eru mjög mikilvægur þáttur í velferðarþjóðfélagi. Í hinum háþróuðu ríkjum innan OECD hafa forráðamenn þegar gert sér grein fyrir þýðingu þess að tryggingakerfi viðkomandi ríkja verði eflt. Horfa menn þá helst til svonefnds tveggja stoða kerfis, þ.e. almannatrygginga á vegum hins opinbera og sjálfstæðra lífeyrissjóða, einkum samtryggingarsjóða. Enn hefur ekki náðst endanleg sátt um hvernig þessi tvö tryggingakerfi starfi hlið við hlið. Skapar það nokkra óvissu fyrir meginþorra fólks sem þegar er orðið 65 ára og eldra og einnig fyrir hina fjölmennu árganga á bilinu 50–65 ára sem munu koma með auknum þunga inn í kerfi eftirlaunatrygginga á næstu árum.

Þó að Íslendingar eigi því láni að fagna að aðilar vinnumarkaðarins hafa af fyrirhyggju stofnað lífeyrissjóði á grundvelli samtryggingar á síðustu áratugum er fjarri því að þessir sjóðir geti einir staðið undir þeirri skyldu að veita almennum launþegum fullnægjandi lífeyri að lokinni starfsævi. Auk þess hefur fjöldi fólks ekki greitt í lífeyrissjóð fyrr en nú á þessu ári samkvæmt nýjum lögum. Þá hefur stefna hins opinbera í skattamálum mikil áhrif á hversu stór hluti greiðslu til lífeyrissjóðsins skilar sér í vasa lífeyrisþegans þegar hann ætlar að njóta þess sem hann hefur lagt til hliðar af launum sínum til að tryggja að hann geti búið við mannsæmandi lífskjör að lokinni starfsævi.

Þá er ekki síður mikilvægt að réttur fólks til greiðslna úr almannatryggingakerfinu sé ekki skertur á jafnranglátan hátt og nú. Með sköttum greiða allir ákveðið iðgjald sem samkvæmt anda laga um almannatryggingar skapar rétt til óskerts grunnlífeyris. Ákvæði um tekjutengda skerðingu felur í sér að hópur fólks nýtur engra eftirlauna hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að almannatryggingakerfið verði endurskoðað í ljósi þeirrar þróunar sem hefur orðið á Íslandi í uppbyggingu lífeyrissjóða. Heildarendurskoðun hefur ekki enn farið fram, þótt nokkuð hafi verið fjallað um suma þætti almannatrygginga.

Almannatryggingakerfið á Íslandi er afar flókið og því dýrt í rekstri. Nauðsynlegt er að gera það einfaldara og skilvirkara. Almannatryggingar munu um langa framtíð skipa varanlegan sess í eftirlaunamálum fólks. Enn er langt í land að lífeyrissjóðirnir geti tekið við hlutverki almannatryggingakerfisins. Flestir almennu lífeyrissjóðirnir eru ungir að árum og fjöldi

fólks hafði ekki greitt í lífeyrissjóð fyrr en frá síðustu áramótum. Mikilvægt er að allir sitji við sama borð varðandi rétt á bótum úr almannatryggingakerfinu. Þeir sem á undanförnum árum hafa greitt tiltekna upphæð til lífeyrissjóða búa við skertar eftirlaunagreiðslur hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna tekjutengingar. Þeir sem ekkert hafa greitt til lífeyrissjóðs fá hins vegar fullar bætur. Hér er verið að hegna þeim sem hafa sýnt fyrirhyggju og látið hluta af launum sínum renna til lífeyrissjóða.

Með tilliti til þess sem að framan greinir, er nauðsynlegt að ítarleg könnun verði gerð á stöðu þessara mála nú. Á grundvelli hennar verði gerðar áætlanir um greiðslur úr hinu tvíþætta tryggingakerfi, þ.e. almannatryggingakerfinu og lífeyrissjóðum, með það að meginmarkmiði að fólki sé ekki mismunað með greiðslum úr almannatryggingakerfinu og eftirlaun nægi til að mæta þörfum fólks til að lifa sómasamlegu lífi.

808. Svar [390. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið fjárframlagi af óskiptum lið 01-190 1.90 Ýmis verkefni að fjárhæð 7,4 millj. kr. í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Á fjárlagalið 01-190 1.90 er færður kostnaður vegna ýmissa verkefna sem forsætisráðuneytið hefur með höndum og eru þau breytileg milli ára. Á árinu 1998 hefur verið gjaldfært á umræddan fjárlagalið reglubundið framlag til Þróunarfélags Reykjavíkur að fjárhæð 1,3 millj. kr., kostnaður við sérfræðistörf og nefndir sem starfa eða hafa starfað á vegum ráðuneytisins 1,4 millj. kr., laun fyrir ýmis störf á vegum ráðuneytisins 2,7 millj. kr., ýmis kostnaður vegna þjónustu við fyrrverandi forseta Íslands 0,8 millj. kr. og styrkur í landssöfnunina Rauð fjöður 0,5 millj. kr. auk annarra smávægilegri útgjalda.

809. Svar [389. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 01-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Eftirfarandi verkefni fengu framlag af ráðstöfunarfé ráðherra á árinu 1998:

1. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 200 þús. kr. vegna stuðnings við nautgriparækt á Grænlandi.
2. Íþróttasamband lögreglumanna, 150 þús. kr.
3. Björgunarsveitin Fiskaklettur, 150 þús. kr. vegna fjallgönguleiðangurs á Ama Dablam.

810. Frumvarp til jafnréttislaga. [498. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið laganna.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. gæta jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins,
b. vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu,
c. gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf,
d. bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu,
e. efla fræðslu um jafnréttismál,
f. greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni,
g. efla rannsóknir í kynjafræðum.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

2. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara nema annars sé sérstaklega getið. Í umboði félagsmálaráðherra annast Skrifstofa jafnréttismála, úrskurðarnefnd jafnréttismála og Jafnréttisráð daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

3. gr.
Skrifstofa jafnréttismála.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Skrifstofu jafnréttismála til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn skrifstofunnar og ræður starfsfólk hennar.

Verkefni Skrifstofu jafnréttismála eru m.a. að:

a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
c. veita stjórnvöldum, stofnunum, einstaklingum og félögum ráðgjöf,
d. koma ábendingum og tillögum um aðgerðir um jafnréttismál á framfæri við félagsmálaráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld,
e. auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
f. fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
g. vinna með jafnréttisnefndum sveitarfélaga,
h. leita sátta milli einstaklinga eða hópa annars vegar og fyrirtækja eða stofnana hins vegar í ágreiningsmálum sem skrifstofunni berast og varða ákvæði laga þessara,
i. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Úrskurðarnefnd jafnréttismála.

Félagsmálaráðherra skipar úrskurðarnefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Félagsmálaráðherra skipar einn án tilnefningar en Hæstiréttur tilnefnir tvo, formann og varaformann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Verkefni úrskurðarnefndar jafnréttismála er að taka til meðferðar, rannsaka og kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin, sbr. VI. kafla þeirra.

Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal úrskurðarnefnd leita umsagnar frá heildarsamtökum launþega og viðsemjendum þeirra áður en úrskurður er kveðinn upp.

Niðurstöður úrskurðarnefndar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds.

Úrskurðarnefnd jafnréttismála skal árlega gefa út úrskurði sína.

Úrskurðarnefnd jafnréttismála ræður sér starfsfólk og skal kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðast úr ríkissjóð.

5. gr.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd jafnréttismála.

Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök eða samtök fólks í eigin nafni fyrir hönd félagsmanna, sem telja að ákvæði laga þessara hafi verið brotin, geta leitað atbeina úrskurðarnefndar jafnréttismála. Úrskurðarnefnd getur enn fremur þegar sérstaklega stendur á tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingum annarra og kveðið upp úrskurð.

Erindi skulu berast nefndinni skriflega innan sex mánaða frá því að meint brot á lögum þessum lá fyrir, frá því að ástandi sem talið er brot á lögunum lauk eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um meint brot. Sé leitað rökstuðnings á grundvelli ákvæða stjórnsýslulaga tekur fresturinn að líða þegar sá rökstuðningur liggur fyrir. Úrskurðarnefnd getur þegar sérstaklega stendur á ákveðið að taka erindi til umfjöllunar þótt liðinn sé framangreindur frestur, þó aldrei ef liðið er meira en ár. Erindi telst nægjanlega snemma fram komið ef bréf sem hefur það að geyma hefur borist nefndinni eða verið póstlagt áður en fresturinn er liðinn.

Úrskurðarnefnd getur að höfðu samráði við málshefjanda sent mál til sáttameðferðar hjá Skrifstofu jafnréttismála.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefndinni skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund. Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum frá nefndinni.

6. gr.

Viðmið við mat á hæfni.

Við mat á því hvort ákvæði 25. og 26. gr. laganna hafi verið brotin skal taka mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu.

7. gr.

Jafnréttisráð.

Jafnréttisráð skal skipað sjö mönnum. Félagsmálaráðherra skipar fjóra þeirra í upphafi jafnréttisþings, þrjá að fengnum tillögum Háskóla Íslands, Kvenréttindafélags Íslands og Kvenfélagasambands Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Þrír skulu kosnir á jafnréttisþingi, sbr. 9. gr. Varamenn skulu skipaðir og kosnir á sama hátt. Jafnréttisráð ræður sér starfsmann og skal kostnaður við starfsemi ráðsins greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Hlutverk Jafnréttisráðs.

Jafnréttisráð skal stuðla að jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins og fjalla um hvaðeina sem lýtur að jafnréttismálum.

Ráðið skal undirbúa jafnréttisþing, sbr. 9. gr., og leggja fyrir það skýrslu um störf sín.

Á tveggja ára fresti skal ráðið vinna tillögu að stefnumarkandi áætlun til fjögurra ára og skal þar kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Tillagan skal lögð fyrir jafnréttisþing til umfjöllunar, sbr. 9. gr., og send félagsmálaráðherra, sbr. 10. gr.

Jafnréttisráð getur haft frumkvæði að sérstökum tímabundnum aðgerðum.

Jafnréttisráð er stjórnvöldum, stofnunum og félagasamtökum til ráðgjafar um jafnréttismál. Ráðið gerir m.a. tillögur til félagsmálaráðherra um leiðir til þess að gæta jafnréttissjónarmiða í stefnumótun stjórnvalda.

9. gr.

Jafnréttisþing.

Félagsmálaráðherra skal boða til jafnréttisþings að loknum alþingiskosningum og aftur að tveimur árum liðnum.

Jafnréttisþing er vettvangur þeirra sem fjalla um jafnréttismál. Á jafnréttisþingi skulu eiga sæti, auk Jafnréttisráðs, fulltrúar félagasamtaka og stofnana sem vinna að jafnréttismálum, aðilar vinnumarkaðarins, svo og aðrir sem ráðið telur að eiga skuli seturétt hverju sinni. Jafnframt skulu fulltrúar ráðuneyta, þingflokka á Alþingi og sveitarstjórna, svo og framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála, eiga rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk jafnréttisþings er að fjalla um jafnréttismál, m.a. tillögu Jafnréttisráðs að stefnumarkandi áætlun til fjögurra ára ásamt skýrslu um störf þess. Á jafnréttisþingum skulu kosnir þrír fulltrúar í Jafnréttisráð.

Formaður Jafnréttisráðs setur þingið og stýrir því uns það hefur kosið sér forseta. Þingið setur sér þingsköp. Jafnréttisráð skal semja reglur fyrir hvert jafnréttisþing þar sem kveðið er á um seturétt á þinginu, kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa. Reglurnar skal auglýsa með fullnægjandi hætti fjórum vikum fyrir upphaf jafnréttisþings. Verði ágreiningur um kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa skal málum vísað til úrskurðar á þinginu sjálfu.

Seta á jafnréttisþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði félagsmálaráðherra.

10. gr.

Þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum.

Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi, eigi síðar en ári eftir þingkosningar, tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs, sbr. 8. gr. Í áætluninni komi fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Samhliða framlagningu tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum og endurskoðunar hennar, tveimur árum síðar, skal félagsmálaráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

11. gr.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir skulu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa jafnréttisnefndir sem hafi með höndum jafnréttismál innan síns sveitarfélags samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla, fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum.

Jafnframt skal jafnréttisnefnd tilnefna tengilið við félagsmálaráðuneyti og Skrifstofu jafnréttismála.

12. gr.

Jafnréttisfulltrúar.

Sérhvert ráðuneyti skipar jafnréttisfulltrúa sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði ráðuneytisins.

13. gr.

Jafnréttisráðgjafar.

Félagsmálaráðherra er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa sem vinnur náið með félagsmálaráðuneyti og Skrifstofu jafnréttismála að jafnréttismálum á tilteknu sviði og/eða á tilteknu landsvæði.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur.

14. gr.

Vinnumarkaður.

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun til þriggja ára í senn. Þar skal m.a. kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 15.–18. gr. laga þessara.

15. gr.

Launajafnrétti.

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf.

Með launum í lögum þessum er átt við almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu sína.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun.

Með kjörum í lögum þessum er, auk launa, átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur samningsréttindi.

16. gr.

Laus störf, starfsþjálfun og endurmenntun.

Starf sem laust er skal standa opið jafnt konum og körlum.

Atvinnurekendur skulu tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

17. gr.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa atvinnulífs og fjölskylduaðstæðna starfsmanna, þar með talið að þeim sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

18. gr.

Kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og skólastjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað eða í skólum.

Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Ef yfirmaður eða skólastjórnandi er kærður vegna meintrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að ákvarða um vinnuskilyrði kæranda á meðan rannsókn málsins stendur yfir og skal næsti yfirmaður taka ákvarðanir er varða kæranda.

19. gr.

Auglýsingar.

Auglýsandi, og sá sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

20. gr.

Menntun og skólastarf.

Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skal leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- og kvennastörf.

Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerðar að kynjum sé ekki mismunað.

Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

Háskóli Íslands ber ábyrgð á framkvæmd 4. mgr. Að öðru leyti ber menntamálaráðherra ábyrgð á framkvæmd þessarar greinar og skal menntamálaráðuneytið fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi. Þá skal ráðuneytið fylgjast með að jafnréttis kynja sé gætt í íþrótta- og tómstundastarfi.

21. gr.

Þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera.

Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga skal hlutfall kynja vera sem jafnast þar sem því verður við komið.

Þar sem tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna tvo, konu og karl. Við skipun skal þess síðan gætt að skipting milli kynja sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. ef sérstakar ástæður leiða til þess að illmögulegt er að framfylgja þeim. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Ákvæði 2. og 3. mgr. fellur sjálfkrafa úr gildi að liðnum tíu árum frá gildistöku laga þessara.

22. gr.

Greining á tölfræðiupplýsingum.

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

IV. KAFLI

Bann við mismunun á grundvelli kynferðis.

23. gr.

Almennt bann við mismunun.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði, hvort heldur bein eða óbein, er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna eða karla til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna ekki ganga gegn lögum þessum. Þá teljast aðgerðir til að auka möguleika kvenna eða karla sérstaklega, til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum.

Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar.

24. gr.

Bann við mismunun í kjörum.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki sínu í launum og öðrum kjörum á grundvelli kynferðis þess.

Ef sýnt er fram á að kona og karl sem starfa hjá sama atvinnurekanda njóti mismunandi launa eða annarra kjara fyrir jafnverðmæt störf skal atvinnurekandi sýna fram á að munurinn skýrist af öðrum þáttum en kynferði þeirra.

25. gr.

Bann við mismunun við ráðningu og í vinnuskilyrðum.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kynferðis. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu. Þetta ákvæði gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

Ef leiddar eru líkur að beinni eða óbeinni mismunun vegna kynferðis við ráðningu, setningu eða skipun í starf, stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður eða vinnuskilyrði skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

26. gr.

Bann við brottrekstri.

Atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli laga þessara.

Atvinnurekandi skal jafnframt gæta þess að starfsmaður verði ekki beittur óréttlæti í starfi, svo sem með tilliti til starfsöryggis, starfskjara eða mats á árangri, á grundvelli þess að hafa kært kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

Ef leiddar eru líkur að því að gengið hafi verið gegn ákvæði þessu skal atvinnurekandi sýna fram á að brottrekstur eða meint óréttlæti grundvallist ekki á leiðréttingarkröfu starfsmanns eða kæru um kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun. Þetta gildir ekki ef brottreksturinn á sér stað meira en einu ári eftir að starfsmaðurinn setti fram leiðréttingarkröfu á grundvelli laga þessara.

27. gr.

Menntun.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Skólastjórnandi skal gæta þess að nemandi sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

28. gr.

Bann við afsölun réttar.

Óheimilt er að afsala sér þeim réttindum sem kveðið er á um í lögum þessum.

V. KAFLI
Upplýsingaskylda.

29. gr.
Upplýsingaskylda til Skrifstofu jafnréttismála.

Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum er skylt að veita Skrifstofu jafnréttismála hvers konar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi skrifstofunnar.

30. gr.
Upplýsingaskylda til úrskurðarnefndar jafnréttismála.

Úrskurðarnefnd jafnréttismála getur krafið einstök fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök og aðra þá er upplýst geta mál um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem úrskurðarnefnd setur.

Úrskurðarnefnd jafnréttismála getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem úrskurðarnefnd setur.

Úrskurðarnefnd jafnréttismála getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

VI. KAFLI
Viðurlög og réttarfar.

31. gr.
Málshöfðun.

Nú vill aðili ekki una úrskurði úrskurðarnefndar jafnréttismála. Getur hann þá höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum eftir því sem fyrir er mælt í 2. mgr.

Málshöfðun frestar réttaráhrifum úrskurðar, enda hafi aðili borið málið undir dómstóla með því að afhenda forstöðumanni dómstóls stefnu ásamt beiðni um að málið hljóti flýtimeðferð, innan tveggja mánaða frá birtingu úrskurðar.

32. gr.
Bætur fyrir fjártjón og miska.

Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, fégjald fyrir hneisu, óþægindi og röskun á stöðu og högum.

33. gr.
Sektir.

Brot gegn lögum þessum geta varðað sektum sem renna í ríkissjóð.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

34. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fær núverandi Jafnréttisráð ný verkefni, sbr. 8.gr., og starfar þar til nýtt Jafnréttisráð hefur verið skipað, sbr. 7. gr.

Við gildistöku laganna fellur niður umboð kærunefndar jafnréttismála. Skipa skal úrskurðarnefnd jafnréttismála sem tekur við verkefnum kærunefndar jafnréttismála.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra skipaði síðastliðið sumar nefnd sem falið var að endurskoða lög nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Nefndina skipuðu: Árni M. Mathiesen alþingismaður, Elín R. Líndal, formaður Jafnréttisráðs, Elsa S. Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, og Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri sem var formaður nefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar var Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

Umboð nefndarinnar til endurskoðunar laganna var rúmt en lögð var áhersla á að nefndin fengi athugasemdir og hugmyndir sem víðast að. Þá var nefndinni ætlað að skoða sérstaklega frumvörp sem lögð höfðu verið fram á síðasta þingi til breytinga á lögunum.

Meginástæðan fyrir endurskoðun laganna var tvíþætt, annars vegar þær breytingar sem orðið hafa í jafnréttismálum, jafnt breytingar á verkefnum og aðferðafræði, frá því að núgildandi lög tóku gildi og hins vegar sú staðreynd að þrátt fyrir lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur lítið miðað í jafnréttisátt á ýmsum mikilvægum sviðum samfélagsins. Því var auðsætt að við endurskoðunina þurfti bæði að athuga skipan jafnréttismála í stjórnsýslunni og afmörkun þeirra verkefna sem vinna skyldi að.

Nefndin lagði áherslu á að jafnréttismál þurfi að vera viðfangsefni beggja kynja, enda muni bæði kynin njóta góðs af auknu jafnrétti í samfélaginu. Fram til þessa hafa konur verið mun virkari í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna en undanfarin ár hafa karlar kveðið sér hljóðs og krafist réttar síns á eigin forsendum. Um er að ræða réttindabaráttu sem styður baráttu kvenna fremur en að hún gangi gegn henni og taldi nefndin mikilvægt að styrkja þessa þróun. Grunntónninn í jafnréttissamfélagi er að mati nefndarinnar að konum og körlum séu sköpuð jöfn tækifæri til að nýta krafta sína sjálfum sér og samfélaginu til góða og að fólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Í þessu sambandi er þó mikilvægt að hafa hugfast að sérstakt tillit til kvenna við þungun og barnsburð telst ekki mismunun.

Við samningu frumvarpsins var sérstaklega hugað að skyldum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist á grundvelli EES-samningsins. Tilskipanir Evrópusambandsins sem eru þegar orðnar hluti samningsins og varða efni frumvarpsins voru sérstaklega skoðaðar við gerð þess. Um er að ræða eftirtaldar tilskipanir: Tilskipun nr. 75/117 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna er varða beitingu meginreglunnar um sömu laun karla og kvenna, tilskipun nr. 76/207 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkun, sem og varðandi starfskjör, tilskipun nr. 92/85 um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti, tilskipun nr. 96/34 um rammasamning um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að og tilskipun nr. 97/80 um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis. Þá hafði nefndin alþjóðlega sáttmála, framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var í Peking 1995 og Norrænu samstarfsáætlunina í jafnréttismálum 1995–2000 til hliðsjónar við gerð frumvarpsins.

Norðurlönd eru í fararbroddi í jafnréttismálum og samstarf þeirra í málaflokknum hefur verið mikið um langt skeið. Þrátt fyrir samvinnuna er nokkur munur á hvernig tekið hefur verið á jafnréttismálum í þessum löndum. Alls staðar hefur þó verið komið á sérstakri skipan innan stjórnsýslunnar til að fjalla um jafnrétti kynjanna og sett hafa verið sérstök jafnréttis-

lög. Á undanförnum árum hafa flest landanna haft skipan sína og lög til endurskoðunar, enda er málum svipað komið annars staðar og hér, jafnrétti er ekki náð þrátt fyrir jafnréttislög og sérstakar stofnanir samfélagsins sem vinna að jafnréttismálum. Við gerð frumvarpsins hafði nefndin sérstaklega til hliðsjónar lög og skipan jafnréttismála annars staðar á Norðurlöndum.


Nefndin sendi bréf til jafnréttis- eða félagsmálanefnda sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og félags- og hagsmunasamtaka sem látið hafa sig jafnréttismál varða og bað um athugasemdir við gildandi jafnréttislög og hugmyndir sem nýst gætu við endurskoðun þeirra. Nefndinni barst fjöldi athyglisverðra athugasemda sem hafa komið að gagni við vinnu hennar. Þá var þingflokkum stjórnarandstöðunnar boðið að koma á fund nefndarinnar. Þingflokkar Kvennalista, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks þáðu ekki boðið en Kristín Ástgeirsdóttir kom á fund nefndarinnar og lagði henni til ýmsar gagnlegar hugmyndir. Enn fremur fékk nefndin á sinn fund þingmennina Hjörleif Guttormsson og Guðnýju Guðbjörnsdóttur til að ræða sérstaklega frumvörp sem þau hafa lagt fram á Alþingi til breytinga á núgildandi lögum.

Sigurður Tómas Magnússon, formaður kærunefndar jafnréttismála, kom einnig á fund nefndarinnar til að ræða reynslu hans af núgildandi lögum varðandi starfsemi kærunefndarinnar. Við vinnslu frumvarpsins var leitað ráða hjá fjölda einstaklinga og stofnana, má þar helst nefna Hagstofu Íslands, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofu í kvennafræðum, dr. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.


Uppbygging frumvarpsins er ólík uppbyggingu núgildandi laga. Ákvæði um skipan jafnréttismála í stjórnsýslunni eru sett í sérstakan kafla, um réttindi og skyldur er fjallað í öðrum kafla og bannákvæði eru í sérstökum kafla. Þá eru í frumvarpinu sérkaflar um upplýsingaskyldu, viðurlög og réttarfar.

Lögð er til ný skipan jafnréttismála án þess að stofnunum verði fjölgað. Einnig er lagt til að unnið verði að nýjum verkefnum í málaflokknum og þar sem uppbygging frumvarpsins er verulega frábrugðin uppbyggingu núgildandi laga er lagt til að þau falli úr gildi verði frumvarp þetta að lögum.

Núverandi skipan:



Skipan samkvæmt frumvarpinu:



Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Lagt er til að jafnréttismálin heyri áfram undir félagsmálaráðuneytið en sérhvert ráðuneyti skipi jafnréttisfulltrúa sem hafi umsjón með jafnréttismálum á málasviði síns ráðuneytis og verði tengiliður við félagsmálaráðuneytið. Þetta er gert til að styrkja jafnréttisstarf á öllum sviðum samfélagsins, enda varðar jafnrétti kynjanna alla málaflokka ef grannt er skoðað. Ekki er gert ráð fyrir að ráða þurfi nýja starfsmenn í ráðuneytin vegna þessa heldur mætti fela einhverjum núverandi starfsmanna ráðuneytisins verkefnið.
2. Lagt er til að Skrifstofa jafnréttismála, sem samkvæmt núgildandi lögum er skrifstofa Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála, verði sérstök stofnun sem heyri undir félagsmálaráðuneytið og fái skilgreind verkefni. Meginbreytingin sem í þessu felst er að verkefnin sem samkvæmt núgildandi lögum eru á ábyrgð Jafnréttisráðs, sem skipað er fulltrúum hagsmunasamtaka og aðilum vinnumarkaðarins, verða falin stofnun til framkvæmda. Í ljósi þess að undanfarin ár hafa stjórnvöld í síauknum mæli ákveðið eða skuldbundið sig til að sinna ákveðnum verkefnum í jafnréttismálum þykir rétt að leggja til að jafnréttisstofnun stjórnvalda, Skrifstofa jafnréttismála, heyri beint undir ráðuneyti en sé ekki stjórnað af fjölskipaðri nefnd. Samkvæmt frumvarpinu flytjast verkefni Jafnréttisráðs til Skrifstofu jafnréttismála, sem auk þess fær skilgreint eftirlitshlutverk með framkvæmd laganna. Henni er sérstaklega ætlað að örva jafnréttisstarf karla og er enn fremur falið sérstakt sáttahlutverk í ágreiningsefnum sem skrifstofunni berast og varða ákvæði frumvarpsins.
3. Gert er ráð fyrir því að Jafnréttisráð sitji áfram, í breyttri mynd og sinni öðrum verkefnum en nú. Hið nýja Jafnréttisráð verði vettvangur hagsmunasamtaka og þeirra sem vilja leggja sitt af mörkum við stefnumörkun og ráðgjöf í jafnréttismálum. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi þrjá fulltrúa í ráðið að fengnum tilnefningum frá Háskóla Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Þrír fulltrúar í Jafnréttisráði verði síðan kosnir á Jafnréttisþingi sem félagsmálaráðherra boðar til annað hvert ár.

   Mikilvægt er að jafnréttismálum sé þannig fyrir komið í stjórnsýslunni að hugmyndir þeirra sem sérstaklega láta sig málaflokkinn varða skili sér og nýtist málaflokknum til framdráttar. Þá er mikilvægt að talsmenn sjónarmiða komi víða að og þaðan helst sem umræðan er frjóust, samhliða því að Jafnréttisráð miðli þekkingu sinni og reynslu í jafnréttisbaráttu þjóðarinnar. Kvenréttindafélagið og Kvenfélagasambandið hafa um áratuga skeið verið ötulust samtaka við að halda umræðunni um jafnréttismál lifandi og Háskóli Íslands, Rannsóknarstofa í kynjafræðum, hefur á undanförnum árum lagt drjúgt af mörkum í kynjarannsóknum sem hafa skilað mikilsverðum upplýsingum um líf kynjanna í samfélaginu. Þrjú sæti í Jafnréttisráði verða skipuð þeim sem til þess fá fylgi á Jafnréttisþingi og er þess að vænta að slík skipan verði til þess að örva fólk til dáða í jafnréttismálum.
4. Lagðar eru til gagngerar breytingar á jafnréttisþingi, boðun þess, hversu oft það kemur saman og á verkefnum. Lagt er til að félagsmálaráðherra boði til þingsins annað hvert ár og þingið kjósi þrjá fulltrúa í Jafnréttisráð. Þá er gert ráð fyrir að þingið fjalli um tillögu Jafnréttisráðs til ráðherra um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Jafnréttismál þurfa eðli máls samkvæmt í síbreytilegu samfélagi að vera til stöðugrar skoðunar og þess er vænst að breytt skipan jafnréttisþings verði til að gera jafnréttisumræðuna fjörugri, jafnframt því að vera vettvangur þar sem ráðherra og hagsmunahópar geta skipst á skoðunum.

5. Lagt er til að í stað kærunefndar jafnréttismála verði skipuð úrskurðarnefnd jafnréttismála sem kveða muni upp bindandi úrskurði. Þá eru meðferðarreglur úrskurðarnefndar skýrari og sönnunarreglur fyrir nefndinni þær sömu og fyrir dómstólum. Gert er mögulegt að úrskurðarnefndin geti í samráði við málshefjanda vísað málum til sáttameðferðar hjá Skrifstofu jafnréttismála. Í frumvarpinu er nýtt ákvæði um viðmið við mat á hæfni sem ætti að gera úrskurðarnefndinni og þeim sem til hennar leita auðveldara um vik að leggja mat á hvort um brot á lögum hafi verið að ræða. Ekki er gert ráð fyrir að úrskurðarnefndin, frekar en kærunefnd jafnréttismála, kveði upp úrskurði um bætur vegna fjártjóns eða miska. Sá sem vinnur mál fyrir úrskurðarnefndinni getur stefnt málinu fyrir dóm, krafist staðfestingar á úrskurðinum og grundvallað bótaábyrgð á honum. Sá sem tapar máli fyrir úrskurðarnefndinni getur, ef hann er ósáttur, krafist ógildingar á úrskurðinum og þar með fengið staðfest að hann hafi ekki gerst sekur um brot á jafnréttislögum. Úrskurðarnefndinni er ekki ætlað að standa að málshöfðun fyrir dómstólum eins og kærunefnd er ætlað samkvæmt núgildandi lögum.
6. Í frumvarpinu er lagt til að stjórnendum stofnana eða fyrirtækja þar sem fleiri en 25 manns starfa sé skylt að gera jafnréttisáætlanir sem taki m.a. til launa og almennra starfskjara. Ákvæði sem þetta er að finna í lögum annars staðar á Norðurlöndum og hefur sýnt sig að jafnréttisáætlanir eru kjörin leið til að þróa starfsemi stofnana og fyrirtækja í jafnréttisátt.
7. Í frumvarpinu er að finna ákvæði um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs er viðfangsefni í norrænni samvinnu, hjá Evrópuráðinu, Evrópusambandinu og hjá Sameinuðu þjóðunum. Með auknum kröfum kvenna um að vera fullgildir þátttakendur í atvinnulífinu og kröfu karla til að fá að njóta fjölskyldulífs hefur jafnréttisumræðan tekið á sig nýja mynd sem gæti skilað okkur í átt til samfélags sem hentar báðum kynjum og tekur tillit til fjölþættra þarfa og langana þegnanna allra.
8. Í frumvarpinu er kynferðisleg áreitni skilgreind og skilgreindar ákveðnar skyldur atvinnurekenda og skólastjórnenda til að koma í veg fyrir hana, svo og hvernig staðið skuli að meðferð máls komi slíkt upp á vinnustað eða í skóla.
9. Menntamálaráðherra er í frumvarpinu gert að fara með mál er varða menntun eins og verið hefur, en auk þess félags- og íþróttastarf. Sérstaklega er kveðið á um rannsóknir í kynjafræðum og er það í fyrsta sinn sem slíkt er gert í lögum. Rannsóknir í kynjafræðum eru rannsóknir á lífi og starfi kynjanna og stöðu þeirra í samfélaginu. Slíkar rannsóknir eru nauðsynlegur grunnur fyrir allt jafnréttisstarf.
10. Ákvæði í íslenskri löggjöf um hlut kynjanna í nefndum, stjórnum og ráðum hafa verið mun veikari en annars staðar á Norðurlöndunum og hlutur kvenna í þessum efnum er verulega lakari hér. Í frumvarpinu er lagt til að skerpt verði á ákvæðinu en jafnframt að það taki ekki til félagasamtaka. Um er að ræða sérstakt átak og að tíu árum liðnum er gert ráð fyrir að ekki sé þörf á ákvæði sem þessu í jafnréttislögum.
11. Í frumvarpinu er sérstakt ákvæði um greiningu tölfræðiupplýsinga eftir kynjum. Er þetta gert í ljósi þess hve mikilvægt það er í öllu jafnréttisstarfi að upplýsingar um stöðu kynjanna í samfélaginu séu nákvæmar og aðgengilegar. Á þetta hefur sérstaklega verið bent í samþykktum Sameinuðu þjóðanna og í Norrænu samstarfi.
12. Í frumvarpinu er skerpt á bannákvæðum gildandi laga varðandi kjör, ráðningu, vinnuskilyrði og brottrekstur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að markmið laganna verði að koma á jafnrétti og veita konum og körlum jöfn tækifæri. Jafnframt er það markmið laganna að allir einstaklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði, sbr. stefnuyfirlýsingu stjórnvalda í jafnréttismálum. Framangreind markmið eru í samræmi við mannréttindakafla stjórnarskrárinnar þar sem sérstaklega er kveðið á um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna.

Enn fremur er lagt til að lögfestar verði leiðir sem hafa skal til hliðsjónar við að ná markmiðum laganna. Lögð er áhersla á að jafnréttissjónarmiða verði gætt í starfi á öllum sviðum samfélagsins og um leið að unnið verði að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun þess. Konur og karlar hafa um margt ólíkar forsendur og reynslu. Því er talið nauðsynlegt að sjónarmið beggja kynja fái notið sín við stjórnun samfélagsins.

Jafnrétti kynjanna verður ekki komið á nema bæði konum og körlum verði sköpuð tækifæri til þess að samræma launavinnu og einkalíf, þar á meðal foreldrahlutverkið. Því er lagt til að samræming fjölskyldu- og atvinnulífs verði eitt af meginviðfangsefnum jafnréttisstarfsins. Nauðsynlegt er að tekið sé tillit til þess að bæði konur og karlar eiga börn og er mikilvægt að veita báðum kynjum jafna möguleika til að njóta og axla ábyrgð á uppeldi og umönnun jafnframt því að fá að taka virkan þátt í atvinnulífi.

Síðustu ár hafa komið fram nýjar áherslur í jafnréttismálum þar sem m.a. er lögð áhersla á að jafnréttismál séu mál samfélagsins í heild en ekki eingöngu sérstakt viðfangsefni kvenna. Þrátt fyrir þessar breyttu áherslur þykir enn nauðsynlegt að leggja sérstaka áherslu á bætta stöðu kvenna enda sýna kannanir og rannsóknir að á þær hallar.

Á undanförnum árum hefur þekking og reynsla þeirra sem látið hafa sig jafnréttismál varða aukist hraðfara. Mikilvægt er að sérþekking þessi nýtist í jafnréttisstarfi og því er lagt til að fræðsla um jafnréttismál verði efld til að ná markmiði laganna. Nauðsynlegt er að upplýsingum sé miðlað til almennings. Þá er einnig mikilvægt að kynna yfirmönnum og stjórnendum stofnana og fyrirtækja færar leiðir í átt til aukins jafnréttis. Grundvöllur markviss jafnréttisstarfs er að í samfélaginu séu til áreiðanlegar upplýsingar um stöðu kynjanna og því er lagt til að áhersla verði lögð á að greina tölfræðiupplýsingar eftir kynjum. Rannsóknir í kynjafræðum eru einnig mikilvægur grundvöllur fyrir markvissu jafnréttisstarfi og því lagt til að slíkar rannsóknir verði efldar.

Um II. kafla.

Kaflinn fjallar um stjórnsýslu jafnréttismála. Lagðar eru til gagngerar breytingar á skipulagi stjórnsýslu jafnréttismála frá því sem nú er og lög nr. 28/1991 kveða á um. Félagsmálaráðherra er þó áfram ætlað að hafa yfirumsjón með málaflokknum.

Lagt er til að stofnuð verði Skrifstofa jafnréttismála sem sjái um umfangsmikil verkefni sem mörg hver eru nú unnin af Jafnréttisráði og Skrifstofu jafnréttisráðs í umboði þess. Samkvæmt frumvarpinu lýtur skrifstofan ekki stjórn Jafnréttisráðs heldur heyrir hún beint undir félagsmálaráðuneytið. Þá er í frumvarpinu lagt til að félagsmálaráðherra skipi Jafnréttisráð að undangengnum tilnefningum og kosningum fulltrúa á jafnréttisþingi. Jafnréttisráð er samkvæmt frumvarpinu jafnsett Skrifstofu jafnréttismála innan stjórnsýslunnar.

Jafnréttisþingi er samkvæmt frumvarpinu, eftir sem áður, ætlað að vera vettvangur skoðanaskipta um jafnréttismál. Þinginu er með frumvarpinu mörkuð verkefni og kveðið er á um að félagsmálaráðherra boði til þingsins en ekki Jafnréttisráð eins og nú er.

Þá er lagt til að skipuð verði úrskurðarnefnd jafnréttismála sem koma mundi í stað kærunefndar jafnréttismála. Úrskurðarnefndin verði sjálfstæð stjórnsýslunefnd, skipuð á sama hátt og kærunefndin nú, en verkefni hennar verði að því leyti ólík verkefnum kærunefndarinnar að úrskurðarnefnd kveður upp fullnaðarúrskurði.

Í frumvarpinu er lagt til að Skrifstofa jafnréttismála, Jafnréttisráð og úrskurðarnefnd jafnréttismála starfi sem sjálfstæðar einingar. Samnýting starfs- og fundaraðstöðu gengur þó ekki gegn markmiðum frumvarpsins.

Til þess að stuðla að virku jafnréttisstarfi um allt land og á öllum sviðum samfélagsins er lagt til að sveitarstjórnir skipi jafnréttisnefndir, jafnréttisfulltrúar starfi í öllum ráðuneytum og að félagsmálaráðherra verði heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa til sérstakra verkefna.

Um 2. gr.

Lagt er til að yfirstjórn jafnréttismála verði áfram í höndum félagsmálaráðherra en aðrir ráðherrar fari með framkvæmd laganna á tilteknum sviðum þegar það er sérstaklega tekið fram. Lagt er til að Skrifstofa jafnréttismála, Jafnréttisráð og úrskurðarnefnd jafnréttismála annist daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

Um 3. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnun Skrifstofu jafnréttismála verði lögfest en undanfarin ár hefur skrifstofa Jafnréttisráðs og skrifstofa kærunefndar jafnréttismála skv. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 28/1991 verið starfrækt undir heitinu Skrifstofa jafnréttismála. Þá er lagt til að skrifstofan verði styrkt í sessi og að hún heyri beint undir félagsmálaráðuneytið.

Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi framkvæmdastjóra Skrifstofu jafnréttismála sem annist daglega stjórnun og ráði starfsfólk hennar.

Í 2. mgr. greinarinnar eru tiltekin þau verkefni sem lagt er til að Skrifstofa jafnréttismála annist, en upptalningin er þó ekki tæmandi. Nokkur þessara verkefna eru í núgildandi lögum á verksviði Jafnréttisráðs. Skv. 1. tölul. 16. gr. þeirra laga skal Jafnréttisráð vinna að því að efnisákvæðum laganna verði framfylgt. Hér er lögð til nokkur áherslubreyting í a-lið 3. gr. frumvarpsins þar sem fastar er kveðið að orði hvað varðar eftirlitshlutverk skrifstofunnar. B-liður 3. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 4. tölul. 16. gr. laga nr. 28/1991, en ekki þykir ástæða til að takmarka fræðslu- og upplýsingastarfsemi skrifstofunnar við félagasamtök og almenning eins og þar er gert. C-liður greinarinnar er efnislega samhljóða 3. tölul. 16. gr. laga nr. 28/1991 en lagt er til að ráðgjafarhlutverk skrifstofunnar nái einnig til einstaklinga en ekki einungis til stjórnvalda, stofnana og félaga. Efnisatriði d-, f-, g- og i-liða greinarinnar er að finna í 5., 7. og 8. tölul. 16. gr. gildandi laga, nr. 28/1991.

Auk þessara verkefna eru Skrifstofu jafnréttismála lögð til ný verkefni. Lagt er til í e-lið greinarinnar að Skrifstofan skuli auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi. Er þetta gert í ljósi breyttra áherslna í umræðu um jafnréttismál á undanförnum árum. Sjónum er nú í auknum mæli beint að stöðu karla og mikilvægi þess að þeir taki sjálfir þátt í að móta samfélag sem grundvallast á jafnrétti sem hentar báðum kynjum. Í h-lið greinarinnar er lagt til að skrifstofan leiti sátta milli aðila í ágreiningsmálum sem varða ákvæði frumvarpsins. Skrifstofunni getur m.a. borist beiðni um slíkt frá úrskurðarnefnd jafnréttismála, sbr. 3. mgr. 5.gr. frumvarpsins. Hér er um nýjung að ræða sem gerir málsaðilum mögulegt að ljúka deilumálum sínum án úrskurðar úrskurðarnefndar.

Um 4. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi úrskurðarnefnd jafnréttismála og að skipan hennar verði staðið á sama hátt og skipunar kærunefndar jafnréttismála, sbr. 19. gr. laga nr. 28/1991. Nefndin skal taka mál til meðferðar, rannsaka og kveða upp úrskurði. Ekki er lagt til að úrskurðarnefndin ákvarði um fjártjón og miska.

3. mgr. greinarinnar er samhljóða lokamálslið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 28/1991.

Lagt er til að úrskurðarnefndin verði sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem skeri úr ágreiningi milli málsaðila og að úrskurðir hennar verði fullnaðarúrskurðir. Þeir verði því ekki kæranlegir til æðra stjórnvalds. Hins vegar er lagt til að þá megi bera undir dómstóla, sbr. 31. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Ákvæðið er nýmæli en það varðar aðild, kærufresti og málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd jafnréttismála. Í 1. mgr. er sagt til um hverjir geti átt aðild að málum sem lögð eru til úrlausnar úrskurðarnefndar. Er þar jafnframt lagt til að nefndin geti að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingum annarra tekið mál til meðferðar og kveðið upp úrskurði.

Í 2. mgr. er lagt til að tekið verði upp sex mánaða frestur til að skila inn erindi til úrskurðarnefndar sem byrji að líða er meint brot liggur fyrir, frá því að ástandi sem talið er brot á lögunum lauk eða þegar sá er málið varðar fékk vitneskju um hið meinta brot. Undantekning er lögð til frá þessari meginreglu í 3. málsl. 2. mgr. þar sem getið er um eins árs frest þegar sérstaklega stendur á. Lagt er til að úrskurðarnefndin ákveði í hvaða tilvikum undantekningin á við, en hana ber að skýra þröngt. Enn fremur er lagt til að þegar rökstuðnings er leitað á grundvelli stjórnsýslulaga byrji fresturinn að líða þegar rökstuðningur liggur fyrir.

Í 3. mgr. greinarinnar er lagt til að úrskurðarnefnd geti að höfðu samráði við málshefjanda sent mál til sáttameðferðar hjá Skrifstofu jafnréttismála. Rétt þykir að leggja til slíka málsmeðferð enda má búast við að í einhverjum tilvikum geti það leitt til hraðari og átakaminni málsmeðferðar án þess að rýra rétt málshefjanda.

Í 4. mgr. er fjallað um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefndinni. Lagt er til að hún skuli að jafnaði vera skrifleg en þó geti nefndin kallað málsaðila á sinn fund. Að öðru leyti fari um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum nefndarinnar.

Um 6. gr.

Ákvæðið er nýmæli en reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt sé að tilgreina í lögum við hvað skuli miða er meta á hæfni umsækjanda eða starfsmanns þegar leysa á úr ágreiningi þar að lútandi. Mikilvægt er að um hlutlæg viðmið sé að ræða. Í greininni er lagt til að tekið verði mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem koma að notum í viðkomandi starfi. Lagt er til að öll hæfnisatriði sem tilgreind eru í lögum og reglugerðum varðandi viðkomandi starf verði metin.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að Jafnréttisráð verði skipað á annan veg en verið hefur. Gert er ráð fyrir að sjö manna Jafnréttisráð verði skipað í upphafi jafnréttisþings. Félagsmálaráðherra skipi fjóra í ráðið, þrjá að fengnum tillögum Háskóla Íslands, Kvenréttindafélags Íslands og Kvenfélagasambands Íslands og einn án tilnefningar. Þrír skulu síðan kosnir á jafnréttisþingi, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Varamenn skulu skipaðir og kosnir með sama hætti. Um málsmeðferð Jafnréttisráðs gildi almennar málsmeðferðarreglur stjórnsýslunefnda samkvæmt

stjórnsýslulögum. Er tilgangur þessarar nýju skipunar Jafnréttisráðs að aðilar úr ólíkum hópum samfélagsins geti verði virkir þátttakendur í stefnumótun jafnréttismála. Þannig má vænta þess að í kjölfarið verði jafnréttisumræðan opnari og öðlist viðurkenningu á fleiri sviðum samfélagsins. Eru þá líkur til að hún höfði til fleiri en verið hefur.

Um 8. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er Jafnréttisráði áfram ætlað að vera stefnumarkandi í jafnréttismálum. Er því gert að vinna tillögu að stefnumarkandi áætlun til fjögurra ára þar sem kveða skal á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Lagt er til að Jafnréttisráð sendi tillögu sína til félagsmálaráðherra eftir að fjallað hefur verið um hana á jafnréttisþingi, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Lagt er til að Jafnréttisráð undirbúi jafnréttisþing og leggi fyrir það skýrslu um störf sín. Jafnframt gegni Jafnréttisráð áfram ráðgjafarhlutverki á sviði jafnréttismála gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félagasamtökum.

Um 9. gr.

Í 10. tölul. 16. gr. núgildandi laga er Jafnréttisráði falið að halda jafnréttisþing a.m.k. á þriggja ára fresti. Með frumvarpi þessu er lagt til að jafnréttisþing verði haldið á tveggja ára fresti og að félagsmálaráðherra boði til þingsins, fyrst að loknum alþingiskosningum og síðan að tveimur árum liðnum. Þingið er vettvangur þeirra sem fjalla um jafnréttismál. Er nánar kveðið á um í greininni hverjir eigi rétt til setu á því, hlutverk þingsins og annað sem máli skiptir. Lögð er til sú breyting að jafnréttisþing fjalli um tillögu Jafnréttisráðs að stefnumarkandi áætlun um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Jafnframt yrði jafnréttisþingi, ef frumvarpið verður að lögum, gert að kjósa þrjá fulltrúa í Jafnréttisráð. Þessi breyting er lögð til í þeim tilgangi að stuðla að markvissari umræðu um jafnréttismál og gera áhugasömum kleift að vera þar virkir þátttakendur. Seta á jafnréttisþingi er ólaunuð en annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Um 10. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi jafnréttislaga. Sú nýbreytni er lögð til að gert verði að skilyrði að félagsmálaráðherra leggi þingsályktunartillögu um áætlun í jafnréttismálum fram eigi síðar en ári eftir Alþingiskosningar. Markmið þessa er að tryggja að hver ríkisstjórn geri jafnréttisáætlun í formi þingsályktunar sem gildi á kjörtímabili hennar. Um leið er komið í veg fyrir að jafnréttisáætlanir fráfarandi stjórnar gildi langt fram á kjörtímabil nýkjörinnar stjórnar þegar stjórnarskipti verða við alþingiskosningar.

Enn fremur er lögð til sú breyting að félagsmálaráðherra skuli ekki eingöngu leggja fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við endurskoðun skýrslunnar heldur einnig þegar þingsályktunartillagan um áætlun í jafnréttismálum er lögð fram á Alþingi. Markmiðið með þessu er að auðvelda þingmönnum sem og öðrum að fylgjast með hverju fram vindur í jafnréttismálum.

Um 11. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 13. gr. gildandi jafnréttislaga en orðalagi greinarinnar er breytt til að gera ákvæðið skýrara. Sú breyting er þó lögð til að felld verði út viðmiðun við 500 íbúa, en í stað þess skuli öll sveitarfélög skipa jafnréttisnefndir. Í þessu tilliti er vísað til heimildarákvæðis 41. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, um sameiningu nefnda. Þar er sveitarstjórnum gefin heimild til að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari

með verkefni á fleiri en einu sviði en eðli málsins samkvæmt á sú heimild fyrst og fremst við um fámennari sveitarfélög.

Lagt er til að jafnréttisnefnd tilnefni sérstakan tengilið við félagsmálaráðuneytið og Skrifstofu jafnréttismála. Hlutverk hans verði m.a. að afla nauðsynlegra upplýsinga sem félagsmálaráðuneytið og skrifstofan kalla eftir.

Um 12. gr.

Lagt er til að sérhvert ráðuneyti skipi jafnréttisfulltrúa sem fjalli um og hafi eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði tiltekins ráðuneytis.

Um 13. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 18. gr. gildandi jafnréttislaga. Lögð er til sú breyting að jafnréttisráðgjafar skuli vinna náið með félagsmálaráðuneyti og Skrifstofu jafnréttismála en ekki Jafnréttisráði eins og nú er. Það er í samræmi við verkaskiptingu sem lagt er til í frumvarpinu að verði á milli Skrifstofu jafnréttismála og Jafnréttisráðs.

Um 14. gr.

1. mgr. ákvæðisins er samhljóða 5. gr. gildandi jafnréttislaga. Í 2. mgr. þess er lagt til að gert verði að skilyrði að fyrirtæki og stofnanir sem hafa fleiri en 25 starfsmenn geri sér jafnréttisáætlun. Slík áætlun er markviss stefna og verkefnaskrá fyrirtækis eða stofnunar um hvernig jafnrétti kynja verði náð. Í áætluninni skulu m.a. tilteknar aðgerðir til að tryggja konum og körlum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, starfsþjálfunar og endurmenntunar. Jafnframt á slík jafnréttisáætlun að taka á vandamálum sem lúta að kynferðislegri áreitni. Síðast en ekki síst er jafnréttisáætlun leið til að koma á nauðsynlegum ráðstöfunum til að gera starfsmönnum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Líta má á jafnréttisáætlun sem hluta stefnumótunar og starfsmannastefnu fyrirtækis eða stofnunar. Þegar jafnréttisáætlun er gerð er mikilvægt að til sé úttekt á stöðu kynjanna innan fyrirtækja eða stofnana.

Meginmarkmiðið með jafnréttisáætlun er að atvinnurekendur geti nýtt sér hæfileika og færni allra starfsmanna sinna á sem bestan hátt um leið og þeim hindrunum sem geta verið í vegi bæði karla og kvenna er rutt úr vegi. Jafnréttisáætlun þarf að fylgja aðgerðaáætlun þar sem fram kemur hvernig og á hve löngum tíma markmiðum jafnréttisáætlunar skuli náð. Nauðsynlegt er að tryggja að reglubundið mat fari fram á framkvæmd jafnréttisáætlunar.

Um 15. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 4. gr. gildandi jafnréttislaga en orðalagi hennar hefur verið breytt til að gera ákvæðið skýrara. Í 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga segir að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og að þau skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Í 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins er lagt til að orðið „sambærileg“ verið fellt út. Með því er ekki lögð til efnisbreyting á ákvæðinu en núgildandi orðalag „jafnverðmæt og sambærileg“ hefur þótt óljóst. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að konur og karlar njóti sömu launa og sömu kjara fyrir sömu störf og fyrir ólík störf sem metin eru jafnverðmæt. Verðmætið skal ekki einvörðungu metið í fjármunum.

Enn fremur er lögð til sú breyting á skilgreiningu um laun í 2. mgr. 15. gr. að í stað orðalagsins „venjulegt grunn- og lágmarkskaup“ komi „almennt endurgjald“. Í núgildandi lögum eru jöfn laun karla og kvenna skilgreind í 3. mgr. 4. gr. Með þessu frumvarpi er lögð til breytt skilgreining á jöfnun launum karla og kvenna í 3. mgr. 15. gr. Með henni yrði atvinnu-

rekanda skylt að sjá til þess að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir bæði kynin og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun leiði hvorki beint né óbeint til kynbundins launamisréttis. 4. mgr. 15. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 4. mgr. 4. gr. gildandi laga. Í þeim tilgangi að gera ákvæðið skýrara er lagt til að orðalagið „auk launa“ verði fellt inn í málsgreinina. Undir kjör samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins falla m.a. fæðingarorlof, foreldraorlof og námsleyfi.

Um 16. gr.

1. mgr. ákvæðisins er samhljóða 7. gr. núgildandi laga.

2. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga en orðalagi hennar er þó breytt, í stað framhaldsmenntunar kemur endurmenntun og kveðið er á um skyldur atvinnurekanda.

Um 17. gr.

Lagt er til að atvinnurekandi geri nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þetta ákvæði er nýmæli og er í samræmi við stefnu Evrópubandalagsins, sem og markmið samstarfs Norðurlanda í jafnréttismálum. Ákvæði sama efnis er einnig í 27. gr. félagsmálasáttmála Evrópu.

Nauðsyn þess að slíkt ákvæði sé að finna í jafnréttislögum kemur einkum fram í því að sú hlutverkaskipting sem lengi hefur viðgengist hamlar báðum kynjum í einkalífi og á vinnumarkaði. Sú mikla áhersla sem í áranna rás hefur verið lögð á fyrirvinnuhlutverk karla skyggir á hlutverk og skyldur föður sem uppalanda. Vegna þessa og með aukinni atvinnuþátttöku kvenna hafa komið fram auknar kröfur um að atvinnurekendur geri ráðstafanir til að gera bæði körlum og konum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu sinni. Er því mikilvægt að vinnumarkaðurinn lagi sig að þeirri staðreynd að bæði kynin hafi á ákveðnu tímabili í lífi sínu ríkum skyldum að gegna gagnvart börnum og fjölskyldulífi. Með skyldum gagnvart fjölskyldu er ekki einungis átt við skyldur foreldra við börn sem eru háð þeim um afkomu heldur einnig við önnur náin skyldmenni sem augljóslega þarfnast umönnunar eða uppihalds.

Ein leiðanna að þessu markmiði er að auka sveigjanleika við skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að hagsmunir allra séu hafðir að leiðarljósi. Sem dæmi má taka að erfitt er fyrir foreldra ungra barna að vera á fundum á þeim tíma sem sækja þarf börn á leikskóla. Þá geta stjórnendur fyrirtækis hvatt foreldra til að skipta veikindadögum barns á milli sín ef þau eru bæði útivinnandi. Jafnframt er mikilvægt að auðvelda starfsmönnum að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Æskilegt er að setja fram aðgerðir sem stefna að settu marki í jafnréttisáætlanir fyrirtækja eða stofnana ef starfsmenn eru fleiri en 25. Í smærri fyrirtækjum eða stofnunum er nauðsynlegt að starfsmönnum sé kynnt stefnan á skýran og skilmerkilegan hátt.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að atvinnurekendum verði gert skylt að gera ráðstafanir sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Evrópusambandið hefur um margt verið leiðandi afl í baráttunni gegn kynferðislegri áreitni og hefur hvatt aðildarríki sín til að vinna ötullega að framgangi þessara mála. Ákvæði frumvarpsins er í samræmi við stefnu Evrópusambandsins í jafnréttismálum. Árið 1990 samþykkti ráðherranefndin ályktun um vernd mannvirðingar kvenna og karla á vinnustað. Þar er aðildarríkjum og stofnunum Evrópusambandsins gert að sjá til þess að atvinnurekendur beri ábyrgð á að kynferðisleg

áreitni líðist ekki á vinnustað. Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í 26. gr. félagssáttmála Evrópu um rétt til mannlegrar reisnar í starfi. Þar kemur fram að stuðla skuli að bættri meðvitund og upplýsingum um kynferðislega áreitni á vinnustað. Auk þess skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda launafólk fyrir slíkri háttsemi. Í þessu sambandi er almennt lögð mikil áhersla á ábyrgð atvinnurekanda og skólastjórnenda. Mikilvægt er að brugðist sé við af þekkingu og að tryggt sé að starfsfólk sé nægjanlega upplýst til að takast rétt og málefnalega á við vandann. Sem dæmi um sérstakar ráðstafanir sem atvinnurekendur og skólastjórnendur geta gert til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar í trúnaðarsambandi verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað og í skólum er m.a. að lýst sé yfir að allir starfsmenn eigi rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Jafnframt að gefið sé skýrt til kynna að kynferðislegri áreitni sé með öllu hafnað og verði ekki liðin og að starfsmenn sem verði fyrir slíkri framkomu hafi rétt til að kæra viðkomandi háttsemi. Nauðsynlegt er að stjórnendur taki ákveðið á málum í samvinnu við starfsmenn sína og hagsmunasamtök þeirra.

Víða í nágrannalöndunum hefur þótt ástæða til þess að setja sérstakar reglur um kynferðislega áreitni á vinnustað. Er tilgangur þeirra að koma í veg fyrir að fólki sé mismunað eftir kynferði þegar teknar eru ákvarðanir um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði. Í Svíþjóð hafa verið sett ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislög en í Noregi eru slík ákvæði að finna í lögum um vinnuvernd. Skilgreining á því hvað felist í kynferðislegri áreitni er vandasöm. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gert tillögur um leiðbeiningarreglur til verndar launþegum þar sem m.a. kynferðisleg áreitni er skilgreind. Sú skilgreining var lögð til grundvallar við gerð frumvarpsins. Megineinkenni kynferðislegrar áreitni er að um óvelkomna kynferðislega hegðun er að ræða að mati þess sem fyrir henni verður og að hegðuninni sé framhaldið þrátt fyrir að skýrt hafi verið gefið til kynna að hún sé óvelkomin.

Lagt er til að eitt tilvik geti talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt. Væri það úrskurðarnefndar jafnréttismála og dómstóla að meta hvenær tilvik telst falla undir 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Tilgangur 4. mgr. ákvæðisins er að tryggja kæranda vernd á meðan rannsókn stendur yfir. Þrátt fyrir að ekki sé átt við ákvörðun í því máli sem snýr beint að ákærunni þykir ástæða til að efast um hlutleysi viðkomandi yfirmanns eða stjórnanda í eftirfarandi samskiptum aðila málsins. Reynslan hefur sýnt að óvarlegt er að treysta dómgreind manns þegar málið varðar hann beint og verður að líta svo á að sama eigi við um mál þar sem sömu aðilar eiga í hlut á meðan rannsókn stendur yfir.

Um 19. gr.

Ákvæðið er samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Efni 1. og 3. mgr. greinarinnar er að finna í 1. mgr. 10. gr. gildandi laga, og 2. mgr. greinarinnar er samhljóða 2. mgr. sömu greinar. Hins vegar er 4. mgr. greinarinnar nýmæli, en þar er lagt til að þess skuli sérstaklega gætt að rannsóknir í kynjafræðum verði efldar og kynntar almenningi í gegnum skólastarf og fjölmiðla. Er þetta í samræmi við e-lið markmiðsgreinar frumvarpsins.

Í 5. mgr. er Háskóla Íslands falin ábyrgð á framkvæmd 4. mgr., en menntamálaráðherra ber að öðru leyti ábyrgð á framkvæmd greinarinnar. 3. málsl. 5. mgr. er nýmæli, en þar er sérstaklega lagt til að menntamálaráðuneytið fylgist með að jafnréttis kynja sé gætt í íþrótta- og tómstundastarfi.

Um 21. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga en orðalagi þess hefur verið breytt til að gera það skýrara. Lagt er til að ákvæðið taki ekki til félagasamtaka. Þá er lagt til að það eigi einungis við um þær nefndir, stjórnir og ráð sem tilnefnt er í en ekki sem kosið er til hlutfallskosningu. Enn fremur er lagt til að í 3. mgr. verði undantekningarákvæði ef aðstæður eru þær að illmögulegt sé að framfylgja 2. mgr. Ef frumvarpið verður að lögum þarf tilnefningaraðili að rökstyðja ástæður sínar fyrir frávikinu. Skýra ber 3. mgr. þröngt líkt og gildir um önnur undantekningarákvæði laga. Um er að ræða átaksverkefni til að jafna hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum og því er lagt til að það falli úr gildi að tíu árum liðnum frá gildistöku þess.

Um 22. gr.

Greinin kveður á um greiningu tölfræðiupplýsinga eftir kynjum. Eins og fram kemur í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er söfnun og meðferð upplýsinga um stöðu kynjanna í samfélaginu hornsteinn markviss jafnréttisstarfs. Í Norrænu samstarfi og starfi Sameinuðu þjóðanna að jafnréttismálum hefur ítrekað verið bent á mikilvægi þessa. Þó að margt hafi áunnist í þessum efnum hér á landi vantar enn nokkuð á að fullnægjandi upplýsingar um stöðu kynja á öllum sviðum samfélagsins séu tiltækar. Er mikilvægt að greining tölfræðiupplýsinga eftir kynjum verði sjálfsagður hluti opinberrar hagskýrslugerðar þar sem við á. Því þótti rétt að hafa þetta ákvæði í frumvarpinu. Ákvæðið tekur til söfnunar gagna, úrvinnslu þeirra og birtingar upplýsinga. Frá þessu getur þó þurft að víkja í sérstökum tilvikum, svo sem þegar í húfi eru hagsmunir er tengjast persónu manna, ef mjög fáir einstaklingar eiga í hlut eða ef ekki er hægt samkvæmt eðli máls að greina upplýsingar eftir kyni.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði er varða bann við mismunun vegna kynferðis. Bannið tekur bæði til beinnar mismununar og óbeinnar. Ákvæði er um almennt bann við slíkri mismunun og til að útrýma henni er áfram lögð til heimild til sérstakra tímabundinna aðgerða.

Um 23. gr.

Greinin er sambærileg 3. gr. gildandi laga, en lagðar eru til mikilvægar breytingar frá því sem nú er. Í gildandi lögum eru sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna ekki taldar ganga gegn þeim lögum. Sú breyting er gerð frá núgildandi lögum að lagt er til að heimilt verði að beita sérstökum tímabundnum aðgerðum til að rétta hlut karla jafnt sem kvenna, á tilteknum sviðum samfélagsins. Líklegt er þó að ákvæðinu yrði fyrst og fremst beitt í þágu kvenna þar sem enn er þörf margþættra aðgerða til að tryggja konum raunverulega jafnstöðu á við karla. Auk þess er lagt til að sérstakar tímabundnar aðgerðir sem auki möguleika kvenna eða karla á tilteknum sviðum samfélagsins verði ekki taldar ganga gegn jafnréttislögum enda sé til þeirra gripið til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna. Með þeirri viðbót er tekið á mikilvægum þætti jafnréttismála og í raun lögð til ný hugmyndafræði í aðgerðum stjórnvalda til að auka jafnrétti. Stjórnvöld eigi að standa að aðgerðum sem auki möguleika beggja kynja til að nýta krafta sína. Þannig gefi stjórnvöld einstaklingunum tækifæri til að þróa þjóðfélagið í átt til aukins réttlætis sem ræðst af vilja þegnanna og þá væntanlega til aukins jafnréttis kynjanna.

Í greininni er einnig lögð til sú breyting frá gildandi lögum að banni við óbeinni mismunun verði bætt inn í ákvæðið í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/80, um sönn-

unarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis. Skv. 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar er óbein mismunun talin vera fyrir hendi þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema að slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Augljósustu dæmi undantekningarinnar í niðurlagi skilgreiningarinnar eru störf leikara og baðvarða.

Um 24. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að 6. gr. gildandi laga verði skipt í tvennt. Ákvæði þessarar greinar er efnislega samhljóða 1. og 6. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 6. gr. gildandi laga en orðalagi breytt til að gera það skýrara. Í 2. mgr. er lagt til að sama sönnunarreglan gildi fyrir úrskurðarnefnd jafnréttismála og dómstólum. Lögð er til skipt sönnunarbyrði í þessum málum í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 87/80. Réttarfarsnefnd hefur fengið tilskipunina til skoðunar og er það niðurstaða hennar að hún sé í öllum meginatriðum í samræmi við ólögfestar grunnreglur um sönnun, sem íslenskir dómstólar beita við úrlausn einkamála, þar á meðal þeirra sem lúta að jafnrétti kvenna og karla. Því er skoðun nefndarinnar að ekki sé þörf á setningu sérstakra reglna á sviði réttarfars hér á landi við gildistöku tilskipunarinnar. Tilskipunin tekur til málsmeðferðar fyrir þar til bærum stjórnvöldum og dómstólum. Skv. 4. gr. hennar skulu aðildarríkin gera ráðstafanir sem tryggja að þeir sem telja sig misrétti beitta vegna kynferðis síns og geta sýnt fram á líkur á beinni eða óbeinni mismunun þurfi ekki að sanna að svo sé heldur sé það þá atvinnurekanda að sanna að meginreglan um jafnrétti kynja hafi ekki verið brotin. Kærandi verður þó fyrst að leggja fram gögn sem sýna fram á líkur á kynjamisrétti.

Um 25. gr.

1. mgr. ákvæðisins er efnislega samhljóða 2.–5. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. Lagt er til að við bætist að sama gildi um endurmenntun, starfsþjálfun og námsleyfi til samræmis við tilskipun Evrópubandalagsins um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör, nr. 76/207.

2. mgr. ákvæðisins er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 7. gr. gildandi laga.

3. mgr. ákvæðisins er efnislega samhljóða 2. mgr. 6. gr. en orðalagi breytt til að gera það skýrara. (Sjá athugasemdir við 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins.)

Um 26. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli og er tilgangur þess að vernda starfsmenn sem hafa lagt fram kröfu um leiðréttingu á grundvelli ákvæða frumvarpsins eða hafa kært kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun. Slíkt ákvæði er nauðsynlegt til þess að ákvæði frumvarpsins verði virk á þann hátt að sá sem telur sig misrétti beittan geti leitað réttar síns án þess að eiga á hættu frekari neikvæðar afleiðingar.

Um 27. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. gildandi laga en orðalagi þess hefur verið breytt í þeim tilgangi að gera það skýrara.

Í 2. mgr. er lagt til nýmæli í frumvarpi þessu og vísast til athugasemda við 26. gr. frumvarpsins um tilgang þess.

Um 28. gr.

Mikilvægt er að í lögum sem þessum sé skýrt kveðið á um að ekki sé hægt að afsala sér þeim rétti sem lögin kveða á um með samningum, loforðum eða á annan hátt.

Um 29. gr.

Lagt er til sérstakt ákvæði um upplýsingaskyldu til Skrifstofu jafnréttismála til þess að gera henni kleift að sinna störfum sínum skv. 3. gr. laganna. Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. tölul. 16. gr. núgildandi laga.

Um 30. gr.

Lagt er til að úrskurðarnefnd jafnréttismála geti við athugun einstakra mála krafið þá sem í hlut eiga um allar þær upplýsingar sem koma málinu við. Slík upplýsingaskylda til úrskurðarnefndar er nauðsynleg fyrir þá upplýsingaöflun sem fram þarf að fara við rannsókn mála í þeim tilgangi að tryggja að mál verði nægjanlega upplýst áður en úrskurður er upp kveðinn. Lagt er til að krefjast megi upplýsinga munnlega eða skriflega og skuli þær gefnar innan hæfilegs frests sem úrskurðarnefnd setur hverju sinni. Lagt er til að úrskurðarnefnd jafnréttismála geti krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Það kann að reynast nauðsynlegt fyrir rannsókn mála að hún fái í hendur frumgögn eða ljósrit af þeim. Getur verið um að ræða tölvugögn, bréfaskriftir og hvaðeina annað.

Í 3. mgr. er lagt til að úrskurðarnefnd jafnréttismála geti í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra. Samkvæmt þessu ákvæði á þagnarskylda annarra stjórnvalda ekki að hindra úrskurðarnefndina í rannsóknum sínum og á hún m.a. rétt á því að skoða og athuga skjöl og önnur gögn sem eru í vörslu viðkomandi stjórnvalda. Þetta á úrskurðarnefnd rétt á að gera hvort sem það þjónar hagsmunum eða starfsmarkmiðum þeirra stjórnvalda sem hafa skjölin eða gögnin í vörslu sinni eða ekki.

Um 31. gr.

Í þessari grein er fjallað um málshöfðun vilji aðili ekki una úrskurði úrskurðarnefndar jafnréttismála. Málshöfðun frestar réttaráhrifum úrskurðar hafi hann verið borinn undir dómstóla ásamt beiðni um flýtimeðferð skv. XIX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Það er gert með því að aðili afhendir forstöðumanni dómstóls stefnu ásamt skriflegri beiðni um að hún sé gefin út og málið hljóti flýtimeðferð, sbr. 2. mgr. 123. gr. laganna. Fyrirmynd að þessari leið er sótt í 18. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, og hefur sú tilhögun gefist vel. Lagt er til að frestur sé einungis tveir mánuðir svo að niðurstaða megi liggja fyrir sem fyrst. Búast má við að málsmeðferðin geti undir venjulegum kringumstæðum tekið innan við sex mánuði. Upphaf málshöfðunarfrests er miðaður við birtingu úrskurðar, sbr. 20. gr. stjórnsýslulaga.

Um 32. gr.

Greinin er samhljóða 22. gr. núgildandi laga.

Um 33. gr.

Greinin er nýmæli og kveður á um að brot á lögunum geti varðað sektum sem renni í ríkissjóð.

Um 34. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi ef frumvarpið verður samþykkt og að núgildandi lög, nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, falli úr gildi við gildistöku þeirra.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að núverandi Jafnréttisráð starfi þar til nýtt ráð hefur verið skipað að loknum alþingiskosningum. Jafnréttisráð starfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þá er lagt til að umboð kærunefndar jafnréttismála falli niður og skipuð verði úrskurðarnefnd jafnréttismála sem taki við verkefnum kærunefndarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til jafnréttislaga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Skrifstofa jafnréttismála, sem samkvæmt núgildandi lögum er skrifstofa Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála, verði sjálfstæð stofnun sem heyri undir félagsmálaráðuneyti og annist skilgreind verkefni. Gert er ráð fyrir að verkefnin verði að nokkru leyti önnur en falin eru núverandi Jafnréttisráði og má þar nefna eftirlit með framkvæmd laganna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á jafnréttisþingi, boðun þess og verkefnum auk þess sem þingið skal haldið annað hvert ár í stað þriðja hvers árs eins og verið hefur. Gert er ráð fyrir að þeir sem eiga rétt á að sækja þingið greiði allan kostnað fulltrúa sinna en annar kostnaður af þinghaldinu verði greiddur úr ríkissjóði. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að ráðuneytin skipi hvert fyrir sig jafnréttisfulltrúa sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði viðkomandi ráðuneytis. Þessi auknu verkefni eiga ekki að leiða til fjölgunar starfa. Í 22. gr. frumvarpsins er enn fremur kveðið á um að í opinberri hagskýrslugerð og í viðtals- og skoðanakönnunum skuli greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu upplýsinga nema sérstakar aðstæður mæli gegn því. Hagstofa Íslands getur uppfyllt þessi skilyrði án kostnaðarauka en einhver kostnaður getur fylgt birtingu kyngreindra upplýsinga. Vegna fleiri verkefna Skrifstofu jafnréttismála, tíðari jafnréttisþinga og aukinna verkefna innan ráðuneyta má gera ráð fyrir að útgjaldaauki ríkissjóðs geti numið um 1 m.kr. á ári verði frumvarpið að lögum.

811. Fyrirspurn [499. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmd laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig verður staðið að kynningu réttar til að hafna þátttöku í gagnagrunni á heilbrigðissviði gagnvart Íslendingum sem búsettir eru erlendis þannig að þeir séu meðvitaðir um

réttindi sín, sbr. 8. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, og geti auðveldlega notfært sér þau?
2. Hvaða ráðstafanir hafa íslensk stjórnvöld gert til að standa við ákvæði samningsins um verndun mannréttinda og mannlegrar reisnar, sem undirritaður var af Íslands hálfu 4. apríl 1997, að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði?
3. Hver verða meginatriði reglugerðar um þverfaglega siðanefnd til að meta rannsóknir innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem berast? Hefur nefndin verið skipuð og ef svo er, hverjir eiga sæti í henni?
4. Hvaða reglugerðir hafa verið settar á grundvelli laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði? Óskað er eftir að reglugerðir sem settar hafa verið fylgi svari ráðherra.

Skriflegt svar óskast.

812. Fyrirspurn [500. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslur frá rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu hátt gjald er áætlað að rekstrarleyfishafi greiði:
   a. fyrir rekstrarleyfið fyrsta árið,
   b. vegna starfs nefndar um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði,
   c. vegna annars kostnaðar sem tengist þjónustu og eftirliti með starfrækslunni?
2. Hversu háar greiðslur til ríkissjóðs er ráðgert að semja um við rekstrarleyfishafa, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 139/1998?

Skriflegt svar óskast.

813. Fyrirspurn [501. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um rekstraröryggi gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða skilyrði ætlar ráðherra að setja um varðveislu afrits af gagnagrunninum og tryggingar í því sambandi, sbr. 10. tölul. 5. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði?
2. Hverjir hafa verið skipaðir í nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði?

3. Hvernig verður háttað eftirliti með því að gagnagrunnur á heilbrigðissviði verði ekki fluttur úr landi og að úrvinnsla úr honum fari einungis fram hér á landi?

Skriflegt svar óskast.

814. Fyrirspurn [502. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um meðferð upplýsinga úr sjúkraskrám og gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hverjum er fyrir hönd heilbrigðisstofnana ætlað að samþykkja afhendingu upplýsinga sem unnar eru úr sjúkraskrám til rekstrarleyfishafa?
2. Verður leitað samþykkis fyrir afhendingu upplýsinga úr hverri einstakri sjúkraskrá eða á hvern hátt er gert ráð fyrir að afstaða verði tekin til slíkrar afhendingar?
3. Hver er að mati ráðherra eigandi að upplýsingum sem skráðar eru eftir sjúklingum og um sjúklinga í sjúkraskrár?
4. Hefur læknir skýlausan rétt til að hafna því að upplýsingar sem frá honum og sjúklingi hans eru komnar, hafa verið færðar í sjúkraskrá og eru hluti af trúnaðarsambandi læknis og sjúklings fari í gagnagrunn á heilbrigðissviði?
5. Þarf einstaklingur að mati ráðherra að hafa verið eða vera talinn sjúkur og leita sér lækninga til að tekið sé við ósk frá honum um að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði, sbr. 8. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði?
6. Verður eyðublað til úrsagnar úr gagnagrunni á heilbrigðissviði sent á hvert heimili í landinu eða á annan hátt til allra landsmanna?
7. Verða upplýsingar úr sjúkraskrám ósjálfráða, vanheilla og látinna einstaklinga afhentar rekstrarleyfishafa til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði? Hver tekur afstöðu til afhendingar upplýsinga sem varða framangreinda aðila og hver ber ábyrgð á henni?
8. Hvernig verður tryggt að upplýsingar um þá sem hafna því að upplýsingar um þá verði fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði verði samt sem áður ekki skráðar og hver ber ábyrgð á því að slíkt gerist ekki?
9. Hvernig á að standa að flokkun mismunandi upplýsinga um einstaka sjúklinga ef viðkomandi hefur leyft að tilteknar upplýsingar verði fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði en aðrar ekki? Hver ber ábyrgð á slíkri flokkun og hvar fer hún fram?
10. Hver er túlkun ráðherra á ákvæði 8. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði þar sem segir að landlæknir skuli sjá til þess að dulkóðuð skrá yfir viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði? Hvernig verður staðið að framkvæmd þessa ákvæðis?

11. Hvernig á að tryggja að landlæknir einn viti hverjir neiti skráningu og flutningi upplýsinga um sig í gagnagrunn á heilbrigðissviði, sbr. athugasemdir við 8. gr. frumvarps til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði (109. mál, þskj. 109, á 123. löggjafarþingi)?

Skriflegt svar óskast.

815. Fyrirspurn [503. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvenær verður auglýst eftir umsækjendum um rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði?
2. Samrýmist veiting rekstrarleyfis til eins tiltekins aðila samkeppnislögum og EES-rétti?
3. Verður gerð og rekstur gagnagrunnsins boðinn út á Evrópska efnahagssvæðinu?
4. Er þörf á rekstrarleyfi til eins tiltekins aðila í ljósi tilskipunar ESB nr. 96/9/EC frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna?

Skriflegt svar óskast.

816. Skýrsla [504. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, fyrir árið 1998.

I. Almennt.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 og hafði það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Umsvif og starfsemi nefndarinnar jukust þegar samningar hófust um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1989 og mikilvægi nefndarinnar jókst enn þegar EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994. Fulltrúar úr nefndinni skipa EFTA-hluta hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES. EFTA samanstendur nú af Íslandi, Liechtenstein, Noregi og Sviss og sitja þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja í þingmannanefnd EFTA. Þar sem Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan EES varð þingmannanefnd EFTA með gildistöku EES-samningsins að formi til tvískipt, þ.e. annars vegar upphaflega nefndin, nú með fjórum fyrrgreindum aðildarríkjum, og hins vegar nefnd ríkjanna þriggja sem mynda EFTA-hluta EES. Nefndirnar funda hins vegar ávallt saman og sitja því Svisslendingar sem áheyrnarfulltrúar þegar verið er að taka fyrir málefni sem eingöngu varða EES-hluta nefndarinnar. Sviss á einnig áheyrnaraðild að fundum þingmannanefndar EES. Til einföldunar verður í frásögnum hér á eftir talað um fundi þingmannanefndar EFTA þegar við á þótt í raun hafi þá báðar nefndirnar, þ.e. eldri EFTA-nefndin og EES-hluti þingmannanefndar EFTA, setið saman á fundi.

Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári, en fundar jafnframt tvisvar á ári með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar um starfsemi EFTA, gerð fríverslunarsamninga, málefni EES og ESB og efnahags- og viðskiptamál almennt. Alþingi á fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA eins og önnur aðildarríki. Þingmannanefnd EFTA hefur einnig samstarf við ríki sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við, svo sem ríki á Miðjarðarhafssvæðinu og í Mið- og Austur-Evrópu. Þessi þáttur í starfi EFTA fer vaxandi og eru fríverslunarsamningar við fleiri lönd og svæði í bígerð.

Á milli funda hittist framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar en hún undirbýr starf nefndarinnar, hefur umsjón með verkefnum og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA, auk þess sem hún fjallar um aðkallandi mál. Í framkvæmdastjórn sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-landi, en einungis einn fulltrúi frá hverju ríki hefur atkvæðisrétt á fundum. Í Íslandsdeildinni hefur, auk formanns, einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Þingmannanefnd EFTA vann ötullega að því í samvinnu við Evrópuþingið að í samningnum um EES væri gert ráð fyrir sameiginlegri þingmannanefnd (95. gr. samningsins). Sameiginlega þingmannanefnd EES samanstendur nú af 24 þingmönnum, tólf frá Evrópuþinginu og öðrum tólf frá EES-aðildarríkjum EFTA. Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Hin sameiginlega þingmannanefnd EES á að fylgjast með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefa álit sitt á EES-málum. Nefndin fundar tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni milli ára. Þegar í upphafi hafði sameiginlega þingmannanefnd EES frumkvæði að því að semja skýrslur um málefni sem hún vill skoða sérstaklega og eru þær skýrslur svo ræddar á fundum nefndarinnar. Fyrir hverja skýrslugerð eru tilnefndir tveir framsögumenn (rapporteurs), einn úr hópi EFTA-þingmanna og einn úr hópi Evrópuþingmanna, og leggja þeir jafnframt fram drög að ályktunum. Þær eru bornar undir atkvæði sem og einstakar málsgreinar eða breytingartillögur við þær, að því gefnu að a.m.k. fjórðungur hvorra tveggja þingmanna Evrópuþingsins og fulltrúa EFTA-ríkjanna séu viðstaddir. Einstakar málsgreinar eða breytingartillögur eru samþykktar með einföldum meiri hluta en atkvæði tveggja þriðju hluta viðstaddra þarf síðan til að samþykkja ályktunina í heild sinni. Ályktanir sem samþykktar eru á grundvelli þessara skýrslna eru síðan sendar til ráðherraráðs EES, hinnar sameiginlegu EES-nefndar, þinga EFTA-EES-ríkja og Evrópuþingsins. Bæði ráðherraráðið og sameiginlega EES-nefndin svara ályktunum þingmannanefndarinnar á næsta fundi hennar og síðan eftir þörfum. Þingmannanefndin heldur skrá yfir allar tillögur sem fram koma í ályktunum hennar og er sú skrá birt árlega sem fylgiskjal með skýrslu um ársskýrslu hinnar sameiginlegu EES-nefndar (embættismannanefnd). Þannig getur þingmannanefndin fylgst með því hver þróun hefur orðið í þeim málum sem hún hefur tekið fyrir og tekið aftur upp mál þar sem hún telur framþróunina ófullnægjandi. Með því að taka skipulega fyrir skýrt afmörkuð málefni hefur þingmannanefnd EES þannig möguleika til áhrifa á þróun EES-samningsins. EFTA-hluti þingmannanefndar EES hefur líka fjallað mikið um áhrif þjóðþinga EFTA-ríkjanna á samninginn og lagasetningu af völdum hans.

Á undanförnum árum hefur Íslandsdeildin fundað með Evrópunefnd (eða samsvarandi nefnd) þess ríkis sem næst tekur við forustu innan ESB, en skipt er um forusturíki á sex mánaða fresti.

II. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Í Íslandsdeildinni áttu sæti á árinu 1998 Vilhjálmur Egilsson, þingflokki sjálfstæðismanna, formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson, þingflokki framsóknarmanna, varaformaður, Árni M. Mathiesen, þingflokki sjálfstæðismanna og Sighvatur Björgvinsson, þingflokki jafnaðarmanna. Hjörleifur Guttormsson átti sæti í nefndinni fyrir hönd þingflokks Alþýðubandalags þar til í október er hann varð fulltrúi þingflokks óháðra. Hjörleifur sat sem varamaður í þingmannanefnd EES, en þar á Ísland einungis fjögur sæti. Þá var Kristín Ástgeirsdóttir, þingflokki Kvennalistans og síðan utan þingflokka, áheyrnarfulltrúi í nefndinni þar til í október er hún gekk í þingflokk óháðra, en þá varð Svavar Gestsson, þingflokki Alþýðubandalags, áheyrnaraðili. Gústaf Adolf Skúlason var ritari Íslandsdeildarinnar til september er Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs, tók við.

Fulltrúar Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA voru Vilhjálmur Egilsson og Sighvatur Björgvinsson. Fulltrúi Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES var Vilhjálmur Egilsson.

III. Starfsemi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu 1998.

Megináherslan í starfi nefndanna beggja undanfarin ár hefur jafnan verið sú að fylgjast sem best með framkvæmd EES-samningsins. Þannig leita nefndirnar upplýsinga frá ráðherraráði EFTA og EES og embættismönnum stofnana EFTA og Evrópusambandsins (ESB) og koma skoðunum og áherslum þingmanna á framfæri við þessa aðila. Á árinu 1998 skoðaði þingmannanefnd EFTA sérstaklega tilvik þar sem óæskilegar tafir á lögleiðingu EES-gerða í EFTA-ríkjunum höfðu átt sér stað og hvernig þær væru tilkomnar. Nefndin samþykkti ályktun um málið í framhaldi af rannsókn sinni. Þá var hlutverk þjóðþinga í ákvarðanatökuferli EES nokkuð til umræðu, og jafnframt þátttaka EFTA-ríkjanna í mótun ákvarðana innan ESB eftir samþykkt Amsterdamsáttmálans, en þá fær Evrópuþingið aukið vægi í lagasetningu ESB. Hið aukna vægi Evrópuþingsins í lagasetningu innan ESB mun auka um leið mikilvægi þingmannanefndar EES fyrir EES-EFTA-ríkin.

Þingmannanefndir EFTA og EES fylgdust á árinu grannt með stækkunarferli ESB, undirbúningi myntbandalagsins og framvindu mála í Schengen-samstarfinu. Þá fylgdist þingmannanefnd EFTA með framvindu mála í viðræðum um fríverslunarsamninga við þriðju ríki, en EFTA á nú m.a. í viðræðum við Kanada um fríverslun. Sex skýrslur voru kynntar á fundum þingmannanefndar EES á árinu 1998 og fjölluðu þær um framkvæmd EES-samningsins árið 1997, frjálsa fólksflutninga á EES svæðinu, áhrif Amsterdamsáttmálans á EES, Kyotobókunina og EES, stækkun ESB og áhrifi þess á EES og öryggi matvæla. Ályktanir voru samþykktar í þessum málum, nema þeim tveimur síðastnefndu þar sem afgreiðslu var frestað til 1999.

Íslandsdeildin var mjög virk í starfi nefndanna á árinu. Hún átti tvo framsögumenn af sex sem EFTA-hluti þingmannanefndar EES tilnefndi út af skýrslum ársins. Þá fór Vilhjálmur Egilsson, formaður Íslandsdeildarinnar, með formennsku í þingmannanefnd EFTA á árinu og varaformennsku í þingmannanefnd EES. Loks ber að geta funda sem Íslandsdeildin átti á árinu með fulltrúum þjóðþinga þeirra ríkja sem næst voru í röðinni að taka við forsæti í ráðherraráði ESB, en ESB-ríkin skiptast á um formennsku þar til hálfs árs í senn. Íslandsdeildin hefur haldið slíka fundi í tengslum við fundi þingmannanefndar EFTA. Á slíkum fundum kynnir Íslandsdeildin málefni EFTA og EES og útskýrir hvernig ýmsar ákvarðanir ESB hafa bein og/eða óbein áhrif á EES og fær jafnframt upplýsingar um helstu áhersluatriði viðkomandi ríkja í forsæti ráðherraráðs ESB. Þannig fundaði nefndin með utanríkismálanefnd og almennri nefnd austurríska þingsins í maí og fulltrúum úr Evrópunefndum þýska

þingsins (Bundestag og Bundesrat) í nóvember, en Austurríki tók við forsæti í ráðherraráði ESB í júlí 1998 og Þýskaland í ársbyrjun 1999.

14. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.
15. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.
49./17. fundur þingmannanefndar EFTA.

Þann 11. mars fundaði framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES í Strassborg og 12. mars fundaði framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA og þingmannanefnd EFTA í Brussel.

Fund framkvæmdastjórnar EES sat Vilhjálmur Egilsson, formaður, fyrir hönd Íslandsdeildarinnar, auk ritara. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu Vilhjálmur Egilsson, formaður þingmannanefndar EFTA, og Hjörleifur Guttormsson fyrir hönd Íslandsdeildarinnar, auk ritara. Á fundunum var fjallað um dagskrár komandi funda og skýrslu- og ályktanagerð.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var mestum tíma varið í málstofu þar sem starfsfólk EFTA kynnti þingmönnum helstu málefni sem á dagskrá voru í EES-samstarfinu og það sem helst var á döfinni í reglusetningu innan ESB. Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar þau Vilhjálmur Egilsson, formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson, varaformaður, Árni M. Mathiesen, Hjörleifur Guttormsson og Kristín Ástgeirsdóttir, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Vilhjálmur Egilsson, formaður þingmannanefndar EFTA, stýrði fundinum. Hann lét þess getið að um þessar mundir hefðu orðið þær breytingar á EES-samstarfinu að EFTA-ríkin þrjú væru að mestu búin að lögfesta þau mál sem beðið hefðu afgreiðslu frá því að samningurinn tók gildi og bæst hefðu við á árunum þar á eftir. Nú snerist samstarfið fyrst og fremst um þau mál sem væru efst á baugi hverju sinni innan ESB og því við hæfi að nefndin fengi upplýsingar frá skrifstofu EFTA um það sem helst væri á döfinni í þeim efnum.

Aðilar frá þeim þremur deildum EFTA-skrifstofunnar sem fást við meginsvið EES-samningsins, þ.e. fjórfrelsið og jaðarmálefni (deild um vöruflutninga, deild um þjónustu og fjármagnsflutninga og deild um fólksflutninga og jaðarmálefni) veittu upplýsingar og svöruðu spurningum þingmanna.

Í framhaldi af málstofunni hófst eiginlegur fundur þingmannanefndar EFTA að nýju. Håkan Berglin, forstöðumaður lagadeildar Eftirlitstofnunar EFTA (ESA), gerði grein fyrir máli þar sem Héraðsdómur Reykjavíkur hafði beðið EFTA-dómstólinn um ráðgefandi álit. Málið snerist um vangoldin laun til starfsmanns eftir gjaldþrot.

Þá var tekið fyrir skjal sem unnið hafði verið af landsdeildum EFTA-ríkjanna þriggja í EES þar sem skoðað var ferli EES-mála í stjórnkerfi EFTA-EES-ríkjanna og kannað hversu lengi þjóðþingin hafa verið að afgreiða mál sem til þeirra var vísað. Meðalafgreiðslutími EES-mála á Alþingi (frá því að stjórnarfrumvarp var lagt fram og þar til það varð að lögum) reyndist vera um þrír og hálfur mánuður. Það getur vart talist of langur tími, enda voru þau tvö mál sem lengstan tíma tóku (sex mánuði) lögð fram skömmu fyrir jólahlé. Að jafnaði tók það Stjórnarráðið hins vegar fjórtán og hálfan mánuð að leggja málin fyrir Alþingi í formi stjórnarfrumvarps eftir að ákvörðun hafði verið tekin í sameiginlegu EES-nefndinni. Svipaða sögu var að segja frá Noregi og Liechtenstein, þótt meðaltíminn væri raunar enn styttri í norska þinginu, eða fjörutíu og þrír dagar.

Á grundvelli umræðds skjals var samþykkt ályktun þar sem ríkisstjórnir EFTA-aðildarríkja EES voru m.a. hvattar til að upplýsa þingin við fyrsta tækifæri um mál sem eru á döfinni í EES-samstarfinu og væntanleg til þinganna. Þá var skorað á þjóðþingin þrjú að fylgjast náið með þróun mála í EES-samstarfinu á fyrri stigum sem kann að gera þeim kleift að

hafa áhrif á afgreiðslu þeirra áður en ákvarðanir eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og auðvelda þannig meðferð þeirra í þingunum síðar meir. Einnig voru þjóðþingin hvött til að hraða meðferð EES-mála, einkum þeirra sem talist geta tiltölulega óumdeild innan þinganna. Loks voru ríkisstjórnir landanna hvattar til að leggja þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem krefjast meðferðar þjóðþinganna fyrir þau við fyrsta tækifæri, og þegar við á að hefja undirbúning viðeigandi lagafrumvarpa þótt formleg ákvörðun hafi ekki verið tekin í sameiginlegu EES-nefndinni,.

16. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.
15. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.
10. fundur þingmannanefndar EES.

Dagana 25. og 26. maí fundaði þingmannanefnd EES í Vaduz í Liechtenstein. Á sama tíma funduðu framkvæmdastjórnir þingmannanefnda EFTA og EES. Fund þingmannanefndar EES sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson, varaformaður, Árni M. Mathiesen, Gísli S. Einarsson, sem sótti fundinn í fjarveru Sighvats Björgvinssonar, og Hjörleifur Guttormsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu formaður og Hjörleifur Guttormsson, auk ritara, en fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES sat formaður, auk ritara.

Á framkvæmdastjórnarfundum var fjallað um dagskrár komandi funda, verkefnaskiptingu og áherslur í starfi. Fundur þingmannanefndar EES hófst með ávarpi John Nichols frá breska utanríkisráðuneytinu, sem sat fundinn fyrir hönd forusturíkis ráðherraráðs ESB (Bretlands). Hann fagnaði þeim árangri sem náðst hefur í að auka skilvirkni lagasetningarkerfis EES, en sagði þó að enn mætti betur gera. Þá fjallaði hann um fyrirhugaða stækkun ESB o.fl. Breski Evrópuþingmaðurinn Gary Titley sagði stækkun ESB augljóslega mundu hafa áhrif á EFTA-aðildarríki EES og því yrðu þau að hafa einhverja leið til að geta komið skoðunum sínum á framfæri í þeirri þróun. Hann spurði hvort ljóst væri hvernig farið yrði með það mál. Nichols sagði forusturíki ráðherraráðsins jafnt sem framkvæmdastjórn ESB vera meðvituð um stöðuna, og að verið væri að gera ráðstafanir í því efni. Hann lagði áherslu á nauðsyn þess að EFTA-aðildarríki EES fengju að fylgjast náið með stækkunarferli sambandsins.

Þá ávarpaði fundinn Fabrizio Barbaso frá framkvæmdastjórn ESB, en hann gegnir nú formennsku í sameiginlegu EES-nefndinni. Hann tók undir með Nichols og fagnaði aukinni skilvirkni lagasetningarkerfis EES sem hann sagði að þakka mætti báðum aðilum. Þannig hefðu 107 ákvarðanir verið afgreiddar í nefndinni árið 1997, en 84 árið áður. Hann benti þó jafnframt á að samt sem áður hefði uppsöfnuðum lagagreinum sem bíða afgreiðslu nefndarinnar fjölgað og því þyrfti enn að gera betur. Þá fjallaði Barbaso um það sem gerst hafði innan ESB í þeim málaflokkum sem sameiginlega þingmannanefnd EES ályktaði um í október 1997, þ.e. í samgöngumálum og á sviði upplýsingasamfélagsins. Loks sagði hann að það mál sem Gary Titley innti Nichols eftir hefði verið til umræðu í sameiginlegu EES-nefndinni og að þar hefði verið samþykkt að nota þær stofnanir EES-samningsins sem þegar væru að störfum til þess að skiptast á upplýsingum og skoðunum um málefni stækkunar ESB og áhrif hennar á EFTA-aðildarríki EES.

Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra ávarpaði þessu næst fundinn fyrir hönd EFTA-forusturíkis EES (Íslands). Hann fagnaði því sérstaklega að mikill áfangi væri að nást í málefnum sem tengjast vottunum, m.a. á fiskafurðum, sem mundu t.d. auðvelda afgreiðslu við landamæri innan EES-svæðisins. Hann greindi einnig frá þeim árangri sem náðst hefði við að „straumlínulaga“ starf sameiginlegu EES-nefndarinnar og að verið væri að opna gagnagrunn með upplýsingum um lagasetningu á EES-svæðinu. Þá sagði hann eðlilegt að auka

upplýsingastreymi á fyrri stigum ákvarðanatöku á EES-svæðinu til Evrópuþingsins í ljósi aukins vægis Evrópuþingsins samfara Amsterdamsáttmálanum. Loks sagði hann ljóst að stækkun ESB, sem um leið þýddi stækkun EES, mundi hafa áhrif á EFTA-aðildarríki EES og þau mál hefðu verið rædd við framkvæmdastjórn ESB, forusturíki ráðherraráðsins og umsóknarríkin. Hann sagði alla aðila hafa sýnt málinu mikinn skilning og talið eðlilegt að EFTA-aðildarríki EES kæmu með einhverjum hætti að þessari þróun.

Knut Almestad, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), gerði grein fyrir ársskýrslu stofnunarinnar og sagði árið 1997 hafa verið „gott ár", pólitískt umhverfi stöðugt og að um 300 ákvarðanir hefðu verið afgreiddar. Norski þingmaðurinn Haakon Blankenborg lagði til að nefndin gerði árlega skýrslu um ársskýrslu ESA, og tók sænski Evrópuþingmaðurinn Sören Wibe, formaður nefndarinnar, undir það sjónarmið.

Þessu næst voru teknar til afgreiðslu fjórar skýrslur nefndarinnar og ályktanir þeirra. Fyrst var tekin til umfjöllunar skýrsla um frjálsa flutninga starfsfólks á svæðinu. Framsögumenn voru finnska Evrópuþingkonan Marja T. Matikainen-Kallström og Sighvatur Björgvinsson, en í fjarveru Sighvats kynnti Vilhjálmur Egilsson skýrslurnar fyrir hönd hans. Þá var að venju rædd skýrsla um virkni EES-samningsins sem byggist á ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar fyrir árið 1997. Otto Büchel frá Liechtenstein kynnti skýrsluna ásamt Gary Titley. Því næst var rædd skýrsla um áhrif Amsterdamsáttmála ESB á EES sem þeir Blankenborg og Wibe kynntu. Loks var rædd skýrsla um Kyoto-bókunina um losun gróðurhúsalofttegunda og áhrif hans á EES. Skýrsluna kynntu þýski Evrópuþingmaðurinn Markus Ferber og norski þingmaðurinn Bror Yngve Rahm.

Að lokinni umfjöllun um skýrslurnar voru ályktanir þeirra og breytingartillögur við þær teknar til afgreiðslu. Allar ályktanirnar voru samþykktar og nokkrar breytingartillögur við flestar þeirra.

Loks var fráfarandi ritara þingmannanefndar EFTA, Belindu Theriault, þakkað gott starf í þágu nefndarinnar, en hún hafði gegnt starfi ritara þingmannanefndar EFTA (og þar með sameiginlegu þingmannanefndar EES í samstarfi við starfsmann Evrópuþingsins) undanfarin þrjú ár.

Fundur Íslandsdeildarinnar með utanríkismálanefnd austurríska þingsins.

Þar sem Austurríki átti að taka við formennsku í ráðherraráði ESB þann 1. júlí átti Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA fund með utanríkismálanefnd og almennri nefnd austurríska þingsins 27. maí í Vín, en þær nefndir fara með málefni ESB í austurríska þinginu. Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sátu fundinn þeir sömu og sátu fundina í Vaduz. Fundinum stýrði af hálfu Austurríkismanna formaður utanríkismálanefndarinnar, Peter Schieder, en hann þurfti að hverfa á braut á miðjum fundi og tók þá varaformaðurinn, dr. Michael Spindelegger, við fundarstjórninni af honum.

Á fundinum gerði Vilhjálmur Egilsson grein fyrir tveimur stuttum skýrslum sem Íslandsdeildin hafði unnið upp úr yfirgripsmiklum úttektum EFTA á áhrifum Amsterdamsáttmála ESB annars vegar og stækkunaráætlunar sambandsins (Agenda 2000) hins vegar á EES og EFTA-aðildarríki samningsins. Hann sagði jafnframt að Íslandsdeildin teldi gagnlegt og jafnvel nauðsynlegt að halda slíka fundi til þess að minna verðandi forusturíki ESB á EES-samninginn og fjalla um hvernig hann virkar og um hugsanleg áhrif þeirrar þróunar sem verður innan ESB á EFTA-aðildarríki EES. Hann fjallaði síðan ítarlegar um stækkun ESB og um Amsterdamsáttmálann og benti á hvernig ný aðildarríki yrðu um leið ný aðildarríki EES. Þá sagði hann mikilvægt fyrir EFTA-aðildarríki EES að fá tækifæri til að standa vörð um hagsmuni sína í því ferli sem leið nýrra ríkja til aðildar yrði. EFTA-ríkin væru með frí-

verslunarsamninga við flest þessara ríkja, og t.d. fælu þeir samningar í sér betri aðgang að mörkuðum fyrir sjávarafurðir en á markaði ESB. Þessum markaðsaðgangi vildu EFTA-ríkin og ekki síst Íslendingar vissulega halda. Þá ræddi hann aukin völd Evrópuþingsins með samráðsferli við ráðherraráðið í kjölfar Amsterdamsáttmálans, spurninguna um samstarf í samningaviðræðum á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) o.fl.

Rætt var um möguleika EFTA-EES-ríkjanna til að hafa áhrif á lagasetningu ESB, um áhrif myntbandalags Evrópu á ríki utan bandalagsins og viðhorf Íslendinga til stækkunar ESB. Þá var jafnframt komið inn á fiskveiðistefnu ESB og Schengen-samstarfið.

Að lokum sagði Vilhjálmur mun auðveldara að fjalla um málefni EES við Austurríkismenn en t.d. við Evrópunefndir breska og hollenska þingsins þar sem Austurríkismenn hefðu nýverið sjálfir verið aðilar að EFTA og EES. Hann bað þá að gleyma ekki hagsmunum EFTA-aðildarríkja EES og dr. Spindelegger sagði svo ekki mundu verða, sá yrði afrakstur þessa fundar.

18. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA.
50./18. fundur þingmannanefndar EFTA.

3. júní sl. fundaði þingmannanefnd EFTA á Þingvöllum og með ráðherraráði EFTA í Reykjavík. Fundina sátu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson, varaformaður, Árni M. Mathiesen, Hjörleifur Guttormsson og Kristín Ástgeirsdóttir, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Á fundi með ráðherrum kynnti Vilhjálmur Egilsson, formaður þingmannanefndar EFTA, ályktun nefndarinnar frá fundi hennar í Brussel 13. mars. Í ályktuninni voru ríkisstjórnir EFTA-aðildarríkja EES m.a. hvattar til að upplýsa þjóðþingin við fyrsta tækifæri um mál sem eru á döfinni í EES-samstarfinu og væntanleg til þinganna í formi lagafrumvarpa. Þá var skorað á þjóðþingin þrjú að fylgjast náið með þróun mála í EES-samstarfinu á fyrri stigum, sem kann að gera þeim kleift að hafa áhrif á afgreiðslu þeirra áður en ákvarðanir eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og auðvelda þannig meðferð þeirra í þingunum síðar meir. Loks voru ríkisstjórnir landanna hvattar til að leggja þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem krefjast meðferðar þjóðþinganna fyrir þau við fyrsta tækifæri, og jafnvel að hefja undirbúning viðeigandi lagafrumvarpa þótt formleg ákvörðun hafi ekki verið tekin í sameiginlegu EES-nefndinni. Vilhjálmur sagði grundvöll ályktunarinnar vera þann vilja þinganna að fá tækifæri til að koma að ákvarðanatökuferlinu í málefnum EES fyrr en nú er. Halldór Ásgrímsson, formaður ráðherraráðs EFTA, fagnaði ályktuninni og sagðist hlynntur inntaki hennar. Því fyrr sem upplýsingar bærust ríkisstjórnum eða þjóðþingum því auðveldara væri að afla stuðnings við viðkomandi mál. Hann sagði að ráðherraráðið mundi gera sitt besta til að framfylgja ályktuninni. Knut Vollebæk, utanríkisráðherra Noregs, tók undir með Halldóri og fagnaði ályktuninni. Hann sagði norsku ríkisstjórnina leggja á það mikla áherslu að koma slíkum upplýsingum á framfæri við Stórþingið hið fyrsta, þótt alltaf mætti eflaust gera betur.

Þá kynnti Vilhjálmur ályktun þingmannanefndar EES um Amsterdamsáttmála ESB frá því í vikunni áður, þar sem m.a. var fjallað um viðbrögð við stærra hlutverki Evrópuþingsins í lagasetningu innan ESB. Vilhjálmur sagði nauðsynlegt að ríkisstjórnirnar kæmu sjónarmiðum EFTA-ríkjanna einhvern veginn á framfæri við Evrópuþingið. Þingmannanefndin gæti ekki séð um það eingöngu þótt þingmannanefnd EES væri vissulega gagnlegur vettvangur í þessu sambandi og mikilvægi hans fyrir EFTA-aðildarríki EES ykist í kjölfar þessara breytinga. Halldór sagðist telja að þjóðþingin ættu að geta komið meira að ákvarðanatökuferli EES-mála. Norska þingkonan Grete Knudsen lagði til að samevrópskir þingflokkahópar

yrðu nýttir í þessu sambandi, en þar mætast oft Evrópuþingmenn og þingmenn þjóðþinga aðildarríkja EFTA. Halldór tók undir það og bætti við að verið væri að kanna það innan EFTA hvernig best væri að bregðast við þessum breytingum.

Þá fjallaði Halldór Ásgrímsson um fyrirhugaða stækkun ESB og áhrif hennar á aðildarríki EFTA, en þess má geta að EFTA-ríkin hafa gert fríverslunarsamninga við flest þeirra ríkja sem gert er ráð fyrir að gerist aðildarríki ESB upp úr aldamótum. Halldór greindi frá því að haft hefði verið samband við þessi ríki, framkvæmdastjórn ESB og Bretland sem þá fór með forustu í ráðherraráði ESB vegna þessa máls. Allir aðilar hefðu sýnt því skilning að þarna kynnu talsverðir hagsmunir að vera í húfi fyrir EFTA-ríkin og að eðlilegt væri að þau gætu á einhvern hátt komið sjónarmiðum sínum á framfæri í stækkunarferlinu. Ákveðið hefði verið að notast við núverandi stofnanir EES-samningsins í því skyni, ekki síst sameiginlegu EES-nefndina. Halldór kynnti einnig hvernig miðaði gerð fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Kanada, en könnunarviðræður hófust nokkrum dögum fyrir fundinn. Halldór lagði áherslu á að pólitískur vilji væri til þess að ganga frá slíkum samningi sem fyrst, en hann yrði EFTA-ríkjunum gífurlega mikilvægur jafnt í efnahagslegu sem stjórnmálalegu tilliti.

Loks gerði Pascal Couchepin, svissneski efnahagsmálaráðherrann, grein fyrir stöðu mála í viðræðum Sviss og ESB um tvíhliða samning en þær hófust árið 1994.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var hlutverk þjóðþinganna í ákvarðanatökuferli EES fyrsta málið á dagskrá. Þar var annars vegar fjallað um áhrif stærra hlutverks Evrópuþingsins í lagasetningu innan ESB í kjölfar Amsterdamsáttmálans, og var almenn samstaða um að breytingarnar ykju mikilvægi sameiginlegrar þingmannanefndar EES í ákvarðanatökuferli samningsins. Hins vegar var fjallað um stöðu þjóðþinganna innan stjórnkerfa EFTA-ríkjanna með tilliti til umræðnanna á fundinum með ráðherraráðinu um ályktun þingmannanefndarinnar frá því í mars. Í því sambandi sagði Vilhjálmur Egilsson norska þingið bersýnilega vera betur skipulagt í þessum efnum en það íslenska og sagði Alþingi margt geta lært af Stórþinginu.

Kjartan Gunnarsson, deildarstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, kynnti gang mála í samningaviðræðum á vettvangi Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD) um gerð fjölþjóðlegs samnings um fjárfestingar. Þá fjallaði Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, um Norræna vegabréfasambandið, Schengen-samninginn og stefnu Evrópuríkja í málefnum flóttamanna. Loks fjallaði Aldo Matteucci, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, ítarlega um fyrrnefndar samningaviðræður EFTA-ríkjanna og Kanada um gerð fríverslunarsamnings.

51./19. fundur þingmannanefndar EFTA.
17. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.
16. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES í Strassborg.

Þann 19. október fundaði þingmannanefnd EFTA í Brussel. Fundinn sátu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson, varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson, Hjörleifur Guttormsson og Svavar Gestsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar. Fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var haldinn sama dag og sátu hann formaður og Sighvatur Björgvinsson, auk ritara. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES, sem haldinn var í Strassborg 20. október sátu formaður og ritari.

Nikolaus prins af Liechtenstein, sendiherra og forseti sameiginlegu EES-nefndarinnar, skýrði á fundi þingmannanefndar EFTA frá niðurstöðum fundar ráðherraráðs EES, sem haldinn hafði verið 6. október. Á fundi ráðherraráðs EES hefðu menn lagt jákvætt mat á þróun

EES-samstarfsins. Loksins væri búið að afgreiða reglur um heilbrigði dýra í sameiginlegu EES-nefndinni og skriður hefði komist á framtíðarþátttöku EFTA-EES-ríkjanna í Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA) þótt málið væri ekki endanlega komið í höfn. Hann skýrði frá umræðum um stækkun ESB og sagði að EFTA-EES-ríkin hefðu lagt áherslu á upplýsingaflæði og samráð og minnt á að samningar um aðlögunartímabil og undanþágur á einhverjum sviðum hefðu líka áhrif á EES og þar með EFTA-EES-ríkin. Þá ræddi prinsinn þróunarsjóð EFTA og þær deilur sem nýlega hefðu sprottið upp í sambandi við hann. EFTA-EES-ríkin hefðu litið svo á að þegar sjóðurinn hætti störfum núna um áramótin, eins og EES-samningurinn gerði ráð fyrir, væri málið úr sögunni. Að minnsta kosti eitt ESB-ríki, Spánn, vildi meina að fjárhagsaðstoð EFTA væri varanlegur hluti af EES-samningnum og því ætti að framlengja starfsemi sjóðsins. Mikið hefði verið rætt um þetta mál á bak við tjöldin á fundinum. Niðurstaðan hefði verið að ákveða að senda málið til hinnar sameiginlegu EES-nefndar til umfjöllunar.

Kjartan Jóhannsson kynnti breytingar á skrifstofuhaldi EFTA. Þjónustu við þingmannanefndina og ráðgjafarnefnd aðila vinnumarkaðarins mun framvegis verða sinnt sameiginlega af tveimur starfsmönnum skrifstofunnar, en áður var einn starfsmaður fyrir hvora nefnd fyrir sig. Guðmundur Einarsson væri nýlega tekinn við sem ritari þingmannanefndarinnar, en jafnframt væri von á nýjum norskum starfsmanni til nefndanna. Kjartan ræddi við nefndina ýmis mál tengd EES sem huga þyrfti vel að í náinni framtíð, en sum hver eru nú til umfjöllunar í þingmannanefndinni. Þar má t.d. nefna hvort breytingar þær sem gerðar hafa verið á ESB með nýjum sáttmálum síðan að EES tók gildi hefðu þýðingu fyrir það hvernig EFTA kemur að mótun ákvarðana (decision-shaping) innan ESB, hvernig ákvæðið um aukinn sveigjanleika gæti komið til með að hafa áhrif á EES og hvernig EFTA-EES-ríkin ættu að styrkja samskipti sín við Evrópuþingið, nú þegar það hefði fengið aukin völd. Kjartan ræddi líka nýafstaðna samningalotu við Kanadamenn um fríverslun. Hann sagði fyrstu lotuna lofa góðu, en mörg tæknileg vandamál þyrfti að leysa áður en hægt yrði að ljúka samningum.

Málstofa var haldin á fundinum og voru þrjú mál til umfjöllunar: lagaleg þýðing Amsterdamsáttmálans fyrir EES, myntbandalag Evrópu (EMU) og EES og rafræn viðskipti.

Á framkvæmdastjórnarfundunum var m.a. ákveðið að þingmannanefnd EES fundaði á Íslandi 16. mars 1999.

17. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.
11. fundur þingmannanefndar EES.
18. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.

Fund þingmannanefndar EES sem haldinn var í Lúxemborg 23.–24. nóvember sátu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, formaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson og Hjörleifur Guttormsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES sátu formaður og ritari. Við sama tækifæri var haldinn fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og hann sátu formaður og Sighvatur Björgvinsson, auk ritara.

Á 11. fundi þingmannanefndar EES ræddi forseti ráðherraráðs EES, Andrea Willi (Liechtenstein), m.a. upplýsingaflæði frá ESB til EES-EFTA-ríkjanna um stækkunarviðræðurnar. Hún taldi að EFTA-EES-ríkin þyrftu að fá skrifleg gögn úr aðildarviðræðunum til viðbótar þeim upplýsingum sem ríkin fengju nú þegar og væru aðilar málsins að reyna að finna leiðir til þess. Nokkrar umræður urðu um þróunarsjóð EES-EFTA-ríkjanna sem leggja átti niður um áramótin. Willi sagði kröfur Spánverja um áframhaldandi greiðslur EFTA-EES-ríkjanna koma mjög á óvart og vera án lagastoðar. EFTA-ríkin væru reiðubúin til við-

ræðna um hugsanlegt nýtt sameiginlegt átak til að minnka félagslegan og efnahagslegan mun á ríkjum innan ramma gagnkvæmra réttinda og skyldna og með tilliti til frekari samruna í Evrópu. Fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB og fulltrúi ráðherraráðs ESB á fundinum voru ósammála því að krafa Spánverja ætti sér ekki stoð í EES-samningum, en vonuðust til að hægt yrði að leysa málið og vísuðu til góðs samstarfs EES-ríkja fram að þessu. Þingmenn ræddu málið og töldu almennt EFTA hafa lögin sín megin, en ákveðið var að kanna málið til hlítar fyrir næsta fund þingmannanefndar EES. Sumir viðstaddir töldu að ekki ætti að einblína á lögin heldur horfa á hina pólitísku hlið málsins, en þá út frá stækkun ESB.

Forseti sameiginlegu EES-nefndarinnar, Nikolaus prins af Liechtenstein, sendiherra, svaraði þingmönnunum varðandi ályktanir þær sem samþykktar voru á 10. fundinum í maí. Í framhaldi af ræðu hans spunnust nokkrar umræður um Kyoto-bókunina, en ein ályktun síðasta fundarins fjallaði einmitt um það mál. Knut Almestad frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fór yfir starf stofnunarinnar á árinu með tilliti til markmiðsins um einsleitni á EES-svæðinu og vísaði hann til stigataflna ESA og framkvæmdastjórnar ESB um framkvæmd ESB-gerða í aðildarríkjum EES sem sýna hvernig aðildarríkin standa sig. Ísland er í 12. sæti, en hér eru 5,4% gerða ekki komin til framkvæmda.

Tvær skýrslur voru teknar til umræðu á fundinum, skýrsla um stækkun ESB og áhrifin á EES (framsögumenn: Sören Wibe (PES, Svíþjóð) og Vilhjálmur Egilsson) og skýrsla um öryggi matvæla (framsögumenn: Grete Knudsen (Verkamannaflokki, Noregi) og Marjo Matikainen-Kallström (EPP, Finnlandi). Afgreiðslu ályktana um þessi mál var frestað til næsta fundar. Formaður fyrir árið 1999 var kjörinn Haakon Blankenborg og tekur hann við af Sören Wibe. Sören Wibe var kjörinn varaformaður og tekur hann við af Vilhjálmi Egilssyni.

Fundur Íslandsdeildar þingmannanefnda EFTA/EES með þýskum þingmönnum.

Að loknum fundunum í Lúxemborg hélt Íslandsdeildin til Bonn þar sem hún hélt fund 25. nóvember með þýskum þingmönnum í tilefni að því að Þýskaland tekur við forsæti í ESB um áramótin. Íslandsdeildin fundaði fyrst með tveimur þingmönnum Evrópunefndar Bundestag, Dieter Dzawas frá SPD og Peter Hintze, talsmanni CDU í nefndinni. Þá átti Íslandsdeildin fund með formanni utanríkismálanefndar Bundestag, Hans-Ulrich Klose frá SPD, og síðast með formanni Evrópunefndar Bundesrat, Willi Stachele. Það hittist vel á því að nýbúið var að skipa þessar nefndir eftir þýsku kosningarnar og fékk Íslandsdeildin því tækifæri til að hitta aðila sem voru nýlega teknir við embættum sínum.

Að lokinni almennri umfjöllun um störf þingmannanefndanna fjallaði formaður Íslandsdeildarinnar um hugsanleg áhrif stækkunar ESB til austurs á fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við viðkomandi ríki og minnti á að stækkun ESB þýddi um leið stækkun EES. Hann lagði áherslu á að haft yrði samráð við EES-EFTA-ríkin um væntanlega samninga um aðlögunartímabil á ýmsum sviðum fyrir ný aðildarríki. Hann útskýrði jafnframt að fríverslunarsamningarnir næðu yfir fríverslun með fisk en ekki EES-samningurinn þannig að finna yrði viðunandi lausn á því máli. Þá greindi hann frá deilum sem upp væru komnar innan EES um þróunarsjóð EFTA og sjónarmið EFTA-ríkjanna. Hjörleifur lagði áherslu á mikilvægi þess að EFTA-ríkin fengju aðgang að skriflegum gögnum um stækkunarferlið. Hann minntist líka á að hann teldi hugsanlegt að erfiðleikar kæmu upp á Íslandi í tengslum við lögleiðingu ESB-gerðar um orkumál. Gestgjafarnir spurðust frekar fyrir um orkumál á Íslandi og voru þau mál rædd í víðu samhengi. Jafnframt var komið inn á gagnagrunnsmálið. Fulltrúar Evrópunefndar Bundestag fullvissuðu Íslandsdeildina um að þeir gerðu sér vel grein fyrir því að Ísland væri hluti af samfélagi Evrópuríkja þótt það stæði fyrir utan ESB. Klose spurði um afstöðu Íslendinga til aðildar að ESB og settu meðlimir Íslandsdeildarinnar fram sín sjónarmið. Sam-

eiginleg fiskveiðistefna ESB barst í tal og útskýrðu alþingismenn viðhorf Íslands til þessa, en Klose taldi af og frá að Ísland fengi undanþágu frá sameiginlegu fiskveiðistefnunni ef til þess kæmi að landið sækti um aðild að ESB. Þar skipti sérstaða Íslands eða skortur á sameiginlegum fiskstofnum með ESB engu máli. Hann benti á að afstaða Íslands til ESB byggðist að mestu á efnahagslegum grunni en aðildarríkin litu frekar á aðild í pólitísku samhengi og með tilliti til fortíðar Evrópu.

52./20. fundur þingmannanefndar EFTA.
19. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.
19. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA.

Fundirnir voru haldnir 30. nóvember í Leukerbad. Fundi þingmannanefndar EFTA sátu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson og Hjörleifur Guttormsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu formaður og Sighvatur Björgvinsson, auk ritara.

Þingmannanefnd EFTA ræddi erfiðleika þá sem upp hafa komið undanfarið á fjármálamörkuðum heims og hvernig bregðast ætti við þeim. Á fundinn mætti sérfræðingur frá svissneska fjármálaráðuneytinu.

Bæði á innra fundi þingmannanefndarinnar og á fundinum með ráðherrum var rætt um samskipti EFTA-EES-ríkjanna við Evrópuþingið, sérstaklega með tilliti til mótunar ákvarðana innan ESB (decision shaping).

Jafnframt var á báðum fundunum rætt um ákvarðanir sem teknar hafa verið í sameiginlegum nefndum EFTA-ríkjanna og samstarfsríkja EFTA á sviði fríverslunar, en reglulegir fundir eru haldnir til að uppfæra samningana og gera á þeim nauðsynlegar breytingar. Sumar ákvarðanir þarf að leggja fyrir þjóðþing bæði EFTA- og samstarfsríkjanna til staðfestingar. Vantað hefur upp á að þetta hafi verið gert og er nú svo komið að nokkur fjöldi ákvarðana er óstaðfestur. Þingmannanefndin ætlar að skoða málið og mun væntanlega gera tillögu um lausn.

Þá var rætt um þá vinnu sem nú fer fram á vegum EFTA við gerð fríverslunarsamninga við æ fleiri samstarfsríki, en bráðabirgðasamningur við PLO var einmitt undirritaður í Leukerbad. Jafnframt var rætt um þróunarsjóð EFTA og þau vandamál sem komu upp í tengslum við niðurlagningu hans sem og nýleg drög að samkomulagi um Schengen.

Haakon Blankenborg frá Noregi var kjörinn formaður þingmannanefndar EFTA fyrir 1999 og tekur hann við af Vilhjálmi Egilssyni. Tveir varaformenn voru kjörnir, Peter Bieri frá Sviss fyrir EFTA-hluta nefndarinnar og Otto Büchel frá Liechtenstein fyrir EES-hlutann.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar fjallaði um fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) fyrir árið 1999 og samþykkti álit á henni, en þar var m.a. lýst stuðningi við áform um að bæta við starfslið stofnunarinnar á næsta ári.

Alþingi, 10. febr. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form. | Gunnlaugur M. Sigmundsson, varaform. | Árni M. Mathiesen.

Sighvatur Björgvinsson. | Hjörleifur Guttormsson.

817. Tillaga til þingsályktunar [505. mál]

um útflutning á íslenskri dægurlagatónlist.

Flm.: Magnús Árni Magnússon.

Alþingi ályktar að skipa skuli nefnd fagaðila og aðila úr menntamálaráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og utanríkisráðuneyti til að skoða hvernig íslenska ríkið gæti stutt útflutning á íslenskri dægurlagatónlist.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa Íslendingar verið að opna augun fyrir þeim miklu tækifærum sem felast í útflutningi á dægurlagatónlist. Velgengni ákveðinna íslenskra listamanna á erlendum mörkuðum hefur sýnt að við eigum sóknarfæri þegar íslensk popptónlist er annars vegar og að fátt getur vakið eins mikla athygli á landi og þjóð meðal alþýðu manna í hinum stóra heimi og vel kynntir einstaklingar eða hljómsveitir á sviði dægurlagatónlistar.

Því er full ástæða til að skoða í fullri alvöru hvað íslenska ríkið getur lagt af mörkum til að styðja alþjóðlega markaðssókn íslenskra popptónlistarmanna sem oftast eru ungir að árum, févana og reynslulausir í viðskiptum. Þessar aðgerðir þyrftu ekki að vera fjárfrekar og gætu til að mynda falist í því að koma á tengslum við áhrifaríka einstaklinga innan þessarar atvinnugreinar og halda til haga upplýsingum um hvernig á að bera sig að við markaðssetningu popptónlistar. Einnig þarf að gera gagngera úttekt á því skattaumhverfi sem popptónlistarmenn búa við hér á landi til að við missum þá ekki úr landi eins og dæmi eru um.

Skynsamlegt væri að horfa til þeirrar reynslu og þekkingar sem skapast hefur í Svíþjóð, en Svíar eru nú annar stærsti útflutningsaðili popptónlistar í Evrópu og eru það einungis Bretar sem standa þeim framar. Þess má geta að útflutningstekjur Svía af popptónlist voru á síðasta ári milli 20 og 30 milljarðar íslenskra króna.

818. Fyrirspurn [506. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslumenn í Kópavogi.

Frá Magnúsi Árna Magnússyni.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við áskorun bæjaryfirvalda í Kópavogi um fjölgun löggæslumanna þar í bæ og þeirri staðreynd að fjöldi þeirra hefur staðið í stað síðasta áratuginn á meðan íbúum bæjarins hefur fjölgað um fjörutíu af hundraði?

819. Fyrirspurn [507. mál]

til heilbrigðisráðherra um vísindasiðanefnd.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hefur ráðherra skipað í vísindasiðanefnd, sbr. lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, fulltrúa sem jafnframt eiga sæti í vísindaráði (Scientific Board) deCode Genetics Ltd.?

820. Fyrirspurn [508. mál]

til heilbrigðisráðherra um tengsl heilbrigðisstétta við rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Er heilbrigðisráðuneytið undir það búið að útiloka frá aðild að undirbúningi og framkvæmd við gerð gagnagrunns á heilbrigðissviði alla þá starfandi lækna og aðra innan heilbrigðisstétta sem starfa við heilbrigðisstofnanir eða sjálfstætt og kunna að hafa bein eða óbein hagsmunatengsl við væntanlegan rekstrarleyfishafa gagnagrunnsins, sbr. lög nr. 139/1998?
2. Mun ráðuneytið upplýsa almenning um hvaða læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafna að afhenda trúnaðarupplýsingar um sjúklinga sína í gagnagrunn á heilbrigðissviði þannig að sjúklingur viti fyrir fram hvers vænta megi í því efni (undanskilið er að sjúklingurinn geti sjálfur óskað skriflega eftir þátttöku í grunninum)?

821. Frumvarp til laga [509. mál]

um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Hlutverk Háskóla Íslands.
1. gr.
Hlutverk.

1. Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsókna- og fræðslustofnun er veiti nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu.

2. Háskóli Íslands skal einnig sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi, miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og öðrum reglum er gilda um skólann.

II. KAFLI
Stjórn Háskóla Íslands.
2. gr.
Stjórnskipulag háskólans.

1. Háskóladeildir eru grunneiningar Háskóla Íslands. Um starfsemi deilda gilda ákvæði III. kafla laga þessara. Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild, heimspekideild, tannlæknadeild, verkfræðideild, raunvísindadeild og félagsvísindadeild. Háskólaráð tekur ákvörðun um stofnun og niðurlagningu deilda. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en deildir eru lagðar niður, nýjar stofnaðar eða aðrar breytingar gerðar á deildaskipan.

2. Stjórn Háskóla Íslands er falin háskólaráði, háskólarektor og deildarfundum og deildarforsetum. Í tengslum við stjórn háskólans er efnt til háskólafundar samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

3. Áður en lögum og reglum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið skal leita umsagnar háskólafundar um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega eina deild og skal háskólaráð þá leita álits hennar áður en það lætur uppi umsögn sína. Varði mál sérstaklega háskólastofnun sem ekki heyrir undir deild skal háskólaráð leita álits hennar áður en það lætur uppi umsögn sína.

4. Háskólaráð skal kveða nánar á um skipulag sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og stjórnsýslu deilda og stofnana. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

3. gr.

Hlutverk háskólaráðs.

1. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum skólans og stofnana sem honum tengjast og fer með almennt eftirlit með starfsemi hans og rekstri samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum og reglum settum með stoð í þeim.

2. Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum háskólans.

3. Háskólaráði er heimilt að stofna sérstaka rannsóknar- og þróunarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá sem menntamálaráðherra staðfestir. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Skipan háskólaráðs.

1. Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess.
2. Fjórir fulltrúar kjörnir til tveggja ára úr hópi kennara í fullu starfi sem skipaðir eru eða ráðnir ótímabundið, og skal við kosningu þeirra gætt að því að einn fulltrúi sé af hverju eftirtalinna fræðasviða: hugvísindasviði, heilbrigðisvísindasviði, samfélagsvísindasviði og verkfræði- og raunvísindasviði.
3. Einn fulltrúi samtaka háskólakennara kjörinn til tveggja ára úr hópi kennara eða sérfræðinga í fullu starfi.
4. Tveir fulltrúar stúdenta kjörnir hlutfallskosningu til tveggja ára í sérstökum kosningum þar sem allir skrásettir stúdentar háskólans hafa kosningarrétt.
5. Tveir fulltrúar sem menntamálaráðherra skipar til tveggja ára í senn.

2. Kjósa skal og tilnefna tvo varamenn fyrir hvern fulltrúa.

3. Háskólaráð setur nánari reglur um kosningarrétt og kjörgengi, vægi atkvæða, undirbúning og framkvæmd kosninga kennara og stúdenta í ráðið. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt. Háskólaráðsfulltrúar kjósa úr sínum hópi varaforseta ráðsins.

5. gr.

Fundir háskólaráðs.

1. Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski helmingur fulltrúa í háskólaráði fundar er rektor skylt að boða til hans.

2. Háskólaráð er ekki ályktunarfært nema sjö atkvæðisbærir háskólaráðsmenn sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði rektors úr eða þess er gegnir forsetastörfum.

3. Ef kjörinn háskólaráðsfulltrúi getur ekki sótt fund skal boða varamann hans til fundarsetu.

4. Rektor boðar fundi háskólaráðs. Rita skal fundargerð. Háskólaráð setur reglur um undirbúning funda, fundarboð, fundarsköp, birtingu ákvarðana og annað er lýtur að starfsháttum ráðsins og ekki er ákveðið í lögum þessum.

6. gr.

Rektor.

1. Háskólarektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með allri starfsemi háskólans, þar með talið ráðningar- og fjármálum einstakra deilda og stofnana. Rektor á frumkvæði að því að háskólafundur marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Á milli funda háskólaráðs fer rektor í umboði þess með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans.

2. Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og setur því erindisbréf eða starfslýsingar.

3. Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að kosningu, tilnefningu og embættisgengi rektors. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

7. gr.

Hlutverk háskólafundar.

1. Háskólafundur er samráðsvettvangur háskóladeilda og háskólastofnana. Háskólafundur vinnur að þróun og eflingu Háskóla Íslands og mótar og setur fram sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólafundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskólans og deilda hans.

2. Háskólafundur er ályktunarbær um þau málefni sem honum eru falin samkvæmt lögum þessum eða reglum settum með stoð í þeim. Ályktanir háskólafundar skulu kynntar háskólaráði, rektor, deildarforsetum, forstöðumönnum háskólastofnana og öðrum þeim er þær kunna að varða. Ákvörðunum háskólaráðs eða annarra stofnana háskólans verður ekki skotið til háskólafundar.

8. gr.

Skipan háskólafundar.

1. Á háskólafundi eiga sæti rektor og forsetar háskóladeilda. Þar sem eru 40 eða fleiri kennarar og sérfræðingar í fullu starfi í deild eða stofnunum sem heyra undir deild skal deildin eiga, auk deildarforseta, einn fulltrúa til viðbótar á háskólafundi og síðan einn fulltrúa í viðbót fyrir hverja 40 starfsmenn í fullu starfi. Þá skal deild að auki eiga einn fulltrúa á háskólafundi úr hópi kennara eða þeirra sem gegna vísinda- og fræðistörfum í fullu starfi fyrir hverja 400 stúdenta sem skráðir eru til náms í deildinni tveimur mánuðum fyrir háskólafund. Fulltrúar deilda, aðrir en deildarforsetar, skulu kjörnir á deildarfundi. Auk framangreindra eiga eftirtaldir aðilar sæti á háskólafundi, tilnefndir eða kjörnir til tveggja ára í senn: tveir fulltrúar samtaka háskólakennara kjörnir í skriflegri kosningu úr hópi félagsmanna sem ekki gegna störfum deildarforseta, tveir fulltrúar starfsmanna við stjórnsýslu háskólans kjörnir

í skriflegri atkvæðagreiðslu, einn fulltrúi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra. Auk þess skal eiga sæti á háskólafundi einn fulltrúi samtaka stúdenta á móti hverjum fimm fulltrúum annarra aðila innan háskólans og skulu þeir kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn.

2. Rektor boðar háskólafund, er forseti hans og stýrir fundi. Ritari háskólaráðs er jafnframt ritari háskólafundar.

3. Háskólafund skal halda að minnsta kosti einu sinni á hverju missiri. Æski ⅔ hlutar fulltrúa á háskólafundi fundar er rektor skylt að boða til hans.

4. Háskólafundur setur nánari reglur um skipan og fundarsköp háskólafundar. Í reglum skal m.a. kveða á um kosningu og setu fulltrúa annarra stofnana og samtaka á háskólafundi en þeirra sem taldir eru í 1. mgr. og um atkvæðisrétt þeirra.

III. KAFLI
Háskóladeildir og stofnanir.

9. gr.
Háskóladeildir og rannsóknastofnanir.

1. Háskóladeildir eru grunneiningar háskólans. Innan þeirra fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Deildir eru sjálfstæðar um eigin málefni innan þeirra marka er sameiginlegar reglur háskólans setja. Reglubundið mat skal fara fram á starfsemi deilda í samræmi við ákvæði laga og reglna sem um það gilda.

2. Við háskóladeildir er heimilt að starfrækja rannsóknastofnanir og rannsóknastofur samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur. Háskóladeildum og stofnunum er heimilt að stunda þjónusturannsóknir og standa fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Hver deild eða rannsóknastofnun skal gera sérstakar samþykktir um slíkar þjónusturannsóknir og kennslu sem háskólaráð staðfestir.

3. Hver deild semur kennsluskrá fyrir sig, og skal þar m.a. gerð grein fyrir skipan náms í deildinni, námsframvindu, hámarksnámstíma, prófgráðum, prófgreinum og prófkröfum, námskeiðum sem í boði eru og vægi þeirra, kennsluháttum, starfsþjálfun, missiraskiptingu, stjórn deildar og skiptingu í skorir og félagsmálum stúdenta. Árlega skal gefin út kennsluskrá fyrir háskólann í heild.

10. gr.
Stjórn deilda.

1. Deildarfundur fer með ákvörðunarvald í málefnum hverrar deildar og er deildarforseti framkvæmdastjóri hennar. Deildarfundir geta framselt ákvörðunarvald sitt í einstökum málum eða málaflokkum til deildarráða. Deildarforseti á frumkvæði að mótun heildarstefnu fyrir deild, hefur eftirlit með starfi og stjórnsýslu deildar, ræður starfslið að stjórnsýslu hennar og ber ábyrgð á fjármálum deildar gagnvart háskólaráði og rektor.

2. Háskólaráð setur nánari reglur um starfsemi deilda, stjórn þeirra, deildarráð, skiptingu deilda í skorir, námsnefndir, kjör deildarforseta og hlutverk þeirra og deildar- og skorarfundi. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

IV. KAFLI
Háskólakennarar og nemendur.

11. gr.
Háskólakennarar og sérfræðingar.

1. Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og lektorar, þar á meðal erlendir lektorar, aðjúnktar og stundakennarar. Kennara má ráða í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Heimilt er að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

2. Heimilt er að ráða til háskólans eða stofnana hans fólk til vísinda- og fræðistarfa án kennsluskyldu. Skulu starfsheiti þeirra vera sérfræðingur, fræðimaður eða vísindamaður.

3. Heimilt er að ráða kennara til háskólans tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal háskólaráð setja reglur. Sama á við um þá sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa.

4. Háskólaráð setur almennar reglur um starfsheiti og starfsskyldur háskólakennara og þeirra sem ráðnir eru í starf sérfræðings, fræðimanns eða vísindamanns. Háskóladeild ákveður hvernig starfsskyldur einstakra kennara skulu skiptast. Háskólastofnun ákveður hvernig starfsskyldur sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna skulu skiptast samkvæmt þeim reglum sem háskólaráð eða deild hefur sett.

5. Háskólaráð setur almennar reglur um leyfi kennara og þeirra sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa frá störfum, og skulu allar ákvarðanir deilda og stofnana um leyfi þeirra teknar á grundvelli slíkra almennra reglna.

12. gr.
Ráðning í kennara- og sérfræðingsstörf.

1. Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, sérfræðinga, vísinda- og fræðimenn og forstöðumenn háskólastofnana samkvæmt tillögu háskóladeildar eða stjórnar háskólastofnunar. Deildarforsetar ráða aðjúnkta, stundakennara og annað starfsfólk deildar og stofnana sem heyrir undir deild. Forstöðumaður háskólastofnunar sem ekki heyrir undir deild ræður annað starfsfólk stofnunar.

2. Engan má ráða í starf prófessors, dósents, lektors, vísindamanns, fræðimanns eða sérfræðings við háskólann eða háskólastofnun nema hann hafi lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafi jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Umsækjendur um þessi störf skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Hver háskóladeild eða háskólastofnun getur með samþykki háskólaráðs gert frekari menntunarkröfur.

3. Rektor skipar þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna kennarastarfi eða vísinda- og fræðistörfum. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og deild sú eða stofnun sem hann á að starfa við þann þriðja og skal hann jafnframt vera formaður dómnefndar. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Háskólarektor skipar ritara dómnefnda sem fylgist með störfum nefndanna og er þeim til aðstoðar.

4. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum umsækjanda má veita starf nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur að gegna því.

5. Þegar álit dómnefndar liggur fyrir skal tillaga um veitingu starfsins ákveðin í samræmi við reglur hverrar deildar eða stofnunar sem háskólaráð hefur staðfest.

6. Heimilt er, án auglýsingar, að flytja lektor í dósentsstarf, dósent í prófessorsstarf, sérfræðing í starf fræðimanns og fræðimann í starf vísindamanns, enda liggi fyrir hæfnisdómur dómnefndar. Á sama hátt er heimilt, samkvæmt samkomulagi deildar og stofnunar, að flytja sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn í starf lektors, dósents eða prófessors, enda hafi þeir þá kennslu- og stjórnunarskyldu í deild.

7. Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar, auglýsingar um störf, umsóknir og meðferð þeirra, skipan og störf dómnefnda, framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna og tilflutning starfsmanna.

8. Þegar sérstaklega stendur á getur háskólarektor, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennarastarfi við háskólann án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

13. gr.

Nemendur í Háskóla Íslands.

1. Nemendur, sem hefja nám í Háskóla Íslands, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Heimilt er að veita öðrum en þeim sem uppfylla framangreind skilyrði rétt til þess að hefja nám við háskólann ef þeir að mati viðkomandi deildar búa yfir hliðstæðum þroska og þekkingu og stúdentsprófið veitir. Háskólaráð skal setja sérstakar reglur um rétt þeirra til að stunda nám við háskólann.

2. Háskólaráð setur, að fenginni tillögu deildar, nánari reglur um inntöku stúdenta í einstakar námsgreinar í grunn- og framhaldsnámi. Í reglum þessum skal m.a. heimilt að binda aðgang að námsgreinum frekari skilyrðum um undirbúning en fram koma í 1. mgr. og takmarka fjölda stúdenta í grunn- og framhaldsnám.

3. Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, 25.000 kr. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila. Háskólaráði er heimilt að verja hluta skrásetningargjaldsins til Félagsstofnunar stúdenta.

4. Þeir einir teljast stúdentar við Háskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms. Í reglum sem háskólaráð setur má kveða nánar á um árlega skrásetningu stúdenta.

5. Háskóladeild er heimilt að meta nám sem stúdent hefur stundað utan deildarinnar, þ.m.t. við aðra innlenda eða erlenda háskóla, sem hluta af námi við deildina.

V. KAFLI
Kennsla, próf o.fl.

14. gr.

Háskólaár og missiri. Námseiningar, kennsla og kennsluhættir.

1. Háskólaráð setur reglur um lengd háskólaárs og skiptingu þess í kennslumissiri. Heimilt er að ákveða mismunandi missiraskiptingu fyrir einstakar deildir. Fyrirlestrar, æfingar og námskeið í háskóladeildum eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu nema háskóladeild mæli öðruvísi fyrir.

2. Kennsla í Háskóla Íslands skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og viðveru í kennslustundum og prófum. Háskólaráð skal setja almennar reglur um mat námskeiða til eininga. Einstakar deildir skulu setja sér almennar reglur um kennslu og kennsluhætti.

15. gr.

Prófgráður, próf, námstími o.fl.

1. Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt. Háskólaráð skal enn fremur setja almennar reglur um meistara- og doktorsnám, svo og um vörn sérstakra doktorsritgerða.

2. Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglum háskólaráðs. Sameiginleg stjórnsýsla háskólans annast skipulag og framkvæmd prófa.

3. Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

4. Háskólarektor skipar prófdómara að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara sem lokið hafa viðurkenndu háskólaprófi í þeirri grein sem dæma skal og njóta viðurkenningar á starfssviði sínu. Prófdómarar skulu skipaðir til þriggja ára í senn nema skipun sé skv. 3. mgr.

16. gr.

Veiting doktorsnafnbótar.

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu sérstöku doktorsnámi eða með vörn sérstakrar doktorsritgerðar. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema með samþykki ¾ hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs.

17. gr.

Agaviðurlög.

Rektor getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdent kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

VI. KAFLI

Ákvæði sem varða fjárhag, fyrirtæki og stofnanir.

18. gr.

Gjöld fyrir þjónustu.

1. Háskóla Íslands skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Honum er enn fremur heimilt að taka gjöld fyrir endur-

menntun og fræðslu fyrir almenning. Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt ákvæði þessu.

2. Háskólaráði er heimilt að semja við stúdentaráð Háskóla Íslands, önnur félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskóla Íslands enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

19. gr.

Ársfundur Háskóla Íslands, stofnanir, aðild að fyrirtækjum o.fl.

1. Háskóli Íslands skal árlega halda opinn ársfund þar sem fjárhagur skólans og meginatriði starfsáætlunar hans eru kynnt. Háskólaráð skal setja reglur um fyrirkomulag ársfundar.

2. Háskóla Íslands skal heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að miðla, hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð fer með eignarhlut háskólans í slíkum fyrirtækjum. Jafnframt er háskólanum heimilt að starfrækja stofnanir sem eru á verksviði hans og heyra beint undir háskólaráð.

3. Háskóla Íslands er heimilt að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði skólans um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna.

VI. KAFLI
Birting reglna, gildistaka o.fl.

20. gr.

Birting reglna.

1. Reglur þær, sem háskólaráð setur samkvæmt lögum þessum, skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

2. Háskólaráð skal gefa út handbók sem hefur að geyma ákvæði gildandi laga og reglna sem á hverjum tíma eru í gildi fyrir Háskóla Íslands.

21. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. maí 1999 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 131 31. desember 1990, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða í lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara skulu menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra hafa komið sér saman um reglur um starfstengsl prófessora læknadeildar við heilbrigðisstofnanir. Þar til slíkt samkomulag hefur náðst skulu gilda um það efni ákvæði 38. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990.

Starfandi háskólaráð skal setja reglur til bráðabirgða um kosningarrétt, undirbúning og framkvæmd kosninga kennara og stúdenta í háskólaráð, sbr. 3. mgr. 4. gr. þessara laga, þannig að nýtt háskólaráð geti hafið störf eigi síðar en 1. maí 1999. Jafnframt setur starfandi háskólaráð reglur fyrir háskólafund um fundarsköp, sbr. 4. mgr. 8. gr., og ákveður hvenær háskólafundur verður fyrst kallaður saman. Þessar reglur skulu endurskoðaðar er nýtt háskólaráð hefur verið skipað og háskólafundur hefur verið skipaður.

Núverandi rektor Háskóla Íslands situr út yfirstandandi kjörtímabil sitt, en að því loknu skal skipa rektor til fimm ára skv. 6. gr. laga þessara.

Ákvæði reglugerðar fyrir Háskóla Íslands, nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, og þeirra reglna sem háskólaráð hefur sett gilda, að svo miklu leyti sem þau fara ekki gegn þessum lögum, þar til háskólaráð hefur sett nýjar reglur samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hið sama gildir um reglugerðir háskólastofnana sem nú eru í gildi og settar hafa verið með stoð í gildandi lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í samvinnu menntamálaráðherra og háskólarektors. Af hálfu menntamálaráðherra unnu að samningu þess Gunnar Jóhann Birgisson hæstaréttarlögmaður og Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, og af hálfu háskólarektors Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri kennslusviðs Háskóla Íslands. Komst hópur þessi að sameiginlegri niðurstöðu um drög að frumvarpi til laga um Háskóla Íslands. Voru drögin send háskólaráði til umsagnar 2. október 1998 og var veittur þriggja vikna umsagnarfrestur. Rektor Háskóla Íslands óskaði eftir að veittur frestur yrði framlengdur til 19. nóvember og var fallist á það af hálfu ráðuneytisins. Umsögn háskólaráðs barst með bréfi rektors, dags. 20. nóvember 1998. Í umsögn háskólaráðs voru lagðar til nokkrar breytingar á drögunum. Var frumvarpið yfirfarið í menntamálaráðuneytinu og því breytt í einstökum atriðum með hliðsjón af umsögn háskólaráðs. Efnisleg afstaða ráðuneytisins var kynnt háskólarektor á fundi hans og menntamálaráðherra 26. nóvember 1998.

2. Markmið með endurskoðun laga um Háskóla Íslands.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að samræma lög um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, lögum um háskóla, nr. 136/1997, en samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum skulu háskólar, sem nú starfa, innan tveggja ára frá gildistöku þeirra laga aðlaga starfsemi sína þeim. Segir enn fremur að á þeim tíma skuli einnig lokið endurskoðun á löggjöf um starfsemi þeirra. Þá hefur við samningu frumvarps þessa verið höfð hliðsjón af nýsettum lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, og frumvarpi til laga um háskólann á Akureyri, sem lagt var fram á síðasta þingi.

Lög nr. 136/1997, um háskóla, setja háskólastofnunum almennan ramma um stjórnsýslu og fjárveitingar ríkisins, auk þess sem sett eru fram meginskilyrði sem skólastofnun þarf að uppfylla til þess að geta talist háskóli. Í þessu frumvarpi er tekið mið af þessum ramma, en að auki er leitast við að koma til móts við þau sérstöku sjónarmið sem fram hafa komið innan Háskóla Íslands varðandi stjórn stofnunarinnar, en meginnýmæli frumvarpsins felast einmitt í tillögum um nýja skipan þeirra mála. Sjónarmið Háskóla Íslands í þessu efni koma einkum fram í samþykkt háskólaráðs frá 9. október 1997. Í samþykktinni er lögð áhersla á háskólafund þar sem fulltrúar helstu faggreina og hópa háskólasamfélagsins eiga sæti. Í samþykktinni var lagt til að háskólafundur yrði æðsta stjórn háskólans. Hér er komið til móts við þetta sjónarmið þannig að greint er á milli framkvæmdastjórnar og stefnumótunar. Framkvæmdastjórn og æðsta ákvörðunarvald eru falin háskólaráði en stefnumótun háskólafundi. Er þetta í megindráttum í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað víða í nágrannalöndum okkar.

Auk þessa hefur verið tekið mið af ýmsum hugmyndum sem fram hafa komið í umræðum innan Háskóla Íslands um nýja löggjöf fyrir háskólann og enn fremur verið höfð hliðsjón af erlendri löggjöf um háskóla og umfjöllun um hana.

3. Breytt lagaumhverfi Háskóla Íslands.

Lagaumhverfi Háskóla Íslands, eins og annarra stofnana ríkisins, hefur breyst mjög á undanförnum árum. Má þar nefna lög um háskóla, nr. 136/1997, sem fyrr eru nefnd, lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991, stjórnsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 50/1996, og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þetta breytta lagaumhverfi kallar á endurskoðun laga um Háskóla Íslands, sbr. einkum ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 136/1997.

Fyrstu lög um Háskóla Íslands eru frá árinu 1909, en háskólinn tók til starfa árið 1911. Háskóli Íslands á sér því nokkuð langa stjórnunarhefð sem markar honum ákveðna sérstöðu. Stjórnskipulag háskólans hefur mótast í tímans rás, en grundvallaratriði þess hafa frá upphafi tekið mið af þeirri aldalöngu hefð að háskóli er samfélag þar sem þekkingarleit og þekkingarmiðlun eru höfuðmarkmiðin. Kjarninn í starfsemi stofnunarinnar eru kennsla og rannsóknir. Grunneiningar háskólans, vettvangur kennslu og rannsókna, eru deildirnar. Sjálfstæði Háskóla Íslands í innri málum hefur ávallt verið talið mikilvægt og það hefur jafnframt mótað stjórnkerfið sem einkennist af fulltrúalýðræði. Mikilvægustu ákvarðanir eru teknar af fjölskipuðu stjórnvaldi (deildarfundum, háskólaráði) sem menn tilheyra stöðu sinnar vegna eða í umboði hópa innan samfélagsins. Þetta stjórnskipulag hefur í meginatriðum ríkt frá stofnun háskólans. Í núverandi mynd er háskólaráð í senn vettvangur umræðu og ákvarðana allra deilda háskólans. Þar eru öll mál rædd sem nauðsyn ber til, ákvarðanir teknar í sameiginlegum málum og úrskurðað í ágreiningsmálum. Í þessu frumvarpi er byggt á þessum sjónarmiðum, en þau nánar útfærð með það í huga að skjóta frekari stoðum undir lýðræði innan stofnunarinnar um leið og leitast er við að auka hagkvæmni og skilvirkni í allri stjórnsýslu. Þetta er m.a. gert með því að skilja á milli stefnumótunar, sem verður falin háskólafundi, og framkvæmdastjórnar og ákvarðanatöku sem verður falin háskólaráði, rektor, deildum, deildarforsetum og sameiginlegri stjórnsýslu.

Gildandi lög um Háskóla Íslands eru að meginstofni frá árinu 1957. Á þeim lögum hafa verið gerðar ýmsar breytingar, þær mestu árið 1990. Voru lögin þá gefin út aftur í heild sem lög nr. 131/1990. Með breytingunum 1990 var skipulagi hinnar almennu stjórnsýslu breytt nokkuð og sjálfstæði deildanna aukið. Grundvallaratriðið í stjórnskipulaginu, þ.e. bein tengsl deilda og háskólaráðs, þar sem deildarforsetar skipa háskólaráð, hefur hins vegar ekki breyst frá því að háskólinn var stofnaður. Í þessu frumvarpi er þó lagt til að þessu verði breytt að talsverðu leyti. Er gert ráð fyrir því annars vegar að fulltrúar deilda í háskólaráði verði aðeins fjórir í stað þess að deildarforsetar allra deilda eigi þar sjálfkrafa sæti og hins vegar að seta í háskólaráði verði ekki lengur bundin við deildarforseta. Styðjast þessar breytingar m.a. við lög um háskóla, nr. 136/1997, og hugmyndir sem settar voru fram í skýrslu þróunarnefndar Háskóla Íslands frá árinu 1994 og í úttekt Hagsýslu ríkisins á stjórnsýslu háskólans frá árinu 1996.

Markmið laga um háskóla, nr. 136/1997, sem tóku gildi 1. janúar 1998, er að festa í sessi skipan þess skólastigs sem tekur við af framhaldsskólastigi. Í lögunum eru sett fram þau meginskilyrði sem stofnun þarf að uppfylla til þess að geta talist háskóli og til þess að geta veitt háskólagráðu við námslok. Lögin kveða einnig á um fjárveitingar ríkisins til háskóla sem skulu ákveðnar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla. Fram kemur að menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við viðkomandi háskóla um þjónustu og verkefni og greiðslur ríkisins fyrir þau í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Slíkur samningur á að tryggja að námsframboð viðkomandi stofnunar sé í samræmi við vilja stjórnvalda og ákvarðanir þar að lútandi séu teknar á grundvelli heildaryfirlits um þörf fyrir háskólamenntun í landinu. Gera lög um háskóla ráð fyrir að skilgreindar verði al-

mennar hlutlægar grundvallarreglur sem fjárveitingar til háskóla skulu taka mið af, sbr. 20. gr. laganna. Gerð sérstakra reiknireglna vegna fjárveitinga til háskóla er nú á lokastigi og munu þar mótaðar meginreglur um fjárveitingar ríkisins til háskóla. Lögin um háskóla byggja enn fremur á því, sbr. 2. mgr. 1. gr., að nánari reglur um starfsemi háskóla sé að finna í sérlögum, reglugerðum, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrám fyrir einstaka háskóla. Í frumvarpi því sem varð að lögum um háskóla segir að lögunum sé eingöngu ætlað að innihalda einfaldar meginreglur um starfsemi háskóla. Í II. kafla laganna er að finna ákvæði sem varða kennara og nemendur og í III. kafla um fyrirkomulag kennslu. Þá er í IV. kafla að finna ákvæði um stjórn ríkisháskóla þar sem settar eru fram meginreglur um stjórn þeirra. Í 10. gr. kemur fram að yfirstjórn hvers háskóla sé falin háskólaráði, rektor, deildarfundum, deildarráðum og deildarforsetum, ef skóla er skipt í deildir. Í 1. mgr. 11. gr. kemur fram að háskólaráð sé æðsti ákvörðunaraðili innan hvers skóla, nema annað sé berum orðum tekið fram í lögunum sjálfum eða í sérlögum um hvern skóla. Í IV. kafla er enn fremur að finna ákvæði um skipan háskólaráðs, skipun rektors og hlutverk hans og stöðu deilda í stjórnsýslu háskóla. Í V. kafla er að finna ákvæði um fjárhag háskóla og í VI. kafla er ákvæði sem lýtur að samstarfi háskóla.

Lög um háskóla eru rammalöggjöf um háskólastigið hér á landi. Í þessu frumvarpi er leitast við að samræma einstök ákvæði frumvarpsins þeim lögum. Jafnframt er byggt á þeirri umræðu sem átti sér stað innan háskólans árið 1997 um rammalöggjöf þessa og þýðingu hennar fyrir sérlög um Háskóla Íslands. Verður vikið nánar að ákvæðum laganna eftir því sem við á í athugasemdum við einstakar greinar.

4. Sjálfstæði Háskóla Íslands og flutningur verkefna frá menntamálaráðuneyti.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarps þessa er að auka sjálfstæði Háskóla Íslands og er það í samræmi við lög um háskóla, nr. 136/1997. Kemur það m.a. fram í því að lagt er til að háskólinn fái aukið vald til þess að setja sjálfur reglur um ýmis framkvæmda- og útfærsluatriði, án atbeina menntamálaráðherra. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir að nokkrir málaflokkar, sem nú heyra undir menntamálaráðuneyti, færist til Háskóla Íslands. Má þar sem dæmi nefna ráðningar í störf, en í frumvarpinu er lagt til að háskólarektor ráði alla kennara háskólans og flesta aðra starfsmenn. Með því fyrirkomulagi hverfur ráðningarvaldið frá menntamálaráðherra til háskólans. Þetta er í samræmi við markmið laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þá er og gert ráð fyrir því í frumvarpinu að háskólaráð setji ýmsar sameiginlegar reglur sem varða starfsemi skólans og reglur um starfsemi deilda innan háskólans að fenginni umsögn háskólafundar, en samkvæmt gildandi lögum setur menntamálaráðherra í reglugerð ýmsar af þessum reglum. Eykur þetta fyrirkomulag að sama skapi sjálfstæði háskólans gagnvart öðrum stjórnvöldum og ætti að vera til þess fallið að stuðla að skilvirkni í starfi hans. Bent er á að í ákvæðum frumvarpsins um skipan háskólafundar og háskólaráðs er gert ráð fyrir að fulltrúar þjóðlífs fái beina aðild að stjórnun háskólans. Þessi hugmynd tengist m.a. tillögum um aukinn flutning verkefna frá menntamálaráðuneytinu til háskólans. Þykir eðlilegt samfara slíkum verkefnaflutningi og þar með auknu sjálfstæði háskólans að stjórnkerfi hans verði gert sýnilegra og opnara. Þá má geta þess að þetta fyrirkomulag hefur víða verið tekið upp erlendis og þótt gefa góða raun. Er í frumvarpinu lagt til að menntamálaráðherra skipi þessa fulltrúa. Hliðstætt ákvæði um þjóðlífsfulltrúa er jafnframt að finna í 13. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997.

Við samningu frumvarpsins er við það miðað að í lögum sé mælt fyrir um grundvallarskipulag Háskóla Íslands, en eðlilegt er, þegar haft er í huga hversu stór stofnun hann er í íslensku samfélagi, að þær reglur hvíli á traustri lagastoð. Þá er gert ráð fyrir að settar séu

í lög ýmsar af þeim reglum sem varða inntökuskilyrði, hvers konar gjaldtöku, próf og kærumál stúdenta, svo og agaviðurlög, en mikilvægt er að meginreglur sem þetta varða séu að einhverju marki bundnar í lögum þar sem þær varða mikilvæg grundvallaratriði í starfsemi háskólans og sum atriði sem ákvæði frumvarpsins taka til, t.d. framkvæmd prófa og einkunnagjöf, valda oft ágreiningi. Að öðru leyti setur háskólinn sjálfur þær reglur sem starfa skal eftir. Frumvarp þetta felur þannig í sér tillögur um flutning verkefna í ríkum mæli frá ráðherra til háskólans sjálfs. Með vísan til þessara almennu sjónarmiða er til dæmis fallið frá því að lögbinda að ákveðið hlutfall af skrásetningargjaldi geti runnið til stúdentaráðs Háskóla Íslands. Lögbinding reglu af því tagi bryti í bága við þá viðleitni að veita Háskóla Íslands umboð til að taka ákvarðanir um slíka ráðstöfun á fjármunum án afskipta löggjafans. Öðru máli gegnir um hlut Félagsstofnunar stúdenta í skrásetningargjaldinu, ákvæðið um það er í samræmi við forsendur fyrir starfi stofnunarinnar sem er að finna í lögum um þá stofnun. Í 18. gr. frumvarpsins eru ný ákvæði um gjöld fyrir þjónustu, þ.e. heimild Háskóla Íslands til að taka gjald fyrir þjónustu utan lögbundinnar skyldu og jafnframt um heimild fyrir háskólaráð til að semja við félög, fyrirtæki og stofnanir um að greiða þeim fyrir sérgreinda þjónustu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að háskólaráð setji m.a. reglur um eftirfarandi, í sumum tilvikum að undangenginni umsögn háskólafundar: a) um skipulag stjórnsýslu deilda háskólans og sameiginlegrar stjórnsýslu, sbr. 4. mgr. 2. gr., b) um deildarskiptingu háskólans, sbr. 1. mgr. 2. gr., c) um undirbúning og framkvæmd kosningar kennara og nemenda í háskólaráð, sbr. 3. mgr. 4. gr., d) um umsóknir um starf rektors, embættisgengi og um framkvæmd kosningar, sbr. 3. mgr. 6. gr., e) um stjórn deilda, sbr. 2. mgr. 10. gr., og f) um starfsheiti og starfsskyldur háskólakennara og um leyfi kennara og sérfræðinga frá störfum, sbr. 4. og 5. mgr. 11. gr. Upptalningin er ekki tæmandi.

Af þessu má sjá að um fjöldamörg atriði, sem menntamálaráðherra skipar nú í reglugerð, er háskólaráði ætlað að setja nánari reglur án atbeina ráðherra. Það er í samræmi við það markmið frumvarps þessa að auka sjálfstæði Háskóla Íslands að hann setji sjálfur reglur af þessu tagi innan þeirra marka sem lög heimila. Margar af þeim reglum sem háskólaráði er ætlað að setja eru til nú þegar, ýmist í reglugerðum menntamálaráðuneytis eða reglum sem háskólaráð hefur samþykkt. Má reikna með að á þeim verði að verulegu leyti byggt í framtíðinni með þeim breytingum sem ný lög um Háskóla Íslands kunna að gera ráð fyrir. Lagt er til að háskólaráð geti ekki sett eða breytt reglum er varða grundvallaruppbyggingu háskólans án þess að leita fyrst eftir umsögn háskólafundar. Er þannig ætlast til að umræða um slíkar reglur fari fram á háskólafundi þar sem flestir hagsmunaðilar og fagaðilar innan háskólans eiga fulltrúa.

5. Breytingar á stjórnskipulagi Háskóla Íslands.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkuð róttækar breytingar á æðstu stjórn háskólans. Gert er ráð fyrir að hún verði falin háskólaráði og rektor eins og fyrr segir. Stjórn deilda verði aftur á móti í svipuðu horfi og nú. Einnig er lagt til að í tengslum við stjórn skólans starfi háskólafundur sem hefur með höndum stefnumótun í málefnum háskólans. Það er einkum rammalöggjöf sú sem fram kemur í lögum um háskóla, nr. 136/1997, og þær meginhugmyndir sem sú löggjöf er byggð á sem tekið er mið af við smíði þeirra tillagna sem fram koma í þessu frumvarpi. Enn fremur er hér tekið mið af samþykkt háskólaráðs frá 9. október 1997, sem fyrr er nefnd, og viðteknu stjórnskipulagi deilda þar sem deildarfundur er æðsta stofnunin og deildarráð eins konar framkvæmdastjórn.

Í frumvarpinu er lagt til að háskóladeildir verði áfram grunneiningar Háskóla Íslands, sbr. nánar 1. mgr. 2. gr. og ákvæði III. kafla frumvarpsins. Með sama hætti er lagt til að áfram verði heimilt að skipta deildum í skorir, þar sem það á við, sbr. nánar 2. mgr. 10. gr.

Ákvæðum um starfsemi deilda er skipað í III. kafla frumvarpsins, og er meginmarkmið hans að styrkja grunneiningar háskólans, bæði fjárhagslega og faglega, m.a. með því að færa ákvörðunarvaldið sem næst vettvangi þannig að sem flestum málum, sem varða daglega starfsemi, sé ráðið til lykta í grunneiningum stofnunarinnar. Áhersla á sjálfstæði deilda og deildir sem grunneiningar í starfsemi háskólans er eðlileg þar sem í deildum fer fram kjarni þess starfs sem er meginhlutverk háskólans, þ.e. rannsóknir og kennsla. Á sama hátt er í frumvarpinu lögð áhersla á aukið fjárhagslegt sjálfstæði deilda. Í því sambandi er m.a. bent á ákvæði 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að háskóladeildum og rannsóknastofnunum sé heimilt að stunda þjónusturannsóknir og standa fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning gegn endurgjaldi, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að hver deild setji sér sérstakar samþykktir um slíkar rannsóknir og kennslu sem háskólaráð staðfestir, m.a. um ráðstöfun tekna af slíkri starfsemi. Með þessu skapast svigrúm fyrir deildir til þess að afla sértekna og nýta þær eins og best samrýmist þörfum deildarinnar hverju sinni um leið og komið er til móts við þarfir samfélagsins fyrir fræðslu og menntun.

Eins og fyrr segir eru í frumvarpi þessu lagðar til breytingar á æðstu stjórn háskólans sem í senn er ætlað að þjóna þeim markmiðum að auka lýðræði í stefnumótun og skilvirkni í daglegum rekstri. Gert er ráð fyrir að sett verði á fót ný stofnun sem beri heitið háskólafundur. Háskólafundi er ætlað tvenns konar hlutverk, annars vegar stefnumótun í sameiginlegum málefnum háskólans og hins vegar að veita umsögn þegar meginreglur er varða stjórnskipulag háskólans eru settar. Framkvæmd stefnunnar sem háskólafundur mótar og dagleg framkvæmdastjórn háskólans verði í höndum háskólaráðs, rektors og sameiginlegrar stjórnsýslu. Háskólaráð verði fámennara en nú er. Háskólafundur verður eins konar þing háskólamanna þar sem saman koma fulltrúar einstakra deilda og stofnana háskólans, auk fulltrúa starfsmanna stjórnsýslunnar, stúdenta og þjóðlífs. Gert er ráð fyrir að háskólafundur komi saman í það minnsta einu sinni á hverju kennslumissiri og er miðað við að settar verði reglur um undirbúning hans, hvernig mál skuli fyrir hann lögð, rædd þar og afgreidd. Reglum þessum er ætlað að stuðla að vandaðri málsmeðferð og virku starfi háskólafundar. Á þessu þingi oddvita háskólasamfélagsins mætast á einum stað sjónarmið allra faggreina og hópa háskólasamfélagsins. Með þessu er m.a. komið til móts við óskir sem uppi hafa verið innan háskólans um að fjölga þurfi í háskólaráði frá því sem nú er til þess að oddvitar allra kennslugreina og hópa geti átt þar fulltrúa og tekið þátt í að móta stefnu og eiga aðild að ákvörðunum þess. Reglur 8. gr. frumvarpsins um skipan háskólafundar eru í samræmi við þetta.

Hlutverk háskólafundar er nánar rakið í 7. gr. Af því ákvæði er ljóst að honum er fyrst og fremst ætlað að vinna að þróun Háskóla Íslands og stefnumótun í innri málefnum hans. Háskólafundi er aftur á móti ekki ætlað að fara með stjórnsýslulegt úrskurðarvald. Gert er ráð fyrir að með samþykktum sínum um stefnumörkun móti háskólafundur stefnu þá sem háskólaráði og rektor er ætlað að taka mið af.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að háskólaráð verði æðsta framkvæmdastjórn háskólans, ásamt rektor. Háskólaráð fer með æðstu stjórn í rekstri háskólans, sbr. nánar ákvæði 3. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við það sem fram kemur í 13. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997, er lagt til að háskólaráð verði nokkru fámennara en það sem nú starfar og þar verði ekki fleiri en 10 fulltrúar. Er þetta m.a. byggt á því að með fámennara háskólaráði megi frekar stuðla að skilvirkni í starfi þess, en gert er ráð fyrir skýrri verkaskiptingu milli þess og háskólafundar. Í

4. gr. frumvarpsins er að finna reglur um skipan háskólaráðs. Gert er ráð fyrir að fagsvið, sem nokkrar deildir mynda saman, eigi fulltrúa í háskólaráði, ásamt fulltrúum þjóðlífs og stúdenta. Nánar verður vikið að skipan háskólaráðs í athugasemdum við 4. gr.

6. Önnur atriði.

a. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lög um Háskóla Íslands verði mun styttri en gildandi lög. Miðað er við að í lögum verði eingöngu að finna helstu grundvallarreglur um stjórnskipulag, stjórnsýslu, starfslið og nemendur skólans, en fyrirmæli um nánari útfærsluatriði verði að finna í reglum sem háskólaráð setur. Í sumum tilvikum er gert ráð fyrir umsögn háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.
b. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðningar starfsfólks verði alfarið í höndum háskólans sjálfs, sbr. nánar ákvæði 12. gr. frumvarpsins, sbr. einnig 6. og 10. gr. Þetta er í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.
c. Ákvæði um skipun rektors og kosningu eru löguð að lögum um háskóla, nr. 136/1997, sbr. einkum 14. gr. þeirra laga. Þó er gert ráð fyrir að háskólaráð setji, að fenginni umsögn háskólafundar, reglur um tilnefningu rektors og embættisgengi.
d. Sett eru skýrari ákvæði um inntökuskilyrði, sbr. 13. gr. Þau eru í samræmi við ákvæði laga um háskóla, nr. 136/1997, sbr. einkum 6. gr. þeirra.
e. Í lögum nr. 136/1997, um háskóla, er nákvæmlega tilgreint hvernig fjárveitingar til háskóla skulu ákvarðaðar. Gilda reglur þessar, sbr. 19.–23. gr. laganna, um Háskóla Íslands eins og aðra háskóla í landinu og er því ekki að finna sérstök ákvæði um fjárveitingar í þessu frumvarpi.
f. Sett eru skýrari ákvæði um þjónustusamninga og aðild að fyrirtækjum en nú gilda, sbr. 2. mgr. 19. gr.
g. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Háskóli Íslands hafi heimild til þess að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði skólans, um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna, sbr. 3. mgr. 19. gr. og einnig 1. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 9. gr. Háskólinn hefur haft heimild til þess að gera slíka samninga við stofnanir og hefur það gefist vel. Með frumvarpinu er lagt til að heimild þessi verði rýmkuð þannig að háskólanum verði einnig heimilt að semja við fyrirtæki og enn fremur til þess að gera samstarfssamninga um ráðningu kennara. Er það í samræmi við þá þróun sem orðið hefur á þessu sviði.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um hlutverk Háskóla Íslands. Lögð er áhersla á að Háskóli Íslands sé bæði vísindaleg rannsóknastofnun og fræðslustofnun, sbr. 1. mgr. 1. gr. Enn fremur er áréttað hlutverk Háskóla Íslands varðandi endurmenntun og kveðið á um þjónustu háskólans við þjóðfélagið í krafti þekkingar sinnar.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar er að efni og orðalagi samhljóða 1. gr. gildandi laga um Háskóla Íslands, sbr. einnig 2. málsl. 2. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997.

Ákvæði 2. mgr. er nýtt miðað við gildandi lög. Þar er tekið af skarið um að það sé hlutverk Háskóla Íslands að sinna endurmenntun, almenningsfræðslu og þjónusturannsóknum innan þeirra marka sem samkeppnisreglur heimila. Endurmenntun og almenningsfræðsla hefur á undanförnum árum í reynd verið vaxandi í starfsemi háskólans, einkum á vettvangi End-

urmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Með ákvæði 2. mgr. 1. gr. er treystur lagagrundvöllur undir þennan mikilvæga þátt í starfsemi hans. Þá hafa stofnanir háskólans í vaxandi mæli fengist við þjónusturannsóknir, þ.e. rannsóknir sem unnar eru eftir beiðni aðila utan háskólans, hvort sem það eru opinberar stofnanir eða einkaaðilar. Mikilvægt er að treysta lagagrundvöll undir þessa starfsemi. Ákvæði um endurmenntunarhlutverk háskólans kemur í stað 4. mgr. 36. gr. gildandi laga um Háskóla Íslands.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um stjórnskipulag Háskóla Íslands. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum í greinargerðinni hér að framan er gert ráð fyrir töluverðum breytingum á æðstu stjórn háskólans. Er hér um að ræða ein mikilvægustu nýmæli frumvarpsins. Áréttað skal að tillögur þær sem fram koma í frumvarpinu taka mið af lögum um háskóla, nr. 136/1997, auk þess sem komið er á móts við samþykkt háskólaráðs frá 9. október 1997.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. segir að háskóladeildir séu grunneiningar Háskóla Íslands. Þetta er sama grundvallarregla og fram kemur í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. gildandi laga. Löng hefð er fyrir að skilgreina deildir sem grunneiningar Háskóla Íslands og er hér lagt til að svo verði áfram. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er eitt af markmiðum frumvarpsins að treysta sjálfstæði þessara grunneininga háskólans bæði faglega og fjárhagslega. Í III. kafla frumvarpsins er að finna nánari ákvæði um starfsemi deilda, en rétt þykir að setja hér fram þessa mikilvægu grunnreglu í stjórnskipan háskólans. Lagt er til að háskólaráð geti, að fenginni umsögn háskólafundar, breytt deildarskipan, þ.e. stofnað nýjar deildir eða lagt deildir niður. Með þessu er sjálfstæði háskólans aukið og honum veitt aukið svigrúm til þess að laga starfsemi sína að breyttum aðstæðum hverju sinni.

Í 2. mgr. er lýst stjórnskipulagi Háskóla Íslands. Ákvæðið felur í sér mikilvæga breytingu frá gildandi lögum. Lagt er til að æðsta stjórn háskólans sé falin háskólaráði, háskólarektor og deildarfundum og deildarforsetum. Jafnframt er lagt til að í tengslum við stjórn háskólans starfi háskólafundur. Með þessu orðalagi er háskólafundi fengið ákveðið vægi við mótun háskólastarfsins. Um háskólafund og háskólaráð og önnur atriði sem lúta að breytingum á æðstu stjórn Háskóla Íslands er vísað til almennra athugasemda í greinargerð þessari.

Í 3. mgr. kemur fram að áður en lögum og reglum er snerta háskólann er breytt skuli leita umsagnar háskólafundar. Þetta ákvæði er sambærilegt við 7. mgr. 2. gr. gildandi laga, nema hér er það háskólafundur sem veitir umsögnina, en ekki háskólaráð. Er það í samræmi við skilgreint hlutverk háskólafundar samkvæmt frumvarpinu. Ef málefni varðar einkum eina deild skal leita álits hennar sérstaklega. Ef málefni varðar háskólastofnun sem ekki heyrir undir deild á að leita álits stofnunarinnar.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. skal háskólaráð setja reglur um skipulag almennrar stjórnsýslu háskólans, að fenginni umsögn háskólafundar. Í þeim skal kveða nánar á um verkaskiptingu háskólafundar, háskólaráðs og rektors og jafnframt um skipulag almennrar stjórnsýslu háskólans og stjórnsýslu deilda og stofnana. Þar verði enn fremur kveðið á um ábyrgð, vald og verkaskiptingu milli háskólaráðs, rektors, deildarfunda, deildarforseta, deildarráða, skora og skorarformanna. Er með því horfið frá því fyrirkomulagi að lögbinda skipulag hinnar sameiginlegu stjórnsýslu skólans eins og nú er. Þykir hentugra að hægt sé að breyta skipulagi hennar án þess að lagabreyting þurfi að koma til.

Um 3. gr.

Í greininni ræðir um hlutverk háskólaráðs. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans og fer með æðsta úrskurðarvald í málefnum hans. Háskólaráð fer með framkvæmdastjórn háskólans, auk þess sem það á að hafa almennt eftirlit með starfsemi og rekstri hans, sbr. nánar ákvæði 1. mgr. Ákvarðanir háskólaráðs, í þeim málefnum sem ráðinu eru falin í lögum, eru endanlegar.

Í 2. mgr. er að finna nánari ákvæði um hlutverk háskólaráðs, en meginhlutverk þess er að annast daglega framkvæmdastjórn ásamt rektor, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin deildunum sjálfum eða stofnunum háskólans. Ekki þykir ástæða til að rekja hlutverk háskólaráðs lið fyrir lið í lagatextanum sjálfum, enda gert ráð fyrir að háskólaráð sjálft setji nánari reglur um hvernig það rækir hlutverk sitt, sbr. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er ákvæði um að háskólaráði sé heimilt að stofna sérstaka rannsóknar- og þróunarsjóði sem starfi samkvæmt skipulagsskrá sem menntamálaráðherra staðfestir. Þetta er hliðstætt 5. mgr. 10. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um skipan háskólaráðs. Í 1. mgr. kemur fram að í háskólaráði sitji tíu fulltrúar. Þetta er í samræmi við ákvæði IV. kafla laga um háskóla, nr. 136/1997, sbr. einkum 13. gr. Þar kemur fram að rektor er sjálfkjörin til setu í háskólaráði. Auk rektors eiga sæti í háskólaráði fjórir fulltrúar ótímabundið ráðinna kennara, einn fulltrúi samtaka háskólakennara, tveir fulltrúar samtaka stúdenta og tveir fulltrúar menntamálaráðherra. Ákvæðið er að því leyti frábrugðið 13. gr. laga nr. 136/1997 að allir kennarar í fullu starfi, þar með taldir deildarforsetar, eru kjörgengir í háskólaráð. Þó er vakin athygli á þeirri meginstefnu sem fram kemur í þeim lögum, að deildarforsetar sitji ekki í háskólaráði.

Tekið er fram að við kosningu fulltrúa kennara í háskólaráð skuli að því gætt að einn fulltrúi sé af hverju eftirtalinna fræðasviða: hugvísindasviði, heilbrigðisvísindasviði, samfélagsvísindasviði og verkfræði- og raunvísindasviði. Sama gildir um kjör varamanna þeirra. Þessi regla á að stuðla að því fulltrúar mismunandi fræðasviða eigi fulltrúa í háskólaráði og að með því megi treysta samfellu í starfi háskólans og tryggja þar faglega þekkingu á málefnum deilda. Kjörtímabil, annarra en rektors, er óbreytt frá því sem nú er, eða tvö ár.

Í 3. mgr. eru ákvæði um að háskólaráð setji nánari reglur um kosningarrétt og kjörgengi, undirbúning og framkvæmd kosningar kennara og stúdenta. Gert er ráð fyrir að binda megi kosningarrétt og vægi atkvæða að einhverju eða öllu leyti við ákveðið starfshlutfall.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar ræðir um fundi háskólaráðs. Ákvæði greinarinnar eru að mestu samsvarandi þeim sem fram koma í 5. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í greininni er að finna almennt ákvæði um hlutverk rektors. 1. mgr. er samsvarandi 3. mgr. 2. gr. gildandi laga um Háskóla Íslands. Þar er sett fram sú regla að rektor sé yfirmaður sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og að hann sé æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan.

Í 2. mgr. kemur fram að rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og setur því erindisbréf eða starfslýsingar. Þá er rétt að nefna að í 1. mgr. 12. gr. kemur fram að háskólarektor ræður prófessora, dósenta og lektora. Samkvæmt þessu er hlutverk rektors

við mannaráðningar aukið frá því sem gildandi lög gera ráð fyrir. Þetta er í samræmi við fyrirmæli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sbr. einkum 42. gr.

Ákvæði 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins felur í sér verulegar breytingar frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Í 1. mgr. 3. gr. gildandi laga er gengið út frá því að rektor Háskóla Íslands sé kjörinn til starfans. Í 14. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997, er mælt svo fyrir að menntamálaráðherra skipi rektor til fimm ára í senn samkvæmt tilnefningu viðkomandi háskólaráðs eftir nánari ákvæðum í sérlögum um hvern skóla. Í 23. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi skyldur starfsmanna ríkisins, er jafnframt gert ráð fyrir því að embættismenn ríkisins séu skipaðir til fimm ára í senn. Í samræmi við þetta er tekið fram í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins að menntamálaráðherra skipi rektor til fimm ára í senn samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangenginni kosningu í háskólanum. Enn fremur er í samræmi við ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. laga um háskóla gert ráð fyrir að starfið sé auglýst til umsóknar. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að háskólaráð, að fenginni umsögn háskólafundar, setji reglur um hvernig skuli staðið að kosningu, tilnefningu og embættisgengi rektors. Þannig er ótvírætt, samkvæmt lagagreininni, að tilnefning í embætti rektors ræðst af almennum kosningum í háskólanum.

Um 7. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hlutverk háskólafundar. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er miðað við að háskólafundur hafi einkum tvenns konar hlutverki að gegna, sbr. og 1. mgr.: Annars vegar vinnur hann að þróun og eflingu háskólans, tryggir samráð og samstarf deilda og mótar heildarstefnu í málefnum háskólans í samráði við rektor og háskólaráð. Hins vegar veitir hann umsögn um meginreglur er varða innri starfsemi háskólans í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum. Framkvæmdastjórn er aftur á móti í höndum háskólaráðs, rektors, deildarfunda og deildarforseta og fer háskólaráð með æðstu framkvæmdastjórn í málefnum háskólans.

Í 2. mgr. er tekið fram að háskólafundur sé ályktunarbær um þau málefni sem honum eru falin samkvæmt frumvarpinu. Sérstaklega er áréttað að ekki er ætlunin að háskólafundur fari með stjórnsýslulegt úrskurðarvald. Í frumvarpinu er lagt til að háskólafundur starfi í tengslum við stjórn skólans. Ástæða er þó til að leggja sérstaka áherslu á að háskólafundi er ekki ætlað að vera nýtt stjórnsýslustig innan háskólans sem taki við málum til afgreiðslu sem verið hafa til umfjöllunar og afgreiðslu í deild eða háskólaráði. Háskólafundur á að vera þing háskólasamfélagsins byggt á breiðum lýðræðislegum grundvelli sem á að tryggja að öll hin ólíku sjónarmið og ólíku hagsmunir einstakra fræðigreina innan háskólans fái að komast að og að tillit verði tekið til þeirra við grundvallarstefnumótun í starfi háskólans og við setningu sameiginlegra reglna.

Um 8. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um skipan háskólafundar. Miða þau að því að tryggja fulltrúum mismunandi greina, fræðasviða og hópa innan háskólans hlutdeild í stefnumótun og ákvörðunum háskólafundar. Við ákvörðun á fjölda fulltrúa einstakra deilda er annars vegar tekið mið af fjölda fastra kennara eða sérfræðinga í deild eða stofnunum sem heyra undir þær og hins vegar af fjölda stúdenta í deild. Við það er miðað að samsetning háskólafundar endurspegli áherslur í starfi háskólans og stærð einstakra deilda. Háskólafundur setur nánari reglur um skipan og fundarsköp, sbr. 4. mgr. Þar er heimild til að gefa fleirum kost á setu á fundunum. Að öðru leyti gefa reglur 8. gr. ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði sem lúta að skiptingu háskólans í deildir og við það miðað að deildir háskólans séu grunneiningar hans, sbr. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Miða ákvæði kaflans að því að treysta faglegt og stjórnunarlegt sjálfstæði deilda.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram sama mikilvæga meginregla og í 1. mgr. 9. gr. gildandi laga, þ.e. að háskóladeildir séu grunneiningar Háskóla Íslands. Ástæðan er sú að í deildum fer meginstarfsemi háskólans fram, þ.e. kennsla og rannsóknir. Löng hefð er fyrir þessari skipan, allt frá lögunum um stofnun Háskóla Íslands 30. júlí 1909, enda er þetta ein af stoðum sjálfræðis deildanna um fræðileg málefni, kennslu og rannsóknir (akademískt frelsi) og stjórnun. Í 1. mgr. er því einnig kveðið á um sjálfræði deilda um eigin málefni innan þeirra marka, sem sameiginlegar reglur háskólans setja. Ákvæði um reglubundið mat er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. er ákvæði um rannsóknastofur og rannsóknastofnanir, og er háskólaráði ætlað að setja þar um sérstakar reglur. Þessar reglur liggja fyrir að hluta, sbr. tillögu að rammareglugerð um stofnanir við deildir háskólans frá 18. desember 1997. Jafnframt er deildum og stofnunum, samkvæmt samþykktum sem háskólaráð staðfestir, heimilt að stunda þjónusturannsóknir og standa fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Í 18. gr. frumvarpsins er síðan að finna heimild til þess að taka gjald fyrir slíka þjónustu og kennslu. Með þessum ákvæðum er fengin skýr lagastoð fyrir starfsemi af þessu tagi sem skapar deildum nokkurt svigrúm til að afla sértekna og nýta þær eins og best samrýmist hagsmunum og þörfum deildarinnar eða stofnunarinnar hverju sinni.

Í 3. mgr. er ákvæði um kennsluskrá og efni hennar. Það er að mestu leyti samhljóða 1. málsl. 16. gr. gildandi laga, en efnisatriðum sem eiga saman og eru á öðrum stöðum í gildandi lögum, er bætt við upptalninguna, þ.e. skipan náms, námsframvindu, hámarksnámstíma, prófgráðum og prófgreinum.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er mælt svo fyrir að stjórn deilda sé í höndum deildarfundar og að deildarforseti sé framkvæmdarstjóri í málefnum deildar. Þar er enn fremur áréttað að deildarforsetar eru yfirmenn stjórnsýslu deilda. Í greininni er verksvið deildarforseta skilgreint. Með þessu er lögð áhersla á leiðandi hlutverk deildarforseta við stefnumótun og árétttuð ábyrgð hans.

Í gildandi lögum eru nokkuð ítarleg ákvæði um stjórn deilda. Í frumvarpi þessu er miðað við að ekki þurfi að lögfesta ítarlegar reglur um stjórn þeirra. Við það er miðað að háskólaráð setji reglur um stjórn deilda, deildarráð, skiptingu deilda í skorir, námsnefndir, kjör deildarforseta og kjörgengi og hlutverk, og deildar- og skorarfundi o.fl. Verður í slíkum reglum m.a. stefnt að því markmiði að auka sjálfstæði deilda í eigin málefnum. Ótvírætt er sem fyrr að deildarfundur er æðsta yfirstjórn deildar, sbr. 1. mgr. 10. gr., og því verða tillögur til háskólaráðs um mikilvæg málefni er varða deild, t.d. um skorarskiptingu deildar, undirbúnar og ákveðnar í deild, sbr. einnig ákvæði 4. mgr. 2. gr.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um háskólakennara og sérfræðinga og hvernig ráðningu þeirra er háttað. Eitt mikilvægasta nýmæli kaflans er að mannaráðningar eru í auknum mæli færðar til háskólarektors.

Um 11. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er skilgreining á því hverjir eru háskólakennarar, og er hann samhljóða 1. mgr. 10. gr. gildandi laga. Í 2. málsl. er tekið fram að háskólakennara og sérfræðinga megi ráða í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Áhersla er á það lögð að um heimildarákvæði er að ræða sem vanda verður til um framkvæmd. Gera verður ráð fyrir að gætt sé sambærilegra hæfniskrafna og gerðar eru til þeirra sem gegna fullu starfi.

Í 3. málsl. 1. mgr. er ákvæði um að heimilt sé að tengja starf háskólakennara og sérfræðinga tilteknu starfi utan háskólans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur. Heimildin er ekki bundin við, eins og í gildandi 2. mgr. 10. gr., að þar sé um að ræða tengsl við störf hjá opinberum stofnunum eingöngu. Þessi breyting er nauðsynleg til að auka svigrúm háskólans til að tengjast fleiri aðilum utan hans, enda vinnur háskólinn markvisst að því að tengja kennslu- og rannsóknastarfsemi sína atvinnulífi og annarri rannsóknastarfsemi í landinu. Ein leið til þessa hefur verið að fá til samstarfs sérfræðinga sem starfa á opinberum stofnunum utan háskólans og er algengast að sérfræðingar séu ráðnir sem stundakennarar. Æskilegra er þó í mörgum tilvikum að sérfræðingarnir og stofnun þeirra tengist háskólanum nánar og þeir séu með samkomulagi við stofnunina ráðnir til að gegna hlutastarfi dósents eða lektors með aðalstarfi sínu. Kostur við þetta ráðningarform er að sérfræðingarnir taka þá þátt í störfum deilda og eiga greiðari leið til að veita stúdentum aðgang að þeirri aðstöðu og sérþekkingu sem stofnun þeirra ræður yfir en er ef til vill ekki fyrir hendi hjá háskólanum sjálfum. Þetta hefur einkum verið gert í læknadeild þar sem sérfræðingar úr heilbrigðiskerfi sem gegna slíkum hlutastörfum eru rúmlega 50 talsins. Í öðrum deildum hefur þetta ráðningarform verið nokkuð notað í viðskipta- og hagfræðideild og verkfræðideild og vaxandi áhugi er á fjölgun slíkra ráðninga eftir því sem háskólamenntuðum sérfræðingum fjölgar í stofnunum og fyrirtækjum og auðveldara verður að eiga samskipti með bættum samgöngum og fjarskiptum. Breytingin frá gildandi lögum, sem hér er lögð til, er til að heimila að slíkir sérfræðingar séu sóttir til allra innlendra stofnana og fyrirtækja sem ráða yfir eftirsóknarverðri þekkingu og reynslu, auk þess sem æskilegt getur verið að sækja sérfræðinga til erlendra háskóla og stofnana. Meðan uppbygging kennslu var skammt á veg komin og prófessorar fáir þótti ekki rétt að heimila hlutastörf prófessora. Nú er hins vegar tímabært að heimila slíka ráðningu og nýta sér ágæta reynslu sem fengist hefur af því ráðningarformi, m.a. í Noregi.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að heimilt verði að ráða til stofnana háskólans fólk sem sinni vísinda- og fræðistörfum án kennsluskyldu. Er staða þeirra í flestu tilliti hin sama og staða háskólakennara, að öðru leyti en því að þeir hafa ekki kennsluskyldu eða stjórnunarskyldu í deild.

Í 3. mgr. er lagt til að heimilt sé að ráða kennara og aðra til vísinda- og fræðistarfa tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára í senn samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur. Hliðstætt ákvæði um dósenta og lektora er í 4. mgr. 10. gr. gildandi laga. Heimild frumvarpsgreinarinnar til tímabundinnar ráðningar er rýmri en heimild 2. mgr. 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að því leyti til að í því lagaákvæði er miðað við tveggja ára ráðningartíma. Liggur það sjónarmið til grundvallar frumvarpsgreininni að starf háskólakennara og vísinda- og fræðimanna hafi þá sérstöðu að það réttlæti lengri ráðningartíma, m.a. þegar litið er til þess tíma sem þarf til undirbúnings starfi og þjálfunar í því.

Samkvæmt 4. mgr. skal háskólaráð setja almennar reglur um starfsheiti og starfsskyldur háskólakennara og þeirra sem ráðnir eru í starf sérfræðings, fræðimanns eða vísindamanns, en skv. 1. mgr. 18. gr. gildandi laga, sbr. einnig 5. mgr. 10. gr. sömu laga, skal háskólaráð ákveða, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskyldur einstakra háskólakennara skulu skiptast. Með lagaákvæði þessu eru völd háskólaráðs sem æðsta ákvörðunaraðila innan háskólans til að ákveða starfsskyldur starfsmanna áréttuð og ber að leggja ákvarðanir ráðsins til grundvallar við mat á launakjörum starfsmanna háskólans. Háskóladeildir skulu hins vegar á grundvelli þessara reglna ákveða hvernig starfsskyldur einstakra kennara skulu skiptast. Stjórn háskólastofnunar skal með sama hætti ákveða hvernig starfsskyldur sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna skulu skiptast. Með þessu er ákvörðunin færð nær vettvangi starfsins, til deildar eða stofnunar, eftir atvikum, sem ber ábyrgð á kennslu og rannsóknum.

Í 5. mgr. segir að háskólaráð skuli setja almennar reglur um leyfi kennara og sérfræðinga frá störfum og að allar ákvarðanir deilda og stofnana um leyfi þeirra skuli teknar á grundvelli slíkra almennra reglna. Er með þessu reynt að einfalda þá reglu sem fram kemur í 19. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur fram að háskólarektor ráði alla fasta kennara til starfa við háskólann og sérfræðinga, vísinda- og fræðimenn, en samkvæmt þeim reglum sem nú gilda ræður menntamálaráðherra prófessora, en háskólarektor dósenta og lektora. Í 2. og 3. málsl. segir að deildarforsetar ráði aðjúnkta, stundakennara og annað starfsfólk deilda og stofnana sem heyra undir deild og að forstöðumaður háskólastofnunar sem ekki heyrir undir deild ráði annað starfsfólk stofnunar. Hér er um að ræða mikilvæga breytingu þar sem ráðningarvaldið er í auknum mæli fært frá ráðherra til háskólarektors eða forstöðumanna deilda eða stofnana háskólans. Ákvæði þetta tryggir sjálfstæði háskólans í starfsmannamálum. Þetta er í samræmi við fyrirmæli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sbr. einkum 42. gr., sbr. einnig athugasemdir við 6. gr. þessa frumvarps. Háskólastofnanir heyra ýmist undir deild eða háskólaráð. Þess vegna er hér kveðið á um skýrari reglur um ráðningar í starf.

Í 2. mgr. eru settar fram almennar faglegar hæfniskröfur til þeirra sem starfa við háskólann í föstum kennarastörfum eða eingöngu við vísinda- og fræðistörf. Þar kemur fram sú regla að engan megi ráða í starf kennara eða til vísinda- og fræðistarfa, nema hann hafi lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafi jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Skv. 2. málsl. skulu umsækjendur hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Í 3. málsl. kemur fram að hver deild getur með samþykki háskólaráðs sett frekari menntunarkröfur, t.d. kröfu um doktorspróf.

Ákvæði 3. mgr. um skipun dómnefndar er efnislega í samræmi við 3. mgr. 11. gr. gildandi laga, einkum varðandi skipun nefndarinnar. Er við það miðað að rektor skipi alla nefndarmenn, en þeir séu tilnefndir þannig að háskólaráð tilnefni einn, menntamálaráðherra annan og viðkomandi deild hinn þriðja. Með þessu er skýrt kveðið á um það hver skipar nefndina annars vegar og hverjir tilnefna í hana hins vegar.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að dómnefnd skuli láta uppi rökstutt álit um það hvort umsækjandi sé hæfur til að gegna starfi. Bent er á að í 7. mgr. er gert ráð fyrir að háskólaráð setji m.a. nánari reglur um störf og starfshætti dómnefnda. Þar verði m.a. settar reglur um að hvaða marki heimilt sé að byggja á eldri dómnefndarálitum. Enn fremur er vakin athygli á ákvæði um ritara dómnefndar. Við það er miðað að rektor skipi einn ritara sem starfi með

öllum dómnefndum sem hafi m.a. það hlutverk að samræma störf og vinnubrögð dómnefnda og stuðla þar með að skilvirkara og vandaðra starfi þeirra. Ákvæði 7. mgr. 12. gr. miðar að sama marki.

Störf dómnefnda hafa oft orðið tilefni deilumála sem m.a. lúta að hæfi dómnefnda, meðferð mála hjá dómnefndum o.fl. Þá hafa komið fram þau sjónarmið innan háskólans að dómnefndir og sú málsmeðferð sem þeim fylgi sé þung í vöfum og tafsöm. Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2087/1997 koma fram ýmsar upplýsingar um störf, starfshætti og stjórnsýslulega stöðu dómnefnda.

Í áliti umboðsmanns eru enn fremur rakin sjónarmið sem snerta hlutverk, störf og starfshætti dómnefnda. Í áliti umboðsmanns um skýringu á 4. mgr. 11. gr. gildandi háskólalaga segir þetta:

„Samkvæmt 4. mgr. 11. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, skal dómnefnd láta uppi rökstutt álit á því, hvort umsækjandi sé hæfur til að gegna starfi. Gera verður glöggan greinarmun á því mati annars vegar, hvort umsækjandi verður talin uppfylla þau lágmarksskilyrði, að teljast hæfur til að gegna starfi skv. 1. málsl. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 131/1990 og hins vegar því mati, hver þeirra umsækjenda, er uppfylli fyrrnefnda starfsgengisskilyrði, telst síðan hæfastur eða færastur umsækjenda til að gegna starfanum. Einungis þeir, sem ekki uppfylla lágmarksskilyrði 1. málsl. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, verða taldir óhæfir í skilningi laganna."

Þessi sjónarmið sem fram koma í áliti umboðsmanns eiga einnig við um 4. mgr. 12. gr. frumvarps þessa. Brýnt er að dómnefndir starfi samkvæmt þessum sjónarmiðum. Ákvæði 5. mgr. 12. gr. felur í sér að þegar álit dómnefndar liggur fyrir skal tillaga um veitingu starfsins ákveðin í samræmi við reglur hverrar deildar eða stofnunar sem háskólaráð hefur staðfest. Hér er opnað fyrir þann möguleika að deildir geti haft ólíkar reglur við gerð tillögu til rektors, svo sem atkvæðagreiðslu í deild eins og nú er, atkvæðagreiðslu í skor eða með því að sérstök stöðunefnd deildar ákveði. Háskólaráð skal staðfesta slíkar reglur.

Ákvæði 6. mgr. 12. gr. eru efnislega samhljóða ákvæðum 6. mgr. 11. gr. gildandi laga að því viðbættu að málsgreinin tekur ekki bara til kennara, heldur einnig sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að flytja bæði kennara og sérfræðinga og fræðimenn milli starfsheita samkvæmt reglum sem háskólaráð setur. Að því er sérfræðinga og fræðimenn varðar er þetta rýmkun á ákvæðum 6. mgr. 11. gr. gildandi laga. Að öðru leyti er hér í aðalatriðum gert ráð fyrir að framgangskerfið haldist óbreytt. Í 6. mgr. er enn fremur að finna heimild til þess að flytja sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn í kennarastörf, enda hafi þeir þá kennslu- og stjórnunarskyldu í deild. Gert er ráð fyrir að um þetta verði gert samkomulag milli deildar og stofnunar hverju sinni.

Ákvæði 7. mgr. mælir svo fyrir að háskólaráð setji nánari reglur um nýráðningar, auglýsingar um störf, umsóknir og meðferð þeirra, skipan og störf dómnefnda og framgang kennara og sérfræðinga og tilflutning starfsmanna. Miðað er við að í reglurnar verði m.a. sett ítarleg ákvæði um auglýsingar þar sem starf verði eins nákvæmlega skilgreint og kostur er hverju sinni og það verði helsta viðmið dómnefnda við mat á hæfi umsækjenda til að gegna viðkomandi starfi. Ætti þetta að stuðla að skilvirkara starfi dómnefnda.

Skv. 8. mgr. 12. gr. getur háskólarektor, að fenginni tillögu deildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennarastarfi við háskólann, án þess að það hafi verið auglýst. Samsvarandi heimild er í 1. mgr. 12. gr. gildandi laga. Þessa heimild verður að túlka þröngt í ljósi almennrar reglu um að laus störf beri að auglýsa.

Um 13. gr.

Greinin í heild er endurskoðuð 21. gr. gildandi laga, orðalag einfaldað og efnisatriði sett í efnislegt samhengi. Jafnframt hafa efnisbreytingar sem samþykktar voru í háskólaráði 4. febrúar 1993 verið felldar inn í greinina. Þær miða að því að veita skýrari og almennari heimildir en felast í núgildandi lögum til að kveða á um undirbúningsskilyrði í samræmi við námskröfur í einstökum deildum. Í stað réttar til skrásetningar er lögð áhersla á viðeigandi undirbúning sem skilyrði skrásetningar til náms. Þessi breyting er jafnframt í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997.

Í 1. mgr. er ákvæði um almennt inntökuskilyrði, þ.e. viðurkennt stúdentspróf frá íslenskum skóla eða sambærilegt próf frá erlendum skóla. Hvað varðar ákvæði um sambærilegt próf frá erlendum skólum er Ísland aðili að norrænum samningi um aðgang að æðri menntun sem tók gildi 9. maí 1997 og samningi Evrópuráðsins og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um viðurkenningu á menntun og hæfi að því er varðar æðra skólastig á Evrópusvæðinu sem undirritaður var í Lissabon í apríl 1997. Í 2. og 3. málsl. 1. mgr. er ákvæði um að háskólaráð setji reglur um heimild þeirra sem ekki hafa lokið stúdentsprófi til að stunda nám við háskólann. Að efni til er hér ekki um breytingu að ræða frá 21. gr. gildandi laga. Undir þessar reglur munu falla öll frávik frá almenna skilyrðinu í 1. málsl. 1. mgr., þ.m.t. ákvæði 2.–4. mgr. 21. gr. gildandi laga, um undanþáguheimildir frá stúdentsprófi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að háskólaráð setji nánari reglur um inntöku stúdenta í einstakar námsgreinar, bæði í grunnnám og framhaldsnám. Í reglunum verður heimilt að binda aðgang að námsgreinum frekari skilyrðum um undirbúning en fram koma í hinu almenna skilyrði í 1. mgr. Þetta er í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997, sem fyrr er greint. Deildir skilgreina þá nánar þann undirbúning sem þær telja nauðsynlegan í upphafi náms og gera þá kröfu við inngöngu að stúdent hafi auk almenns kjarna náð tilteknum árangri í einstökum greinum eða greinaflokkum á stúdentsprófi sem teljast óhjákvæmilegur undirbúningur að námi í viðkomandi deild. Jafnframt er í 2. mgr. heimild til að takmarka fjölda stúdenta sem teknir verða í grunn- og framhaldsnám. Samkvæmt heimildarákvæði 5. mgr. 21. gr. gildandi laga er fjöldatakmörkun ákveðin af háskólaráði, að fengnum tillögum hlutaðeigandi deilda sem hafa til þess heimild í reglugerð. Undanþága byggð á 5. mgr. gildandi lagagreinar hefur verið notuð til að setja í reglugerð ákvæði um heimild til takmörkunar á fjölda stúdenta á 1. námsári vegna skorts á aðstöðu til kennslu. Auk þessa er ljóst að háskólinn getur vegna skorts á aðstöðu þurft að takmarka fjölda þeirra sem hann tekur til framhaldsnáms að loknu grunnnámi til fyrstu háskólagráðu, en heimildir til þess eru alls ekki nægilega skýrar samkvæmt gildandi lögum. Með þessum breytingum eru heimildir skýrðar. Aftur á móti er ekki við það miðað að fjöldatakmörkunum verði beitt í ríkari mæli en verið hefur, enda er tilgangur fjöldatakmörkunar ekki að fækka þeim sem ljúka námi, heldur að skapa aðstæður til að sinna nemendum betur og gera nám þeirra árangursríkara.

Í 3. mgr. 13. gr. er ákvæði um skrásetningargjald. Það er sambærilegt við ákvæði 6. mgr. 21. gr. gildandi laga, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1996, en þó með tveimur breytingum.

Í fyrsta lagi er lagt til að upphæð skrásetningargjaldsins, sem kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert, verði hækkuð úr 24.000 kr. í 25.000 kr. Er það gert til samræmis við 4. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, og 4. gr. frumvarps til laga um Háskólann á Akureyri sem liggur fyrir Alþingi og verður því að teljast endurspegla vilja löggjafans um það efni. Skrásetningargjaldið og kostnaðarliðir sem undir það falla voru skýrðir í greinargerð með tillögu um lagabreytingu (nú 6. mgr. 21. gr., sbr. lög nr. 29/1996) sem háskólaráð samþykkti 25. ágúst 1995. Þar kom fram að gjaldið er bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og stendur undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þar má

sem dæmi nefna margvíslega þjónustu sem stúdentum er veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu þeirra í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil stúdenta, upplýsingar um námsferil sem sendar eru stúdentum þrisvar á hverju háskólaári, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini og aðgang að þjónustu nemendaskrár, skrifstofu kennslusviðs, deildaskrifstofum, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjöf, bókasafni og tölvum og prenturum háskólans.

Í öðru lagi, í samræmi við reglur er gilda um aðra háskóla og framhaldsskóla, er ekki lagt til að lögbundin sé greiðsluskylda stúdenta til eins félags umfram annað, þannig að hluti af skrásetningargjaldinu skuli fortakslaust renna til stúdentaráðs Háskóla Íslands. Hins vegar er í 18. gr. gert ráð fyrir að háskólaráð hafi heimild til þess að semja við félög stúdenta, stúdentaráð eða aðra um tiltekna þjónustu gegn greiðslu.

Um Félagsstofnun stúdenta gilda lög nr. 33/1968 og reglugerð nr. 171/1968, sbr. reglugerð 267/1972 og 696/1981. Samkvæmt lögunum eiga menntamálaráðuneyti og stúdentar aðild að stofnuninni sem rekur ýmis fyrirtæki í þágu stúdenta. Skv. 1. tölul. 4. gr. laganna skal hluti af árlegum skrásetningargjöldum stúdenta renna til stofnunarinnar. Með reglugerð og síðar með lögum var ákveðið að hlutfallið yrði 13%. Félagsstofnun stúdenta hefur þannig lögbundnu hlutverki að gegna og lögbundið er að hluti af skrásetningargjaldinu renni til stofnunarinnar. Hér er lagt til að svo verði áfram en að hlutfallið verði ekki bundið við ákveðna prósentu.

Í 4. mgr. er ákvæði um að þeir einir teljist stúdentar við Háskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms og að háskólaráð setji reglur um árlega skráningu. Þetta er óbreytt ákvæði 7. mgr. 21. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að reglur um árlega skráningu verða settar af háskólaráði en eru nú í reglugerð.

Í 5. mgr. er kveðið á um að háskóladeild sé heimilt að meta nám sem stúdent hefur stundað utan deildarinnar, þ.m.t. við aðra innlenda háskóla eða erlenda, sem hluta af námi við deildina. Nauðsynlegt er að lögfesta þessa heimild þar sem heimildir til þessa samkvæmt gildandi lögum eru ekki alls kostar skýrar.

Um 14. gr.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar setur háskólaráð reglur um lengd háskólaárs og skiptingu þess í missiri. Þar kemur enn fremur fram sú regla að sú kennsla sem boðið er upp á í háskólanum sé fyrir skrásetta stúdenta. Einstökum kennurnum er þó heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskóladeild mæli fyrir um á annan veg. Þetta er óbreytt ákvæði 20. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að hér er það háskóladeild en ekki háskólaráð sem ákveður hvort heimila skulu öðrum en skrásettum stúdentum að sækja kennslu. Með því er ákvörðun færð nær vettvangi þar sem deildin ber alfarið ábyrgð á kennslu og námi.

Í 2. mgr. eru ákvæði um námseiningar og er skilgreiningin í samræmi við viðtekna skilgreiningu, sbr. 33. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands og 1. mgr. 9. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997. Einstökum deildum er ætlað að setja reglur um kennslu og kennsluhætti. Háskólaráði er ætlað að setja almennar reglur um mat náms til eininga. Þar yrði m.a. kveðið á um viðmið um samnýtingu eininga til fleiri en einnar háskólagráðu til að tryggja samræmi í þeim efnum. Ákvarðanir um vægi einstakra námsgreina eru þó að sjálfsögðu á valdi deildar eins og verið hefur.

Um 15. gr.

Í greininni eru dregnar saman reglur sem varða prófgráður, próf, framkvæmd prófa, prófdómara og fleira úr 27.–29. gr., 33. gr. og 35. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er miðað við að háskólaráð setji nánari reglur um þessi efni, en nú er þessum reglum skipað í reglugerð sem menntamálaráðherra staðfestir. Ákvæðið felur í sér tilflutning á valdi frá menntamálaráðherra til háskólans sjálfs og deilda hans að því er varðar nám og próf.

Ákvæði 2. mgr. samsvarar ákvæði 1. mgr. 28. gr. gildandi laga og hefur reynslan sýnt að brýnt er að enginn vafi leiki á um þetta atriði.

Í 3. mgr. er ákvæði um rétt stúdents til að fá útskýringar á mati skriflegrar úrlausnar sinnar. Málsgreinin er samhljóða 2. mgr. 29. gr. gildandi laga og hefur reynslan sýnt að brýnt er að enginn vafi leiki á um þetta atriði.

Í 4. mgr. er ákvæði um skipun prófdómara. Það samsvarar 3. mgr. 29. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að samkvæmt frumvarpinu er það rektor sem skipar prófdómendur en ekki menntamálaráðherra.

Um 16. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við ákvæði 31. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 24. gr. gildandi laga. Helsti munurinn er sá að stúdent getur skotið ákvörðun um viðurlög til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Með því er tryggt að stúdent geti skotið ágreiningsmálum sínum við háskólayfirvöld til sjálfstæðs úrskurðaraðila utan háskólans. Mikilvægt er að agaviðurlög styðjist við heimildir í lögum þar sem um íþyngjandi ákvarðanir getur verið að ræða af hálfu háskólayfirvalda.

Af hálfu stúdentaráðs Háskóla Íslands hefur verið lögð áhersla á að sett yrði á stofn sérstök óháð kærunefnd fyrir skólann og málum mætti skjóta beint til hennar næðist ekki sátt um niðurstöðu innan deildar. Yrði nefndin endanlegur úrskurðaraðili innan háskólans. Í frumvarpinu er ekkert sem hindrar að slík óháð kærunefnd starfi innan Háskóla Íslands verði ákveðið að stofna hana þar. Á hinn bóginn þykir ekki fært að svipta stúdenta við Háskóla Íslands rétti til þess að skjóta máli sínu til áfrýjunarnefndar skv. 17. gr. frumvarpsins.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um fjárhag háskólans, fyrirtæki í eigu hans og stofnanir sem undir hann heyra. Um fjárhagsmálefni Háskóla Íslands gilda ákvæði 19.–23. gr. laga um háskóla, nr. 136/1998. Í þessum ákvæðum eru tilgreindar þær forsendur sem ákvarðanir um fjárveitingar skulu miðast við. Mikilvægt er að gerð sé áætlun til lengri tíma um fjárveitingar til háskólans, enda hefur háskólinn barist fyrir því lengi að fjárveitingar til hans séu ákvarðaðar á grunni reiknilíkans til lengri tíma en eins árs í senn. Þetta er í samræmi við þann samning sem unnið hefur verið að á milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um menntun til fyrsta háskólaprófs og embættisprófs og um framhalds- og rannsóknarnám.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um annars vegar gjöld fyrir þjónustu sem Háskóli Íslands veitir og hins vegar gjöld sem Háskóli Íslands greiðir fyrir þjónustu.

Í 1. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að taka gjald fyrir þjónustu sem háskólinn lætur í té. Hér er einkum átt við þjónustu sem háskólinn veitir og er fyrir utan hina lögboðnu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Tekið er mið af 3. mgr. 19. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997. Háskólinn hefur ekki haft skýra heimild í lögum til að taka gjald fyrir margvíslega þjónustu, utan þeirrar þjónustu sem honum er skylt að veita lögum samkvæmt. Hann hefur möguleika á að veita og vill veita ýmsa þjónustu en getur það ekki vegna skorts á fé. Dæmi um slíkt gæti verið aukin þjónusta vegna tölvuaðgangs og innhringisambanda fyrir þá stúdenta sem þess óska. Einnig gæti hér fallið undir gjaldtaka fyrir veitingu vottorða um námsástundun og próf sem eru utan reglulegrar upplýsingagjafar um þetta efni. Með þessu ákvæði er lagt til að þessi möguleiki verði rýmkaður, en um leið er lögð áhersla á að ákvarðanir um slík þjónustugjöld verða að byggjast á þeim kostnaði sem felst í því að veita þjónustuna. Enn fremur er lögð áhersla á að heimild 18. gr. tekur til þess að taka gjald fyrir endurmenntun. Háskólaráði er ætlað að setja reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjaldanna.

2. mgr. er ætlað að tryggja með ótvíræðum hætti að háskólaráði sé heimilt að ganga til samninga við stúdentaráð eða önnur félög stúdenta um tiltekin afmörkuð rekstrarverkefni sem falla ekki undir þá lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Eins má fela fyrirtækjum, samtökum eða stofnunum að sinna þessum verkefnum. Hér undir geta fallið ýmis verkefni er varða til dæmis stoðþjónustu við stúdenta. Gert er ráð fyrir að það sé á valdi háskólaráðs að semja við félög stúdenta um þjónustu af þessu tagi.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að Háskóli Íslands skuli árlega halda opinn ársfund þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar hans eru kynnt. Þetta ákvæði er í samræmi við 23. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997. Lögð er áhersla á að ársfundur háskólans er opinn fundur sem hefur það hlutverk að kynna starfsemi hans fyrir stofnunum og fyrirtækjum í þjóðfélaginu, sem og fjölmiðlum. Með þessu er leitast við að tengja starf háskólans þjóðlífinu. Ársfundur tekur ekki neinar ákvarðnir sem varða málefni háskólans. Háskólaráð skal setja reglur um fyrirkomulag ársfundar.

Í 2. mgr. 19. gr. eru heimildarákvæði um aðild háskólans að fyrirtækjum. Þetta eru hliðstæð ákvæði og í 2. mgr. 36. gr. gildandi laga og 22. gr. laga um háskóla, nr. 36/1997. Háskóli Íslands hefur óskað eftir rýmkun á heimild til aðildar að fyrirtækjum sem ekki einungis fást beint við rannsóknir og þróun, heldur miðla afrakstri rannsókna og opna fleiri leiðir til náms, m.a. í tillögu sem fyrir liggur í frumvarpsformi og samþykkt var á fundi háskólaráðs 4. mars 1993. Auk þess hlutverks háskólans að stuðla að vísindalegri fræðslu og rannsóknum hefur hann einnig það hlutverk að stuðla almennt að notkun þekkingar, eflingu menntunar og ræktun menningar þjóðarinnar, m.a. með endurmenntun og miðlun fræðslu til almennings, sbr. 2. mgr. 1. gr. þessa frumvarps. Hann á að leggja sitt af mörkum til þess að efla vitund um íslenskar rannsóknir og þekkingaröflun og miðla þekkingu til almennings. Háskólinn beinir auk þess erlendri þekkingu og hugmyndum inn í landið og eflir með því styrk þjóðarinnar til þess að takast á við ný viðfangsefni. Hann hefur ávallt leitast við að vera í framvarðasveit þeirra sem rækta sjálfstæða hugsun og tjáningu, bæði um einföld efni og flókin, innlend viðfangsefni jafnt sem erlend. Ýmsar leiðir eru færar til þess að sinna þeim hlutverkum sem hér eru nefnd umfram það sem gert er í hefðbundinni kennslu og rannsóknum. Þess vegna er lagt til að heimild til aðildar að fyrirtækjum sé rýmkuð nokkuð frá því sem nú er skv. 36. gr. gildandi laga. Í 3. málsl. 2. mgr. er ákvæði sem heimilar háskólanum að starfrækja stofnanir á verksviði sínu sem heyri beint undir háskólaráð. Í gildandi lögum er að

finna hliðstæð ákvæði, en þau varða tilteknar stofnanir, sbr. 4. og 5. mgr. 36. gr. Í frumvarpinu er aftur á móti að finna almenna heimild þessa efnis.

Í 3. mgr. er ákvæði sem heimilar háskólanum að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði skólans um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Vísast til skýringa við 1. mgr. 11. gr. um þetta atriði.

Um 20. og 21. gr.

Ákvæði greinanna þarfnast ekki skýringa. Þó er vakin athygli á að gert er ráð fyrir að reglur sem háskólaráð setur skuli birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 38. gr gildandi laga eru störf prófessora við læknadeild tengd störfum yfirlækna á sjúkrahúsum. Þessi tengsl háskólans við sjúkrahúsin eru einkar nauðsynleg í ljósi þess að háskólinn stendur fyrir öllu læknanámi í landinu. Klínísk þjálfun nemenda fer fram á sjúkrahúsunum og rannsóknir innan læknadeildar eru stundaðar í nánum tengslum við rannsóknastofur og deildir sjúkrahúsanna, auk þess sem sumar rannsóknastofurnar eru starfræktar af báðum aðilum sameiginlega. Mikilvægt er að þessi starfstengsl verði tryggð í samningi milli menntamálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins.

Af hálfu háskólaráðs hefur verið lagt til að heilbrigðisstofnanir verði skyldaðar til þess með lögum um Háskóla Íslands að veita stúdentum, kennurum og öðrum starfsmönnum háskólans aðstöðu til menntunar, þjálfunar, rannsóknarvinnu og faglegrar þróunar. Í þessu skyni skulu menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra gera samning við þær stofnanir sem skilgreindar verði sem háskólastofnanir og setja reglur um starfsaðstöðu stúdenta, kennara og annarra starfsmanna, svo og um stjórnun og rekstrarfyrirkomulag háskólaheilbrigðisstofnana. Jafnframt hefur háskólaráð lagt til að kveðið verði á um það í lögum um Háskóla Íslands að prófessorar skuli hafa starfsaðstöðu á þessum stofnunum og að jafnaði veita forstöðu þeim sviðum og deildum sem tilheyra fræðasviði þeirra hvers um sig og skuli kveða á um í samningi hver sé staða og ábyrgð prófessora innan þessara stofnana.

Svo sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða er menntamálaráðuneytið hlynnt því að samkomulag takist milli Háskóla Íslands og heilbrigðisstofnana um samstarf. Það er hins vegar ljóst að undirbúningur slíkrar samningsgerðar mun óhjákvæmilega taka nokkurn tíma. Ríkisstjórnin hefur veitt menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra umboð til þess að hefja viðræður milli menntamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, stjórnenda sjúkrahúsa og Háskóla Íslands og er ráðgert að slíkar viðræður hefjist hið fyrsta. Þangað til niðurstaða fæst að þessu leyti gildir bráðabirgðaákvæðið.

Önnur ákvæði til bráðabrigða þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskóla Íslands.

Frumvarpið felur í sér breytingar á gildandi lögum um skólann til samræmis við lög nr. 136/1997, um háskóla, en þau lög kveða á um að sérlög um einstakar háskólastofnanir verði

endurskoðuð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á verkaskiptingu og samskiptum milli menntamálaráðuneytisins og skólans. Stjórnendum skólans er falið að annast ýmis mál sem ráðuneytið hefur haft með höndum og varða innra starf hans, svo sem að setja ýmsar sameiginlegar reglur um starfsemi skólans. Þá er rektor falið að ráða prófessora, dósenta og lektora, auk þess að ráða starfsmenn sameiginlegrar stjórnsýslu skólans. Þær breytingar eru m.a. gerðar á stjórnkerfi skólans að vald og ábyrgð deilda á daglegri starfsemi og fjármálum er aukið, gert er ráð fyrir að háskólaráð verði fámennara en nú er og að haldinn verði háskólafundur, eins konar stefnumótandi þing háskólamanna, minnst tvisvar á ári. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skrásetningargjald hækki úr 24 þús. kr. í 25 þús. kr. til samræmis við lög um Kennaraháskóla Íslands og frumvarps til laga um Háskólann á Akureyri. Áætla má að tekjur skólans aukist um 4–5 m.kr. vegna þessa. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til að taka gjald fyrir þjónustu sem skólinn veitir og honum er ekki skylt að veita lögum samkvæmt, svo sem þjónusturannsóknir og endurmenntun. Gert er ráð fyrir að gjaldtakan standi undir kostnaði við að veita þjónustuna.

Að því er séð verður hefur frumvarpið óveruleg áhrif á kostnað ríkissjóðs verði það að lögum.

822. Frumvarp til laga [510. mál]

um Háskólann á Akureyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri er vísindaleg mennta- og rannsóknastofnun. Hann veitir stúdentum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu, sem einkum tengjast sjávarútvegi, rekstri, menntun og heilbrigði. Háskólanum er heimilt að veita framhaldsmenntun og endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans.

II. KAFLI
Kennarar og stúdentar.

2. gr.

Kennarar við Háskólann á Akureyri eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar hafa einir kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur kennara.

3. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Umsóknum um prófessorsstarf, dósents- og lektorsstörf skulu fylgja upplýsingar um háskólamenntun, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir umsækjenda.

Rektor skal skipa þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina og er annar þeirra formaður. Annar fulltrúa háskólaráðs skal starfa utan háskólans. Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla.

Að ábendingu viðkomandi deildar skal rektor hverju sinni tilnefna sérfræðing til ráðgjafar fyrir dómnefnd um mat á fræðistörfum umsækjenda.

Dómnefnd skal gefa rökstutt álit um hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjenda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum manni má veita starf prófessors, dósents eða lektors nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að ákvæði 3. mgr. gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við háskólann.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstarfi í dósentsstarf og dósent úr dósentsstarfi í prófessorsstarf, enda liggi fyrir hæfnisdómur dómnefndar.

Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar og framgang í starfi þar sem einnig er kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna.

4. gr.

Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deilda, staðfesta reglur um skráningu stúdenta í einstakar deildir þar sem kveðið er á nánar um inntökuskilyrði í viðkomandi deild. Þeir einir teljast stúdentar við Háskólann á Akureyri sem skrásettir hafa verið til náms samkvæmt reglum þessum.

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, 25.000 kr. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila.

III. KAFLI
Stjórnskipulag.

5. gr.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor, sem er sjálfkjörinn í ráðið og er jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar kennara sem ráðnir eru ótímabundið við skólann og tveir til vara, kosnir á almennum fundi þeirra til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi stúdenta og einn til vara, kosnir til tveggja ára í senn samkvæmt reglum stúdentafélags háskólans.
4. Einn fulltrúi skipaður af menntamálaráðherra og einn til vara til tveggja ára í senn.

Varaforseta kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa kennara.

6. gr.

Rektor boðar til fundar í háskólaráði eftir þörfum. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

Háskólaráðsfundur er ályktunarhæfur, ef helmingur atkvæðisbærra fulltrúa sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði forseta úr. Varafulltrúar skulu sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalfulltrúa.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

8. gr.

Háskólaráð ákvarðar deildarskipan háskólans og afmarkar aðrar stjórnunareiningar innan skólans. Háskólaráð setur reglur um yfirstjórn deilda og um val á deildarforsetum. Störf deildarforseta skulu auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur deildum starfsreglur og reglur um hvert skuli vera verksvið, vald og ábyrgð hverrar stjórnunareiningar innan hverrar deildar.

Stofnanir og einstakir starfsmenn háskólans, sem ekki lúta sérstakri stjórn, heyra beint undir embætti rektors.

9. gr.

Fyrir hverja deild háskólans eða skilgreinda námsbraut skal setja námskrá, sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talda starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við.

Á grundvelli námskrár skal árlega gefa út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði er varða skipulag náms.

Háskólaráð staðfestir námskrár og kennsluskrár, en deildarráð ber ábyrgð á gerð þeirra.

IV. KAFLI
Kennsla, framkvæmd prófa, agaviðurlög.

10. gr.

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti stúdenta, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Háskólarektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.

11. gr.

Rektor getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans, eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áð-

ur en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdentinum kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

V. KAFLI
Rannsóknir, bókasafn o.fl.

12. gr.

Háskólanum er heimilt að starfrækja rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra. Kennarar háskólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu rannsóknastofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Rannsóknastofnunin skal eftir því sem aðstæður leyfa veita stúdentum skólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknastofnunarinnar, um skipan stjórnar og gjaldtöku fyrir þjónustu sem rannsóknastofnunin veitir.

Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknasjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá.

13. gr.

Við háskólann er rannsókna- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans. Hlutverk þess er að veita stúdentum og kennurum háskólans og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna. Háskólaráð skal setja nánari reglur um starfsemi bókasafnsins.

14. gr.

Háskólanum á Akureyri skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt ákvæði þessu.

Háskólaráði er heimilt að semja við félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskólans á Akureyri enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

15. gr.

Háskólanum er heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði háskólans, t.d. um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annara starfsmanna. Háskólaráð setur nánari reglur um stöðu þeirra starfsmanna innan háskólans sem þannig eru ráðnir til starfa við skólann.

16. gr.

Að fenginni tillögu viðkomandi deildarfundar hefur háskólaráð rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu doktorsnámi eða með vörn doktorsritgerðar.

Háskólaráð setur sérstakar reglur um veitingu doktorsnafnbótar, þ.m.t. um doktorsnám og um vörn doktorsritgerða.

VI. KAFLI
Gildistaka, reglugerð o.fl.

17. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

18. gr.

Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli þessara laga skulu birtar í Stjórnartíðindum.

19. gr.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af lögum um háskóla, nr.136/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi forstöðumenn deilda skulu gegna starfi deildarforseta þar til gildandi ráðningarsamningar þeirra renna út.

Núverandi rektor Háskólans á Akureyri situr út yfirstandandi kjörtímabil sitt, en að því loknu skal skipa rektor til fimm ára skv. 7. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri var lagt fram á Alþingi, 122. löggjafarþingi, veturinn 1997–98 en varð þá eigi útrætt. Það er nú lagt fram á nýjan leik með fáeinum breytingum, sbr. 4. mgr. 4. gr., ákvæði IV. kafla og 16. gr.

Með frumvarpi þessu er verið að samræma lög um Háskólann á Akureyri lögum um háskóla, nr. 136/1997, en þau lög kveða á um að sérlög, sem nú eru í gildi um einstakar háskólastofnanir, verði endurskoðuð og efni þeirra aðlagað nýju lögunum. Háskólinn á Akureyri var formlega stofnaður með lögum nr. 18/1988 og hafa þau lög verið endurskoðuð, sbr. núgildandi lög nr. 51/1992. Frumvarp þetta hefur verið unnið í náinni samvinnu við yfirstjórn háskólans, bæði rektor og háskólanefnd. Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af nýsettum lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands.

Lög nr. 136/1997, um háskóla, setja háskólastofnunum almennan ramma varðandi stjórnsýslu stofnunarinnar og fjárveitingar af hálfu ríkisins auk þess sem sett eru meginskilyrði sem skólastofnun þarf að uppfylla til þess að geta talist háskóli.

Ákvæði frumvarpsins um stjórnsýslu Háskólans á Akureyri eru í samræmi við lög um háskóla og hafa verið aðlöguð þeim auknu völdum og ábyrgð sem fylgja í kjölfar aukins sjálfstæðis stofnunarinnar. Lagt er til að háskólaráð komi í stað háskólanefndar samkvæmt gildandi lögum og að um skipun þess fari samkvæmt lögum um háskóla. Tillögur frumvarpsins fela það í sér að fulltrúar í ráðinu verða fimm í stað níu áður. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sú tilhögun verði óbreytt að störf deildarforseta séu auglýst laus til umsóknar í samræmi við þá skipan sem verið hefur hjá Háskólanum á Akureyri.

Lög nr. 136/1997, um háskóla, kveða m.a. á um fjárveitingar af hálfu ríkisins til háskólastofnana. Skulu þær ákveðnar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla. Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við viðkomandi háskólastofnun um þjónustu og verkefni og greiðslur ríkisins fyrir þau í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Slíkur samningur tryggir að námsframboð viðkomandi stofnunar sé í samræmi við vilja stjórnvalda og að ákvarðanir þar að lútandi séu teknar á grundvelli heildaryfirlits um

þörf fyrir háskólamenntun í landinu. Gera lög um háskóla ráð fyrir að skilgreindar verði almennar hlutlægar grundvallarreglur sem fjárveitingar til háskóla skulu taka mið af, sbr. 20. gr. laganna. Gerð sérstakra reiknireglna fyrir fjárveitingar til háskóla er nú á lokastigi og munu þar mótaðar meginreglur um fjárveitingar ríkisins til háskólastofnana.

II.

Í frumvarpinu er eftirfarandi m.a. lagt til grundvallar:

1. Lög þessi ásamt háskólalögunum mynda ramma um starfsemi stofnunarinnar. Yfirstjórn skólans verður fengið sjálfdæmi innan þeirra marka sem lög þessi og háskólalögin setja, verði frumvarpið að lögum. Skólinn ákvarðar sjálfur deildaskiptingu og aðrar stjórnunareiningar. Rektor ræður alla kennara, þar með talda prófessora. Í tengslum við aukið sjálfstæði um innri málefni kemur ákvæði um að í háskólaráði sitji fulltrúar sem ekki starfa innan stofnunarinnar og er það í samræmi við lög um háskóla.
2. Ekki er í frumvarpinu nákvæmlega skilgreint hvaða nám skuli vera í boði innan háskólans þó að tilgreind séu tiltekin menntunarsvið sem Háskólanum á Akureyri ber að leggja sérstaka áherslu á. Tekið er fram að skólanum sé heimilt að annast framhaldsmenntun á þeim sviðum sem hann starfar á. Lengd náms verður ákveðin í námskrá háskólans.
3. Ekki er tilgreint í frumvarpinu hvernig deildarskipan skólans skuli vera og er það hlutverk háskólaráðs að ákveða það.
4. Í lögum nr. 136/1997, um háskóla, er skýrt afmarkað hverjir fara með formleg völd og ábyrgð í háskólum og því þarf ekki að tilgreina þá í frumvarpi þessu.
5. Í frumvarpinu er lagt til að háskólaráð komi í stað háskólanefndar og að í háskólaráði sitji fimm fulltrúar.
6. Í lögum nr. 136/1997, um háskóla, er nákvæmlega tilgreint hvernig fjárveitingar til háskóla skulu ákvarðaðar og því er ekki fjallað um það í frumvarpinu.
7. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Háskólinn á Akureyri hafi heimild til þess að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki, sem tengjast starfssviði skólans, um kennslu, rannsóknir, ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Háskólinn hefur haft heimild til þess að gera slíka samninga við stofnanir og hefur það gefist vel. Með frumvarpinu er lagt til að heimild þessi verði rýmkuð þannig að háskólanum verði einnig heimilt að semja við fyrirtæki og enn fremur til þess að gera samstarfssamninga um ráðningu kennara. Er það í samræmi við þá þróun sem orðið hefur á þessu sviði.
8. Í frumvarpinu er lagt til að haldið verði í það fyrirkomulag núgildandi laga um Háskólann á Akureyri að stöður deildarforseta verði auglýstar lausar til umsóknar. Jafnframt er lagt til að það verði undir háskólaráði komið hvernig yfirstjórn deilda verði háttað. Hvort æðsta ákvörðunarvald verði í höndum deildarráðs eða deildarfunda og hver verði verkaskipting deildarforseta og yfirstjórnar deildarinnar. Þannig er skólanum auðveldað að móta sjálfur starfsemi sína.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er hlutverk eða markmið háskólans almennt orðað, svo sem gert er í lögum um Háskóla Íslands og núgildandi lögum um Háskólann á Akureyri. Felld er brott vísun til tiltekinnar deildarskipunar samkvæmt núgildandi lögum, enda gert ráð fyrir því að háskólaráð ákveði hana. Í greininni er tekið fram að skólinn sinni einkum menntun á tilteknum sviðum svo sem verið hefur, þó að hér sé ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Umfang starfsemi skólans ræðst af fjárveitingum og þeim samningum sem gerðir eru við menntamálaráðuneytið

um þær. Hér er sérstaklega tekið fram að Háskólinn á Akureyri er rannsóknaskóli og að skólanum sé heimilt að annast framhaldsmenntun og endurmenntun í þeim fræðum sem kennd eru við skólann.

Um 2. gr.

Hér er starfsheitum kennara skólans lýst. Gert er ráð fyrir að háskólaráð setji almennar reglur um hvernig starfsskyldur kennara skiptast á einstaka þætti (kennslu, rannsóknir, þjónustu og stjórnun) og geti einnig hlutast til um aðra skiptingu vegna einstakra kennara. Í reglum þessum skal einnig kveðið á um veitingu rannsóknarleyfa, sem eftir atvikum geta einnig náð til annarra starfsmanna. Starfsskylda háskólakennara er nú um það bil þessi: kennsla 50%, rannsóknir 40% og stjórnun 10%.

Um 3. gr.

Hér er lagt til í samræmi við ákvæði laga um háskóla og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að forstöðumaður stofnunarinnar, rektor, annist sjálfur ráðningu allra kennara. Þetta samræmist auknu sjálfstæði háskólastofnana og þar með aukinni ábyrgð. Hér er einnig lagt til að rektor skipi dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn til þess að dæma um hæfi umsækjenda um prófessorsstörf, lektors- og dósentsstörf. Vísað er til hæfniskrafna til kennara samkvæmt lögum um háskóla. Í því sambandi þarf dómnefndin að meta ýmis atriði, m.a. miðað við hæfni kennara til að afla nýrrar þekkingar á atvinnulífinu og í ljósi sérstöðu Háskólans á Akureyri. Dómnefndin á að meta allar umsóknir um nýráðningar í störf kennara við háskólann, sem og umsóknir um framgang í starfi, en í hverju tilviki á nefndin að njóta leiðsagnar ráðgjafa sem rektor tilnefnir eftir ábendingu frá viðkomandi deild. Þannig er tryggt að dómnefndarkerfið sé skilvirkt og einfalt en jafnframt að í hverju tilviki sé hægt að meta hæfni umsækjenda út frá reynslu og þekkingu þeirra sem starfa á viðkomandi fræðasviði. Gert er ráð fyrir að kennarar skólans geti flust úr lektorsstarfi í dósentsstarf og úr dósentsstarfi í prófessorsstarf eftir ákveðnum reglum er háskólaráð setur. Það ákvæði verður þó að skýra með hliðsjón af því að engan má skipa í umræddar stöður án hæfnisdóms meiri hluta dómnefndar. Jafnframt er hér lagt til að háskólaráð setji reglur um nýráðningar og framgang, sem og reglur um ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa. Í þeim reglum verði kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna.

Um 4. gr

Samkvæmt lögum um háskóla geta háskólar ákveðið sérstök inntökuskilyrði til viðbótar þeim almennu, sem eru stúdentspróf eða sambærileg menntun. Hér er lagt til að háskólaráð setji nánari reglur um inntökuskilyrði eftir tillögum einstakra deilda. Þannig geta inntökuskilyrði verið mismunandi eftir deildum. Hér er þó gert ráð fyrir að háskólaráð hafi síðasta orðið.

Í 2. mgr. 4. gr. er ákvæði um skrásetningargjald. Það er sambærilegt við ákvæði 6. mgr. 21. gr. gildandi laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1996, en þó með tveimur breytingum.

Í fyrsta lagi er lagt til að upphæð skrásetningargjaldsins, sem kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert, verði hækkuð úr 24.000 kr. í 25.000 kr. Er það gert til að fylgja eftir verðlagshækkunum frá þeim tíma er skrásetningargjald við Háskóla Íslands var síðast ákveðið og enn fremur til samræmis við 4. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997. Skrásetningargjaldið og kostnaðarliðir sem undir það falla voru skýrðir í greinargerð

með tillögu um lagabreytingu, sbr. lög nr. 29/1996. Gjaldið er bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og stendur undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þar má sem dæmi nefna margvíslega þjónustu sem stúdentum er veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu þeirra í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil stúdenta, upplýsingar um námsferil sem sendar eru stúdentum, auglýsing og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini, aðgang að þjónustu stúdentaskrár, deildaskrifstofum, alþjóðaskrifstofu, námsráðgjöf, bókasafni og tölvum og prenturum háskólans.

Samkvæmt lögum um háskóla á háskólaráð að samþykkja fjárhagsáætlun allra deilda skólans og skólans í heild og síðan að semja við menntamálaráðherra um fjárveitingar til skólans á grundvelli langtímaáætlunar, sbr. ákvæði 19. og 20. gr. laga um háskóla. Þannig hefur menntamálaráðherra tök á því að hafa áhrif á menntastefnu skólans.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um skipan háskólaráðs. Lagt er til að fimm menn verði í háskólaráði og er því nokkuð fækkað í yfirstjórn skólans frá því sem nú er. Samkvæmt frumvarpinu er rektor sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess, en um skipan ráðsins að öðru leyti er byggt á ákvæðum laga um háskóla. Tveir verði kjörnir fulltrúar kennara sem ráðnir eru tímabundið. Stúdentar kjósi einn fulltrúa og er gert ráð fyrir því að stúdentafélag skólans setji sér sérstakar reglur um kjör þeirra. Lagt er til að menntamálaráðherra skipi einn fulltrúa í ráðið. Rökin fyrir því að utanaðkomandi aðilar eigi sæti í æðstu stjórn skólans eru af þrennum toga: það styrkir stjórnsýslu stofnunarinnar, eflir tengsl hennar við samfélagið og veitir henni aukið aðhald.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Verksvið og ábyrgð rektors er skýrt afmarkað í lögum um háskóla. Einnig er þar að finna skýrar reglur um skipan rektors. Menntamálaráðherra skipar rektor eftir tilnefningu háskólaráðs. Hér er lagt til að háskólaráð setji nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 8. gr.

Lagt til að háskólaráð taki ákvörðun um deildarskipan skólans og aðrar stjórnunareiningar. Er þetta breyting frá ákvæðum núgildandi laga þar sem deildarskipan er lögbundin. Þessi tillaga er í samræmi við lög um háskóla sem m.a. er ætlað að tryggja aukið sjálfstæði háskólanna. Tilhögunin felur ekki í sér að stofnunin hafi sjálfdæmi um að ákvarða hvaða menntun er í boði eða á hvaða sviðum stofnunin veitir menntun, heldur tengist ákvörðun þar að lútandi samningi við stjórnvöld um fjármögnun stofnunarinnar í samræmi við ákvæði V. kafla laga nr. 136/1997, um háskóla.

Í greininni er kveðið á um að háskólaráð setji reglur um yfirstjórn deilda og hvernig deildarforseti er valinn. Hliðstætt gildir um aðrar stjórnunareiningar sem háskólaráð telur nauðsynlegt að afmarka sérstaklega. Þeir starfsmenn eða stofnanir sem ekki lúta sérstakri stjórn heyra beint undir rektor. Þetta ákvæði breytir engu um að rektor ræður alla starfsmenn skólans.

Um 9. gr.

Þessi grein kveður á um skyldur skólans til að gefa út nám- og kennsluskrár fyrir það nám sem í boði er. Háskólaráði ber að staðfesta námskrár í samræmi við opinbera stefnumörkun skólans um það nám sem í boði er samkvæmt reglugerð, sbr. 2. málsl. 1. gr. Námskrár gefa því aðilum utan skólans færi á að koma á framfæri tillögum um skipan námsins eða gera athugasemdir við einstaka þætti þess. Einnig má líta á þær sem hluta af upplýsingaskyldu stofnunarinnar til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings. Kennsluskrár eru nánari útfærsla á ákvæðum námskrár um tilhögun náms. Háskólaráði ber einnig að staðfesta kennsluskrá.

Um 10. gr.

Í 11. gr. eru dregnar saman reglur sem varða prófgráður, framkvæmd prófa, prófdómara og fleira. Miðað er við að háskólaráð setji reglur um þessi efni en reynslan hefur kennt að brýnt er að enginn vafi leiki á um þetta atriði. Vakin er athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er það rektor sem skipar prófdómendur en ekki menntamálaráðherra svo sem verið hefur.

Um 11.gr.

Efni greinar þessarar er í samræmi við meðferð kærumála sem verið hefur. Þó er í frumvarpinu sérstaklega kveðið á um rétt stúdenta til þess að skjóta ákvörðun um viðurlög til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Með því að stúdent geti skotið álitamálum sem að þessu lúta til sjálfstæðs úrskurðaraðila er mikilvægt að agaviðurlög styðjist við heimildir í lögum þar sem um íþyngjandi ákvarðanir er að ræða af hálfu háskólayfirvalda.

Um 12. gr.

Sambærilega lagagrein er að finna í núgildandi lögum um Háskólann á Akureyri. Greininni er m.a. ætlað að árétta mikilvægi rannsókna sem órjúfanlegs hluta af starfsemi háskólans, sbr. 1. gr. frumvarpsins um hlutverk háskólans.

Um 13. gr.

Sambærileg ákvæði er að finna í núgildandi lögum um Háskólann á Akureyri. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í grein þessari er fjallað um annars vegar gjöld fyrir þjónustu sem Háskólinn á Akureyri veitir og hins vegar gjöld sem hann greiðir fyrir þjónustu.

Í 14. gr. er kveðið á um að heimilt sé að taka gjald fyrir þjónustu sem háskólinn lætur í té. Með hliðsjón af 3. mgr. 19. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997, er hér einkum átt við þjónustu sem háskólinn veitir og er fyrir utan hina lögboðnu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Rökin fyrir gjaldtökuheimildinni eru þau að háskólinn hefur ekki heimild í lögum til að taka gjald fyrir margvíslega þjónustu utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem honum er skylt að veita. Dæmi um slíkt gæti verið aukin þjónusta vegna tölvuaðgangs og innhringisambanda fyrir þá stúdenta sem þess óska. Einnig gæti hér fallið undir gjaldtaka fyrir veitingu vottorða um námsástundun og próf sem er utan reglulegrar upplýsingagjafar um þetta efni. Með þessu ákvæði er lagt til að þessi möguleiki verði rýmkaður, en um leið er lögð áhersla á að ákvarðanir um slík þjónustugjöld verða að byggjast á þeim kostnaði sem felst í því að veita þjónustuna.

2. mgr. 14. gr. er ætlað að tryggja með ótvíræðum hætti að háskólaráði sé heimilt að ganga til samninga við félög stúdenta eða önnur félög um tiltekin afmörkuð rekstrarverkefni sem falla ekki undir þá lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Eins má fela fyrirtækjum, samtökum eða stofnunum að sinna þessum verkefnum. Hér undir geta fallið ýmis verkefni er varða til dæmis stoðþjónustu við stúdenta. Gert er ráð fyrir því að það sé á valdi háskólaráðs að semja við félög stúdenta um þjónustu af þessu tagi.

Um 15. gr.

Með þessari grein er heimild Háskólans á Akureyri til þess að gera samstarfssamninga við stofnanir rýmkuð. Lagt er til að heimildin nái til fyrirtækja og taki til ráðningar kennara og annarra starfsmanna.

Um 16. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru í samræmi við ákvæði laga sem gilt hafa um Háskóla Íslands um veitingu doktorsnafnbótar frá háskólanum og þarfnast ekki skýringa. Eðlilegt þykir að Háskólinn á Akureyri hafi sambærilegar heimildir til að veita doktorsnafnbót.

Um 17.–20 gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi forstöðumenn deilda gegna sömu störfum og deildarforsetar samkvæmt frumvarpi þessu. Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að ekki verði hreyft við ráðningu þeirra sem nú gegna forstöðumannsstörfum. Því verði störf deildarforseta ekki auglýst fyrr en ráðningartími þeirra rennur út.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.

Frumvarpið felur í sér breytingar á gildandi lögum til samræmis við lög, nr. 136/1997, um háskóla, sem kveða á um sérlög um að einstakar háskólastofnanir verði endurskoðuð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á verkaskiptingu og samskiptum milli menntamálaráðuneytisins og skólans. Svigrúm hans til að stjórna eigin málum er aukið og ábyrgð hans gerð skýrari. Kveðið er á um meðferð kærumála stúdenta og gert ráð fyrir heimild til að taka gjald vegna þjónustu sem skólinn veitir og honum er ekki skylt að veita lögum samkvæmt.

Að því séð verður hefur frumvarpið óveruleg áhrif á kostnað ríkissjóðs verði það að lögum. Gera má ráð fyrir að skýrari gjaldtökuheimildir geri skólanum kleift að auka þjónustu við stúdenta og aðra í samræmi við eftirspurn.

823. Frumvarp til laga [511. mál]

um breyting á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Kennsla, framkvæmd prófa, agaviðurlög**, með þremur nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (10. gr.)

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt. Háskólaráð skal enn fremur setja almennar reglur um meistara- og doktorsnám, svo og um vörn sérstakra doktorsritgerða. Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglum háskólaráðs. Sameiginleg stjórnsýsla háskólans annast skipulag og framkvæmd prófa.

b. (11. gr.)

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Rektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.

c. (12. gr.)

Rektor getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans, eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdentinum kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna, sem verður 13. gr., koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (14. gr.)

Kennaraháskóla Íslands skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Honum er enn fremur heimilt að taka

gjöld fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjaldanna.

Háskólaráði er heimilt að semja við félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Kennaraháskóla Íslands enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

b. (15. gr.)

Að fenginni tillögu viðkomandi deildarfundar hefur háskólaráð rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu doktorsnámi eða með vörn doktorsritgerðar. Háskólaráð setur sérstakar reglur um veitingu doktorsnafnbótar, þ.m.t. um doktorsnám og um vörn doktorsritgerða.

3. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna, sem verður V. kafli, verður: **Rannsóknir og gjaldtaka fyrir þjónustu o.fl.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á nýsettum lögum um Kennaraháskóla Íslands. Eru tillögur þessar lagðar fram í ljósi niðurstöðu endurskoðunar á lögum um Háskóla Íslands og fluttar í þeim tilgangi að tryggja jafnræði sambærilegra háskólastofnana á vegum ríksins.

Í 1. gr. frumvarpsins eru dregnar saman reglur sem varða prófgráður, framkvæmd prófa, prófdómara og fleira. Miðað er við að háskólaráð setji reglur um þessi efni en reynslan hefur kennt að brýnt er að enginn vafi leiki á um þetta atriði. Vakin er athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er það rektor sem skipar prófdómendur en ekki menntamálaráðherra svo sem verið hefur.

Varðandi meðferð kærumála er efni greinar þessarar í samræmi við það sem verið hefur. Þó er í frumvarpinu sérstaklega kveðið á um rétt stúdenta til þess að skjóta ákvörðun um viðurlög til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Með því að stúdent geti skotið álitamálum sem að þessu lúta til sjálfstæðs úrskurðaraðila er mikilvægt að agaviðurlög styðjist við heimildir í lögum þar sem um íþyngjandi ákvarðanir er að ræða af hálfu háskólayfirvalda.

Í 2. gr. frumvarpsins er m.a. fjallað um annars vegar gjöld fyrir þjónustu sem Kennaraháskóli Íslands veitir og hins vegar gjöld sem hann greiðir fyrir þjónustu. 1. mgr. 14. gr. er ætlað að veita heimild til þess að taka gjald fyrir þjónustu sem Kennaraháskóli Íslands lætur í té. Með hliðsjón af 3. mgr. 19. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997, er hér einkum átt við þjónustu sem háskólinn veitir og er fyrir utan hina lögboðnu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Rökin fyrir gjaldtökuheimildinni eru þau að háskólinn hefur ekki heimild í lögum til að taka gjald fyrir margvíslega þjónustu utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem honum er skylt að veita. Dæmi um slíkt gæti verið aukin þjónusta vegna tölvuaðgangs og innhringisambanda fyrir þá stúdenta sem þess óska. Einnig gæti hér fallið undir gjaldtaka fyrir veitingu vottorða um námsástundun og próf sem er utan reglulegrar upplýsingagjafar um þetta efni. Með þessu ákvæði er lagt til að þessi möguleiki verði rýmkaður en um leið er lögð áhersla á að ákvarðanir um slík þjónustugjöld verða að byggjast á þeim kostnaði sem felst í því að

veita þjónustuna. Enn fremur er lögð áhersla á að heimildin tekur til þess að taka gjald fyrir endurmenntun.

2. mgr. 14. gr. er ætlað að tryggja með ótvíræðum hætti að háskólaráði sé heimilt að ganga til samninga við félög stúdenta eða önnur félög um tiltekin afmörkuð rekstrarverkefni sem falla ekki undir þá lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Eins má fela fyrirtækjum, samtökum eða stofnunum að sinna þessum verkefnum. Hér undir geta fallið ýmis verkefni er varða til dæmis stoðþjónustu við stúdenta. Gert er ráð fyrir því að það sé á valdi háskólaráðs að semja við félög stúdenta um þjónustu af þessu tagi.

Ákvæði greinar þessarar varðandi veitingu doktorsnafnbótar eru í samræmi við ákvæði laga sem gilt hafa um Háskóla Íslands þar að lútandi og þarfnast ekki skýringa. Eðlilegt þykir að Kennaraháskóli Íslands hafi sams konar heimildir og aðrar háskólastofnanir til þess að veita doktorsnafnbót.

Fyrirsögn IV. kafla er breytt til samræmis við efni frumvarps þessa og V. kafli verður VI. kafli. Að öðru leyti er ekki þörf frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997.

Í frumvarpinu eru í fyrsta lagi settar reglur um meðferð kærumála. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að háskólaráð hafi heimild til að setja reglur um ýmislegt sem lýtur að prófum og námstíma nemenda. Í þriðja lagi er skólanum heimilað að veita doktorsnafnbót og að lokum er gert ráð fyrir heimild til að taka gjald fyrir þjónustu sem hann veitir án þess að vera það skylt lögum samkvæmt.

Ekki verður séð annað en að frumvarpið, verði það að lögum, hafi óveruleg áhrif á kostnað ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að skýrari heimildir til gjaldtöku af nemendum og öðrum sem nota þjónustu skólans muni gera honum kleift að auka þjónustu sem spurt er eftir.

824. Frumvarp til laga [512. mál]

um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 19. gr. laga nr. 133/1993 og 43. gr. laga nr. 90/1996, orðast svo:

Útlendingaeftirlitið er sérstök stofnun. Ráðherra skipar forstjóra Útlendingaeftirlitsins til fimm ára í senn. Forstjóri skal vera lögfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1999.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast önnur lög sem hér segir:

Lög um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, breytast sem hér segir:

1. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Útlendingaeftirlitinu.
2. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Útlendingaeftirlitinu.
3. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóri“ í 8. gr. laganna kemur: Útlendingaeftirlitið.
4. Á eftir orðinu „lögreglu“ í 9. gr. laganna kemur: Útlendingaeftirlitinu.

Á eftir orðunum „skólastjóri Lögregluskóla ríkisins“ í 7. tölul. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996, kemur: forstjóri Útlendingaeftirlitsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, er Útlendingaeftirlitið sérstök stofnun sem ríkislögreglustjóri veitir forstöðu.

Útlendingaeftirlitið hefur verið til sem sérstök stofnun frá árinu 1937. Samkvæmt 1. gr. fyrirmæla til sýslumanna, bæjarfógeta, lögreglustjóra og annara löggæslumann um framkvæmd eftirlits með útlendingum, nr. 117 16. október 1937, segir að sérstök stofnun, Útlendingaeftirlitið, sem lögreglustjórinn í Reykjavík veiti forstöðu og lúti yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins, fari með störf þau sem nefndu ráðuneyti eru falin með lögum nr. 59/1936, um eftirlit með útlendingum. Við endurskoðun á lögunum um eftirlit með útlendingum árið 1965 var efnislega sambærilegt ákvæði sett í 20. gr. laganna. Með lögum nr. 133/1993 voru ýmsar ákvarðanir sem áður voru teknar í ráðuneytinu, svo sem um komu útlendings, synjun um útgáfu eða endurnýjun dvalarleyfis eða brottvísun úr landi, fluttar til Útlendingaeftirlitsins. Með 43. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 var síðan ákveðið að ríkislögreglustjóri veitti Útlendingaeftirlitinu forstöðu í stað lögreglustjórans í Reykjavík.

Þrátt fyrir að Útlendingaeftirlitið hafi frá stofnun þess verið sérstök stofnun var starfsemi þess samofin störfum lögreglunnar í Reykjavík þann tíma sem lögreglustjórinn í Reykjavík var veitti stofnuninni forstöðu. Þegar ríkislögreglustjóri tók yfir forstöðu Útlendingaeftirlitsins flutti stofnunin í húsnæði ríkislögreglustjóra.

Í frumvarpi þessu er lagt til að í stað þess að ríkislögreglustjóri veiti Útlendingaeftirlitinu forstöðu fái stofnunin sérstakan forstjóra og er markmiðið að aðskilja rekstur og starfsemi Útlendingaeftirlitsins frá starfsemi ríkislögreglustjóra. Jafnframt er lagt til að Útlendingaeftirlitinu verði falið að annast útgáfu vegabréfa. Helstu rökin fyrir þessari breytingu eru að þau málefni sem Útlendingaeftirlitið sinnir eru í eðli sínu ekki lögreglustörf og því óeðlilegt að ríkislögreglustjóri sé yfirmaður stofnunarinnar. Þá hafa þau verkefni sem heyra undir stofnunina aukist verulega á undanförnum missirum og fyrirséð að sú þróun mun halda áfram, m.a. með því að flytja til stofnunarinnar verkefni sem nú er sinnt í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að styrkja starfsemi stofnunarinnar og marka henni sjálfstæðan farveg.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, o.fl.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að forstjóri skipaður af ráðherra veiti Útlendingaeftirlitinu forstöðu í stað þess að stofnunin heyri undir ríkislögreglustjóra. Enn fremur er kveðið á um að Útlendingaeftirlitið gefi út og haldi skrá um útgefin vegabréf en þau verkefni hafa verið hjá ríkislögreglustjóra. Aðskilnaður Útlendingaeftirlitsins og ríkislögreglustjóra leiðir til nýrra útgjalda sem ekki hefði komið til við frekara samstarf þessara stofnana. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfa við aðskilnað stofnananna. Aukinn launakostnaður vegna forstjóra er áætlaður um 2,0 m.kr. á ári, leiga skrifstofuhúsnæðis um 2,5 m.kr. og aksturskostnaður um 0,7 m.kr.. Viðbótarrekstrarkostnaður nemur því alls rúmlega 5 m.kr. á ári. Enn fremur er gert ráð fyrir um 2 m.kr. stofnkostnaði til kaupa á tölvubúnaði. Gera verður ráð fyrir að á móti komi nokkur lækkun útgjalda ríkislögreglustjóra, svo sem á húsnæðiskostnaði, verði frumvarpið að lögum.

825. Frumvarp til laga [513. mál]

um breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69 10. mars 1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þegar veigamikil rök mæla með má víkja frá skilyrðum 1. og 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995. Felur frumvarpið í sér heimild til að víkja frá skilyrðum fyrir bótagreiðslu sem greinir í 6. gr. laganna.

Tilefni frumvarpsins er erindi umboðsmanns barna til dómsmálaráðherra, dags. 15. september 1997, þar sem umboðsmaður fór þess á leit að skilyrði 6. gr. laganna yrðu endurskoðuð með tilliti til þess að þau ættu illa við þegar um kynferðisbrot gegn börnum væri að ræða. Auk erindis umboðsmanns hefur verið höfð hliðsjón af hliðstæðri löggjöf annars staðar á Norðurlöndum við samningu frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna er skilyrði fyrir greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um

greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns. Í 2. mgr. segir síðan að umsókn um bætur skuli hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið.

Við tilteknar aðstæður getur verið rétt að víkja megi frá þessum skilyrðum. Það á sérstaklega við þegar brot beinist að barni, en barn hefur oft ekki náð þeim þroska sem þarf til að gera sér grein fyrir því að um refsivert brot hefur verið að ræða, auk þess sem aðstæður þess til að kæra brot kunna að vera takmarkaðar. Á það sérsaklega við þegar náin tengsl eru milli barns og brotamanns. Í þessu sambandi má hafa hliðsjón af því að þessar röksemdir lágu til grundvallar lögum nr. 63/1998 þar sem lögfest var sérregla í 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga um upphaf sakarfyrningarfrests þegar kynferðisbrot beinast að börnum.

Þótt tilefni frumvarpsins sé að styrkja réttarstöðu barna sem þolenda afbrota, og þá alveg sérstaklega þeirra barna sem þolað hafa kynferðislegt ofbeldi, er rétt að gera ráð fyrir að í fleiri tilvikum kunni að vera ástæða til að víkja frá skilyrðum 1. og 2. mgr. 6. gr. Af þessum sökum er lagt til að heimildin verði ekki bundin við þau tilvik þar sem börn eru þolendur brota.

Við ákvörðun um hvort vikið verði frá skilyrðum í 1. og 2. mgr. 6. gr. verður að meta hvert tilvik fyrir sig. Þó má almennt gera ráð fyrir að veigamikil rök mæli með því þegar í hlut eiga þeir sem yngri eru en 18 ára. Með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af lögunum er ekki tilefni til að gera ráð fyrir fjölda tilvika þar sem til álita kemur að víkja frá skilyrðunum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995.

Í 6. gr. núgildandi laga er kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu bóta. Í frumvarpinu er lagt til að víkja megi frá þessum skilyrðum þegar veigamikil rök mæla með. Með þeirri heimild má ætla að málum fjölgi en í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að þau tilvik verði mörg. Talið er að kostnaður geti aukist fjölgi málum en ógerlegt er að segja fyrir um í hvaða mæli það verður. Framlag til bóta brotaþola er 40 m.kr. í fjárlögum 1999. Samkvæmt skýrslu dómsmálaráðherra um útgjöld vegna laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota sem lögð var fram á 122. löggjafarþingi var meðaltal greiðslna fyrir hvert mál á árunum 1996 og 1997 rúmar 0,5 m.kr. Endanlegar tölur fyrir árið 1998 liggja ekki fyrir.

826. Frumvarp til laga [514. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (umhverfisbrot).

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

179. gr. laganna orðast svo:

Fangelsi allt að 4 árum skal sá sæta sem gerist sekur um meiri háttar brot gegn lagaákvæðum um verndun umhverfis með eftirfarandi verknaði:

1. Mengar loft, jörð, haf eða vatnasvæði þannig að af hlýst verulegt tjón á umhverfi eða veldur yfirvofandi hættu á slíku tjóni.
2. Geymir eða losar úrgang eða skaðleg efni þannig að af hlýst verulegt tjón á umhverfi eða veldur yfirvofandi hættu á slíku tjóni.
3. Veldur verulegu jarðraski þannig að landið breyti varanlega um svip eða spillir merkum náttúruminjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Við samningu frumvarpsins var haft samráð við umhverfisráðuneytið.

Á undanförnum árum og áratugum hefur átt sér stað almenn viðhorfsbreyting til umhverfisins og lýsir hún sér meðal annars í aukinni áherslu á þau lífsgæði sem felast í óspilltu umhverfi. Einnig er flestum ljóst að afleiðingar af umhverfistjóni geta verið langvarandi eða tjónið jafnvel óbætanlegt. Í seinni tíð hefur í sífellt ríkari mæli verið lögð áhersla á mikilvægi þess að vernda umhverfið og náttúruna fyrir röskun og spjöllum, hvort heldur af manna völdum eða af öðrum ástæðum. Þetta hefur komið fram í umfangsmiklu samstarfi um umhverfismál á alþjóðlegum vettvangi, auk þess sem flest ríki hafa gripið til ýmissa aðgerða til varnar umhverfinu. Hér á landi hefur verið lögð aukin áhersla á umhverfisvernd í lagasetningu og ýmsum aðgerðum stjórnvalda án þess að það verði rakið í einstökum atriðum. Nægir að geta þess að árið 1990 var komið á fót umhverfisráðuneyti og eru meginverkefni þess að fara með mál sem lúta að verndun umhverfisins og náttúrunnar.

Í lögum er að finna ýmis réttarúrræði sem miða að því að vernda umhverfið og náttúru landsins. Til þeirra má telja lagaákvæði sem heimila eignarnám eða leggja takmarkanir við hagnýtingar- eða umráðarétti manna yfir eignum sínum, ýmist gegn greiðslu skaðabóta eða án þess að greiða þurfi bætur. Einnig er starfsemi og atvinnurekstur af ýmsu tagi bundinn leyfum, sem hlutaðeigandi stjórnvöld veita á grundvelli mats á umhverfisáhrifum eða gegn skilyrðum um að gripið verði til nauðsynlegra aðgerða til verndar umhverfi. Þá getur sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni orðið bótaskyldur samkvæmt reglum skaðabótaréttar, auk þess sem víða í lögum eru lagðar refsingar við umhverfisspjöllum. Þessi viðurlög miða að því að vernda umhverfið með þeim varnaðaráhrifum sem búa að baki refsingum og skaðabótum.

Tilgangur þessa frumvarps er að auka varnaðaráhrif refsiákvæða í lögum til verndar umhverfi með því að leggja refsingu við alvarlegustu umhverfisbrotum í almennum hegningarlögum. Við það er miðað að refsingar fyrir brot á hegningarlögum hafi að öðru jöfnu meiri varnaðaráhrif en refsingar fyrir brot á öðrum lögum. Með þessu er lögð sérstök áhersla á alvarleika þessara brota og við þeim lagðar þungar refsingar. Hliðstæð aðferð var höfð með lögum nr. 64/1974 þar sem lögfest var 173. gr. a hegningarlaga sem mælir fyrir refsinæmi meiri háttar ávana- og fíkniefnabrot og með lögum nr. 39/1995, en með þeim voru lagðar refsingar við meiri háttar skattsvika- og bókhaldsbrotum í 262. gr. hegningarlaga.

Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af hliðstæðri breytingu á dönsku hegningarlögunum frá árinu 1997, en þá var lögfest í 196. gr. laganna ákvæði um meiri háttar umhverfisbrot. Einnig hefur verið höfð hliðsjón af breytingum á norsku hegningarlögunum frá árinu 1993, en þá var lögð refsing við umhverfisbrotum í 152. gr. b laganna.

II.
Umhverfisbrot og tengd brotastarfsemi.

Í lögum er hvergi að finna skilgreiningu á hugtakinu umhverfisbrot, en í fræðikenningum hefur verið lagt til grundvallar að átt sé við öll refsiverð brot sem beinast gegn vistkerfinu í heild, hvort sem er gegn lofti, láði eða legi, dýralífi, gróðri, borgarumhverfi eða menningarverðmætum. Þessi skilgreining hefur verið talin tvíþætt þannig að hún taki annars vegar til brota gegn refsilögum sem vernda ytra umhverfi og hins vegar brota sem vernda innra umhverfi, svo sem á vinnustöðum. Skilin milli þessarar aðgreiningar eru ekki skörp og getur sama brot beinst að innra og ytra umhverfi, svo sem mengun frá verksmiðju sem í senn spillir starfsumhverfi hennar og mengar ytra umhverfi. Frumvarp þetta miðar einkum að því að vernda ytra umhverfi, en ákvæði þess geta þó einnig tekið til innra umhverfis.

Í fræðilegri umræðu hafa umhverfisbrot ýmist verið skilgreind sjálfstætt og um þau fjallað sérstaklega eða þau hafa verið talin til svokallaðra efnahagsbrota. Það hugtak hefur á hinn bóginn verið skýrt á ýmsa vegu án þess að það verði nánar rakið, en hér verður miðað við þá viðteknu skilgreiningu að átt sé við refsiverð brot sem framin eru í hagnaðarskyni, kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi einstaklinga eða lögaðila.

Í mörgum tilvikum getur eitt og sama brotið ýmist talist efnahagsbrot eða umhverfisbrot samkvæmt framangreindum skilgreiningum. Þannig má í dæmaskyni nefna vanrækslu fyrirsvarsmanna verksmiðju á að grípa til lögboðinna aðgerða til verndar umhverfi. Af þessu athafnaleysi kynni að hljótast tjón á umhverfi, auk þess sem fyrirtækið gæti notið óréttmæts ávinnings vegna sparaðra útgjalda. Þótt sum brot geti á þennan veg bæði talist umhverfisbrot og efnahagsbrot er einnig ljóst að sum umhverfisbrot eru ekki efnahagsbrot. Það ætti til dæmis við um verknað sem fælist í því að umhverfi væri mengað í eitt einstakt skipti án þess að sú athöfn færi fram í hagnaðarskyni í tengslum við atvinnurekstur.

III.
Almenn hegningarlög og umhverfisbrot.

Við setningu almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, var umhverfið og verndun þess ekki litið sömu augum og síðar hefur orðið raunin. Í lögunum eru þó ákvæði sem unnt er að beita vegna umhverfisbrota þótt þau hafi ekki verið sniðin að verndun umhverfisins. Þessi ákvæði eru annars vegar í XVIII. kafla laganna, en þar er að finna brot sem hafa í för með sér almannahættu, og hins vegar í XIX. kafla laganna sem hefur að geyma ýmis brot á hagsmunum almennings.

1. Almannahættubrot.

Almannahættubrot skv. XVIII. kafla hegningarlaganna hafa það sameiginlega einkenni að óákveðnum hagsmunum margra og venjulegast einnig óákveðinna manna er stefnt í hættu. Til að refsað verði fyrir brot á ákvæðum kaflans verður almannahætta að vera fyrir hendi, án tillits til þess hvort hennar er sérstaklega getið í því ákvæði sem reynir á hverju sinni.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laganna skal sá sæta fangelsi sem bakar öðrum tjóni á lífi, líkama eða eignum með því að valda sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða öförum annarra slíkra farar- eða flutningstækja. Þetta ákvæði veitir almannahagsmunum vernd gegn þeirri hættu sem er samfara verknuðum sem þessum, en þeir gætu meðal annars verið skaðlegir fyrir umhverfið. Verknaður skv. 1. mgr. 165. gr. er fólgin í því að valda tjóni á tilgreindum hagsmunum og hefur verið talið með hliðsjón af staðsetningu ákvæðisins í XVIII. kafla laganna og hárri hámarksrefsingu að verknaður þurfi að vera grófur. Til að verknaður skv. 1. mgr. 165. gr. sé saknæmur þarf hann að vera unninn af ásetningi. Í 167. gr. laganna er hins vegar lögð refsing við broti sem getur í 165. gr. og framið er af gáleysi. Varðar brot framið af gáleysi sektum eða fangelsi allt að 3 árum.

Í 169. gr. hegningarlaga er mælt fyrir um að sá skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári sem láti hjá líða að gera það sem í hans valdi stendur til þess að vara við eða afstýra eldsvoða, sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, öðrum umferðarslysum eða þess háttar öförum sem mönnum eða miklum verðmætum er búinn háski af, enda hefði hann getað gert það án þess að stofna verulegum hagsmunum sínum eða annarra í hættu. Með þessu ákvæði er lögð refsing við tilteknu athafnaleysi sem felur í sér ákveðna hættu og getur hún meðal annars beinst að umhverfinu. Til að refsað verði fyrir brot á ákvæðinu er ásetningur saknæmisskilyrði.

Samkvæmt 1. mgr. 170. gr. laganna skal hver sá sem stofnar lífi manna eða heilsu í hættu með því að valda almennum skorti á drykkjarvatni eða setja skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur sæta fangelsi allt að 12 árum. Þetta ákvæði veitir lífi vernd gegn hættu sem stafar af vatnsskorti og mengun. Ásetningur er saknæmisskilyrði skv. 1. mgr. 170. gr., en brot framið af gáleysi varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

2. Ýmis brot gegn hagsmunum almennings.

Brot þau sem eru í XIX. kafla hegningarlaga fela ekki í sér almannahættu. Þar er einnig að finna ákvæði sem getur komið til álita við umhverfisbrot. Skv. 177. gr. skal hver sá sem tekur burtu, ónýtir eða skemmir opinber minnismerki eða hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða skrauts eða hluti sem teljast til opinberra safna eða eru sérstaklega friðaðir sæta fangelsi allt að 3 árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi. Ásetningur er saknæmisskilyrði samkvæmt ákvæðinu.

IV.
Ákvæði annarra laga sem lýsa umhverfisbrotum.

Heildarlöggjöf um umhverfismál hefur ekki verið sett hér á landi. Ýmis lög hafa hins vegar að geyma ákvæði sem lúta að umhverfinu og verndun þess, þar með talin ákvæði sem leggja refsingu við umhverfisbrotum. Með þessu frumvarpi er lagt til að nánar tilgreind háttsemi, sem einnig felur í sér brot á umræddri löggjöf, varði refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Hér verða raktir helstu lagabálkar á þessu sviði, en sú upptalning er ekki tæmandi.

1. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Lögin hafa það markmið að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Þeim er ætlað taka til hvers konar starfsemi hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána.

Samkvæmt 33. gr. laganna varða brot gegn ákvæðum þeirra, reglum settum samkvæmt þeim og samþykktum sveitarfélaga sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Ef um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

2. Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997.

Markmið skipulags- og byggingarlaga er að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Þá er lögunum ætlað að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Einnig er lögunum ætlað að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi. Að lokum er það markmið laganna að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

Brot gegn lögunum varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, sbr. 60. gr. laganna. Þá er sveitarstjórn heimilt að leggja á dagsektir ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar, þar til úr er bætt, sbr. 57. gr. laganna.

3. Lög um náttúruvernd, nr. 93/1996.

Lögunum um náttúruvernd er ætlað að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en þó þannig að verndað sé það *í náttúrunni* sem er sérstætt eða sögulegt. Þá er tilgangur laganna einnig að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Í 16. gr. laganna segir að spjöll á náttúru landsins sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi varði refsingu. Í 39. gr. laganna segir síðan að brot gegn lögunum og reglum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Auk þess má beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum eða til þess að láta af atferli sem er ólögmætt.

4. Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

Lögin um mat á umhverfisáhrifum hafa það markmið að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, svo og tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana.

Brot gegn lögunum varða sektum, sbr. 16. gr. laganna.

5. Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

Í lögunum um eiturefni og hættuleg efni er m.a. fjallað um hverjum megi selja og afhenda eiturefni og hvernig skuli varðveita eiturefni og hættuleg efni. Þar er kveðið á um hvernig

skuli farga eiturefnum og hættulegum efnum og kemur þar fram að þessum efnum, tómum flöskum og öðrum umbúðum sem hafa slík efni að geyma skuli farga eða hreinsa þannig að mönnum og dýrum stafi ekki hætta af.

Samkvæmt 26. gr. laganna skal refsa fyrir brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim með sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Fyrir ítrekað brot eða stórfellt getur refsing verið allt að tveggja ára fangelsi. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögunum eru refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

6. Lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986.

Tilgangur laga um varnir gegn mengun sjávar er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annara efna, sem talin eru upp í fylgiskjali 1 með lögunum, og stofnað geta heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins.

Samkvæmt 27. gr. laganna skal refsa fyrir brot gegn lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim með fésektum, fangelsi allt að einu ári eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Tilraun og hlutdeild í brotum ganvart lögunum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 31. gr. laganna. Heimilt er að ákveða aðila dagsektir þar til úr er bætt ef hann sinnir ekki innan tiltekins frestst fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalda um að vinna verk eða koma upp búnaði sem fyrir er mælt í lögnum og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. 32. gr. laganna.

7. Lög um geislavarnir, nr. 117/1985.

Lögum um geislavarnir er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum í því skyni að koma í veg fyrir skaðleg áhrif slíkrar geislunar. Jónandi geislun er skilgreind þannig að átt sé við geislun frá geislavirkum efnum, röntgengeislun eða aðra geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif. Með geislatækjum er átt við tæki sem innihalda geislavirk efni eða framleiða jónandi geislun.

Fyrir brot gegn lögunum og reglum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum eða fangelsi allt að 2 árum ef sakir eru miklar, sbr. 23. gr. laganna.

9. Vatnalög, nr. 15/1923.

Í vatnalögum er að finna ein elstu ákvæði hér á landi um umhverfisvernd. Í IX. kafla er fjallað um mengun fersks vatns almennt, en ákvæði kaflans taka bæði til mengunar frá iðjuverum og mengunar af öðrum ástæðum. Skv. 83. gr. laganna er bannað að láta í vatn frá iðjuverum nokkra þá hluti, fasta, fljótandi eða loftkennda, sem spilla mundu botni vatns, bakka eða vatninu sjálfu svo hættulegt sé mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Þá er og bannað að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni að hætta sé á að þau berist í það. Þetta ákvæði gildir einnig þótt ekki sé um iðjuver að ræða, sbr. 84. gr. laganna.

Í 153. gr. segir að brot gegn lögunum varði sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

V.
Efni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að í 179. gr. hegningarlaga verði mælt fyrir um refsinæmi umhverfisbrota, en það ákvæði stendur nú autt í XIX. kafla laganna, sem ber heitið ýmis brot á hagsmunum almennings. Í ákvæðinu segir að nánar tiltekin brot gegn lögum um verndun

umhverfis varði allt að 4 ára fangelsisrefsingu. Þannig er áskilið að háttsemin sé andstæð umhverfislögum, en það gæti vitanlega leitt til refsiábyrgðar á grundvelli þeirra laga. Þegar um alvarlegustu brot af því tagi er að ræða er hins vegar lagt til að þau varði við almenn hegningarlög. Í samræmi við það er einnig lagt til að refsimörk ákvæðisins verði nokkuð hærri en almennt á við samkvæmt umhverfislöggjöfinni. Í ákvæðinu er miðað við gildandi lög til verndar umhverfi og náttúru á hverjum tíma, en þegar hefur verið gerð grein fyrir helstu lagabálkum á þessu réttarsviði.

Frumvarpið tekur til meiri háttar brota gegn lögum um verndun umhverfis og er því gert ráð fyrir að háttsemin sé mjög vítaverð. Hvort brot telst meiri háttar veltur á heildarmati í hverju tilviki fyrir sig, en við matið koma ýmis atriði til álita. Þannig skiptir máli þegar umhverfisbrot er framið við annars löglegan atvinnurekstur hvort háttsemin felur í sér veruleg frávik frá því sem almennt tíðkast. Smávægileg frávik teldust því síður meiri háttar umhverfisbrot samkvæmt hegningarlögum, en slík háttsemi gæti eftir sem áður haft í för með sér refsiviðurlög eftir öðrum lögum. Einnig verður brot frekar heimfært til hegningarlaga ef brotastarfsemin er viðvarandi og skipulögð en þegar um einstakan atburð er að ræða. Við matið getur enn fremur haft áhrif hvort reynt hefur verið að dylja brot í stað þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til varnar umhverfinu. Með því að láta slíkar ráðstafanir undir höfuð leggjast er frekar hætt við að tjónið verði meira eða áhrif þess varanlegri. Þá mæla rök með því að heimfæra brot undir hegningarlög ef það hefur haft í för með sér fjárhagslegan ávinning, svo sem með því að komast hjá útgjöldum sem hljótast af lögboðnum mengunarvörnum. Þetta á sérstaklega við ef starfsemi þrífst beinlínis í skjóli þess að virða að vettugi reglur á sviði umhverfisverndar. Að lokum má geta þess að fremur er ástæða til að virða brot sem meiri háttar ef það er mjög saknæmt, en það ætti við ef frá öndverðu hefði gagngert verið lagt á ráðin um að valda tjóni á umhverfinu.

Í frumvarpinu er miðað við að verulegt tjón hafi hlotist af broti eða að yfirvofandi hætta hafi skapast á slíku tjóni. Við mat á því hvort brot teljist meiri háttar hafa afleiðingar þess eða hætta því samfara vitanlega áhrif, en allt að einu þykir rétt að þessi áskilnaður komi beinlínis fram í ákvæðinu, enda er ekki ætlunin að brot varði við hegningarlög nema það hafi haft í för með verulegt tjón á umhverfinu eða hætta á slíku tjóni hafi verið yfirvofandi. Við mat á því hvort tjón sé verulegt skiptir máli hvort það er bætanlegt og hver sé kostnaður við að draga úr afleiðingum þess.

Samkvæmt 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að meiri háttar brot gegn lögum um umhverfisvernd varði refsingu ef það felst í því að menga loft, jörð, haf eða vatnasvæði þannig að verulegt tjón verði á umhverfi eða ef valdið er yfirvofandi hættu á slíku tjóni. Með mengun jarðar er átt við yfirborð hennar og jarðgrunninn, en mengun vatnasvæða tekur bæði til stöðuvatna og straumvatna.

Í 2. tölul. 1. gr. er lögð refsing við meiri háttar brotum á lögum um umhverfisvernd sem felast í því að geyma eða losa úrgang eða skaðleg efni þannig að verulegt tjón verði á umhverfinu eða valdið er yfirvofandi hættu á slíku tjóni. Almennt væri mengun augljóslega samfara þessari háttsemi þannig að brot varðaði við 1. tölul. Þó er ekki sjálfgefið að ásetningur standi til þess að valda mengun, en þá væri brot refsivert eftir 2. tölul.

Samkvæmt 3. tölul. 1. gr. er meiri háttar brot á umhverfislögum refsivert ef það lýsir sér í því að valdið er verulegu raski á landi þannig að það breyti varanlega um svip eða ef spillt er merkum náttúruminjum. Þegar merkum náttúruminjum er spillt er ekki gerður áskilnaður um að tjón sé verulegt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (umhverfisbrot).

Tilgangur frumvarpsins er að auka áhrif refsiákvæða í lögum til verndar umhverfi með því að leggja refsingu við alvarlegustu umhverfisbrotum í almennum hegningarlögum. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið auki útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

827. Svar [419. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um fyrirkomulag á innheimtu hjá tollstjóranum í Reykjavík.

1. *Hvaða breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi innheimtumála hjá tollstjóranum í Reykjavík vegna yfirtöku á verkefnum Gjaldheimtunnar í Reykjavík?*

Gjaldheimtan í Reykjavík var lögð niður 1. janúar 1998 og innheimta á hennar vegum færð til embættis tollstjórans í Reykjavík og sameinuð innheimtustarfsemi sem þar var fyrir. Jafnframt þessu nýja verkefni fól fjármálaráðuneytið tollstjóranum í Reykjavík ákveðin verkefni sem ráðuneytið hafði áður sinnt á sviði innheimtu opinberra gjalda.

Frá upphafi var ljóst að ný og umfangsmeiri starfsemi hjá embætti tollstjórans í Reykjavík kallaði á endurskoðun innheimtustarfseminnar. Flestir starfsmenn gjaldheimtunnar þáðu störf hjá tollstjóranum í Reykjavík þegar verkefni gjaldheimtunnar fluttust yfir auk þess sem einn starfsmaður úr fjármálaráðuneytinu fór til tollstjórans. Nú eru því 55 starfsmenn í innheimtusviði embættisins í stað u.þ.b. 30 áður. Endurskoðun starfseminnar hófst þegar í upphafi síðasta árs og stendur enn þá yfir. Markmið hennar er að auka skilvirkni í innheimtumálum, samræma störf innheimtumanna, draga úr dýrum innheimtuaðgerðum vegna lágra fjárhæða og tryggja jafnræði meðal gjaldenda.

Í upphafi árs 1998 var gefið út skipurit fyrir innheimtusvið Tollstjórans í Reykjavík þar sem starfseminni var skipt í þrjár deildir, gjaldadeild, eftirstöðvadeild og þjónustudeild, en áður voru deildirnar tvær, gjaldadeild og eftirstöðvadeild. Þjónustudeild var sett á laggirnar fyrst og fremst til að sinna verkefnum sem embættið tók við frá fjármálaráðuneytinu.

Fljótlega kom í ljós að heppilegt þótti að skipta verkefnum frekar niður og stofna fjórðu deildina í tilraunaskyni, svokallaða milliinnheimtudeild. Gert er ráð fyrir flæði verkefna milli deildanna samkvæmt reglum þar um.

Markmið með starfsemi milliinnheimtudeildar er að tilkynna og veita gjaldendum upplýsingar um vanskil og gefa þeim kost á að leysa mál sín án þess að til frekari og kostnaðarsamari innheimtuaðgerða þurfi að koma. Jafnframt hefur verið sett á fót starfsemi sérstaks þjónustufulltrúa frá 1. október sl. Megintilgangur með starfi hans er móttaka, almenn og sérstök upplýsingagjöf og aðstoð við gjaldendur í vanskilum. Þjónustufulltrúinn tekur á móti gjaldendum, upplýsir þá um stöðu mála sinna og veitir leiðbeiningar og aðstoð í málum viðkomandi. Þjónustufulltrúinn skal m.a. vera í sambandi við skattyfirvöld vegna málefna gjaldenda ef á þarf að halda.

Með starfsemi milliinnheimtudeildar og þjónustufulltrúa er reynt að koma til móts við gjaldendur eins og unnt er og bæta þjónustu við þá frá því sem verið hefur.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur í samvinnu við aðra innheimtumenn ríkissjóðs unnið að gerð verklagsreglna fyrir innheimtu opinberra gjalda. Tilgangurinn með reglunum er m.a. að tryggja jafnræði gjaldenda, auka öryggi í innheimtu og að stuðla að sem hagkvæmastri framkvæmd.

Hjá tollstjóranum í Reykjavík er talin þörf á að setja nýjar reglur á eftirfarandi sviðum:

— Reglur um framkvæmd innheimtustarfsemi innheimtumanna á árinu 1999.
— Reglur um meðferð og miðlun upplýsinga um gjaldendur opinberra gjalda o.fl.
— Reglur um afdrátt af launum vegna skattskulda.
— Reglur um eðlilegan málshraða við innheimtu skattskulda.
— Viðmiðunarreglur um hvenær innheimtumenn ríkissjóðs skulu krefjast gjaldþrotaskipta á búum einstaklinga og félaga vegna skattskulda.
— Viðmiðunarreglur um það hvenær innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda skattrannsóknarstjóra tilkynningu um vanskil gjaldenda.
— Reglur um skjalavistun og skráningu upplýsinga um innheimtumál.

Þegar hafa verið settar reglur um innheimtuferli í sköttum þar sem lagaheimild til stöðvunar atvinnurekstrar gjaldanda er til staðar. Aðrar reglur eru í undirbúningi eða vinna við þær um það bil að hefjast.

2. *Hvaða áhrif hafa þessar breytingar haft á:*
   a. fjölda fjárnámsaðgerða,
   b. fjölda gjaldþrotamála,
   c. innheimtuárangur hjá tollstjóranum í Reykjavík?

Fjárnámsbeiðnum hefur fækkað gríðarlega á milli ára. Árið 1997 báðu Gjaldheimtan og tollstjórinn í Reykjavík samtals um 16.000 fjárnám vegna skulda í öllum gjaldflokkum en árið 1998 voru fjárnám að beiðni tollstjórans í Reykjavík tæplega helmingi færri eða 8.164. Útlagður kostnaður við hverja fjárnámsbeiðni er að lágmarki 3.500 kr. Því hafa sparast a.m.k. 28 millj. kr. á árinu 1998 vegna færri fjárnámsbeiðna og kemur sá sparnaður aðallega fram hjá gjaldendum.

Gjaldþrotaskiptabeiðnum frá tollstjóraembættinu hefur einnig fækkað verulega milli ára eða um 286, sem er um 31% fækkun. Jafnframt hefur uppkveðnum úrskurðum um gjaldþrotaskipti fækkað um 86 eða 23% milli áranna 1997 og 1998. Þegar mál eru tekin til gjaldþrotaskipta þarf tollstjóri að leggja fram 150.000 kr. tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar við skiptin. Miðað við endanlegan kostnað sem embætti tollstjóra hefur haft af búskiptum undanfarin ár má gera ráð fyrir því að færri gjaldþrotabeiðnir hafi sparað ríkissjóði a.m.k. 8 millj. kr. á árinu 1998.

Tafla 1. Fjöldi gjaldþrotaskiptamála hjá héraðsdómi Reykjavíkur á árunum 1997 og 1998.

Gerðarbeiðandi	Árið 1997				Árið 1998				1997–98	
	Beiðnir um gjaldþrotaskipti		Gjaldþrota-úrskurðir		Beiðnir um gjaldþrotaskipti		Gjaldþrota-úrskurðir		Breyting á fjölda	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	beiðna %	úrskurða %
Tollstjórinn í Reykjavík	917	73,1	381	83,6	631	63,2	295	71,3	-31,2	-22,6
Aðrir	338	26,9	75	16,4	368	36,8	119	28,7	8,9	58,7
Samtals	**1.255**	**100,0**	**456**	**100,0**	**999**	**100,0**	**414**	**100,0**	**-20,4**	**-9,2**

Þegar tekin var ákvörðun um að færa verkefni Gjaldheimtunnar í Reykjavík til tollstjóra var reiknað með því að það gæti haft áhrif á innheimtuárangur til lækkunar fyrst um sinn. Jafnframt var talið að breytingar á fyrirkomulagi innheimtu hjá tollstjóra gætu leitt til verri innheimtuárangurs þegar til skamms tíma væri litið en þegar frá liði ætti innheimtuárangur að batna og verða jafnvel betri en hann hefur verið bestur. Ástæðan fyrir þessu er sú ákvörðun að reyna að gera gjaldendum kleift að greiða skatta sína áður en málin eru send í vanskilainnheimtu með ærnum tilkostnaði fyrir gjaldendur. Hins vegar kemur í ljós þegar innheimtuárangur hjá embættinu 1998 er borin saman við árangurinn 1997 að hann hefur almennt batnað milli áranna.

Í fylgiskjölum eru yfirlit yfir innheimtuárangur innheimtumanna ríkissjóðs í þinggjöldum einstaklinga og félaga, virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda árið 1998 með samanburði við fyrri ár. Við mat á innheimtuárangri innheimtumanna er miðað við stöðu innheimtu 1. janúar 1999 samanborið við stöðuna 1. janúar árið áður.

Innheimtuárangur tollstjórans í Reykjavík á þinggjöldum félaga batnaði um 5,44% milli áranna 1997 og 1998. Innheimtuárangur annarra innheimtumanna í þinggjöldum félaga var hins vegar um 6,70% lakari árið 1998 miðað við árangurinn 1997.

Innheimtuárangur tollstjórans í Reykjavík í þinggjöldum einstaklinga batnaði um 5,07% milli áranna 1997 og 1998. Innheimtuárangur annarra innheimtumanna í þinggjöldum einstaklinga batnaði jafnframt um 1,48% milli áranna 1997 og 1998.

Innheimtuárangur tollstjórans í Reykjavík í virðisaukaskatti batnaði um 0,45% milli áranna 1997 og 1998. Innheimtuárangur annarra innheimtumanna batnaði um 0,31% milli áranna 1997 og 1988.

Innheimtuárangur tollstjórans í Reykjavík í staðgreiðslu opinberra gjalda versnaði um 0,18% milli áranna 1997 og 1998. Innheimtuárangur annarra innheimtumanna versnaði á sama tíma um 0,07%.

Í heild hefur bættur innheimtuárangur tollstjórans í Reykjavík í framangreindum gjaldflokkum leitt til þess að innheimtar hafa verið um það bil 650 millj. kr. meira á árinu 1998 en verið hefði ef innheimtuárangur hefði verið óbreyttur miðað við árið 1997 að teknu tilliti til lakari innheimtuárangurs í staðgreiðslu opinberra gjalda.

Tafla 2. Breyting á innheimtuárangri milli áranna 1997 og 1998.

Í millj. kr.	Staðgreiðsla	Virðisauka-skattur	Opinber gjöld einstaklinga	Opinber gjöld fyrirtækja	Samtals
Tollstjórinn í Reykjavík	-62	111	246	355	650
Aðrir innheimtumenn	-15	42	74	-216	-117
Samtals	-75	157	340	138	560

	Hjá einstaklingum				Hjá félögum			
Staðan 1. janúar 1999	**Opinber gjöld ársins 1998**				**Opinber gjöld ársins 1998**			
Innheimtumenn	Álagning	Eftirstöðvar	Árangur	Hlutfall af heild	Álagning	Eftirstöðvar	Árangur	Hlutfall af heild
Tollstjórinn í Reykjavík	4.849,7	1.587,5	**67,3%**	49,3%	6.537,0	914,0	**86,0%**	66,9%
Aðrir innheimtumenn	4.989,1	1.245,6	**75,0%**	50,7%	3.230,7	636,9	**80,3%**	33,1%
Samtals	**9.838,9**	**2.833,1**	**71,2%**	**100,0%**	**9.767,7**	**1.550,9**	**84,1%**	**100,0%**
Staðan 1. janúar 1998	**Opinber gjöld 1997**				**Opinber gjöld 1997**			
Innheimtumenn	Álagning	Eftirstöðvar	Árangur	Hlutfall af heild	Álagning	Eftirstöðvar	Árangur	Hlutfall af heild
Tollstjórinn í Reykjavík	4.329,0	1.636,4	**62,2%**	51,1%	5.126,0	995,4	**80,6%**	66,8%
Aðrir innheimtumenn	4.139,9	1.094,7	**73,6%**	48,9%	2.546,7	331,5	**87,0%**	33,2%
Samtals	**8.468,9**	**2.731,1**	**67,8%**	**100,0%**	**7.672,8**	**1.326,9**	**82,7%**	**100,0%**
	Samanburður á innheimtuárangri				**Samanburður á innheimtuárangri**			
Innheimtumenn	1998	1997	Mismunur	Í millj. kr.	1998	1997	Mismunur	Í millj. kr.
Tollstjórinn í Reykjavík	**67,27%**	**62,20%**	**5,07%**	**246**	**86,02%**	**80,58%**	**5,44%**	**355**
Aðrir innheimtumenn	**75,03%**	**73,56%**	**1,48%**	**74**	**80,29%**	**86,98%**	**-6,70%**	**-216**
Samtals	**71,21%**	**67,75%**	**3,45%**	**340**	**84,12%**	**82,71%**	**1,42%**	**138**

Allar fjárhæðir eru í millj. kr.

	Staðgreiðsla				Virðisaukaskattur			
Staðan 1. janúar 1999	**Staðgreiðsla launagreiðenda 1998**				**Virðisaukaskattur 1998**			
Innheimtumenn	Álagning	Eftirstöðvar	Árangur	Hlutfall af heild	Álagning	Eftirstöðvar	Árangur	Hlutfall af heild
Tollstjórinn í Reykjavík	35.084,5	290,1	**99,2%**	62,7%	24.612,0	686,0	**97,2%**	64,5%
Aðrir innheimtumenn	20.876,3	220,2	**98,9%**	37,3%	13.545,0	514,0	**96,2%**	35,5%
Samtals	**55.960,8**	**510,3**	**99,1%**	**100,0%**	**38.157,0**	**1.200,0**	**96,9%**	**100,0%**
Staðan 1. janúar 1998	**Staðgreiðsla launagreiðenda 1997**				**Virðisaukaskattur 1997**			
Innheimtumenn	Álagning	Eftirstöðvar	Árangur	Hlutfall af heild	Álagning	Eftirstöðvar	Árangur	Hlutfall af heild
Tollstjórinn í Reykjavík	30.028,3	195,1	**99,4%**	61,6%	20.995,0	680,0	**96,8%**	63,1%
Aðrir innheimtumenn	18.742,9	183,9	**99,0%**	38,4%	12.264,0	503,0	**95,9%**	36,9%
Samtals	**48.771,2**	**379,0**	**99,2%**	**100,0%**	**33.259,0**	**1.183,0**	**96,4%**	**100,0%**
	Samanburður á innheimtuárangri				**Samanburður á innheimtuárangri**			
Innheimtumenn	1998	1997	Mismunur	Í millj. kr.	1998	1997	Mismunur	Í millj. kr.
Tollstjórinn í Reykjavík	**99,17%**	**99,35%**	**-0,18%**	**-62**	**97,21%**	**96,76%**	**0,45%**	**111**
Aðrir innheimtumenn	**98,95%**	**99,02%**	**-0,07%**	**-15**	**96,21%**	**95,90%**	**0,31%**	**42**
Samtals	**99,09%**	**99,22%**	**-0,13%**	**-75**	**96,86%**	**96,44%**	**0,41%**	**157**

Allar fjárhæðir eru í millj. kr.

828. Svar [421. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um skipan heilbrigðismála á Austurlandi.

1. *Hvers konar skipan heilbrigðisþjónustu er fyrirhuguð á Austurlandi á næstunni samkvæmt tillögum og ákvörðunum ráðuneytisins?*

Heilbrigðisstofnanir á Austurlandi, þ.e. á svæðinu frá Djúpavogi í suðri til Vopnafjarðar í norðri, hafa verið sameinaðar í eina stofnun, Heilbrigðisstofnun Austurlands. Skipuð hefur verið fimm manna stjórn stofnunarinnar og auglýst hefur verið eftir framkvæmdastjóra. Þessi yfirstjórn leysir af hólmi sjö stjórnir sem áður voru yfir heilbrigðisstofnunum á Vopnafirði, Seyðisfirði, Egilsstöðum, Neskaupstað, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Djúpavogi og framkvæmdastjóri tekur við af sjö framkvæmdastjórum sem hingað til hafa starfað við stofnanirnar. Þannig fækkar stjórnarmönnum úr 35 í fimm. Gert er ráð fyrir auknu starfi héraðslæknis með stjórn, framkvæmdastjóra og öðrum stjórnendum samfara framangreindum breytingum. Jafnframt eru nú til skoðunar í ráðuneytinu óskir um að hjúkrunarheimilið Sundabúð á Vopnafirði og hugsanlega önnur hjúkrunarheimili á svæði stofnunarinnar, sem rekin eru af sveitarfélögum, verði felld undir Heilbrigðisstofnun Austurlands. Í framhaldi af þeim stjórnskipulagsbreytingum sem hér hefur verið lýst munu nýskipuð stjórn og settur framkvæmdastjóri vinna að þeim markmiðum sem stefnt er að með sameiningunni, þ.e. að styrkja heilbrigðisþjónustu á svæðinu, tengja saman stofnanir og skapa sterkari rekstrareiningar þar sem mönnun, samvinna og samnýting mun skapa öflugri einingar.

2. *Á hvaða lögum og reglugerðarákvæðum er breytt skipan byggð að því er varðar heilbrigðisþjónustu og starfsfólk (viðkomandi lagaheimildir og reglugerðir óskast birtar með svari)?*

Breytt skipan er fyrst og fremst byggð á 2. mgr. 12. gr., 15. gr. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 590/1998, um sameiningu heilbrigðisstofnana.

Þær lagaheimildir sem vitnað er til eru svohljóðandi:

Ákvæði laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

2. mgr. 12. gr.

Þar sem aðstæður leyfa skulu heilsugæslustöð og sjúkrahús rekin sem ein stofnun undir einni stjórn, sbr. 2. mgr. 21. gr.

15. gr.

Ráðherra er heimilt að breyta skiptingu í heilsugæsluumdæmi, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra með reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

2. mgr. 24. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa, starfssvið og verkaskiptingu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Hann getur jafnframt ákveðið sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Reglugerð nr. 590/1998 um sameiningu heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina eftirtaldar heilbrigðisstofnanir;

1.1. Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði
Heilsugæslustöðina á Ísafirði ásamt útibúum á Súðavík og Suðureyri
Öldrunarstofnun Önfirðinga á Flateyri
Heilsugæslustöðina á Flateyri
Sjúkraskýlið á Þingeyri
Heilsugæslustöðina á Þingeyri
undir nafninu Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ;

1.2. Heilbrigðisstofnunina á Egilsstöðum
Heilbrigðisstofnunina á Seyðisfirði
Heilbrigðisstofnunina í Neskaupstað
Heilsugæslustöðina á Djúpavogi
Heilsugæslustöðina á Eskifirði
Heilsugæslustöðina á Fáskrúðsfirði
Heilsugæslustöðina á Vopnafirði
undir nafninu Heilbrigðisstofnun Austurlands;

1.3. Heilsugæslustöðina á Hellu
Heilsugæslustöðina á Hvolsvelli
undir nafninu Heilsugæslustöðin Rangárþingi.

2. gr.

Ráðherra skipar hverri hinna sameinuðu heilbrigðisstofnana fimm manna stjórn og fer um skipan þeirra samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 30. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Ráðherra skipar fyrrgreindum heilbrigðisstofnunum framkvæmdastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar viðkomandi stofnunar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

3. Hver er tilgangurinn með breytingunum og hvaða forsendur hafa verið lagðar til grundvallar þeim?

Með breytingunum er stefnt að því að styrkja heilbrigðisþjónustu á svæðinu, tengja saman stofnanir og efla þær rekstrareiningar þar sem mönnun, samvinna og samnýting mun skapa öflugri einingar. Markmiðið er að auka jafnræði íbúa og styrkja þau svæði sem notið hafa hvað minnstrar heilbrigðisþjónustu. Stefnt er að fjölgun á stöðugildum lækna og seta þeirra treyst, eflingu sérfræðiþjónustu, aukinni samvinnu lækna og minni vaktabyrði en verið hefur. Með því verður unnt að bæta faglegt umhverfi og auka möguleika á því að manna stöður heilbrigðisstarfsmanna og efla sjálfstæði svæðisins að því er varðar heilbrigðisþjónustu. Síð-

ast en ekki síst er breytingunum ætlað að auka sjálfræði og sjálfsákvörðunarvald heimamanna.

Þær forsendur sem lagðar hafa verið til grundvallar eru í fyrsta lagi sú stefna stjórnvalda að bæta heilbrigðisþjónustu með aukinni samvinnu og samhæfingu innan heilbrigðisþjónustunnar og sameiningu stofnana um land allt. Stjórnarfyrirkomulag heilbrigðiskerfisins hefur lengi verið til umræðu og fyrir liggur að á því hafa verið ágallar bæði á Austurlandi og á landsvísu. Einn af göllum fyrirkomulagsins á Austurlandi er smæð stofnana og að hver þeirra hefur verið mjög bundin sínu byggðarlagi þegar litið er til yfirstjórnar og fjárveitinga. Tengsl milli heilbrigðisstofnana innan fjórðungsins hafa verið fremur lítil. Því hefur reynst erfitt að vinna að ýmsum breytingum og úrbótum fyrir fjórðunginn í heild, svo sem varðandi sérfræðiþjónustu. Þetta hefur veikt stöðu heilbrigðisþjónustunnar í fjórðungnum þegar litið er á svæðið sem eina heild og möguleika til þróunar á einstökum stofnunum. Með óbreyttu fyrirkomulagi var talið að stofnanirnar yrðu áfram fremur ósjálfstæðar. Þessi mál hafa lengi verið til umfjöllunar í heilbrigðismálaráði Austurlands. Á fundi sem haldinn var á Egilsstöðum árið 1991 var m.a. rætt um hvernig efla mætti sérfræðiþjónustu en þá voru t.d. hugmyndir um að setja á laggirnar húðdeild á Seyðisfirði. Þá var einnig rætt hvernig treysta mætti setu lækna og fjallað var um hve erfitt væri að manna stöður, einkum hjúkrunarfræðinga. Sérfræðiþjónustan var áfram rædd sérstaklega í vinnuhópi lækna en ekki tókst að skapa samstarfsflöt. Því var ákveðið á fundi heilbrigðismálaráðs Austurlands sem haldinn var á Vopnafirði árið 1994 að breyta stjórnskipulaginu og fela Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og sjúkrahúsinu á Egilsstöðum að skipuleggja þjónustu sérfræðinga í umboði annarra stofnana til þess að þróun gæti átt sér stað á því sviði. Það er jafnframt mat héraðslæknisins á Austurlandi að ófullnægjandi stjórnkerfi í fjórðungnum hafi átt sinn þátt í þeirri þróun er leiddi til uppsagna heilsugæslulækna árið 1996.

4. *Hverjir hafa staðið að samningum um breytta skipan mála af hálfu ráðuneytisins annars vegar og heimamanna hins vegar og hver hefur verið hlutur sveitarstjórna í því sambandi?*

Af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hafa embættismenn á skrifstofu heilsugæslu-, sjúkrahúsa- og öldrunarmála komið að málinu auk ráðuneytisstjóra, aðstoðarmanns ráðherra og ráðherra. Embættismenn á lögfræði- og fjármálaskrifstofum hafa veitt faglega ráðgjöf og unnið að einstökum verkefnum við undirbúning málsins. Af hálfu heimamanna hefur héraðslæknir Austurlands átt mestan þátt í undirbúningi málsins en breytingarnar hafa verið ræddar á vettvangi heilbrigðismálaráðs, Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA), á fundi með alþingsimönnum Austurlandskjördæmis á Reyðarfirði 28. október 1997 og á sjö opnum kynningarfundum með stjórnum, starfsmönnum og íbúum dagana 4.–7. nóvember 1997. Fundirnir voru haldnir á Seyðisfirði, Vopnafirði, Stöðvarfirði, Hornafirði, Djúpavogi, Eskifirði og Egilsstöðum. Með bréfum, dags. 17. nóvember 1997, var óskað eftir formlegum athugasemdum sveitarstjórna. Málið var kynnt á fundum með hjúkrunarfræðingum 29. október 1997 og á fundi með læknum 7. nóvember sama ár. Kallað var eftir athugasemdum og ábendingum á öllum framangreindum fundum. Í kjölfar þessa sendu 11 sveitarfélög, þrjár stjórnir heilbrigðisstofnana, Austurlandsdeild Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Læknafélag Austurlands inn umsagnir sem sendar voru ráðuneytinu með skýrslu 15. desember 1997. Síðar bárust nokkrar umsagnir til viðbótar. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að hrinda sameiningu í framkvæmd og með bréfi, 16. febrúar 1998 til Sambands sveitarfélaga á Austurlandi var óskað eftir afstöðu sveitarfélaga á Austurlandi til sameiningar heilbrigðisstofnana. Héraðslæknir Austurlands sat síðan stjórnarfund Sambands íslenskra sveit-

arfélaga í febrúar 1998 eftir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafði með bréfi 16. sama mánaðar sent málið þangað til umsagnar. Hinn 7. maí 1998 var haldinn fundur á Egilsstöðum með framkvæmdastjórn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi þar sem málið var kynnt og rætt var um framhaldið. Sérstakur sameiginlegur kynningarfundur var haldinn sama dag með forsvarsmönnum stofnana á Seyðisfirði og Egilsstöðum. Síðar á árinu tók við frekari umfjöllun um málið í ráðuneytinu þar sem m.a. var rætt við fulltrúa flestra staða vegna athugasemda sem þaðan höfðu borist og á Seyðisfirði fór fram frekari kynning fyrir starfsmenn og stjórnendur heilbrigðisstofnunarinnar þar, að beiðni sveitarstjórnar. Í október sl. óskaði ráðuneytið eftir tilnefningu sveitarstjórna og starfsmanna í stjórn hinnar nýju sameinuðu stofnunar. Tilnefningar lágu fyrir þann 29. desember sl. og var stjórnin skipuð 31. sama mánaðar.

5. *Hvernig hafa ákvarðanir verið teknar á einstökum stigum undirbúnings málsins?*

Eins og fram kemur í svari við 3. spurningu hefur stjórnarfyrirkomulag innan heilbrigðiskerfisins á Austurlandi og um land allt lengi verið til umræðu. Á fundi heilbrigðismálaráðs Austurlands sem haldinn var á Egilsstöðum árið 1991 var rætt um hvernig efla mætti sérfræðiþjónustu í fjórðungnum og treysta þar setu lækna og fjallað var um hve erfitt væri að manna stöður, einkum hjúkrunarfræðinga. Sérfræðiþjónustan var áfram rædd sérstaklega í vinnuhópi lækna en ekki tókst að skapa samstarfsflöt. Því var ákveðið á fundi heilbrigðismálaráðs á Vopnafirði árið 1994 að breyta stjórnskipulagi og fela Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og sjúkrahúsinu á Egilsstöðum að skipuleggja þjónustu sérfræðinga í umboði annarra stofnana til þess að þróun gæti átt sér stað á því sviði. Að mati héraðslæknisins á Austurlandi átti ófullnægjandi stjórnkerfi í fjórðungnum sinn þátt í þeirri þróun er leiddi til uppsagna heilsugæslulækna árið 1996. Í byrjun apríl árið 1997 lagði héraðslæknir Austurlands fram tillögur að breyttri stjórnskipan heilbrigðismála á Austurlandi þar sem gert var ráð fyrir þremur heilsugæslustöðvum og einu fjórðungssjúkrahúsi. Tillögurnar voru kynntar á fundi héraðslækna 23. og 24. maí 1997 og ræddar á fundi heilbrigðismálaráðs á Eskifirði 27. maí sl. Í framhaldi af því ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að láta kanna möguleika á því að sameina allar heilbrigðisstofnanir á Austurlandi í eina stofnun undir einni yfirstjórn. Héraðslæknirinn á Austurlandi var fenginn til starfa í ráðuneytinu í september 1997 til þess að móta skipulag slíkrar stofnunar. Tillagan var kynnt ýmsum aðilum, sjá svar við 4. spurningu, og í framhaldi af fram komnum athugasemdum ákvað ráðuneytið í febrúar árið 1998 að undirbúa sameiningu heilbrigðisstofnana á svæðinu í eina stofnun, Heilbrigðisstofnun Austurlands. Óskað var eftir afstöðu sveitarfélaga á Austurlandi og síðan var, eins og fram kemur í svari við 4. spurningu, óskað eftir tilnefningum sveitarstjórna og starfsmanna í stjórnina og hún síðan skipuð 31. desember sl.

6. *Hvaða athugasemdir komu fram á heimavettvangi á undirbúningsstigi (óskast tilgreindar í einstökum atriðum ásamt þeim sem athugasemd gerði) og hvernig hefur verið brugðist við þeim hverri fyrir sig?*

Eins og fram kemur í svari við 4. spurningu hefur verið fjallað um málið á fjölmörgum fundum á breiðum vettvangi. Ekki er talið unnt að greina frá munnlegum umsögnum sem fram hafa komið en skriflegar umsagnir eru eftirfarandi:

Bréf, dags. 16. maí 1997, til héraðslæknis Austurlands frá Emil Sigurjónssyni, framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar Vopnafjarðar, og Vilmundi Gíslasyni, framkvæmdastjóra hjúkrunarheimilisins Sundabúðar.

Efni: Hugmyndir að breyttri stjórnskipan heilbrigðisstofnana á Austurlandi.

Stjórn heilsugæslustöðvar Vopnafjarðar og stjórn hjúkrunarheimilis Sundabúðar hafa tekið til umfjöllunar hugmyndir að breyttri stjórnskipan heilbrigðisstofnana á Austurlandi. Stjórnirnar telja margt gott í þeim hugmyndum sem fram hafa komið og telja nauðsynlegt að einfalda stjórnskipulag heilbrigðismála svæðisins. Mikið hefur verið rætt um að sameina stjórnir heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimilis á Vopnafirði og voru lagðar fram um það tillögur sl. haust og hafa þær verið til skoðunar. Vegna legu og landfræðilegrar einangrunar Vopnafjarðar við önnur byggðarlög á Austurlandi telja stjórnirnar nauðsynlegt að Vopnafjörður–Bakkafjörður verði sjálfstætt umdæmi með einni stjórn yfir báðum heilbrigðisstofnunum á svæðinu. Ástand heilbrigðisþjónustu hefur verið nokkuð gott á svæðinu og góð þjónusta verið veitt. Meðan samgöngur austur eru ekki betri en raun er eru ekki forsendur fyrir sameiginlegri stjórn við Héraðssvæðið. Eins og tillögur bera með sér er gert ráð fyrir sérstöku vaktsvæði á Vopnafirði og hlýtur því hið sama að gilda um yfirstjórn.

Stjórnirnar telja nauðsynlegt að tryggja að annar læknir fáist til fastrar búsetu á Vopnafirði. Gæti það styrkt heilbrigðisþjónustu á Norð-Austurlandi. Undanfarin ár hafa Vopnafjörður og Þórshöfn stöku sinnum haft samvinnu um bakvaktir og möguleiki væri á frekara samstarfi með bættum samgöngum. Stjórnir heilbrigðisstofnana á Vopnafirði vilja eiga áframhaldandi gott samstarf við heilbrigðisstofnanir á Austurlandi og taka þátt í mótun nýs skipulags heilbrigðismála á svæðinu.

Bréf, dags. 13. nóvember 1997, frá Seyðisfjarðarkaupstað til Ingibjargar Pálmadóttur heilbrigðisráðherra, Stefáns Þórarinssonar héraðslæknis, stjórna og framkvæmdastjóra sjúkrahúsa Seyðisfjarðar, Neskaupstaðar og Egilsstaða og þingmanna Austurlands.

Útskrift úr fundargerðarbók bæjarstjórnar Seyðisfjarðar.

Mánudaginn 10. nóvember 1997 kl. 16.00 kom bæjarstjórn saman í fundarsal Herðubreiðar.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar samþykkir að beina því til heilbrigðisyfirvalda, héraðslæknis og heilbrigðisstofnana á Austurlandi að áður en svo róttæk breyting sem tillögur héraðslæknis um nýtt stjórnskipulag heilbrigðisþjónustu á Austurlandi er fest í sessi, verði „skipulagið" rekið sem reynsluverkefni viðkomandi heilbrigðisstofnana í tvö ár."

Tillagan samþykkt.

Bréf, dags. 17. nóvember 1997, til Ingibjargar Pálmadóttur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá Ágústu Þorkelsdóttur formanni, f.h. stjórnar heilsugæslustöðvar Vopnafjarðar.

Stjórn heilsugæslustöðvarinnar á Vopnafirði hefur í dag tekið til umfjöllunar tillögur Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands, um nýtt stjórnskipulag heilbrigðisþjónustu á Austurlandi.

Stjórnin telur fyrirliggjandi sameiningarhugmyndir eins og þær liggja fyrir óaðgengilegar fyrir Vopnafjörð. Tillögurnar þurfi nánari útfærslu og lengri umsagnartíma en hér er boðið upp á. Stjórnin vill leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Fjarlægð frá Vopnafirði til Egilsstaða og erfiðar og ótryggar vetrarsamgöngur gera það nánast óhugsandi að læknavakt verði sameiginleg.
2. Öll dagleg stjórnun og ákvarðanataka verður þung og flókin ef forstjóri stofnunar og aðrir yfirmenn sitja langt í burtu frá vettvangi.
3. Heilbrigðisstofnanir á Vopnafirði eru nú sniðnar að þeirri stærð sem heilsugæslusvæði heilsugæslustöðvarinnar á Vopnafirði þarfnast, hvorki of stórar eða of litlar og eru því mjög hagkvæmar í rekstri fyrir samfélagið, og alls ekki er um of mikla yfirbyggingu að ræða í rekstri þeirra. Því er ljóst að ekki er hægt að benda á nægjanleg rök fyrir því að Vopnafjarðarsvæðið hagnist á breyttu stjórnskipulagi. Hins vegar skal bent á að hugsanlega mætti gera samning við Egilsstaði um mönnun, t.d. tímabundna afleysingu eða annað samstarf án þess að sameinast.
4. Í tillögum héraðslæknis Austurlands kemur ekkert fram um hvernig á að leysa ýmis hagnýt mál, t.d. varðandi starfskjör lækna. Það vita allir sem vilja vita að í þeim málum eru launamálin stór þáttur, það sama má segja um annað fagfólk í heilbrigðisgeiranum, svo sem hjúkrunarfræðinga, því er ljóst að þessi sameiginlega stofnun mun ekki leysa þau mál, nema til komi aukið fjármagn. Væntanlega er það hugmynd ráðuneytisins að spara peninga með þessari sameiningu og því ólíklegt að stofnunin sem slík geti bætt launakjör starfsmanna umfram samninga.
5. Stjórn heilsugæslustöðvarinnar á Vopnafirði hefur haft áhuga á að sameina rekstur sjúkrastofnana á Vopnafirði, þ.e. hjúkrunarheimilið Sundabúð og heilsugæslustöðina, og gerð hefur verið samþykkt þar um á stjórnarfundum beggja stofnana. Einnig er vísað í bréf dagsett 17. maí 1997 þar sem fjallað er um fyrri hugmyndir héraðslæknis Austurlands um breytta stjórnskipan sjúkrastofnana á Austurlandi (og fylgir hér með sem fylgiskjal).
6. Stjórnin telur skynsamlegt að stíga smærri skref í þessu máli, t.d. sameina staði sem liggja nær hver öðrum, þar sem raunveruleg samvinna getur orðið og síðan megi endurskoða þessi mál þegar og ef forsendur breytast, t.d. í samgöngumálum.

Bréf, dags. 25. nóvember 1997, til Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands, frá Einari Rafni Haraldssyni, framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss á Egilsstöðum.

Á fundi stjórnar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss á Egilsstöðum í dag var eftirfarandi samþykkt:

„Þrátt fyrir að heilbrigðisþjónusta í Egilsstaðalæknishéraði hafi um langa hríð staðið á traustum grunni vantar víða annars staðar í Austurlandskjördæmi lækna og hætta er á að æ erfiðara verði að manna stöður þeirra og annars heilbrigðisstarfsfólks í kjördæminu verði ekki brugðist strax við. Stjórn og framkvæmdaráð heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss á Egilsstöðum telur afar brýnt að styrkja heilbrigðisþjónustu á Austurlandi stjórnunarlega, faglega og fjárhagslega, þannig að hægt verði að leysa hugsanleg mönnunarvandamál innan fjórðungs í stað þess að kalla þurfi til starfsfólk heilsugæslustöðva í Reykjavík, eins og dæmi eru um.“

Bréf, dags. 2. desember 1997, til Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands, frá Helga Halldórssyni, bæjarstjóra Egilsstaðabæjar.

Á fundi bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar í dag var eftirfarandi samþykkt:

„Heilbrigðisþjónusta í Egilsstaðalæknishéraði hefur um langa hríð staðið á traustum grunni og bæjarstjórn Egilsstaðabæjar leggur á það áherslu að hún verði á engan hátt skert eða stefnt í hættu með skipulagsbreytingum.

Hins vegar er bæjarstjórninni ljóst að annars staðar í Austurlandskjördæmi vantar lækna og hætta er á að æ erfiðara verði að manna stöður þeirra og annars heilbrigðisstarfsfólks í kjördæminu verði ekki brugðist strax við. Bæjarstjórn Egilsstaðabæjar telur afar brýnt að styrkja heilbrigðisþjónustu á Austurlandi stjórnunarlega, faglega og fjárhagslega þannig að hægt verði að leysa mönnunarvandamál innan fjórðungs og vill að hugmyndir héraðslæknis Austurlands verði skoðaðar í því samhengi.“

Bréf, dags. 3. desember 1997, til Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands, frá Ísak J. Ólafssyni sveitarstjóra Reyðarfjarðarhrepps.

Hreppsráð Reyðarfjarðar lýsir yfir fullum stuðningi við tillögur Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands, um nýtt stjórnskipulag heilbrigðisþjónustu á Austurlandi. Hreppsráð bendir á að áður en gengið er til slíkra stórbreytinga í skipan heilbrigðismála verður að tryggja nægjanlegt fjármagn til breytinganna þannig að ný heilbrigðisstofnun Austurlands geti ráðið í þær læknastöður sem tillögur Stefáns gera ráð fyrir og tekið við hreinu borði í rekstri þeirra stofnana sem fyrir eru. Hreppsráð bendir jafnframt á að nauðsynlegt sé að kjaramál lækna séu með þeim hætti að þeir fáist til starfa og einnig þarf þetta nýja skipulag að taka á málefnum annarra starfsstétta í heilbrigðisþjónustunni þannig að skipulagsbreytingin skili tilætluðum árangri.

Þetta tilkynnist hér með.

Bréf, dags. 11. desember 1997, til Ingibjargar Pálmadóttur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá Heilsugæslustöð Eskifjarðarlæknishéraðs.

Útskrift úr fundargerðarbók stjórnar Heilsugæslustöðvar Eskifjarðarlæknishéraðs frá 5. desember 1997.

Stjórn Heilsugæslustöðvar Eskifjarðarlæknishéraðs getur ekki fallist á tillögur Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands, um nýtt stjórnskipulag eins og þær eru settar fram. Þær eru t.d. ekki í takt við tímann (breytt sveitarfélög), kostnaður við samnýtingu læknanna innan svæðisins verður mjög hár, héraðslæknir tryggir ekki fasta búsetu lækna á viss svæði og vafasamt hvort hjúkrunarfræðingar fengjust til starfa ef hjúkrunarforstjórum yrði fækkað úr tíu í fjóra.

Hins vegar eru allar þessar vangaveltur og tillögur Stefáns Þórarinssonar af hinu góða því við þurfum einhvern veginn að gera þessi svæði áhugaverð fyrir starfsfólk í heilbrigðisstéttum svo að það vilji koma og starfa hjá okkur.

Með nýorðinni sameiningu Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar liggur beinast við að heilbrigðisþjónusta á þessu svæði verði endurskoðuð og sameinuð og því er stjórn heilsugæslustöðvar Eskifjarðarlæknishéraðs hlynnt. Eðlilegt getur talist að fulltrúar hjá nýja sveitarfélaginu ályktu um málið eða geri tillögur sem henta hagsmunum íbúa þess.

Stjórn Heilsugæslustöðvar Eskifjarðarlæknishéraðs skorar á heilbrigðisráðuneytið að samþykkja ekki tillögur Stefáns Þórarinssonar að óbreyttu og vakin er athygli á að tryggja þarf búsetu lækna á Eskifirði og á Reyðarfirði.

Bréf, dags. 15. desember 1997, til Davíðs Á. Gunnarssonar, ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, frá Stefáni Þórarinssyni, héraðslækni Austurlands.

Ályktanir og samþykktir vegna tillagna um Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Héraðslækni hafa borist ályktanir og útskriftir úr fundagerðum 11 sveitarfélaga, þriggja stjórna heilbrigðisstofnana og frá fagfélögum hjúkrunarfræðinga og lækna í kjölfar kynningarinnar á Austurlandi. Ráðuneytinu eru send þessi gögn hér með sem og samantekt framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um kynningarfundina.

Eins og fram kemur í þessum gögnum lýsa níu sveitarstjórnir stuðningi við tillögurnar, ein hvetur til varkárni og ein svarar en tekur ekki afstöðu.

Þrjár stjórnir heilsugæslustöðva af átta hafa tjáð sig, tvær eru ósáttar við tillögurnar og ein tekur ekki afstöðu.

Hjúkrunarfræðingar lýsa jákvæðum undirtektum fundar og læknar telja að endurskoða þurfi stjórnkerfið og fjölga læknum.

Frá sveitarstjórnum/bæjarstjórnum/bæjarráðum; Neskaupstaðar, Stöðvarhrepps, Jökuldalshrepps, Breiðdalshrepps, Hofshrepps, Fáskrúðsfjarðarhrepps, Hornafjarðar, Reyðarfjarðar og Eskifjarðar kom: „fullur stuðningur", „stuðningur" eða að „tekið er undir" tillögur Stefáns Þórarinssonar. Jafnframt er lögð áhersla á að tryggja verði fjármagn til þess að tillögurnar verði framkvæmanlegar og að ný stofnun komi að hreinu borði hvað varðar eldri skuldir. Hornafjarðarbær bendir á góðan árangur þess að tengja saman heilbrigðis-, öldrunar- og félagsþjónustu og vill varðveita hann. Eskifjörður telur það öryggisatriði að áfram búi læknar á Eskifirði og á Reyðarfirði.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar vill að áður en svo róttæk tillaga verði fest í sessi verði „skipulagið" rekið sem tilraunaverkefni í tvö ár.

Bæjarstjórn Egilsstaða „telur afar brýnt að styrkja heilbrigðisþjónustu á Austurlandi stjórnunarlega, faglega og fjárhagslega þannig að hægt verði að leysa hugsanleg mönnunarvandamál innan fjórðungs" og vill að tillögur Stefáns Þórarinssonar verði skoðaðar í því samhengi en tekur ekki aðra afstöðu til þeirra. Stjórn sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar á Egilsstöðum telur einnig „afar brýnt að styrkja heilbrigðisþjónustuna á Austurlandi stjórnunarlega, faglega og fjárhagslega" en nefnir ekki fyrirliggjandi tillögur í samþykkt sinni.

Stjórn heilsugæslustöðvar Eskifjarðarlæknishéraðs getur ekki fallist á tillögur Stefáns Þórarinssonar. „Þær eru ekki í takt við tímann (breytt sveitarfélög), kostnaður við samnýtingu læknanna innan svæðis verður mjög hár, héraðslæknir tryggir ekki fasta búsetu lækna á viss svæði, og vafasamt hvort hjúkrunarfræðingar fengjust til starfa ef hjúkrunarforstjórum yrði fækkað úr tíu í fjóra." Skorar stjórnin á heilbrigðisráðuneytið að samþykkja tillögurnar ekki „að óbreyttu".

Stjórn heilsugæslustöðvarinnar á Vopnafirði telur tillögurnar óaðgengilegar fyrir Vopnafjarðarsvæðið, það muni ekki hagnast af breyttu stjórnskipulagi. Tillögurnar þurfi nánari útfærslu, lengri umsagnartíma og skynsamlegra sé að stíga smærri skref í einu.

Þegar svör þeirra sveitarstjórna sem hafa tjáð sig eru skoðuð liggur ljóst fyrir að stuðningur við skipulagstillögurnar er þar mjög afgerandi. Sveitarfélög á Austurlandi eru enn 27 en verða í sumar orðin 16 og gæti enn átt eftir að fækka. Þau sem ekki hafa sagt hug sinn um tillögurnar gætu átt það eftir a.m.k. er von á áliti frá Vopnafjarðarhreppi. Neikvæð afstaða stjórnar heilsugæslunnar á Eskifirði-Reyðarfirði stingur í stúf við jákvæð viðbrögð sveitarstjórnanna þar. Virðist einhvers misskilnings gæta í stjórninni sem e.t.v. hefði mátt eyða á kynningarfundinum á Eskifirði ef hún hefði nýtt sér hann. Stjórn heilsugæslunnar á Vopnafirði samdi álit sitt áður en héraðslæknir setti fram breytingartillögu sína um að það yrði sér-

stakur yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri fyrir Vopnafjarðarsvæðið. Héraðslæknir skýrði kjaranefnd frá skipulagstillögum sínum á fundi 24. nóvember.

Þó að héraðslæknir hafi kallað eftir athugasemdum og áliti sveitarstjórna á tillögum sínum hefur ekki verið litið á það sem jafngildi formlegs álits á samruna stofnana á Austurlandi. Geri ráðuneytið tillögur Stefáns Þórarinssonar að sínum er það skilningur a.m.k. sumra sveitarstjórnamanna að ráðuneytið verði þá að leita formlegs álits á endanlegum tillögum.

Geri ráðuneytið alvöru úr skipulagstillögunum og hrindi þeim í framkvæmd þarf að undirbúa stjórnkerfisbreytinguna sem best. Ráða þarf forstjóra í tíma og skipa stjórn til bráðabirgða. Þessir aðilar þurfa síðan ásamt héraðslækni að heimsækja allar stofnanir í fjórðungnum og funda með stjórnum þeirra. Að þessum heimsóknum loknum verður komið að því að forma Heilbrigðisþjónustu Austurlands í endanlegri mynd. Ekki má vanmeta hve þetta getur tekið langan tíma. Miklu ræður um það hvernig til tekst að þessi undirbúningur sé sem vandaðastur, fulls samráðs gætt og upplýsingar veittar þeim sem þurfa því að þetta starf mun koma róti á hugi margra starfsmanna og annarra er málið varðar. Þessi undirbúningur mun þýða tvöfaldan stjórnunarkostnað meðan á honum stendur og ýmsan aukakostnað fyrst í stað meðan breytingarnar eru að taka gildi og hin nýja stofnun að mótast.

Það þarf einnig að athuga að héraðslæknir getur ekki unnið að þessum breytingum við óbreyttar aðstæður. Þetta krefst þess að auka verður starf hans í hálft starf hið minnsta og að gera héraðslæknisstarfið að aðalstarfi.

Bréf, dags. 30. desember 1997, til Ingibjargar Pálmadóttur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá Emil Sigurjónssyni, formanni, f.h. stjórnar hjúkrunarheimilisins Sundabúðar.

Efni: Nýskipan í heilbrigðismálum á Austurlandi.

Stjórn hjúkrunarheimilisins Sundabúðar, Vopnafirði, hefur tekið til umfjöllunar tillögu Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands, um nýtt stjórnskipulag heilbrigðisþjónustu á Austurlandi.

Stjórnin telur tillögur héraðslæknis athyglisverðar og ljóst er að þær henta vel þar sem samgöngur á milli staða eru góðar. Vegna landfræðilegrar einangrunar Vopnafjarðar við önnur byggðalög á Austurlandi telur stjórnin nauðsynlegt að Vopnafjörður og Bakkafjörður verði sjálfstætt umdæmi.

Stjórnin vill að sjálfsögðu eiga áframhaldandi gott samstarf við heilbrigðisstofnanir á Austurlandi og telur rétt að skoðað verði nánara samstarf og jafnvel sameining þegar aðstæður leyfa.

Að öðru leyti tekur stjórnin undir ályktun stjórnar heilsugæslustöðvar Vopnafjarðar þar sem bent er á annmarka samstarfs heilbrigðisstofnana á Vopnafirði við aðrar heilbrigðisstofnanir í fjórðungnum vegna samgönguerfiðleika. Einnig er vísað í bréf frá 16. maí 1997 þar sem bent er á nauðsyn þess að sameina sjúkrastofnanir á Vopnafirði.

Bréf, dags. 8. janúar 1998, til Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands, frá Guðlaugi Valtýssyni, formanni stjórnar heilsugæslustöðvar Djúpavogslæknishéraðs.

Efni: Skipulagsmál heilsugæslustöðva.

Stjórn heilsugæslustöðvar Djúpavogslæknishéraðs gerir eftirfarandi athugasemdir við hugmyndir að nýju skipulagi í heilsugæslumálum á Austurlandi.

Stjórnin telur vafa á að þær breytingar sem lagðar eru til séu til þess fallnar að stuðla að öruggari læknisþjónustu í Djúpavogslæknishéraði. Þetta byggist á því að ekki er sýnt fram

á í tillögunum að hægt verði að manna lausar stöður frekar eftir breytingar, en tryggt þarf að vera að stöðugildum lækna verði fjölgað. Að öðru leyti skiptir útkoma kjaranefndar höfuðmáli.

Starfsumhverfi læknis á Djúpavogi breytist lítið (verður einn eftir sem áður) og ekki hægt að sjá að það sé áhugavert fyrir lækni t.d. frá Höfn að leysa af lengri eða skemmri tíma á Djúpavogi, ef á annað borð reynist hægt að fjölga læknum á því svæði.

Þá teljum við að æskilegra væri að reynt yrði að koma á samstarfi við heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu með afleysingar í huga en áhugi fyrir slíku samstarfi hefur komið fram. Það gæfi læknum á landsbyggðinni kost á að starfa á stórum heilsugæslustöðvum í þéttbýlinu tíma og tíma.

Við leggjum áherslu á að ekki verði hróflað við læknishéraðinu á þann hátt að því verði skipt þannig að heilsugæsluselinu á Breiðdalsvík verði þjónað frá heilsugæslustöðinni á Fáskrúðsfirði þar sem stendur til að fjölga læknum í tvo. Það er skoðun stjórnar og þeirra lækna sem hafa starfað í héraðinu undanfarið að þá yrði erfitt að halda lækni á Djúpavogi vegna fámennis (innan við 600 íbúar), og það ástand gæti skapast að á Djúpavogi kæmi læknir t.d. frá Höfn aðeins tvisvar í viku.

Meðan við höfðum fastan lækni í héraðinu var það ekki vandamál að fá afleysingamenn. Ástæða þess að læknir tók sér ekki frí eins oft og hann taldi nauðsynlegt er að þá lækkuðu laun hans. Þetta eru fyrst og fremst kjaramál og þau verður að leysa áður en farið er út í breytingar á skipulagi að okkar mati.

Nauðsyn er að gera sér grein fyrir því að launamál eru aðalástæða þess hve erfiðlega gengur að fá lækni til starfa en ekki endilega að skipulagið sé orðið 50 ára gamalt og/eða úrelt. Þokkalegt ástand var hér í héraðinu þar til kjaradeila lækna náði hápunkti fyrir u.þ.b. hálfu öðru ári.

Vegna þess að mikið var gert úr því á kynningarfundum um tillögurnar að erfitt væri fyrir stjórnendur stöðvanna að hafa samskipti við ráðuneytið út af daglegum rekstri er nauðsyn að eftirfarandi komi fram.

Stöðvarnar fá ákveðið fjármagn á ári til reksturs samkvæmt fjárlögum. Það er síðan í verkahring stjórnar að ráðstafa þessum fjármunum. Það þarf því ekki að leita til ráðuneytis með hvert smáatriði eins og þeir sem ókunnugir eru þessari starfsemi gætu hafa skilið á kynningarfundunum.

Að lokum viljum við benda á eftirfarandi. Í dag er stjórn heilsugæslustöðva skipuð á eftirfarandi hátt: Sveitarfélögin skipa þrjá menn, starfsmenn skipa einn mann og heilbrigðisráðherra skipar einn mann (skilyrt búseta í byggðarlaginu), þ.e. stjórnunin er alfarið í höndum heimamanna. Eftir fyrirhugaðar breytingar er ekki líklegt að smærri sveitarfélög hafi mikið með stjórnun stöðvanna að gera.

Við viljum að farið verði með varúð í þessum málum áður en breytingar eru gerðar svo að við stöndum ekki uppi með verra fyrirkomulag á eftir en það sem við búum við í dag.

Bréf, dags. 13. febrúar 1998, til Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands frá sveitarstjóra Búðahrepps.

Efni: Svar við tillögum um heilbrigðisstofnun Austurlands.

Á fundi hreppsnefndar Búðahrepps 11. febrúar sl. var fjallað um tillögur Stefáns Þórarinssonar um Heilbrigðisstofnun Austurlands. Á fundinum var samþykkt að senda eftirfarandi svar frá hreppsnefnd Búðahrepps:

Fáskrúðsfirðingar hafa um árabil haft sameiginlega heilsugæslustöð með Stöðfirðingum. Það samstarf hefur gengið mjög vel þótt tímabil hafi komið sem erfiðlega hefur gengið að ráða lækni til starfa í heilsugæsluumdæminu.

Helst hefur valdið vonbrigðum síðustu ár að ekki hefur fengist fjárveiting til að ráða annan lækni að stöðinni þótt henni hafi fyrir nokkru verið breytt í H-2 stöð. Einnig telja Fáskrúðsfirðingar að öryggi íbúanna á svæðinu frá Fáskrúðsfirði til Djúpavogs hefði verið betur tryggt ef stjórnendur heilbrigðismála hefðu staðfest samkomulag sem stjórnir heilsugæslustöðva á svæðinu gerðu með sér árið 1991. Þá hefði verið ráðinn annar læknir á Fáskrúðsfjörð og þrír læknar þjónað svæðinu öllu.

Komi tillögur Stefáns Þórarinssonar til framkvæmda gerbreytist staða Fáskrúðsfirðinga og Stöðfirðinga. Þeir munu verða í þeirri deild innan heilbrigðisstofnunar Austurlands sem nær yfir svæðið frá Norðfirði til Stöðvarfjarðar og jafnvel til Breiðdals. Í tillögum Stefáns er gert ráð fyrir að þrír til fjórir læknar verði á Eskifirði og einn til tveir á Fáskrúðsfirði. Þá er reiknað með að samstarf geti orðið um vaktir að hluta milli þessara staða og einnig er verkaskipting möguleg.

Vandkvæði á því samstarfi gætu helst stafað af slæmri vetrarfærð. Með bættum vegum minnka þau vandkvæði og eftir að jarðgöng verða komin milli byggðanna verða erfiðleikar í samgöngumálum vonandi flestir að baki.

Hreppsnefnd Búðarhrepps getur fallist á þessa skipan mála með þeirri breytingu að tveir læknar verði í framtíðinni búsettir á Fáskrúðsfirði.

Afstaða þessi mótast ekki síst að því að útséð virðist nú um að öflugt heilsugæsluumdæmi á Suðurfjörðum geti orðið að veruleika.

Hreppsnefnd leggur áherslu á að Heilbrigðisstofnun Austurlands verði gert kleift að tryggja Austfirðingum betri heilbrigðisþjónustu en þeir hafa áður haft. Tryggja þarf einnig að yfirbyggingu stofnunarinnar verði í hóf stillt og leiði ekki til stóraukins kostnaðar.

Er þessu hér með komið á framfæri.

Bréf, dags. 18. febrúar 1998, til sveitarstjórna á starfssvæði Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi frá Bjarna Hafþóri Guðmundssyni f.h. Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

Hjálagt er afrit bréfs heilbrigðisráðuneytisins dags. 16. febrúar 1998 og fylgigögn varðandi áform um að sameina heilbrigðisstofnanir á Austurlandi í eina, Heilbrigðisstofnun Austurlands. Eins og sveitarstjórnarmönnum ætti að vera í fersku minni byggjast þessi áform á hugmyndum héraðslæknis Austurlands, Stefáns Þórarinssonar, sem kynntar voru á sjö fundum á Austurlandi sl. haust. Á þeim óskaði Stefán eftir athugasemdum við framangreind áform og fékk viðbrögð nokkurra sveitarstjórna sem hann kom efnislega inn á í skýrslu sinni um fundina og m.a. var send öllum sveitarstjórnum á Austurlandi.

Um er að ræða athugasemdir sveitarstjórna eftirtalinna sveitarfélaga: Neskaupstaðar, Stöðvarhrepps, Jökuldalshrepps (hins forna), Breiðdalshrepps, Hofshrepps, Fáskrúðsfjarðarhrepps, Hornafjarðar, Reyðarfjarðarhrepps, Eskifjarðarkaupstaðar, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Egilsstaðabæjar. Þeim og nýlegri athugasemd frá Búðarhreppi hefur Stefán komið á framfæri við ráðuneytið og mun senda afrit á skrifstofu Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi.

Eins og fram kemur í fyrrgreindu bréfi heilbrigðisráðuneytisins ber ráðherra að hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög áður en hann gengur frá reglugerðarbreytingum um starfssvæði sjúkrastofnana eins og hér er rætt um.

Með vísan til þess að sveitarstjórnum hefur þegar gefist kostur á að gera athugsemdir við áform um að sameina allar heilbrigðisstofnanir á Austurlandi tilkynnist hér með að undirrit-

aður hefur ákveðið, að höfðu samráði við Stefán Þórarinsson, *að líta beri svo á, að bæði framangreindar og aðrar austfirskar sveitarstjórnir hafi ekki frekari athugasemdir fram að færa, hafi þær ekki borist ráðuneytinu fyrir lok febrúar 1998.*

Vinsamlega sendið Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi og Stefáni Þórarinssyni afrit þeirra athugasemda sem við kunna að bætast.

Bréf, dags. 26. febrúar 1998, til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá Þórði Skúlasyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsögn um sameiningu heilbrigðisstofnana á Austurlandi.

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 20. febrúar 1998 var tekið fyrir bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 16. febrúar 1998, þar sem óskað er eftir afstöðu sambandsins til sameiningar heilbrigðisstofnana á Austurlandi.

Stjórnin gerði svofellda bókun:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mælir með samþykkt þeirra tillagna um sameiningu heilbrigðisstofnana á Austurlandi sem liggja fyrir og að framkvæmd þeirra verði unnin í nánu samráði við sveitarstjórnir í landshlutanum."

Ólafur H. Sverrisson óskaði bókað að með samþykkt þessari væri ekki gefið fordæmi um breytingu á skipulagi heilbrigðismála á öðrum svæðum.

Ofanritað tilkynnist hér með.

Bréf, dags. 3. mars 1998, til Ingibjargar Pálmadóttur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá Vilmundi Gíslasyni sveitarstjóra í Vopnafjarðarhreppi.

Efni: Nýskipan í heilbrigðismálum á Austurlandi.

Vegna tillagna Stefáns Þórarinssonar héraðslæknis um sameiningu allra heilbrigðisstofnana á Austurlandi vill hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps taka fram eftirfarandi.

Hreppsnefndin telur tillögurnar um margt athyglisverðar og vill eiga gott samstarf við heilbrigðisstofnanir á Austurlandi. Ýmis vandkvæði eru á því að stofnanir á Vopnafirði taki þátt í þessu samstarfi og vega þar þyngst erfiðar samgöngur milli Vopnafjarðar og annarra sveitarfélaga á Austurlandi. Ekkert flug er á milli Vopnafjarðar og annarra þéttbýlisstaða á Austurlandi og hefur því öll sjúkrahússþjónusta verið sótt til Akureyrar eða Reykjavíkur. Einnig sækja einstaklingar alla sína læknisþjónustu norður eða suður fáist hún ekki á Vopnafirði. Þjónusta heilbrigðisstofnana á Vopnafirði er nú mjög góð og ekki verður séð að skipulagsbreytingar verði til þess að þjónustan verði á nokkurn hátt betri eða ódýrari nái þessar tillögur fram að ganga.

Það skal ítrekað að hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps vill eiga gott samstarf við heilbrigðisstofnanir á Austurlandi og hefur áhuga á að fylgjast með framgangi sameininga verði af þeim. Hreppsnefndin telur vel athugandi að kanna möguleika á sameiningu þegar samgöngur hafa verið bættar milli byggðarlaga og reynsla hefur komist á í samstarfi stofnana á Austurlandi. Einnig vísar hreppsnefnd til ályktana stjórnar Heilsugæslustöðvar Vopnafjarðarhrepps og hjúkrunarheimilis Sundabúðar Vopnafirði.

Bréf, dags. 27. apríl 1998, til Davíðs Á. Gunnarssonar, ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, frá Lárusi Gunnlaugssyni framkvæmdastjóra, f. h. stjórnar heilbrigðisstofnunarinnar Seyðisfirði.

Efni: Fundur í stjórn heilbrigðisstjórnarinnar á Seyðisfirði 4. febrúar 1998.

Á fundi í stjórn heilbrigðisstofnunarinnar á Seyðisfirði miðvikudaginn 4. febrúar var fjallað um skýrslu héraðslæknis Stefáns Þórarinssonar frá kynningarfundum á stjórnskipunartillögum í heilbrigðisþjónustu á Austurlandi sem hann sendi Davíð Á. Gunnarssyni ráðuneytisstjóra 21. nóvember 1997.

Gerð var svohljóðandi bókun:

Það er mat stjórnar heilbrigðisstofnunarinnar á Seyðisfirði að of mikið sé gert úr jákvæðum viðbrögðum í skýrslu héraðslæknis Stefáns Þórarinssonar um breytingar á stjórnskipulagi á heilbrigðisþjónustu í fjórðungnum og ekki komi fram sú gagnrýni sem fram hefur komið á fundum með honum og þar sé um oftúlkun hans að ræða.

Bréf, dags. 12. maí 1998, til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Ingibjargar Pálmadóttur, Davíðs Á. Gunnarssonar ráðuneytisstjóra, Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands, stjórnar Heilbrigðisstofnunar Seyðisfjarðar og framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnunar Seyðisfjarðar frá Seyðisfjarðarkaupstað.

Mánudaginn 10. nóvember 1997 kl. 16.00 kom bæjarstjórn saman í fundarsal Herðubreiðar. Allir aðalmenn mættir nema Arnbjörg, í hennar stað mætir María V. Ólafsdóttir. Fundarritari Ólafía Þ. Stefánsdóttir.

Gerðir fundarins:

Svohljóðandi tillaga lögð fyrir bæjarstjórn.

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar samþykkir að beina því til heilbrigðisyfirvalda, héraðslæknis og heilbrigðisstofnana á Austurlandi að áður en svo róttæk breyting sem tillögur héraðslæknis um nýtt stjórnskipulag heilbrigðisþjónustu á Austurlandi er fest í sessi verði „skipulagið" rekið sem reynsluverkefni viðkomandi heilbrigðisstofnana í tvö ár."

Tillagan samþykkt.

Bréf, dags. 14. maí 1998, til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Ingibjargar Pálmadóttur, Davíðs Á. Gunnarssonar ráðuneytisstjóra, Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands, stjórnar heilbrigðisstofnunar Seyðisfjarðar og framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnunar Seyðisfjarðar, frá Seyðisfjarðarkaupstað.

Mánudaginn 11. maí 1998 kom bæjarstjórn Seyðisfjarðar saman í fundarsal Félagsheimilisins Herðubreiðar kl. 16.00.

Allir aðalfulltrúar auk bæjarstjóra eru mættir utan Jónasar Hallgrímssonar í hans stað mætir Sigríður Stefánsdóttir. Fundarritari er Friðrik Aðalbergsson.

Gerðir fundarins:

Í tilefni af fundi bæjarstjóra, bæjarráðsmanna og sjúkrahússtjórnar með héraðslækni og ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytis 7. maí sl. óskar bæjarstjórn eftir því að ákvörðun um Heilbrigðisstofnun Austurlands verði frestað. Tímasetning þessarar ákvörðunar er afar óheppileg og undirbúningur ekki nægjanlega góður. Ekki liggur fyrir t.d. hvort þetta verður rekið sem tilraunaverkefni í tvö ár eins og bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur lagt áherslu á, sbr. samþykkt á fundi 10. nóvember 1997.

Óljóst er hvað þetta nýja stjórnskipulag heilbrigðisþjónustu á Austurlandi felur í sér og hvaða áhrif það hefur á rekstur sjúkrahússins á Seyðisfirði.

Nauðsynlegt er að skoða vandlega hvernig heildarhagsmunum heilbrigðisþjónustunnar í kaupstaðnum er best sinnt í framtíðinni.

Óskað er eftir frekari viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um málið.

Tillagan samþykkt.

Bréf, dags. 9. júní 1998, til heilbrigðisráðherra Ingibjargar Pálmadóttur frá Stefáni Þórarinssyni, formanni heilbrigðismálaráðs Austurlands.

Heilbrigðismálaráð Austurlands hélt árlegan fund sinn á Egilsstöðum 4. júní sl. Þar var aðalefni fundarins: Heilbrigðisstofnun Austurlands, staða málsins og næstu skref.

Talsverð umræða varð um málið og að henni lokinni var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Heilbrigðismálaráð Austurlands ályktar á fundi sínum 4. júní 1998 að það líti svo á að ef ráðherra heilbrigðismála ákveður að sameina heilbrigðisstofnanir á Austurlandi eins og tillögur héraðslæknis Austurlands gera ráð fyrir séu úrbætur í heilbrigðisþjónustu Austfirðinga innifaldar þar í og á ábyrgð ráðherra að gera hinni nýju stofnun kleift að hrinda þeim í framkvæmd."

Þessari ályktun er hér með komið á framfæri.

Bréf, dags. 31. júlí 1998, til Ingibjargar Pálmadóttur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá Jónasi A. Þ. Jónssyni, forseta bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar, f.h. bæjarstjórnarinnar.

Á fundi í heilbrigðisráðuneytinu 15. júlí sl. upplýsti ráðuneytisstjóri Davíð Á. Gunnarsson bæjarráðsmenn og bæjarstjórann á Seyðisfirði að það væri ætlun heilbrigðisráðherra, að setja reglugerð sem lögleiddi stofnun Heilbrigðisþjónustu Austurlands á næstu vikum. Í máli ráðuneytisstjórans kom fram að ætlunin væri að öll sveitarfélög á Austurlandi að Höfn undanskilinni væru aðilar að téðri stofnun. Á þessum sama fundi kom fram í máli Jóns Kristjánssonar alþingismanns að ein meginrökin fyrir breytingu á heilbrigðiskerfinu á Austurlandi hafi verið að útrýma einmenningslæknaumdæmum" og er tekið heilshugar undir að það sé brýnt. Benti Jón einnig á að sérstaða Seyðfirðinga fælist í að á Seyðisfirði er sjúkrahús og starfandi tveir læknar og að mikilvægt væri að þessi sérstaða yrði áfram tryggð.

Tilefni þessa bréfs er að tilkynna ráðuneytinu þann eindregna vilja bæjarstjórnar Seyðisfjarðar að standa utan við fyrirhugaða stofnun. Hér á eftir verða raktar helstu ástæður þessarar óskar Seyðfirðinga en jafnframt er vísað til fyrri tillagna bæjarstjórnar Seyðisfjarðar sem sendar hafa verið ráðuneytinu vegna þessa máls auk þess sem vísað er til umræddsfundar þar sem sérstakar aðstæður Seyðfirðinga voru kynntar ráðuneytismönnum:

1. Meiri hluti bæjarstjórnar hefur haft víðtækt samráð við þá aðila sem koma að málinu. Má hér t.d. nefna lækna, hjúkrunarfólk, stjórnarmenn í sjúkrahússtjórn, minni hluta bæjarstjórnar auk þingmanna kjördæmisins. Fyrir liggur að pólitísk samstaða er um málið á Seyðisfirði.
2. Á Seyðisfirði er nú veitt mjög góð þjónusta á sjúkrahúsi og heilsugæslustöð og þar hefur verið komið upp vinnukerfi sem mikil sátt ríkir um meðal starfsfólks og er eindreginn vilji starfsfólks að varlega verði farið í að hrófla við því fyrirkomulagi sem nú ríkir.
3. Bent er á að fjármagn til boðaðra breytinga hefur ekki verið tryggt á fjárlögum.
4. Engan veginn liggur fyrir að unnt verði að „manna" stöður í kjölfar þeirra breytinga sem að er stefnt. Erfiðlega hefur gengið að ráða hæft starfsfólk í heilbrigðisþjónustuna út á landsbyggðinni.

5. Miklar efasemdir eru um að forsendur og vinnubrögð héraðslæknis sem vann að undirbúningi stofnunar Heilbrigðisþjónustu Austurlands séu með nægilega vönduðum hætti en sú skoðun hefur rækilega verið kynnt ráðuneytisstjóra.
6. Algjör óvissa er hvernig til muni takast með fyrirhugaða breytingu og óvissa Seyðfirðinga mikil þar sem Seyðfirðingar hafa verið mjög sáttir við sína heilbrigðisþjónustu og vandséð að hún verði bætt með hinu boðaða fyrirkomulagi.
7. Það er eindregin skoðun allra sem að málinu koma að hægt sé að auka samstarf og samvinnu í heilbrigðismálum á Austurlandi með það að markmiði að auka þjónustu við íbúana og að hugmyndir ráðuneytisins um aukningu á stöðugildum hér austanlands séu heilbrigðismálum til góðs. En til að svo megi verða teljum við skynsamlegra að hafist verði handa við að manna þær stöður sem á að bæta við og manna þær stöður sem nú þegar vantar.

Á það er minnt að síðustu ár hefur átt sér stað veruleg fólksfækkun á Seyðisfirði. Sjúkrahúsið er mikilvægur atvinnuveitandi á staðnum. Öll skerðing á starfseminni gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir byggð á Seyðisfirði og því nauðsynlegt að fara varlega í allar breytingar.

Á sjúkrahúsinu er nú rekin ný deild og hefur sú starfsemi þótt fara vel af stað og sannað þörf sína þrátt fyrir hrakspár ýmsra. Nauðsyn er á að núverandi starfsemi verði styrkt og sú mikla fjárfesting sem sjúkrahúsið er verði nýtt sem best. Áfram er vænst góðrar samvinnu um málefni og framtíð sjúkrahússins.

Með bréfi þessu fylgir sú eindregna ósk/krafa bæjarstjórnar Seyðisfjarðar að fyrst um sinn verði Seyðisfjörður utan við Heilbrigðisþjónustu Austurlands. Komi til þess að stofnunin verði sett á laggirnar, fjármagn og starfsfólk tryggt er áhugi fyrir því að ákvörðun þessi verði endurskoðuð innan skamms tíma. Það er ósk bæjarstjórnar Seyðisfjarðar að nú þegar verði hafist handa við að auka samstarf og samvinnu í heilbrigðismálum á Austurlandi. Í framhaldi af slíku samstarfi sjáum við fyrir okkur að skoða þann möguleika að sameina heilbrigðisstofnanir á Austurlandi í eina stofnun.

Bréf, dags. 10. nóvember 1998, til Ingibjargar Pálmadóttur heilbrigðisráðherra frá Ólafi Hr. Sigurðssyni, bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Á fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar í gær mánudaginn 9. nóvember 1998 var gerð eftirfarandi samþykkt. „Bæjarstjórn Seyðisfjarðar beinir þeim tilmælum til heilbrigðisráðherra að við ráðningu á framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Austurlands verði þess gætt að hlutlaus aðili verði ráðinn til starfsins, þ.e. að hann hafi ekki áður verið tengdur störfum heilbrigðisstofnananna á Austurlandi.“

Tillagan var samþykkt einróma.

Greinargerð sem fylgdi tillögunni hljóðaði svo: „Með þessari tillögu telur bæjarstjórn Seyðisfjarðar að nýr aðili eigi betra með að skipuleggja og samhæfa starfsemi þessarar stofnunar með tilliti til faglegra sjónarmiða og án allrar togstreitu.“

Jafnframt ítreka bæjaryfirvöld við heilbrigðisráðuneytið fyrri ábendingar sínar um að á Seyðisfirði er þegar tilbúið skrifstofuhúsnæði fyrir stofnun þessa í eigu ráðuneytisins. Skrifstofuhúsnæði þetta er í gamla sjúkrahúsinu og hefur nýlega verið gert upp til að hýsa tímabundið skrifstofur sýslumannsembættisins.

Það er einlæg von okkar Seyðfirðinga að vel takist til með þessa nýju stofnun. Framtíð okkar Austfirðinga byggist meðal annars á því að vel sé staðið að heilbrigðismálum hér í fjórðungnum öllum og ég held að það sé öllum að verða ljóst að sennilegast er þessi nýja ráðstöfun, þ.e. stofnun Heilbrigðisþjónustu Austurlands, framfaraspor. Það veltur hins vegar

mikið á því að samstaða verði um stofnunina á öllum þéttbýlisstöðunum. Ég tel eftir að hafa rætt þessi mál hér við marga sem er málið skylt að þeir séu almennt sammála þeirri afstöðu sem fram kemur í framangreindri tillögu.

Farið var yfir allar umsagnir og athugasemdir sem fram komu á undirbúningsstigi. Voru þær metnar í heild og var það mat ráðuneytisins að í umsögnunum kæmi ekkert það fram sem drægi úr mikilvægi þess að sameina allar heilbrigðisstofnanir á Austurlandi. Þvert á móti telur ráðuneytið að flestar umsagnir styðji þau markmið sem ráðuneytið hefur stefnt að með sameiningunni. Jafnframt voru haldnir fundir með heimamönnum um einstök atriði sem fram komu í umsögnum eins og fram kemur í svari við 4. spurningu.

7. *Sé þarna um tilraunaverkefni að ræða, hversu lengi á það að standa og hver metur niðurstöðu af því?*

Hér er ekki um tilraunaverkefni að ræða heldur framtíðarskipan sem er í samræmi við þá stefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis að sameina í auknum mæli heilbrigðisstofnanir um land allt með það að markmiði að efla þjónustuna þannig að hún verði sem jöfnust meðal allra íbúa landsins. Jafnframt eru rekstrarverkefni færð til þessara stofnana, en þau hefði að öðrum kosti orðið að vinna í ráðuneytinu. Á nokkrum stöðum hafa hliðstæðar skipulagsbreytingar þegar gengið í gildi svo sem á Vestfjörðum og á Suðurlandi, sbr. reglugerð nr. 590/1998, um sameiningu heilbrigðisstofnana, sem birt er í svari við 2. spurningu. Víða annars staðar er undirbúningur vel á veg kominn.

8. *Hvernig verður stjórn heilbrigðisþjónustunnar á Austurlandi háttað? Hverjir hafa þegar verið tilnefndir eða skipaðir í stjórnina? Hvernig hljóðar erindisbréf væntanlegrar stjórnar?*

Heilbrigðisstofnun Austurlands starfar undir einni fimm manna stjórn sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði þann 31. desember síðastliðinn. Stjórnina skipa: Katrín Ásgrímsdóttir formaður, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og Hreinn Sigmarsson, Þóra Kristjánsdóttir og Adolf Guðmundsson, tilnefnd af sveitarstjórnum. Varamenn tilnefndir af sama aðila eru Benedikt Sigurjónsson, Guðlaugur Valtýsson og Ólafur Hr. Sigurðsson. Emil Sigurjónsson er tilnefndur af starfsmannaráði. Stjórninni hefur ekki verið sett sérstakt erindisbréf en í skipunarbréfi til stjórnarmanna segir að þeir séu skipaðir með vísan til 21. og 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

9. *Hvernig verður staðið að fjármögnun og skiptingu fjár til heilbrigðisþjónustu á Austurlandi framvegis?*

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1999 hafa ekki verið gerðar breytingar á fjármögnun heilbrigðisstofnana á Austurlandi, þ.e. rekstur þeirra er fjármagnaður með framlögum samkvæmt fjárlögum auk þess sem til koma eftir atvikum lögbundnar sértekjur, svo sem komugjöld. Framlög á fjárlögum fyrir árið 1999 eru mörkuð hverri stofnun fyrir sig og skipting fjár er því á þessu ári byggð á ákvörðun Alþingis. Í framtíðinni má gera ráð fyrir að í stað aðskilinna fjárveitinga til þeirra stofnana sem nú heyra undir Heilbrigðisstofnun Austurlands verði ein fjárveiting til hinnar nýju stofnunar. Það verði síðan í höndum stjórnar og framkvæmdastjóra stofnunarinnar að skipta fjárveitingum á milli rekstrareininga sem undir hana heyra.

10. Liggja fyrir áætlanir um fjárþörf vegna heilbrigðisþjónustu á Austurlandi til næstu ára? Ef svo er, hverjar eru meginforsendur þeirra og niðurstöður, í krónum?

Ekki liggja fyrir sérstakar áætlanir um fjárþörf vegna heilbrigðisþjónustu á Austurlandi til næstu ára. Að jafnaði liggur fjárþörf heilbrigðisstofnana hverju sinni gleggst fyrir við frágang fjárlaga á ári hverju.

11. Hver tekur ákvarðanir um úthlutun fjár til einstakra þátta heilbrigðisþjónustu á svæðinu (einstakra heilsugæsluumdæma, sjúkrahúsa, dvalarheimila o.s.frv.)?

Almennt er það svo að hver heilbrigðisstofnun fyrir sig sækir um tiltekna fjárveitingu við undirbúning fjárlagafrumvarps og á fjárlögum fyrir árið 1999 er hverri heilbrigðisstofnun á Austurlandi mörkuð tiltekin fjárveiting sem starfað mun eftir á yfirstandandi ári. Fjárveitingar á þessu ári byggjast því á forsendum og tillögum hverrar stofnunar fyrir sig og á rauntölum fyrra árs eða fyrri ára. Ef margar rekstrareiningar eru undir sama hatti tekur stjórn viðkomandi stofnunar ákvarðanir um skiptingu fjár til einstakra rekstrareininga og gert verður ráð fyrir einni fjárveitingu til Heilbrigðisstofnunar Austurlands í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000.

12. Hvaða áhrif hafa fyrirhugaðar breytingar á heilbrigðisþjónustu á svæðinu á réttarstöðu starfsfólks, starfstilhögun og kjör starfsmanna?

Ekki eru fyrirsjáanlegar breytingar á réttarstöðu starfsfólks eða kjörum starfsmanna að öðru leyti en því sem rekja má til fækkunar í yfirstjórn stofnana. Verði stofnanir sem áður hafa verið reknar af sveitarfélögum sameinaðar hinni nýju stofnun mun þurfa að semja sérstaklega um kjör starfsmanna. Hvað varðar starfstilhögun bíða ákvarðanir um breytingar á þeim þætti nýrrar stjórnar og framkvæmdastjóra en markmið með sameiningunni er m.a. að bæta starfsaðstöðu starfsmanna.

13. Hver er staða heilbrigðismálaráðs Austurlands eftir breytingarnar?

Staða heilbrigðismálaráðs Austurlands er óbreytt gagnvart lögum eftir breytingarnar, sbr. 7. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Hins vegar fækkar fulltrúum í heilbrigðismálaráði en það er m.a. skipað fulltrúum tilnefndum af stjórn hverrar heilsugæslustöðar og sjúkrahúss í viðkomandi héraði. Þær skipulagsbreytingar sem nú hafa átt sér stað á Austurlandi gefa hins vegar tilefni til að endurskoða ákvæði um heilbrigðismálaráð.

14. Hver er staða heilbrigðisþjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði í þessari nýskipan?

Hornafjörður tekur þátt í reynslusveitarfélagaverkefni á grundvelli heimildar í lögum nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög. Heilbrigðisþjónusta á svæðinu er í samræmi við það grundvölluð á sérstökum samningi milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Hornafjarðarbæjar sem öðlaðist gildi 1. janúar 1996 og gildir til 31. desember 1999. Sú nýskipan sem komið er á með Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur því engin áhrif á heilbrigðisþjónustu í Hornafirði enn sem komið er. Hins vegar mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti skoða í samvinnu við Hornfirðinga hvaða fyrirkomulag sé æskilegt í heilbrigðisþjónustu á Hornafirði til frambúðar. Niðurstaðan mun m.a. byggjast á þeirri reynslu sem fengist hefur á grundvelli framangreinds reynslusveitarfélagaverkefnis.

15. Hvaða þáttum er ólokið að mati ráðuneytisins áður en breytt skipan kemst á og hvenær er gert ráð fyrir að hún gangi í gildi?

Heilbrigðisstofnanir á Austurlandi hafa þegar verið sameinaðar. Það er hlutverk nýrrar stjórnar Heilbrigðisstofnunar Austurlands og framkvæmdastjóra stofnunarinnar ásamt starfsmönnum að taka frekari ákvarðanir um þá þjónustu sem veitt er á svæði stofnunarinnar og útfærsla á einstökum þáttum er í þeirra höndum. Með því telur ráðuneytið tryggt að fagþekking, reynsla, sjónarmið og ábyrgð heimamanna sjálfra ráði mestu og tryggi íbúum á Austurlandi jafna, stöðuga og góða heilbrigðisþjónustu hvar sem þeir eru í sveit settir.

829. Tillaga til þingsályktunar [515. mál]

um fornleifauppgröft í Skálholti.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning að uppgreftri hinna fornu bæjarhúsa á biskupssetrinu í Skálholti í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku. Skal uppgröfturinn hefjast svo fljótt sem auðið er.

Greinargerð.

Í Hungurvöku segir frá því er Ísleifur Gissurarson kom til Íslands árið 1056 eftir að hafa verið vígður biskup fyrstur íslenskra manna: „Síðan fór Ísleifur byskup þat sama sumar til Íslands og setti byskupsstól sinn í Skálaholti. Hann hafði nauð mikla á marga vegu í sínum byskupsdómi fyrir sakir óhlýðni manna.“ Eftir lát Ísleifs tók sonur hans, Gissur, við en um hann segir í Hungurvöku: „Hann hafði eigi allt land til ábúðar í Skálaholti fyrst nökkura stund byskupsdæmis síns, af því at Dalla, móðir hans, vildi búa á sínum hluta landsins, meðan hon lifði. En þá er hon var önduð ok byskup hlaut allt land, þá lagði hann þat allt til kirkju þeirar, er í Skálaholti er ok hann sjálfr hafði gera látið, þrítuga at lengd, ok vígði Pétri postula ok mörg gæði önnur lagði Gizurr byskup til þeirar kirkju bæði í löndum og lausafé ok kvað á síðan, at þar skyldi ávallt byskupsstóll vera, meðan Ísland væri byggt ok kristni má haldast.“

Biskupar sátu í Skálholti þar til Hannes biskup Finnsson féll frá árið 1796, en þá var ástand biskupssetursins orðið afar bágborið. Í Suðurlandsskjálftanum mikla árið 1784 hrundu húsin í Skálholti og bjó Hannes biskup við heldur rýran kost síðustu æviár sín. Eftir hans dag var biskupsstóllinn fluttur til Reykjavíkur og biskupsdæmin tvö sameinuð. Árið 1802 var kirkja Brynjólfs biskups rifin og mun minni kirkja byggð í staðinn. Þar með urðu þáttaskil í sögu þessa mikla höfuðbóls, en þar höfðu biskupar þá setið í tæpa sjö og hálfa öld.

Í Skálholti var höfuðkirkja biskupsdæmisins og þar sat biskup, oftast með fjölskyldu sína, þótt kaþólska kirkjan leyfði hvorki prestum né biskupum að kvænast eða halda hjákonur. Þar var skóli allt frá dögum Ísleifs biskups og því ávallt margt um skólapilta og kennara úr prestastétt. Sagt er frá a.m.k. einni konu sem kenndi í Skálholti og eitthvað hefur verið um einsetumenn og -konur undir verndarvæng biskups. Á biskupssetrinu þjónaði fjöldi karla og kvenna og þar hefur búskapur jafnan verið mikill enda mikið um gestakomur, auk þess sem heimamenn þurftu sitt. Eftir að Lútherstrú komst á eru þess dæmi að ungar stúlkur voru sendar til biskupsfrúnna til að læra hannyrðir og annað nytsamlegt enda voru margar þeirra annálaðar hannyrðakonur. Mikinn húsakost þurfti fyrir allt þetta fólk og þá starfsemi sem fram

fór í Skálholti. Til er uppmæling af Skálholtsstað sem Steingrímur Jónsson, síðar biskup, gerði árið 1784. Teikning hans sýnir kirkjuna og biskupsgarðinn eins og hann var þá. Má þar m.a. sjá undirganginn milli kirkjunnar og biskupsgarðs, skólaskálann, skóla, konrektorshús, sjúkrastofu o.fl. Mun uppmæling Steingríms eflaust koma að miklu gagni við upphaf rannsóknarinnar.

Á árunum 1954–58 fór fram mikil fornleifarannsókn í Skálholti, sem þeir Kristján Eldjárn, þáverandi þjóðminjavörður og síðar forseti Íslands, Hakon Christie fornleifafræðingur og Jón Steffensen, læknir og beinasérfræðingur, stýrðu. Rannsóknin náði aðeins til kirkjurústanna og ganganna sem fyrr eru nefnd og var þó ærið verk. Enn hafa rústir biskupsgarðsins ekki verið grafnar upp en það er gífurlega spennandi verk að kanna þennan höfuðstað Íslendinga um aldir og ekki ólíklegt að uppgröftur þar leiði í ljós margt nýtt um sögu kristnihalds í landinu, umfang biskupsstólsins og allt það sem fram fór á slíku stórbýli. Að mati flutningsmanns er verðugt verkefni í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitökunnar að kanna sögustaðinn mikla og jafnframt að nota tækifærið til að koma upp veglegu sögusafni í Skálholti, t.d. með því að byggja yfir rústirnar eftir að uppgreftri lýkur, líkt og gert var að Stöng í Þjórsárdal á sínum tíma. Þar má segja sögu staðarins í máli og myndum, tali og tónum og auðga hana með hlutum sem finnast í rústunum eða eftirlíkingum þeirra.

Uppgröftur bæjarhúsanna í Skálholti er mikið og dýrt verk sem kallar á rækilegan undirbúning og mun taka mörg ár. Líklegt má telja að fornleifafræðingar á Norðurlöndum og jafnvel víðar sýni þessu verkefni mikinn áhuga og hugsanlega verður hægt að fá styrki til verksins erlendis. Hér er því um kjörið samvinnuverkefni fleiri þjóða að ræða. Við vitum að byggð hefur verið í Skálholti frá því fyrir kristnitöku og að þar hefur verið samfelld búseta fram á þennan dag. Þar má því lesa úr jörðu margra alda sögu, allt frá víkingatímanum til þess tíma er biskupsgarðurinn var að hruni kominn.

Þegar kirkjurústirnar í Skálholti voru kannaðar komu þar upp úr jörðu ómetanlegar fornleifar, m.a. steinkista Páls biskups Jónssonar og sönnuðust þá fornar frásagnir um tilvist hennar. Ekki treystir flutningsmaður sér til að fullyrða að eitthvað sem jafnast á við kistu Páls komi upp úr rústum bæjarhúsanna, en líklegt verður að telja að margra alda byggð hafi skilið eftir margvíslegar leifar sem varpa ljósi á kirkjustarf, daglegt líf, mataræði, húsagerð, fatnað, innflutning og hvers kyns þjónustu í kringum þann fjölda fólks sem jafnan dvaldist í Skálholti.

Rannsókn á rústunum í Skálholti og uppbygging á sögusafni í kjölfar hennar er verðugt verkefni, vilji þjóðin minnast kristnitökunnar og sögu sinnar með veglegum hætti og jafnframt gefa sér og komandi kynslóðum góða gjöf.

830. Tillaga til þingsályktunar [516. mál]

um stuðning við íbúa Austur-Tímor.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir stuðningi og aðstoð við íbúa Austur-Tímor og flóttafólk þaðan. Verði aðstoðin fólgin í áframhaldandi stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Austur-Tímorbúa á alþjóðavettvangi, í aðstoð við flóttafólk og pólitíska fanga og með því að hafa til reiðu áætlun um þróunaraðstoð þegar Austur-Tímorbúar öðlast sjálfstæði sitt.

Greinargerð.

Haustið 1996 hlutu þeir Carlos Belo, biskup á Austur-Tímor, og José Ramos Horta, fyrrverandi utanríkisráðherra eyjunnar, friðarverðlaun Nóbels. Þar með urðu þáttaskil í baráttu Austur-Tímorbúa gegn harðstjórn Indónesa og margítrekuðum mannréttindabrotum þeirra, sem staðið hafa hátt í 25 ár. Athygli umheimsins beindist að þessari litlu eyju sem er í sundinu á milli Ástralíu og kryddeyjanna miklu sem nú tilheyra Indónesíu.

Austur-Tímor var áður portúgölsk nýlenda, en var í þann mund að öðlast sjálfstæði er Indónesíuher réðist á eyjuna og lagði hana undir sig. Innrásinni var mótmælt af Sameinuðu þjóðunum, en þrátt fyrir þau mótmæli hefur samfélag þjóðanna látið Indónesa komast upp með hernað, manndráp, pyntingar og margvísleg mannréttindabrot, án þess að gripið hafi verið til viðskiptaþvingana eða verulegs þrýstings af öðru tagi.

Eftir að fulltrúar Austur-Tímorbúa hlutu Nóbelsverðlaunin ræddu fjölmargir fulltrúar erlendra ríkja málefni Austur-Tímor við stjórnvöld í Indónesíu og beittu margir sér fyrir því að leiðtogi frelsishreyfingar Austur-Tímorbúa, Xanana Gusmao, sem setið hefur í fangelsi í Jakarta höfuðborg Indónesíu um nokkurra ára skeið, verði látinn laus. M.a. fékk Nelson Mandela að hitta hann er hann var á ferð í Indónesíu og sama máli gegnir um ýmsa fulltrúa Evrópusambandsins.

Þau tíðindi hafa nú gerst að Gusmao hefur verið fluttur úr dýflissunni í stofufangelsi sem auðveldar honum mjög að eiga samskipti við annað fólk og vera þátttakandi í þeirri þróun í átt til sjálfstæðis sem þegar er hafin.

Vorið 1997 heimsótti José Ramos Horta Ísland, m.a. vegna þess að Íslendingar hafa ávallt stutt tillögu um fordæmingu á innrás Indónesa meðal Sameinuðu þjóðanna. Meðan á heimsókninni stóð spáði Ramos Horta því að stjórn Suhartos, hershöfðingja í Indónesíu, félli innan fimm ára vegna sívaxandi óánægju og þess að fjölmiðlabyltingin sæi til þess að fólk fengi nú upplýsingar sem stjórnvöld hafa reynt að halda frá almenningi. Stjórn Suhartos féll innan árs frá heimsókninni. Nú situr að völdum í Indónesíu stjórn Habibes sem er nátengdur Suharto. Stjórn hans hefur heitið umbótum en þær ganga hægt. Mótmæli eru tíð og sennilega er stjórn hans aðeins til bráðabirgða, því að kosningar eiga að fara fram á næsta ári.

Frá því að spilaborg Suhartos hrundi hefur Indónesía átt í miklum efnahagserfiðleikum sem tengjast annars vegar mikilli spillingu í landinu og fjárstreymi úr landi, hins vegar samdrættinum í Austur-Asíu. Kínverjar sem héldu uppi atvinnulífinu hafa unnvörpum flúið land enda sættu þeir ofsóknum annarra landsmanna. Stjórnkerfið er í molum og herinn heldur að sér höndum enda mikill ótti við borgarastyrjöld.

Austur-Tímorbúar hafa notað tímann frá því að stjórn Suhartos féll til að koma upplýsingum til íbúa Indónesíu um aðfarir Indónesíuhers á Austur-Tímor, um stjórnarhætti hans þar og þær miklu þjáningar sem íbúarnir hafa mátt þola. Slíkar upplýsingar fékk fólk ekki áður. Vera hersins á Austur-Tímor kostar illa stætt ríki Indónesíu mikið fé. Sú von þeirra sem berjast fyrir sjálfstæði Austur-Tímor að íbúar Indónesíu mundu brátt krefjast þess að herinn yrði kallaður heim og Austur-Tímor látin róa virðist nú vera að rætast. Stjórnvöld eru þó treg til að veita fullt sjálfstæði strax, m.a. af ótta við að íbúar ýmissa annarra eyja sem tilheyra Indónesíu krefjist hins sama. Sá ótti þeirra er ekki ástæðulaus því að stjórnarhættir þeir sem Austur-Tímorbúar hafa mátt þola eru ekki einsdæmi heldur hafa t.d. íbúar Papúa Nýju Gíneu mátt þola mikið harðræði og mannréttindabrot, ásamt íbúum fleiri eyja. Austur-Tímorbúar svara rökum Indónesíustjórnar með því að þeir hafi aldrei tilheyrt Indónesíu og því sé það ekki þeirra mál hvernig Indónesar leysa sín innri vandamál. Austur-Tímorbúar eru því mjög bjartsýnir nú um að sjálfstæði sé innan seilingar og eru þegar farnir að undirbúa hvað gera skuli þegar að því kemur.

Í janúar bárust þau tíðindi að stjórn Indónesíu væri reiðubúin til að íhuga sjálfstæði Austur-Tímor, en fyrst ættu íbúarnir að fá eins konar heimastjórn meðan þeir væru að huga að framtíð sinni. Þegar Xanana Gusmao var fluttur úr fangelsinu fékk hann að ræða við fréttamenn. Hann lagði áherslu á að menn flýttu sér hægt en stefndu að sjálfstæði. Fleiri leiðtogar Austur-Tímor hafa tekið undir orð hans, því að þeir tortryggja Indónesíustjórn og vilja engu treysta fyrr en herinn er farinn, en einnig vegna þess að menn óttast að þær þúsundir Indónesa sem flutt hafa til Austur-Tímor og að þeir sem unnið hafa með Indónesum telji sig illa svikna og komið geti til innbyrðis átaka. Þar gæti reynt á múslima annars vegar og kristna hins vegar, en í Indónesíu hafa kristnir menn verið ofsóttir grimmilega að undanförnu. Íbúar Austur-Tímor eru langflestir kaþólskir og hefur kirkjan leikið stórt hlutverk á undanförnum árum við að verja fólk, veita því skjól og gagnrýna aðfarir Indónesa. Það eru tvísýnir tímar framundan, en eins og er bendir allt til þess að sjálfstæðið sé skammt undan. Þegar þessi orð eru rituð sitja fulltrúar portúgalskra og indónesískra stjórnvalda við samningaborð og hefur þegar verið samið um þjóðaratkvæðagreiðslu á Austur-Tímor. Portúgalir hafa tekið að sér að gæta hagsmuna íbúanna á Austur-Tímor, en þeir hafa stutt baráttu þeirra dyggilega um margra ára skeið.

Á Austur-Tímor er mikil fátækt enda hefur nánast allur auður landsins verið fluttur í burtu. Þess eru dæmi að herforingjar Indónesa hafa orðið vellauðugir af því að notfæra sér aðstæður svo sem möguleika á kaffirækt og olíuvinnslu. Menntun er af mjög skornum skammti á Austur-Tímor og mikið verk að vinna við að byggja upp mennta- og heilbrigðiskerfi. Þá þarf fjöldi fólks á mikilli aðstoð að halda eftir pyntingar og aðrar hörmungar sem það hefur orðið fyrir.

Möguleikanir eru margir á Austur-Tímor, m.a. eru góð fiskimið við eyjuna, en þau eru nú nýtt af flotum Japana, Suður-Kóreu og Kínverja. Það er ekki síst á sviði sjávarútvegs sem Íslendingar geta komið til aðstoðar þegar Austur-Tímor fær sjálfstæði sitt. Þangað til er brýnt að Austur-Tímorbúar njóti áfram stuðnings á alþjóðavettvangi og að þjóðir heims vaki yfir málefnum þessarar litlu þjóðar sem hefur mátt þola svo mikið harðræði. Það má m.a. gera með því að beita sér fyrir því að Xanana Gusmao verði látinn laus, en hann er almennt viðurkenndur sem mjög mikilvægur samningamaður í viðræðum sem framundan eru. Þá er mikilvægt að styðja þau samtök Austur-Tímorbúa og stuðningsmanna þeirra sem vinna hjálparstarf í þágu flóttamanna og þeirra sem eiga um sárt að binda á Austur-Tímor.

Tilgangur þessarar tillögu er að hvetja íslensk stjórnvöld til að halda vöku sinni í málefnum Austur-Tímor og fá þau til að beita sér fyrir hvers kyns stuðningi við íbúa eyjunnar sem hafa mátt þola tæplega 25 ára harðstjórn.

831. Fyrirspurn [517. mál]

til menntamálaráðherra um utanhússviðgerðir á Sjómannaskólahúsinu í Reykjavík.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver er áætlaður kostnaður við utanhússviðgerðir á Sjómannaskólahúsinu í Reykjavík?
2. Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar um framkvæmdir?
3. Hverjar er áætlanir um verklok utanhússviðgerða?

832. Fyrirspurn [518. mál]

til heilbrigðisráðherra um ofbeldi gegn gömlu fólki.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hafa heilbrigðisyfirvöld staðið fyrir könnun á umfangi og eðli ofbeldis gegn gömlu fólki þar sem makar eða skyldmenni eru gerendur?
2. Ef slík könnun hefur ekki farið fram, er fyrirhugað að gera hana?
3. Hafa einstakar heilbrigðisstofnanir, svo sem elli- eða hjúkrunarheimili, gert slíkar kannanir meðal vistmanna sinna og skjólstæðinga?
4. Hafa ráðuneytinu borist upplýsingar um ofbeldi gegn gömlu fólki, í heimahúsum eða á stofnunum, eða kærur vegna þess á undanförnum fimm árum?

833. Tillaga til þingsályktunar [519. mál]

um flutning á starfsemi Vegagerðarinnar til Borgarness.

Flm.: Magnús Stefánsson, Þorvaldur T. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hefja undirbúning að flutningi á starfsemi aðalstöðva Vegagerðarinnar frá Reykjavík til Borgarness.

Greinargerð.

Mestur hluti opinberrar þjónustu og opinberra stofnana er staðsettur á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að um langt skeið hafi flest stjórnmálasamtök haft þá stefnu að auka starfsemi hins opinbera á landsbyggðinni. Þrátt fyrir miklar umræður mörg undanfarin ár hefur of lítið gerst í þessum efnum þótt nefna megi dæmi um slíkt. Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa Landmælingar Íslands verið fluttar frá Reykjavík til Akraness, unnið er að undirbúningi flutnings Lánasjóðs landbúnaðarins frá Reykjavík til Selfoss, Framleiðnisjóður landbúnaðarins mun verða í Borgarnesi í stað Reykjavíkur, hluti af starfsemi Íbúðalánasjóðs hefur verið færður frá Reykjavík til Sauðárkróks og þróunarsvið Byggðastofnunar hefur verið fært frá Reykjavík til Sauðárkróks. Auk þessa má nefna að Byggðastofnun hefur leitast við að auka starfsemi tengda stofnuninni úti á landsbyggðinni í samstarfi við heimamenn á hverju svæði.

Mikil fjölgun hefur orðið á störfum hjá hinu opinbera á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum en á sama tíma hefur landsbyggðin nánast verið sett hjá í þessum efnum. Langmest af nýrri opinberri starfsemi hefur verið staðsett á höfuðborgarsvæðinu þótt finna megi undantekningar frá því, svo sem þegar Verðlagsstofa skiptaverðs var stofnuð og staðsett á Akureyri. Ljóst er að sú ógnvænlega þróun sem verið hefur varðandi búsetu í landinu kallar á aðgerðir og stjórnvöld verða að beita sér mun meira fyrir því að auka hlut landsbyggðarinnar í opinberri starfsemi.

Árið 1992 skipaði Davíð Oddsson forsætisráðherra nefnd til að vinna tillögur um flutning stofnana frá höfuðborgarsvæðinu á landsbyggðina. Nefndin skilaði niðurstöðu um mitt ár 1993 og lagði fram tillögur um flutning nokkurra stofnana. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hafa aðstæður í þjóðfélaginu um margt breyst. Ein af tillögum nefndarinnar var að flytja

starfsemi Vegagerðarinnar frá Reykjavík til Borgarness. Í röksemdum fyrir því kemur m.a. fram að vel fari á að Vegagerðinni sé valið aðsetur þar sem krossgötur eru á helstu umferðaræðum landsins og að heimkynni séu ekki í mikilli fjarlægð frá Reykjavík þar sem æðstu stjórnvöld eru staðsett. Hringvegurinn liggur um bæinn og með tilkomu Hvalfjarðarganga er akstursvegalengd frá Reykjavík til Borgarness nú um 70 km. Þessu til viðbótar hefur bylting í fjarskipta- og upplýsingatækni gert fjarlægðir að engu.

Vegagerðin rekur nú umdæmisstöð í Borgarnesi. Hugmyndir hafa verið uppi um að færa þá starfsemi til í bænum og er heimild til þess í fjárlögum fyrir árið 1999. M.a. af því tilefni verður að teljast rökrétt að hrinda tillögu nefndar forsætisráðherra frá 1993 í framkvæmd. Í áliti nefndarinnar kemur fram sú skoðun að til athugunar komi að flytja starfsemi Vegagerðarinnar í áföngum til Borgarness ef einstakar deildir hennar eru taldar það sjálfstæðar að því verði komið við og eins verði að gera ráð fyrir þeim umþóttunartíma sem full hagkvæmni krefst í þessum efnum.

Ljóst er að flutningur á opinberri starfsemi eins og hér um ræðir varðar mjög hagsmuni starfsmanna stofnunarinnar. Því er lykilatriði að gott samstarf sé um málið við starfsmenn og að þeir taki fullan þátt í undirbúningi þess. Miðað við þá reynslu sem fengist hefur af flutningi opinberrar starfsemi milli staða er þetta mikilvægt því eðlilegt er að slíkar tillögur kalli fram neikvæð viðbrögð starfsmanna. Hagsmunir þeirra eru miklir og því verður að leiða málið til lykta á jákvæðan hátt í samstarfi við þá.

Flutningsmenn tillögu þessarar telja að starfsemi Vegagerðarinnar væri vel staðsett í Borgarnesi og að með flutningi stofnunarinnar þangað mætti skjóta styrkari stoðum undir atvinnustarfsemi og búsetu í sveitarfélaginu. Það hefði jákvæð áhrif á byggð í Borgarfjarðarhéraði og raunar á Vesturlandi öllu.

834. Frumvarp til laga [520. mál]

um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.

b. Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur samkvæmt staðli sem læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins semur á grundvelli afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. Staðallinn skal staðfestur af tryggingaráði og birtur í reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur. Tryggingayfirlækni er heimilt að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu áður en til örorkumats kemur, sbr. 8. gr. laga um félagslega aðstoð.

Tryggingastofnun er heimilt að semja um kostnað sjúkratrygginga vegna mats á möguleikum til endurhæfingar.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins gefur út örorkuskírteini til þeirra sem metnir eru a.m.k. 75% öryrkjar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. apríl 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. laga þessara gilda um þá einstaklinga sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið kveður á um breytingar á forsendum mats við ákvörðun á örorku, sbr. 1. gr., þannig að mat byggist á læknisfræðilegum staðli og allir sem metnir eru 75% öryrkjar njóti tiltekinna réttinda, Jafnframt er gert ráð fyrir að aukin áhersla verði lögð á endurhæfingu sem forsendu fyrir örorkumati.

Ákvæði almannatryggingalaga um ákvörðun örorkulífeyris hafa ekki fylgt þeim þjóðfélagslegu breytingum sem orðið hafa frá því að lögin voru sett og tekjutenging bóta og tenging ýmissa réttinda við örorkuskírteini Tryggingastofnunar ríkisins hafa m.a. breytt forsendum örorkumatsins. Örorkuskírteinið, sem upphaflega var staðfesting á rétti til lífeyris, tryggir öryrkjum nú lægri greiðslu fyrir læknisþjónustu, lyf og sjúkra-, iðju- og talþjálfun með aukinni niðurgreiðslu af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins. Auk þess hafa aðrir aðilar fellt niður eða lækkað gjald fyrir þjónustu gegn framvísun örorkuskírteinisins. Öryrkjar, sem haldnir eru erfiðum sjúkdómum eða eru mikið fatlaðir, þurfa sumir hverjir að fara oft til læknis eða í þjálfun og nota mikið af lyfjum en þessu getur öllu fylgt mikill kostnaður. Tryggingastofnun ríkisins kemur að miklu leyti til móts við kostnaðinn með útgáfu örorkuskírteinis. Þeir sem þrátt fyrir erfiða sjúkdóma eða fötlun eru færir um að stunda vinnu fá hins vegar ekki örorkuskírteini. Í þessu felst ójafnræði og telja verður að slíkt fyrirkomulag sé vinnuletjandi.

Þeir sem hafa verið örorkulífeyrisþegar í mörg ár og býðst vinna missa örorkulífeyrinn ef tekjur fara yfir ákveðið mark. Við næsta endurmat á örorku er jafnframt hugsanlegt að þeir missi örorkuskírteinið, þ.e. örorka er þá metin 65%, 50% eða jafnvel minni en 50% án þess að sjúkdómsástand eða fötlun hafi nokkuð batnað. Þetta getur haft í för með sér verulega aukinn kostnað vegna læknisþjónustu, lyfja og þjálfunar. Þau störf sem öryrkjum bjóðast eru yfirleitt lágt launuð. Það er hins vegar sorglegt að einstaklingur sem vill komast út í lífið og nýta krafta sína til að auka tekjurnar getur lækkað í tekjum vegna tekjutenginga, auk þess sem viðkomandi missir þau hlunnindi sem örorkuskírteinið veitir.

Sem raunverulegt dæmi má nefna einhleyping sem fékk greiddan örorkulífeyri. Þegar hann fór að vinna og fékk 50.000 kr. á mánuði í launatekjur var örorkumat hans hjá Tryggingastofnun lækkað úr 75% í 65%.

Mánaðartekjur hans voru eftirfarandi:

Fyrir breytingu, kr.:		**Eftir breytingu, kr.:**	
Örorkulífeyrir	14.541	Örorkustyrkur	10.906
Tekjutrygging	27.503	Tekjutrygging	0
Heimilisuppbót	12.792	Heimilisuppbót	0
Sérstök heimilisuppbót	6.257	Sérstök heimilisuppbót	0
Launatekjur	0	Launatekjur	50.000
Samtals	*61.093*	*Samtals*	*60.906*

Í þessu dæmi eru einungis raktar breytingar á tekjum viðkomandi, en ekki önnur fjárhagsleg áhrif þess að missa örorkuskírteinið (m.a. vegna minnkaðrar niðurgreiðslu Tryggingastofnunar á sjúkrakostnaði).

Tilgangur breytinga á grundvelli örorkumats er að falla frá beinni tekjuviðmiðun þannig að örorkumatið byggist alfarið á læknisfræðilegum forsendum. Með því munu þeir sem læknisfræðilega eru öryrkjar á háu stigi fá örorkuskírteini og þau réttindi sem því fylgja, óháð því hvort þeir eru svo heppnir að geta unnið fyrir sér að hluta eða ekki. Lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar mun hins vegar fylgjast með tekjum þeirra og greiða örorkubætur í samræmi við þær.

Örorkulífeyrir á að vera trygging fyrir framfærslu ef heilsan brestur en ekki almennur framfærslulífeyrir. Örorkumatið á að vera læknisfræðilegt. Ekki á að meta örorku vegna félagslegra aðstæðna sem slíkra, aðeins ef þær hafa sjúkdóm í för með sér, t.d. þunglyndi. Almannatryggingalögunum hefur nýlega verið breytt í þessa veru í Svíþjóð og Noregi.

Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna skilgreinir örorku (impairment) sem sérhvert frávik í sálrænu, líkamlegu eða líffræðilegu ástandi eða starfsemi. Bókin *Guides to the evaluation of permanent impairment*, sem gefin er út af bandarísku læknasamtökunum (American Medical Association), er oft notuð sem viðmið þegar metin er örorka. Þar er örorka (impairment) skilgreind sem frávik frá eðlilegu ástandi í líkamshluta eða líffærakerfi og varanleg örorka sem ástand sem hafi verið óbreytt það lengi að hámarksbata vefja sé náð og að ekki séu líkur á frekari bata þrátt fyrir meðferð. Miðað er við ástand sem hamlar athöfnum daglegs lífs, svo sem eigin umhirðu, að nærast, matreiða, tjá sig, standa, ganga eða sitja, annast heimili sitt og fjármál sín, ferðast, vinna fyrir sér og stunda félagsstörf og áhugamál. Í ritinu er örorka skoðuð sem læknisfræðilegt viðfangsefni.

Ef af þessari lagabreytingu verður mun Tryggingastofnun ríkisins útbúa mælikvarða fyrir örorkumat með hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og reynslu hérlendis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um breytingar er varða forsendur fyrir ákvörðun örorkulífeyris. Megintilgangur með breytingunum er að falla frá beinni tekjuviðmiðun þannig að örorkumatið byggist alfarið á læknisfræðilegum forsendum. Þessi breyting er í samræmi við breytingar sem nýlega hafa verið gerðar á almannatryggingalöggjöf í Svíþjóð og Noregi. Með því munu þeir sem læknisfræðilega teljast öryrkjar á háu stigi fá örorkuskírteini og þau réttindi sem því fylgja, óháð því hvort þeir stunda vinnu eða ekki. Örorkuskírteinið tryggir öryrkjum m.a. lægri greiðslu fyrir læknisþjónustu, lyf og sjúkra-, iðju- og talþjálfun.

Gert er ráð fyrir að læknadeild Tryggingastofnunar ríksins semji á grundvelli afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar staðal sem staðfestur er af tryggingaráði og birtur í reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur. Þannig verður saminn opinber og ítarlega kynntur mælikvarði fyrir örorkumat með hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og reynslu hér á landi. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um forsendur þessarar breytingar í almennum athugasemdum.

Þá er gert ráð fyrir að tryggingayfirlækni sé heimilt að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir endurhæfingu áður en til örorkumats kemur. Sérfræðingar Tryggingastofnunar ríkisins telja að framboð á starfrænni endurhæfingu, þ.e. endurhæfingu sem tekur mið af því að auka færni til vinnu, sé ófullnægjandi hér á landi og að þeirri starfrænu endurhæfingu sem í boði er sé beitt of seint eða ekki fyrr en viðkomandi einstaklingur hefur verið viðurkenndur öryrki. Eigi starfræn endurhæfing að skila tilætluðum árangri þarf að mati sérfræðinga að

grípa til hennar sem fyrst eftir að viðkomandi verður óvinnufær. Sú staða gæti komið upp að tryggingayfirlæknir telji nauðsynlegt að einstaklingur sem orðið hefur fyrir sjúkdómi eða slysi gangist eins fljótt og mögulegt er undir mat á möguleikum til endurhæfingar. Því kann að vera nauðsynlegt að grípa til þessa úrræðis áður en til þess kemur að sótt sé um örorkubætur.

Með þessari breytingu er skapaður grundvöllur fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins komi á fót matsteymi sem hægt sé að vísa þeim til sem verið hefur óvinnufær í tvo til þrjá mánuði, þannig að unnt verði að meta möguleika á endurhæfingu. Til þess að ákvæðið nái tilgangi sínum verður jafnframt að tryggja framboð á endurhæfingu, t.d. þannig að Tryggingastofnun geri þjónustusamninga við endurhæfingarstofnanir um endurhæfingu á forsendum sérfræðinga stofnunarinnar. Tryggingastofnun semur um kostnað sjúkratrygginga sem af þessu hlýst.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 15. apríl nk. enda þarfnast reglur um breyttar forsendur örorkumats verulegs undirbúnings og kynningar af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er talið að kveða á um það í ákvæði til bráðabirgða að nýjar reglur um forsendur örorkumats hafi einungis áhrif gagnvart þeim sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku laganna. Hafi forsendur upphaflegs örorkumats ekki breyst þegar til endurmats kemur skal örorkumat ekki breytast á grundvelli nýs staðals. Ekki er talið eðlilegt að breytingarnar öðlist fyrirvaralaust gildi hvað þá varðar sem þegar hafa verið metnir á grundvelli þeirra reglna sem gilt hafa hingað til.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á skilgreiningu á örorku og er réttur til örorku skilgreindur án tillits til hæfni til að afla tekna. Með breytingunni munu þeir öryrkjar sem afla sér tekna og hafa hingað til lækkað í örorkumati halda óbreyttum kjörum hjá sjúkratryggingum. Frumvarpið mun þannig hafa þau áhrif að lyfja-, læknis- og þjálfunarkostnaður sjúkratrygginga mun aukast. Á móti kemur að vægi félagslegra og fjárhagslegra aðstæðna minnkar við mat á örorku og við það fjölgar þeim minna sem fá greiddan örorkulífeyri. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar í almannatryggingakerfinu um það hve marga breytingin snertir. Er það mat Tryggingastofnunar ríkisins að kostnaðarauki sjúkratryggingadeildar vegi upp á móti minni útgjöldum lífeyristrygginga þegar frá líður og nettó áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði því hverfandi. Kostnaður hlýst af því að Tryggingastofnun verður heimilt að semja um þóknun til þeirra sem annast mat á möguleikum til endurhæfingar og má áætla hann 5–10 m.kr. á ári. Tryggingastofnun mun einnig semja við endurhæfingarstofnanir um endurhæfingu til að auka starfshæfni og koma í veg fyrir varanlega örorku og er kostnaðurinn áætlaður um 30–40 m.kr. á ári í sjúkratryggingum. Áætlað er að sá kostnaður sparist á nokkrum árum.

Alls mun frumvarpið hafa um 35–50 m.kr. kostnaðarauka í för með sér fyrstu árin og um 10–20 m.kr. á ári eftir það. Kostnaðurinn verður þó eitthvað meiri í upphafi vegna aukinna útgjalda í sjúkratryggingum þar sem fleiri öryrkjar munu njóta afsláttarkjara í lyfja-, læknis- og þjálfunarkostnaði.

835. Frumvarp til laga [521. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Í stað 7. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 7. gr.–7. gr. b, svohljóðandi:

a. (7. gr.)

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt lögum þessum leggur sjálfstæð og óháð nefnd, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurð á málið.

Ráðherra skipar nefndarmenn og varamenn þeirra til sex ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrír menn. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Varaformaður nefndarinnar og varamaður hans skulu vera læknar.

Heimilt er að endurskipa nefndarmenn.

b. (7. gr. a.)

Kæra til úrskurðarnefndar almannatrygginga skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Á skrifstofu Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar skulu liggja frammi eyðublöð í þessu skyni og skulu starfsmenn stofnunarinnar veita nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra.

Tryggingastofnun ríkisins skal láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á að afla frá stofnuninni.

Nefndinni skal heimilt að ráða sér starfsmenn til undirbúnings úrlausnum mála og til almennra skrifstofustarfa eftir nánari ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn ef hún telur þörf á. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

Nefndarmönnum, starfsmönnum og ráðgjöfum nefndarinnar er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni berst mál.

Formaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls.

Um málsmeðferð nefndarinnar fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

c. (7. gr. b.)

Úrskurðarnefnd almannatrygginga er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Að kröfu tryggingaráðs getur nefndin ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að tryggingaráð beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestunarúrskurði og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga frestsins. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem til meðferðar eru hjá nefndinni, þar til dómur gengur.

Nefndin skal birta helstu úrskurði sína með aðgengilegum og skipulegum hætti. Úrskurðirnir skulu birtir án nafna, kennitalna eða annarra persónugreinanlegra auðkenna.

Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna. Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

2. málsl. 3. mgr. 9. gr. a laganna orðast svo: Um málskot fer skv. 7. gr.–7. gr. b.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og hafa verið búsettir hér á landi, sbr. I. kafla A, a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur árlegur ellilífeyrir, 181.476 kr., greiðist þeim einstaklingum sem hafa verið búsettir hér á landi, sbr. I. kafla A, a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. mgr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við búsetutímann.

b. 3. mgr. orðast svo:

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að miða lífeyri beggja við búsetutíma þess sem á lengri réttindatíma, sbr. síðasta málslið 2. mgr. Þá er og heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. málsl. og a-liður 1. mgr. orðast svo: Rétt til örorkulífeyris eiga þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi, sbr. I. kafla A, eru á aldrinum 16 til 67 ára og:

a. hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér búsetu.

b. Í stað orðsins „lögheimilistíma“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: búsetutíma.

6. gr.

Í stað orðanna „átt hér lögheimili“ 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: búið hér á landi.

7. gr.

3. og 4. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Að jafnaði skal móðir hafa búsetu hér á landi, sbr. I. kafla A, við fæðingu barns og hafa búið hér á landi síðustu 12 mánuðina fyrir fæðinguna. Nánar skal kveðið á um búsetuskilyrði í reglugerð.

8. gr.

1. og 2. málsl. a-liðar 16. gr. laganna orðast svo: Foreldrar, sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi, eiga rétt á fæðingardagpeningum samkvæmt grein þessari, enda hafi þeir að jafnaði haft búsetu hér á landi, sbr. I. kafla A, síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna og séu búsettir hér á landi við fæðingu barnsins. Nánar skal kveðið á um búsetuskilyrði í reglugerð.

9. gr.

3. mgr. 16. gr. a laganna orðast svo:

Faðir í fæðingarorlofi á rétt á greiðslu fæðingarstyrks í hlutfalli við lengd orlofsins og að uppfylltum skilyrðum um búsetu, sbr. 1. mgr. 15. gr. Þá á hann rétt á hlutfallslegri greiðslu fæðingardagpeninga í samræmi við búsetuskilyrði í a-lið 16. gr. og ákvæði d-liðar 16. gr.

10. gr.

2. málsl. 2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo: Heimilt er þó að greiða bætur samkvæmt nánari reglum sem tryggingaráð setur, þótt liðið sé ár frá því að slys bar að höndum, ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

11. gr.

1. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að veita undanþágu frá slysatryggingu skv. a-lið 1. mgr. eftir nánari reglum er tryggingaráð setur ef hlutaðeigandi er sannanlega tryggður samkvæmt erlendri slysatryggingalöggjöf.

12. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Tryggingaráð setur reglur um endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti fyrir sjúkrahjálp sem sérstakir samningar sjúkratrygginga samkvæmt framansögðu ná ekki yfir.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sá sem verið hefur búsettur hér á landi í sex mánuði, sbr. I. kafla A, telst sjúkratryggður, nema annað leiði af milliríkjasamningum.
b. Í stað orðsins „lögheimilisskilyrði“ í 4. mgr. kemur: búsetuskilyrði.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 33. gr. laganna:

a. F-liður 1. mgr. orðast svo: Að greiða kostnað vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem

komi í stað sjúkrahúsvistar. Tryggingaráð setur reglur um greiðslu kostnaðar samkvæmt þessum staflið.

b. 2. mgr. fellur brott.

15. gr.

2. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Tryggingaráð skal setja reglur um að hvaða marki Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að endurgreiða manni kostnað, vegna veikinda eða slyss erlendis, sem hann fengi ella ekki endurgreiddan frá stofnuninni.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Heimilt er þó að víkja frá þessum tímamörkum samkvæmt reglum er tryggingaráð setur.

b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslu slíkra dagpeninga.

17. gr.

2. málsl. 1. mgr. 64. gr. laganna orðast svo: Í slíkum samningum má m.a. kveða svo á að búsetutímabil, atvinnutímabil eða tryggingatímabil í öðru samningsríki skuli talin jafngilda búsetutíma á Íslandi, hvort sem um er að ræða íslenska þegna eða þegna annarra samningsríkja.

II. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eiga lögheimili“ 1. málsl. 1. mgr. kemur: eru búsett.

b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Heimilt er að greiða maka einstaklings sem sætir gæsluvist eða afplánar fangelsi mæðra- eða feðralaun samkvæmt reglum er tryggingaráð setur, enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

19. gr.

9.–12. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 13. gr. barnalaga eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa uppi á því og er þá heimilt að greiða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám, í samræmi við þessa málsgrein, eftir reglum er tryggingaráð setur. Tryggingastofnun getur krafist framlagningar skattframtala með umsóknum um barnalífeyri. Heimilt er að greiða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám, samkvæmt reglum er tryggingaráð setur, ef ljóst er að ungmenninu er ókleift að innheimta greiðslur samkvæmt úrskurði á grundvelli 1. mgr. 13. gr. barnalaga. Í reglum sem tryggingaráð setur um rétt til barnalífeyris samkvæmt framansögðu er heimilt að líta til efnahags barns og annarra tekna sem það hefur.

20. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að hækka umönnunargreiðslur um allt að 25% eftir reglum sem tryggingaráð setur.

21. gr.

Orðin „á lögheimili hér á landi og“ í 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

22. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga um almannatryggingar gilda um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á, m.a. um kærurétt til úrskurðarnefndar almannatrygginga og um hækkun bóta.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í fyrsta skipti er skipað verður í úrskurðarnefnd almannatrygginga skal formaður skipaður til sex ára, varaformaður til fjögurra ára og þriðji nefndarmaðurinn til tveggja ára. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almannatryggingalöggjöf þarf eðli málsins samkvæmt að taka breytingum í samræmi við þjóðfélagsbreytingar og jafnframt þarf að tryggja að hún sé hverju sinni í fullu samræmi við aðra löggjöf, svo sem varðandi meðferð mála innan stjórnsýslunnar.

Með stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, voru lögfestar reglur um það hvernig stjórnvöld eigi að standa að ákvörðunum og úrskurðum um réttindi og skyldur hins almenna borgara. Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð til að færa stjórnkerfi Tryggingastofnunar ríkisins nær nútímaviðhorfum stjórnsýsluréttar. Breytingarnar eru í raun eingöngu stjórnkerfisbreytingar og breyta því ekki efnislegum rétti einstaklinga. Eiga breytingarnar að auka réttaröryggi viðskiptavina Tryggingastofnunar ríkisins, sem kæra vilja ákvarðanir í málum sínum, og að gera fjárhagslega yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins virkari en nú er.

Samkvæmt almannatryggingalögum hefur tryggingaráð aðallega tvenns konar hlutverk. Annars vegar hefur ráðið ákveðna stjórn og eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Hins vegar er ráðið úrskurðaraðili í deilumálum sem upp koma varðandi ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót sérstök úrskurðarnefnd almannatrygginga er úrskurði um réttindi einstaklinga í málum þar sem deilt er um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tryggingaráð hafi nú eingöngu á hendi stjórn og eftirlit með Tryggingastofnun ríkisins eins og nánar er mælt fyrir um í lögum um almannatryggingar.

Í frumvarpinu er orðinu lögheimili á ýmsum stöðum í lögunum breytt í búsetu í samræmi við lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum. Þá er ákvæðum í lögunum þar sem tryggingaráð skal veita undanþágu eða skera úr um hvort heimilt sé að greiða bætur breytt á þann veg að tryggingaráð skuli setja reglur samkvæmt ákvæðunum.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpi þessu eru:

1. Stofnuð verður sérstök úrskurðarnefnd almannatrygginga sem tekur við því hlutverki tryggingaráðs að úrskurða um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt almannatryggingalögum og lögum um félagslega aðstoð.

2. Ákvæðum um að tryggingaráð veiti undanþágur eða skeri úr um greiðslu bóta er breytt þannig að tryggingaráð skuli setja reglur samkvæmt ákvæðunum.
3. Orðinu lögheimili á ýmsum stöðum í lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð er breytt í búsetu í samræmi við breytingar sem taka gildi 1. júlí 1999.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna eru felldar brott þar sem ekki er talin þörf á að telja upp þau atriði sem leita skal samþykkis tryggingaráðs á. Er hér verið að breyta til samræmis við breytingar sem orðið hafa á framkvæmd hjá tryggingaráði og Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að í 7. gr. laganna verði ákvæði um sjálfstæða og óháða úrskurðarnefnd sem hafi það eina hlutverk að úrskurða um ágreining um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta. Víða hafa verið settar upp sérstakar úrskurðarnefndir af þessum toga í stjórnsýslukerfinu. Má þar t.d. nefna úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga, úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála og úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Þar sem fjöldi þeirra mála sem tryggingaráð úrskurðar í árlega hefur verið hátt á fjórða hundrað, þykir full ástæða til að sérstök nefnd hafi þetta hlutverk á sviði almannatrygginga. Til samanburðar skal þess getið að á sl. ári úrskurðaði úrskurðarnefnd um upplýsingamál í 36 málum.

Lagt er til að í nefndinni sitji lögfræðingur, er uppfyllir það skilyrði að vera embættisgengur sem héraðsdómari, og læknir, en mjög oft reynir á sérfræðisvið þessi við úrskurð mála um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta. Í ákvæði til bráðabirgða er mælt svo fyrir að þegar nefndin verður skipuð í fyrsta skipti skuli formaður skipaður til sex ára, varaformaður til fjögurra ára og þriðji nefndarmaðurinn til tveggja ára. Eftir það er ætlunin að nefndarmenn verði skipaðir til sex ára. Með því að tryggja hægfara breytingar á skipan nefndarinnar er ætlunin að þekking og reynsla hverfi ekki úr nefndinni eins og hætta er á að geti gerst þegar nefnd er í heild skipuð á sex ára fresti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í 7. gr. a í lögunum verði ákvæði um málsmeðferð nefndarinnar. Ákvæðin eru nokkuð ítarlegri en núgildandi ákvæði um tryggingaráð. Þar er ein meginbreytingin að kæra til úrskurðarnefndar skal vera skrifleg. Einnig skulu eyðublöð liggja á skrifstofum Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar og skulu starfsmenn stofnunarinnar veita alla nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra.

Að lokum gerir frumvarpið ráð fyrir að í 7. gr. b verði heimild fyrir tryggingaráð til þess að óska eftir frestun á réttaráhrifum. Svipað ákvæði er að finna í lögum um úrskurðarnefnd um upplýsingamál, svo og í lögum um yfirskattanefnd. Telji tryggingaráð að úrskurður úrskurðarnefndar, sem hafi í för með sér verulegar breytingar á fyrri framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins, sé augljóslega andstæður lögum getur ráðið óskað eftir því að nefndin fresti réttaráhrifum úrskurðarins. Verði nefndin við því verður framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins óbreytt allt þar til dómur liggur fyrir. Þá kemur í ljós hvort breyta þarf framkvæmdinni allt eftir því hvort úrskurði úrskurðarnefndar hefur verið hnekkt eða ekki.

Um 3. gr.

Ákvæði 9. gr. a taka gildi 1. júlí 1999 samkvæmt lögum nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993. Miðað er við að frumvarpið öðlist gildi á sama tíma.

Um 4. gr.

Um a-lið:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laganna verði efnislega óbreytt en tilvísun í lögheimili felld brott og orðin búsettur og búsetutími notuð í staðinn og vísað í I. kafla A, sbr. lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Um b-lið:

Í 3. mgr. 11. gr. laganna er orðinu lögheimilistíma breytt í búsetutíma í samræmi við I. kafla A, sbr. lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Um 5. gr.

Um a-lið:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði 1. málsl. og a-liðar 1. mgr. 12. gr. verði efnislega óbreytt en tilvísun í lögheimili og lögheimilislög felld brott og orðin búsettur og búseta notuð í staðinn og vísað í I. kafla A, sbr. lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Um b-lið:

Í 2. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna er orðinu lögheimilistíma breytt í búsetutíma í samræmi við I. kafla A, sbr. lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Um 6. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna er tilvísun í lögheimili breytt í búsetu í samræmi við I. kafla A, sbr. lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Um 7. gr.

Í 3. og 4. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna er orðunum lögheimili og lögheimilisskilyrði breytt í orðin búseta og búsetuskilyrði og vísað til I. kafla A, sbr. lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Um 8. gr.

Í 1. og 2. málsl. a-liðar 16. gr. laganna er orðunum lögheimili og lögheimilisskilyrði breytt í orðin búseta og búsetuskilyrði og vísað til I. kafla A, sbr. lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Um 9. gr.

Í 3. mgr. 16. gr. a laganna er gert ráð fyrir að faðir þurfi að uppfylla skilyrði um búsetu hér á landi eins og móðir.

Um 10. gr.

Í 2. málsl. 2. mgr. 23. gr. laganna er gert ráð fyrir að tryggingaráð setji reglur um þau tilvik þar sem bætur eru greiddar þó að lengri tími sé liðinn en ár frá því að slys bar að höndum. Er breyting þessi í samræmi við breytt hlutverk tryggingaráðs samkvæmt frumvarpinu.

Um 11. gr.

Í 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna er gert ráð fyrir að tryggingaráð setji reglur um þau tilvik þar sem veita skal undanþágu frá slysatryggingu ef hlutaðeigandi er sannanlega tryggður samkvæmt erlendri slysatryggingalöggjöf. Er breyting þessi í samræmi við breytt hlutverk tryggingaráðs samkvæmt frumvarpinu.

2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna er felldur brott með lögum nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, en þau lög taka gildi 1. júlí 1999, þ.e. á sama tíma og frumvarpið, verði það að lögum.

Um 12. gr.

Í 2. mgr. 27. gr. laganna er gert ráð fyrir að tryggingaráð setji reglur um endurgreiðslu vegna sjúkrahjálpar ef sérstakir samningar sjúkratrygginga ná ekki til tilviksins. Er breyting þessi í samræmi við breytt hlutverk tryggingaráðs samkvæmt frumvarpinu.

Um 13. gr.

Um a-lið:

Í 1. málsl. 1. mgr. 32. gr. laganna eru felld út orðin lögheimili og tilvísun í lög nr. 21/1990 og 73/1952.

Einnig er vísað til I. kafla A, sbr. lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar. Að öðru leyti eru ákvæði 1. mgr. 32. gr. óbreytt.

Um b-lið:

Orðinu lögheimilisskilyrði í 4. mgr. 32. gr. laganna er breytt í frumvarpinu í búsetuskilyrði í samræmi við lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Um 14. gr.

Í f-lið 1. mgr. 33. gr. laganna er kveðið á um að kostnaður skuli greiddur samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs. Lagt er til að tryggingaráð setji reglur um greiðslu kostnaðar samkvæmt þessum staflið. Að öðru leyti er ákvæðið óbreytt.

Ákvæði 2. mgr. 33. gr. laganna er fellt brott þar sem eftir tilkomu Bláa lónsins er ekki þörf á sérákvæðum um læknishjálp psoriasissjúklinga á meðferðarstofnunum erlendis. Um hana gilda almennar reglur almannatryggingalaga um læknishjálp erlendis.

Um 15. gr.

Í 2. mgr. 40. gr. laganna er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir að tryggingaráð setji reglur um að hvaða marki Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að endurgeiða manni kostnað vegna veikinda eða slyss erlendis sem hann fengi ella ekki endurgreiddan frá stofnuninni. Er þetta í samræmi við breytt hlutverk tryggingaráðs samkvæmt frumvarpinu. Að öðru leyti er ákvæðið efnislega óbreytt.

Um 16. gr.

Í 2. málsl. 5. mgr. 43. gr. laganna er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir að tryggingaráð setji reglur um hvenær sé heimilt að víkja frá tímamörkum þegar lífeyrir fellur niður ef ellieða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en mánuð samfellt á stofnun eða vistheimili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann. Er þetta í samræmi við breytt hlutverk tryggingaráðs samkvæmt frumvarpinu.

Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að tryggingaráð setji reglur um dagpeninga (vasapeninga) utan stofnana.

Um 17. gr.

Í 2. málsl. 1. mgr. 64. gr. laganna er orðunum lögheimilistímabil og lögheimilistíma breytt í búsetutímabil og búsetutíma í samræmi við I. kafla A í lögunum, sbr. lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Um 18. gr.

Í 2. gr. laganna er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir að tryggingaráð setji reglur um hvenær heimilt sé að greiða maka einstaklings sem sætir gæslu- eða refsivist mæðra- eða feðralaun. Er þetta í samræmi við breytt hlutverk tryggingaráðs samkvæmt breytingu á almannatryggingalögum. Einnig er felld brott tilvísun í lögheimili og vísað í búsetu.

Um 19. gr.

Ákvæðum 9.–12. málsl. 3. gr. laganna er breytt í frumvarpinu á þann veg að tryggingaráð setur reglur um það hvenær heimilt sé að greiða barnalífeyri þegar úrskurði skv. 1. mgr. 13. gr. barnalaga verður eigi við komið. Sama gildir ef ungmenni er ókleift að innheimta greiðslur samkvæmt úrskurði á grundvelli 1. mgr. 13. gr. barnalaga. Er þetta í samræmi við breytt hlutverk tryggingaráðs samkvæmt breytingu á almannatryggingalögum.

Um 20. gr.

Ákvæðum síðasta málsliðar 1. mgr. 4. gr. laganna er breytt í frumvarpinu á þann veg að tryggingaráð setur reglur um hvenær heimilt er að hækka umönnunargreiðslur um allt að 25%. Er þetta í samræmi við breytt hlutverk tryggingaráðs samkvæmt breytingu á almannatryggingalögum.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. laganna er í frumvarpinu felld brott tilvísun í lögheimili.

Um 22. gr.

Í frumvarpinu er ákvæðum 1. mgr. 13. gr. laganna breytt þannig að nú verði miðað við nýja úrskurðarnefnd almannatrygginga samkvæmt frumvarpinu.

Um 23. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júlí 1999 en það er gildistími laga nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar. Ástæða þessa er að í frumvarpinu er vísað til I. kafla A í almannatryggingalögum en ákvæði hans taka ekki gildi fyrr en 1. júlí 1999. Þá er heppilegt að breytingar á hlutverki tryggingaráðs taki gildi að loknum alþingiskosningum þar sem tryggingaráð er kosið eftir hverjar almennar alþingiskosningar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vísað er til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að orðinu lögheimili verði á viðeigandi stöðum breytt í búsetu í samræmi við lög nr. 59/1998, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri úrskurðarnefnd almannatrygginga er úrskurði um réttindi einstaklinga í málum þar sem deilt er um skilyrði eða upphæð bóta. Í úrskurðarnefndinni skulu sitja þrír menn og skal formaður uppfylla skilyrði héraðsdómara og varaformaður skal vera læknir. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfsmenn til undirbúnings úrlausn mála auk almennra skrifstofustarfa. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tryggingaráð hafi eingöngu á hendi stjórn og eftirlit með Tryggingastofnun ríkisins og setji reglur um afgreiðslu mála. Úrskurðarnefndin tekur í raun yfir hluta af fyrri verkefnum tryggingaráðs og er því ekki um verulegan kostnaðarauka að ræða utan kostnaðar við úrskurðarnefndina sjálfa sem má ætla að verði um 2–2,5 m.kr. á ári.

836. Frumvarp til laga [522. mál]

um lagaskil á sviði samningaréttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.
Gildissvið.

1. Ákvæði laga þessara eiga við um allar einkaréttarlegar samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi þegar taka þarf afstöðu til þess lögum hvaða lands skuli beitt.

2. Lögin gilda ekki um:

a. álitaefni sem varða persónulega réttarstöðu manna og gerhæfi, nema annað leiði af ákvæðum 11. gr.,
b. skuldbindingar sem varða erfðir, þ.m.t. erfðaskrár, og samninga milli hjóna um fjármál þeirra, þ.m.t. skilnaðarsamninga, svo og samninga um réttindi og skyldur sifjaréttarlegs eðlis, t.d. varðandi faðerni, mægðir, skyldleika og hjúskap, þ.m.t. samninga um framfærslu barna,
c. skuldbindingar sem byggjast á víxlum, tékkum og skuldabréfum og öðrum viðskiptabréfum, að svo miklu leyti sem skuldbindingar sem af þeim leiðir er að rekja til eðlis þeirra sem viðskiptabréfa,
d. samninga um gerðardóma og val á dómstóli,

e. álitaefni sem lúta löggjöf um fyrirtæki, félög eða aðrar lögpersónur, svo sem um stofnun þeirra, með skráningu eða á annan hátt, löghæfi, innra skipulag eða slit og um persónulega ábyrgð stjórnenda og meðlima á skuldbindingum fyrirtækis, félags eða lögpersónu,
f. álitaefni sem varða umboð eða heimild einstaklinga eða stjórnenda til að skuldbinda fyrirtæki, félag eða aðrar lögpersónur í samningum við þriðja aðila,
g. samninga um stofnun fjárvörslusjóðs eða mál sem varða lögskipti stofnanda, vörslumanns og rétthafa.
h. sönnun og málsmeðferð, nema að því leyti sem slíkt leiðir af 14. gr.

3. Ákvæði laganna gilda ekki um vátryggingarsamninga sem varða vátryggingaratburði sem verða á yfirráðasvæði ríkis sem tilheyrir Evrópska efnahagssvæðinu. Við ákvörðun um það hvort atburður gerist innan þess svæðis skal dómstóll beita íslenskum lögum.

4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki um samninga sem varða endurtryggingar.

2. gr.

Beiting laga ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Lög þessi eiga við þótt þau leiði til þess að beita beri löggjöf ríkis sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins.

II. KAFLI
Meginreglur um lagaskil.

3. gr.

Samningur um lagaval.

1. Um samninga skal beita þeim lögum sem samningsaðilar hafa valið berum orðum eða þeim lögum sem með vissu verða talin leiða af samningnum sjálfum eða öðrum atvikum. Samningsaðilar geta samið svo um að þau lög sem vísað er til skuli gilda um samninginn í heild eða aðeins um tiltekinn hluta hans.

2. Samningsaðilar geta hvenær sem er samið svo um að um samninginn skuli gilda önnur lög en áður giltu um hann, hvort sem þau er upphaflega að rekja til samkomulags aðila þar um eða leiðir af öðrum reglum laga þessara. Breytingar af þessu tagi, sem koma til eftir að samningur var upphaflega gerður, skulu hvorki hafa áhrif á formlegt gildi samningsins skv. 9. gr. né hafa áhrif á réttarstöðu þriðja manns án samþykkis hans.

3. Hafi aðilar samið um beitingu erlendra laga, hvort sem ágreining á að leggja undir erlendan dómstól eða ekki, en efni samningsins tengist í reynd aðeins einu landi, kemur slíkur samningur ekki í veg fyrir, séu skilyrði að öðru leyti fyrir hendi, að unnt sé að beita ófrávíkjanlegum reglum þess lands sem við kunna að eiga.

4. Úrlausn um það hvort samþykki um lagaval er til staðar og um gildi þess fer skv. 8., 9. og 11. gr.

4. gr.

Lög sem gilda þegar ekki hefur verið samið um lagaval.

1. Hafi samningur ekki að geyma ákvæði um það hvers lands lögum skuli beita, sbr. 3. gr., skal beita lögum þess lands sem samningur hefur sterkust tengsl við. Ef afmarkaður hluti samnings hefur nánari tengsl við annað land en það sem leiða mundi af 1. málsl. þessarar málsgreinar er heimilt að beita lögum þess lands að því er varðar þann hluta samningsins.

2. Með fyrirvara um ákvæði 5. mgr. skal að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá aðili, sem efna á aðalskyldu samningsins, býr við samningsgerðina. Þegar um er að ræða fyrirtæki, félag eða aðra lögpersónu skal að jafnaði litið svo

á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem aðili hefur aðalstöðvar sínar. Ef samningurinn er gerður í tengslum við framkvæmd atvinnu eða í tengslum við atvinnurekstur viðkomandi aðila skal litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá sem aðalskylduna ber hefur aðalstarfsstöð sína. Ef efna á samning samkvæmt ákvæðum hans á annarri starfsstöð en þeirri þar sem aðili hefur aðalstarfsstöð sína skal beita lögum þess lands þar sem sú starfsstöð er.

3. Að því marki sem samningur varðar réttindi yfir fasteign, þ.m.t. afnotarétt, skal, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem fasteignin er.

4. Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við þegar um er að ræða samninga um vöruflutninga. Þegar um slíkan samning er að ræða og flytjandi hefur, þegar samningur er gerður, aðalstöðvar í sama landi og farmurinn er lestaður eða hann affermdur eða í sama landi og aðalbækistöðvar sendanda eru, skal litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land. Við beitingu þessa ákvæðis skal litið á farmsamning um einstaka ferð og aðra samninga sem hafa vöruflutninga sem meginmarkmið sem samninga um vöruflutninga.

5. Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við ef ekki er unnt að afmarka aðalskyldu samnings. Á sama hátt eiga ákvæði 2., 3. og 4. mgr. ekki við ef af öllum aðstæðum verður ráðið að samningurinn í heild hafi ríkari tengsl við annað land en það sem leiða mundi af þeim ákvæðum.

5. gr.

Neytendasamningar.

1. Grein þessi á við um samninga sem maður (neytandi) gerir um afhendingu vöru eða þjónustu í tilgangi sem telja verður að varði ekki atvinnu hans, eða samning um lán til að fjármagna kaupin.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur ákvæði um lagaval í samningi aldrei takmarkað þá vernd sem neytandi nýtur samkvæmt ófrávíkjanlegum reglum í lögum þess ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem hann býr:

a. ef undanfari samningsins var sérstakt tilboð til neytandans eða almenn auglýsing og allar nauðsynlegar ráðstafanir til samningsgerðarinnar af hans hálfu fóru fram í því landi eða
b. ef gagnaðilinn, eða umboðsmaður hans, tók við pöntun neytandans í því landi eða
c. ef samningur er um sölu vöru og neytandinn ferðaðist frá því landi til annars lands og gerði pöntun sína þar, að því tilskildu að ferðin hafi verið skipulögð af seljandanum í þeim tilgangi að hvetja neytandann til kaupanna.

3. Ef um er að ræða samninga sem falla undir ákvæði þessarar greinar og aðilar hafa ekki samið um lagaval skv. 3. gr. gilda, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., ákvæði þessarar greinar enda séu samningarnir gerðir við þær aðstæður sem lýst er í 2. mgr.

4. Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um:

1. flutningasamninga,
2. samninga um kaup á þjónustu þegar þjónustuna á að láta í té að öllu leyti í öðru landi en því þar sem neytandinn á heima.

6. gr.

Vinnusamningar.

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu vinnusamningar, sem hafa að geyma ákvæði um lagaval, ekki leiða til lakari réttarstöðu launþega en þeir mundu njóta samkvæmt þeim ófrávíkjanlegum reglum sem leiða mundi af 2. mgr.

2. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skulu eftirfarandi lög gilda um vinnusamninga sem ekki hafa að geyma ákvæði um lagaval:
   a. lög þess lands þar sem launþegi starfar að jafnaði, enda þótt honum hafi tímabundið verið falin störf í öðru landi eða
   b. ef launþegi starfar að jafnaði ekki í neinu tilteknu landi gilda lög þess lands þar sem sú starfsstöð sem réð hann til starfa er, nema það leiði af aðstæðum í heild að samningurinn hafi meiri tengsl við annað land, og gilda þá lög þess lands.

7. gr.

Ófrávíkjanlegar reglur.

1. Þegar beitt er lögum tiltekins lands samkvæmt lögum þessum er einnig heimilt að beita ófrávíkjanlegum reglum í lögum annars lands sem atvik málsins hafa náin tengsl við, ef og að því marki sem skylt er að beita þeim samkvæmt lögum þess lands, óháð því hvaða lög eiga annars við um samninginn. Þegar metið er hvaða ófrávíkjanlegu reglur eiga við skal litið til eðlis þeirra og tilgangs og afleiðinga þess að beita þeim eða beita þeim ekki.

2. Ekkert í lögum þessum takmarkar beitingu ófrávíkjanlegra reglna íslensks réttar, ef mál er rekið hér á landi, óháð því hvers lands lögum á annars að beita um samninginn.

8. gr.

Efnislegt gildi samnings.

1. Tilvist og gildi samnings, eða einstakra ákvæða samnings, skal ákvarða samkvæmt þeim lögum sem eiga mundu við um samninginn samkvæmt lögum þessum ef samningurinn eða einstök ákvæði hans væru gild.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur aðili byggt á lögum þess lands þar sem hann býr til að sýna fram á að hann hafi ekki veitt samþykki sitt, ef atvik eru með þeim hætti að ósanngjarnt þykir að dæma um réttaráhrif athafna hans eftir þeim reglum sem leiða mundi af 1. mgr.

9. gr.

Formlegt gildi samnings.

1. Samningur sem gerður er milli einstaklinga sem eru í sama landinu er formlega gildur ef hann fullnægir formkröfum laga þess lands sem um hann gilda samkvæmt lögum þessum eða lögum þess lands þar sem hann var gerður.

2. Samningur sem gerður er milli tveggja einstaklinga sem ekki eru í sama landinu er formlega gildur ef hann fullnægir formkröfum laga þess lands sem gilda um hann samkvæmt lögum þessum eða lögum annars hvors landsins þar sem aðilar eru.

3. Þegar samningur er gerður fyrir tilstilli umboðsmanns koma lög þess lands þar sem umboðsmaður framkvæmir ráðstafanir sínar í stað laga þess lands sem aðili samnings er skv. 1. og 2. mgr.

4. Ráðstöfun sem ætlað er að hafa réttaráhrif í tengslum við gerðan samning eða fyrirhugaðan samning er gild ef hún fullnægir formkröfum þeirra laga sem gilda samkvæmt lögum þessum eða ættu við um samninginn ef hann væri gildur, eða þess lands þar sem ráðstöfun var gerð.

5. Ákvæði 1.–4. mgr. eiga ekki við um neytendasamninga sem gerðir eru við þær aðstæður sem lýst er í 2. mgr. 5. gr. Um formlegt gildi slíkra samninga fer eftir lögum þess lands þar sem neytandinn býr.

6. Þegar um er að ræða samninga um réttindi yfir fasteign, þ.m.t. afnotaréttindi, skulu, þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. gilda um slíka samninga ófrávíkjanlegar formreglur laga þess

lands þar sem fasteignin er, ef þær reglur samkvæmt þeim lögum gilda óháð því í hvaða landi samningurinn er gerður og óháð þeim lögum sem annars gilda um samninginn.

10. gr.

Gildissvið laga þeirra sem við eiga.

1. Þau lög sem gilda um samning skv. 3.–6. og 12. gr. skulu einkum gilda um:

a. túlkun,
b. efndir,
c. afleiðingar vanefnda, þ.m.t. ákvörðun bóta að svo miklu leyti sem þær eru ákvarðaðar lögum samkvæmt, með þeim takmörkunum sem leiðir af réttarfarslögum um heimildir dómstóla,
d. mismunandi lyktir samningsskuldbindinga, tómlæti og fyrningu,
e. afleiðingar þess að samningur telst ógildur.

2. Þegar ákvarðað er hvort samningur hafi verið réttilega efndur eða ráðstafanir þær sem gripið er til vegna vanefnda samnings séu lögmætar skal taka tillit til laga þess lands þar sem efndir samnings fara fram.

11. gr.

Gerhæfisskortur.

Þegar um er að ræða samning milli tveggja einstaklinga sem eru í sama landinu getur einstaklingur sem hefur gerhæfi samkvæmt lögum þess lands því aðeins borið fyrir sig gerhæfisskort sem leiða mundi af lögum annars lands að hinn samningsaðilinn hafi, þegar samningurinn var gerður, vitað eða hafi mátt vita um gerhæfisskortinn samkvæmt þeim lögum.

12. gr.

Framsal réttinda.

1. Um gagnkvæmar skyldur framseljanda og framsalshafa í samningi sem felur í sér framsal réttinda gagnvart þriðja manni gilda lög þess lands sem samkvæmt lögum þessum eiga við um samning milli framseljanda og framsalshafa.

2. Um heimild til framsals, samband framsalshafa og þriðja manns, skilyrði þess að á framsali verði byggt gagnvart þriðja manni og um öll álitaefni um það hvort skyldur skuldara séu enn til staðar gilda lög þess lands sem eiga við um réttindi þau sem framseld eru.

13. gr.

Innlausn réttinda.

1. Nú á kröfuhafi samningskröfu á hendur skuldara og þriðja aðila er skylt að efna kröfuna gagnvart kröfuhafa, eða hann hefur í reynd efnt kröfuna vegna þeirrar skyldu og þannig leyst hana til sín. Þá skulu lög þau, sem gilda um skyldu þriðja manns til efnda gagnvart kröfuhafa, einnig vera ákvarðandi um hvort og að hve miklu leyti þriðji maður getur endurkrafið skuldara á grundvelli þeirra laga sem gilda um samningssamband kröfuhafa og skuldara.

2. Sama regla og fram kemur í 1. mgr. á einnig við þegar sama samningsskyldan hvílir á mörgum aðilum og einn þeirra hefur efnt skylduna gagnvart kröfuhafa.

III. KAFLI
Um sönnunarbyrði, gildistöku o.fl.

14. gr.
Sönnunarbyrði o.fl.

1. Hafi lög þess lands sem gilda um samninga samkvæmt lögum þessum að geyma löglíkindareglur eða reglur um sönnunarbyrði skal beita þeim.

2. Samninga eða ráðstafanir sem ætlað er að hafa réttaráhrif má sanna á hvern þann hátt sem heimill er samkvæmt íslenskum lögum þegar mál er rekið fyrir íslenskum dómstóli eða í lögum þeim sem 9. gr. vísar til, enda sé samningur eða ráðstöfun gild samkvæmt þeirri grein, að því tilskildu að hægt sé að koma slíkri sönnunarfærslu við hér á landi.

15. gr.
Bann við heimvísun og framvísun.

Með lögum lands sem lög þessi vísa til er átt við önnur lög en lagaskilareglur.

16. gr.
Allsherjarregla.

Því aðeins er heimilt að láta hjá líða að beita lögum tiltekins lands sem lög þessi vísa til að þau teljist augljóslega andstæð góðum siðum og allsherjarreglu hér á landi.

17. gr.
Bann við afturvirkni.

Ákvæðum laga þessara verður aðeins beitt um samninga sem gerðir hafa verið eftir gildistöku þeirra.

18. gr.
Staða laga þessara gagnvart öðrum reglum.

1. Sérreglur um lagaskil í öðrum lögum og reglum sem rekja má til Evrópska efnahagssvæðisins skulu ganga framar ákvæðum laga þessara að svo miklu leyti sem þær fá ekki samrýmst þeim.

2. Lög þessi hafa ekki áhrif á beitingu alþjóðlegra samninga sem hafa að geyma lagaskilareglur og öðlast hafa lagagildi hér á landi.

19. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Á undanförnum árum hefur viðskiptafrelsi aukist stórlega á Íslandi. Frjálsari löggjöf á sviði gjaldeyrismála og aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hafa fært innlendum aðilum fleiri tækifæri til þátttöku í alþjóðlegum viðskiptum. Íslensk fyrirtæki hafa í sífellt auknum mæli nýtt sér slíkar heimildir til beinna viðskipta yfir landamærin við kaup og sölu á vörum og þjónustu. Útrás íslenskra fyrirtækja og alþjóðavæðing íslensks athafnalífs er því orðin staðreynd og hefur átt ríkan þátt í meiri hagvexti og stöðugleika sem hefur einkennt íslenskt efnahagslíf undanfarin ár. Eftir því sem viðskipti einstaklinga og fyrirtækja verða algengari yfir landamærin eykst nauðsyn þess að í lögum sé að finna skýrar reglur um hvaða

lög eigi að leggja til grundvallar í viðskiptum tveggja aðila sem ekki eru búsettir innan sama ríkis. Nokkrir alþjóðlegir samningar hafa verið gerðir um lagaskil á sviði samningaréttar og m.a. undirrituðu aðildarríki Evrópubandalagsins slíkan samning 19. júní 1980, svonefndan Rómarsamning (The Rome Convention). Aðildarríkjum Evrópubandalagsins er skylt að vera aðilar að samningnum og eru því þrjú norræn ríki, þ.e. Finnland, Danmörk og Svíþjóð, nú aðilar að honum. Í kjölfar þátttöku Íslands í EES og þar með í innri markaði EB hafa viðskipti íslenskra aðila við aðila í öðrum ríkjum EES aukist og reikna má með að þau eigi eftir að verða enn meiri í framtíðinni. Ráðuneytið taldi af þessum sökum mjög brýnt að íslenskar lagaskilareglur um samningsskuldbindingar yrðu samræmdar þeim reglum sem um þetta gilda í aðildarríkjum EB. Ljóst var að of þungt yrði í vöfum fyrir Íslendinga að gerast aðilar að framangreindum samningi en hins vegar væri unnt að tryggja með sérstakri lagasetningu hér á landi að í innlendan rétt væru settar reglur sem væru samhliða ákvæðum Rómarsamningsins. Fordæmi þess er að finna á Norðurlöndum en árið 1988 voru lögfestar reglur um lagaskil á sviði samningaréttar í Finnlandi sem byggðust á áðurnefndum Rómarsamningi, sex árum áður en þeir gerðust formlega aðilar að EB. Ráðuneytið fól því Davíð Þór Björgvinssyni og Þorgeiri Örlygssyni, prófessorum við lagadeild Háskóla Íslands, að semja frumvarp til laga um lagaskil á sviði samningaréttar.

Frumvarp þetta er grundvallað á áðurnefndum Rómarsamningi (The Rome Convention) sem undirritaður var 19. júní 1980. Rómarsamningurinn er öðrum þræði byggður á 220. gr. Rómarsáttmálans (The Rome Treaty), stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (EBE). Í tilvitnuðu ákvæði Rómarsáttmálans skuldbinda aðildarríki hans sig til þess að ganga til samninga hvert við annað til að tryggja vernd manna og að þeir njóti réttar og réttarverndar með sömu skilmálum og hvert ríki veitir sínum ríkisborgurum, þar á meðal með einföldun formsatriða sem gilda um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma dómstóla og gerðardóma.

Í kjölfar þessa undirrituðu aðildarríki EBE Brussel-samninginn 1968 um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum (Convention on Jurisdiction and the Enforcement of Judgments in Civil and Commercial Matters). Upphaflega áttu aðild að honum stofnríki Efnahagsbandalags Evrópu, þ.e. Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Þýskaland. Árið 1971 var bætt bókun við samninginn þar sem EB-dómstólnum var fengið vald til að túlka samninginn á bindandi hátt. Við inngöngu Danmerkur, Írlands og Stóra-Bretlands í EBE árið 1978 var samningi þessum breytt í nokkrum atriðum, aftur árið 1982 þegar Grikkland varð aðili og enn á ný árið 1989 við inngöngu Portúgals og Spánar. Árið 1994 urðu Austurríki, Finnland og Svíþjóð aðilar að samningnum þegar þessi ríki gengu í EB. Hliðstæður samningur (Lúganósamningurinn) um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum var undirritaður milli EB-ríkjanna annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar 16. september 1988. Samningur þessi hefur verið lögfestur á Íslandi, sbr. lög nr. 68/1995, um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum. Lúganósamningurinn felur í aðalatriðum í sér tvennt: Í fyrsta lagi samræmingu á alþjóðlegum varnarþingsreglum aðildarríkjanna og öðru lagi gagnkvæma viðurkenningu dóma í einkamálum. Tilgangur hans er að tryggja greiðan aðgang að dómstólum og fullnustu úrlausna.

Undirritun Rómarsamningsins, sem er fyrirmynd þessa frumvarps, árið 1980 er eðlilegt framhald af Brusselsamningnum frá 1968, þótt Rómarsamningurinn sé ekki beinlínis byggður á 220. gr. Rómarsáttmálans. Upphaflega áttu aðild að Rómarsamningnum þau ríki sem þá áttu aðild að Rómarsáttmálanum, en ný aðildarríki ESB hafa einnig gerst aðilar að samningnum eftir því sem þeim hefur fjölgað. Í inngangi Rómarsamningsins er ekki berum orðum vísað til 220. gr. Rómarsáttmálans, en litið er á hann sem þátt í viðleitni aðildarríkja EB til að stuðla að samræmdri réttarframkvæmd á sviðum sem hafa mesta þýðingu fyrir fram-

kvæmd sameiginlegs innri markaðar. Sameiginlegar lagaskilareglur á sviði samningaréttar hljóta að teljast mikilvægar í því sambandi.

Rómarsamningurinn hefur að geyma lagaskilareglur varðandi samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi þegar á það reynir hvers lands lögum skuli beita við úrlausn álitaefna, sem af honum kunna að rísa. Hann gildir um flestar tegundir samninga og einhliða skuldbindingar af samningaréttarlegum toga. Þá er þar að finna reglur um það hvers lands lögum skuli beita við úrlausn álitaefna sem tengjast samningsgerð.

Rómarsamningurinn hefur að geyma inngang og 33 greinar, sem skiptast í þrjá kafla. Þá fylgir honum stutt bókun og tvær sameiginlegar yfirlýsingar. Árið 1989 var bætt við tveimur bókunum sem varða heimild EB-dómstólsins til að túlka ákvæði samningsins. Enskur texti samningsins ásamt bókunum og yfirlýsingum fylgir með frumvarpi þessu.

Í I. kafla Rómarsamningsins eru tvær greinar (1. og 2. gr.) sem hafa að geyma ákvæði um gildissvið hans. Í II. kafla samningsins (3.–22. gr.) eru sameiginlegar lagaskilareglur og eru þær í reynd kjarni samningsins. Auk þeirra er að finna ákvæði sem varða t.d. skýringar einstakra ákvæða samningsins og tengsl þeirra við aðrar sérreglur á sviði lagaskilaréttar. Í III. kafla er að finna ákvæði um gildistöku samkomulagsins o.fl. Þá fylgja samningnum bókanir, sem m.a. varða hlutverk EB-dómstólsins við túlkun samningsins.

II.

Þegar ágreiningsefni koma til úrlausnar íslenskra dómstóla er algengast að dómstólarnir (eða aðrir úrlausnaraðilar) beiti íslenskum lögum og réttarreglum (lex fori) í úrlausnum sínum. Sakaraðild og sakarefni kann að vera svo háttað að í vissum tilvikum sé beiting erlends réttar við úrlausn ágreinings eðlilegri en beiting íslensks réttar. Lagaskilaréttur (alþjóðlegur einkamálaréttur) er sú grein lögfræðinnar sem segir til um það hvers lands lögum beita beri við úrlausn ágreiningsefnis sem tengist fleiri en einu réttarkerfi. Lagaskilareglur hvers lands eru hluti landsréttar. Frumvarp þetta hefur að markmiði að lögfesta lagaskilareglur á sviði samningaréttar sem verði hluti íslensks réttar.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um íslenskan lagaskilarétt almennt og þá sérstaklega á því sviði sem frumvarpið tekur til. Íslenskur lagaskilaréttur er að mestu leyti ólögfestur. Hann byggist á dómafordæmum, réttarvenjum, fræðiskoðunum og eðli máls. Þar sem dómaframkvæmd er fáskrúðug hér á landi er einnig horft til dómaframkvæmdar annars staðar á Norðurlöndunum, auk þess sem sótt hefur verið í smiðjur norrænna fræðimanna í ríkum mæli.

Á sumum sviðum íslensks réttar eru þó til nokkuð ítarlegar skráðar lagaskilareglur. Má þar helst nefna sérstakar lagaskilareglur í 14. kafla víxillaga, nr. 93/1933 (79.–87. gr.) og í 12. kafla laga um tékka, nr. 94/1933 (58.–65. gr.). Af öðrum ákvæðum má nefna 119. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, um flutninga samkvæmt farmskírteini, ákvæði um erlend hlutafélög í 16. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995 (137.–146. gr.), og 2. mgr. 62. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Enn fremur má nefna nokkra Norðurlandasamninga um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, sem Ísland er aðili að og veitt hefur verið lagagildi á Íslandi. Þeir eru:

a. um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931,
b. um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, sbr. lög nr. 30/1932. Með 5. gr. laga nr. 68/1995 er gildissvið laganna frá 1932 takmarkað þannig að þau gilda ekki um dóma og ákvarðanir, sem hljóta viðurkenningu og fullnustu hér á landi samkvæmt ákvæðum Lúganósamningsins.
c. um gjaldþrotaskipti, sbr. lög nr. 21/1934,

d. um erfðir og skipti á dánarbúum, sbr. lög nr. 108/1935 og
e. um innheimtu meðlaga, sbr. lög nr. 93/1962.

Gildissvið samninga þessara er bundið við Norðurlönd og taka þeir því aðeins til aðila sem annaðhvort eru ríkisfastir eða heimilisfastir í einhverju Norðurlandanna. Að síðustu er svo rétt að nefna Lúganósamninginn, sem áður er getið.

Þegar reglum víxil-, tékka-, siglinga- og hlutafélagalaga sleppir er ekki fyrir að fara lögfestum lagaskilareglum hér á landi á sviði fjármunaréttar. Greinargerð um þær verður því að byggja á dómaframkvæmd hér á landi og kenningum fræðimanna á þessu sviði.

Meginreglan sem byggt er á í íslenskum lagaskilarétti á sviði fjármunaréttar er sú að aðilum sé frjálst að semja um það hvers lands lögum skuli beita um lögskipti þeirra. Þetta er lagaskilaregla sem viðurkennd er í flestum ríkjum heims og á henni er byggt í samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1980 um alþjóðleg lausafjárkaup, sem síðar verður frá greint, sbr. 1. mgr. 3. gr. þess samnings. Ef slíkum samningi er ekki til að dreifa er reglan sú að beita beri lögum þess lands sem samningur hefur sterkust tengsl við. Við mat á því við hvaða land samningur hefur sterkust tengsl er ýmist litið til þess lands þar sem mál vegna samningsins er rekið (lex fori), lands þar sem samningur er gerður (lex loci contractus), lands þar sem samninginn á að efna (lex loci solutionis), lands þar sem skuldari er heimilisfastur (lex loci domicilii) eða þar sem hann á ríkisfang (ríkisfangsregla).

Að því er íslenskan lagaskilarétt varðar koma allar þessar reglur til greina, eftir því hvað best á við hverju sinni. Ákvörðun um þetta getur í einstökum tilfellum verið nokkuð vandasöm. Má sem dæmi nefna að þegar samningur er gerður með fjarskiptum milli aðila getur verið ógerlegt að skera úr um hvar samningur er í reynd gerður. Þá eru samningar oftast tvíhliða og hver aðili á að efna hann fyrir sitt leyti í sínu heimalandi, auk þess sem þeir eru heimilisfastir hvor í sínu landinu. Við þær aðstæður er erfitt að skera úr um hvar samning á að efna, eða eftir atvikum við hvaða heimilisfesti á að miða. Þá er oft næsta fjarlægt að beita ríkisfangsreglu, þegar samningur hefur e.t.v. engin tengsl við tiltekið land nema það að annar aðili hans á þar ríkisfang, þótt hann búi þar ekki. Við bætist að íslensk dómaframkvæmd er það fáskrúðug að litlar leiðbeiningar er þar að finna um beitingu þessara reglna. Af þessu leiðir að nokkurrar óvissu hlýtur einatt að gæta um efni þessara reglna og hversu þeim verður beitt. Þótt sumar þeirra meginreglna sem raktar voru sé að finna í Rómarsamningnum er ljóst að hann hefur að geyma um margt ítarlegri reglur um þessi efni og leiðbeiningar um það hversu þeim verði beitt. Af þessum sökum leikur tæpast vafi á að telja verður æskilegt að lögfesta þessar reglur hér á landi.

Lengi vel var það skoðun manna á Norðurlöndum að reglur norrænu kaupalaganna væru í góðu samræmi við þær reglur, sem almennt giltu í alþjóðlegum kaupum, þótt frá því væru undantekningar að því er varðar þau lönd sem byggja á engilsaxneskum lagahefðum (common law). Eigi að síður fylgdust norrænu ríkin vel með því alþjóðlega samstarfi, sem hófst um miðbiki þessarar aldar og miðað hefur að því að koma á réttareiningu á sviði kauparéttarins í alþjóðlegum samskiptum, ýmist með samræmdum lagskilareglum á þessu réttarsviði eða samræmdum efnisreglum.

Árið 1955 var gerður alþjóðlegur samningur, sem kenndur er við Haag í Hollandi og ber heitið *Convention on the Law Applicable to International Sales of Goods*. Þessi samningur fjallar um það hvaða efnisreglum skuli beita við úrlausn deilumála sem upp kunna að koma í milliríkjakaupum, sem aðilar ríkja samningsins standa að. Samningurinn inniheldur lagaskilareglur á þessu sviði. Meginregla samnings þessa er sú að aðilar kaupsamnings geta samið um hvers lands lögum beita ber um kaup þeirra. Ef slíku samningsákvæði er ekki til að dreifa skal leggja til grundvallar lög í því landi þar sem seljandinn hafði aðsetur þegar hann

tók við pöntun varðandi kaupin. Ef útibú frá aðalstöðvum seljanda tók við pöntun skal miða við lög í því landi þar sem útibúið er. Þá er einnig í samningnum að finna ákvæði um hvers lands lög skuli gilda varðandi skoðun á söluhlut og mörg fleiri atriði, sem ekki er ástæða til að rekja frekar hér. Danir, Svíar, Finnar og Norðmenn hafa fullgilt þennan samning og sett samhljóða lög um efni hans. Af öðrum þjóðum sem fullgilt hafa samning þennan má nefna Ítali, Frakka, Svisslendinga og Belga.

Á ráðstefnu sendierindreka í Haag í Hollandi var 30. október 1985 gengið frá nýjum samningi um milliríkjakaup. Gildissvið hans er rýmra en samningsins frá 1955 og jafnframt er kaupanda og seljanda veittur rýmri réttur til að semja um lagaval. Óvíst er hins vegar hverja þýðingu sá samningur kemur til með að hafa í framtíðinni, m.a. með tilkomu samnings Sameinuðu þjóðanna.

Árið 1964 voru gerðir tveir alþjóðlegir samningar, sem einnig eru kenndir við Haag í Hollandi. Annar þeirra ber heitið *Convention Relating to a Uniform Law on the Formation of Contracts for the International Sale of Goods* (ULFIS) og hinn nefnist *Convention Relating to a Uniform Law on the International Sale of Goods* (ULIS). Samningarnir voru gerðir að frumkvæði stofnunar þeirrar í Róm, sem starfar að samræmingu reglna á sviði einkaréttarins, *The International Institute for Unification of Private Law* (UNIDROIT). Með þeim er þess freistað að samræma efnisreglur aðildarríkjanna um milliríkjakaup og innihalda þeir því ekki beinlínis lagaskilareglur. Samningarnir gengu formlega í gildi árið 1972, en tiltölulega fá ríki hafa fullgilt þá og hafa markmiðin sem að var stefnt að því leyti ekki náðst þar sem ljóst virðist að þeim muni ekki fjölga. Samningarnir frá 1964 gengu formlega í gildi árið 1972, en fá ríki fullgiltu þá. Aðild fimm ríkja var skilyrði fyrir gildistöku samninga þessara og þær þjóðir, sem fullgilt hafa samningana, lögfestu efnisreglur þeirra.

Ísland hefur ekki gerst aðili að framangreindum samningum frá 1964, þ.e. þeir hafa hvorki verið undirritaðir né fullgiltir fyrir Íslands hönd, og löggjöf hér á landi hefur ekki verið færð til samræmis við efni þeirra.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í desember 1966 ályktun þess efnis að sett skyldi á laggirnar sérstök fastanefnd eða undirstofnun samtakanna, sem hafa skyldi það hlutverk að efla og styrkja samræmingu alþjóðlegrar viðskiptalöggjafar. Stofnunin, sem tók til starfa skömmu síðar, var nefnd UNCITRAL, sem er skammstöfun á *The United Nations Commission on International Trade*, og hefur hún skrifstofur í Vínarborg í Austurríki. Hún fékk það verkefni að undirbúa gerð áðurnefnds alþjóðasamnings um kaup, þ.e. samning Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1980 (CISG). Gerð hans tók um tvo áratugi og hafði sú vinna það m.a. að markmiði að koma fram með nýjan samning á þessu réttarsviði, sem leyst gæti af hólmi Haag-samningana frá 1964.

Fyrstu drög hins nýja samnings voru kynnt árið 1974 og eftir það endurskoðaðar gerðir árin 1975, 1976, 1977 og 1978. Að gerð samningsdraganna vann starfshópur skipaður fulltrúum 14 ríkja, sem tilheyrðu mismunandi réttarkerfum. Drögin voru rædd á þingum UNCITRAL og voru þau samþykkt þar árið 1978. Vorið 1980 kvaddi allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til alþjóðlegrar ráðstefnu í Vínarborg í Austurríki þar sem saman komu fulltrúar 62 ríkja og átta alþjóðastofnana. Á ráðstefnunni var gengið frá nýjum sáttmála, CISG. Ráðstefnan hófst 10. mars 1980 og lauk 11. apríl sama ár. Undirbúningur hennar fór að mestu fram í tveimur starfsnefndum. Hafði önnur það hlutverk að semja drög af efnisreglum, en hin samdi drög að lokaákvæðum samningsins. Við lok ráðstefnunnar voru drögin sameinuð og fram fór atkvæðagreiðsla um hverja einstaka grein og að því loknu atkvæðagreiðsla um samninginn í heild sinni. Var hann samþykktur á ráðstefnunni án verulegra athugasemda og efnisbreytinga.

Í 99. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna eru ákvæði um gildistöku hans. Þar kemur fram að hann tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar þegar liðnir eru tólf mánuðir frá því að tíu ríki hafa fært framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna gögn um fullgildingu, móttöku eða samþykki hans. Þessu marki var náð 1. janúar 1988, en þá höfðu m.a. Bandaríkin, Argentína, Egyptaland, Frakkland, Ítalía, Júgóslavía, Kína, Lesótó, Sýrland, Ungverjaland og Sambía fullgilt sáttmálann. Finnland og Svíþjóð gerðust aðilar að samningnum 15. desember 1987, Noregur 20. júlí 1988 og Danmörk 14. febrúar 1989. Árið 1994 voru aðildarríkin orðin 34 og nú eru þau 48 talsins.

Þótt samningur Sameinuðu þjóðanna (CISG) hafi formlega ekki verið endurskoðun á Haag-samningunum frá 1964 er honum eigi að síður ætlað það hlutverk að vera í framtíðinni eina réttarheimildin við úrlausn ágreiningsefna á sviði alþjóðlegra kaupa. Sést þetta m.a. á því að í 99. gr. hans er gert ráð fyrir því að þjóðir sem fullgilda samninginn og eru jafnframt aðilar að Haag-samningunum skuli fella niður fullgildingar sínar á síðarnefndu samningunum. Einnig birtist þetta í því að í samningi Sameinuðu þjóðanna er að finna efnisreglur sem ætlað er að leysa af hólmi efnisákvæði beggja Haag-samninganna frá 1964, bæði ULFIS og ULIS. Í heild má segja að reglur samnings Sameinuðu þjóðanna séu bæði skýrari og afmarkaðri en reglur Haag-samninganna frá 1964, þótt á þeim hafi vissulega verið byggt í mörgum atriðum.

Eins og fyrr segir var samningur Sameinuðu þjóðanna samþykktur á Vínarráðstefnunni 11. apríl 1980 og frá þeim tíma opinn til undirritunar. Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland undirrituðu samninginn 26. maí 1981, en Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að honum. Samningurinn gildir um alþjóðleg lausafjárkaup, þ.e. kaup á lausafjármunum þar sem aðilar hafa atvinnustöð sína í mismunandi ríkjum. Hann gildir í þeim tilvikum þegar bæði ríkin eru aðilar samningsins eða þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að kauparéttarreglum eins samningsríkjanna ber að beita.

Neytendakaup og ákveðnar tegundir kaupa aðrar, t.d. kaup á skipum og loftförum, falla utan gildissviðs samnings Sameinuðu þjóðanna (2. gr.). Utan gildissviðs hans falla einnig álitaefni er varða gildi kaupsamnings og afstöðuna gagnvart þriðja manni, t.d. afstöðuna gagnvart fyrri söluaðila og þrotabúi aðila. Ákvæði samningsins eru þar að auki frávíkjanleg, þ.e. aðilar geta samið um aðrar reglur en þær sem leiðir af samningnum (6. gr.).

Samningur Sameinuðu þjóðanna er í fjórum hlutum. Í *I. hluta* eru reglur um gildissvið og almenn ákvæði. Þar eru reglur um túlkun samningsins, yfirlýsingar aðila og athafnir þeirra. Einnig er þar fjallað um þýðingu verslunarvenju og við hverja af fleiri atvinnustöðum skuli miða við beitingu samningsins. Meginregla samningsins er sú að kaupsamningar eru óformbundnir, en um það má gera fyrirvara (12. og 96. gr.). Í *II. hluta* eru nánari reglur um samningsgerðina, m.a. um gerð og afturköllun tilboðs og samþykkis.

Efnisreglur um kaup er að finna í *III. hluta* samningsins, en hann skiptist í fimm kafla sem hér verður nánari grein gerð fyrir. Í fyrsta kafla í III. hluta eru almennar reglur um kaup. Þar er m.a. að finna almenna skilgreiningu á því hvað telja beri verulega vanefnd og einnig eru þar reglur um hver skuli bera áhættuna af sendingu tilkynninga til gagnaðila. Í öðrum kafla III. hluta eru reglur um skyldur seljanda, bæði að því er varðar afhendingu á réttum tíma og galla, og kafli þessi skiptist í þrjá undirkafla (sections). Í undirkafla eitt eru reglur um afhendingu söluhlutar og afhendingu skjala. Í undirkafla tvö eru nánari reglur um ástand söluhlutar og um rannsóknar- og tilkynningarskyldu kaupanda, auk reglna um hvað teljast skuli réttarágallar (42. gr.). Í undirkafla þrjú eru ákvæði um úrræði vegna vanefnda seljanda. Hér er að finna sameiginleg ákvæði um bæði greiðsludrátt og galla. Einnig eru hér reglur um það

m.a. að kaupandi getur krafist úrbóta og um heimildir kaupanda til að setja viðbótarfrest (nachfrist). Einnig eru hér reglur um riftun og afslátt af kaupverði.

Ákvæðin í þriðja kafla III. hluta fjalla um skyldur kaupanda. Þar eru ákvæði um greiðslu kaupverðs (undirkafli eitt) og um skyldu kaupanda til að veita sendingu viðtöku (undirkafli tvö). Í skyldu kaupanda til þess að veita hlut viðtöku felst bæði það að taka á móti hlut og gera allar þær ráðstafanir, sem með sanngirni má krefjast af honum, til að gera seljanda kleift að afhenda (60. gr.). Í undirkafla þrjú eru reglur um úrræði seljanda í tilefni vanefnda af hálfu kaupanda. Þeim úrræðum má beita þegar kaupandi hvorki greiðir kaupverð né veitir söluhlut viðtöku og þegar hann vanefnir aðrar skyldur sínar (aukaskyldur). Ákvæðin veita seljanda rétt til að krefjast efnda, riftunar og skaðabóta. Einnig eru reglur um heimild seljanda til að setja kaupanda viðbótarfrest til að efna skyldur sínar.

Í fjórða kafla í III. hluta eru reglur um áhættuskipti og í fimmta kafla eru sameiginleg ákvæði um skyldur seljanda og kaupanda. Í undirkafla eitt eru ákvæði um fyrirsjáanlegar vanefndir og samninga þar sem afhenda á hið selda smátt og smátt. Í undirkafla tvö eru reglur um útreikning skaðabóta og í undirkafla fjögur reglur um ástæður sem leysa undan skaðabótaábyrgð. Aðalreglan er sú að aðili ber ekki ábyrgð á vanefndum á skyldum sínum ef hann sannar að þær má rekja til hindrunar sem hann réði ekki við. Í kaflanum eru auk þess reglur um vexti (undirkafli þrjú), um áhrif riftunar (undirkafli fimm) og um umönnun hlutarins (undirkafli fjögur).

Í *IV. hluta* samningsins er að finna lokaákvæði hans. Þar eru m.a. reglur um heimildir til að gera fyrirvara varðandi tiltekin ákvæði samningsins. Þannig getur ríki t.d. skv. 92. gr. gert fyrirvara varðandi II. hluta samningsins um samningsgerð eða varðandi III. hluta um kaup. Sérstaka þýðingu fyrir norrænu löndin hefur sá kostur að gera fyrirvara samkvæmt ákvæðum 94. gr. (nágrannalandaákvæðið). Samkvæmt þessu ákvæði geta eitt eða fleiri ríki sem hafa sömu eða svipaðar réttarreglur á því sviði, sem samningurinn tekur til, samþykkt að samningurinn skuli ekki gilda milli aðila sem hafa atvinnustöð sína í þessum löndum. Enn fremur getur ríki samkvæmt ákvæðum 95. gr. samningsins gert fyrirvara um að samningurinn skuli aðeins gilda milli aðila sem hafa atvinnustöð í ríkjum sem hafa samþykkt samninginn. Ef ekki er gerður slíkur fyrirvari gildir samningurinn, jafnvel þótt aðeins annað ríkjanna hafi gerst aðili að honum, þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að leggja ber lög þess lands til grundvallar. Samningur Sameinuðu þjóðanna öðlaðist gildi tólf mánuðum eftir að tíunda ríkið staðfesti hann, 1. janúar 1988.

III.

Frumvarpið er eins og fyrr segir byggt á Rómarsamningnum. Sú leið hefur verið valin að fylgja ákvæðum hans í öllum helstu atriðum, að öðru leyti en því að sleppt er ákvæðum 23. gr. sem varða heimildir einstakra samningsríkja til að gera fyrirvara við ákvæði 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 10. gr., svo og ákvæðum í III. kafla (lokaákvæði) sem varða endurskoðun samningsins, undirritun, o.fl. Sérstaklega er bent á að sleppt er ákvæði 18. gr. Rómarsamningsins sem varðar túlkun ákvæða hans. Hefur verið látið nægja að rekja í greinargerðinni þau sjónarmið sem telja má eðlilegt að lögð verði til grundvallar túlkun laga ákvæða frumvarpsins ef að lögum verður, sbr. nánar kafla IV. hér á eftir. Þá hafa einstök ákvæði verið staðfærð og löguð að íslenskum aðstæðum með hliðsjón af því að Ísland er ekki aðili að samningnum. Má þar nefna að þar sem Rómarsamningurinn vísar til aðildarríkja sinna er í frumvarpi þessu vísað til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Að öðru leyti eru allar efnisreglur samningsins sem taldar verða skipta máli óbreyttar. Nánar verður fjallað um þessi atriði í athugasemdum við einstakar greinar eftir því sem tilefni er til.

Hinn 19. desember 1988 voru gerðar tvær bókanir við samninginn sem varða heimildir EB-dómstólsins til að túlka ákvæði hans. Ekki hefur verið tekið tillit til þeirra bókana í frumvarpinu.

Þess má geta að frumvarpið er í aðalatriðum í samræmi við þá leið sem valin var í Finnlandi þegar reglur samningsins voru lögfestar þar í landi árið 1988. Unnið er að lögfestingu ákvæða hans í Noregi á svipuðum nótum. Auk þess gilda þessar reglur í Danmörku og Sviþjóð á grundvelli aðildar þeirra að ESB og samningnum.

IV.

Í 18. gr. Rómarsamningsins er að finna ákvæði sem varða túlkun ákvæða hans. Þar kemur fram að við túlkun og beitingu ákvæðanna skuli taka tillit alþjóðlegs eðlis þeirra og þarfarinnar fyrir einsleita túlkun og beitingu í öllum þeim ríkjum þar sem sömu reglur gilda. Þá hafa verið gerðar tvær bókanir við samninginn, eins og fyrr segir, þar sem gert er ráð fyrir því að EB-dómstóllinn skuli hafa vald til að túlka ákvæði hans. Er það liður í að ná fram þeirri samræmingu sem 18. gr. gerir ráð fyrir.

Með lögfestingu þessa frumvarps verða efnisreglur Rómarsamningsins, þær sem teknar eru upp í frumvarpið, hluti af íslenskum rétti og hafa þar stöðu sem almenn lög. Um túlkun þeirra og beitingu fer því samkvæmt þeim aðferðum og sjónarmiðum sem tíðkast í íslenskum rétti almennt. Á hitt ber þó að líta að lögfesting þessara reglna er liður í því að samræma íslenska löggjöf á þessu sviði löggjöf og lagaframkvæmd í ríkjum EB. Af þessum sökum verður að telja heppilegt að túlkun þeirra og framkvæmd sé einnig samræmd Rómarsamningnum. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga við túlkun ákvæða frumvarpsins og framkvæmd hér landi. Að öðrum kosti er hætta á að markmiðin með lögfestingu þessara reglna náist ekki.

Af framangreindu leiðir að heppilegt verður að telja að tillit verði tekið til dómaframkvæmdar EB-dómstólsins sem varðar túlkun og beitingu samningsins, auk dómaframkvæmdar í einstökum ríkjum EB. Eiga því hér við svipuð sjónarmið og gilda um EES-samninginn yfirleitt, sbr. einkum 6. gr. hans, og þau sjónarmið sem gilda um túlkun og beitingu Lúganósamningsins, sbr. bókun 2 við þann samning. Sömu sjónarmið eiga einnig við um túlkun og beitingu mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og raunar alla alþjóðasamninga sem lögfestir hafa verið hér á landi. Að sjálfsögðu eru íslenskir dómstólar ekki á neinn hátt bundnir af þeim dómsúrlausnum EB-dómstólsins eða úrlausnum dómstóla aðildarríkja sem varða Rómarsamninginn. Engu síður er eðlilegt að tillit verði tekið til þeirra eigi markmiðin með lögfestingu frumvarpsins að nást.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er gildissvið laganna skilgreint. Þar kemur fram að lögin eiga við um alla samninga sem tengjast fleiri en einu landi þar sem reynt getur á það álitaefni hvers lands lögum eigi að beita við úrlausn réttarágreinings sem kann að leiða af samningum. Þetta ber að skilja svo að lögin eiga ávallt við álitaefni þau sem rísa vegna samninga ef sakarefni tengist erlendum rétti, þ.e. þegar til greina kemur að önnur lög en íslensk (lög dómstólsríkisins) eigi við um úrlausn ágreinings. Aðilar kunna t.d. að hafa samið um að lög annars lands skuli gilda, þeir eru ríkisborgarar eða búsettir hver í sínu landi, samningur var gerður í öðru landi eða hann á að efna að öllu eða einhverju leyti í öðru landi. Þetta þýðir, svo dæmi sé tekið, að ákvæði laganna eiga við ef tveir íslenskir aðilar semja svo sín í milli að um úrlausn ágreinings sem kann að rísa vegna samnings skuli farið að dönskum lögum og skiptir þá ekki máli þótt samninginn eigi að efna að öllu leyti á Íslandi og aðilar séu báðir íslenskir ríkisborgarar

og eigi þar heima. Samningsfrelsi aðila að þessu leyti kunna þó að vera takmörk sett, eins og fram kemur í ýmsum ákvæðum frumvarpsins, sbr. t.d. 5. gr. um neytendasamninga og 6. gr. um vinnusamninga, sem nánar er fjallað um í athugasemdum við þær greinar.

Bent er á að í ákvæðum frumvarpsins og í athugasemdum hér að framan er notað orðalagið „lög annars ríkis“. Þrátt fyrir þetta orðalag eiga ákvæði frumvarpsins við þótt ágreiningur sé um hvaða lögum eigi að beita þegar um er að ræða fleiri en eitt réttarkerfi innan sama ríkis, sbr. t.d. ef ágreiningur væri um hvort beita skuli lögum Englands eða Skotlands, eða eftir atvikum lögum Texas eða Flórída þegar samningur hefur tengsl við Bandaríkin.

Álitamál kunna að koma upp varðandi það hvað hugtakið „samningsskuldbinding“ (contractual obligation) merkir. Þannig má varpa fram þeirri spurningu eftir hvers lands lögum það fari hvort skuldbinding teljist samningsskuldbinding í skilningi laganna. Ef tekið er mið af viðhorfum fræðimanna sem fjallað hafa um skýringar á Rómarsamningnum er meginviðhorfið það að hugtakið „samningsskuldbinding“ í honum sé Evrópuréttarlegs eðlis. Þetta merkir að inntak hugtaksins ákvarðast af Evrópuréttinum sjálfum, en ekki af lögum einstakra aðildarríkja samningsins. Þetta er rökstutt með því að erfitt sé að öðrum kosti að tryggja einsleita og samræmda skýringu og framkvæmd samningsins í einstökum aðildarríkjum hans. Þótt Ísland sé ekki aðili að samningnum leiða þau rök sem búa að baki flutningi þessa frumvarps til þess að við þetta verði einnig að miða við framkvæmd og túlkun laganna hér á landi. Við skýringu á gildissviði laganna er því eðlilegt og heppilegt að gildissvið væntanlegra laga verði markað sem sama hætti og gert hefur verið og mun verða gert að því er varðar Rómarsamninginn.

Almenn skilgreining Evrópuréttarins er sú að með samningsskuldbindingum sé átt við skuldbindingar sem aðili hefur bakað sér af fúsum og frjálsum vilja. Þannig getur samningsskuldbinding sem stofnast með einhliða yfirlýsingu annars aðila, t.d. þegar um gjafagerninga er að ræða, átt undir ákvæði frumvarpsins. Með því að takmarka gildissvið laganna við skuldbindingar sem rísa af samningum milli aðila eða skuldbindingar sem leiðir af einhliða yfirlýsingum eins aðila sem baka honum skuldbindingar gagnvart öðrum, falla mál sem varða eignarréttindi og hugverkaréttindi (intellectual property) utan gildissviðs ákvæða frumvarpsins.

Í 2. mgr. eru taldar upp nokkrar tegundir samninga og samningsskuldbindinga sem falla utan gildissviðs laganna:

Í a-lið kemur fram að lögin eigi ekki við um álitaefni sem varða persónulega réttarstöðu manna eða gerhæfi. Af þessu leiðir að álitaefni sem varða gerhæfi ber að leysa á grundvelli þeirra lagaskilareglna á sviði persónuréttar sem gilda í dómstólsríkinu. Þetta er þó sagt með fyrirvara um 11. gr., en þar kemur fram að einstaklingur, sem er aðili samningssambands þar sem báðir aðilar eru í sama landinu, geti því aðeins borið fyrir sig gerhæfisskort sinn samkvæmt lögum annars lands að hinum aðilanum hafi verið kunnugt um gerhæfisskortinn eða mátt vera um hann kunnugt.

Í b-lið kemur fram að samningsskuldbindingar sem varða erfðir, þ.m.t. erfðaskrár, fjármálatengsl hjóna, eða réttindi og skyldur af sifjaréttarlegum toga, svo sem um samband foreldra og barna, mægðir, skyldleika og hjúskap, þ.m.t. samningar um framfærslu barna, falla utan gildissviðs laganna. Tilgangur þess ákvæðis er í reynd að fella undan gildissviði laganna alla samninga sem varða erfða- og sifjaréttarleg málefni.

Í c-lið kemur fram að samningsskuldbindingar sem reistar eru á víxlum, tékkum, skuldabréfum og öðrum viðskiptabréfum, að svo miklu leyti sem álitaefni sem til úrlausnar eru snerta eðli þeirra sem viðskiptabréfa, falla utan gildissviðs laganna. Við gerð Rómarsamningsins voru þau rök færð fyrir þessu að hinar sveigjanlegu meginreglur laganna, einkum þær

sem fram koma í 3. og 4. gr. voru taldar eiga illa við um viðskiptabréf. Þá skal bent á að flest ríki Evrópska efnahagssvæðisins eru aðilar að Genfarsamþykktinni um víxillög frá 1930 og annarri samþykkt um tékkalög sem skuldbundu aðila til að taka upp í lög hjá sér reglur sem væru samhljóða texta að slíkum lögum sem fylgdu samþykktunum. Samþykktirnar voru ekki undirritaðar af Íslands hálfu, en þrátt fyrir það þótti rétt að breyta íslenskum lögum um víxla og tékka til samræmis við þær. Sérstakar lagaskilareglur er þannig að finna víxil- og tékkalögum.

Í d-lið kemur fram að gerðardómssamningar og samningar um val á dómstóli falla utan gildissviðs laganna. Þegar um er að ræða samninga sem innihalda m.a. ákvæði um gerðardómsmeðferð eða val á dómstóli leiðir af þessari undantekningu að aðeins þau ákvæði falla utan gildissviðs laganna, en ekki samningurinn að öðru leyti.

Í e-lið er tekið fram að utan gildissviðs laganna falli álitaefni sem eiga undir löggjöf um fyrirtæki, félög eða aðrar lögpersónur. Hér undir falla t.d. mál sem varða stofnun (með skráningu eða öðrum hætti), löghæfi, innra skipulag eða slit og persónulega ábyrgð stjórnenda eða meðlima. Með þessu er stefnt að því að fella utan gildissviðs laganna allt sem fellur undir löggjöf um félög og fyrirtæki, annað en hreina samninga milli stofnenda þeirra. Þetta byggist á því að talið hefur verið að sérstakar lagaskilareglur þurfi á því sviði sem um ræðir í e-lið og hefur talsvert starf farið fram innan Evrópusambandsins í því skyni að samræma þær.

Í f-lið er tekið fram að lögin eigi ekki við um álitamál sem upp kunna að koma um heimildir umboðsmanns til að binda skjólstæðing sinn og um heimild stjórnenda til binda fyrirtæki, félög eða aðrar lögpersónur. Mál sem rísa kunna um heimildir umboðsmanna eða fyrirsvarsmanna að þessu leyti ber því að leysa á grundvelli laga þess lands þar sem til slíks umboðssambands er stofnað, þ.m.t. lagaskilareglna þeirra sem kunna að eiga við.

Í g-lið eru felld undan gildissviði laganna álitaefni sem varða stofnun fjárvörslusjóða (trust) og mál sem varða lögskipti stofnanda (settlor), vörslumanns (trustee) og réttahafa (beneficiaries). Skilgreining á fjárvörslusjóði miðast fyrst og fremst við enskan rétt þar sem slík stofnun er vel þekkt fyrirbæri og hefur skýrt afmarkaða merkingu. Hliðstæðir fjárvörslusjóðir þekkjast í öðrum löndum Evrópu og mundu þeir á sama hátt falla utan þessa ákvæðis, enda beri þeir öll einkenni slíkra sjóða. Það kemur í hlut dómstóla að meta það hverju sinni hvort sjóður fellur undir hugtakið fjárvörslusjóður samkvæmt lögum þessum, m.a. með samanburði við enskan rétt.

Í h-lið er fjallað um undantekningar sem varða reglur um sönnun og málsmeðferð. Ákvæðið er takmarkað við tvo þætti sönnunar, þ.e. sönnunarbyrði og um aðferðir við að sanna athafnir sem hafa þýðingu um ráðstöfun sakarefnis.

Í 3. mgr. er fjallað um vátryggingarsamninga sem varða vátryggingaratburði sem gerast innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar er tekið fram að lögin eigi ekki við um slíka vátryggingarsamninga. Undantekning er þó gerð varðandi samninga um endurtryggingu. Hún á þó aðeins við um vátryggingaratburði sem verða innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 4. mgr. 1. gr. Varði vátryggingarsamningur atburði sem verða utan þess eiga lögin við, enda sé öðrum skilyrðum fyrir því fullnægt. Við ákvörðun um hvort atburður hafi gerst innan Evrópska efnahagssvæðisins ber að beita lögum dómstólsríkis.

Um 2. gr.

Með ákvæðinu er lögð áhersla á víðfeðmt gildissvið frumvarpsins. Það er ekki bundið við að ákvæði þess leiði til að beita beri lögum lands sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig gilda þau einnig fullum fetum þótt þau leiði til þess að beitt verði reglum lands utan

svæðisins. Ástæða er til að taka þetta fram þar sem reglur laganna geta auðveldlega leitt til þess að beita beri lögum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins, t.d. vegna þess að aðilar hafa samið um það, sbr. 3. gr. Aðrar reglur laganna geta einnig leitt til hins sama, sbr. t.d. 4. gr. þegar samningur er talinn hafa sterkust tengsl við það land.

Um 3. gr.

Meginregla frumvarpsins kemur fram í 1. mgr., en samkvæmt því ákvæði eiga við þau lög sem samningsaðilar hafa komið sér saman um. Slíkt samkomulag getur ýmist komið fram í samningnum berum orðum, eða verður með vissu talið felast í honum eða öðrum atvikum sem tengjast samningsgerðinni.

Þessi regla er þegar viðurkennd í íslenskum lagaskilarétti og er raunar viðurkennd sem grundvallarregla í lagaskilarétti á sviði samningaréttar um allan heim. Svipaða eða sömu reglu er að finna í fjölmörgum alþjóðasamningum á sviði lagaskilaréttar. Reglan sækir stoð sína í grundvallarregluna um samningsfrelsið og styðst við augljós rök, sem ekki er þörf á að rekja hér. Þrátt fyrir það sætir hún vissum takmörkunum sem síðar verða raktar.

Aðilar geta ýmist samið um lagaval berum orðum í samningi eða það verður eftir atvikum talið felast í samningnum með vissu eða öðrum atvikum sem samningsgerðinni tengjast. Hið fyrra gefur ekki tilefni til mikilla athugasemda. Helst kemur til greina að víkja frá því sem berum orðum segir í samningi ef gild rök eru til þess að ætla að um hrein mistök eða pennaglöp hafi verið að ræða. Síðara atriðið veitir aftur á móti svigrúm til túlkunar. Samkvæmt því er í sjálfu sér ekki nauðsynlegt að aðilar taki afstöðu til lagavals berum orðum í samningi sínum heldur nægir að það verði af honum ráðið án skynsamlegs vafa eða af öðrum atvikum. Dæmi um þetta gæti verið þegar samningur gerir ráð fyrir að mál skuli reka fyrir íslenskum dómstólum. Þetta ætti að veita nokkuð örugga vísbendingu um að farið skuli að íslenskum lögum, þótt það sé ekki tekið fram, nema atvik bendi sterklega til annars. Þá er hugsanlegt að aðilar hafi áður gert samninga svipaðs efnis þar sem afstaða hefur verið tekin til lagavals og gæti það gefið sterka vísbendingu um hug aðila að þessu leyti, nema annað verði ráðið af sjálfum samningnum. Þá er hugsanlegt að til staðar séu rammasamningar eða heildarsamningar um viðskipti aðila þar sem finna má ákvæði sem lúta að lagavali, þótt þau sé ekki að finna í þeim tiltekna samningi sem ágreiningur hefur risið út af.

Í niðurlagi 1. mgr. er tekið sérstaklega fram að samningsaðilar geti samið um að tiltekin lög skuli gilda um samninginn í heild eða að hluta. Þannig er vel hugsanlegt að reglur eins lands eigi við um tiltekinn hluta samningsins, en reglur annars lands um aðra hluta hans (depeçage). Þessi möguleiki undirstrikar frelsi samningsaðila til að semja um slíkt og er í fullu samræmi við regluna í 1. mgr.

Reglan sem fram kemur í 2. mgr. er í fullu samræmi við 1. mgr. Í henni felst að aðilar geta á síðari stigum, eftir að samningur hefur verið gerður, breytt samkomulagi sínu um lagaval eða því lagavali sem leiðir af reglum laganna. Þetta er þó háð því skilyrði að slíkt samkomulag hafi ekki áhrif til hins verra á réttarstöðu þriðja manns sem kann að hafa lögmætra hagsmuna að gæta af því að fyrri ákvörðun sé ekki breytt án samþykkis hans.

Í 3. mgr. eru settar vissar skorður við fullu frelsi aðila til að semja um lagaval. Í henni felst að hafi samningsaðilar samið um að beitt skuli erlendum lögum, hvort sem ágreining á að leggja undir erlendan dómstól eða ekki, en málefni samningsins tengjast að öðru leyti aðeins einu landi, komi slíkur samningur ekki í veg fyrir, séu skilyrði til þess að öðru leyti fyrir hendi, að unnt sé að beita ófrávíkjanlegum reglum þess lands sem samningurinn tengist.

Regla 3. mgr. 3. gr. hefur það hlutverk að stemma stigu við því að þegar samningur hefur í reynd aðeins tengsl við eitt land (a fully domestic situation) geti aðilar farið í kringum ófrá-

víkjanlegar reglur þess lands með því að vísa til laga eða reglna annars lands sem ekki innihalda slíkar ófrávíkjanlegar reglur. Vitaskuld getur þessi regla valdið túlkunarerfiðleikum í framkvæmd. Í fyrsta lagi þarf að meta hvort samningur tengist í reynd að öllu leyti aðeins einu landi og í öðru lagi hverjar eru hinar ófrávíkjanlegu reglur sem við eiga. Dæmi um hið fyrrnefnda væri t.d. þegar aðilar eru báðir eða allir búsettir í sama landi, samningurinn er gerður þar og hann á að efna þar að fullu. Með hinum ófrávíkjanlegum reglum er átt við reglur sem aðilar gætu ekki samið sig undan við hreinar innanlandsaðstæður (domestic situation). Enn fremur er rétt að benda á að samningsfrelsi aðila er einnig nokkuð takmarkað í 5. og 6. gr., svo sem nánar er vikið að í athugasemdum við þær greinar.

Í 4. mgr. 3. gr. kemur fram að ákvörðun um það hvort samþykki um lagaval er til staðar og um gildi þess fari skv. 8., 9. og 11. gr. laga þessara. Í þessu ákvæði er tekið af skarið um það að rísi upp álitamál um efnislegt eða formlegt gildi ákvæðis í samningi um lagaval skuli tilvitnuð ákvæði eiga við, rétt eins og um önnur atriði sem lúta að efnislegu eða formlegu gildi samnings.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. kemur fram sú regla að þegar aðilar hafa ekki samið um lagaskil og ekki verður með neinni vissu ráðið af samningum að öðru leyti hvers lands lögum aðilar ætlast til að verði beitt skuli beita lögum þess lands sem samningurinn hefur sterkust tengsl við. Áþekk regla var fyrir gildistöku Rómarsamningsins viðurkennd í flestum ríkjum Efnahagsbandalags Evrópu og sama regla hefur verið talin eiga við hér á landi. Í ákvæðinu er enn fremur tekið fram að hafi afmarkaður hluti samningsins nánari tengsl við annað land en það sem leiða mundi af 1. málsl. ákvæðisins, sé unnt að beita lögum þess lands að því er þann hluta samnings varðar. Mælikvarði sá sem notaður er í 1. mgr. er vissulega matskenndur. Af þeim sökum er að finna í 2.–5. mgr. nánari leiðbeiningarreglur um það hvernig ákvarða ber hvaða land samningur hefur sterkust tengsl við.

Í 2. mgr. kemur fram að litið skuli svo á að jafnaði að samningurinn hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá aðili býr við samningsgerðina sem á að efna aðalskyldu samningsins. Þegar fyrirtæki, félag eða önnur lögpersóna ber aðalskylduna skal að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem viðkomandi aðili hefur aðalstöðvar sínar. Rétt er að benda á að orðalagið „að jafnaði“ merkir að hugsanlegt er að líta fram hjá reglunni ef atvik að öðru leyti mæla sterklega með því, sbr. einnig 5. mgr. þessarar greinar.

Tilgangur 2. mgr. er í fyrsta lagi sá að setja fram leiðbeiningarreglu um það hvernig beri að ákvarða við hvaða land samningur hefur sterkust tengsl. Reglan er hins vegar háð því skilyrði að unnt sé að ákvarða það sem kallað er aðalskylda samnings, enda á hún ekki við að öðrum kosti, sbr. nánar 5. mgr. 4. gr. Enn fremur takmarkast gildissvið reglunnar af 3. og 4. mgr. greinarinnar þegar um er að ræða tilteknar tegundir samninga. Í öðru lagi þjónar regla 2. mgr. því hlutverki að ákvarða nánar hvers lands lögum skuli beitt þegar um er að ræða gagnkvæma samninga, sem aðilum ber að efna hvorum innan sinnar lögsögu. Með því að vísa til aðalskyldu samningsins er gert upp á milli þeirra. Sem dæmi má nefna samning um kaup á tiltekinni vöru þar sem peningagreiðsla kemur gegn afhendingu vöru og aðilar efna samningsskuldbindingar sínar hvor í sínu landi. Í þessu tilfelli er rétt að gera ráð fyrir að afhending vörunnar sé aðalskylda samningsins, enda er skyldan til að afhenda vöru sértækari en almenn skylda til að inna peningagreiðslu af hendi, og fyrir fram mun líklegri til að hafa í för með sér lögfræðileg álitaefni. Sama á að sjálfsögðu við ef látin er í té þjónusta gegn peningagreiðslu eða önnur réttindi látin af hendi.

Meginreglan sem fram kemur í fyrri hluta 2. mgr. er nánar útfærð í seinni hlutanum. Þar kemur fram að hafi samningurinn verðið gerður í tengslum við atvinnurekstur og samning ber að framkvæma á öðrum stað skal litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá sem skylduna ber hefur sína aðalstarfsstöð. Í þessu ákvæði kemur aðalstarfsstöð í staðinn fyrir búsetu og aðalstöðvar.

Í 3. mgr. er fjallað sérstaklega um samninga sem varða fasteignir og réttindi yfir fasteignum, þ.m.t. afnotarétt. Ákvæðið gildir einnig þótt aðeins hluti samningsins varði fasteignir, en þá aðeins að því er varðar þann hluta. Í ákvæðinu felst að jafnan skuli litið svo á að samningur hafi mest tengsl við það land þar sem fasteignin er. Þetta er regla sem var talin gilda í lagaskilarétti margra ríkja EBE áður en Rómarsamningurinn tók gildi. Bent skal á að notað er orðalagið „jafnan litið svo á“ sem bendir til þess að unnt er að hnekkja þessari forsendu ef atvik að öðru leyti benda sterklega til þess að samningur hafi eftir sem áður mest tengsl við annað land. Dæmi um þetta gæti verið ef tveir íslenskir aðilar, sem báðir eru búsettir á Íslandi, gerðu samkomulag sín á milli um leigu á sumarhúsi á Ítalíu. Við þessar aðstæður væri unnt að halda því fram að samningurinn hefði mest tengsl við Ísland og því ætti að beita íslenskum lögum, en ekki ítölskum, eins og annars mundi leiða af 3. mgr.

Ákvæði 3. mgr. hefur verið skýrt svo að utan gildissviðs þess falli samningar um byggingu húsa og annarra mannvirkja og viðgerðarsamningar, enda er þar frekar um að ræða viðskipti um þjónustu en samninga sem varða fasteignina sem slíka og réttindi yfir henni. Ákvæði þetta er hliðstætt 1. mgr. 16. gr. Lúganósamningsins, sbr. lög nr. 68/1995. Þar kemur fram að í málum sem varða réttindi yfir fasteign eða leigu fasteignar hafi dómstólar í því landi þar sem fasteignin er einir dómsvald. Að því er varðar samninga sem varða hlutdeild í afnotarétti orlofshúnæðis vísast til laga nr. 23/1997. Þar kemur fram í 2. mgr. 1. gr. að kaupandi að hlutdeild í afnotarétti af fasteign sem staðsett er á Evrópska efnahagssvæðinu nýtur verndar samkvæmt ákvæðum þeirra laga, þótt um samninginn fari eftir löggjöf lands utan svæðisins.

Í 4. mgr. er að finna sérákvæði um samninga um vöruflutninga, sem taka mið af sérstöku eðli slíkra samninga. Þar kemur fram að meginregla 2. mgr. gildir ekki þegar um er að ræða slíka samninga. Þegar um þá er að ræða og flytjandi hefur aðalbækistöðvar í sama landi og farmurinn er lestaður eða hann affermdur eða í sama landi og aðalbækistöðvar sendanda eru skal jafnan litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land. Sem dæmi um beitingu þessa ákvæðis mætti nefna að A gerir samning við Eimskip, sem hefur aðalstöðvar sínar á Íslandi, um flutning á vörum. Þá nægir að samningur uppfylli eitt af þeim skilyrðum sem fram koma í ákvæðinu til þess að íslenskum lögum verði beitt, þ.e. farmurinn sé lestaður á Íslandi eða hann affermdur þar eða sendandi hafi þar sína aðalstarfsstöð. Við beitingu þessa ákvæðis skal litið á farmsamninga um einstaka ferð (single voyage charter-parties) og aðra samninga sem hafa vöruflutninga sem meginmarkmið sem samninga um vöruflutninga. Samningar um flutninga á fólki eiga undir 2. mgr. 3. gr.

Samkvæmt 5. mgr. 4. gr. á 2. mgr. 4. gr. ekki við þegar ekki er unnt að afmarka aðalskyldu samnings. Þetta merkir að beiting leiðbeiningarreglunnar í 2. mgr. á því aðeins við að þetta sé unnt. Að öðrum kosti verður að meta það eftir atvikum hverju sinni á grundvelli 1. mgr. hvaða land það er sem samningur telst hafa sterkust tengsl við.

Um 5. gr.

Ákvæði 5. gr. hefur að geyma sérstakar lagaskilareglur varðandi neytendasamninga.

Í 1. mgr. er gildissvið ákvæðisins afmarkað. Hugtakið neytendasamningur á sér samsvörun í 13. gr. Lúganósamningsins. Samkvæmt því er um neytendasamning að ræða þegar maður

(neytandi) gerir samning um kaup á vöru eða þjónustu í tilgangi sem telja verður að varði ekki atvinnu hans. Tilgangur ákvæðisins er að vernda neytendur og ber að skýra ákvæðið í samræmi við þann tilgang. Samkvæmt því á ákvæðið aðeins við þegar annar aðili samnings selur vöru eða þjónustu til neytanda sem lið í atvinnu sinni.

Ef viðskiptin fara fram þannig að þau eru hvorki liður í atvinnu seljanda né kaupanda á 5. gr. ekki við, t.d. þegar maður kaupir notaða lausafjármuni (eða fornmuni) af öðrum einstaklingi án þess að það sé liður í atvinnustarfsemi. Þá á hún í samræmi við þetta heldur ekki við þegar báðir aðilar samnings gera hann sem lið í atvinnu sinni. Dæmi um það eru kaup tannlæknis á tækjum til nota í rekstri sínum frá framleiðanda eða söluaðila. Ákvæðið á jafnt við um staðgreiðsluviðskipti og samning um lánsviðskipti sem er gerður í tengslum við kaupin. Hugsanlegt er að aðeins hluti samnings sé neytendasamningur í skilningi þessa ákvæðis og fellur þá sá hluti hans undir ákvæði 5. gr. Dæmi um íslenskar reglur sem ekki er hægt að víkja frá með samningi neytanda í óhag eru ákvæði laga um neytendalán, nr. 121/1994, sbr. 24. gr. þeirra laga.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem felur í sér að neytandinn skuli aldrei vera verr settur en lög þess lands þar sem hann á heima gera ráð fyrir, jafnvel þótt samningurinn hafi að geyma ákvæði sem gerir ráð fyrir að lög annars lands skuli lögð til grundvallar. Fyrir þessu eru þó sett ákveðin skilyrði, sem fram koma í 2. mgr. Nægilegt er að samningur uppfylli eitt þessara skilyrða.

Hið fyrsta tekur til þess þegar undanfari samningsins er sérstakt tilboð til neytandans eða almenn auglýsing og allur nauðsynlegur undirbúningur fyrir samningsgerðina af hans hálfu hafi farið fram í því landi þar sem neytandi býr. Í þessu felst skilyrði um að seljandinn hafi boðið fram vöru sína, svo sem með sérstöku tilboði eða auglýsingu í blöðum, útvarpi eða sjónvarpi, eða á annan hátt í því landi þar sem neytandinn á heima. Hér undir falla einstök tilboð sem seljandi kann að hafa gert viðkomandi neytanda, annaðhvort fyrir tilstilli umboðsmanns eða sérstakra sölumanna, eða sérstök tilboð sem berast honum í pósti, gegnum síma eða á annan hátt. Til nánari skýringar má taka sem dæmi að seljandinn birtir auglýsingu í íslensku blaði eða tímariti. Samningar sem gerðir yrðu í framhaldi af því falla undir sérreglu 5. gr. Ef slík auglýsing birtist í dönsku blaði, sem ætlað er fyrir danskan markað, gæti Íslendingur búsettur hér á landi ekki borið ákvæðið fyrir sig. Skilyrði er að kaupandinn hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til undirbúnings samningsgerðinni í því landi þar sem hann býr. Þetta skilyrði er orðað á þennan sérstaka hátt til að aðgreina það frá þeim stað þar sem samningur er gerður, þar sem algengt er að slíkir samningar séu gerðir með bréfaskiptum eða fjarskiptum og því oft erfitt að skera úr um það hver samningsstaðurinn í reynd er.

Annað skilyrði er að seljandinn, eða umboðsmaður hans, hafi tekið við pöntun í því landi þar sem neytandinn býr. Þetta skilyrði skarast nokkuð við það sem nefnt er hér að framan, en getur þó haft sjálfstæða þýðingu. Sem dæmi um það er tilvik þegar seljandinn, sem hefur aðsetur í öðru landi, hefur kynnt vöru sína á sýningu í því landi þar sem neytandinn býr, án þess að um auglýsingu eða tilboð sé að ræða, og neytandinn pantar á sýningarstað.

Þriðja skilyrðið tekur til þess þegar samning um sölu vöru er að rekja til þess að neytandinn ferðaðist frá heimalandi sínu til annars lands og gerði samning þar og ferðin var skipulögð að undirlagi seljandans í þeim tilgangi að hvetja neytandann til kaupanna. Þetta eru viðskiptahættir sem eru að nokkru kunnir á meginlandi Evrópu þar sem eigendur stórra verslana eða verslanasamstæðna skipuleggja ferðir, t.d. með langferðabifreiðum, frá nágrannabyggðum í öðru landi í því skyni að auka sölu.

Í 3. mgr. felst að neytandinn nýtur ávallt verndar ófrávíkjanlegra reglna í því landi þar sem hann býr hvort sem samningur hefur að geyma ákvæði um lagaval, sbr. 3. gr., eða þau ákvarðast skv. 4. gr.

Í 4. mgr. kemur fram að ákvæði 5. gr. eigi ekki við um flutningasamninga. Þá eiga þau heldur ekki við þegar neytandi kaupir þjónustu sem á að öllu leyti að láta í té í öðru landi en því þar sem hann á heima. Undantekningin um flutningasamninga byggist á því að reglur 5. gr. eigi illa við um slíka samninga og að þær reglur sem er að finna í 4. mgr. 4. gr. veiti nægilega vernd í þessu efni. Síðari undantekningin byggist á því að við þær aðstæður sem þar er lýst hafi samningur í reynd lítil eða engin tengsl við heimaríki neytandans. Sem dæmi mætti nefna þegar neytandi pantar gistingu á hóteli í öðru landi. Við þessar aðstæður væri óeðlilegt ef neytandi gæti beitt fyrir sig lögum heimaríkis síns.

Ákvæði 5. gr. tryggja neytanda vernd samkvæmt ófrávíkjanlegum reglum í því landi þar sem hann á heima. Í enskri útgáfu Rómarsamningsins er notað hugtakið „habitual residence“. Með því er átt við dvöl um nokkurn tíma á tilteknum stað, án þess þó að skilyrðum um heimilisfesti (domicil) þurfi að vera fullnægt.

Um 6. gr.

Ákvæði 6. gr. fela í sér vissar takmarkanir á frelsi til að semja um lagaskil þegar um er að ræða vinnusamninga og miða þær að vernd launþega. Greinin útilokar að sjálfsögðu ekki að aðilar vinnusamnings geti samið um lagaval, enda eiga ákvæði 2. mgr., þegar samkomulag er til staðar, aðeins við að svo miklu leyti sem þær leiða til betri réttarstöðu launþegans en leiða mundi af lögum þess lands sem samið hefur verið um að beita skuli. Sem dæmi má nefna að lög þau sem 2. mgr. vísar til hafa að geyma ákvæði um lengri uppsagnarfrest en leiða mundi af þeim reglum sem vinnusamningurinn vísar til. Við þessar aðstæður gilda um uppsagnarfrestinn lög þau sem 2. mgr. vísar til.

Þær ófrávíkjanlegu reglur sem 1. mgr. vísar til eru ekki aðeins reglur sem varða vinnusamninginn sem slíkan heldur einnig t.d. reglur sem leiðir af heildarkjarasamningum og almennum lögum, svo sem um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, enda þótt þær séu hér á landi taldar á sviði opinbers réttar. Þótt orðið vinnusamningur sé notað í ákvæðinu á það í reynd við allar aðstæður þar sem vinnusamband er til staðar, óháð því hvort skriflegur vinnusamningur hefur verið gerður eða ekki, enda eiga ófrávíkjanlegar reglur um vinnusamninga við eftir sem áður. Þá vísar ákvæðið einnig til reglna sem kunna að gilda um ógilda vinnusamninga.

Í 2. mgr. 6. gr. er að finna ákvæði um það hvernig skuli fara með vinnusamninga ef ekki er samið um lagaskil. Þá eiga við sérstakar reglur sem raktar eru í a- og b-lið. Skv. a-lið skal við þessar aðstæður beita lögum þess lands þar sem launþegi að jafnaði starfar, enda þótt honum hafi tímabundið verið falin störf í öðru landi. Í b-lið er að finna ákvæði sem tekur til þess þegar launþegi vinnur störf sín að jafnaði ekki í neinu tilteknu landi. Við þær aðstæður eiga við lög þess lands þar sem er starfsstöð sú sem réð hann til starfa. Ef aðstæður eru þannig að samningurinn hefur meiri tengsl við annað land ber að beita lögum þess lands.

Um 7. gr.

Skýra má inntak 1. mgr. 7. gr. með dæmi. Mál er rekið fyrir íslenskum dómstóli. Ef lög þessi leiða til þess að beita á norskum lögum en atvik málsins hafa einnig rík tengsl við Þýskaland og í Þýskalandi gilda ófrávíkjanlegar reglur, sem skylt er að beita um samninginn, er heimilt að beita hinum þýsku ófrávíkjanlegu reglum, þótt norsk lög eigi við samninginn að öðru leyti. Við mat á því hvort svo skuli gert ber að taka tillit til eðlis og tilgangs hinna

ófrávíkjanlegu reglna og afleiðinga þess að beita þeim eða eftir atvikum beita þeim ekki. Skv. 2. mgr. er aftur á móti ávallt heimilt að beita ófrávíkjanlegum reglum þess lands þar sem málið er rekið (dómstólsríkis). Við þær aðstæður eiga ekki við þær takmarkanir sem fram koma í niðurlagi 1. mgr.

Í 1. mgr. 7. gr. er að finna nokkur matskennd atriði sem ástæða er til að fara nokkrum orðum um. Hið fyrsta er að atvik málsins verða að hafa „náin tengsl“ við viðkomandi land. Lausleg tengsl eru ekki nægileg. Sem dæmi um slík náin tengsl er það þegar samning ber að efna í því landi, annar aðili er búsettur þar eða höfuðstöðvar hans eru þar, ef því er að skipta. Í ákvæðinu er notað orðalagið „atvik málsins“ sem á að útiloka að reglunni verði beitt þegar aðeins hluti samnings hefur tengsl við viðkomandi land. Þá er niðurlag 1. mgr. nokkuð matskennt þar sem mælt er svo fyrir að taka beri tillit til eðlis og tilgangs hinna ófrávíkjanlegu reglna og afleiðinga þess að beita þeim eða, eftir atvikum, látið hjá líða að beita þeim. Hér er dómaranum eftirlátið talsvert svigrúm til mats og m.a. haft í huga að hann þurfi að velja á milli ófrávíkjanlegra reglna fleiri en eins lands.

Með 2. mgr. 7. gr. er ófrávíkjanlegum reglum þess lands þar sem málið er rekið (dómstólsríkis) gefið sérstakt vægi. Þeim reglum getur dómari ávallt beitt án þess að hinum matskenndu skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt. Hér eru einkum hafðar í huga reglur um hringamyndun, neytendavernd, samkeppni og reglur um flutninga, sem eru ófrávíkjanlegar, óháð því hvers lands lögum á annars að beita um ágreininginn.

Við gerð Rómarsamningsins komu þær röksemdir fram fyrir þessari reglu að samningsaðilar gætu ekki farið í kringum ófrávíkjanlegar reglur í landi sem samningur og önnur atvik sem honum tengjast hafa augljós og náin tengsl við.

Um 8. gr.

Í 8. gr. eru ákvæði um það hvers lands lögum skuli beita ef ágreiningur er um efnislegt gildi samnings eða einstakra ráðstafana í tengslum við gerð hans. Þar er gert ráð fyrir að sé ágreiningur um tilvist eða efnislegt gildi samnings eða einstakra ákvæða hans, þ.m.t. ákvæði hans um lagaval, skuli leysa úr slíkum ágreiningi samkvæmt þeim lögum sem eiga mundu við um samninginn ef hann eða einstök ákvæði hans væru gild.

Megintilgangur samsvarandi ákvæðis Rómarsamningsins er að taka afstöðu til þess hvers lands lögum skuli beita við ákvörðun um það hvort og að hvaða marki þögn eða athafnaleysi (tómlæti) aðila getur bakað honum samningsskuldbindingar. Þó er bent á að samkvæmt orðalaginu sé gildissvið 8. gr. ekki bundið við það. Ákvæðið tekur til allra atriða sem varða tilurð og gerð samningsins, þ.e. hvort til staðar eru ógildingarástæður sem valda mundu efnislegu ógildi samningsins. Hér má t.d. nefna fölsun, réttaráhrif tómlætis, réttaráhrif eftirfarandi samþykkis, afbökun, samningur aflagast, þýðingu tilkynninga, hvort um er að ræða málamyndagerning, nauðung, svik, misneytingu, viljaskort, forsendubrest, óheiðarlegt að bera samning fyrir sig og hvort t.d. almenn ógildingarregla 36. gr. samningalaga, nr. 7/1936, geti átt við.

Sem dæmi til frekari skýringar á reglunni í 1. mgr. 8. gr. má nefna það þegar norsk lög eiga við samning samkvæmt lögum þessum. Ef því væri haldið fram að samningurinn hefði ekki komist á, t.d. vegna samþykkisskorts, nauðungar eða annarra atvika, leiðir regla 1. mgr. 8. gr. til þess að beita ætti norskum lögum við úrlausn þess álitaefnis.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um frávik frá ákvæði 1. mgr. Þar er gert ráð fyrir að aðili geti byggt á lögum þess lands þar sem hann býr til að sýna fram á að hann hafi ekki veitt samþykki sitt, ef atvik máls eru þannig að ósanngjarnt þykir að dæma um réttaráhrif athafna hans eða athafnaleysis eftir þeim reglum sem leiða mundi af 1. mgr. Við mat á því hvort 2. mgr. á við

ber dómara að taka tillit til atvika málsins í heild sem tengjast samningsgerðinni og jafnvel fyrri samskipta aðila. Afleiðing 2. mgr. gæti orðið sú að losa aðila undan samningi, sem hann annars væri bundinn af skv. 1. mgr. 8. gr. Hins vegar verður 2. mgr. ekki beitt til að sýna fram á að samningur hafi stofnast, sem ekki er gildur skv. 1. mgr.

Ákvæði 8. gr. eiga ekki almennt við um það þegar ágreiningur er um hvort um samningsskuldbindingar er að ræða eða annars konar skyldur. Vísast til athugasemda við 1. gr. um þetta efni.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er að finna ákvæði sem fjalla um það hvers lands lögum skuli beita þegar ágreiningur er um formlegt gildi samnings. Hér er átt við reglur um form samninga eða hvernig staðið skuli formlega að þeim og fullnægja verður til þess að litið sé svo á að samningur sé til staðar.

Í 1. mgr. 9. gr. kemur fram að samningur sem gerður er milli einstaklinga sem eru í sama landinu sé gildur að formi til ef hann fullnægir formkröfum laga þess lands sem eiga við hann samkvæmt lögum þessum eða lögum þess lands þar sem hann var gerður.

Í 2. mgr. 9. gr. er vikið að þeirri aðstöðu þegar samningsaðilar eru hvor í sínu landinu þegar samningur er gerður. Á sama hátt og í 1. mgr. er gert ráð fyrir að ákvarða skuli formlegt gildi samnings eftir þeim lögum sem lög þessi mundu vísa til, en jafnframt er tekið fram að nægilegt sé að samningur uppfylli formkröfur í öðru þeirra ríkja sem samningsaðilar eru í við samningsgerðina. Dæmi um þetta gæti verið þegar annar samningsaðila er á Íslandi en hinn í Danmörku og samið er um að um ágreining skuli dæma eftir frönskum lögum. Af 2. mgr. leiðir að nægilegt er að samningur teljist formlega gildur samkvæmt lögum eins þessara þriggja ríkja.

Í 3. mgr. er ákvæði um það hvernig með skuli fara ef umboðsmaður gerir samning fyrir hönd skjólstæðings síns. Samkvæmt ákvæðinu kemur land það þar sem umboðsmaður framkvæmir ráðstafanir sínar í stað þess lands þar sem aðili er skv. 1. og 2. mgr.

Í 4. mgr. kemur fram að ráðstöfun sem ætlað er að hafa réttaráhrif í tengslum við gerðan samning eða fyrirhugaðan samning sé gild ef hún fullnægir formkröfum þeirra laga sem við eiga samkvæmt lögum þessum eða ættu við um samninginn ef hann væri gildur, eða þess lands þar sem ráðstöfun var gerð.

Framangreind regla á við um samninga og einhliða ráðstafanir sem ætlað er að hafa réttaráhrif. Hér er ekki síst átt við einhliða ráðstafanir sem tengjast gerð samninga sem gerðir hafa verið eða fyrirhugaðir eru. Slíkar ráðstafanir geta verið af ýmsum toga, svo yfirlýsing um uppsögn, eftirgjöf skuldar, riftun eða höfnun efnda. Þessar ráðstafanir verða að standa í tengslum við samning. Einhliða ráðstafanir sem ekki tengjast samningi, t.d. einhliða skuldaviðurkenning, einhliða viðurkenning bótaábyrgðar utan samninga eða einhliða yfirlýsing um yfirfærslu réttinda í hlut eða verðmæti tengist ekki samningi fellur utan gildissviðs 9. gr. og raunar laganna í heild. Til að skýra tengsl 4. mgr. 9. gr. og ákvæðis 8. gr. frumvarpsins má taka sem dæmi að aðili samnings lýsir samning ógildan. Ágreiningur um það hvort staðið hafi verið að yfirlýsingunni með réttum formlegum hætti á þá undir 9. gr., sbr. einkum 4. mgr., en ágreiningur um það hvort efnislegum skilyrðum ógildingar sé fullnægt á undir 8. gr.

Reglur 1.–4. mgr. 9. gr. byggjast á því sjónarmiði að líkur séu til að samningur eða ráðstafanir sem gerðar eru í tengslum við samning séu formlega gildar þar sem miðað er við að það sé nægilegt að samningur eða ráðstafanir fullnægi formreglum í einhverju þeirra ríkja sem koma til greina. Sem dæmi um þetta er samningur sem gerður er á Íslandi, en í honum gert ráð fyrir að um ágreining skuli fara að frönskum lögum. Samningurinn telst formlega

gildur þótt hann fullnægi ekki formkröfum franskra laga ef hann telst fullnægja kröfum íslenskra laga.

Í 5. og 6. mgr. er að finna sérákvæði um ákveðnar tegundir samninga, þ.e. neytendasamninga annars vegar og samninga sem varða réttindi yfir fasteignum hins vegar.

Samkvæmt 5. mgr. eiga ákvæði 1.–4. mgr. 9. gr. um neytendasamninga skv. 5. gr. frumvarpsins, enda séu þeir gerðir við þær aðstæður sem lýst er í 2. mgr. 5. gr. Í ákvæðinu er tekið af skarið um að gildi slíkra samninga skuli ávallt ákvarðast eftir lögum þess lands þar sem neytandinn býr. Að baki þessu búa sömu sjónarmið um neytendavernd og búa að baki 5. gr.

Ákvæði 6. mgr. eiga við um samninga um réttindi yfir fasteignum, þ.m.t. afnotarétt. Þar er gert ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. 9. gr. eigi við um slíka samninga ófrávíkjanlegar formreglur laga þess lands þar sem fasteignin er, ef þær reglur samkvæmt þeim lögum eiga við óháð því í hvaða landi samningurinn er gerður og óháð þeim lögum sem annars eiga við um samninginn. Með þessu er reglum þess lands þar sem fasteign er gert hærra undir höfði en annarra ríkja, enda geri þær reglur ekki sjálfar ráð fyrir öðru.

Í 9. gr. er ekki skilgreint hvað er átt við með formlegu gildi samnings. Þetta getur verið erfitt að afmarka nákvæmlega, sérstaklega gagnvart því sem í 8. gr. er nefnt efnislegt gildi. Þó er miðað við að undir formkröfur um gildi samnings falli sérhver ráðstöfun sem nauðsynleg er af hálfu aðila til að gefa til kynna vilja sinn til að vera bundinn og sem mundi leiða til þess að skuldbinding stofnaðist ekki ef hún væri ekki til staðar. Þetta má skýra frekar með hliðsjón af íslenskum samningarétti. Almennt eru samningar ekki formbundnir að íslenskum rétti, þótt frá því séu vissar undantekningar. Sem dæmi um þetta eru ákvæði í lögum um húsaleigusamninga þar sem gert er ráð fyrir að húsaleigusamningar skuli vera skriflegir. Slíkar undantekningar eru fleiri þótt þær verði ekki raktar hér.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er að finna ákvæði sem varðar gildissvið laga þess lands sem samningur vísar til skv. 3.–6. gr. og 12. gr. Þar kemur fram að lögin skuli einkum taka til nánar tilgreindra atriða. Vakin er athygli á að notað er orðalagið „einkum“, sem merkir að upptalningin í 10. gr. er ekki tæmandi. Þau atriði sem talin eru upp eru þessi: a) túlkun samnings, b) efndir, c) afleiðingar vanefnda, þ.m.t. ákvörðun bóta að svo miklu leyti sem þær eru ákvarðaðar samkvæmt lagareglum, með þeim takmörkunum sem leiðir af réttarfarslögum um heimildir dómstóla, d) mismunandi lyktir samninga, tómlæti og fyrningu og e) afleiðingar þess að samningur telst ógildur. Samkvæmt þessu falla undir 1. mgr. álitaefni um það hvort samningur hefur verið réttilega efndur, að hve miklu leyti annar en sá sem er skuldbundinn getur uppfyllt samninginn og önnur atriði sem varða efndir hans, um sönnun fyrir greiðslu, um afleiðingar vanefnda o.s.frv.

Í 2. mgr. kemur fram að þegar ákvarðað er hvort samningur hefur verið réttilega efndur eða hvort þær ráðstafanir sem gripið er til í tilefni vanefnda samnings skuli taka tillit til laga þess lands þar sem efndir samnings eiga að fara fram. Ákvæðið felur aðeins í sér ráðagerð um að til laga þessara verði tekið tillit, jafnvel þótt af samningnum og lögum þessum leiði að önnur lög annars lands eigi að öðru leyti við um samninginn. Með þessu orðalagi er dómara fengið svigrúm til að meta það eftir aðstæðum hverju sinni með hliðsjón af því sem sanngjarnt þykir hvort hann lætur þær reglur hafa áhrif á niðurstöðu sína.

Um 11. gr.

Í 11. gr. felst að þegar um er að ræða samning milli tveggja aðila sem eru í sama landinu geti einstaklingur sem hefur gerhæfi samkvæmt lögum þess lands því aðeins borið fyrir sig

gerhæfisskort sem leiða mundi af lögum annars lands að gagnaðili hans hafi, þegar samningurinn var gerður, vitað eða hafi mátt vita um gerhæfisskortinn samkvæmt þeim lögum.

Rifja má upp að skv. a-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að álitamál sem varða gerhæfi aðila falli utan gildissviðs laganna. Samkvæmt því ber að dæma álitmál af því tagi eftir því sem almennar lagaskilareglur einstakra ríkja gera ráð fyrir. Þær reglur eru með öðrum orðum ekki samræmdar í Rómarsamningnum. Ákvæði 11. gr. hafa þann tilgang að vernda samningsaðila sem er í góðri trú um heimildir viðsemjanda síns til samningsgerðar. Hann á ekki að þurfa að sæta því að viðsemjandi hans beri fyrir sig gerhæfisskort með vísan til reglna sem reglur lagaskilaréttar um það efni mundu leiða til, nema hann hafi vitað um gerhæfisskortinn samkvæmt þessum reglum eða hann hefði mátt vita um hann. Skilyrði er að samningurinn hafi verið gerður milli aðila í sama landinu, en það er augljóslega helst við þær aðstæður sem gagnaðili hefur ástæðu til að kynna sér sérstaklega reglur um gerhæfi í öðrum ríkjum sem samningurinn hefur tengsl við.

Um 12. gr.

Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað um þær lagaskilareglur sem gilda þegar um framsal (kröfu)réttinda er að ræða. Í 1. mgr. er fjallað um réttarsamband framseljanda og framsalshafa en í 2. mgr. um samband framsalshafa og skuldara.

Í 1. mgr. 12. gr. kemur fram sú regla að um gagnkvæmar skyldur framseljanda og framsalshafa samkvæmt samningi um framsal réttinda á hendur þriðja manni (skuldara) fer eftir lögum þess lands sem samkvæmt lögum þessum gilda um samninginn milli framseljanda og framsalshafa. Túlkun þessa ákvæðis veldur yfirleitt ekki vafa. Samkvæmt þessari málsgrein er augljóst að um samband framseljanda og framsalshafa tiltekinna réttinda fer samkvæmt þeim lögum sem gilda um framsalssamninginn. Frumvarpsgreinin á við þegar framsal kröfuréttinda verður með samningi. Á hinn bóginn er það ekki skilyrði að hin framselda krafa eigi rót sína að rekja til samnings. Það sem ræður úrslitum er fyrst og fremst hvort framsalið sem slíkt varð með samningi eða ekki. Hin framselda krafa getur á hinn bóginn átt rót sína að rekja til atvika utan samningssambands, t.d. getur þar verið um að ræða kröfu um skaðabætur utan samninga.

Af ákvæðum 1. mgr. leiðir að um réttarsamband (réttindi og skyldur) framseljanda og framsalshafa fer eftir þeim lögum sem gilda um framsalssamninginn sem slíkan. Um það atriði hver lög ráða í þeim efnum fer eftir almennum lagaskilareglum í 3. og 4. gr. laganna. Um samning framseljanda og framsalshafa er samkvæmt þessu dæmt sjálfstætt og án tengsla við þær reglur sem gilda um réttarsamband framseljanda og skuldara. Af þessu leiðir að þau lög, sem gilda um réttarsamband framseljanda og framsalshafa, þurfa engan veginn að vera sömu lögin og gilda um réttarsamband framseljanda og skuldara.

Í 2. mgr. 12. gr. kemur á hinn bóginn fram sú regla að lögum sem gilda um framseld réttindi ber einnig að beita varðandi heimildir til framsals; um sambandið milli framsalshafa og skuldara; um skilyrði þess að framsalinu verði beitt gagnvart skuldara og um sérhvert álitaefni varðandi það hvort skuldari hafi verið leystur undan skuldbindingu sinni. Orðalagið „skilyrði þess að framsalinu verði beitt gagnvart skuldara“ nær jafnt til skilyrða sem kunna að vera sett fyrir því að réttindin verði yfirleitt framseld, sem og þeirra formreglna sem nauðsynlegt er að fylgja til að gera framsalið gildandi gagnvart skuldara.

Samkvæmt 2. mgr. ber að dæma álitaefni sem varða samband framsalshafa og skuldara samkvæmt þeim lögum sem gilda um upprunalegt (ursprungliga) skuldarsamband framseljanda og skuldara. Í þessu felst að réttarstaða skuldara varðandi lagaskil breytist ekki þótt krafan sé framseld.

Skuldbindingar samkvæmt viðskiptabréfum, t.d. víxlum og skuldabréfum, falla utan gildissviðs laganna, sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Það á þó aðeins við að svo miklu leyti sem skuldbindingarnar, sem af þeim leiðir, er að rekja til eðlis þeirra sem viðskiptabréfs.

Um 13. gr.

Ákvæði 13. gr. frumvarpsins fjalla um svokallaða „subrogation", þ.e. það tilvik þegar tiltekinn aðili, t.d. ábyrgðarmaður, hefur fullnægt skyldu skuldara gagnvart kröfuhafa og þar með tekið yfir réttindi kröfuhafa gagnvart skuldara.

Samkvæmt frumvarpsgreininni er það skilyrði að krafa kröfuhafa á hendur skuldara byggist á samningi og að þriðji maður sé samkvæmt lögum eða samningi skyldur til að efna skuldbindinguna gagnvart kröfuhafa. Greiðsla þriðja manns til kröfuhafa, án þess að þriðji maður sé skyldur til slíks, fellur á hinn bóginn utan gildissviðs ákvæðisins.

Í 1. mgr. er fjallað um það tilvik þegar tiltekinn aðili (kröfuhafi) á samningskröfu á hendur öðrum aðila, skuldara, og þriðji aðili er skyldur til að efna kröfuna eða hann hefur í reynd efnt hana. Þegar svo hagar til eru það þau lög, sem mæla fyrir um framangreinda skyldu þriðja manns, sem einnig skulu ráða því hvort og þá að hvaða marki þriðji maður getur krafið skuldarann um þau réttindi sem kröfuhafi átti á hendur skuldara.

Af framangreindu leiðir að álitaefni um hvort og þá að hvaða marki sá sem greitt hefur kröfu getur tekið yfir réttindi kröfuhafans ber að leysa samkvæmt þeim lögum sem ráða því hvort þriðji maður er skyldur til að greiða í stað skuldara. Ef t.d. er um ábyrgðarskuldbindingu að ræða eru það þau lög, sem um ábyrgðarskuldbindinguna gilda, sem einnig gilda um endurkröfuna og umfang hennar.

Réttindi kröfuhafa og skyldur skuldara standa óhaggaðar hvort sem innlausn eða yfirtaka réttar á sér stað eða ekki. Um þau réttindi og þær skyldur fer samkvæmt þeim lögum sem gilda um hið upphaflega skuldarsamband. Það geta þannig verið mismunandi lög sem gilda um aðalskuldbindinguna annars vegar og hins vegar um skyldu þriðja manns til þess að greiða og heimildir hans til þess að ganga inn í rétt kröfuhafa.

Samkvæmt 2. mgr. gildir regla 1. mgr. einnig þegar fleiri aðilar eru solidariskt ábyrgir til að greiða kröfu á grundvelli sama samnings og einn þeirra hefur greitt kröfuhafanum.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er að finna ákvæði sem varða sönnunarbyrði og önnur atriði sem varða sönnun um samninga eða ráðstafanir sem kunna að hafa réttaráhrif. Þar kemur fram að hafi samningalög þess lands sem reglur frumvarps þessa vísa til að geyma löglíkindareglur eða reglur um sönnunarbyrði skuli beita þeim reglum. Þá kemur fram í 2. mgr. að samninga eða ráðstafanir sem ætlað er að hafa réttaráhrif megi sanna á hvern þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum dómstólsríkis eða lögum þeim sem 9. gr. vísar til, enda sé samningurinn eða ráðstöfunin gild samkvæmt þeirri grein. Fyrir því er þó sett það skilyrði að hægt sé að koma slíkri sönnunarfærslu við í dómstólsríkinu.

Lagaskilareglur flestra ríkja ganga út frá því að varðandi sönnun eða aðrar aðferðir til að leiða í ljós atvik máls og staðreyndir sem eiga að hafa réttaráhrif gildi reglur dómstólsríkis. Enn fremur er bent á að 14. gr. tekur ekki til slíkra reglna almennt, sbr. h-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Samkvæmt því falla réttarfarsreglur um sönnun og málsmeðferð almennt utan gildissviðs frumvarps þessa. Ákvæði 14. gr. er aftur á móti bundið við að slíkar reglur sé að finna í samningalögum viðkomandi lands, með öðrum orðum sérreglur um aðferðir við sönnun tiltekinna atvika sem hafa réttaráhrif á samningssambandið eða reglur um sönnunarbyrði. Sé slíkum reglum til að dreifa í lögum þess lands sem eiga við um samninginn sam-

kvæmt frumvarpinu ber að beita þeim reglum. Þetta er eðlileg skipan þar sem reglur af þessu tagi eru í nánum tengslum við samninginn sjálfan og geta ráðið úrslitum um það hvaða skuldbindingar verða taldar felast í honum.

Sem dæmi um löglíkindreglur varðandi samninga í íslenskum rétti má nefna 68. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

Um 15. gr.

Orðin „heimvísun“ og „framvísun“ eru notuð hér sem þýðing á franska orðið *renvoi*, en það er í lagaskilarétti notað um þær aðstæður þegar lagaskilareglur eins lands (A) leiða til þess að beita beri reglum landsins B við úrlausn máls, en lagaskilareglur þess lands (B) vísa aftur til reglna landsins A (heimvísun) eða jafnvel annars lands C (framvísun). Ákvæði 15. gr. frumvarpsins hefur þann tilgang að koma í veg fyrir þetta og taka af skarið um það að ákvæði frumvarpsins vísa ekki til lagaskilareglna annars lands. Af því leiðir að þegar ákvæði þessa frumvarps leiða til þeirrar niðurstöðu að beita eigi lögum landsins B geta lagaskilareglur þess lands aldrei leitt til þess að lögum einhvers annars lands verði beitt. Þetta er eðlileg regla þegar hafður er í huga sá megintilgangur Rómarsamningsins að skapa sameiginlegar og einsleitar lagaskilareglur á því sviði sem hann tekur til. Ákvörðun um það hvers lands lögum skuli beitt ræðst af ákvæðum samningsins sjálfs en ekki lagaskilarétti einstakra ríkja. Af augljósum ástæðum skiptir ákvæði 15. gr. Rómarsamningsins fyrst og fremst máli þegar reglur frumvarps þessa leiða til þess að beita eigi reglum lands sem ekki er aðili að honum.

Um 16. gr.

Í lagaskilarétti flestra ríkja er beiting erlendra réttarreglna ávallt bundin því skilyrði að reglan sem til greina kemur að beita sé ekki andstæð *ordre public*. Þetta má orða svo að regla megi ekki stríða gegn réttarvitund, góðum siðum og allsherjarreglu. Regla þessi er talin gilda sem almenn lagaskilaregla hér á landi á öllum sviðum lagaskilaréttar, auk þess sem hún hefur verið beinlínis lögfest í nokkrum tilfellum. Reglan er almenn undantekningarregla og henni verður að sjálfsögðu að beita með varúð og eingöngu í þeim tilfellum að veigamikil rök komi til.

Um 17.–19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Rómarsamningurinn ásamt bókunum og yfirlýsingum:

CONVENTION ON THE LAW APPLICABLE TO CONTRACTUAL OBLIGATIONS

opened for signature in Rome on 19 June 1980
(80/934/EEC)

PREAMBLE

THE HIGH CONTRACTING PARTIES to the Treaty establishing the European Economic Community,

ANXIOUS to continue in the field of private international law the work of unification of law which has already been done within the Community, in particular in the field of jurisdiction and enforcement of judgments,

WISHING to establish uniform rules concerning the law applicable to contractual obligations,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

TITLE I
SCOPE OF THE CONVENTION

Article 1
Scope of the Convention

1. The rules of this Convention shall apply to contractual obligations in any situation involving a choice between the laws of different countries.

2. They shall not apply to:

(a) questions involving the status or legal capacity of natural persons, without prejudice to Article 11;

(b) contractual obligations relating to:

— wills and succession,

— rights in property arising out of a matrimonial relationship,

— rights and duties arising out of a family relationship, parentage, marriage or affinity, including maintenance obligations in respect of children who are not legitimate;

(c) obligations arising under bills of exchange, cheques and promissory notes and other negotiable instruments to the extent that the obligations under such other negotiable instruments arise out of their negotiable character;

(d) arbitration agreements and agreements on the choice of court;

(e) questions governed by the law of companies and other bodies corporate or unincorporate such as the creation, by registration or otherwise, legal capacity, internal organization or winding up of companies and other bodies corporate or unincorporate and the personal liability of officers and members as such for the obligations of the company or body;

(f) the question whether an agent is able to bind a principal, or an organ to bind a company or body corporate or unincorporate, to a third party;
(g) the constitution of trusts and the relationship between settlors, trustees and beneficiaries;
(h) evidence and procedure, without prejudice to Article 14.

3. The rules of this Convention do not apply to contracts of insurance which cover risks situated in the territories of the Member States of the European Economic Community. In order to determine whether a risk is situated in these territories the court shall apply its internal law.

4. The preceding paragraph does not apply to contracts of re-insurance.

Article 2

Application of law of non-contracting States

Any law specified by this Convention shall be applied whether or not it is the law of a Contracting State.

TITLE II

UNIFORM RULES

Article 3

Freedom of choice

1. A contract shall be governed by the law chosen by the parties. The choice must be expressed or demonstrated with reasonable certainty by the terms of the contract or the circumstances of the case. By their choice the parties can select the law applicable to the whole or a part only of the contract.

2. The parties may at any time agree to subject the contract to a law other than that which previously governed it, whether as a result of an earlier choice under this Article or of other provisions of this Convention. Any variation by the parties of the law to be applied made after the conclusion of the contract shall not prejudice its formal validity under Article 9 or adversely affect the rights of third parties.

3. The fact that the parties have chosen a foreign law, whether or not accompanied by the choice of a foreign tribunal, shall not, where all the other elements relevant to the situation at the time of the choice are connected with one country only, prejudice the application of rules of the law of that country which cannot be derogated from by contract, hereinafter called "mandatory rules".

4. The existence and validity of the consent of the parties as to the choice of the applicable law shall be determined in accordance with the provisions of Articles 8, 9 and 11.

Article 4

Applicable law in the absence of choice

1. To the extent that the law applicable to the contract has not been chosen in accordance with Article 3, the contract shall be governed by the law of the country with which it is most closely connected. Nevertheless, a severable part of the contract which has a closer connection with another country may by way of exception be governed by the law of that other country.

2. Subject to the provisions of paragraph 5 of this Article, it shall be presumed that the contract is most closely connected with the country where the party who is to effect the performance which is characteristic of the contract has, at the time of conclusion of the contract,

his habitual residence, or, in the case of a body corporate or unincorporate, its central administration. However, if the contract is entered into in the course of that party's trade or profession, that country shall be the country in which the principal place of business is situated or, where under the terms of the contract the performance is to be effected through a place of business other than the principal place of business, the country in which that other place of business is situated.

3. Notwithstanding the provisions of paragraph 2 of this Article, to the extent that the subject matter of the contract is a right in immovable property or a right to use immovable property it shall be presumed that the contract is most closely connected with the country where the immovable property is situated.

4. A contract for the carriage of goods shall not be subject to the presumption in paragraph 2. In such a contract if the country in which, at the time the contract is concluded, the carrier has his principal place of business is also the country in which the place of loading or the place of discharge or the principal place of business of the consignor is situated, it shall be presumed that the contract is most closely connected with that country. In applying this paragraph single voyage charter-parties and other contracts the main purpose of which is the carriage of goods shall be treated as contracts for the carriage of goods.

5. Paragraph 2 shall not apply if the characteristic performance cannot be determined, and the presumptions in paragraphs 2, 3 and 4 shall be disregarded if it appears from the circumstances as a whole that the contract is more closely connected with another country.

Article 5

Certain consumer contracts

1. This Article applies to a contract the object of which is the supply of goods or services to a person ("the consumer") for a purpose which can be regarded as being outside his trade or profession, or a contract for the provision of credit for that object.

2. Notwithstanding the provisions of Article 3, a choice of law made by the parties shall not have the result of depriving the consumer of the protection afforded to him by the mandatory rules of the law of the country in which he has his habitual residence:

— if in that country the conclusion of the contract was preceded by a specific invitation addressed to him or by advertising, and he had taken in that country all the steps necessary on his part for the conclusion of the contract, or
— if the other party or his agent received the consumer's order in that country, or
— if the contract is for the sale of goods and the consumer travelled from that country to another country and there gave his order, provided that the consumer's journey was arranged by the seller for the purpose of inducing the consumer to buy.

3. Notwithstanding the provisions of Article 4, a contract to which this Article applies shall, in the absence of choice in accordance with Article 3, be governed by the law of the country in which the consumer has his habitual residence if it is entered into in the circumstances described in paragraph 2 of this Article.

4. This Article shall not apply to:

(a) a contract of carriage;
(b) a contract for the supply of services where the services are to be supplied to the consumer exclusively in a country other than that in which he has his habitual residence.

5. Notwithstanding the provisions of paragraph 4, this Article shall apply to a contract which, for an inclusive price, provides for a combination of travel and accommodation.

Article 6

Individual employment contracts

1. Notwithstanding the provisions of Article 3, in a contract of employment a choice of law made by the parties shall not have the result of depriving the employee of the protection afforded to him by the mandatory rules of the law which would be applicable under paragraph 2 in the absence of choice.

2. Notwithstanding the provisions of Article 4, a contract of employment shall, in the absence of choice in accordance with Article 3, be governed:

(a) by the law of the country in which the employee habitually carries out his work in performance of the contract, even if he is temporarily employed in another country; or

(b) if the employee does not habitually carry out his work in any one country, by the law of the country in which the place of business through which he was engaged is situated;

unless it appears from the circumstances as a whole that the contract is more closely connected with another country, in which case the contract shall be governed by the law of that country.

Article 7

Mandatory rules

1. When applying under this Convention the law of a country, effect may be given to the mandatory rules of the law of another country with which the situation has a close connection, if and in so far as, under the law of the latter country, those rules must be applied whatever the law applicable to the contract. In considering whether to give effect to these mandatory rules, regard shall be had to their nature and purpose and to the consequences of their application or non-application.

2. Nothing in this Convention shall restrict the application of the rules of the law of the forum in a situation where they are mandatory irrespective of the law otherwise applicable to the contract.

Article 8

Material validity

1. The existence and validity of a contract, or of any term of a contract, shall be determined by the law which would govern it under this Convention if the contract or term were valid.

2. Nevertheless a party may rely upon the law of the country in which he has his habitual residence to establish that he did not consent if it appears from the circumstances that it would not be reasonable to determine the effect of his conduct in accordance with the law specified in the preceding paragraph.

Article 9

Formal validity

1. A contract concluded between persons who are in the same country is formally valid if it satisfies the formal requirements of the law which governs it under this Convention or of the law of the country where it is concluded.

2. A contract concluded between persons who are in different countries is formally valid if it satisfies the formal requirements of the law which governs it under this Convention or of the law of one of those countries.

3. Where a contract is concluded by an agent, the country in which the agent acts is the relevant country for the purposes of paragraphs 1 and 2.

4. An act intended to have legal effect relating to an existing or contemplated contract is formally valid if it satisfies the formal requirements of the law which under this Convention governs or would govern the contract or of the law of the country where the act was done.

5. The provisions of the preceding paragraphs shall not apply to a contract to which Article 5 applies, concluded in the circumstances described in paragraph 2 of Article 5. The formal validity of such a contract is governed by the law of the country in which the consumer has his habitual residence.

6. Notwithstanding paragraphs 1 to 4 of this Article, a contract the subject matter of which is a right in immovable property or a right to use immovable property shall be subject to the mandatory requirements of form of the law of the country where the property is situated if by that law those requirements are imposed irrespective of the country where the contract is concluded and irrespective of the law governing the contract.

Article 10

Scope of the applicable law

1. The law applicable to a contract by virtue of Articles 3 to 6 and 12 of this Convention shall govern in particular:

(a) interpretation;
(b) performance;
(c) within the limits of the powers conferred on the court by its procedural law, the consequences of breach, including the assessment of damages in so far as it is governed by rules of law;
(d) the various ways of extinguishing obligations, and prescription and limitation of actions;
(e) the consequences of nullity of the contract.

2. In relation to the manner of performance and the steps to be taken in the event of defective performance regard shall be had to the law of the country in which performance takes place.

Article 11

Incapacity

In a contract concluded between persons who are in the same country, a natural person who would have capacity under the law of that country may invoke his incapacity resulting from another law only if the other party to the contract was aware of this incapacity at the time of the conclusion of the contract or was not aware thereof as a result of negligence.

Article 12

Voluntary assignment

1. The mutual obligations of assignor and assignee under a voluntary assignment of a right against another person ("the debtor") shall be governed by the law which under this Convention applies to the contract between the assignor and assignee.

2. The law governing the right to which the assignment relates shall determine its assignability, the relationship between the assignee and the debtor, the conditions under which the assignment can be invoked against the debtor and any question whether the debtor's obligations have been discharged.

Article 13

Subrogation

1. Where a person ("the creditor") has a contractual claim upon another ("the debtor"), and a third person has a duty to satisfy the creditor, or has in fact satisfied the creditor in discharge of that duty, the law which governs the third person's duty to satisfy the creditor shall determine whether the third person is entitled to exercise against the debtor the rights which the creditor had against the debtor under the law governing their relationship and, if so, whether he may do so in full or only to a limited extent.

2. The same rule applies where several persons are subject to the same contractual claim and one of them has satisfied the creditor.

Article 14

Burden of proof, etc.

1. The law governing the contract under this Convention applies to the extent that it contains, in the law of contract, rules which raise presumptions of law or determine the burden of proof.

2. A contract or an act intended to have legal effect may be proved by any mode of proof recognized by the law of the forum or by any of the laws referred to in Article 9 under which that contract or act is formally valid, provided that such mode of proof can be administered by the forum.

Article 15

Exclusion of renvoi

The application of the law of any country specified by this Convention means the application of the rules of law in force in that country other than its rules of private international law.

Article 16

"Ordre public"

The application of a rule of the law of any country specified by this Convention may be refused only if such application is manifestly incompatible with the public policy ("ordre public") of the forum.

Article 17

No retrospective effect

This Convention shall apply in a Contracting State to contracts made after the date on which this Convention has entered into force with respect to that State.

Article 18

Uniform interpretation

In the interpretation and application of the preceding uniform rules, regard shall be had to their international character and to the desirability of achieving uniformity in their interpretation and application.

Article 19

States with more than one legal system

1. Where a State comprises several territorial units each of which has its own rules of law in respect of contractual obligations, each territorial unit shall be considered as a country for the purposes of identifying the law applicable under this Convention.

2. A State within which different territorial units have their own rules of law in respect of contractual obligations shall not be bound to apply this Convention to conflicts solely between the laws of such units.

Article 20

Precedence of Community law

This Convention shall not affect the application of provisions which, in relation to particular matters, lay down choice of law rules relating to contractual obligations and which are or will be contained in acts of the institutions of the European Communities or in national laws harmonized in implementation of such acts.

Article 21

Relationship with other conventions

This Convention shall not prejudice the application of international conventions to which a Contracting State is, or becomes, a party.

Article 22

Reservations

1. Any Contracting State may, at the time of signature, ratification, acceptance or approval, reserve the right not to apply:

(a) the provisions of Article 7 (1);

(b) the provisions of Article 10 (1) (e).

2. Any Contracting State may also, when notifying an extension of the Convention in accordance with Article 27 (2), make one or more of these reservations, with its effect limited to all or some of the territories mentioned in the extension.

3. Any Contracting State may at any time withdraw a reservation which it has made; the reservation shall cease to have effect on the first day of the third calendar month after notification of the withdrawal.

TITLE III

FINAL PROVISIONS

Article 23

1. If, after the date on which this Convention has entered into force for a Contracting State, that State wishes to adopt any new choice of law rule in regard to any particular category of contract within the scope of this Convention, it shall communicate its intention to the other signatory States through the Secretary-Geneal of the Council of the European Communities.

2. Any signatory State may, within six months from the date of the communication made to the Secretary-General, request him to arrange consultations between signatory States in order to reach agreement.

3. If no signatory State has requested consultations within this period or if within two years following the communication made to the Secretary-General no agreement is reached

in the course of consultations, the Contracting State concerned may amend its law in the manner indicated. The measures taken by that State shall be brought to the knowledge of the other signatory States through the Secretary-General of the Council of the European Communities.

Article 24

1. If, after the date on which this Convention has entered into force with respect to a Contracting State, that State wishes to become a party to a multilateral convention whose principal aim or one of whose principal aims is to lay down rules of private international law concerning any of the matters governed by this Convention, the procedure set out in Article 23 shall apply. However, the period of two years, referred to in paragraph 3 of that Article, shall be reduced to one year.

2. The procedure referred to in the preceding paragraph need not be followed if a Contracting State or one of the European Communities is already a party to the multilateral convention, or if its object is to revise a convention to which the State concerned is already a party, or if it is a convention concluded within the framework of the Treaties establishing the European Communities.

Article 25

If a Contracting State considers that the unification achieved by this Convention is prejudiced by the conclusion of agreements not covered by Article 24 (1), that State may request the Secretary-General of the Council of the European Communities to arrange consultations between the signatory States of this Convention.

Article 26

Any Contracting State may request the revision of this Convention. In this event a revision conference shall be convened by the President of the Council of the European Communities.

Article 27

1. This Convention shall apply to the European territories of the Contracting States, including Greenland, and to the entire territory of the French Republic.

2. Notwithstanding paragraph 1:

(a) this Convention shall not apply to the Faroe Islands, unless the Kingdom of Denmark makes a declaration to the contrary;

(b) this Convention shall not apply to any European territory situated outside the United Kingdom for the international relations of which the United Kingdom is responsible, unless the United Kingdom makes a declaration to the contrary in respect of any such territory;

(c) this Convention shall apply to the Netherlands Antilles, if the Kingdom of the Netherlands makes a declaration to that effect.

3. Such declarations may be made at any time by notifying the Secretary-General of the Council of the European Communities.

4. Proceedings brought in the United Kingdom on appeal from courts in one of the territories referred to in paragraph 2 (b) shall be deemed to be proceedings taking place in those courts.

Article 28

1. This Convention shall be open from 19 June 1980 for signature by the States party to the Treaty establishing the European Economic Community.

2. This Convention shall be subject to ratification, acceptance or approval by the signatory States. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary-General of the Council of the European Communities.

Article 29

1. This Convention shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the seventh instrument of ratification, acceptance or approval.

2. This Convention shall enter into force for each signatory State ratifying, accepting or approving at a later date on the first day of the third month following the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 30

1. This Convention shall remain in force for 10 years from the date of its entry into force in accordance with Article 29 (1), even for States for which it enters into force at a later date.

2. If there has been no denunciation it shall be renewed tacitly every five years.

3. A Contracting State which wishes to denounce shall, not less than six months before the expiration of the period of 10 or five years, as the case may be, give notice to the Secretary-General of the Council of the European Communities. Denunciation may be limited to any territory to which the Convention has been extended by a declaration under Article 27 (2).

4. The denunciation shall have effect only in relation to the State which has notified it. The Convention will remain in force as between all other Contracting States.

Article 31

The Secretary-General of the Council of the European Communities shall notify the States party to the Treaty establishing the European Economic Community of:

(a) the signatures;
(b) the deposit of each instrument of ratification, acceptance or approval;
(c) the date of entry into force of this Convention;
(d) communications made in pursuance of Articles 23, 24, 25, 26, 27 and 30;
(e) the reservations and withdrawals of reservations referred to in Article 22.

Article 32

The Protocol annexed to this Convention shall form an integral part thereof.

Article 33

This Convention, drawn up in a single original in the Danish, Dutch, English, French, German, Irish and Italian languages, these texts being equally authentic, shall be deposited in the archives of the Secretariat of the Council of the European Communities. The Secretary-General shall transmit a certified copy thereof to the Government of each signatory State.

PROTOCOL

The High Contracting Parties have agreed upon the following provision which shall be annexed to the Convention.

Notwithstanding the provisions of the Convention, Denmark may retain the rules contained in Søloven (Statute on Maritime Law) paragraph 169 concerning the applicable law in matters relating to carriage of goods by sea and may revise these rules without following the procedure prescribed in Article 23 of the Convention.

JOINT DECLARATION

At the time of the signature of the Convention on the law applicable to contractual obligations, the Governments of the Kingdom of Belgium, the Kingdom of Denmark, the Federal Republic of Germany, the French Republic, Ireland, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland,

I. anxious to avoid, as far as possible, dispersion of choice of law rules among several instruments and differences between these rules,

express the wish that the institutions of the European Communities, in the exercise of their powers under the Treaties by which they were established, will, where the need arises, endeavour to adopt choice of law rules which are as far as possible consistent with those of this Convention;

II. declare their intention as from the date of signature of this Convention until becoming bound by Article 24, to consult with each other if any one of the signatory States wishes to become a party to any convention to which the procedure referred to in Article 24 would apply;

III. having regard to the contribution of the Convention on the law applicable to contractual obligations to the unification of choice of law rules within the European Communities, express the view that any State which becomes a member of the European Communities should accede to this Convention.

JOINT DECLARATION

The Governments of the Kingdom of Belgium, the Kingdom of Denmark, the Federal Republic of Germany, the French Republic, Ireland, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland,

On signing the Convention on the law applicable to contractual obligations;

Desiring to ensure that the Convention is applied as effectively as possible;

Anxious to prevent differences of interpretation of the Convention from impairing its unifying effect;

Declare themselves ready:

1. to examine the possibility of conferring jurisdicition in certain matters on the Court of Justice of the European Communities and, if necessary, to negotiate an agreement to this effect;

2. to arrange meetings at regular intervals between their representatives.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lagaskil á sviði samningaréttar.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um hvaða landslög skuli gilda um einkaréttarlegar samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi. Þar eð í frumvarpinu er eingöngu fjallað um einkaréttarleg álitaefni verður ekki séð að samþykkt þess hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

837. Skýrsla [82. mál]

umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. Beiðni um skýrslu.

Með beiðni (á þskj. 82) frá Kristínu Halldórsdóttir og fleiri alþingismönnum er þess óskað að umhverfisráðherra flytji Alþingi skýrslu um mat á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Óskað er að fram komi lagalegar forsendur þeirrar niðurstöðu og ákvörðunar ráðherrans að ekki beri að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

II. Forsaga málsins.

Íslenska járnblendifélagið hf. ritaði umhverfisráðuneytinu bréf 20. september 1995[1] þar sem óskað var samþykkis ráðuneytisins fyrir því að annaðhvort „þjónaði" mat á umhverfisáhrifum vegna 50–70% stækkunar verksmiðju félagsins ekki markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum eða að slík stækkun félli undir ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, og væri því mat á umhverfisáhrifum ekki lögskylt samkvæmt þeim.

Í umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis dagsettri 11. nóvember 1995[2] um erindi Íslenska járnblendifélagsins hf. sem óskað var eftir af umhverfisráðuneytinu með bréfi dagsettu 9. október 1995,[3] tekur ráðuneytið undir sjónarmið Íslenska járnblendifélagsins hf. um að stækkun verksmiðju félagsins falli undir ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 63/1993 og lögbundið umhverfismat þurfi ekki að fara fram með vísun til eftirfarandi röksemda:

„1. Með lögum nr. 18/1977 var veitt heimild til að reka járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.
2. Í 6. gr. laganna var sérstaklega kveðið á um heimild fyrir ríkisstjórnina til að standa að fjármögnun verksmiðju með tveimur 30–45 MW bræðsluofnum. Hins vegar er í

[1] Fylgiskjal I. Bréf Íslenska járnblendifélagsins hf. til umhverfisráðuneytisins, dags. 20. september 1995.
[2] Fylgiskjal II. Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis til umhverfisráðuneytisins, dags. 11. nóvember 1995.
[3] Fylgiskjal III. Bréf umhverfisráðuneytis til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, dags. 9. október 1995.

lögum eða samningum sem gerðir voru á grundvelli laganna ekki neinar takmarkanir á stærð.

3. Við samningsgerðina var sérstaklega gert ráð fyrir síðari stækkun verksmiðjunnar og voru lóðarsamningar við það miðaðir."

Umhverfisráðuneytið svaraði erindi Íslenska járnblendifélagsins hf. með bréfi dagsettu 1. desember 1995.[1] Í því segir m.a.:

„Það er mat ráðuneytisins að sú stækkun sem hér um ræðir og aukin afkastageta rúmist innan laga nr. 18/1977. Því ber fyrirtækinu ekki, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, skylda til að láta meta umhverfisáhrif stækkunarinnar. Ráðuneytið beinir hins vegar þeim eindregnu tilmælum til félagsins, verði farið út í umrædda stækkun, að það láti meta áhrif hennar á umhverfið."

Íslenska járnblendifélagið hf. varð ekki við ósk ráðuneytisins um að láta meta áhrif þriðja ofns við verksmiðjuna á umhverfið.

III. Ákvæði til bráðabirgða II í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Frumvarp til laga um umhverfismat var lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi af umhverfisráðherra og tók frumvarpið miklum breytingum í meðförum þingsins. Meðal annars kom inn ákvæði til bráðabirgða II samkvæmt tillögu umhverfisnefndar og var heiti frumvarpsins breytt í frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum. Í 7. tölul. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, er kveðið á um að verksmiðjur þar sem fram fer frum- eða endurbræðsla á steypujárni, stáli og áli skuli háðar umhverfismati. Áðurnefnt ákvæði til bráðabirgða II í sömu lögum mælir fyrir um undanþágu frá þeirri skyldu sem fram kemur í 5. gr. laganna um hvaða framkvæmdir beri að setja í mat á umhverfisáhrifum, en það hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum."

Með þessu ákvæði var verið að fresta gildistöku laganna til 1. maí 1994 og einnig að ítreka að lögin væru ekki afturvirk, þ.e. þeim var ekki ætlað að ná til þegar ákveðinna framkvæmda. Í framsögu með breytingartillögum þeim sem umhverfisnefnd lagði fram sagði Tómas Ingi Olrich eftirfarandi um ákvæði til bráðabirgða II:

„Þá er lagt til að við frv. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, II, sem feli í sér að framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 verði ekki háðar mati á umhverfisáhrifum en nauðsynlegt er að gefa hlutaðeigandi aðilum nokkurn aðlögunartíma vegna þeirra breyttu réttarreglna sem lagðar eru til í frv. Með gildistöku frv., þó að það komi ekki til framkvæmda strax, er hægt að vinna að undirbúningi málsins og semja reglugerð en allri óvissu um það hvernig farið verður með leyfi sem útgefin eru fyrir 1. maí 1994 er eytt með þessu ákvæði."[2]

Hvergi er tekið á því hvers konar leyfi það er sem veiti undanþágu frá því að framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum. Engin vafi er hins vegar á því að það sé á valdsviði umhverfisráðherra að skera úr um hvort leyfi í skilningi bráðabirgðaákvæðis II sé fyrir hendi eður ei.

Ráðuneytið hefur túlkað það svo að ef framkvæmd hefur verið heimiluð með sérlögum þá beri að líta svo á að í þeim lögum felist leyfi fyrir framkvæmdum í skilningi bráðabirgðaákvæðis II í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Sem dæmi má nefna Fljótsdals-

---

[1] Fylgiskjal IV. Bréf umhverfisráðuneytis til Íslenska járnblendifélagsins hf., dags. 1. desember 1995.

[2] Alþt. 8. maí 1993, d. 10337.

virkjun þar sem almenn lög um raforkuver, nr. 60/1981, eru talin leyfi í skilningi bráðabirgðaákvæðis II í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

Í öðrum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort um sé að ræða leyfi í skilningi bráðabirgðaákvæðis II í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Þau atriði sem geta haft áhrif á mat ráðuneytisins eru:

— Viðhorf þess yfirvalds sem fer með leyfisveitingarvaldið.
— Hvernig staðið var að framkvæmdum, t.d. hvort við lóðarsamninga hafi verið gert ráð fyrir aukinni starfsemi síðar og hún undirbúin með einhverjum hætti, svo sem með skiptingu jarðvegs.
— Skipulag þess svæðis sem framkvæmdir eiga sér stað á.
— Önnur leyfi, svo sem byggingarleyfi.
— Fyrirliggjandi teikningar af framkvæmd.

Hér er ekki um tæmandi talningu á þeim atriðum sem ráðuneytið hefur til hliðsjónar við mat á því hvort leyfi hafi verið veitt til framkvæmda í skilningi ákvæðis til bráðabirgða II í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, en þau gefa vísbendingu um þá þætti sem ráðuneytið verður að skoða.

IV. Lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, og önnur lög er varða byggingu verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf.

Lög voru sett um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði 11. maí 1977, nr. 18/1977.[1] Með þeim var ríkisstjórninni ætlað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisti og ræki verksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði til framleiðslu á kísiljárni og hefði með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur. Með frumvarpi til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði fylgdu tvö fylgiskjöl: Fylgiskjal I. „Greinargerð um járnblendiverksmiðu í Hvalfirði“ sem gerð var af Íslenska járnblendifélaginu hf. og dagsett 18. nóvember 1976. Fylgiskjal II. „Aðalsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket a/s“ sem gerður var 8. desember 1976.

Í 3. mgr. 6. gr. laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, er ríkisstjórninni veitt heimild til að semja við samstarfsaðila um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja félaginu fjármagn til að ljúka byggingu á verksmiðju með tveimur 30–45 MW bræðsluofnum fyrir kísiljárn. Í lögunum er að öðru leyti ekki kveðið á um stærð verksmiðjunnar, enda verður að gera skýran greinarmun á heimildum Íslenska járnblendifélagsins hf. annars vegar og heimildum ríkisstjórnarinnar til að fjármagna framkvæmdir hins vegar.

Í 11. gr. laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði eru gerðar eftirfarandi kröfur sem byggjast á svipuðum eða sömu sjónarmiðum og mat á umhverfisáhrifum samkvæmt samnefndum lögum:

„Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum, og skulu hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmdi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi verðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim.

Áður en framleiðsla hefst skal gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið. Ríkisstjórnin ákveður tilhögun athugunar-

[1] Fylgiskjal V. Frumvarp til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði ásamt athugasemdum.

innar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, og skal hlutafélagið greiða allan kostnað við framkvæmd hennar."

Gerðar voru ýmsar rannsóknir áður en starfsemi járnblendiverksmiðjunnar hófst. Þar ber einkum að nefna rannsóknir á ryki og brennisteinssamböndum, rannsóknir á rennsli og efnasamsetningu grunnvatns, auk líffræðilegrar athugunar á umhverfi verksmiðjunnar.[1] Þær rannsóknir voru ekki einskorðaðar við rekstur tveggja ofna.

Við skilgreiningu á verksmiðjunni er hvergi getið stærðarmarka. Á það jafnt við um lög og samninga sem undirritaðir voru á grundvelli laganna, sbr. 13. tölul. 1. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket a/s, hér eftir nefndur aðalsamningurinn.[2] Í 7. gr. aðalsamnings[3] er fjallað um byrjun framkvæmda, en í 1. mgr. 8. gr., um rekstur, segir:

„... skal Járnblendifélagið halda framleiðslugetu hinna ýmsu áfanga verksmiðjunnar í horfi og framleiða kísiljárn í þeim mæli, sem æskilegur er í tæknilegu og efnahagslegu tilliti miðað við aðstæður á hverjum tíma. Framleiðslunni skal hagað í samræmi við þann grundvöll, sem lagður er með tæknisamningnum og sölusamningum, í öllum atriðum sem við á."

Af ákvæðinu verður ráðið að félaginu var ekki einasta heimilt heldur á það rétt á að stækka verksmiðju sína ef tæknilegar og efnahagslegar aðstæður mæla með því. Það hefur um nokkurn tíma verið vitað að það væri fjárhagslega hagkvæmt að stækka verksmiðjuna og að rekstur hennar yrði mun öruggari ef framleiðslugeta hennar væri aukin. Þá má enn fremur draga þá ályktun af orðalagi 2. mgr. 7. gr. aðalsamningsins að orðin „í upphafi" feli í sér að ætlunin hafi verið að ráðast í frekari framkvæmdir síðar.

Í III. kafla aðalsamningsins segir eftirfarandi í d-lið 1. mgr. 6. gr.:

„Leigulóðarsamninginn við ríkissjóð. Leigulóðarsamningurinn skal tryggja félaginu verksmiðjulóð, er sé nægilega stór til að rúma ekki færri en fjóra bræðsluofna, ásamt nauðsynleg-

---

[1] Yfirlit yfir nokkrar rannsóknir sem gerðar voru:

1. Árni Einarsson. *Fuglalíf við Grundartanga. Rannsóknir á lífríki og umhverfi Grundartanga.* Skýrsla nr. 8. Líffræðistofnun H.Í. Reykjavík, 1993.
2. Erlendur Jónsson, Erling Ólafsson, Árni Einarsson. *Könnun á landliðdýrum í nágrenni málmblendiverksmiðjunnar á Grundartanga í Hvalfirði.* Skýrsla frá Náttúrufræðistofnun Íslands til Líffræðistofnunar Háskólans (samkvæmt verksamningi 1979). Rannsóknir á lífríki og umhverfi Grundartanga, skýrsla nr. 7. Reykjavík, júní 1980.
3. Gísli Már Gíslason. *Könnun á dýralífi í Eiðisvatni, Borgarfjarðarsýslu.* Líffræðistofnun H.Í., fjölrit nr. 18. Rannsóknir á lífríki og umhverfi Grundartanga, skýrsla nr. 6. Reykjavík, 1983.
4. Hörður Kristinsson, Bergþór Jóhannsson, Eyþór Einarsson. *Grasafræðirannsóknir við Hvalfjörð.* Líffræðistofnun H.Í., fjölrit nr. 17. Rannsóknir á lífríki og umhverfi Grundartanga, skýrsla nr. 6. Reykjavík, 1983.
5. Jón Eldon. *Þungmálmar í mosa, jarðvegi og regnvatni í nágrenni Grundartanga 1978 og 1979.* Líffræðistofnun H.Í., fjölrit nr. 19. Rannsóknir á lífríki og umhverfi Grundartanga, skýrsla nr. 4. Reykjavík, júní 1983.
6. Jón Ólafsson. *Þungmálmar í kræklingi við Suðvesturland.* Hafrannsóknastofnun, fjölrit nr. 10, des. 1983.
7. Sigurbjörg Gísladóttir. *Brennisteinsdíoxíðmælingar að Grundartanga frá 12.11. '85 til 10.07. '86, 2 stöðvar SO_2 í næsta nágrenni verksmiðju, vindmæling á sama tíma.* Hollustuvernd ríkisins.

[2] Fylgiskjal VI. Aðalsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket a/s, sem gerður var 8. desember 1976.

[3] Sjá fylgiskjal VI.

um réttindum Járnblendifélagsins til stöðugrar vatnsöflunar, er nægi til rekstursþarfa félagsins, svo og varðandi aðstöðu til þess að losna við hvers konar úrgangsefni."[1]

Af framangreindu ákvæði í aðalsamningi má ráða að strax í upphafi hafi verið gert ráð fyrir stækkun verksmiðjunnar þótt lög um járnblendið hafi einungis heimilað ríkinu í byrjun að fjármagna tvo ofna.

Í aðalsamningi kemur einnig fram í 3. mgr. 12. gr. að í sölusamningnum skuli kveðið á um bráðabirgðareglur, er beita skuli í því tilviki, að ES (Elkem-Spigerverket) eða Járnblendifélagið byggi eða eignist nýja bræðsluofna.[2]

Á þeim tíma er lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, voru samþykkt var löggjöf í byggingarmálum áfátt. Engin heildstæð löggjöf var í gildi innan málaflokksins fyrr en við gildistöku byggingarlaga, nr. 54/1978, en sett höfðu verið lög nr. 19/1905, um byggingarsamþykktir með síðari breytingu nr. 84/1943 en með þeim var gildissvið laganna frá 1905 útvíkkað þannig að það næði ekki einungis til verslunarstaða heldur einnig til annarra staða sem voru skipulagsskyldir samkvæmt lögum um skipulag kauptúna. Einnig höfðu verið sett lög um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, nr. 108/1945.

Í 1. gr. laga um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, nr. 108/1945, segir að sýslunefndum sé heimilt að gera byggingarsamþykktir fyrir sýsluna. Í lögunum er síðan fjallað um hvað koma eigi fram í byggingarsamþykktum, t.d. sagði í 3. tölul. 5. gr. „að engin [mætti] byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann [hefði] áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar". Í 6. gr. laganna sagði enn fremur að verkefni byggingarnefndar væri í fyrsta lagi að veita byggingarleyfi.

Byggingarsamþykkt var sett fyrir Vesturlandsumdæmi 26. apríl 1965[3] en hún tók til Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Hnappadalssýslu, Snæfellsnessýslu og Dalasýslu. Í 8. gr. byggingarsamþykktar Vesturlandsumdæmis er kveðið á um að verkefni byggingarnefndar séu m.a. „að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem skulu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, þegar um lánveitingar úr Byggingasjóði og Ræktunarsjóði er að ræða".[4]

Eftir því sem ráðuneytið hefur komist næst liggur ekki fyrir skriflegt byggingarleyfi fyrir fyrsta og öðrum áfanga járnblendiverksmiðjunnar. Hins vegar liggur fyrir lóðarsamningur og teikningar þar sem gert er ráð fyrir fjórum ofnum.

V. Lög nr. 64/1997, um breytingu á lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Í tengslum við samninga um stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. var lögum nr. 18/1977 breytt, sbr. lög nr. 64/1997. Breytingar sem gerðar voru á lögunum vegna stækkunarinnar snerust eingöngu um sölu ríkisins á hlut sínum í félaginu en hvergi var í breytingarlögunum vikið að því að félaginu væri veitt heimild til að stækka verksmiðjuna. Af umræðum á Alþingi má sjá að þingmenn töldu ekki þörf á að veita heimild til að stækka verksmiðjuna þar sem slík heimild væri til staðar. Í ræðum iðnaðarráðherra, Finns Ingólfssonar, og framsögumanns meiri hluta iðnaðarnefndar var tekið fram að stækkun verksmiðj-

---

[1] Sjá fylgiskjal VI.
[2] Sjá fylgiskjal VI.
[3] Fylgiskjal VII. Byggingarsamþykkt fyrir Vesturlandsumdæmi frá 26. apríl 1965.
[4] Sama. Bls. 22

unnar bæri ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum þar sem stækkunin félli undir ákvæði II til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Iðnaðarráðherra Finnur Ingólfsson sagði m.a.:

„Frumvarp þetta snertir einungis þann þátt laganna sem snýr að eign ríkisins á meiri hluta í járnblendifélaginu. Jafnframt er leitað heimildar til sölu á eignarhlut ríkisins á almennum markaði. Aðrar breytingar sem verða á samstarfinu kalla ekki á lagabreytingar en sérstaklega skal tekið fram að eldri samningar og gildandi lög um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði gera ráð fyrir að verksmiðjan stækki án þess að lagabreytingar þurfi til. Hefur þetta m.a. þau áhrif að ekki er nauðsynlegt að fram fari sérstakt mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 63, 21. maí 1993, um mat á umhverfisáhrifum. Félagið þarf hins vegar að afla starfsleyfis fyrir þriðja ofninn og í því verður kveðið á um skilmála þar að lútandi."[1]

Í áliti meiri hluta iðnaðarnefndar segir m.a.:

„Meiri hlutinn vekur athygli á því að lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, ná ekki til framkvæmda samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994. Telur hann eðlilegt að fyrir hugsanlega framtíðarstækkun járnblendiverksmiðjunnar (IV. og V. ofn) verði gert mat á umhverfisáhrifum með tilliti til starfsemi á svæðinu í heild."[2]

Ekki komu fram mótmæli við framangreinda túlkun iðnaðarráðherra og meiri hluta iðnaðarnefndar að lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, nái ekki til stækkunar járnblendiverksmiðjunnar. Styðja þessar umræður ótvírætt þá túlkun umhverfisráðherra að Íslenska járnblendifélaginu hf. hafi ekki borið lagaskylda til að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum af þriðja ofni verksmiðjunnar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

VI. Undirbúningur og framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna.

Frá því hafist var handa við að koma á laggirnar járnblendiverksmiðju á Grundartanga var gert ráð fyrir að í fyrstu yrðu byggðir tveir ofnar en síðan yrði hafist handa við næstu tvo ofna þannig að verksmiðjan fullgerð hefði fjóra ofna.

Í útboðsgögnum vegna undirbúnings verksmiðjulóðar járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga frá maí 1975 er gert ráð fyrir í útboðsskilmálum að skipt sé um jarðveg á allri lóð verksmiðjunnar og var hafist handa við það verk 26. júlí 1975. Af stærð lóðar og umfangi jarðvegsskipta má ráða að gert hafi verið ráð fyrir fjórum ofnum.

Aðalteikning af verksmiðjunni frá maí 1974[3] sýnir glögglega að skipulag verksmiðjunnar allrar miðast við fjóra ofna og er framtíðarstækkun sett inn á teikninguna með brotnum línum. Af minnisblöðum „Scope engineering design memorandum" frá 24. janúar og 21. febrúar 1975 má sjá að í hönnun verksmiðjunnar er gert ráð fyrir að hún muni stækka um tvo ofna.

Úttekt var gerð í júlí 1980 á tæknilegri úrlausn og kostnaðarmati vegna ofns III[4] en byrjað var á þessari úttekt áður en byggingu ofns II var lokið. Ekki var farið í stækkun verksmiðjunnar þá vegna óhagstæðs verðs á framleiðslu hennar.

Aðrar framkvæmdir benda enn fremur til þess að ætíð hafi verið gert ráð fyrir að ekki yrði látið staðar numið í járnblendiverksmiðjunni eftir byggingu tveggja ofna. Þannig getur Grundartangaveitan flutt allt að 30 lítra á sekúndu, en meðaltalsnotkun verksmiðjunnar er

---

[1] Alþingistíðindi. 1996–97, þskj. 802, bls. 4119.
[2] Alþingistíðindi. 1996–97, þskj. 1264, bls. 5575.
[3] Fylgiskjal VIII. Aðalteikning af verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. frá maí 1974.
[4] Technical evaluation and Cost estimate for Furnace 3. Júlí 1980.

nú um 15 lítrar á sekúndu.[1] Holræsakerfið á Grundartanga er „tvöfalt kerfi“ sem byggt var upp um leið og verksmiðjan og lagt frá öllum húsum þar. Þá var einnig byggð rotþró, sem annað getur öllu svæðinu með þeirri stækkun, sem þar getur orðið innan girðingar.[2] Flutningsgeta núverandi raforkukerfis til Grundartangasvæðisins er t.d. 300 MW en járnblendiverksmiðjan nýtir aðeins um 70 MW.

VII. Skipulag svæðisins.

Aðalskipulag var gert fyrir stóriðnaðarsvæðið á Grundartanga 16. júní 1975 en í því er einungis afmarkaður sá reitur sem er stóriðnaðarsvæðið á Grundartanga. Deiliskipulag var ekki gert fyrir lóðina fyrr en árið 1996 og voru þá settar inn teikningar af lóð Íslenska járnblendifélagsins hf. þar sem gert er ráð fyrir stækkun verksmiðjunnar um tvo ofna.

Svæðisskipulag sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar tók gildi 26. apríl 1994 eða fyrir gildistöku laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Það gildir fyrir sveitarfélögin Akranes, Innri-Akraneshrepp, Hvalfjarðarstrandarhrepp, Leirár- og Melahrepp og Skilmannahrepp. Þar er gert ráð fyrir stóriðnaðarsvæði á Grundartanga.

VIII. Evrópuréttur.

Í 74. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er vísað til viðauka XX, en í honum er að finna tilskipun frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (tilskipun 85/337/EBE). Í 12. mgr. inngangs þeirrar tilskipunar segir:

„Tilskipun þessi tekur þó ekki til framkvæmda sem landslög hafa þegar verið sett um í einstökum atriðum, þar eð í slíkum tilvikum hefur markmiðum hennar, þar á meðal upplýsingamiðlun, verið náð með lagasetningu.“

Af þessum orðum tilskipunarinnar er ljóst að gert var ráð fyrir að framkvæmdir sem sérstök lög hefðu verið sett um hefðu hlotið svipaða kynningu og fer fram þegar mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á sér stað.

IX. Lokaorð.

Með hliðsjón af framanrituðu var það mat ráðuneytisins að ekki væru lagaleg skilyrði til þess að krefjast mats á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar um einn ofn samkvæmt lögum nr. 63/1993, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Þrátt fyrir ábendingu ráðuneytisins til Íslenska járnblendifélagsins hf. um að æskilegt væri að mat á umhverfisáhrifum færi fram, þótt ekki lægi fyrir því skylda samkvæmt lögum, var það ekki gert.

---

[1] Svæðisskipulagsáætlun. Sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar. 22. september 1993. Kafli 2.2.5. A: vatnsveitur.

[2] Sama. Kafli 2.2.5. D: Fráveitur.

Fylgiskjal I.

Bréf Íslenska járnblendifélagsins hf. til umhverfisráðuneytisins.
(20. september 1995.)

Eins og umhverfisráðuneytinu mun kunnugt af fréttum, kannar járnblendifélagið um þessar mundir, hvort vera kynni fýsilegt að auka afkastagetu verksmiðjunnar að Grundartanga um einhvers staðar á bilinu 50-70%.

Í þessu sambandi hefur komið til umræðu spurningin um, hvernig sú gerð kynni að snúa við framkvæmd laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Þótt kísiljárnvinnslu sé ekki getið í lögunum er ljóst, að þessari tegund framleiðslu væri skylt að láta fara fram slíkt mat, ef verið væri að byggja verksmiðjuna frá grunni. Þau áhrif, sem þessi tegund iðjurekstrar hefur á umhverfi sitt og samfélag, svo notað sé orðalag laganna, eru hins vegar komin fram sem afleiðing ákvarðana, sem teknar voru fyrir nær tveimur áratugum.

Viðbót við verksmiðjuna veldur einungis stigsmun í útblæstri og öðrum óverulegum affallsefnum, sem frá verksmiðjunni koma. Mjög umfangsmikið mat á umhverfisáhrifum rekstrar af þessu tagi var í upphafi gert, - ekki hvað síst vegna hugsanlegra áhrifa á lífríkið og kröfur til verksmiðjunnar við það miðaðar.

Járnblendifélaginu þykir það þess vegna sóun á fjármunum þess og tíma opinberra umfjöllunaraðila um mál af þessu tagi að hefja nú skýrslugerð, sem engum tilgangi þjónar nema sjálfri sér. Ómæld fyrirhöfn og kostnaður hjá fjölda aðila, sem mat af þessu tagi mundi valda, bætir engu við það, sem menn vita um þennan rekstur og ákvarðanir um hann frá því endur fyrir löngu verða ekki aftur teknar. Því telur járnblendifélagið æskilegt að forða öllum hlutaðeigendum frá þessu, sé þess nokkur kostur.

Með vísan til þessarar röksemdafærslu, leitar járnblendifélagið samþykkis umhverfisráðuneytisins annað hvort til þess,

- að það þjóni ekki markmiðum téðra laga um mat á umhverfisáhrifum, að slíkt mat fari fram vegna stækkunar verksmiðjunnar og það sé þess vegna óþarft, eða
- að slík stækkun falli sjálfkrafa undir ákvæði til bráðabirgða II. með lögunum og mat á umhverfisáhrifunum því ekki lögskylt. Þess skal getið í því sambandi, að ýmis atriði í framkvæmdum á sínum tíma, þ.á.m. fullbúin byggingarlóð, miðaðist við mun stærri verksmiðju, a.m.k. 4 bræðsluofna.

Þetta erindi óskast tekið til afgreiðslu við fyrstu hentugleika.

Virðingarfyllst,

Íslenska járnblendifélagið hf.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis til umhverfisráðuneytisins.
(11. nóvember 1995.)

Með vísun til bréfs umhverfisráðuneytisins, dags. 9. nóvember 1995, um erindi Íslenska Járnblendifélagsins hf., dags. 20. september 1995, varðandi umhverfismat fyrir 50-70% aukningu á afkastagetu verksmiðju félagsins óskar ráðuneytið að taka fram:

1. Með lögum nr. 18/1977 var veitt heimild til að reka járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.
2. Í 6. gr. laganna var sérstaklega kveðið á um heimild fyrir ríkisstjórnina til að standa að fjármögnun verksmiðju með tveimur 30-45 MW bræðsluofnum. Hinsvegar er í lögunum eða samningunum sem gerðir voru á grundvelli laganna ekki neinar takmarkanir á stærð.
3. Við samningsgerðina var sérstaklega gert ráð fyrir síðari stækkun verksmiðjunnar og voru lóðarsamningar við það miðaðir.

Með vísun til ofanritaðs tekur ráðuneytið undir það sjónarmið félagsins að ofangreind stækkun falli undir ákvæði til bráðabirgða II. með lögum nr. 63/1993 og lögbundið umhverfismat þurfi ekki að fara fram.

Skv. 11. gr. laga nr. 78/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði ber félaginu "að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum" og þá skal "hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim."

Þetta ákvæði á við um hönnun og byggingu fyrirhugaðrar stækkunar verksmiðjunnar og rekstur stækkaðrar verksmiðju.

Fylgiskjal III.

Bréf umhverfisráðuneytis til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.
(9. október 1995.)

./. Ráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi erindi Íslenska járnblendifélagsins hf. frá 20. f.m. í tengslum við athuganir félagsins á því hvort fýsilegt kunni að vera að auka afkastagetu verksmiðjunnar að Grundartanga um 50 - 70%.

Í tilefni þessa óskar Íslenska járnblendifélagið eftir afstöðu ráðuneytisins til mats á umhverfisáhrifum vegna hugsanlegrar aukningar á afkastagetu í samræmi við lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til málsins er þess farið á leit að iðnaðarráðuneytið upplýsi hvort fyrirhuguð aukning á afkastagetu verksmiðjunnar rúmist innan laga nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sérstaklega með hliðsjón af II. kafla í ákvæðum til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laganna séu framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum.

Verði á það fallist að aukin afkastageta eins og að framan greinir rúmist innan áðurnefndra laga sér ráðuneytið ekki ástæðu til að fram fari mat á umhverfisáhrifum enda ljóst að viðamiklar rannsóknir fóru fram á lífríki og umhverfi verksmiðjunnar á sínum tíma sem miðuðust við mun stærri verksmiðju en reist var. Þetta breytir þó í engu að fyrirtækið þarf að sækja um starfsleyfi í samræmi við lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994.

Álit iðnaðarráðuneytisins óskast sent við hentugleika.

Fylgiskjal IV.

Bréf umhverfisráðuneytis til Íslenska járnblendifélagsins hf.
(1. desember 1995.)

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 20. september sl. (tilvísun JS/AG 052.16) þar sem spurst er fyrir um afstöðu ráðuneytisins til mats á umhverfisáhrifum vegna hugsanlegrar aukningar á afkastagetu verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. að Grundartanga um 50 - 70% með vísun til laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

1. Með bréfi dags. 10. f.m. leitaði ráðuneytið álits iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins á því hvort fyrirhuguð aukning á afkastagetu verksmiðjunnar rúmist innan laga nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sérstaklega með hliðsjón af II. kafla í ákvæðum til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993, þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laganna séu framkvæmdir skv. leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögunum. Svar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis barst 15. þ.m. sbr. meðfylgjandi bréf dags. 11. þ.m.

Það er mat ráðuneytisins að sú stækkun sem hér um ræðir og aukin afkastageta rúmist innan laga nr. 18/1977. Því ber fyrirtækinu ekki, sbr. ákvæði til bráðabriga II í lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, skylda til að láta meta umhverfisáhrif stækkunarinnar. Ráðuneytið beinir hins vegar þeim eindregnu tilmælum til félagsins, verði farið út í umrædda stækkun, að það láti meta áhrif hennar á umhverfið.

Ráðuneytið vekur athygli á að stækkunin er að sjálfsögðu starfsleyfisskyld í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 84/1994 sbr. lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Með skýrslunni voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

V. Frumvarp til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði ásamt athugasemdum. Sjá þskj. 187 (129. mál á 98. löggjafarþingi) í A-deild Alþt. 1976, bls. 1294–1332.

VI. Aðalsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket a/s. Sjá fylgiskjal II í þskj 187 (129. mál á 98. löggjafarþingi) í A-deild Alþt. 1976, bls. 1314–1332.

VII. Byggingarsamþykkt fyrir Vesturlandsumdæmi (26. apríl 1965).

VIII. Aðalteikning af verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf.

838. Frumvarp til laga [523. mál]

um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og lögheimili á hér á landi.

Íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og átt hefur lögheimili hér á landi, á og kosningarrétt:

a. í átta ár frá því hann flutti lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag,
b. eftir þann tíma sem greinir í a-lið, enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum í 2. gr.

2. gr.

Umsókn um kosningarrétt skv. b-lið 2. mgr. 1. gr. skal send Hagstofu Íslands á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram komi nafn umsækjanda, kennitala hans, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili á landinu og heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Hagstofan lætur eyðublöð þessi í té og skulu þau liggja þar frammi, í skrifstofum sendiráða og fastanefnda, í sendiræðisskrifstofum og í skrifstofum kjörræðismanna. Ekki skal taka til greina umsókn sem berst Hagstofunni meira en einu ári áður en réttur skv. a-lið 2. mgr. 1. gr. fellur niður. Ef umsókn er fullnægjandi tilkynnir Hagstofan umsækjanda það og hlutaðeigandi sveitarstjórn. Ákvörðun um að einhver skuli þannig tekinn á kjörskrá gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum á eftir að umsókn var lögð fram.

Ákvæði þessi gilda á sama hátt um endurnýjun kosningarréttarins.

3. gr.

Enginn getur neytt kosningarréttar nema nafn hans sé á kjörskrá þegar kosning fer fram.

4. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem kosningarrétt á skv. 1. gr. og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

5. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.

II. KAFLI
Kjördæmi.

6. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurkjördæmi.
   Til þess telst Reykjavík, að undanskildu því svæði sem fyrir sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur taldist til Kjalarneshrepps.
2. Reykjaneskjördæmi.
   Til þess teljast: Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogsbær, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur, svo og sá hluti Reykjavíkur sem fyrir sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur taldist til Kjalarneshrepps.
3. Vesturlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Skorradalshreppur, sameinað sveitarfélag Andakílshrepps, Lundarreykjadalshrepps, Reykholtsdalshrepps og Hálsahrepps, Hvítársíðuhreppur, Borgarbyggð, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð og Saurbæjarhreppur.
4. Vestfjarðakjördæmi.
   Til þess teljast: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur og Bæjarhreppur.
5. Norðurlandskjördæmi vestra.
   Til þess teljast: Húnaþing vestra, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósbær, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur, Skagahreppur, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur og Siglufjarðarkaupstaður.
6. Norðurlandskjördæmi eystra.
   Til þess teljast: Grímseyjarhreppur, Ólafsfjarðarkaupstaður, Dalvíkurbyggð, Hríseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur.
7. Austurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Norður-Hérað, Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Austur-Hérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður.
8. Suðurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur, Djúpár-

hreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, Sveitarfélagið Árborg, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Þingvallahreppur, Hveragerðisbær og Ölfushreppur.

Nú verða breytingar á mörkum sveitarfélaga við að sveitarfélag eða hluti sveitarfélags sameinast sveitarfélagi í öðru kjördæmi, og skulu þær breytingar þá ekki hafa áhrif á mörk kjördæma.

7. gr.

Þingsæti eru 63 og skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurkjördæmi	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti.

b. Níu þingsætum skal ráðstafa fyrir hverjar almennar alþingiskosningar með því að skipta þeim á milli kjördæma. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu almennum alþingiskosningum á undan. Um skiptingu þingsætanna gilda þessar reglur:

1. Í hverju kjördæmi skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í næstu almennu alþingiskosningum á undan með tölunum 10, 13, 16, 19 o.s.frv. eins oft og þörf krefur. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert kjördæmi.
2. Nú hefur kjördæmi hlotið, skv. a-lið, fleiri þingsæti en fimm, og skal þá fella niður hæstu útkomutölur kjördæmisins, eina fyrir hvert þingsæti umfram fimm.
3. Ráðstafa skal einu þingsæti í senn. Fyrsta sætið hlýtur það kjördæmi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað þingsætið kemur í hlut þess kjördæmis sem nú hefur hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum sætunum hefur verið ráðstafað.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 3. tölul., og skal þá hluta um röð þeirra.

Að loknum hverjum almennum kosningum til Alþingis auglýsir dómsmálaráðuneytið í B-deild Stjórnartíðinda hvernig þingsæti skv. a- og b-lið 1. mgr. skiptast milli kjördæma í næstu almennum alþingiskosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu skv. a- og b-lið.

III. KAFLI
Kjördeildir.

8. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir og er hvert sveitarfélag ein kjördeild nema sveitarstjórn hafi ákveðið að skipta því í fleiri kjördeildir.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstað eða tölusetja til aðgreiningar.

IV. KAFLI
Kjörstjórnir.

9. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrenns konar:

a. Landskjörstjórn.
b. Yfirkjörstjórnir.
c. Undirkjörstjórnir og aðrar kjörstjórnir sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 13. gr.

10. gr.

Alþingi kýs eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm manna landskjörstjórn og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

11. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, og eru þeir kosnir af Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kýs hún sér sjálf formann. Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar vera eins miðsvæðis í kjördæminu og kostur er, enda liggi það vel við samgöngum.

12. gr.

Nú forfallast landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmaður, eða yfirkjörstjórnarmaður flyst búferlum úr kjördæmi og varamaður er ekki tiltækur, og skipar ráðherra menn í þeirra stað eftir tillögu þeirra samtaka sem kusu þá á Alþingi.

13. gr.

Í hverri kjördeild skal vera undirkjörstjórn, skipuð þremur mönnum, sem sveitarstjórn kýs, og jafnmarga til vara.

Í sveitarfélagi þar sem kjördeildir eru fleiri en ein getur sveitarstjórn kosið sérstaka þriggja manna kjörstjórn til að hafa umsjón með starfi undirkjörstjórna. Þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað skal sveitarstjórn kjósa þriggja manna kjörstjórn, hverfiseða yfirkjörstjórn, til að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórna á kjörstaðnum. Ef slíkir kjörstaðir eru fleiri en einn skal sveitarstjórn á sama hátt kjósa sérstaka yfirkjörstjórn sveitarfélagsins. Með samþykki yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis getur borgarstjórn ákveðið að sú kjörstjórn fari með verkefni yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar. Kjörstjórnir þessar skulu jafnan vera reiðubúnar til að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna, ef með þarf.

Kjörstjórnir skulu kosnar á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Þar sem kosnar eru kjörstjórnir skv. 2. mgr. er sveitarstjórn heimilt að fresta kosningu undir- og hverfiskjörstjórna þannig að þær verði kosnar til eins árs fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Sveitarstjórn er einnig heimilt að fresta kosningu eins eða fleiri varamanna. Kjörstjórnir kjósa sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum.

14. gr.

Sá sem sæti á í kjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til Alþingis.

Einnig skal kjörstjórnarmaður víkja sæti ef til úrskurðar er mál er varðar maka hans eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti vegna ættleiðingar.

15. gr.

Varamenn taka sæti í kjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum, þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir eða skipaðir. Ef kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð kveður hún sjálf til þann eða þá sem þarf til þess að talan sé fyllt.

16. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í kjörstjórn.

Dómsmálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf í landskjörstjórn og yfirkjörstjórn en sveitarstjórn ákveður þóknun fyrir störf í undirkjörstjórn og kjörstjórn skv. 2. mgr. 13. gr.

17. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar. Í sveitarfélagi þar sem kosin er yfirkjörstjórn er heimilt að ákveða að undirkjörstjórnir noti sérstök eyðublöð í stað gerðabókar.

Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um stjórnmálasamtök og framboð, um viðtöku kjörgagna, atkvæðasamtölur stjórnmálasamtaka, um úthlutun þingsæta o.s.frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningarathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna. Yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórna.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnum í té embættisinnsigli.

V. KAFLI
Kjördagur.

18. gr.

Almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.

Dómsmálaráðuneytið skal auglýsa hvenær almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram.

Kjörtímabilið er fjögur ár.

19. gr.

Nú er Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður forseti lýðveldisins þá kjördag.

VI. KAFLI
Kjörskrár.

20. gr.

Þegar boðað hefur verið til almennra alþingiskosninga skulu sveitarstjórnir gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té.

21. gr.

Á kjörskrá skal taka:

a. Þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.
b. Þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í sveitarfélaginu.

22. gr.

Kjörskrá skal rita á eyðublöð er Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur í té og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem hún lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.

23. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal eigi síðar en tólf dögum fyrir kjördag birta í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og dagblöðum auglýsingu um framlagningu kjörskráa. Í auglýsingunni skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

24. gr.

Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

Sveitarstjórn skal auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

25. gr.

Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni ef við á. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag.

Komi fram athugasemd um að nafn skuli tekið af kjörskrá skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi. Komi fram athugasemd um að taka skuli á kjörskrá einhvern sem ætla má að sé á kjörskrá í öðru sveitarfélagi skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi sveitarstjórn. Skal þeim veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Ef ágreiningur er um mál skal úrskurður ritaður með fáum orðum í gerðabók sveitarstjórnar.

Óheimilt er að breyta kjörskrá vegna nýs lögheimilis nema flutningur hafi átt sér stað í síðasta lagi þremur vikum fyrir kjördag og tilkynning um nýtt lögheimili hafi borist Hagstofu Íslands (þjóðskrá) til skráningar fyrir sama tíma eða ef umsókn þess sem fellur undir b-lið 2. mgr. 1. gr. um að vera tekinn á kjörskrá hefur ekki borist Hagstofunni fyrir 1. desember næstan fyrir kjördag.

Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt ríkisfang.

26. gr.

Sveitarstjórn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi um leiðréttingar á kjörskrá skv. 25. gr., svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Sveitarstjórn skal jafnframt tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá, svo og oddvita yfirkjörstjórnar.

27. gr.

Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður, jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það sem skort hefur á að færi lögum samkvæmt.

VII. KAFLI
Framboð.

28. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegi 15 dögum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri.

29. gr.

Á framboðslista skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á þingmenn í kjördæminu í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala.

30. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætatölu kjördæmisins og talnanna 20 að lágmarki og 30 að hámarki.

Með stjórnmálasamtökum er í lögum þessum átt við samtök sem bjóða eða boðið hafa fram við alþingiskosningar. Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar, sem bornir eru fram fyrir sömu stjórnmálasamtök, eiga saman þegar þingsætum er úthlutað skv. 106. og 107. gr. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt framboð.

Ef sá sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega samkvæmt reglum stjórnmálasamtaka ber fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki vera í framboði fyrir þau.

31. gr.

Við sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

Sami kjósandi má ekki mæla með fleiri en einum lista við sömu alþingiskosningar.

32. gr.

Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Nú berst yfirkjörstjórn listi er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

Nú berast yfirkjörstjórn meðmælendalistar þar sem sami kjósandi mælir með fleiri en einu framboði, og verður kjósandinn þá ekki talinn meðmælandi neins þeirra.

33. gr.

Frambjóðandi getur afturkallað samþykki sitt til framboðs fram til þess að frestur til að skila framboðum rennur út.

Kjósandi sem mælt hefur með framboðslista getur ekki afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.

34. gr.

Ekki er nauðsynlegt að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra sem kosnir eru jafnframt því sem það úrskurðar um hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

35. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

VIII. KAFLI
Listabókstafir stjórnmálasamtaka.

36. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert, og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

Hyggist stjórnmálasamtök sem hafa ekki skráðan listabókstaf bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út. Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 100 kjósendum. Hún skal dagsett og skal greina nafn kjósanda, kennitölu hans og heimili. Heiti nýrra sjórnmálasamtaka má ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem eru á skrá skv. 1. mgr. Dómsmálaráðuneytið skal þegar tilkynna stjórnmálasamtökum sem eru á skrá um ný stjórnmálasamtök sem tilkynnt eru og um ósk þeirra um listabókstaf. Ákveður ráðuneytið bókstaf nýrra samtaka að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmálasamtaka í undangengnum kosningum. Nú óska samtök sem skráð eru að breyta heiti sínu, og skulu þau þá tilkynna það dómsmálaráðuneytinu innan sama frests.

Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórnum.

IX. KAFLI
Umboðsmenn.

37. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og talningu atkvæða. Skylt er umboðsmönnum að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórn setur.

38. gr.

Sérhver stjórnmálasamtök sem boðið hafa fram eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda er landskjörstjórn úrskurðar skv. 42. gr. hverjum samtökum skuli telja þá framboðslista sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun þingsæta.

Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þeirra stjórnmálasamtaka sem meðmælendur hans óska, og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

X. KAFLI
Úrskurður um framboð og auglýsing.

39. gr.

Þegar frestur sá er liðinn sem ákveðinn er um framboð heldur yfirkjörstjórn fund næsta dag og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Ef gallar sem yfirkjörstjórn hefur bent á eru ekki leiðréttir innan tilsetts frests kveður hún upp úrskurð um hvort listi skuli fyrir það teljast ógildur. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð ræður afl atkvæða úrslitum.

40. gr.

Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur, og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim sem rækur er ger.

Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp.

41. gr.

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista stjórnmálasamtaka með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi stjórnmálasamtaka, sbr. 36. gr.

Nú hafa stjórnmálasamtök fleiri lista en einn í sama kjördæmi, og skal þá merkja þá A, AA ..., B, BB ..., o.s.frv. eftir því sem við á.

42. gr.

Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 30. gr. Landskjörstjórn tekur

þá þegar til meðferðar og úrskurðar, ef þörf krefur, hverjum stjórnmálasamtökum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar sem saman eiga, sbr. 30. gr., séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum. Umboðsmönnum stjórnmálasamtaka skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 38. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnum og hún hefur afgreitt listana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð, stöðu þeirra eða starfsheiti og heimili. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í Ríkisútvarpinu (hljóðvarpi og sjónvarpi) auglýsingu og skal þar tilgreina bókstaf hvers lista og fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram. Auglýsingar þessar skal birta eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína. Jafnframt sendir landskjörstjórn dómsmálaráðuneytinu listana eins og þeir eru birtir.

43. gr.

Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 35. gr. skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það landskjörstjórn og dómsmálaráðuneytinu. Landskjörstjórn skal birta listann þannig breyttan í Lögbirtingablaði og blöðum, sbr. 2. mgr. 42. gr. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í Ríkisútvarpinu (hljóðvarpi) auglýsingu um breytinguna.

XI. KAFLI
Kjörgögn.

44. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Það lætur einnig í té leiðbeiningar um tilhögun atkvæðagreiðslunnar. Kjörgögn þessi skulu jafnan vera fyrir hendi hjá þeim er annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Sýslumenn annast afgreiðslu kjörgagna til hreppstjóra og til skipstjóra á skipum í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum, sbr. 58. gr., og utanríkisráðuneytið annast afgreiðslu kjörgagna til kjörstjóra erlendis.

Kjörstjórar skulu varðveita kjörgögnin á öruggum stað.

45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eru: kjörseðill, kjörseðilsumslag, fylgibréf og sendiumslag, svo og stimplar með listabókstöfum.

Á kjörseðli og kjörseðilsumslagi skal prentað að um sé að ræða kjörseðil og kjörseðilsumslag. Fylgibréf og sendiumslag skulu þannig gerð að á þau megi auðveldlega rita þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í lögunum.

Dómsmálaráðuneytið kveður nánar á um gerð kjörgagna þessara.

46. gr.

Skipstjórar sem eru kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skulu gæta þess að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Enn fremur er skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

47. gr.

Skipstjóri sem veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum skal undirrita og afhenda hlutaðeigandi sýslumanni drengskaparyfirlýsingu um að kosning í skipi hans muni fara fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

Sérstakur kjörstjóri skv. 2. mgr. 57. gr. sem veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum skal og undirrita og afhenda utanríkisráðuneytinu eða hlutaðeigandi sendierindreka sams konar yfirlýsingu.

48. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur gera kjörseðla sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi þegar tilkynning hefur borist frá landskjörstjórn skv. 3. mgr. 42. gr.

Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, a.m.k. 125 g/m^2 að þyngd. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

49. gr.

Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

50. gr.

Kjörseðla sem notaðir verða á kjörfundi skal fullgera þannig: Prenta skal framboðslistana hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra, og skal ætla hverjum lista um 6 sm breidd en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð ásamt stöðu eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum og skal að minnsta kosti ½ sm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** ... (nafn stjórnmálasamtakanna).

51. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá sem sendir verða undirkjörstjórnum og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

52. gr.

Kjörseðlar skulu að jafnaði fullgerðir eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag og skal dómsmálaráðuneytið þegar senda þá yfirkjörstjórn.

Yfirkjörstjórn skal síðan senda á öruggan hátt undirkjörstjórn hverri jafnmarga seðla og kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir. Þar sem kosnar eru sérstakar kjörstjórnir skv. 2. mgr. 13. gr. er heimilt að afhenda þeim kjörseðla óflokkaða fyrir kjördeildir og annast þær þá afhendingu kjörseðlanna til undirkjörstjórna.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum er yfirkjörstjórn innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

Seðlum sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórna gerir yfirkjörstjórn grein fyrir þegar atkvæði eru talin.

53. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórn sendir undirkjörstjórnum kjörseðla skal hún láta hverri sendingu fylgja blindraspjöld, sbr. 2. mgr. 79. gr., svo og tilkynningu um framboðslista, kosningaleiðbeiningar og sérprentun laga þessara, sbr. 75. gr.

Sendingu þessari skulu og fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin sex umslög og skal á neðra framhorn vera prentað á tvö þeirra **Ónýtir seðlar**, á tvö **Ágreiningsseðlar** og á tvö **Afgangsseðlar.**

Umslög þessi skulu vera svo stór að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt umslag með áprentaðri utanáskrift sinni og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefur hana ekki fyrir, eða viðeigandi eyðublöð, sbr. 1. mgr. 17. gr.

XII. KAFLI
Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

54. gr.

Kjósandi sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

55. gr.

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrr en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

56. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skal fara fram hjá:

a. sýslumönnum, í aðalskrifstofu sýslumanns eða útibúi; sýslumaður getur ákveðið að atkvæðagreiðsla á aðsetursstað embættis fari fram á sérstökum kjörstað utan aðalskrifstofu, svo og að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans; sýslumaður ákveður hverjir starfsmenn hans skulu vera kjörstjórar og ræður aðra trúnaðarmenn til þeirra starfa,
b. hreppstjórum, í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra.

Kjósanda sem er til meðferðar á eða vistmaður á sjúkrahúsi, dvalarheimili aldraða og stofnun fyrir fatlaða er heimilt að greiða atkvæði á stofnuninni. Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.

Kjósanda sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun skv. 2. mgr. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjósandans og hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en

kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag. Kjörstjóri getur í sinn stað tilnefnt tvo trúnaðarmenn til að sjá um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hjá kjósanda.

Kjörstjóri auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Skal haga framkvæmd og afgreiðslutíma þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig. Atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, á sjúkrahúsi sem næst kjördegi, að höfðu samráði við stjórn stofnunar.

Dómsmálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 2. og 3. mgr. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrr en þremur vikum fyrir kjördag. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, sbr. 37. gr., um hvenær atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. fer fram.

57. gr.

Erlendis skal atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fara fram í skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar hjá alþjóðastofnun, í sendiræðisskrifstofu eða í skrifstofu kjörræðismanns samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Utanríkisráðuneytið getur og ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum erlendis.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu erlendis eru forstöðumenn sendiráða og fastanefnda, sendiræðismenn, aðrir sendierindrekar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiræðisskrifstofa eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins, kjörræðismenn samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins, svo og sérstakir kjörstjórar tilnefndir af utanríkisráðuneytinu.

Utanríkisráðuneytið auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram erlendis.

58. gr.

Kjósandi sem er í áhöfn eða farþegi um borð í íslensku skipi í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum má kjósa um borð í skipinu.

Skipstjóri eða sá sem hann tilnefnir skal vera kjörstjóri.

59. gr.

Ef kjörstjóri er í framboði skal hann víkja sæti og annar þar til bær gegna störfum hans.

Ekki má utankjörfundaratkvæðagreiðsla fara fram á heimili frambjóðanda.

60. gr.

Kosning utan kjörfundar er því aðeins gild að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn.

Kosningin fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista sem hann vill kjósa og má hann geta þess hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

61. gr.

Kjósandi sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar skal gera kjörstjóra grein fyrir sér, svo sem með því að framvísa kennivottorði eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjóra. Kjörstjóri skal halda sérstaka skrá yfir þá sem greiða atkvæði hjá honum, sbr. 1. mgr. 64. gr.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent kjörgögn. Skal hann síðan aðstoðarlaust og án þess að nokkur annar sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er segir í 2. mgr. 60. gr. og setja atkvæðið í kjörseðilsumslagið. Því næst áritar og undirritar kjósandi fylgibréfið í viðurvist kjörstjóra sem vottar atkvæðagreiðsluna.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt eða árita og undirrita fylgibréfið sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal kjörstjóri veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er hann bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal geta á skrá skv. 1. mgr. og á fylgibréfinu, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð við að árita kjörseðil skal því aðeins veitt að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Að lokum skal kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu lagt í sendiumslagið og því lokað vandlega. Umslagið skal síðan áritað til hreppstjórans, sýslumannsins eða kjörstjórnarinnar í því umdæmi þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á sendiumslagið skal og rita nafn kjósanda, kennitölu og lögheimili.

62. gr.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins.

63. gr.

Kjósandi sem greiðir atkvæði hjá kjörstjóra í umdæmi þar sem hann er á kjörskrá og skilur þar eftir bréf með atkvæði sínu skal sjálfur láta bréfið í venjulegan atkvæðakassa. Atkvæðakassinn skal innsiglaður af kjörstjóra ásamt hlutaðeigandi kjörstjórn og er umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín.

Aðrir kjósendur skulu sjálfir annast og kosta sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósandinn er á kjörskrá.

64. gr.

Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nöfn þeirra kjósenda sem greiða atkvæði hjá honum, sbr. 61. gr., lögheimili kjósanda og kennitölu, og hvern dag kosningarathöfnin fór fram.

Atkvæðisbréf sem kjósandi skilur eftir hjá kjörstjóra, sbr. 1. mgr. 63. gr., skal kjörstjóri tölusetja og skrá í áframhaldandi töluröð. Atkvæðisbréf sem kjörstjóri veitir móttöku skal hann skrá og tölusetja með sama hætti og skal þess getið frá hvaða kjósanda það sé og hvenær og af hverjum það hafi verið afhent. Skulu bréf þessi varðveitt í atkvæðakassanum.

Atkvæðakassa ásamt skrám sendir kjörstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega að kassinn sé kominn henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Umboðsmenn lista skulu hafa aðgang að skrám þeim sem getur í 1. og 2. mgr.

65. gr.

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefur verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

XIII. KAFLI
Kjörstaðir.

66. gr.

Kjörstað fyrir hverja kjördeild ákveður sveitarstjórn. Á sama kjörstað mega vera fleiri en ein kjördeild.

Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara.

67. gr.

Í hverri kjördeild skal vera hæfilegur fjöldi kjörklefa. Kjörklefi skal þannig búinn að þar megi greiða atkvæði án þess að aðrir geti séð hvernig kjósandi kýs. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð sem skrifa má við.

Í kjörfundarstofu skal enn fremur vera hæfilega stór atkvæðakassi sem sveitarstjórn leggur til. Atkvæðakassinn skal þannig búinn að ekki sé unnt að ná kjörseðli úr honum án þess að opna hann og þannig að unnt sé að læsa honum. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um stærð og gerð atkvæðakassa.

Yfirkjörstjórn skal gæta þess að jafnan séu til nægir atkvæðakassar til afnota í kjördæminu.

XIV. KAFLI
Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

68. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað kl. 9 árdegis, en kjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur skuli hefjast síðar, þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir kveður sá eða þeir sem við eru úr kjörstjórninni valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni og halda þeir sæti sínu uns hinir koma.

Upphaf kjörfundar skal auglýsa með hæfilegum fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

69. gr.

Meðan á kosningarathöfninni stendur skal kjörstjórnin sitja við borð í kjörfundarstofunni. Aldrei má nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan nema varamaður sé tiltækur.

70. gr.

Kosningarathöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórn og skal þess gætt hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og skal þess gætt hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá sem tilgreind er í bréfi yfirkjörstjórnar. Þess skal getið í kjörbókinni og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

71. gr.

Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósköddud. Oddviti opnar síðan kassann og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrár þær sem fylgja, sbr. 64. gr. Skal kjörstjórnin síðan opna sendiumslagið og kanna hvort taka skuli utankjörfundaratkvæðið til greina, sbr. 89. gr. Ef taka skal atkvæðið til greina skal setja sérstakt merki til bráðabirgða við nafn kjósandans í kjörskránni, en kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfinu skal lagt á ný í sendiumslagið og það lagt til hliðar og varðveitt meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Ef ekki skal taka utankjörfundaratkvæðið til greina skal ganga frá kjörseðilsumslaginu og fylgibréfinu og varðveita á sama hátt, en rita skal ástæðu þess að atkvæðið verður ekki tekið til greina á sendiumslagið.

Atkvæðisbréf sem kjörstjórn kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslu stendur skal tölusetja í áframhaldandi töluröð og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni. Skal fara með þau atkvæði svo sem greinir í 1. mgr.

Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma atkvæðisbréfinu í rétta kjördeild en ella skal bréfið varðveitt þar til atkvæðagreiðslu lýkur.

Í sveitarfélagi þar sem kosin er sérstök yfirkjörstjórn er kjörstjórninni heimilt að hefja flokkun atkvæða skv. 1. mgr. daginn fyrir kjördag þannig að atkvæðisbréf verði afhent í rétta kjördeild á kjördag.

72. gr.

Kjörstjórn athugar hverjir kjósendur sem standa á kjörskrá hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annarri kjördeild, sbr. 78. gr., og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigandi á kjörskránni.

73. gr.

Oddviti kjörstjórnar og annar meðkjörstjóranna skulu hafa fyrir sér hvor sitt eintak kjörskrárinnar. Skulu þeir gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

74. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla hefst skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess að atkvæðakassinn sé tómur og síðan læsa honum.

75. gr.

Í kjörfundarstofu, svo og annars staðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp tilkynningu um framboðslista í kjördæminu þar sem fram koma heiti stjórnmálasamtaka, listabókstafir og nöfn frambjóðenda í sömu röð og á kjörseðli. Á sama hátt skal festa þar upp kosningaleiðbeiningar er dómsmálaráðuneytið lætur í té.

Í hverri kjördeild skal vera eintak af lögum þessum sem dómsmálaráðuneytið lætur gefa út ásamt stjórnarskránni í handhægri útgáfu með skýringum og leiðbeiningum ef þurfa þykir.

76. gr.

Kjósendur skulu greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram.

Kjörstjórn getur ákveðið að í kjörfundarstofu séu ekki, auk þeirra sem starfa við framkvæmd kosninganna, aðrir en kjósendur sem ætla að greiða atkvæði. Kjörstjórnin getur auk þess takmarkað fjölda kjósenda í kjörfundarstofu ef þörf þykir til að halda uppi reglu.

Kjörstjórn skal að öðru leyti sjá til þess að á kjörstað og næsta nágrenni hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.

77. gr.

Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að segja til sín og framvísa kennivottorði eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir kjörstjórn honum einn kjörseðil.

78. gr.

Engum sem á kjörskrá stendur má kjörstjórn meina að greiða atkvæði nema hann hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

Engum sem ekki stendur á kjörskrá má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði nema hann sanni með vottorði að nafn hans standi á kjörskrá í annarri kjördeild innan sama kjördæmis og hann hafi afsalað sér þar atkvæðisrétti og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar eða, ef við á, kjörstjórn skv. 2. mgr. 13. gr. Afsalið skal færa til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar og vottorðið skal fylgja í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar þar sem það er lagt fram og notað, enda sé einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð er einnig gilt ef það er undirritað af oddvita eða framkvæmdastjóra sveitarstjórnar þar sem kjósandi er á kjörskrá. Tilkynna ber undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag hvaða kjósendum í kjördeildinni sveitarstjórn hefur gefið vottorð.

79. gr.

Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum fer kjósandi með hann inn í kjörklefann, þar sem kjósandinn má einn vera, og að borði því er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en tvö venjuleg dökk ritblý er kjörstjórn lætur í té og sér um að jafnan séu nægilega vel ydd.

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista er þeir gefa atkvæði sitt og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

80. gr.

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista sem hann vill kjósa.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.

81. gr.

Kjósandi má ekki hagga neitt við listum sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

82. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það sem segir í lögum þessum.

83. gr.

Þegar kjósandi hefur gengið frá kjörseðlinum samkvæmt framansögðu brýtur hann seðilinn í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum, gengur út úr klefanum og að atkvæðakassanum og leggur seðilinn í kassann í viðurvist fulltrúa kjörstjórnar. Kjósandi skal gæta þess að enginn geti séð hvernig hann greiddi atkvæði.

84. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá úr kjörstjórninni er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

85. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er er seðillinn ónýtur og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

86. gr.

Kjósandi sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

87. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því kjörfundur hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir kjósendur sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

88. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni kannar kjörstjórnin á ný, í viðurvist umboðsmanna lista, þau utankjörfundaratkvæði sem kjörstjórninni hafa borist og ekki hafa verið aftur heimt.

Ef sá sem atkvæðið er frá stendur á kjörskrá og á rétt á að greiða atkvæði og hefur ekki greitt atkvæði á kjörfundi skal kjörstjórnin setja merki við nafn kjósandans á kjörskránni.

Ef atkvæðisbréf verður ekki tekið til greina, sbr. 89. gr., skal það áritað eins og segir í 1. mgr. 71. gr.

Ef kjósandi sem sent hefur frá sér utankjörfundaratkvæði er ekki á kjörskrá í kjördeildinni skal kjörstjórnin geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík atkvæðisbréf aðskilin til yfirkjörstjórnar.

89. gr.

Ekki skal taka til greina utankjörfundaratkvæði:

a. ef sendandinn er ekki á kjörskrá,
b. ef sendandinn er búinn að greiða atkvæði,
c. ef sendandinn hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 78. gr.,
d. ef sendandinn hefur látist fyrir kjördag,
e. ef í sendiumslaginu er meira en eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag,

f. ef sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera,
g. ef ekki hefur verið farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, eða
h. ef atkvæðið hefur ekki verið greitt á þeim tíma sem greinir í 55. gr. og 5. mgr. 56. gr.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá sama kjósanda sem geta komið til greina, og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

90. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina í hverju ágreiningurinn er fólginn og leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfi aftur í sendiumslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

91. gr.

Þau kjörseðilsumslög sem enginn ágreiningur er um að gild séu lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.

92. gr.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina og sker Alþingi úr því síðar hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerðina á hann rétt á að bóka það sjálfur og riti hann nafn sitt undir.

93. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og kjörseðilsumslög þau er gild hafa verið tekin hafa verið látin í atkvæðakassann skal oddviti jafnskjótt ganga frá sér í umslagi öllum þeim seðlum sem ónýst hafa, sbr. 85. gr., í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum sem ágreiningur er um, sbr. 90. gr., og í hinu þriðja öllum þeim seðlum sem afgangs eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefur verið lokað skal ganga frá þeim öllum þremur ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þess skal nota umslög þau sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni.

Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók eða afriti úr kjörbók sem undirritað er af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef þeir hafa verið viðstaddir, svo og utankjörfundaratkvæðum sem fara eiga í aðra kjördeild, sbr. 4. mgr. 88. gr., í umbúðum innsigluðum af kjörstjórn og er umboðsmönnum heimilt að setja innsigli sín á umbúðirnar. Gögnin skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað á öruggan hátt. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

Eftir að kjörstjórn hefur þannig gengið frá kjörgögnum mega hin innsigluðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörslu sama manns.

94. gr.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis má kjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan að viðstöddum umboðsmönnum lista.

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni sendir hún kjörskráreintök þau sem notuð voru við kosninguna í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar.

XV. KAFLI
Kosningaúrslit í kjördæmum.

95. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnum er skylt að sjá um að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn sem þeim eiga að fylgja komin í hendur yfirkjörstjórnar nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má að dómi yfirkjörstjórnar.

Sé kosningu frestað skv. 113. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

96. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum svo að kjósendum gefist kostur á að vera við eftir því sem húsrúm leyfir.

Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu, og skal yfirkjörstjórn þá kveðja valinkunna menn úr sömu stjórnmálasamtökum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

97. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Yfirkjörstjórn skal kanna hvort tala kjósenda sem greitt hafa atkvæði samkvæmt kjörbókum undirkjörstjórna sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skráðar athugasemdir undirkjörstjórna. Hafi yfirkjörstjórn borist bréf með utankjörfundaratkvæði skv. 4. mgr. 88. gr. skal fara með það eins og segir í 2. mgr. sömu greinar. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim sem í honum eru óskoðuðum hellt í hæfilegt tómt ílát, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu, að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

98. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

a. ef kjörseðill er auður,
b. ef ekki verður séð við hvern lista er merkt eða ef ekki verður séð með vissu hvort það sem stendur á utankjörfundarseðli getur átt við nokkurn af listum sem í kjöri eru,
c. ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil,

d. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það sem fyrir er mælt eða annarleg merki sem ætla má að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,
e. ef í umslagi með utankjörfundarseðli er annað eða meira en einn kjörseðill,
f. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

99. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn en t.d. aftan við hann, þó að kross sé ólögulegur, þó að orðið listi fylgi listabókstaf að óþörfu á utankjörfundarseðli, þó að heiti stjórnmálasamtaka standi í stað listabókstafs o.s.frv.

Lista í kjördæmi telst atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

100. gr.

Utankjörfundaratkvæði, greitt lista fyrir breytingu á honum skv. 35. gr., skal teljast greitt listanum þannig breyttum.

101. gr.

Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur, og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils skal afl atkvæða ráða úrslitum. Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir. Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla sem kjörstjórn hefur úrskurðað gilda og í hitt þá seðla sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Þegar atkvæði hafa verið talin saman undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna færir yfirkjörstjórn niðurstöðu kosninganna í gerðabókina og kunngerir hana þeim sem viðstaddir eru. Skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

102. gr.

Að talningu lokinni skal loka umslögunum með ágreiningsseðlunum með innsigli yfirkjörstjórnar og eiga umboðsmenn lista rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlunum sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

Þá skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið sér. Kjörseðlana skal geyma þar til Alþingi hefur úrskurðað um gildi kosninganna, sbr. 119. gr., enda sé þeirra eigi þörf vegna kæru sem beint hefur verið til lögreglustjóra. Að því búnu skal eyða kjörseðlunum og skrá yfirlýsingu um það í gerðabók yfirkjörstjórnar.

Yfirkjörstjórn skal búa um allar kjörskrár í innsigluðum umbúðum og senda dómsmálaráðuneytinu sem geymir þær í eitt ár, en að því búnu skal eyða þeim.

103. gr.

Í kjördæmi skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista. Enn fremur skal yfirkjörstjórn telja atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans, sbr. 1. tölul. 109. gr.

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið á hvern lista fyrir sig og atkvæðatölur hvers frambjóðanda, enn fremur tölu kjósenda á kjörskrá. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 95. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslur sínar um atkvæðatölur til landskjörstjórnar skv. 2. mgr. fyrr en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

XVI. KAFLI
Úthlutun þingsæta.

104. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar, sbr. 103. gr., skal hún koma saman til að úthluta þingsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni svo að umboðsmönnum, sbr. 38. gr., gefist kostur á að vera viðstaddir.

105. gr.

Úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum í kjördæmum.

Þingsætum hvers kjördæmis skv. a- og b-lið 1. mgr. 7. gr. skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Deila skal tölu gildra atkvæða í hverju kjördæmi með þingsætatölu þess og kallast útkoman kjördæmistala. Brot úr heilli tölu skal fella niður.
2. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem flest atkvæði hefur hlotið. Frá atkvæðum hans skal síðan draga kjördæmistöluna. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur hæsta atkvæðatölu o.s.frv. Með atkvæðatölu lista er átt við atkvæði sem listinn hlaut að frádreginni kjördæmistölu svo oft sem hann hefur hlotið þingsæti.
3. Úthluta skal samkvæmt ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi ¾ af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heila tölu fyrir ofan.

Nú hefur sá listi sem fæst atkvæði hlaut færri atkvæði en nemur ⅔ kjördæmistölunnar, og á hann þá ekki tilkall til þingsætis samkvæmt þessari grein. Skal þá draga atkvæði listans frá gildum atkvæðum í kjördæminu og reikna kjördæmistöluna að nýju. Eigi ákvæði þessarar málsgreinar þá við þann lista sem næstfæst atkvæði hlaut skal beita því á ný og svo oft sem þarf. Ákvörðun kjördæmistölu með þessum hætti skal lokið áður en úthlutun þingsæta skv. 1. mgr. hefst.

106. gr.

Skipting óráðstafaðra þingsæta.

Þingsætum skv. 7. gr. sem hefur ekki enn verið úthlutað til lista skal skipta milli stjórnmálasamtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við þá skiptingu koma til álita þau stjórnmálasamtök ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 105. gr.

Til þess að finna hvernig skipta ber þingsætum þessum milli stjórnmálasamtaka skal fara þannig að:

1. Atkvæðum þeim sem greidd hafa verið hverjum stjórnmálasamtökum skal deila með tölu sem er 1, 2, 3 o.s.frv. hærri en tala þeirra þingsæta sem þau hafa þegar hlotið samkvæmt ákvæðum 105. gr. Útkomutölurnar eru skráðar fyrir hver samtök.
2. Þá skal úthluta þingsætum til stjórnmálasamtaka, einu í senn. Fyrst fer sæti til þeirra stjórnmálasamtaka sem hæsta útkomutölu hafa. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þeirra stjórnmálasamtaka sem nú hafa hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

107. gr.

Úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum á landinu öllu.

Listar sem til álita koma. Við úthlutun þingsæta sem hefur verið skipt á milli stjórnmálasamtaka skv. 106. gr. koma til álita þeir listar einir sem hlotið hafa atkvæði sem nema a.m.k. þriðjungi kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. 105. gr. Þá skal einungis ráðstafa þingsæti í kjördæmi sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu.

Ákvörðun kjördæmistölu. Kjördæmistölu skal einungis miða við þá lista sem til álita koma við frekari úthlutun þingsæta samkvæmt þessari grein. Í því skyni skal fylgja eftirfarandi reglum:

1. Áður en úthlutun hefst skal reikna kjördæmistölur að nýju og nú að frádregnum atkvæðum og þingsætum þeirra lista sem ekki eiga rétt til sæta samkvæmt þessari grein.
2. Finna skal atkvæðatölu lista við frekari úthlutun með því að draga frá atkvæðum hans hina nýju kjördæmistölu skv. a-lið svo oft sem listinn hefur hlotið þingsæti.
3. Þegar þingsæti er úthlutað til lista samkvæmt þessari grein skal lækka atkvæðatölu hans sem nemur kjördæmistölu hverju sinni.
4. Kjördæmistölur og atkvæðatölur lista, sbr. a- og b-lið, skal reikna að nýju jafnóðum og hver stjórnmálasamtök hljóta fulla tölu þingsæta.

Áfangar við úthlutun þingsæta. Þingsætum samkvæmt þessari grein skal úthluta í þremur áföngum. Úthluta skal sæti hverju sinni til þess lista sem hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu. Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni og ákvörðun kjördæmistölu, ef þörf krefur, áður en úthlutun samkvæmt næsta áfanga hefst.

1. *áfangi:* Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu sem nemur $\frac{4}{5}$ af kjördæmistölu eða meira. Þessum áfanga lýkur jafnskjótt og ekki finnast fleiri slíkar atkvæðatölur, enda hafi ákvæði d-liðar 2. mgr. áður verið beitt ef við á.
2. *áfangi:* Næst skal ráðstafa einu þingsæti, ef unnt er, til hvers kjördæmis sem ekki hlaut úthlutun í fyrsta áfanga. Í þessum áfanga skal þó ganga fram hjá lista hafi hann ekki fengið a.m.k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.
3. *áfangi:* Þá skal ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.

108. gr.

Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 3. tölul. 3. mgr. 107. gr. skal ljúka úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1. og 2. tölul. 105. gr. þrátt fyrir skiptingu þingsæta skv. 106. gr.

Ef tvær eða fleiri tölur eru jafnháar þegar að þeim kemur við úthlutun samkvæmt þessum kafla skal hluta um röð þeirra.

Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt þessum kafla, og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

Ef einungis einn listi er í kjöri hlýtur hann öll þingsæti kjördæmisins.

109. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

1. Yfirkjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o.s.frv. Næst tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.
2. Landskjörstjórn skal raða nöfnum frambjóðenda á hverjum lista þannig að sá sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti skv. 1. tölul. hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt hlýtur 2. sætið o.s.frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast þingmenn hans í kjördæminu og hverjir varaþingmenn.
3. Framboðslisti í kjördæmi sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna meðan nöfn endast á listanum.

110. gr.

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum skv. 105.–109. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

111. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmálasamtaka sem þátt hafa tekið í alþingiskosningum og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnum sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

112. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað, eftir almennar alþingiskosningar, að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram, sbr. 119. og 120. gr., og skal þá landskjörstjórn endurúthluta þingsætum í kjördæmi þar sem uppkosning hefur farið fram skv. 105. gr. og úthluta þingsætum að nýju skv. 106. og 107. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

XVII. KAFLI
Kosningum frestað og uppkosningar.

113. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn til kjörfundar að nýju innan viku. Birta skal fundarboðið á sama hátt og venja er að birta opinberar auglýsingar.

Farist kosning fyrir af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt sem fyrir er mælt í 1. mgr.

Undirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin ef hún telur óviðráðanlegar ástæður eins og óveður hindra að kosning geti fram haldið og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina, enda komi til samþykki yfirkjörstjórnar. Hafi kosningu verið frestað ber að kveðja til kjörfundar að nýju á sama hátt og segir í 1. mgr.

Kjörstjórn sem kosin er skv. 2. mgr. 13. gr. kemur í stað undirkjörstjórna við ákvörðun skv. 1.–3. mgr.

Þegar kosningu hefur verið frestað skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 93. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu að kjörskráreintök þau sem kjörstjórnin hefur haft til afnota skulu lögð með öðrum kjörgögnum. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag opnar kjörstjórn umbúðir þær sem kjörgögnin eru í í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði má þó opna umbúðir og hefja kosningu þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XIV. kafla, eftir því sem við á.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni og fer um hana að öllu á sama hátt og fyrr segir.

114. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það að kosning er úrskurðuð ógild skv. 46. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 119. og 120. gr. þessara laga, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu kveðja til nýrra kosninga í kjördæmi og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar.

Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

XVIII. KAFLI
Skýrslur til Hagstofu.

115. gr.

Kjörstjórnir skulu senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem Hagstofan lætur í té.

XIX. KAFLI
Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.

116. gr.

Það er óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll:

a. að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunnindum í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum ef kosning fari svo eða svo, að tor-

velda öðrum sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar,

b. að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ.e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni,

c. að hafa merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma,

d. að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess að maður verði settur á kjörskrá sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns er stendur á kjörskrá; hér undir heyrir sérstaklega ef maður telur sig til málamynda eiga lögheimili í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá,

e. að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar,

f. að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði sem greitt hefur verið, eða á annan hátt.

XX. KAFLI
Kosningakærur.

117. gr.

Nú kærir einhver kjósandi að þingmann er kosningu hlaut skorti einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan fjögurra vikna frá því kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kæru í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað umboðsmönnum framboðslistans annað samritið en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

118. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð sveitarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi lögreglustjóra og fer um þau að hætti opinberra mála.

Engum kjósanda sem greitt hefur atkvæði við kosningar til Alþingis er skylt að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli hvernig hann hefur greitt atkvæði.

XXI. KAFLI
Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

119. gr.

Ef Alþingi berst kæra um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn rannsakar það kæruna og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim er Alþingi berast frá landskjörstjórn og yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda og einnig án þess ef þingmaður-

inn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísvitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

120. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá uppkosning fara þar fram.

XXII. KAFLI
Hvernig varamenn taka þingsæti.

121. gr.

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 109. gr. þegar þingmenn þess lista sem þeir eru kosnir af falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni og ekki var áður varamaður.

Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

XXIII. KAFLI
Kostnaður.

122. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

a. Ríkissjóður greiðir nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.
b. Ríkissjóður greiðir nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld er yfirkjörstjórnir láta í té, svo og fyrir húsnæði þar sem talning atkvæða fer fram.
c. Sveitarsjóðir greiða nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og kjörstjórna skv. 2. mgr. 13. gr. og fyrir kjörgögn þau og áhöld sem kjörstjórnir þessar láta í té, fyrir húsnæði til kjörfunda og fyrir atkvæðakassa.

XXIV. KAFLI
Refsiákvæði.

123. gr.

Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef sveitarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

124. gr.

Það varðar sektum:

a. ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur,
b. ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum,

c. ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra,
d. ef kjósandi sýnir af ásettu ráði hvernig hann kýs eða hefur kosið,
e. ef maður njósnar um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið,
f. ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu,
g. ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðisbréfi sem honum hefur verið trúað fyrir eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna,
h. ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt sem greint er í d-lið 116. gr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum,
i. ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

125. gr.

Það varðar sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:
a. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar,
b. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri sem aðstoð veitir segir frá því hvernig kjósandi sem hann hefur aðstoðað hefur greitt atkvæði,
c. ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri eða sá sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna skv. 52. eða 93. gr. tefur fyrir að þau komist til skila,
d. ef maður torveldar öðrum sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar,
e. ef maður greiðir atkvæði á tveimur stöðum við sömu alþingiskosningar.

126. gr.

Það varðar sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:
a. ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni,
b. ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

127. gr.

Það varðar fangelsi allt að fjórum árum:
a. ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill,
b. ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla er líkjast mjög þeim sem notaðir eru við kosningu og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

XXV. KAFLI
Gildistaka.

128. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 10 19. mars 1991, nr. 92 23. desember 1991 og nr. 9 27. febrúar 1995.

Frá sama tíma breytist 1. mgr. 14. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febrúar 1945, sbr. lög nr. 43 17. maí 1996, þannig að í stað orðanna „120. gr. og XVII., XXI. og XXII. kafla“ kemur: 113. gr. og XVIII., XIX., XXIII. og XXIV. kafla.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. skulu næstu reglulegar alþingiskosningar fara fram annan laugardag í maí 1999 nema Alþingi hafi áður verið rofið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 16. júní 1998 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að vinna að heildarendurskoðun laga um kosningar til Alþingis. Í nefndina voru skipaðir, tilnefnd af þingflokkum, Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður, tilnefndur af þingflokki jafnaðarmanna, Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af þingflokki sjálfstæðismanna, Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Alþýðubandalagsins og óháðra, Siv Friðleifsdóttir alþingismaður, tilnefnd af þingflokki framsóknarmanna, og Þórunn Sveinbjarnardóttir varaþingkona, tilnefnd af þingflokki Samtaka um kvennalista. Þá var Gunnar Eydal, skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar, skipaður í nefndina, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, svo og Kristján Andri Stefánsson, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu, ritari nefndar um endurskoðun á reglum um kjördæmaskipun og úthlutun þingsæta. Formaður nefndarinnar var skipaður Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og ritari Jónas Þór Guðmundsson, lögfræðingur í sama ráðuneyti. Þá hefur Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri þjóðskrár hjá Hagstofu Íslands, starfað með nefndinni. Undir lok nefndarstarfsins tók Bryndís Hlöðversdóttir alþingismaður sæti Kristins H. Gunnarssonar í nefndinni, tilnefnd af þingflokki Alþýðubandalagsins. Nefndinni var ætlað að vinna í samráði við nefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipun og úthlutun þingsæta.

Nefndin hefur samið þetta frumvarp til laga um kosningar til Alþingis sem felur í sér endurskoðun flestra þátta laganna, þó ekki þeirra ákvæða sem lúta að skiptingu þingsæta milli kjördæma eða úthlutun þingsæta. Við endurskoðunina hefur m.a. verið höfð hliðsjón af breytingum sem gerðar voru á ýmsum ákvæðum um framkvæmd kosninga með setningu laga um kosningar til sveitarstjórna á síðasta Alþingi, sbr. lög nr. 5/1998. Þá hefur verið höfð hliðsjón af tillögum nefndar um endurskoðun á reglum um kjördæmaskipun og úthlutun þingsæta frá 6. október 1998. Frumvarpið felur í sér nokkra breytingu á efnisskipan kosningalaganna, bætt er úr ýmsum ágöllum sem komið hafa fram við framkvæmd kosninga á undanförnum árum, m.a. við framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna í maímánuði 1998, og leitast hefur verið við að skapa umgjörð sem gert getur framkvæmd kosninga einfaldari og greiðari án þess að draga úr öryggi.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu, raðað eftir efnisskipan frumvarpsins, eru:

- Samræmdar eru reglur um öll sveitarfélög.
- Sveitarstjórnir ráði alfarið skiptingu sveitarfélags í kjördeildir og skipan undirkjörstjórna.
- Hverfis- eða yfirkjörstjórnir verði í sveitarfélögum þar sem eru fleiri en ein kjördeild á kjörstað og yfirkjörstjórn verði þar sem slíkir kjörstaðir eru fleiri en einn.
- Kjörstjórnarmaður verði vanhæfur ef til meðferðar er mál sem varðar þann sem er skyldur honum eða mægður.
- Ekki má breyta kjörskrá vegna nýs lögheimilis nema flutningur hafi átt sér stað þremur vikum fyrir kjördag og tilkynning um nýtt lögheimili hafi borist Hagstofunni (þjóðskrá) til skráningar fyrir sama tíma.

- Kveðið er á um sérstaka tilkynningarskyldu sveitarfélags ef athugasemdir koma fram við kjörskrá.
- Ákvæði er um að enginn megi mæla með fleiri framboðslistum en einum við sömu kosningar.
- Ákvæði er um hvenær frambjóðandi getur afturkallað samþykki til framboðs.
- Ákvæði er um hvenær meðmælandi getur afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína.
- Aukinn fjöldi kjósenda er áskilinn við umsókn um listabókstaf fyrir ný stjórnmálasamtök.
- Ákvæði er um að heiti nýrra stjórnmálasamtaka megi ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem fyrir eru.
- Ákvæði er um gera skuli leiðbeiningar um tilhögun atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.
- Sýslumanni verði heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans en embættisskrifstofu eða útibúi.
- Ákvæði er um að ekki þurfi læknisvottorð til stuðnings ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi.
- Nægilegt verði að umsókn um að greiða atkvæði í heimahúsi hafi borist kjörstjóra fjórum dögum fyrir kjördag.
- Ákvæði er um að framkvæmd og afgreiðslutíma utankjörfundaratkvæðagreiðslu skuli haga þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig.
- Utanríkisráðuneytið geti ákveðið að utankjörfundaratkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum erlendis en í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða ræðismanns og að tilnefndir verði sérstakir kjörstjórar í þessu skyni.
- Atkvæðagreiðsla um borð í skipi sem er í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum geti náð til farþega með skipinu auk áhafnar þess.
- Kennivottorð, t.d. vegabréf, ökuskírteini o.fl., verði tilgreind sem skilríki kjósanda við atkvæðagreiðslu, auk nafnskírteinis.
- Ákvæði er um að kjörfund skuli almennt setja kl. 9 árdegis en kjörstjórn geti ákveðið að kjörfundur hefjist síðar, þó ekki síðar en kl. 12 á hádegi.
- Einfölduð eru ákvæði um tilhögun atkvæðagreiðslu á kjörfundi í þeim tilgangi að gera athöfnina einfaldari og greiðari.
- Kveðið er á um hlutverk kjörstjórnar við að halda uppi vörslu og reglu á kjörstað.
- Ákvæði er um að á hverjum kjörstað skuli vera tilkynning um framboðslista með heiti stjórnmálasamtaka, listabókstöfum og nöfnum frambjóðenda.
- Ný ákvæði eru um meðferð utankjörfundaratkvæða hjá kjörstjórn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er í samræmi við 1. gr. kosningalaga.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru ákvæði sem nú eru í 2. mgr. 15. gr. kosningalaga. Þykir rétt að flytja ákvæðin í I. kafla laganna þar sem þau varða skilyrði kosningarréttarins. Ákvæðin eru í meginatriðum samhljóða gildandi ákvæði. Nauðsyn þykir þó að kveða nánar á um hvernig fara beri með umsóknir þeirra sem flutt hafa úr landi en eiga rétt á að vera teknir á kjörskrá. Er lagt til að fram komi í lögum að umsókn sem berst meira en einu ári áður en réttur fellur niður skuli ekki tekin til greina. Eitt skilyrði þessa réttar er að umsækjandi staðfesti í umsókn að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Ekki þykir annað við hæfi en að slík yfirlýsing þess

sem lengi hefur búið erlendis sé nýleg. Ef umsókn berst of fljótt mun Hagstofan tilkynna umsækjanda það og leiðbeina um hvenær umsókn sé tímabær. Loks er það nýmæli að tekið er fram að ákvæðin gildi á sama hátt um endurnýjun kosningarréttarins.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um að skilyrði kosningarréttar sé að nafn kjósanda sé á kjörskrá. Ákvæði þessa efnis er nú í 25. gr. kosningalaga sem gert er ráð fyrir að falli brott, sbr. og 1. mgr. 78. gr. frumvarpsins þar sem segir að engum sem á kjörskrá stendur megi kjörstjórn meina að greiða atkvæði. Að kjósandi geti verið á kjörskrá á tveimur stöðum við sömu kosningar, sbr. 25. gr. laganna, á ekki að geta átt sér stað vegna reglna um kjörskrárgerð. Beri hins vegar svo við leiðir af sjálfu sér að kjósandi hlýtur sjálfur að eiga val um hvar hann neytir atkvæðisréttar síns, en skv. e-lið 125. gr. frumvarpsins er refsivert að greiða atkvæði á tveimur stöðum við sömu kosningar.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. kosningalaga.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. kosningalaga.

Um 6. gr.

Vegna breytinga sem orðið hafa á skipan sveitarfélaga, þar sem ekki er lengur byggt á flokkun þeirra í kaupstaði og hreppa, afnámi sýslufélaga og sameiningu sveitarfélaga er nauðsynlegt að tilgreina öll sveitarfélög í hverju kjördæmi með heiti sínu. Í samræmi við ákvæði 2. gr. laga um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, nr. 17/1998, er tekið fram að svæði það sem fyrir sameiningu sveitarfélaganna taldist til Kjalarneshrepps teljist áfram til Reykjaneskjördæmis.

Með 2. mgr. er, með hliðsjón af þeirri skýringu á ákvæði stjórnarskrárinnar um skiptingu landsins í kjördæmi sem lá fyrir við setningu laga nr. 17/1998, lagt til að tekið verði fram að breytingar sem verða á mörkum sveitarfélaga við að sveitarfélag eða hluti sveitarfélags sameinast öðru sveitarfélagi í öðru kjördæmi skuli ekki hafa áhrif á mörk kjördæma.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. kosningalaga.

Um 8. gr.

Greinin svarar til 6. gr. kosningalaga. Lagt er til að samræmd verði ákvæði um skiptingu sveitarfélaga í kjördeildir og að almenna reglan verði að sveitarstjórn ákveði skiptinguna. Felld er niður núgildandi 2. mgr. greinarinnar sem áskilur samþykki yfirkjörstjórnar kjördæmis til að skipta sveitarfélagi í kjördeildir, svo og 3. mgr. um að 15 kjósendur í sama hreppshluta í hreppi þar sem eru færri en fjórar kjördeildir geti krafist þess að gerð verði sérstök kjördeild fyrir þá. Vegna breyttra samgangna eru þessi ákvæði óþörf.

Í 2. mgr. er lagt til að sama meginregla gildi um hvernig auðkenna skuli einstakar kjördeildir til aðgreiningar og verði þær að jafnaði kenndar við kjörstað eða tölusettar.

Um 9. gr.

Greinin samsvarar 7. gr. kosningalaga. Lagt er til að bætt verði í upptalningu kjörstjórna vísun til sérstakra kjörstjórna í sveitarfélögum þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, sbr. 2. mgr. 13. gr.

Um 10. gr.

Greinin samsvarar 8. gr. kosningalaga en fellt er brott ákvæði um að beita skuli hlutfallskosningu. Um það efni gilda almenn ákvæði í lögum um þingsköp Alþingis, sbr. 68. gr. laga nr. 55/1991.

Um 11. gr.

Greinin samsvarar 9. gr. kosningalaga. Ákvæði 5. málsl. 1. mgr. þeirrar greinar er flutt í 12. gr.

Um 12. gr.

Greinin kemur í stað 5. málsl. 1. mgr. 9. gr. kosningalaga.

Um 13. gr.

Greinin kemur í stað 10. gr. kosningalaga.

Lagt er til að ákvæði um skipan undirkjörstjórna verði samræmd og að sveitarstjórn ráði því ein hverjir sitja í undirkjörstjórn. Af því leiðir að lögbundin seta hreppstjóra sem formanns undirkjörstjórnar fellur niður. Þá eru felld niður ákvæði um að kjörstjórnarmenn skuli kosnir úr hópi kjósenda í sveitarfélaginu og um hlutfallskosningu, en um það efni gilda almennar reglur sveitarstjórnarlaga, sbr. 2. og 3. mgr. 40. gr. laga nr. 45/1998.

Kveðið er nánar en í gildandi lögum á um kjörstjórnir í sveitarfélögum þar sem eru fleiri en ein kjördeild. Er miðað við að í sveitarfélagi þar sem kjördeildir eru fleiri en ein geti sveitarstjórn kosið sérstaka kjörstjórn til að hafa umsjón með starfi undirkjörstjórna. Í sveitarfélögum þar sem kjördeildaskipting er landfræðileg, hún ræðst t.d. af fyrri hreppaskipan, kann að vera heppilegt að hafa eina kjörstjórn til að samræma störf undirkjörstjórna, auglýsa kosningu, annast skýrslugerð o.fl. Í þessum sveitarfélögum verði þó ekki skylt að kjósa slíka kjörstjórn. Hins vegar er gert ráð fyrir sérstakri kjörstjórn, hverfiskjörstjórn eða yfirkjörstjórn, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað, er hafi með höndum stjórn undirkjörstjórna á kjörstaðnum, svo sem er í gildandi lögum. Loks er lagt til að þar sem slíkir kjörstaðir eru fleiri en einn kjósi sveitarstjórn sérstaka yfirkjörstjórn. Yfirkjörstjórn þessi gæti eftir atvikum jafnframt gegnt hlutverki hverfiskjörstjórnar. Í Reykjavík mundi slík yfirkjörstjórn þá hafa umsjón með framkvæmd kosninganna og hlutverk yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis yrði þá hliðstætt starfi yfirkjörstjórna í öðrum kjördæmum. Gert er þó ráð fyrir að með samþykki yfirkjörstjórnar kjördæmisins geti borgarstjórn ákveðið að sú kjörstjórn fari með verkefni yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar.

Loks er lagt til að kjörstjórnir í sveitarfélögum verði ekki kosnar til eins árs í senn heldur verði þær kosnar á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára svo sem tíðkanlegt er um nefndir sveitarfélaga. Þar sem kosnar eru sérstakar kjörstjórnir skv. 2. mgr. verði þó heimilt að fresta kosningu undir- og hverfiskjörstjórna þannig að þær verði kosnar fyrir hverjar almennar alþingiskosningar og til eins árs. Er ákvæðið hliðstætt ákvæði 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Þá er einnig lagt til að sveitarstjórn megi fresta kosningu eins eða fleiri varamanna. Í Reykjavík og víðar þar sem eru margar kjördeildir í sveitarfélagi þykja ekki vera efni til að kjósa þurfi fulla tölu varamanna í allar undirkjörstjórnir.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 11. gr. kosningalaga en tilgreiningu einstakra kjörstjórna er sleppt.

Með 2. mgr. er lagt til að vanhæfisástæður kjörstjórnarmanna verði tilgreindar fleiri en nú er. Ekki þykir þó ástæða til að sömu vanhæfisástæður gildi um kjörstjórnarmenn og almennt er í stjórnsýslu. Er lagt til að kjörstjórnarmaður skuli víkja sæti ef mál sem er til úrskurðar varðar maka hans, þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti vegna ættleiðingar. Er um að ræða sömu vanhæfisástæður og greinir í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 15. gr.

Greinin er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. kosningalaga. Felld er niður tilgreining einstakra kjörstjórna en því bætt við að kjörstjórnarmaður kunni að vera skipaður, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Ákvæði 1. mgr. er flutt úr 12. gr. kosningalaga. Tekið er fram að það er ekki einungis borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn heldur einnig að taka sæti í kjörstjórn. Sumir kjörstjórnarmenn eru skipaðir. Þannig skipar ráðherra varamenn vegna forfalla, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Aðrir taka sæti samkvæmt kvaðningu, sbr. 15. gr.

Ákvæði 2. mgr. er nýtt en í samræmi við framkvæmd og 50. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Um 17. gr.

Greinin samsvarar 35. gr. kosningalaga. Lagt er til að í sveitarfélagi þar sem kosin er yfirkjörstjórn verði heimilað að víkja frá því að undirkjörstjórn skuli nota löggilta gerðabók og að nægilegt verði að undirkjörstjórnir færi skýrslu sína á þar til gerð eyðublöð sem látin eru í té. Þá er orðið „stjórnmálasamtök“ notað í stað hugtaksins „landsframboð“, sbr. athugasemdir við 30. gr.

Um 18. gr.

Almennt ákvæði um kjördag er nú í IX. kafla (57. gr.) kosningalaga. Lagt er til að ákvæðið flytjist framar og komi áður en fjallað er um einstök atriði við framkvæmd alþingiskosninga. Eru 1. og 3. mgr. samhljóða 57. gr.

Í 2. mgr. er lagt til að komi nýtt ákvæði þar sem tekið er fram að dómsmálaráðuneytið skuli auglýsa hvenær almennar reglulegar alþingiskosningar eigi að fara fram, en ákvæði þess efnis er ekki í lögum. Þótt ákvæði um kjördag við almennar reglulegar alþingiskosningar hafi verið í lögum, löngum síðasti sunnudagur í júní, síðasti laugardagur í júní frá 1981, annar laugardagur í maí frá 1987 og nú, frá 1995, miðað við lok fjögurra ára kjörtímabils, sami vikudagur í mánuði talið frá mánaðamótum, hefur kjördagur oftar en ekki verið ákveðinn í tengslum við þingrof, með lagaákvæði í tengslum við breytingar á kjördæmaskipan og reglum um skiptingu þingsæta eða með sérstöku lagaákvæði svo sem var 1971, sbr. lög nr. 22/1971. Alþingiskosningar 1978 voru haldnar á reglulegum kjördegi í lok kjörtímabils og var kjördagurinn þá auglýstur sérstaklega með auglýsingu dómsmálaráðuneytisins. Slíka auglýsingu hefði átt að gefa út 1995 en þá var boðað til kosninga með þingrofi. Áhrif auglýsingar eru m.a. þau að þegar kjördagur hefur verið auglýstur getur kosning utan kjörfundar hafist, sbr. 55. gr.

Um 19. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við upphaf 122. gr. kosningalaga. Sjá og 24. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnarskipunarlög nr. 56/1991. Niðurlagsákvæði 122. gr. telst vera óþarft og er fellt brott.

Um 20. gr.

Greinin er í samræmi við 14. gr. kosningalaga.

Um 21. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 15. gr. kosningalaga en ákvæðin sem þar eru í 2. mgr. eru flutt í 2. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemdir við þá grein.

Með breytingum á 15. gr. kosningalaganna 1991 og 1995 var ákveðið að á kjörskrá skuli færa þá sem skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Í athugasemdum kom fram að kjörskráin skyldi því verða eins og íbúaskrá þjóðskrár er hverju sinni þremur vikum fyrir kjördag. Þeir sem flytjast milli kjördæma eða kjördeilda eftir áðurgreindan tíma skulu þá teknir á kjörskrá þar sem þeir voru þá skráðir með lögheimili. Í athugasemdunum kom einnig fram að kjósandi geti ekki kært sig á kjörskrá vegna flutnings eftir þennan tíma né heldur ef flutningur hafði ekki verið tilkynntur fyrir þann tíma. Eldri ákvæði höfðu leitt til þess að fólk sem ekki hafði tilkynnt breytingu á lögheimili fyrir 1. desember átti rétt á að vera tekið á kjörskrá á nýja staðnum þar sem það átti lögheimili. Það kerfi fól í sér mikla vinnu hjá sveitarstjórnum og óvissu við frágang kjörskrár. Þessu var ætlunin að breyta þannig að breytingar á kjörskrárstofni Hagstofunnar yrðu tiltölulega fáar.

Ákvæði a-liðar er óbreytt frá núgildandi 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. Þykir ekki ástæða til að breyta ákvæðinu. Ákvörðun um í hvaða sveitarfélagi kjósandi skal vera á kjörskrá ræðst af því sem skráð hefur verið í íbúaskrá þjóðskrárinnar. Skilyrði þessa eru þá annars vegar að efnislegar forsendur lögheimilisskráningar séu fyrir hendi þremur vikum fyrir kjördag og hins vegar að tilkynning um nýtt lögheimili hafi verið send og hún borist þjóðskránni fyrir sama tíma. Þessi regla kemur einnig fram á ótvíræðari hátt en áður í 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins (sbr. nú 3. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna).

Um 22. gr.

Greinin er í samræmi við 16. gr. kosningalaga. Hagstofan hefur um langt árabil haft umsjón með frágangi kjörskrárstofna til sveitarstjórna og er lagt til að sú skipan verði lögfest þannig að ekki þurfi atbeina dómsmálaráðuneytisins.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 20. gr. kosningalaga. Þar segir að almenna auglýsingu um framlagningu kjörskráa skuli birta í útvarpi og dagblöðum. Er lagt til að tekið verð fram að með auglýsingu í útvarpi sé átt við auglýsingu í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi).

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. kosningalaga. Lagt er til að alfarið verði á valdi sveitarstjórnar og án tillits til eðlis sveitarfélags eða stærðar hvar og á hve mörgum stöðum í sveitarfélagi kjörskrá er lögð fram.

Ákvæði sem samsvarar 23. gr. kosningalaga er ekki tekið í frumvarpið. Frestir til að leggja fram kjörskrá hafa verið styttir frá því sem var og hefur ákvæðið því misst gildi sitt.

Um 25. gr.

Greinin samsvarar 21. gr. kosningalaga.

Með 15. gr. frumvarpsins er byggt á því að kjörskrá skuli miðuð við skráð lögheimili í sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Fullnægjandi gögn til skráningar á lögheimili þurfa þá að hafa borist þjóðskránni (Hagstofu Íslands) fyrir þennan tíma. Tilkynning sem berst þjóðskránni síðar er því of seint fram komin, jafnvel þótt hún kunni að hafa borist sveitarstjórn innan þessa tíma en hún ekki framsent þjóðskrá hana, og kemur hún því ekki til álita við kjörskrárgerð. Nauðsynlegt þykir að ákvæði um þetta séu gerð skýrari en nú er en nokkur álitaefni hafa komið upp við gerð kjörskráa í undanfarandi kosningum. Þessi sjónarmið eru því undirstrikuð enn frekar en áður í 3. mgr. Segir þar að skilyrði þess að kjörskrá verði breytt vegna nýs lögheimilis sé að flutningur hafi átt sér stað í síðasta lagi þremur vikum fyrir kjördag og að tilkynning um nýtt lögheimili þurfi að hafa borist Hagstofu Íslands (þjóðskrá) fyrir sama tíma. Er með því lögð áhersla á að lögheimilisflutningur þarf ekki einungis að hafa átt sér stað heldur þarf tilkynning einnig að hafa borist þjóðskránni sjálfri en ekki einhverjum þeim sem tekur við tilkynningum á hennar vegum, allt innan þeirra tímamarka sem greind eru.

Með breytingu á 21. gr. kosningalaganna 1995 var reglum um meðferð breytinga á framlagðri kjörskrá breytt og meðferðin gerð einfaldari. Breytingin var gerð vegna þess að talið var að tilvikum sem geta orðið tilefni athugasemda við kjörskrá hafði fækkað þar sem kjörskrá væri samin miðað við skráð lögheimili í sveitarfélagi eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár tilteknum degi fyrir kjördag eða í samræmi við umsóknir sem borist hefðu Hagstofu Íslands á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laganna. Álitaefni vegna lögheimilis hefðu því nánast horfið og tilefni athugasemda við kjörskrá væru því nánast eingöngu vegna nýrra ríkisborgara sem fá ríkisborgararétt stuttu fyrir kosningar.

Gert er ráð fyrir að reglur um meðferð breytinga á framlagðri kjörskrá verði í meginatriðum óbreyttar og að leiðréttingar megi gera fram á kjördag. Verður að treysta því að sveitarstjórnir virði þær reglur sem settar eru um skil sveitarfélaga á því hvar kjósandi skuli vera á kjörskrá. Á því var byggt 1995 að eiginleg álitaefni við kjörskrárgerð yrðu nánast eingöngu þau að mistök hafi orðið við samningu kjörskrár þannig að nafn vanti eða hafi fallið niður fyrir vangá. Önnur tilefni vörðuðu einkum andlát og öflun eða missi íslensks ríkisfangs. Tilefni dómsmála hyrfu þannig og var sérstök meðferð kjörskrármála fyrir dómi því felld niður. Hins vegar var litið svo á að að því leyti sem tilefni yrði til dómsmáls mundu almenn ákvæði laga um meðferð einkamála eiga við og að innan þeirra ákvæða ætti vegna eðlis kjörskrármála að vera unnt að tryggja hraða málsmeðferð. Á það skal bent að röng skráning lögheimilis getur fallið undir kosningaspjöll skv. d-lið 116. gr. og verið refsiverð skv. h-lið 124. gr.

Í 2. mgr. er þó nýmæli er varðar meðferð sveitarstjórnar á athugasemdum við kjörskrá. Í athugasemdum við breytingu á 21. gr. kosningalaganna 1995 kom fram að ekki væri ástæða til að setja sérstök ákvæði um það efni í kosningalögin. Um það efni gildi almenn ákvæði stjórnsýslulaga. Meðferð á leiðréttingum þurfi af eðlilegum ástæðum að hraða og gæta verði þess að gefa aðila er mál varðar færi á að koma að athugasemdum. Nú þykir rétt að kveða sérstaklega á um nokkur atriði varðandi málsmeðferðina. Er lagt til að þegar athugasemd er gerð um að nafn skuli tekið af kjörskrá skuli það þegar tilkynnt hlutaðeigandi. Einnig er lagt til að þegar athugasemd er gerð um að taka skuli á kjörskrá einhvern sem ætla má að sé á kjörskrá í öðru sveitarfélagi skuli það þegar tilkynnt hlutaðeigandi sveitarstjórn. Frestur verði þá veittur til að koma að athugasemdum eftir því sem tími og atvik leyfa. Ef ágreiningur verður um mál skal úrskurður ritaður með fáum orðum í gerðabók sveitarstjórnar. Í 26.

gr. eru svo ákvæði um að tilkynna skuli leiðréttingar sem sveitarstjórn ákveður. Að öðru leyti fer um mál þessi samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 22. gr. kosningalaga.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 17. gr. kosningalaga.

Um 28. gr.

Greinin er í samræmi við 26. gr. kosningalaga. Nauðsynlegt er að nafn frambjóðenda komi skýrt fram sem og önnur deili á þeim. Um nafnskráningu almennt vísast til ákvæða í 19. gr. laga um mannanöfn, nr. 45/1996, en þar segir að á „öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð í þjóðskrá á hverjum tíma".

Um 29. gr.

Greinin er í samræmi við 1. málsl. 30. gr. kosningalaga. Ákvæði 2. málsl. þeirrar greinar er flutt í 32. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Greinin er í samræmi við 27. gr. kosningalaga að öðru leyti en því að lagt er til að í 1. mgr. bætist ákvæði um hvernig meðmælandi skuli tilgreina sig. Þá er lagt til að í stað hugtaksins „landsframboð" sem nú er notað um framboð á vegum stjórnmálasamtaka sem saman eiga verði einungis notað orðið „stjórnmálasamtök", sbr. tillögur kjördæmaskipunarnefndar.

Um 31. gr.

1. mgr. er samhljóða 28. gr. kosningalaga.

2. mgr. er nýmæli. Er þar kveðið á um að sama kjósanda sé einvörðungu heimilt að mæla með einum framboðslista við hverjar alþingiskosningar. Vafi hefur þótt leika á hvort þetta sé heimilt og er lagt til að tekið skuli af skarið um að það skuli óheimilt.

Um 32. gr.

Í grein þessa er safnað saman ákvæðum um það hvað gera skuli þegar framboð er ekki í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

1. mgr. er samhljóða 2. málsl. 30. gr. kosningalaga og 2. mgr. er samhljóða 29. gr. laganna.

3. mgr. er nýmæli. Ákvæðið tekur til þess að sami kjósandi mælir með fleiri en einu framboði sem ekki er heimilt skv. 2. mgr. 31. gr. frumvarpsins. Verður kjósandinn þá ekki talinn meðmælandi neins framboðanna.

Um 33. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Rétt þykir að kveða á um það hvenær frambjóðandi annars vegar og meðmælandi hins vegar geti í síðasta lagi afturkallað samþykki sitt svo að áhrif hafi á framboð.

Um 34. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. kosningalaga.

Um 35. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. kosningalaga.

Um 36. gr.

Greinin samsvarar 40. gr. kosningalaga en lagðar eru til nokkrar breytingar.

Lagt er til að fjöldi kjósenda sem undirrita þarf tilkynningu um nýjan listabókstaf stjórnmálasamtaka verði hækkaður úr 50 í 100 og er það sami fjöldi og minnst þarf til að mæla með framboðslista í kjördæmi, sbr. 30. gr. Áskilinn fjöldi meðmælenda með hverjum framboðslista var hækkaður 1991 en ákvæðið um listabókstafina kom í kosningalögin 1987 en þá var áskilinn meðmælendafjöldi í kjördæmi minnst 50. Bætt er við nánara ákvæði um efni tilkynningar um ný stjórnmálasamtök, ákvæði um að heiti nýrra samtaka megi ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem þegar eru á skrá, svo og ákvæði þess efnis að samtökum sem eru á skrá skuli tilkynnt um ný samtök og um ósk þeirra um listabókstaf. Loks er nýtt ákvæði sem varðar breytingu á heiti stjórnmálasamtaka sem eru á skrá.

Um 37. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. kosningalaga.

Um 38. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. kosningalaga að því undanskildu að í stað hugtaksins „landsframboð“ er vísað til „stjórnmálasamtaka“, sbr. athugasemdir við 30. gr.

Um 39. gr.

Greinin er í samræmi við 38. gr. kosningalaga. Lagt er þó til að yfirkjörstjórn skuli koma saman til fundar þegar næsta dag eftir að framboðsfrestur er liðinn til að fjalla um framboðslista. Nauðsynlegt er að hraða sem mest afgreiðslu yfirkjörstjórnar á framboðum. Nú segir að yfirkjörstjórn skuli koma til fundar á næsta virkum degi. Miðað við að kjördagur sé á laugardegi rennur framboðsfrestur út á föstudegi. Fundardagur er þá laugardagur sem telst virkur dagur. Breytingin er einkum lögð til svo að forða megi misskilningi.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 39. gr. kosningalaga.

Um 41. gr.

Greinin er samhljóða 41. gr. kosningalaga nema að því leyti að vísað er til lista stjórnmálasamtaka í stað landsframboða.

Um 42. gr.

Greinin samsvarar 42. gr. kosningalaga. Tekið er upp hugtakið „stjórnmálasamtök“ í stað „landsframboðs“. Þá er kveðið á um að auglýsing landskjörstjórnar á listabókstöfum sem birta á í útvarpi skuli birt í Ríkisútvarpinu (hljóðvarpi og sjónvarpi). Nýtt ákvæði er að landskjörstjórn skuli senda dómsmálaráðuneytinu framboðslista en skv. 48. gr. sér ráðuneytið um gerð kjörseðla.

Um 43. gr.

Greinin samsvarar 43. gr. kosningalaga en hefur verið breytt til samræmis við 42. gr. Ákvæði um að dómsmálaráðuneytið skuli tilkynna breytinguna öllum yfirkjörstjórnum og öllum kjörstjórum utan kjörfundar er talið óþarft og fellt niður.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 44. gr. kosningalaga en bætt er við ákvæði um sérstakar leiðbeiningar um tilhögun atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og um afgreiðslu kjörgagna til hreppstjóra og skipstjóra sem annast utankjörfundaratkvæðagreiðslu, sbr. 58. gr., og til kjörstjóra erlendis.

Um 45. gr.

Greinin er samhljóða 45. gr. kosningalaga en bætt er við ákvæði um stimpla með listabókstöfum sem gert er ráð fyrir í 60. gr. og notaðir hafa verið um árabil. Nú er hvergi í lögum kveðið á um útvegun stimplanna. Dómsmálaráðuneytið hefur lagt embættum sýslumanna og sendiráðum til stimpla en stimplar hafa ekki verið til afnota hjá öðrum kjörstjórum. Er ekki gert ráð fyrir breytingu á því.

Um 46. gr.

Greinin er í samræmi við 47. gr. kosningalaga. Ákvæði 2. mgr. þeirrar greinar um sérprentun kosningalaga er þó fellt brott. Þess í stað kemur ákvæði í 1. mgr. 44. gr. um kosningaleiðbeiningar sem eiga að vera hjá þeim sem annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Um 47. gr.

1. mgr. samsvarar 48. gr. kosningalaga en ákvæðið sem varðar skipstjóra sem annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar er orðað á annan hátt án efnislegra breytinga. Niðurlag núverandi ákvæðis um að ekki megi aðrir greiða atkvæði en lögskráðir skipverjar er fellt brott. Ákvæði þessa efnis er í 58. gr. frumvarpsins og drengskaparheit um að kosning fari fram samkvæmt fyrirmælum laganna nær þá til þessa.

Með 2. mgr. er lagt til að sömu ákvæði og um skipstjóra gildi um kjörstjóra sem tilnefndur verður til að annast utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis, sbr. 2. mgr. 57. gr. Aðrir kjörstjórar eru opinberir trúnaðarmenn og er þá ekki þörf á að þeir undirriti sérstakt drengskaparheit.

Um 48. gr.

Greinin kemur í stað 49. og 50. gr. og 1. málsl. 52. gr. kosningalaga. Tekið er fram að dómsmálaráðuneytið annist gerð kjörseðla og er það í samræmi við það sem verið hefur um langt skeið. Þá er lagt til að tekið verði fram um gerð kjörseðla að þeir skuli ekki einungis vera úr haldgóðum pappír sem skrift sést ekki í gegnum heldur komi og fram hver skuli vera lágmarksþyngd pappírsins.

Um 49. gr.

Greinin kemur í stað 2. málsl. 52. gr. kosningalaga.

Um 50. gr.

Greinin samsvarar 51. og 53. gr. kosningalaga.

Um 51. gr.

Greinin er samhljóða 54. gr. kosningalaga.

Um 52. gr.

Greinin samsvarar 55. gr. kosningalaga. Lagt er til að ákvæði um að kjörseðlar skuli fullgerðir eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag verði breytt þannig að nægilegt sé að það skuli að jafnaði gert fyrir þann tíma. Ástæðulaust er að ætlast til að prentun kjörseðla fyrir Reykjavík og Reykjaneskjördæmi skuli lokið svo snemma. Þá er lagt til að orðalag greinarinnar um sendingu kjörseðla frá yfirkjörstjórn til undirkjörstjórna verði einfaldað. Jafnframt er tekið fram að nægilegt sé að yfirkjörstjórn kjördæmis sendi sérstökum kjörstjórnum í sveitarfélögum þar sem eru fleiri en ein kjördeild, sbr. 2. mgr. 13. gr., kjörseðla óflokkaða fyrir kjördeildir og að þær kjörstjórnir annist þá afhendingu kjörseðlanna til undirkjörstjórna.

Um 53. gr.

Greinin samsvarar 56. gr. kosningalaga en bætt er inn ákvæðum um þau gögn sem ætlast er til að dómsmálaráðuneytið og yfirkjörstjórnir láti undirkjörstjórnum í té. Í stað skýrslu um þingmannsefni sem nú er getið í niðurlagi 2. mgr. 56. gr. laganna kemur tilkynning um framboðslista, sbr. 1. mgr., sem festa skal upp á kjörstað, sbr. 75. gr.

Um 54. gr.

Greinin samsvarar 62. gr. kosningalaga. Ákvæðið er einfaldað þar sem ekki er lengur ætlast til að kjósandi þurfi að gera grein fyrir af hverju hann vill greiða atkvæði utan kjörfundar.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 64. gr. kosningalaga.

Um 56. gr.

Grein þessi fjallar um hvar atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram innan lands og kemur í stað ákvæða sem nú eru í 13. og 63. gr. kosningalaga. Ákvæðin eru í meginatriðum í samræmi við gildandi reglur en lagðar eru til nokkrar breytingar til að auðvelda framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

Í fyrsta lagi er lagt til að fram komi að atkvæðagreiðsla á vegum sýslumanna fari fram í aðalskrifstofu sýslumanns eða í útibúi frá sýslumannsembætti. Útibú eru tilgreind í reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Jafnframt er tekið fram að sýslumaður geti ákveðið að atkvæðagreiðsla á aðsetursstað embættisins fari fram á sérstökum kjörstað utan aðalskrifstofu. Er það staðfesting á því fyrirkomulagi sem m.a. hefur verið tíðkað í Reykjavík. Til viðbótar er sýslumanni síðan heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans, auk atkvæðagreiðslu hjá hreppstjórum, svo sem verið hefur. Ákvæði um atkvæðagreiðslu hjá hreppstjórum eru óbreytt, en til að koma til móts við breytingar sem orðið hafa við fækkun hreppstjóra, m.a. vegna stækkunar sveitarfélaga, þar sem vegalengdir til kjörstjóra lengjast, er lagt til að sýslumaður geti brugðist við og ákveðið sérstakan kjörstað í umdæmi sínu, allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Að því er varðar hverjir annist atkvæðagreiðslu á vegum sýslumanns er loks lagt til að sýslumaður þurfi ekki að fá sérstakt samþykki dómsmálaráðuneytisins til að fela öðrum en starfsmönnum sínum það verkefni. Eftir sem áður getur sýslumaður þurft að leita til ráðuneytisins um fjárveitingar til þessa verkefnis.

Orðalagi 2. og 3. mgr. er breytt þannig að ljóst sé að þeir kjósendur sem undir ákvæðin falla eigi rétt á að greiða atkvæði á hlutaðeigandi stofnun eða í heimahúsi og að kjörstjóra beri þá að hlutast til um að kosningin fari fram. Um framkvæmdina gilda svo nánari reglur settar skv. 5. mgr. Í 3. mgr. eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum um rétt til að greiða atkvæði í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar. Er lagt til að slakað verði á kröfu um vottun á högum kjósanda sem vill fá að greiða atkvæði á þennan hátt. Í stað læknisvottorðs komi vottorð lögráða manns um hagi kjósandans. Þá er tekið fram að kosning í heimahúsi eigi ekki við ef kjósandi á kost á að greiða atkvæði á stofnun skv. 2. mgr. Loks er lagt til að ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skuli hafa borist kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag í stað hádegis þann dag þegar ein vika er til kjördags. Rétt þykir að rýmka þessa reglu frá því sem verið hefur þannig að kjósandi geti lagt fram ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi nær kjördegi ef atvik koma upp sem gera honum ókleift að fara á kjörstað. Er þá miðað við að umsókn hafi borist kjörstjóra kl. 16 á þriðjudegi, miðað við kjördag á laugardegi. Hafa verður í huga að ef ósk er síðbúin kunna aðstæður að reynast þær að annmörkum sé háð að komast til kjósanda á þeim tíma sem eftir er fram til kjördags.

Með 4. mgr. er lagt til að kjörstjóri skuli ekki einungis auglýsa hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram heldur skal hann einnig auglýsa hvar hún fer fram. Þá er tekið fram að framkvæmd og afgreiðslutíma skuli haga þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig. Er áhersla lögð á nauðsyn þess að reglur um hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram verði samræmdar og að þær verði vel kynntar, og að í því sambandi sé jafnan tekið tillit til aðstæðna á hverjum stað eftir því sem unnt er. Þá er nýmæli að tekið er fram að atkvæðagreiðsla á sjúkrahúsi skuli fara fram sem næst kjördegi.

Ákvæði 5. mgr. er óbreytt. Gildandi leiðbeiningar um utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra o.fl., nr. 120 20. mars 1991, þarf að endurskoða vegna breyttra ákvæða í 2.–4. mgr. Atkvæðagreiðslu á stofnunum skv. 2. mgr. skal skipuleggja í samráði við stjórn hlutaðeigandi stofnunar, sbr. 4. mgr., og í leiðbeiningum segir að ákvörðun skuli taka eigi síðar en viku fyrir kjördag. Aðstæður á hverri stofnun ráða hve mikinn tíma þarf að ætla þar til atkvæðagreiðslu, hve nærri kjördegi atkvæðagreiðslan eigi að fara fram og þá einnig hvort ástæða geti verið til að atkvæðagreiðsla fari fram oftar en einu sinni. Í 4. mgr. er nú sérstaklega tekið fram að atkvæðagreiðsla á sjúkrahúsi skuli fara fram sem næst kjördegi og skv. 5. mgr. skal umboðsmönnum lista tilkynnt hvenær atkvæðagreiðsla fer fram á stofnun.

Um 57. gr.

Í grein þessari eru sameinuð ákvæði um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar erlendis sem nú eru í 13. og 63. gr. kosningalaga. Lagt er til að auk þess sem atkvæðagreiðsla erlendis fer fram í skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar, í sendiræðisskrifstofu eða í skrifstofu kjörræðismanns, svo sem verið hefur, verði utanríkisráðuneytinu heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum. Stöðum þar sem íslenskir ríkisborgarar dveljast erlendis hefur fjölgað og hafa verið annmarkar á að koma við atkvæðagreiðslu á slíkum stöðum. Þegar aðstaða hefur verið fyrir hendi hefur utanríkisráðuneytið reynt að koma til móts við þarfir slíkra hópa og hafa sendierindrekar í nokkrum tilvikum verið sendir á slíka staði. Rétt þykir að lögfesta þá skipan en jafnframt er lagt til að utanríkisráðuneytið geti tilnefnt í þessu skyni sérstaka kjörstjóra sem ekki eru sendierindrekar. Slíkir kjörstjórar yrðu væntanlega fyrst og fremst íslenskir ríkisborgarar sem búsettir eru eða dveljast erlendis. Þeir mundu þá fá send kjörgögn sem þeir taka við gegn drengskaparyfirlýsingu um að kosning fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningalaga, sbr. 47. gr. Gert er ráð fyrir að samráð verði haft milli utanríkisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis um hvar slíkir kjörstjórar verða, svo og við aðra sem

þekkja til dvalar Íslendinga erlendis, svo sem Lánasjóð íslenskra námsmanna. Tillögur þessar miða við að áfram verði trúnaðarsamband milli íslenskra stjórnvalda og kjörstjóra erlendis, enda er framkvæmd kosninga á ábyrgð stjórnvalda. Meðal annars ber að tryggja að kosning sé leynileg og að rétt sé að öllu leyti að henni staðið. Misferli við framkvæmd getur varðað kjörstjóra refsiábyrgð skv. 123. gr. og er því brýnt að innlend yfirvöld hafi eftir því sem unnt er lögsögu yfir hlutaðeigandi.

Samkvæmt niðurlagi 4. mgr. 63. gr. kosningalaga er nú einungis gert ráð fyrir að utanríkisráðuneytið auglýsi hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram hjá kjörræðismönnum sem eru kjörstjórar. Í framkvæmd hefur ráðuneytið auglýst hvar og hvenær öll atkvæðagreiðsla fer fram erlendis og er lagt til að orða ákvæðið þannig í 3. mgr.

Um 58. gr.

Ákvæði um kosningu um borð í skipum eru nú í 13. og 63. gr. kosningalaga, auk ákvæða í 47. og 48. gr. og 4. mgr. 66. gr. Ákvæði þessi eru dregin saman í eina grein í frumvarpinu.

Lagt er til að auk skráðra skipverja (áhafnar) á skipi í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum megi farþegar um borð í skipinu einnig greiða þar atkvæði. Eðlilegt þykir að miða við áhöfn skips en binda réttinn ekki við lögskráða skipverja til að hafið verði yfir vafa að ekki sé eingöngu átt við hefðbundna áhöfn skips heldur nái rétturinn einnig til annarra sem starfa um borð í skipi í förum, svo sem vísindamenn við rannsóknir, lækna og ýmsa aðra starfshópa með skipi, jafnvel þótt þeir séu ekki lögskráðir. Þá er lagt til að farþegar með skipi megi einnig greiða þar atkvæði. Til farþega mundu og teljast maki og annað náið skyldmenni sem fylgir skipverja, auk venjulegra farþega samkvæmt skilgreiningu siglingalaga, sbr. 120. gr. laga nr. 34/1985.

Í 2. mgr. er tekið fram að skipstjóri geti tilnefnt annan til að vera kjörstjóri. Kemur það ákvæði þá í stað ákvæða um varamann og staðgengil sem nú eru í 2. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 66. gr. laganna.

Um 59. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvarar 1. og 4. málsl. 2. mgr. 13. gr. kosningalaga. Ákvæði í þeirri málsgrein um varamenn er óþarft, enda er í 56.–58. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að aðrir séu að jafnaði til staðar til að gegna starfi kjörstjóra. Að því leyti sem svo er ekki mundu gilda almennar reglur um skipun varamanna, svo sem að sýslumaður skipar varamann fyrir hreppstjóra, sbr. 5. gr. laga um hreppstjóra, nr. 62/1965.

Um 60. gr.

Ákvæði 1. mgr. er flutt úr upphafi 63. gr. kosningalaga.

2. mgr. er í samræmi við 65. gr. laganna.

Um 61. gr.

Greinin samsvarar 66. gr. kosningalaga.

Í 1. mgr. er lagt til að skýrar verði kveðið á um hvernig kjósandi skuli gera grein fyrir sér áður en hann fær að greiða atkvæði. Kjósandi þarf að sjálfsögðu að greina frá nafni, heimili og fæðingardegi, en hann skal auk þess framvísa viðhlítandi skilríki um hver hann er. Auk nafnskírteinis sem hjálpargagns, svo sem nú er tilgreint, er lagt til að tilgreind verði kennivottorð, þ.e. persónuskilríki með mynd og eftir atvikum undirskrift handhafa. Slík skilríki, oft opinber skjöl, eru nú algengari en áður, svo sem vegabréf, ökuskírteini, bankakort, greiðslukort o.fl. Kennivottorð og nafnskírteini eru einungis nefnd sem dæmi. Auk þess er

tilgreint að kjósandi geti gert grein fyrir sér á annan fullnægjandi hátt og þá að mati kjörstjóra. Gera verður ráð fyrir að ríkari kröfur um skilríki verði gerðar við atkvæðagreiðslu erlendis en innan lands.

Í 2. mgr. hafa orðin „í einrúmi“ verið felld niður þar sem nú segir að kjósandi skuli greiða atkvæði „aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái“. Verði þannig fullnægjandi að atkvæði sé greitt „aðstoðarlaust og án þess að nokkur annar sjái“ hvernig það er greitt. Ekki er alls staðar fyrir hendi aðstaða sem fallið getur undir það að vera „í einrúmi“. Aðstoð sem veitt er skv. 3. mgr. skal hins vegar fara fram í einrúmi.

Þá er lagt til að ákvæði sem nú er í 3.–5. málsl. 2. mgr. flytjist í sérstaka málsgrein, 4. mgr. Er þar breytt orðalagi þannig að kjósandi þurfi ekki sjálfur að leggja kjörseðilsumslagið og fylgibréfið í sendiumslagið og loka því. Ekki hefur verið áskilið að kjósandinn áriti sendiumslagið sjálfur og er það óbreytt. Loks er breytt orðalagi þar sem nú er vísað til hrepps, kaupstaðar eða kjördeildar og kemur þess í stað tilvísun til umdæmis þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá.

Um 62. gr.

Greinin er samhljóða 69. gr. kosningalaga.

Um 63. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvarar 2. mgr. 71. gr. kosningalaga. Tekið er fram að atkvæðakassinn skuli innsiglaður af hlutaðeigandi kjörstjórn en ekki undirkjörstjórn. Þar sem kosin er yfirkjörstjórn skv. 2. mgr. 13. gr. mundi hún annast innsiglun. Ákvæðið um innsiglun kassanna er úr niðurlagi 1. mgr. 71. gr.

Ákvæði 2. mgr. samsvarar 70. gr. laganna.

Ákvæði 3. mgr. er flutt úr 5. mgr. 71. gr. laganna en niðurlag þeirrar málsgreinar kemur í frumvarpinu fram í 4. mgr. 88. gr.

Um 64. gr.

Grein þessi kemur í stað ákvæða sem nú eru í 1. og 3. mgr. 71. gr., 2. málsl. 1. mgr. 66. gr. og 67. gr. kosningalaga. Ákvæði um skáningu utankjörfundaratkvæða eru færð á einn stað, bæði þeirra atkvæðisbréfa sem greidd eru hjá kjörstjóra og bréfa hinna sem greidd hafa verið hjá öðrum kjörstjórum og kjörstjóri móttekur.

Um 65. gr.

Greinin er samhljóða 72. gr. kosningalaga.

Um 66. gr.

Greinin samsvarar 58. gr. kosningalaga. Lagt er til að sveitarstjórn ákveði kjörstað fyrir hverja kjördeild svo sem verið hefur. Ákvæðið er hins vegar einfaldað og felld eru brott ákvæði um að þingstaður skuli að jafnaði vera kjörstaður og að samþykki yfirkjörstjórnar þurfi til að hafa kjörstað utan hreppsfélags. Eftir sem áður verður þetta á valdi sveitarstjórnar. Þá er tekið fram að á sama kjörstað megi vera fleiri en ein kjördeild.

Í 2. mgr. er kveðið á um að kjörstað skuli auglýsa með nægum fyrirvara. Þá auglýsingu mundi mega sameina auglýsingu um upphaf kjörfundar, sbr. 2. mgr. 68. gr.

Um 67. gr.

Greinin kemur í stað ákvæða sem eru í 59. og 60. gr. kosningalaga. Lýsing á því hvernig kjörklefi skal búinn er einfölduð. Nauðsynlegt er að hafa í huga að aðstaða á kjörstað þarf að vera þannig að kjósandi í hjólastól geti kosið, svo og að aðstoð megi veita þar, sbr. 84. gr. Ákvæði 2. og 3. mgr. um atkvæðakassa koma í stað 60. gr. laganna, nokkuð einfölduð.

Um 68. gr.

Greinin samsvarar 73. gr. kosningalaga. Lagt er til að ákvæði um upphaf kjörfundar greini ekki á milli þess hvort sveitarfélag telst hreppur eða kaupstaður. Er lagt til að meginreglan verði að kjörfundur hefjist kl. 9 að morgni en ákveða megi að hann skuli hefjast síðar, þó ekki síðar en kl. 12, og er það í samræmi við 47. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar.

Þá er lagt til að upphaf kjörfundar skuli alltaf auglýsa, enda verður að gera ráð fyrir að kjörfundur sé auglýstur á hverjum stað. Þessa auglýsingu má sameina auglýsingu skv. 2. mgr. 66. gr.

Um 69. gr.

Greinin svarar til 74. gr. og 1. mgr. 75. gr. kosningalaga. Ákvæði um að í kjörfundarstofu skuli ekki vera fleiri kjósendur en einn á kjörklefa er fellt brott en í staðinn kemur ákvæði í 76. gr. um reglu á kjörstað og í kjörfundarstofu. Við ákvæðið um að kjörstjórnarmaður feli öðrum úr kjörstjórninni starf sitt ef hann víkur frá er bætt: nema varamaður sé tiltækur. Ákvæði frumvarpsins um framkvæmd kosninganna geta gert aukna kröfu til viðveru fullrar tölu kjörstjórnarmanna.

Um 70. gr.

Greinin samsvarar 2. mgr. 75. gr. kosningalaga en er nokkuð einfölduð. Efni 1. mgr. greinarinnar er flutt í 69. gr. og að nokkru í 76. gr.

Um 71. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. greinarinnar koma í stað 76. gr. kosningalaga. Í 1. mgr. er bætt við frekari ákvæðum um flokkun utankjörfundaratkvæðanna hjá kjörstjórn. Er gert ráð fyrir að kjörstjórn kanni þegar hvort atkvæði sem henni berast skuli taka til greina og opni sendiumslagið í því sambandi. Ef atkvæði skal taka til greina, sbr. 89. gr., verði sett sérstakt merki til bráðabirgða við nafn kjósandans í kjörskránni. Ef það skal ekki taka til greina verði sendiumslagið áritað um ástæðuna. Kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu verði í báðum tilvikum lagt í sendiumslagið á ný og geymt þar til atkvæðagreiðslunni lýkur. Utankjörfundaratkvæðin koma þá til meðferðar að nýju, sbr. 88. gr.

Ákvæði 2. mgr. samsvarar 4. mgr. 71. gr. laganna.

Ákvæði 4. mgr. er nýmæli. Þar er heimilað að hefja flokkun utankjörfundaratkvæða daginn fyrir kjördag í sveitarfélögum þar sem kosin er sérstök yfirkjörstjórn, sbr. 2. mgr. 13. gr., og verði atkvæðisbréfum þá komið í rétta kjördeild á kjördag.

Um 72. gr.

Greinin samsvarar 77. gr. kosningalaga.

Um 73. gr.

Greinin samsvarar 89. gr. kosningalaga. Þar er gert ráð fyrir að allir þrír kjörstjórnarmenn hafi hver sitt eintak kjörskrár fyrir sér. Svo hefur ekki verið í reynd og er lagt til að miðað verði við að kjörstjórn hafi tvö eintök af kjörskránni.

Um 74. gr.

Greinin er í samræmi við 90. gr. kosningalaga.

Um 75. gr.

Ákvæði greinarinnar koma í stað ákvæða sem nú eru í 61., 78. og 79. gr. kosningalaga. Nýmæli er ákvæði um að á kjörstað skuli festa upp tilkynningu um framboðslista í kjördæminu með heiti stjórnmálasamtaka, listabókstöfum og nöfnum frambjóðenda, auk kosningaleiðbeininga svo sem nú er. Gögn þessi skulu fylgja kjörgögnum sem yfirkjörstjórn leggur til, sbr. 1. mgr. 53. gr.

Um 76. gr.

Grein þessi kemur í stað 80. gr. kosningalaga. Lagt er til að meginregla verði að kjósendur skuli greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram. Þá er gert ráð fyrir að skipun sérstaks dyravarðar við hverja kjördeild falli niður. Verður það þá hlutverk kjörstjórnar að sjá til þess að á kjörstað sé fullnægjandi regla, eftir atvikum þannig að einn fulltrúi úr kjörstjórn annist dyravörslu. Þá er fellt niður ákvæði um að í kjörfundarstofu megi ekki vera fleiri kjósendur í senn en kjörklefar eru margir. Með þeirri breytingu á framkvæmd kosninga að kjósandi þurfi ekki að ganga að kjörborðinu til að stinga atkvæði í atkvæðakassann, sbr. 83. gr., á kosning að geta gengið greiðar fyrir sig en nú er. Getur þá farið saman eftirlit með því að kjósandi leggi kjörseðil í kassann og dyravarsla. Ef þörf þykir getur kjörstjórn takmarkað fjölda kjósenda í kjörfundarstofu. Um viðveru umboðsmanna í kjörfundarstofu vísast til ákvæða í 37. og 92. gr.

Í 3. mgr. er lagt til að kjörstjórn skuli að öðru leyti sjá til þess að á kjörstað og næsta nágrenni hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga. Um óleyfilegan kosningaáróður og kosningaspjöll er fjallað í 116. gr. Önnur starfsemi sem fram fer á kjörstað kann að valda truflun á framkvæmd kosninga, t.d. koma í veg fyrir greiðan aðgang kjósenda að kjörstað eða kjörfundarstofu. Á kjörstað fer oft fram ýmiss konar starfsemi sem ekki tengist sjálfum kosningunum, svo sem merkjasala og sala happdrættismiða. Kjörstjórn verður að meta hvaða starfsemi getur farið þar fram og hlýtur að láta mál til sín taka ef starfsemin hefur truflandi áhrif. Kann kjörstjórnin að þurfa að kalla eftir aðstoð sem sveitarstjórn eða hverfis- eða yfirkjörstjórn lætur í té, og lögregla ef í harðbakka slær.

Um 77. gr.

Greinin samsvarar 81. gr. kosningalaga. Lagt er til að nokkru nánar verði kveðið á um hvernig kjósandi skal gera grein fyrir sér áður en hann fær afhentan kjörseðil. Nauðsynlegt er að kjósandi segi til sín, og þá með nafni, heimili og fæðingardegi (kennitölu). Heimilisfang kemur ekki fram á öllum skilríkjum. Auk þess skal hann framvísa viðhlítandi skilríki og eru þá nefnd til kennivottorð, þ.e. persónuskilríki með nafni handhafa og mynd og eftir atvikum undirskrift, svo sem vegabréf, ökuskírteini, bankakort og greiðslukort, auk nafnskírteinis sem nú er eitt tilgreint í ákvæðinu. Kennivottorð og nafnskírteini eru einungis nefnd sem dæmi. Kjósandi kann einnig að geta gert grein fyrir sér á annan hátt, t.d. með því að

leiða vitni sem kjörstjórn tekur gild. Það er komið undir mati kjörstjórnar hverju sinni hvenær kjósandi telst hafa gert grein fyrir sér á fullnægjandi hátt. Í 2. málsl. er tekið fram að kjörstjórn afhendi kjósanda kjörseðil í stað þess að nú segir að oddviti geri það. Getur því hvaða kjörstjórnarmaður sem er afhent kjörseðilinn.

Um 78. gr.

Greinin er í samræmi við 82. gr. kosningalaga. Úr 1. mgr. er fellt brott ákvæði þar sem gert var ráð fyrir að athugasemd kunni að vera um að einhver hafi ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi. Á kjörskrá eru nú eingöngu teknir þeir sem atkvæðisrétt eiga á kjördegi. Ákvæðið á því ekki lengur við. Þá er tekið fram að vottorð kjörstjórnar skv. 2. mgr. 13. gr., þar sem slík kjörstjórn er kosin, geti komið í stað vottorðs undirkjörstjórnar. Þar sem aðstæður hafa verið til þess hafa mótast liprari samskiptareglur milli kjörstjórna og er gert ráð fyrir að þær haldist.

Um 79. gr.

Greinin er í samræmi við 83. gr. kosningalaga. Tekið er sérstaklega fram að kjósandi megi einn vera í kjörklefanum.

Um 80. gr.

Greinin er í samræmi við 84. gr. kosningalaga. Orðin „af þeim, sem í kjöri eru“ í niðurlagi 1. mgr. eru óþörf og því felld brott.

Um 81. gr.

Greinin er samhljóða 86. gr. kosningalaga.

Um 82. gr.

Greinin er samhljóða 85. gr. kosningalaga.

Um 83. gr.

Greinin er í samræmi við 87. gr. kosningalaga en textinn nokkuð einfaldaður. Af ákvæðinu leiðir að þess er ekki krafist að atkvæðakassinn standi við kjörborðið þar sem kjörstjórnin situr og að nægilegt er að fulltrúi kjörstjórnar fylgist með þegar atkvæði er lagt í kassann, sbr. athugasemdir við 76. gr.

Um 84. gr.

Greinin samsvarar 88. gr. kosningalaga en bætt hefur verið við ákvæði þess efnis að aðstoð megi því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim sem aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði. Er ákvæðið samhljóða texta sem gilt hefur um aðstoð við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, sbr. 3. mgr. 61. gr.

Um 85. gr.

Greinin er samhljóða 91. gr. kosningalaga.

Um 86. gr.

Greinin samsvarar 92. gr. kosningalaga. Felld er brott tilvísun um ráðgerð forföll sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, enda eru sérstök forföll ekki lengur forsenda þess að greiða megi atkvæði utan kjörfundar.

Um 87. gr.

Greinin er samhljóða 93. gr. kosningalaga.

Um 88. gr.

Greinin samsvarar 95. gr. kosningalaga en hefur verið breytt til samræmis við ákvæði sem eru í 71. gr. Er nú gert ráð fyrir að flokkun og könnun utankjörfundaratkvæða hafi þegar farið fram en atkvæðin lögð til hliðar og varðveitt meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Endanleg afstaða til utankjörfundaratkvæða verður hins vegar ekki tekin fyrr en atkvæðagreiðslunni er lokið.

Um 89. gr.

Greinin samsvarar 96. gr. kosningalaga. Í e-lið 1. mgr. er tekið skýrar fram en nú að ekki megi vera nema eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag í sendiumslagi. Þá er bætt við nýjum lið, h-lið, um að atkvæði skuli því aðeins tekið til greina að það hafi verið greitt á þeim tíma sem atkvæðagreiðsla utan kjörfundar má fara fram, sbr. 55. gr. og 5. mgr. 56. gr.

Um 90.–92. gr.

Greinarnar eru samhljóða 97.–99. gr. kosningalaga.

Um 93. gr.

Greinin samsvarar í meginatriðum 100. gr. kosningalaga. Bætt hefur verið við ákvæði um að fara skuli með utankjörfundaratkvæði sem eiga að fara í aðra kjördeild á sama hátt og önnur kjörgögn sem send eru yfirkjörstjórn. Ákvæðin um frágang kjörgagna eru einfölduð með tilliti til breyttra aðstæðna við flutning. Meðal annars er ekki gert ráð fyrir sérstökum strigapoka undir kjörgögn.

Um 94. gr.

Greinin er samhljóða 101. gr. kosningalaga en ákvæði sem þar er í 2. málsl. 2. mgr. er flutt í 102. gr.

Um 95. og 96. gr.

Greinarnar eru samhljóða 102. og 103. gr. kosningalaga.

Um 97. gr.

Greinin er í samræmi við 104. gr. kosningalaga en við 1. mgr. er bætt ákvæði þess efnis að yfirkjörstjórn skuli kanna hvort tala kjósenda sem greitt hafa atkvæði sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skýrslur kjörstjórna.

Um 98. gr.

Greinin er í samræmi við 105. gr. kosningalaga en með e-lið er bætt við ákvæði um það ef í umslagi með utankjörfundarseðli er eitthvað annað en kjörseðill eða meira en einn kjörseðill. Hvort tveggja er til þess fallið að vekja athygli á kjörseðli og er sambærilegt við þau tilvik sem greinir í d-lið. Ákvæði sem var svipað þessu var fellt úr 105. gr. með lögum nr. 10/1991 þegar lögfest voru ákvæði um ný kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar en lagt er til að hliðstætt ákvæði komi nú aftur í lögin.

Um 99. gr.

Greinin er samhljóða 106. gr. kosningalaga.

Um 100. gr.

Greinin er samhljóða 107. gr. kosningalaga.

Um 101. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1.–4. mgr. 108. gr. kosningalaga.

Fellt er niður ákvæði þess efnis að talningu skuli stöðva meðan úrskurðað er um ágreiningsseðla. Er það í samræmi við breytt vinnulag við talningu atkvæða. Hins vegar er bætt við ákvæði þess efnis að bóka skuli um fjölda ógildra atkvæða, svo og um ástæður þess, t.d. miðað við flokkun ógildingarástæðna skv. 98. gr. Er æskilegt að slíkar upplýsingar liggi fyrir, hvort heldur um er að ræða atkvæði greidd utan kjörfundar eða á kjörfundi.

Upphafi 3. mgr. er einnig breytt til samræmis við breytt vinnulag við talningu og ákvæði bætt við þess efnis að niðurstaða kosninganna skuli kunngerð þeim sem viðstaddir eru, auk þess sem hún er færð í gerðabók.

Um 102. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 5. mgr. 108. gr. kosningalaga.

Í 2. mgr. er nýtt ákvæði um geymslu notaðra kjörseðla. Nokkur óvissa hefur ríkt um hvað gera skuli við þessa kjörseðla að talningu lokinni. Ekki þykir rétt að þeim verði þegar eytt heldur verði beðið með það þar til Alþingi hefur úrskurðað um kosninguna, enda sé þeirra eigi þörf vegna kæru sem beint hefur verið til lögreglustjóra. Þangað til verði kjörseðlarnir geymdir undir innsigli.

3. mgr. samsvarar ákvæði sem nú er í niðurlagi 2. mgr. 101. gr. kosningalaga, en lagt er til að geymslutími kjörskránna verði styttur úr tveimur árum í eitt ár. Þá er lagt til að tekið verði fram að kjörskránum skuli eytt en það ekki bundið við að þær skuli brenndar. Eðlilegt er að nota megi til þess tæki sem gerð eru til að eyða pappír. Tekið skal fram að til þess getur komið að nauðsynlegt sé að rjúfa innsigli kjörskrárpakka, t.d. hefur þess verið þörf til að afla nauðsynlegra gagna við gerð kosningaskýrslna.

Um 103. gr.

Greinin er samhljóða 109. gr. kosningalaga.

Um 104.–112. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 110.–119. gr. kosningalaga að því undanskildu að í stað 117. gr. laganna um skýrslugerð landskjörstjórnar til Hagstofunnar kemur nýtt almennt ákvæði um skýrslugerð kjörstjórna í 115. gr. frumvarpsins. Þá er orðið „stjórnmálasamtök“ notað í stað „landsframboðs“ í 106. og 107. gr.

Um 113. gr.

Greinin er í samræmi við 120. gr. kosningalaga en lagðar eru til breytingar á 1. og 3. mgr. vegna tilvísana til kaupstaða og kauptúna. Þá er í 4. mgr. lagt til að samræmd regla gildi um að kjörstjórnir sem kosnar eru skv. 2. mgr. 13. gr. skuli taka ákvarðanir um frestun kosninga og boðun þeirra að nýju en ekki hver undirkjörstjórn í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Um 114. gr.

Greinin samsvarar 121. gr. kosningalaga. Fellt er brott ákvæði um að auglýsing um uppkosningar skuli birt í Lögbirtingablaði, svo og ákvæði sem þar er í 2. mgr. um sérstaka tilkynningu til yfirkjörstjórnar. Eftir stendur að kosningin á að fara fram samkvæmt fyrirmælum laganna og gilda þá ákvæði 2. mgr. 18. gr. um auglýsinguna.

Um 115. gr.

Greinin felur í sér nýtt almennt ákvæði um skýrslugerð til Hagstofu Íslands. Í 117. gr. kosningalaga er kveðið á um skýrslugerð landskjörstjórnar til Hagstofunnar. Í 2. mgr. 101. gr. laganna (2. mgr. 94. gr. frumvarpsins) er almennt ákvæði um skýrslugerð undirkjörstjórna. Hins vegar er í lögunum ekkert ákvæði um skýrslugerð yfirkjörstjórna. Hagstofan hefur í raun safnað skýrslum um kosningar samkvæmt eigin lagaheimild, sbr. a-lið 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um hagstofu Íslands, nr. 24/1913. Rétt þykir að hafa í kosningalögum almennt ákvæði um skýrslugerð allra kjörstjórna til Hagstofunnar.

Um 116. gr.

Greinin er í samræmi við 125. gr. kosningalaga að því undanskildu að ákvæði 1. og 2. tölul. þeirrar greinar um óleyfilega söfnun undirskrifta og þess háttar eru felld niður í samræmi við ákvæði 92. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Þá er með a-lið lagt til að það verði almennt talin óleyfileg kosningaspjöll að torvelda öðrum að greiða atkvæði við kosningar en það ekki eingöngu bundið við hjú og aðra sem menn hafa yfir að ráða.

Um 117. gr.

Greinin er samhljóða 126. gr. kosningalaga.

Um 118. gr.

Greinin er samhljóða 127. gr. kosningalaga að því undanskildu að í stað tilvísunar til úrskurða hreppsnefnda og bæjarstjórna er vísað til úrskurða sveitarstjórna. Þá er lagt til að kærum vegna brota á lögunum skuli beint til hlutaðeigandi lögreglustjóra en ekki dómsmálaráðuneytisins. Er það í samræmi við almennar reglur um kærur vegna opinberra mála.

Um 119.–121. gr.

Greinarnar eru samhljóða 128.–130. gr. kosningalaga.

Um 122. gr.

Greinin er í samræmi við 131. gr. kosningalaga. Til samræmingar eru sveitarsjóðir almennt tilgreindir í c-lið en ekki hreppssjóðir og bæjarsjóðir. Þá er í sama lið bætt inn tilvísun til kjörstjórna skv. 2. mgr. 13. gr.

Um 123. gr.

Greinin er samhljóða 132. gr. kosningalaga, þó þannig að sveitarstjórn er tilgreind í stað hreppsnefndar og bæjarstjórnar.

Um 124. gr.

Greinin er samhljóða 133. gr. kosningalaga að því undanskildu að felldur er niður 3. tölul. þeirrar greinar um óleyfilega söfnun undirskrifta o.þ.h. í samræmi við niðurfellingu ákvæða sem lýstu slíka starfsemi óleyfilega, sbr. athugasemdir við 116. gr.

Um 125. gr.

Greinin er samhljóða 134. gr. kosningalaga að því undanskildu að í c-lið er póstur ekki sérstaklega tilgreindur sem flytjandi kjörgagna og að d-liður breytist í samræmi við breyttan a-lið 116. gr.

Um 126. gr.

Greinin er samhljóða 135. gr. kosningalaga.

Um 127. gr.

Greinin er samhljóða 136. gr. kosningalaga eins og hún er eftir að varðhaldsrefsing var afnumin með lögum nr. 82/1998, um breyting á almennum hegningarlögum.

Um 128. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi. Er þá jafnframt miðað við að ákvæði laganna komi til framkvæmda við allan undirbúning alþingiskosninganna sem fram eiga að fara í maí 1999.

Þá er lagt til að tilvísunum í ákvæði laga um kosningar til Alþingis sem er að finna í 14. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands verði breytt til samræmis við nýja greina- og kaflaskipan frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið um kjördag á árinu 1999 er í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í stjórnarskipunarlögum nr. 100/1995.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar á núgildandi lögum um kosningar til Alþingis sem raktar eru nánar í greinargerð með frumvarpinu. Að mati fjármálaráðuneytis hefur frumvarpið ekki teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs að frátöldum ákvæðum um atkvæðagreiðslur utan kjörfundar. Er þar einkum um að ræða 56. og 57. gr. frumvarpsins. Í 56. gr. er kveðið á um að sýslumanni verði heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram annars staðar en á embættisskrifstofu hans eða útibúi. Samkvæmt 57. gr. getur utanríkisráðuneytið jafnframt ákveðið að slík atkvæðagreiðsla erlendis fari fram á öðrum stöðum en í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar, sendiræðismanns eða kjörræðismanns.

Ákvæði þessi geta leitt til lítils háttar kostnaðarauka hjá sýslumönnum vegna ferðakostnaðar embættismanna og má gera ráð fyrir að slíkur aukakostnaður á nokkurra ára fresti rúmist innan fjárhagsramma embættanna. Erlendis getur slíkur kostnaður orðið nokkru hærri en erfitt er að segja til um hversu mikið og fer það eftir að hvaða marki heimild þessi verður nýtt. Gera má þó ráð fyrir að utanríkisráðuneytið heimili slíkar atkvæðagreiðslur með hliðsjón af fjárhagsramma sendiráða. Þegar ástæða þykir til má mæta sérstökum viðbótarkostnaði sem af þessu leiðir með framlagi af liðnum *06-111 Kosningar* í fjárlögum.

839. Svar [428. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um reglugerð um losunar- og sjósetningarbúnað gúmbjörgunarbáta.

1. *Hvenær var fyrst sett reglugerð um losunar- og sjósetningarbúnað gúmbjörgunarbáta?*

Árið 1982 voru fyrst settar reglur um þetta efni nr. 351/1982, um staðsetningu, losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta fyrir þilfarsskip, og búnað til að komast í gúmmíbjörgunarbáta. Þeim reglum var lítillega breytt með reglum nr. 45/1983.

Árið 1985 voru settar nýjar reglur nr. 325/1985, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa (7. gr. um sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta), sem var breytt með reglum nr. 80/1988.

Þá voru settar nýjar reglur árið 1994, sem nú eru í gildi, nr. 189/1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa (7. gr. um losunar- og sjósetningarbúnað), sem var breytt með reglum nr. 337/1997.

2. *Hvenær var ákvæðum hennar frestað og hver var ástæða þess?*

Reglum nr. 351/1982 var ekki frestað heldur voru gerðar á þeim örlitlar breytingar með reglum nr. 45/1983. Aftur á móti hafa aðrar reglur tekið við af þeim eins fram kemur í svari við 1. lið.

3. *Hve oft hefur setningu reglugerðarinnar verið frestað og af hvaða ástæðum?*

Reglum nr. 189/1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, hefur verið frestað sjö sinnum, þ.e. ákvæðum um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta, sbr. eftirfarandi auglýsingar:

Augl.	14/1995	frestað til 1. janúar 1996
Augl.	18/1995	frestað til 1. júlí 1996
Augl.	359/1996	frestað til 1. janúar 1997
Augl.	705/1996	frestað til 1. apríl 1997
Reglur	337/1997	frestað til 1. janúar 1998
Augl.	2/1998	frestað til 1. janúar 1999
Augl.	744/1998	frestað til 1. janúar 2000

Ástæður frestana voru þær að losunar- og sjósetningarbúnaður sem viðurkenndur hafði verið fullnægði ekki þeim kröfum sem til hans höfðu verið gerðar. Af þeim sökum var skipaður samstarfshópur um losunar- og sjósetningarbúnað sem skilaði áliti í desember 1996. Þann 2. maí 1997 var reglunum breytt með reglum nr. 337/1997 og settar fram nýjar kröfur um búnaðinn.

Áður en Siglingastofnun Íslands viðurkennir losunar- og sjósetningarbúnað þarf að liggja fyrir staðfesting um að búnaðurinn hafi verið gerðarprófaður og að framleiðsla fyrirtækis á slíkum búnaði hafi verið gæðavottuð. Ástæður frestunar á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta til 1. janúar 2000, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 744 frá 10. desember 1998, eru að þá hafði framleiðsla búnaðar ekki verið gæðavottuð, enginn búnaður hafði verið gerðarprófaður og því ekki viðurkenndur af Siglingastofnun Íslands. Þrjú fyrirtæki hafa hannað og smíðað losunar- og sjósetningarbúnað. Enn sem komið er hefur búnaður þeirra ekki verið gerðarprófaður hjá Iðntæknistofnun og eru

ástæður þess að tilskilin gögn hafa ekki borist frá framleiðendum búnaðarins til að ljúka prófunum hjá Iðntæknistofnun.

4. *Hvernig er staðið að framgangi þessa máls nú í ljósi þess að ráðuneytið hefur ákveðið gildistöku reglugerðar um fyrrnefndan búnað 1. janúar 2000?*

Ráðuneytið hefur lagt áherslu á það við framleiðendur losunar- og sjósetningarbúnaðar gúmmíbjörgunarbáta og Iðntæknistofnun að prófunum verði lokið svo fljótt sem verða má svo hægt verði að viðurkenna búnaðinn af Siglingastofnun Íslands. Siglingastofnun Íslands mun í samráði við þriggja manna starfshóp samgönguráðuneytis og hagsmunaaðila hafa það verkefni að sjá til þess að losunar- og sjósetningarbúnaður verði kominn um borð í öll íslensk fiskiskip fyrir gildistöku 7. gr. reglugerðar nr. 189/1994. Um leið og gerðarprófun á búnaði hjá Iðntæknistofnun er lokið og búnaðurinn hefur fengið viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands verður hafist handa um það verkefni. Í framhaldi af því mun samgönguráðuneytið vinna markvisst að því á árinu 1999 að losunar- og sjósetningarbúnaði gúmmíbjörgunarbáta verði komið fyrir í skipum. Ráðuneytið hefur falið Siglingastofnun að fylgjast með því við aðalskoðun skipa á þessu ári að útgerðir tryggi sér slíkan búnað, en samkvæmt upplýsingum frá Iðntæknistofnun frá 15. febrúar sl. er prófunum eins búnaðar lokið en beðið er frekari gagna frá framleiðandanum áður en Iðntæknistofnun getur gengið frá skýrslu sinni til Siglingastofnunar. Iðntæknistofnun hefur fengið gögn í hendur til að hefja prófanir á öðrum búnaði og er að fara yfir þau. Hefjast prófanir á þeim búnaði að því loknu og telur Iðntæknistofnun að þeim geti verið lokið í apríl nk. Iðntæknistofnun hafa ekki borist gögn frá öðrum framleiðendum losunar- og sjósetningarbúnaðar.

Reglugerðarumhverfi fiskiskipa verður sífellt alþjóðlegra. Á það bæði við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO), Evrópusambandið (ESB) og Evrópska efnahagssvæðið (EES). Sem dæmi gengu í gildi nú um áramótin reglur um öryggi fiskiskipa í löndum Evrópusambandsins. Þær taka gildi á Evrópska efnahagssvæðinu um mitt þetta ár eða í byrjun þess næsta. Ísland hefur haft áhrif á mótun þessara reglna og sem dæmi má nefna að til stendur að gera sjálfvirkan losunar- og sjósetningarbúnað að sérkröfu í þessum alþjóðlegu reglum. Til þess að það sé hægt þurfa tæknilegar forsendur að vera fyrir hendi, sem þýðir að til staðar þarf að vera búnaður sem stenst alþjóðlegar viðurkenningar með gerðarprófunum. Slíkar prófanir er verið að gera hjá Iðntæknistofnun á losunar- og sjósetningarbúnaði frá íslenskum framleiðendum. Óhjákvæmilegt er að við gerum sömu kröfu til þessara framleiðenda og erlendir aðilar gera.

840. Svar [222. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um greiðendur fjármagnstekjuskatts og söluhagnað af hlutabréfum.

1. *Hvernig skiptast fjármagnstekjur, sem sæta sérstakri 10% skattlagningu, og skattur á þær fyrir árið 1997 eftir:*
   a. *eignum,*
   b. *heildartekjum og*
   c. *fjármagnstekjum framteljenda (einstaklinga) og*
   d. *fjölda, kyni og aldri greiðenda?*

Óskað er eftir að í svari sé miðað við fimm til tíu tekju- og eignabil (a–c-liðir) og jafnmarga hópa skv. d-lið þannig að skiptingin gefi góða mynd af dreifingu greiðenda og tekjum og eignum.

Í töflum I–IV eru tölulegar upplýsingar um fjármagnstekjuskatt, fjölda greiðenda, fjármagnstekjur, heildartekjur, aðrar tekjur og eignir þeirra sem fjármagnstekjuskattur var lagður á við álagningu skatta ársins 1998. Fjárhæðirnar eru flokkaðar eftir því sem óskað er í hverjum staflið fyrir sig. Tekið skal fram að fjárhæðir sem fram koma undir liðnum fjármagnstekjuskattur er álagður skattur að frádregnum persónuafslætti. Um 11 þúsund einstaklingar fengu rúmlega 85 millj. kr. í persónuafslátt til frádráttar álögðum fjármagnstekjuskatti.

2. *Hve stór hluti af framtöldum söluhagnaði er af sölu á hlutabréfum í fyrirtækjum í:*
   a. *verslun og þjónustu,*
   b. *iðnaði,*
   c. *sjávarútvegi?*

Þar sem skráning af framtölum einstaklinga ber ekki með sér sundurliðun á söluhagnaði af hlutabréfum eftir því í hvaða eignum hlutir voru seldir var ekki unnt að afla upplýsinga til að svara síðari tölulið fyrirspurnarinnar.

Tafla I.

Skipting eftir nettóeign.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Nettóeign	Fjöldi	Fjármagns-tekjuskattur	Fjármagns-tekjur
Einstaklingar í hjúskap eða sambúð:			
yfir 25 millj. kr.	2.254	474.407	4.838.258
15–25 millj. kr.	4.989	194.235	2.013.697
10–15 millj. kr.	7.146	118.108	1.243.660
5–10 millj. kr.	9.945	97.901	1.045.986
2–5 millj. kr.	4.290	37.135	387.815
0–2 millj. kr.	3.129	23.149	240.003
neikvæð eignastaða	2.460	19.470	206.144
Samtals:	**34.213**	**964.406**	**9.975.562**
Einhleypir:			
yfir 25 millj. kr.	447	86.962	901.443
15–25 millj. kr.	934	55.124	584.654
10–15 millj. kr.	1.696	43.605	485.208
5–10 millj. kr.	5.165	56.685	667.646
2–5 millj. kr.	5.440	35.006	441.839
0–2 millj. kr.	13.018	26.143	354.122
neikvæð eignastaða	3.881	12.888	167.633
Samtals:	**30.581**	**316.413**	**3.602.545**
Samtals:	**64.794**	**1.280.819**	**13.578.108**

Tafla II.

Skipting eftir heildartekjum.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Heildartekjur	Fjöldi	Fjármagns-tekjuskattur	Fjármagns-tekjur
Einstaklingar í hjúskap eða sambúð:			
yfir 20 millj. kr.	56	129.640	1.300.429
10–20 millj. kr.	398	189.762	1.898.733
6–10 millj. kr.	1.530	213.388	2.143.943
4–6 millj. kr.	4.094	137.949	1.397.901
2,5–4 millj. kr.	9.720	147.019	1.495.697
1,5–2,5 millj. kr.	10.246	103.091	1.111.421
720 þús.– 1,5 millj. kr.	7.287	43.050	588.481
0–720 þús. kr.	882	507	38.957
Samtals:	**34.213**	**964.406**	**9.975.562**
Einhleypir:			
yfir 20millj. kr	10	19.086	190.858
10–20 millj. kr.	37	24.863	249.611
6–10 millj. kr.	167	30.905	312.539
4–6 millj. kr.	631	41.602	423.666
2,5–4 millj. kr.	2.747	55.499	591.678
1,5–2,5 millj. kr.	6.614	73.584	781.995
720 þús.–1,5 millj. kr.	12.758	70.351	867.654
0–720 þús. kr.	7.617	522	184.544
Samtals:	**30.581**	**316.413**	**3.602.545**
Samtals:	**64.794**	**1.280.819**	**13.578.108**

Tafla III.

Skipting eftir fjármagnstekjum.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Fjármagnstekjur	Fjöldi	Fjármagns-tekjuskattur	Fjármagns-tekjur
Einstaklingar í hjúskap eða sambúð:			
yfir 10 millj. kr.	87	179.983	1.804.743
5–10 millj. kr.	311	204.334	2.063.077
4–5 millj. kr.	113	49.604	506.170
3–4 millj. kr.	147	50.722	514.555
2–3 millj. kr.	283	66.307	689.770
1–2 millj. kr.	755	97.481	1.031.559
500 þús.–1 millj. kr.	1.555	100.702	1.077.510
0–500 þús. kr.	30.962	215.273	2.288.179
Samtals:	**34.213**	**964.406**	**9.975.562**

Einhleypir:			
yfir 10 millj. kr.	19	31.845	319.429
5–10 millj. kr.	39	26.683	271.674
4–5 millj. kr.	35	14.776	154.174
3–4 millj. kr.	73	23.029	247.580
2–3 millj. kr.	92	19.553	222.113
1–2 millj. kr.	289	34.061	390.283
500 þús.–1 millj. kr.	727	42.464	492.803
0–500 þús. kr.	29.307	124.003	1.504.490
Samtals:	**30.581**	**316.413**	**3.602.545**
Samtals:	**64.794**	**1.280.819**	**13.578.108**

Tafla IV.

Skipting eftir aldri, kyni og hjúskaparstöðu.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Fæðingarár	Aldur í árslok 1997	Fjöldi	Fjármagns-tekjuskattur	Fjármagns-tekjur
Einstaklingar í hjúskap eða sambúð:				
fyrir 1900	yfir 97	1	14	137
1900–1909	88–97	150	5.099	66.470
1910–1919	78–87	1.144	45.071	524.965
1920–1929	68–77	3.872	148.862	1.589.211
1930–1939	58–67	5.457	187.396	1.930.754
1940–1949	48–57	7.083	225.974	2.288.808
1950–1959	38–47	8.336	240.387	2.419.247
1960–1969	28–37	6.588	101.758	1.046.469
1970–1979	18–27	1.581	9.845	109.501
1980–1989	8–17	1	0	0
Samtals:		**34.213**	**964.406**	**9.975.562**
Einhleypir karlar:				
fyrir 1900	yfir 97	9	75	1.941
1900–1909	88–97	251	8.460	100.055
1910–1919	78–87	838	15.540	183.441
1920–1929	68–77	1.246	25.470	271.716
1930–1939	58–67	1.199	23.178	257.225
1940–1949	48–57	1.329	30.086	322.367
1950–1959	38–47	1.668	23.546	251.479
1960–1969	28–37	2.448	18.564	201.615
1970–1979	18–27	4.580	14.693	195.703
1980–1989	8–17	1.075	363	17.199
Samtals:		**14.643**	**159.975**	**1.802.741**

Einhleypar konur:				
fyrir 1900	yfir 97	29	1	1.975
1900–1909	88 – 97	635	8.007	111.206
1910–1919	78 – 87	2.013	28.401	340.818
1920–1929	68 – 77	2.342	42.261	450.132
1930–1939	58 – 67	1.591	23.639	251.194
1940–1949	48 – 57	1.397	21.904	232.284
1950–1959	38 – 47	1.615	15.528	171.199
1960–1969	28 – 37	1.877	9.764	121.123
1970–1979	18 – 27	3.483	6.296	102.675
1980–1989	8 – 17	956	638	17.199
Samtals:		**15.938**	**156.438**	**1.799.805**
Samtals:		**64.794**	**1.280.819**	**13.578.108**

841. Svar [444. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Landbúnaðarráðuneytið hefur nú í þjónustu sinni starfsmann, Önnu Margréti Stefánsdóttur, sem starfar tímabundið við það verkefni að útfæra framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jöfnum rétti kynjanna í málefnum sem heyra undir ráðuneytið. Er áætlað að því verki verði lokið um mánaðamótin apríl–maí.

1. *Hvað líður könnun á högum kvenna í landbúnaði, svo sem varðandi eignarhald, búrekstur, réttindi og skyldur, sbr. lið 8.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Hvenær er niðurstaðna að vænta úr könnuninni?*

Fyrrgreindur starfsmaður vinnur nú, ásamt lögfræðingi ráðuneytisins, að þessum málum. Niðurstöður munu birtast í skýrslu í lok apríl.

Athygli skal vakin á að jafnréttisráðgjafi Norðurlands vestra lét nýverið kanna stöðu kvenna í dreifbýli á því landsvæði. Ráðuneytið styrkti gerð þeirrar könnunar, enda mjög mikilvægar upplýsingar, eins konar grundvallarvitneskja um stöðu dreifbýliskvenna á Íslandi, þótt hún taki ekki til atriða eins og eignarhalds og efnahagslegra réttinda sveitakvenna. Þær upplýsingar má nálgast eftir öðrum leiðum.

2. *Hvað líður gerð fræðsluefnis um jafnréttismál o.fl. fyrir konur og karla í bændastétt, sbr. lið 8.2 í framkvæmdaáætluninni?*

Nú eru haldin námskeið er nefnast „Virkir bændur af báðum kynjum“. Að þeim námskeiðum stendur fræðslusambandið Símennt, sem er samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Kvenfélagasambands Íslands og Bændasamtaka Íslands, m.a. með styrk úr Framleiðnisjóði. Sigurður Þorsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri UMFÍ, og Anna Margrét hafa haldið slík námskeið víða og er þeim ekki lokið.

Námskeiðin eru tvíþætt, annars vegar er um að ræða fræðslu um félagskerfi bænda og helstu stofnanir er þeim tengjast og hins vegar er boðið upp á vísi að félagsmálanámskeiði. Þar er markmiðið að efla mönnum kjark og þor til að standa upp á fundum og segja sína meiningu, ásamt því að skýra fyrir fólki nauðsyn þess að vera virkur í samfélaginu og innan sinnar atvinnugreinar.

Námskeiðin eru fyrir karla og konur en umræðunni er beint að hlutverkum og þátttöku eða þátttökuleysi kynjanna í ýmsu er varðar líf og starf í sveitinni, ekki síst því sem snýr að félagsmálum. Jafnframt er á námskeiðum þessum brýnt fyrir fólki að nýta sér upplýsingaþjónustu landbúnaðarins.

Ráðuneytið telur að um afar mikilvægt og þýðingarmikið verkefni sé að ræða en gerir sér þó mæta vel grein fyrir því að slík fræðsla verður ekki afgreidd með einni námskeiðaherferð sem þessari.

3. *Hvað líður könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 8.5 í framkvæmdaáætluninni?*
4. *Hvað líður gerð jafnréttisáætlana hjá ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 8.5 í framkvæmdaáætluninni?*

Hvort tveggja, könnun á stöðu jafnréttismála hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess svo og gerð jafnréttisáætlana sömu stofnana, heyrir undir fyrrnefndan starfsmann og á verkefninu að ljúka fyrir apríllok.

Í lokin má nefna að landbúnaðarráðuneytið er þátttakandi í FAO-samstarfi Sameinuðu þjóðanna innan Evrópudeildar landbúnaðarmála (ECA). Þar er starfandi vinnuhópur er nefnist *Working party on women and families in rural development.* Í september 1997 var 8. þing þessa vinnuhóps haldið á Akureyri að tilstuðlan ráðuneytisins. Var þar fjallað um stöðu dreifbýliskvenna og sköpun nýrra atvinnutækifæra til sveita og fjallað um nokkur reynsluverkefni af því tagi víðs vegar í Evrópu.

Anna Margrét Stefánsdóttir er í þessum vinnuhópi fyrir hönd ráðuneytisins og situr nú í stjórn hans. Er það trú ráðuneytisins að þátttaka hennar þar nýtist í verkefnum sem nú er unnið að varðandi jafnréttismál í íslenskum landbúnaði.

842. Fyrirspurn [524. mál]

til dómsmálaráðherra um eftirlit með vændi.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvernig er fylgst með umfangi og eðli vændis hér á landi?
2. Hefur verið gerð könnun á vændi hérlendis á undanförnum árum?
3. Hversu margar ábendingar eða kærur vegna vændis hafa borist yfirvöldum undanfarin fimm ár?
4. Er ástæða til að ætla að hafin sé „útgerð“ á erlendum stúlkum hér á landi, einkum frá Austur-Evrópu?

5. Eru fyrirhugaðar lagabreytingar eða sérstakar aðgerðir til að sporna við vændi, sbr. nýlega löggjöf í Svíþjóð sem m.a. bannar kaup á blíðu kvenna og karla?

Skriflegt svar óskast.

843. Frumvarp til laga [525. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir fyrri málslið 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um skjöl sem afhent eru til aflýsingar þar sem dagbók er haldin í tölvu.
b. 2. mgr. orðast svo:

Nú er afhent skjal til þinglýsingar og skal þá vísa því frá ef eitthvert af eftirtöldum atriðum á við:

a. skjal er afhent í röngu umdæmi,
b. fasteign er ekki skráð í þinglýsingabók,
c. stofnskjal landeignar er ekki forskráð í Landskrá fasteigna samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna,
d. ekki er getið fastanúmers fasteignar,
e. afmörkun lands eða lóðar er ekki í samræmi við 2. mgr. 20. gr.,
f. ekki er ótvírætt við hvaða eign skjal á eða hvert efni þess er að öðru leyti,
g. skjalið skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta eða annarra þeirra er skjal geta staðfest, sbr. 22. gr., sé þessa þörf,
h. skjal er aðeins afhent í einu eintaki eða samrit eða endurrit er ekki ritað á löggiltan þinglýsingapappír.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna, sbr. lög 63/1988:

a. 2. mgr. orðast svo:

Bækur þessar skulu tölvufærðar eftir nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð. Þar skal mælt fyrir um öryggisráðstafanir og vistun þinglýsingargagna. Skal vörslu gagna hagað þannig að ráðuneytið hafi fullt og óskorað forræði allra gagna. Um tiltekinn tíma getur dómsmálaráðuneytið heimilað þinglýsingarstjórum að nota eldri þinglýsingabækur, lausblaðabækur eða spjöld.

b. 4. og 5. mgr. falla brott.

3. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við þinglýsingu í tölvukerfi er stöðu skjals breytt úr „dagbókarfært“ í „þinglýst“.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef beiðni um aflýsingu er færð í dagbók skv. 1. mgr. 6. gr. skulu aflýst skjöl ekki numin úr skjalahylkjum.
b. 3. mgr. orðast svo:

Með reglugerð má ákveða að vistun skjala á tölvutæku formi komi í stað geymslu í skjalahylkjum skv. 1. mgr. Þann hátt má hafa á í sumum eða öllum þinglýsingaumdæmum eftir því sem aðstæður leyfa. Takmarka má vörslu skjala á þann veg við ákveðnar tegundir skjala.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989:

a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Verður þá slíkum yfirlýsingum ekki þinglýst nema sjálft veðbréfið eða endurrit þess, með áritun um veðbreytinguna, sé sýnt eða afhent þinglýsingarstjóra svo að hann geti gengið úr skugga um að hennar sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu.
b. 2. mgr. fellur brott.

6. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Aflýsing skjals í tölvukerfi þinglýsinga fer þannig fram að stöðu skjals er breytt úr „þinglýst“ í „aflýst“. Upplýsingar um aflýst skjöl skulu varðveittar í ferilskrá viðkomandi eignar í tölvukerfi. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á frumrit skjalsins og geta þess hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.

7. gr.

1. málsl. 15. gr. laganna orðast svo: Skjali er þinglýst þegar það hefur verið fært í þinglýsingabók eða fær stöðuna „þinglýst“ í tölvu, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast frá þeim degi er skjal var afhent til þinglýsingar, sbr. þó 2. mgr. 14. gr., enda sé skjalið tækt til þinglýsingar.

8. gr.

Í stað lokamálsliðar 17. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989, kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Að öðrum kosti dregur þinglýsingarstjóri strik yfir færslu skjals í þinglýsingabók eða afmáir skjal í tölvukerfi þinglýsinga, og falla þá brott áhrif þinglýsingarinnar.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989:

a. 2. mgr. orðast svo:

Binda skal þinglýsingu stofnskjals lóðar því skilyrði að þar komi fram:

a. heiti og landnúmer lóðar,
b. landnúmer þess lands sem lóð er tekin úr,
c. nafn og kennitala eiganda lands,
d. uppdráttur lóðar og lands sem staðfestur hefur verið af skipulagsyfirvöldum.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að þinglýsa í einu stofnskjali myndun fleiri en einnar lóðar.

10. gr.

Í stað lokamálsliðar 1. mgr. 22. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Vitundarvottar skulu geta kennitölu sinnar, eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs.

11. gr.

Við 2. mgr. 24. gr. laganna, sbr. lög nr. 90/1991, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi veðandlag aðfarar- eða kyrrsetningargerðar ekki verið myndað í þinglýsingabók skal þinglýsingarstjóra heimilt að mynda eign til bráðabirgða í tölvukerfi þinglýsingar. Slík skráning til bráðabirgða kemur ekki í stað þinglýsingar stofnskjals skv. 20. gr.

12. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 39. gr. laganna orðast svo: Þinglýsing á staðfestingu rétthafa samkvæmt þinglýsingabók er þó fullnægjandi ef um er að ræða bréf sem gefin hafa verið út til ríkissjóðs, opinberra stofnana, banka, sparisjóða, lífeyrissjóða, tryggingafélaga eða verðbréfasjóða.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Myndun þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna.

Dómsmálaráðuneytið skal hafa umsjón með tölvuvæðingu þinglýsingabóka og samhæfingu þeirra við skrá Fasteignamats ríkisins í því skyni að mynda þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna, í samræmi við lög um skráningu og mat fasteigna. Myndun þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna fer eftir ákvæðum laga þessara og skal honum lokið innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

II.

Skráning misræmis.

Áður en upplýsingar úr þinglýsingabók eru færðar í tölvu skal þinglýsingarstjóri bera saman lýsingu fasteignar eins og hún er í skrá Fasteignamats ríkisins og þinglýsingabók. Komi fram misræmi skal þinglýsingarstjóri skrá um það athugasemdir í tölvukerfi þinglýsinga.

III.

Greining misræmis og úrbætur.

Sé fasteign í þinglýsingabók ekki auðkennd með fastanúmeri eða landnúmeri er þinglýsingarstjóra heimilt að nota auðkenni fasteignar í skrá Fasteignamats ríkisins, enda leiki ekki vafi á að um sömu eign sé að ræða.

Við afmörkun landeignar í skrá Fasteignamats ríkisins skal leggja til grundvallar lýsingu marka í þinglýsingabók séu þau fyrir hendi, en ella skal miða við lýsingu í landamerkjaskrá. Séu upplýsingar um afmörkun landeignar ekki fyrir hendi, hvorki í þinglýsingabók né landamerkjaskrá, skal þinglýsingarstjóra heimilt að leggja til grundvallar afmörkun samkvæmt skrám sveitarfélags.

Skráning í þinglýsingabók skal lögð til grundvallar lúti misræmi að eftirfarandi:
a. heiti eignarhluta í fjöleignarhúsi,
b. afmörkun eða skiptingu fasteignar,
c. að fasteign sé skráð í þinglýsingabók en ekki í skrá Fasteignamats ríkisins,
d. öðru áður ótöldu.

IV.
Leiðrétting misræmis.

Jafnhliða samanburði á þinglýsingabók og skrá Fasteignamats ríkisins skal þinglýsingarstjóri tilkynna Fasteignamati ríkisins um það misræmi sem upp hefur komið skv. 3. mgr. bráðabirgðaákvæðis III með tilmælum um leiðréttingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, sem lagt er fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, er lagður grundvöllur að því að myndað verði samhæft gagnasafn um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Gagnasafn þetta ber heitið Landskrá fasteigna og er nánar um það fjallað í fyrrnefndu frumvarpi til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna. Þar kemur meðal annars fram að þinglýsingarhluti Landskrár fasteigna geymi upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og annað er þinglýsingabók heldur. Í bráðabirgðaákvæðum frumvarps þessa er mælt fyrir um hvernig samræmingu verði náð á milli þinglýsingabóka og fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins.

Forsenda fyrir heildstæðu gagnasafni um fasteingir er tölvuvæðing þinglýsingabóka hjá embættum sýslumanna og samhæfing þeirra við skrár Fasteignamats ríkisins. Í 2. mgr. 8. gr. laganna er að finna heimild til að tölvuvæða þinglýsingabækur og hefur sú heimild verið nýtt við embætti sýslumanna í Reykjavík, á Ísafirði og í Hafnarfirði. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að þinglýsingabækur skuli tölvufærðar, en dómsmálaráðuneytið geti þó enn um sinn heimilað notkun eldri þinglýsingabóka og -spjalda þar til tölvuvæðingu þinglýsinga er lokið.

Til þess að takast megi að koma á samhæfðri tölvuvinnslu allra skráningaraðila fasteigna í sameiginlegu skráningarkerfi er nauðsynlegt að taka upp reglur um hvernig fasteign verði mynduð í Landskrá fasteigna. Um það eru sett nánari fyrirmæli í fyrrgreindu frumvarpi til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna auk fyrirmæla í 9. gr. þessa frumvarps. Í meginatriðum er það skilyrði fyrir myndun fasteignar í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna að efni stofnskjals hafi áður verið forskráð. Með forskráningu er hér átt við skráningu á efni skjals til bráðabirgða sem færist úr svokallaðri biðskrá í þinglýsingabók við þinglýsingu.

Auk breytinga sem eru nauðsynlegar vegna Landskrár fasteigna eru lagðar til aðrar minni háttar breytingar á lögunum svo sem nánar verður rakið í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Lagt er til að skjöl sem afhent eru til aflýsingar verði færð í dagbók ef hún er haldin í tölvu og jafnframt að kvittun fyrir móttöku skjals verði afhent. Með þessu munu réttaráhrif aflýsingar miðast við þann dag sem beiðni um aflýsingu var móttekin en ekki hvenær aflýs-

ing fer fram eins og nú er. Einnig fæst með þessu sönnun um hvort og hvenær skjal hefur verið afhent til aflýsingar. Jafnframt er með þessari breytingu stefnt að því að skráning aflýsingar í tölvukerfi þinglýsinga komi í stað útstrikunar og brottnáms skjala úr skjalahylkjum, en það mun leiða til nokkurs vinnusparnaðar fyrir starfslið þinglýsingarstjóra.

Um b-lið.

Í lögunum eru ekki sérstök fyrirmæli um myndun nýrrar fasteignar. Hefur ný fasteign einfaldlega verið mynduð með því að sett hefur verið nýtt blað í þinglýsingabók. Í Landskrá fasteigna er gert ráð fyrir að eign verði mynduð í þinglýsingabók með forskráningu hjá Fasteignamati ríkisins og sú skráning hljóti síðan staðfestingu við þinglýsingu. Af þessum sökum er nauðsynlegt að veita þinglýsingarstjóra rýmri heimild til frávísunar skjals sem ekki fullnægir formkröfum um myndun eigna. Skv. 9. gr. frumvarpsins er þinglýsing stofnskjals lóðar bundin því skilyrði að nafn og kennitala eiganda lands komi fram. Tilgreining á kennitölu verður að teljast nauðsynleg á öllum skjölum er varða eignayfirfærslur á fasteignum. Þá er í 10. gr. frumvarpsins áskilið að vitundarvottar geti kennitölu sinnar, eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs. Með vísun til þess og með hliðsjón af því að kennitala er eina óbreytanlega tilgreiningin á einstaklingi búsettum hér á landi og allir lögaðilar í viðskiptum hafa kennitölu verður að telja að efni skjals sé ekki ótvírætt ef kennitölu útgefanda eða réttthafa vantar. Oft og tíðum geta þinglýsingarstjórar fundið kennitölur framangreindra, ef þær eru ekki tilgreindar, þar sem á öllum sýslumannsembættum er aðgangur að þjóðskrá. Ef svo reynist ekki unnt verður að líta svo á að skjali verði vísað frá skv. f-lið greinarinnar.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um tilhögun skráningarforrits fyrir þinglýsingar. Gert er ráð fyrir að notað verði forrit fyrir þinglýsingar sem þróað hefur verið til samkipta við skráningarkerfi Fasteignamats ríkisins. Lagt er til að í reglugerð verði mælt fyrir um vistun þinglýsingargagna á tölvutæku formi og nauðsynlegar öryggisráðstafanir til verndar þeim. Einnig eru tekin af öll tvímæli um eignarhald og forræði dómsmálaráðuneytisins á tölvugögnum þinglýsinga, óháð því hvar eða hjá hverjum gögnin verða vistuð.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum er lýst verklagi við þinglýsingu í bækur en lýsingu skortir á verklagi þegar þinglýsing er tölvufærð. Lagt er til að úr þessu verði bætt.

Um 4. gr.

Um a-lið.

Lagt er til að afrit þinglýsts skjals verði ekki numið úr skjalahylki ef beiðni um aflýsingu þess er færð í dagbók. Slík skráning og eftirfarandi aflýsing í tölvukerfi er talin fela í sér nægilega sönnun fyrir aflýsingu skjals, enda hafi frumrit skjals verið afhent aflýsingarbeiðanda með áritun um hana.

Um b-lið.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir þeim möguleika að geyma ljósmyndir þinglýstra skjala á míkrófilmum en sú heimild hefur aldrei verið notuð. Með nýrri tækni er sá kostur raunhæfari að þinglýst skjöl verði skönnuð og geymd á stafrænu formi. Sú geymsluaðferð verður sífellt algengari og ódýrari. Með þeirri aðferð skapast einnig möguleiki á sölu afrita þinglýstra skjala yfir tölvunet, en það hefði í för með sér nokkurn vinnusparnað fyrir starfslið þinglýsingarstjóra.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögfest verði venja sem myndast hefur um frágang lánastofnana á skjölum er varða veðflutning til þinglýsingar. Með því er gerð sú breyting að nægjanlegt er að ljósrit veðbréfs fylgi skjali um veðflutninginn. Undanþága til lánastofnana í 2. mgr. 12. gr. laganna þykir af þessum sökum ekki lengur eiga við.

Um 6. gr.

Lagt er til að í lögunum verði kveðið á um verklag við aflýsingu í tölvukerfi þinglýsinga. Þegar aflýsing fer þannig fram er gert ráð fyrir að hætt verði að draga strik yfir efni þess afrits sem þinglýsingarstjóri varðveitir. Þykir nægilegt að getið verði um aflýsinguna í aflýsingarskrá og að stöðu skjals verði breytt í þinglýsingarkerfi.

Um 7. og 8. gr.

Vísað er til athugasemda við 3. gr. um skýringu á þessum ákvæðum.

Um 9. gr.

Þessi breyting er nauðsynleg til að samræma megi skráningu fasteigna í skrá Fasteignamats ríkisins og í þinglýsingabók. Hugtakið stofnskjal er nýtt í lögum. Það hugtak er einnig notað í frumvarpi til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna. Með stofnskjali er átt við skjal sem felur í sér skilgreiningu nýrrar lóðar eða landeignar í Landskrá fasteigna. Með þinglýsingu þess hefur ný lóð eða landeign verið mynduð í Landskrá fasteigna.

Um 10. gr.

Heimilisfang og staða eru ekki lengur óyggjandi tilvísun fyrir vitundarvotta. Af þessum sökum og í samræmi við viðtekna venju þykir nægilegt að vitundarvottar séu tilgreindir með kennitölu. Fyrir þá votta sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fengið úthlutað kennitölu frá Hagstofu Íslands væri nægilegt að geta fæðingardags og heimilisfangs.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir myndun fasteignar í þinglýsingabók til bráðabirgða, en eingöngu í því skyni að tryggja aðfararveð og úthlutun við nauðungarsölu. Myndun fasteignar til bráðabirgða leysir eiganda lands þó ekki undan þeirri skyldu að gefa út stofnskjal og skrá það með formlegum hætti síðar.

Um 12. gr.

Rétt þykir að gefa veðbréfasjóðum og tryggingafélögum kost á sama hagræði og aðrar lánastofnanir njóta samkvæmt ákvæðinu, enda er um að ræða aðila sem hafa opinbert starfsleyfi og starfsábyrgðartryggingu.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um bráðabirgðaákvæði I.

Lagt er til að tölvuvæðing þinglýsingabóka verði í höndum dómsmálaráðuneytisins. Tölvuvæðing þinglýsinga er frumforsenda þess að unnt verði að samhæfa efni þinglýsingabóka og skrár Fasteignamats ríkisins. Við samhæfingu þessara skráa verður til þinglýsingar-

hluti Landskrár fasteigna sem er gagnasafn fyrir fasteignir á Íslandi samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna.

Um bráðabirgðaákvæði II.

Hér er lagt til að athugasemdir um misræmi milli þinglýsingar og skrár Fasteignamats ríkisins verði skráð í tölvukerfi þinglýsinga. Nauðsynlegur undirbúningur að samræmingu þinglýsingabóka við skrá Fasteignamats ríkisins er að skrá það misræmi sem er nú á milli þessara tveggja skráa. Slíkar upplýsingar verða síðan grundvöllur verkáætlana um samræmingu skránna.

Um bráðabirgðaákvæði III.

Fasteignir í þinglýsingabók eru að jafnaði eingöngu auðkenndar með götuheiti, húsnúmeri og íbúðarnúmeri. Af þessum sökum er nauðsynlegt að heimila þinglýsingarstjóra að draga ályktanir á milli heitis í þinglýsingabók og heitis og fastanúmers í skrá Fasteignamats ríkisins. Að því loknu verður fastanúmer óbreytanlegt auðkenni fasteignar í tölvufærðri þinglýsingabók.

Þar sem marka fasteignar er getið í þinglýsingabók eða landamerkjaskrá skulu þau lögð til grundvallar í Landskrá fasteigna.

Hér er og mælt fyrir um hvernig taka skuli einstökum tegundum misræmis sem í ljós kemur við samanburð þinglýsingabóka og skrár Fasteignamats ríkisins.

Um bráðabirgðaákvæði IV.

Hér er lagt til að þinglýsingarstjóri tilgreini það misræmi sem upp hefur komið við athugun á þinglýsingabókum og skrá Fasteignamats ríkisins. Ef misræmi er þess eðlis að það verði leiðrétt í skrá Fasteignamats ríkisins sér það um leiðréttinguna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976. Með frumvörpunum er stefnt að myndun samhæfðs gagnagrunns um fasteignir og réttindi er tengjast þeim sem beri heitið Landskrá fasteigna. Hér er fjallað um áætluð áhrif beggja frumvarpanna á útgjöld ríkissjóðs og eru umsagnir fjárlagaskrifstofu með þeim báðum samhljóða.

Samkvæmt frumvörpunum mun Landskrá fasteigna skiptast í stofnhluta fyrir skilgreiningar og upplýsingar um afmörkun fasteigna, mannvirkjahluta fyrir byggingafræðilegar upplýsingar, fasteignamatshluta fyrir upplýsingar um matsforsendur og niðurstöður og þinglýsingarhluta fyrir upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og önnur atriði sem þinglýsingabók inniheldur. Frumvörpin miða að því að samræma þinglýsingabækur og fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins en forsenda fyrir því er að þinglýsingabækur sýslumannsembætta verði á tölvutæku formi sem samhæft verði við skrá Fasteignamats ríkisins.

Stofnkostnaður.

Smíði hugbúnaðarkerfis fyrir Landskrána hefur staðið yfir undanfarin ár og er að mestu lokið. Sú uppbygging hefur að hluta verið fjármögnuð með tekjum fyrir afnot af núverandi skrá Fasteignamats ríkisins. Einnig hafa verið veitt sérstök framlög til verkefnisins í fjárlögum. Frá árinu 1993 til yfirstandandi árs hafa verið veittar alls um 50 m.kr. til Fasteignamats ríkisins en því fé hefur að stórum hluta verið varið til hönnunar kerfisins og til skilgreiningar á verklagsreglum við skráningu fasteigna. Dómsmálaráðuneytið hefur einnig varið um 12 m.kr. af sameiginlegum fjárlagalið sýslumanna til uppbyggingar á nýja þinglýsingarkerfinu undanfarin þrjú ár. Því til viðbótar voru veittar 8 m.kr. í fjáraukalögum ársins 1998 til tilrauna, hugbúnaðarsmíði og gangsetningar á þinglýsingarhluta kerfisins hjá þremur sýslumannsembættum og aðrar 8 m.kr. í fjárlögum þessa árs.

Sá stofnkostnaður sem eftir er að fjármagna felst að stærstum hluta í færslu upplýsinga í nýjan þinglýsingarhluta Landskrárinnar. Annars vegar er þar um að ræða skráningu upplýsinga úr þinglýsingabókum. Hins vegar er um að ræða yfirfærslu gagna úr eldra þinglýsingarkerfi sem nú er starfrækt hjá Skýrr hf. fyrir sýslumannsembættin í Reykjavík, Hafnarfirði og Ísafirði. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir sérstakri yfirferð til að sannreyna færslurnar en þá þarf lögfræðingur að bera saman innslátt í tölvukerfi, þinglýsingabækur og skjöl og að því loknu að staðfesta færsluna. Ekki er gert ráð fyrir að starfsmenn viðkomandi embætta vinni að innslættinum ásamt öðrum störfum heldur þurfi að koma til viðbótarvinnuframlag sem greiða þarf sérstaklega fyrir. Til álita kemur að valinn hópur fari um landið til að annast verkið og er stefnt er því að yfirfærslu upplýsinganna verði lokið á fimm árum. Þá fellur til kostnaður í tengslum við uppsetningu og gangsetningu á þessum hluta kerfisins.

Kostnaður við yfirfærslu gagnanna hefur verið metinn á 700 kr. fyrir hverja fasteign með hliðsjón af tilraunaverkefni sem staðið hefur yfir hjá embætti sýslumannsins í Kópavogi. Er þá miðað við að 35 mínútur þurfi til að tölvuskrá og staðfesta hverja eign og að sá tími skiptist jafnt á milli skrifstofumanns og lögfræðings. Heildarfjöldi þinglýstra fasteigna og jarða er áætlaður um 133 þúsund í lok ársins 1998. Þar af eru um 54 þúsund eignir skráðar í eldra tölvukerfi fyrir þinglýsingar hjá Skýrr hf. Afganginn, um 79 þúsund eignir, þarf að yfirfæra úr þinglýsingabókum og er kostnaður við það áætlaður 55 m.kr. Gert er ráð fyrir að um 5 m.kr. af fjárveitingu dómsmálaráðuneytisins í gildandi fjárlögum nýtist til að mæta þeim útgjöldum.

Kostnaður í tengslum við flutning og umbreytingar á gögnum sem nú eru vistuð í eldra þinglýsingarkerfi hjá Skýrr hf. er lauslega áætlaður um 2 m.kr. Einnig er talið að u.þ.b. 10% misræmi sé á milli skráninga sýslumanna í því kerfi og í kerfi Fasteignamats ríkisins sem þurfi að leiðrétta við yfirfærsluna. Miðað er við að það taki 15 mínútur að meðaltali fyrir hverja eign og að vinna við þennan verkþátt kosti um 2 m.kr.

Þá er gert ráð fyrir um 6 m.kr. útgjöldum vegna vinnu tölvuþjónustuaðila við uppsetningu tölvukerfisins hjá hverju sýslumannsembætti og kennslu á það. Útgjöld vegna frekari þróunar á hugbúnaðinum næstu árin og tengingu kerfisins við tekjubókhaldskerfi ríkisins eru talin nema um 5 m.kr. Loks eru ráðgerð kaup á tölvubúnaði, bæði fyrir skráningarstarfsmenn og lögfræðinga að fjárhæð 1 m.kr.

Þegar allt er talið er stofnkostnaður dómsmálaráðuneytisins áætlaður eftirfarandi:

	M.kr.
Yfirfærsla úr þinglýsingabókum og staðfesting	50
Flutningur gagna úr eldra kerfi hjá Skýrr hf. og leiðrétting	4
Uppsetning á þinglýsingarkerfi, búnaður og kennsla	7
Þróun hugbúnaðar	5
Samtals	**66**

Rekstrarkostnaður.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður þinglýsingakerfisins verði fjármagnaður af núverandi fjárveitingum til safnliða dómsmálaráðuneytis og sýslumannsembætta og er raunar talið að kerfið muni leiða til margvíslegs vinnuhagræðis og sparnaðar í rekstri embættanna. Árlegur kostnaður við rekstur eldra þinglýsingarkerfis hjá Skýrr hf. hefur verið innan við 1 m.kr. og reiknað er með því að hann falli smám saman niður en þar verða fyrst um sinn vistaðar áfram upplýsingar um þinglýsingar bifreiða. Hins vegar er gert ráð fyrir aukinni fjárþörf hjá dómsmálaráðuneytinu vegna 1,4 m.kr. kostnaðar við þjónustusamning fyrir nýja þinglýsingarkerfið.

Þá er áætlað að rekstrarkostnaður tölvukerfa hjá Fasteignamati ríkisins aukist um 15 m.kr. ári vegna aukins umfangs kerfisins og aukinnar þjónustu í tengslum við það.

Í athugasemdum með frumvarpi til breytingar á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, kemur fram að fyrirhugað er að koma á fót fimm manna framkvæmdanefnd til að hafa eftirlit með yfirfærslu upplýsinga úr eldri skrám í nýtt kerfi næstu fimm árin. Reiknað er með að útgjöld vegna nefndarinnar verði um 0,5 m.kr. á ári.

Fyrirhugað er að við myndun Landskrár fasteigna falli niður afnotagjöld sem sýslumannsembætti og ríkisskattstjóri hafa greitt fyrir aðgang að fasteignamatsskrám. Miðað er við að fjárveitingar í fjárlögum lækki vegna þessa um 9,5 m.kr. hjá sýslumannsembættum og um 5,5 m.kr. hjá ríkisskattstjóra en færist í staðinn sem framlag til Fasteignamats ríkisins. Gjaldskrá fyrir sölu upplýsinga úr Landskránni hefur að öðru leyti ekki verið útfærð á þessu stigi að því marki að unnt sé að setja fram áætlanir um breytta tekjuöflun en líklegt þykir að auka megi tekjur nokkuð frá því sem nú er.

844. Þingsályktun [291. mál]

um hafnaáætlun 1999–2002.

(Afgreidd frá Alþingi 16. febr.)

Samhljóða meginmáli brtt. í þskj. 542.

845. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [254. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. febr.)

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 65/1984, orðast svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.

Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni.

Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. mgr.

Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki ⅔ atkvæða á Alþingi.

2. gr.

Við stjórnarskrána bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi.

3. gr.

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast þegar gildi.

846. Frumvarp til laga [526. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, útgáfu starfsleyfa og vottorða, sé eftirlitið á vegum sveitarfélaga.

Leita skal umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og hollustuháttaráðs áður en gjaldskrá er sett. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Hvert eftirlitssvæði skal hafa sameiginlega gjaldskrá og skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd láta birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Heimilt er utanríkisráðherra að setja gjaldskrá og innheimta gjald á varnarsvæðum. Umhverfisráðherra skal gefa út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga.

2. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög geta sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim, enda falli þau undir lögin. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds,
2. meðferð úrgangs og skolps,
3. gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu,
4. ábyrgðartryggingar.

Heilbrigðisnefnd semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Sé um að ræða nýmæli í samþykktum sveitarfélaga skal ráðherra leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins áður en hann staðfestir samþykktina.

Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

Samþykktir samkvæmt þessari grein skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá um innheimtu gjalda skv. 1. mgr. að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi, leiga eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Sveitarfélag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu taka mið af því að sveitarfélögin geti án afskipta ráðuneytisins sett sér gjaldskrár fyrir eftirlitsskylda starfsemi, leyfi, leigu eða veitta þjónustu og að ráðuneytið gefi út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga. Ráðherra skal ekki lengur setja hámarksgjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi, sbr. 12. gr. laganna, heldur leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sem settar eru á grundvelli 1. gr. þessa frumvarps. Þar sem viðurkennt er að kostnaður við eftirlit getur verið mismunandi eftir svæðum þykir ekki rétt að ráðherra setji hámarksgjaldskrá, auk þess sem þessi mál eru á ábyrgð sveitarfélaganna sem reka eftirlitið og eru ábyrg fyrir því. Með því að fela ráðherra að setja leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa er komið til

móts við kröfur atvinnulífsins um samræmda uppbyggingu á gjaldskrám einstakra sveitarfélaga en ráðherra er ekki lengur falið að setja reglur um sjálfa gjaldtökuna, þ.e. upphæð gjalda. Gjaldtaka sveitarfélaga skal vera rökstudd og má gjaldið ekki vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem almennt hlýst af veittri þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Er þetta í samræmi við viðurkenndar reglur um innheimtu þjónustugjalda. Frumvarpið snertir framkvæmd laganna með tvennum hætti, annars vegar með gjaldtöku fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og hins vegar með ýmiss konar gjaldtöku í framhaldi af samþykktum sveitarfélaga, svo sem um hundahald, kattahald og meðferð úrgangs og skolps.

Með framangreindum hætti yrði það hlutverk sveitarfélaganna að standa ábyrg fyrir gjaldtökumálum á öllum stigum og það yrði hvorki hlutverk ráðuneytisins að staðfesta slíkar gjaldskrár né birta, heldur sveitarfélaga sjálfra. Með því er virtur að fullu ákvörðunarréttur sveitarfélaga í þeim málaflokkum sem ákvæði þessa frumvarps fjalla um.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er sveitarfélögum veitt heimild til að setja sér gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi en þar er um að ræða heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 3. gr. laganna. Með gjaldtöku fyrir eftirlitsskylda starfsemi er átt við alla þá starfsemi sem fylgir viðkomandi eftirliti, svo sem útgáfu starfsleyfa og vottorða og eftirlit. Hvert eftirlitssvæði getur sett sér eigin gjaldskrá sem gildir fyrir viðkomandi eftirlitssvæði. Gjaldskrárnar eru á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Rétt þykir að auk heilbrigðisnefndar þess eftirlitssvæðis sem í hlut á veiti hollustuháttaráð umsögn um gjaldskrár sem settar eru enda varða þessar gjaldskrár atvinnustarfsemi. Í leiðbeinandi reglum ráðherra skal getið um út frá hvaða þáttum gjaldskrá skuli reiknuð.

Um 2. gr.

Í 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins er að finna efnisbreytingu á 25. gr. laganna. Ekki er lengur gert ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til að setja hámarksgjaldskrá. Þetta er í samræmi við það sem fram kom í almennum athugasemdum um að ekki þyki rétt að ráðherra setji hámarksgjaldskrá.

Sú breyting er lögð til að sveitarfélög hafi heimild til að setja gjaldskrár á eigin ábyrgð sem ráðherra staðfesti ekki. Slíkar gjaldskrár eru hins vegar settar á grundvelli samþykkta sem ráðherra hefur staðfest, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Þar sem sveitarfélög geta sett sér eigin gjaldskrár án staðfestingar ráðherra ber sveitarfélagi að láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda og er það breyting á því fyrirkomulagi sem nú er þar sem ráðherra lætur birta slíkar gjaldskrár.

Greinin er að öðru leyti efnislega óbreytt en röð málsgreina er breytt þannig að fyrst er fjallað um samþykktir sveitarfélaga, sbr. 1.–4. mgr., en í 5. mgr. er fjallað um gjaldskrár, enda eru gjaldskrár sveitarfélaga settar í framhaldi af samþykktum sveitarfélaga eftir að ráðherra hefur staðfest þær.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila sveitarfélögum að setja, án afskipta ríkisvaldsins, gjaldskrár til að afla tekna sem standi undir kostnaði heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits af eftirlitsskyldri starfsemi og öðru sem þau setja samþykktir um. Jafnframt er lagt til að utanríkisráðherra sé heimilt að setja gjaldskrá og innheimta gjald á varnarsvæðum fyrir eftirlitsskylda starfsemi og að umhverfisráðherra gefi út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga fyrir slíka starfsemi.

Verði frumvarpið að lögum mun umhverfisráðuneytið ekki lengur staðfesta gjaldskrár sveitarfélaga fyrir þessi mál, en það mun þó ekki hafa teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

847. Frumvarp til laga [527. mál]

um málefni aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Markmið og skilgreiningar.

Markmið.

1. gr.

Markmið þessara laga er að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Það er einnig markmið laganna að aldraðir geti eins lengi og unnt er búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.

Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aldraður:* Sá sem náð hefur 67 ára aldri.
2. *Öldrunarmál:* Þau mál sem varða aldraða og eru undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Til þeirra teljast þeir þjónustuþættir sem aldraðir eiga rétt á samkvæmt lögum þessum og Framkvæmdasjóður aldraðra.
3. *Vistunarmat aldraðra:* Faglegt, einstaklingsbundið mat á þörf fyrir vistun á stofnun.
4. *Starfssvæði þjónustuhóps aldraðra:* Umdæmi heilsugæslustöðva í læknishéruðum landsins samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

II. KAFLI
Stjórn öldrunarmála og skipulag öldrunarþjónustu.

Yfirstjórn.

3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal annast stefnumótun og áætlanagerð um málefni aldraða fyrir landið í heild og hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Jafnframt skal ráðuneytið beita sér fyrir almennri umræðu og kynningu á stöðu og valkostum aldraða.

Samstarfsnefnd um málefni aldraða.

4. gr.

Ráðherra skipar fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraða eftir hverjar almennar alþingiskosningar og skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi eldri borgara, einn af Öldrunarráði Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar, þar af skal annar hafa faglega þekkingu á málefnum aldraða. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Sérstakur starfsmaður öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu skal vera ritari samstarfsnefndar um málefni aldraða.

5. gr.

Samstarfsnefnd um málefni aldraða skal hafa eftirtalin verkefni:

1. að vera heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraða,
2. að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraða,
3. að stjórna Framkvæmdasjóði aldraða og gera tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr sjóðnum, sbr. 9. og 11. gr.

Þjónustuhópur aldraða.

6. gr.

Í hverju heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skal starfa þjónustuhópur aldraðra. Sveitarfélög geta sameinast um þjónustuhóp aldraða sé það talið hagkvæmt.

Kostnaður af starfi þjónustuhóps aldraðra greiðist af sveitarfélögum á starfssvæði hans í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

7. gr.

Sveitarstjórnir í umdæmi heilsugæslustöðvar, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnir lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga og hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu, samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og tveir fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra síðasttöldu vera félagsráðgjafi ef unnt er.

Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.

8. gr.

Þjónustuhópur aldraðra skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu,
2. að gera tillögur um öldrunarþjónustu,
3. að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru. Meta vistunarþörf aldraðra, sbr. 14. og 15. gr.

Þjónustuhópurinn skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf og að sjálfsákvörðunarréttur þess sé virtur.

III. KAFLI
Framkvæmdasjóður aldraðra.

9. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt.

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra skal varið til að styrkja:

1. byggingu þjónustumiðstöðva og dagvista, sbr. 13. gr., og byggingu stofnana fyrir aldraða, sbr. 14. gr.,
2. nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða,
3. sveitarfélög og heilsugæslustöðvar til að þróa skipulagða heimaþjónustu fyrir aldraða,
4. rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum, sbr. 14. gr.,
5. rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum,
6. önnur verkefni sem eru í samræmi við markmið laganna.

Um framkvæmdir skv. 2. mgr. fer, eftir því sem við á, samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda.

10. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 4.065 kr. á hvern gjaldanda og koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem er 701.594 kr. eða lægri á tekjuárinu 1997. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. A-lið 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Við álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um álagningu og innheimtu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Í stað tíu gjalddaga skal þó gjalddagi vera einn, 1. ágúst ár hvert. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst færist gjalddagi til 1. dags næsta mánaðar eftir framlagningu álagningarskrár.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra skulu einnig vera frjáls framlög, aðrar tekjur er til kunna að falla og vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi tekna sjóðsins á því ári.

11. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra annast stjórn sjóðsins, sbr. 3. tölul. 5. gr. Þegar nefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í henni.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra gerir árlega tillögur til ráðherra um úthlutun.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra.

IV. KAFLI
Öldrunarþjónusta.
Opin öldrunarþjónusta.

13. gr.

Til opinnar öldrunarþjónustu samkvæmt lögum þessum telst eftirtalið:

1. Heimaþjónusta sem veitt er öldruðum sem búa heima. Þjónustan skal miðast við einstaklingsbundið mat á þjónustuþörf og byggja á hjálp til sjálfshjálpar. Þjónustan er tvíþætt. Annars vegar er heilbrigðisþáttur heimaþjónustu sem er í höndum starfsfólks heilsugæslustöðva, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Hins vegar er félagslegur þáttur heimaþjónustu viðkomandi sveitarfélaga eða aðila sem sveitarfélög semja við, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

   Veita skal heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar þegar þess er þörf.

   Leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldraða og árangursmarkmið að leiðarljósi.
2. Þjónustumiðstöðvar aldraðra sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta.
3. Dagvist aldraðra sem er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagvist aldraðra skal veitt hjúkrunarþjónusta og þar skal vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Um framkvæmda- og rekstrarleyfi fyrir dagvist aldraðra fer skv. 16. og 17. gr.
4. Þjónustuíbúðir aldraðra sem geta verið sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir. Áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða hefst ber að afla framkvæmdaleyfis hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 16. gr.

   Í þjónustuíbúð fyrir aldraða skal vera öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti og þrifum, og aðgangur að félagsstarfi. Heimilt er að krefjast greiðslu fyrir veitta þjónustu, sbr. 20. gr. Íbúar þjónustuíbúða skulu eiga rétt á sömu heima- og vaktþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins.

Stofnanir fyrir aldraða.

14. gr.

Stofnanir fyrir aldraða samkvæmt lögum þessum eru:

1. Dvalarheimili, sambýli og íbúðir, sérhönnuð fyrir þarfir aldraðra, sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Á stofnunum þessum skal vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félags- og tómstundastarfi. Aðstaða skal vera fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraða og skal byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.
2. Hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum, ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum, sambýlum eða í sérhönnuðum íbúðum, sbr. 1. tölul. Þar skal veitt hjúkrunar- og læknisþjónusta og endurhæfing. Sérstök aðstaða skal vera fyrir aldraða með heilabilunareinkenni. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraða. Möguleiki skal vera á að einstaklingar geti komið þar til skammtímavistunar sé þess þörf. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og að sem flestir íbúar hafi eigið herbergi.

Um framkvæmda- og rekstrarleyfi til stofnana samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum 16. og 17. gr.

Vistunarmat.

15. gr.

Stjórn dagvistar, sbr. 3. tölul. 13. gr., tekur ákvörðun um dagvistun og stjórn stofnunar fyrir aldraða, sbr. 14. gr., tekur ákvörðun um vistun fólks á viðkomandi stofnun enda hafi öðrum skilyrðum þessarar greinar verið fullnægt.

Enginn má vistast til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Mat á vistunarþörf skal að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra.

Hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skal þjónustuhópur aldraðra meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun eða fyrir önnur úrræði.

Í reglugerð skal setja ákvæði um vistunarmat og framkvæmd þess.

Framkvæmdaleyfi.

16. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. 3. tölul. 13. gr. eða stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. skal afla framkvæmdaleyfis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða hefst skv. 4. tölul. 13. gr. ber að afla framkvæmdaleyfis hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Sama á við um eldra húsnæði sem tekið er til slíkra nota. Gildir þetta jafnt um framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og á frjálsum markaði. Enn fremur skal afla samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á teikningum áður en framkvæmdir hefjast og skýra ráðuneytinu frá því hver muni bera ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu.

Beiðni um framkvæmdaleyfi skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu, svo og uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skal fylgja greinargerð um eigendur og fjárhag þeirra. Beiðninni skal og fylgja umsögn þjónustuhóps aldraðra á því starfssvæði sem stofnunin mun verða.

Sama gildir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi stofnunar fyrir aldraða.

Áður en ráðherra heimilar framkvæmdir skal umsóknin send til umsagnar samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Ef um hjúkrunarrými er að ræða skal umsóknin einnig send til umsagnar landlæknis og viðkomandi héraðslæknis.

Rekstrarleyfi.

17. gr.

Áður en rekstur dagvistar skv. 3. tölul. 13. gr. og stofnunar fyrir aldraða skv. 14. gr. getur hafist skal sækja um rekstrarleyfi hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Umsókn um rekstrarleyfi skal fylgja greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhag þeirra, skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna.

Ráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt, sbr. og lög um heilbrigðisþjónustu.

Stjórn stofnana.

18. gr.

Stofnunum fyrir aldraða skal stjórnað af fimm manna stjórnum sem ráðherra skipar. Starfsmannaráð stofnananna tilnefna einn mann, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða -stjórnir þrjá og ráðherra einn og skal hann vera búsettur á starfssvæði stofnunarinnar. Er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Skipunartími formanns skal takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar hann.

Einka- og sjálfseignarstofnunum aldraðra skal stjórnað af fimm manna stjórnum og skulu þrír fulltrúar kosnir af eigendum, einn skal kosinn af starfsmannaráði og einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stjórnir einka- og sjálfseignarstofnana aldraðra skipta sjálfar með sér verkum.

Heimilt er að setja reglugerð um stjórnir samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr.

V. KAFLI
Kostnaður við öldrunarþjónustu.

19. gr.

Þeir sem þjónustu dagvistar njóta skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni, að hámarki sem nemur óskertum grunnlífeyri einstaklings samkvæmt almannatryggingalögum. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna dagvistar af Tryggingastofnun ríkisins.

20. gr.

Íbúar í þjónustuíbúðum, sbr. 4. tölul. 13. gr., greiða sjálfir þá þjónustu sem þar er veitt, aðra en heimaþjónustu, sbr. 24. gr., samkvæmt ákvörðun rekstraraðila.

21. gr.

Dvalarkostnaður á stofnunum fyrir aldraða skv. 14. gr. greiðist af Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 22. gr.

22. gr.

Vistmenn, sem hafa tekjur umfram 12.053 kr. á mánuði, skulu taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 14. gr.

Með tekjum sínum, sem eru umfram 12.053 kr. á mánuði, skal vistmaður greiða dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu.

Setja skal reglugerð með nánari ákvæðum um þátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar, m.a. um hækkun viðmiðunartekna.

23. gr.

Vistmaður á stofnun fyrir aldraða, sbr. 14. gr., sem ekki hefur aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, fær ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. lög um almannatryggingar.

24. gr.

Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skiptist þannig að sveitarfélög bera kostnað af félagslegum þætti hennar en ríkissjóður af heilbrigðisþættinum.

Sveitarstjórnir geta ákveðið greiðsluþátttöku einstaklinga í þeirri heimaþjónustu sem þær veita, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Undanþegnir gjaldskyldu vegna heimaþjónustu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu samkvæmt almannatryggingalögum.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

25. gr.

Þær stofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra.

26. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um húsnæði, búnað stofnana fyrir aldraða, aðbúnað og þjónustu fyrir vistmenn, svo og starfsfólk stofnana eftir starfsemi þeirra.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, er kveðið á um að lögin skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Í samræmi við ákvæðið hóf samstarfsnefnd um málefni aldraðra endurskoðun á lögunum og lauk við drög að frumvarpi á útmánuðum 1997. Drögin voru send til umsagnar ýmissa samtaka aldraðra, fagfélaga og stjórnvalda sem fara með málefni aldraðra. Bárust umsagnir frá 19 aðilum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði nefnd til að fara yfir umsagnirnar og endurskoða frumvarpið. Í nefndinni áttu sæti Vilborg Ingólfsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur hjá landlæknisembættinu, sem jafnframt var formaður, Hrafn Pálsson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Vilborg Þ. Hauksdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Dagný Brynjólfsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Benedikt Davíðsson, formaður Landssambands eldri borgara og Þorgerður Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur, sem var ritari nefndarinnar.

Nefndin taldi rétt að í frumvarpinu yrði nokkuð breytt framsetningu laganna, markmið yrðu einföld og skýr og tiltekin hugtök skilgreind. Einnig er gert ráð fyrir að öldrunarnefndir

og öldrunarmálaráð verði felld niður og þjónustuhópur aldraðra taki við hlutverki þeirra. Með því er verið að taka mið af reynslu og einnig er það til hagræðis og einföldunar. Slíkur þjónustuhópur á að vera í hverju heilsugæsluumdæmi og skipaður af sveitarstjórnum í umdæmi heilsugæslustöðvar. Einnig er fulltrúum í þjónustuhópi fjölgað úr fjórum í fimm og skulu samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna þann fulltrúa. Lögð er áhersla á þátttöku aldraðra í ákvörðunum um eigin málefni og reynt að einfalda ákvarðanartöku og framkvæmd.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjölgað verði fulltrúum í samstarfsnefnd um málefni aldraðra og að skipun nefndarmanna fari fram að loknum alþingiskosningum en ekki sveitarstjórnarkosningum. Samkvæmt núgildandi lögum sitja þrír fulltrúar í nefndinni, tveir skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samkvæmt tilnefningum Öldrunarráðs Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Tveir fulltrúar munu bætast við, annar tilnefndur af Landssambandi eldri borgara og hinn án tilnefningar. Fulltrúar án tilnefningar verða því tveir og skal annar þeirra hafa fagþekkingu á málefnum aldraðra.

Talið var nauðsynlegt að stækka nefndina vegna mikilvægis verkefna hennar. Nefndin fer með stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra en árlegt ráðstöfunarfé hans er um hálfur milljarður króna. Nefndin ber því mikla ábyrgð og þótti rétt að dreifa henni á fleiri hendur. Það er einnig í samræmi við nútímastjórnsýsluhætti að hafa fulltrúa sérhópa með í ráðum þegar hlutast er til um mál varðandi þá og því mikilvægt að fá sjónarmið aldraðra inn í nefndina. Jafnframt benda mannfjöldaspár til þess að öldruðum muni fjölga stöðugt næstu árin og áratugina. Mun málaflokkurinn því stækka og er mikil þörf fyrir fólk með fagþekkingu á málefnum aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum nr. 49/1981 en lögin voru ári síðar felld inn í lög um málefni aldraðra, nr. 91/1982. Upphaflegt markmið með sjóðnum var að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Með lögum nr. 12/1991 var hlutverki sjóðsins breytt á þann veg að heimilað var að nýta hluta af fjármagni sjóðsins til rekstrar stofnana fyrir aldraða og er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að svo verði áfram. Til að afla sjóðnum tekna var lagt sérstakt gjald (nefskattur) á skattskylda einstaklinga. Samkvæmt núgildandi lögum er gjaldið endurskoðað við afgreiðslu fjárlaga ár hvert og er því ekki breytt með frumvarpinu.

Það nýmæli er í frumvarpinu að Framkvæmdasjóður aldraðra skal styrkja rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum.

Helstu breytingar með frumvarpi þessu eru:

1. Fulltrúum í samstarfsnefnd um málefni aldraðra er fjölgað um tvo vegna mikilvægis nefndarinnar. Annar fulltrúinn er tilnefndur af Landssambandi eldri borgara en hinn er án tilnefningar. Fulltrúar án tilnefningar verða því tveir og skal annar þeirra hafa fagþekkingu á málefnum aldraðra.
2. Þjónustuhópur aldraðra tekur við hlutverki öldrunarnefnda og öldrunarmálaráða sem verða lögð niður.
3. Sveitarstjórnir skipa fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í stað öldrunarnefnda og verður hópurinn skipaður fimm fulltrúum í stað fjögurra. Hinn nýi fulltrúi skal tilnefndur af samtökum eldri borgara á starfssvæði þjónustuhóps aldraðra.
4. Framkvæmdasjóður aldraðra skal styrkja rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum.
5. Nokkur hugtök eru sérstaklega skilgreind í lögunum, t.d. hugtakið aldraður.
6. Heilbrigðisráðherra skipar einn fulltrúa í allar stjórnir stofnana fyrir aldraða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins eru tilgreind markmið með lögunum og eru þau lítillega breytt frá núgildandi lögum. Orðið hagkvæmast er fellt niður í 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga þar sem slíkt er talið felast í ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu. Einnig eru ákvæði 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga um tilgang með lögunum gerð að markmiðum laganna.

Um 2. gr.

Hér eru skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu. Rétt þótti að miða skilgreiningu á orðinu aldraður við einstakling sem orðinn er 67 ára gamall og er þar tekið mið af aldursmörkum sem eru í 11. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Hugtakið öldrunarmál teljast þau mál sem varða aldraða og heyra undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Ýmis önnur mál er varða aldraða, svo sem réttur til atvinnuþátttöku, falla ekki undir ákvæði frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að yfirstjórn öldrunarmála verði óbreytt, þ.e. hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Samkvæmt 2. mgr. er hlutverk heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að annast stefnumótun og áætlanagerð í öldrunarmálum fyrir landið í heild og að annast eftirlit með framkvæmd laganna. Er hlutverk ráðuneytisins óbreytt að þessu leyti en til viðbótar er gert ráð fyrir að ráðuneytið beiti sér fyrir almennri umræðu í þjóðfélaginu og kynningu á stöðu og valkostum aldraðra til að lifa sínu lífi utan eða innan stofnana. Sem dæmi um slíka kynningu gæti verið átak til að kynna hvað séu þjónustuíbúðir sem hafa framkvæmdaleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og hvaða skilyrði þær þurfi að uppfylla.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er fjallað um skipun samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Í frumvarpinu er gerð sú breyting að nefndin verður skipuð fimm mönnum í stað þriggja. Þá er gert ráð fyrir að skipun nefndarinnar fari fram að loknum alþingiskosningum en samkvæmt núgildandi lögum fer skipun fram að loknum kosningum til sveitarstjórna. Þar sem ráðherra skipar nefndina er talið heppilegra að hafa þann háttinn á. Gert er ráð fyrir skipun eftir alþingiskosningar árið 1999. Tilnefningar frá Öldrunarráði Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga eru óbreyttar en gert er ráð fyrir að við bætist einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Landssambands eldri borgara. Þá verða fulltrúar sem ráðherra skipar án tilnefningar tveir í stað eins áður og skal annar þeirra hafa fagþekkingu á málefnum aldraðra. Þar sem margir faghópar sinna málefnum aldraðra, svo sem hjúkrunarfræðingar, læknar, félagsráðgjafar, sjúkra- og iðjuþjálfar, þótti ekki rétt að binda í lögum úr hvaða heilbrigðisstétt viðkomandi fagaðili ætti að koma.

Stækkun samstarfsnefndar um málefni aldraðra er talin mikilvæg m.a. af þeim sökum að nefndin fer með stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra en árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins er um það bil hálfur milljarður króna. Nefndin ber því mikla ábyrgð og þótti rétt að dreifa henni á fleiri hendur. Einnig er það í samræmi við nútímastjórnsýsluhætti að hafa fulltrúa sérhópa í svo mikilvægri nefnd og þótti því nauðsynlegt að tryggja þátttöku aldraðra í henni. Þá má jafnframt benda á að mannfjöldaspár benda til þess að öldruðum muni fjölga stöðugt næstu árin og áratugina. Það þýðir að málaflokkurinn sem varðar málefni þeirra mun vaxa í samræmi við það.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sérstakur starfsmaður öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu verði ritari nefndarinnar. Ekki þótti nauðsynlegt að tilgreina stöðuheiti í frumvarpinu.

Um 5. gr.

Hér eru talin verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Fellt er niður ákvæði um að nefndin skuli úrskurða um ágreiningsmál. Samstarfsnefndin hefur aldrei kveðið upp úrskurð um ágreiningsmál á gildistíma laganna. Ekki virðist því vera þörf á að fela henni slíkt hlutverk. Einnig er bent á að skipun hennar þyrfti að vera með öðrum hætti ef henni væri ætlað að fara með úrskurðarvald í ágreiningsmálum. Þá er gerð sú breyting að röð 1. og 2. tölul. í núgildandi lögum er víxlað. Þótti rökréttara að hafa það verkefni nefndarinnar að vera heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til ráðuneytis um málefni aldraðra á undan því verkefni að vera tengiliður ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra. Að öðru leyti er ákvæðið óbreytt.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þjónustuhópar aldraðra taki við hlutverki öldrunarnefnda og öldrunarmálaráða samkvæmt núgildandi lögum. Það skipulag að hafa öldrunarnefndir, öldrunarmálaráð og þjónustuhópa aldraðra á hverju starfssvæði þótti fremur flókið og óljóst hvaða tilgangi það þjónaði. Þjónustuhópar aldraðra hafa aðallega sinnt vistunarmati en samkvæmt frumvarpinu víkkar starfssvið þeirra.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að þjónustuhópar aldraðra verði styrktir frá því sem er í núgildandi lögum, sérstaklega þar sem þeir taka við hlutverki öldrunarnefnda og öldrunarmálaráða. Skipun þjónustuhópa verður með formlegri hætti og sveitarstjórnir skipa fulltrúa í hópana þar sem sveitarfélög bera ábyrgð á öldrunarþjónustu í hverju byggðarlagi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í þjónustuhópi verði fimm fulltrúar í stað fjögurra, þar af einn úr hópi aldraðra, læknir, hjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi. Héraðslæknar hafa umsjón með heilbrigðisstarfi og sjá um að lögum og reglum um heilbrigðismál sé framfylgt í átta læknishéruðum landsins. Það þótti því rökrétt að héraðslæknir tilnefndi lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga og hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu í þjónustuhóp aldraðra. Það er nýmæli í frumvarpinu að samtök eldri borgara á svæðinu tilnefni einn fulltrúa úr sínum röðum. Tveir fulltrúar eru án tilnefningar en annar þeirra skal vera félagsráðgjafi sé þess kostur. Loks er lagt til að sveitarstjórnir velji þjónustuhópnum formann.

Um 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins eru talin upp verkefni þjónustuhóps aldraðra á starfssvæði hópsins. Þjónustuhópurinn heldur þeim verkefnum sem hann hefur samkvæmt núgildandi lögum en við bætast verkefni sem áður heyrðu undir öldrunarnefndir og öldrunarmálaráð, t.d. að gera tillögur um öldrunarþjónustu á starfssvæði þjónustuhópsins. Önnur verkefni sem öldrunarnefndir hafa samkvæmt núgildandi lögum heyra undir aðra aðila. Eftirlit með ákvæðum staðla eða reglugerða heyrir undir héraðslækna samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða er ýmist á hendi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eða sveitarstjórna.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra og er sjóðnum ætlað að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt. Er það hlutverk sjóðsins óbreytt frá núgildandi lögum (1. tölul. 2. mgr. 9. gr.).

Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum nr. 49 frá 29. maí 1981 og var markmið með sjóðnum að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Framkvæmdasjóður aldraðra hefur árlega haft til ráðstöfunar um hálfan milljarð króna og gerir samstarfsnefnd um málefni aldraðra tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ráðstöfun fjárins, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Með lögum nr. 12/1991, um breytingu á lögum um málefni aldraðra, var hlutverki sjóðsins breytt á þann veg að heimilað var að nýta hluta af fjármagni sjóðsins til rekstrar stofnana fyrir aldraða. Frá þeim tíma hefur allt að 55% af fjármagni sjóðsins, hátt í 300 milljónir króna, verið notað árlega til rekstrar stofnana. Í frumvarpinu (4. tölul. 2. mgr. 9. gr.) er gert ráð fyrir að fjármagni skuli áfram varið til að styrkja rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum.

Í frumvarpinu (2. tölul. 2. mgr. 9. gr.) er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagni nauðsynlegar endurbætur og breytingar sem þarf að gera á húsnæði til að sníða það að þörfum aldraðra íbúa og er það óbreytt frá núgildandi lögum. Þá er í frumvarpinu fellt brott sérstakt ákvæði um að sjóðurinn skuli leggja til fé í viðhald húsnæðis þar sem það felst í rekstri stofnana, enda er við ákvörðun daggjalda gert ráð fyrir að ákveðnu hlutfalli af daggjaldataxta sé varið til viðhalds og tækja (4,8%).

Þjónusta fyrir aldraða er í örri þróun og verður sífellt fjölbreyttari. Stefnt er að því að sníða hana sem best að þörfum íbúa á hverjum stað. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það verði eitt af hlutverkum Framkvæmdasjóðs aldraðra að styrkja ýmis þróunarverkefni (3. tölul. 2. mgr. 9. gr.) sem miða að því að bæta þá þjónustu sem í boði er. Sjóðurinn hefur styrkt slík þróunarverkefni undanfarin ár þrátt fyrir að ekki sé beinlínis kveðið á um það í núgildandi lögum. Þekkt þróunarverkefni sem hafa verið styrkt eru mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum og vistunarmat.

Sum fámenn sveitarfélög hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að reka heimaþjónustu eins og þörf hefur verið á. Samkvæmt núgildandi lögum hafa styrkir verið veittir úr Framkvæmdasjóðnum til sveitarfélaga þegar þannig stendur á til að aldraðir geti áfram búið í sinni heimabyggð. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ákvæði þetta verði óbreytt (3. tölul. 2. mgr. 9. gr.).

Nauðsynlegt er að bæta þekkingu á öldrunarmálum í þjóðfélaginu þar sem hlutfall aldraðra á eftir að hækka verulega næstu áratugina. Kynna þarf málefni aldraðra fyrir almenningi til að auka skilning á aðstæðum þeirra og aðbúnaði. Nú fer ár aldraðra í hönd og þá gefst gott tækifæri til að halda málefnum þessa aldurshóps á lofti. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að það verði hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra að veita fjármagn til að styrkja kennslu og kynningu á öldrunarmálum (5. tölul. 2. mgr. 9. gr.).

Undir önnur verkefni sem Framkvæmdasjóður aldraðra styrkir (6. tölul. 2. mgr. 9. gr.) fellur ýmislegt, t.d. ófyrirsjáanleg útgjöld sem samrýmast hlutverki sjóðsins.

Í 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að um framkvæmdir skuli fara eftir því sem við á samkvæmt lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Ákvæðið er óbreytt og er í 13. gr. núgildandi laga um málefni aldraðra.

Um 10. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 11. og 12. gr.

Ákvæðin eru óbreytt og þarfnast ekki skýringa. Þau eru í 11. og 14. gr. núgildandi laga.

Um 13. gr.

Í greininni er skilgreind opin öldrunarþjónusta.

Í 1. tölul. er fjallað um heimaþjónustu og ákvæðinu breytt á þann veg að rík áhersla er lögð á að mat á þjónustuþörf sé einstaklingsbundið. Einnig er það nýmæli að leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldraða og árangursmarkmið að leiðarljósi. Fellt er út ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli reka heimaþjónustu fyrir aldraða þar sem ljóst er af lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að í hverju sveitarfélagi skuli reka heimaþjónustu.

Í 2. tölul. er fjallað um þjónustumiðstöðvar aldraðra og er ákvæðinu örlítið breytt efnislega frá núgildandi lögum. Ákvæðið tekur til þjónustumiðstöðva sem eru starfræktar af sveitarfélögum og er tilgreint hvaða þjónustu þær skulu veita.

Í 3. tölul. er fjallað um dagvist aldraðra og er ákvæðið nokkuð breytt frá núgildandi lögum. Dagvist aldraðra er skilgreind sem stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Slík skilgreining er ekki í núgildandi lögum. Dagvistun felst í því að einstaklingar geta dvalið daglangt, eða hluta úr degi, á stofnun þar sem þeir fá ýmiss konar þjónustu og stuðning. Markmið með dagvist aldraðra er að aðstoða einstaklinginn við að viðhalda og auka hæfni sína til að takast á við breytingar á heilsufari og félagslegri stöðu. Dagvistun getur leyst vanda þeirra sem geta því aðeins búið áfram heima að þeir séu undir stöðugu eftirliti. Hún er mikilvægur þáttur í að rjúfa einsemd, tryggja næringu, aðstoða við persónulegt hreinlæti og að styðja aldraða almennt við að ráða fram úr viðfangsefnum daglegs lífs. Fólk sem þarf á dagvist að halda getur sótt hana daglega eða ákveðna daga. Dagvistun hefur reynst vel hér á landi sem mikilvægur fyrirbyggjandi þáttur með tilliti til stofnanadvalar og er því talið rétt að styrkja ákvæði um dagvist í frumvarpinu. Í frumvarpinu er einnig tekið fram að í dagvist aldraðra skuli veitt hjúkrunarþjónusta og aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu og er það breyting frá núgildandi lögum.

Í 4. tölul. er fjallað um þjónustuíbúðir aldraðra og er ákvæðið efnislega óbreytt frá núgildandi lögum. Talið var rétt að skerpa í frumvarpinu á því að íbúar þjónustuíbúða skuli eiga rétt á sömu heima- og vaktþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins. Þjónustuíbúðir fyrir aldraða þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur um öryggiskerfi og þjónustu. Brögð hafa verið að því að húsnæði hafi verið selt sem þjónustuhúsnæði fyrir aldraða án þess að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt. Þess eru einnig dæmi að félagslega þjónustu sé að finna í næsta nágrenni við íbúðir sem aldraðir búa í en að íbúar þar hafi ekki aðgang að þjónustunni. Mikilvægt er að íbúðir sem fá þann gæðastimpil að vera þjónustuíbúðir fyrir aldraða standi undir nafni.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um stofnanir fyrir aldraða og er ákvæðið nánast óbreytt efnislega þó að orðalagi sé breytt nokkuð. Í 2. tölul. er nýmæli um að möguleiki skuli vera á að einstaklingar geti komið til skammtímavistunar, sé þess þörf. Hér er t.d um að ræða hvíldarinnlögn þar sem aldrað fólk í heimahúsum nýtur aðstoðar aðstandenda.

Um 15. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum. Þó er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skuli þjónustuhópur aldraðra meta þörf hans fyrir önnur úrræði, t.d. opna öldrunarþjónustu.

Um 16. og 17. gr.

Ákvæðin eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 18. gr.

Þar sem stofnanir fyrir aldraða falla undir lög um heilbrigðisþjónustu þótti rétt að hafa ákvæði um stjórn stofnana sambærilegt því sem segir í 30. gr. þeirra laga. Frumvarpið hefur því þá breytingu í för með sér að fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sæti í stjórn allra stofnana fyrir aldraða hvort sem þær eru ríkisstofnanir eða ekki. Þótti það mikilvægt þar sem rekstur stofnananna er greiddur úr ríkissjóði. Þá er sett inn reglugerðarheimild svo að unnt sé að skilgreina nánar verkefni stjórnar og valdsvið og hvernig samráði við rekstrarlega og faglega stjórnendur og íbúa skuli háttað.

Um 19. gr.

Ákvæðið fjallar um þátttöku í kostnaði af dagvist og er óbreytt að öðru leyti en því að hámark þátttöku miðast við óskertan grunnlífeyri. Er orðinu óskertur bætt við þar sem grunnlífeyrir almannatrygginga skerðist við aðrar tekjur.

Um 20.–24. gr.

Ákvæðin eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 25. gr.

Ákvæði frumvarpsins munu einnig gilda um þær stofnanir sem starfandi eru við gildistöku þess. Sams konar ákvæði er í 23. gr. núgildandi laga en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að síðari hluti 23. gr. falli brott. Í ákvæðinu sem er fellt brott segir að stefnt sé að því að innan þriggja ára hafi stofnanir uppfyllt þær kröfur um gerð og búnað er felist í 18. gr. núgildandi laga, enda hafi Framkvæmdasjóður aldraðra bolmagn til að styrkja framkvæmdir af því tagi. Síðari hluti 23. gr. var í fyrstu lögum um málefni aldraðra, nr. 91/1982, og var settur til að tryggja að þær stofnanir sem voru starfandi við gildistöku laganna uppfylltu kröfur sem lögin kváðu á um. Má reikna með að stofnanir hafi þegar uppfyllt þessar kröfur á þeim 16 árum sem liðin eru frá því ákvæðið var upphaflega sett.

Um 26. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um málefni aldraðra.

Í lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, er kveðið á um endurskoðun þeirra innan fimm ára frá gildistöku. Við endurskoðun laganna hefur framsetningu þeirra verið nokkuð breytt auk þess sem gert er ráð fyrir nokkrum efnislegum breytingum. Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir og hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs eru annars vegar fjölgun fulltrúa í samstarfsnefnd um málefni aldraðra um tvo og hins vegar nýtt ákvæði um að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefni einn fulltrúa í stjórnir einka- og sjálfeignarstofnana aldraðra en ekki er ljóst hver greiðir kostnað vegna stjórnarsetu þeirra. Gert er ráð fyrir að kostnaðarauki verði óverulegur verði frumvarpið óbreytt að lögum.

848. Frumvarp til laga [528. mál]

um náttúruvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið laganna.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda á íslensku landi og þar sem þess er getið í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979.

Lögin breyta í engu ákvæðum annarra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum til lands og sjávar.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Afréttur:* Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

2. *Eignarland:* Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
3. *Fólkvangur:* Landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota.
4. *Ósnortið víðerni:* Landsvæði sem er a.m.k. 25 km^2 að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.
5. *Náttúruminjar:*
   a. Náttúruverndarsvæði.
   b. Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr.
6. *Náttúruverndarsvæði:*
   a. Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti.
   b. Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr.
   c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.
7. *Ræktað land:* Garðar og tún og akrar, þ.e. land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.
8. *Þjóðlenda:* Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

II. KAFLI
Stjórn náttúruverndarmála.

4. gr.
Yfirstjórn umhverfisráðherra.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

Við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu á því sviði skal ráðherra hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnunina, Orkustofnun, Náttúruverndarráð, Skipulagsstofnun, Ferðamálaráð, fræðsluyfirvöld, bændur og aðra landnotendur, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd og útivist eftir því sem við á hverju sinni.

5. gr.
Náttúruvernd ríkisins.

Náttúruvernd ríkisins er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

Umhverfisráðherra skipar forstjóra Náttúruverndar ríkisins til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólamenntun og sérþekkingu sem nýtist honum í starfi. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, ber ábyrgð á rekstri hennar og ræður starfsmenn.

Umhverfisráðherra skal setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra Náttúruverndar ríkisins og um innra skipulag stofnunarinnar.

6. gr.

Hlutverk Náttúruverndar ríkisins.

Hlutverk Náttúruverndar ríkisins er:

a. umsjón, rekstur og eftirlit með náttúruverndarsvæðum í samræmi við lög,
b. eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum; umhverfisráðherra skal, að höfðu samráði við aðrar stofnanir og aðila sem fara með eftirlit samkvæmt sérstökum lögum, setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirlit stofnunarinnar,
c. eftirlit með umferð og umgengni á svæðum í óbyggðum,
d. undirbúningur að friðlýsingu svæða, umsjón með gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði og skráning náttúruminja,
e. mat á verndargildi náttúru Íslands og náttúruminja,
f. fræðsla á náttúruverndarsvæðum og almenn fræðsla um náttúruvernd, m.a. í fjölmiðlum,
g. rekstur gestastofa á náttúruverndarsvæðum,
h. álitsgerð vegna meiri háttar framkvæmda og rekstrar,
i. friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar, sbr. 39. gr.,
j. skýrslugerð til umhverfisráðherra um ástand náttúruverndarsvæða í umsjá stofnunarinnar, framkvæmdir á þeim og annað sem máli skiptir og varðar vörslu svæðanna,
k. undirbúningur og öflun gagna vegna náttúruverndaráætlunar, sbr. 65. gr., og útgáfu náttúruminjaskrár, sbr. 67. gr.,
l. veiting leyfa samkvæmt lögum þessum,
m. önnur störf að náttúruvernd samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

7. gr.

Framkvæmd eftirlits.

Náttúruvernd ríkisins er heimilt að fela náttúrustofum og náttúruverndarnefndum, sbr. 11. gr., að annast almennt eftirlit með náttúru landsins. Um slíkt skal gera samning sem umhverfisráðherra staðfestir. Í samningnum skal m.a. kveðið á um greiðslur fyrir eftirlitið, menntun eftirlitsmanna, skýrslugerð og annað sem máli skiptir.

Telji Náttúruvernd ríkisins nauðsynlegt að haldið verði uppi sérstöku eftirliti með framkvæmdum skal gera um það samkomulag við framkvæmdaraðila. Í samkomulaginu skal taka mið af innra eftirliti hans og eftirliti annarra opinberra aðila. Þar skulu kostnaðarliðir áætlaðir eins og mögulegt er hverju sinni og ber framkvæmdaraðila að endurgreiða Náttúruvernd ríkisins útlagðan kostnað við eftirlitið. Rísi ágreiningur milli aðila um efni samkomulagsins eða greiðslur fyrir eftirlitið sker ráðherra úr.

Að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins setur ráðherra gjaldskrá um kostnað við eftirlit með framkvæmdum. Þar skal m.a. kveðið á um umfang opinbers eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda sem taka mið af innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem eftirlitið beinist að.

8. gr.

Náttúruverndarráð.

Náttúruverndarráð skal skipað níu mönnum. Umhverfisráðherra skipar fimm þeirra í upphafi náttúruverndarþings, fjóra að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands og Ferðamálaráðs og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Fjórir skulu kosnir á náttúruverndarþingi, sbr. 10. gr. Varamenn skulu skipaðir og kosnir með sama hætti.

Framlag skv. 3. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, rennur til Náttúruverndarráðs. Annan kostnað sem leiðir af störfum ráðsins skal greiða úr ríkissjóði.

9. gr.

Hlutverk Náttúruverndarráðs.

Náttúruverndarráð skal stuðla að náttúruvernd og vera umhverfisráðherra, Náttúruvernd ríkisins og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um náttúruverndarmál.

Náttúruverndarráð gerir tillögur til ráðherra um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir, og fjallar um náttúruverndaráætlun, sbr. 65. og 66. gr., áður en hún er lögð fyrir Alþingi.

Náttúruverndarráð fylgist með þróun náttúruverndar á alþjóðavettvangi.

Náttúruverndarráð fer með málefni Friðlýsingarsjóðs, sbr. 71. gr.

10. gr.

Náttúruverndarþing.

Umhverfisráðherra skal boða til náttúruverndarþings að loknum alþingiskosningum og síðan tveimur árum síðar.

Náttúruverndarþing er vettvangur þeirra sem fjalla um náttúruverndarmál. Á náttúruverndarþingi skulu m.a. eiga sæti Náttúruverndarráð, fulltrúar náttúrustofa, náttúruverndarnefnda, hagsmunaaðila, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra aðila sem vinna að náttúruvernd, svo og forstjórar Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar og Orkustofnunar. Jafnframt skulu fulltrúar ráðuneyta og þingflokka á Alþingi eiga rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, svo og sviðsstjórar Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands og forstöðumenn setra síðarnefndu stofnunarinnar.

Hlutverk náttúruverndarþings er að fjalla um náttúruvernd og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Skal ráðið leggja fyrir þingið skýrslu um störf sín.

Formaður Náttúruverndarráðs setur þingið og stýrir því uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp. Náttúruverndarráð skal semja reglur fyrir hvert náttúruverndarþing þar sem kveðið er á um seturétt á þinginu, kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa. Reglurnar skal auglýsa á fullnægjandi hátt fjórum vikum fyrir upphaf náttúruverndarþings. Verði ágreiningur um kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa skal málum vísað til úrskurðar á þinginu sjálfu.

Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra.

11. gr.

Náttúruverndarnefndir.

Á vegum hvers sveitarfélags eða héraðsnefndar starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sveitarstjórnir og héraðsnefndir ákveða fjölda nefndarmanna, kjósa þá til fjögurra ára, velja formann og setja nefndinni erindisbréf. Varamenn skulu kosnir með sama hætti. Sveitarstjórnir greiða kostnað sem hlýst af störfum náttúruverndarnefnda.

Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu, umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á náttúruna, og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruverndarnefndir skulu leita aðstoðar og ráðgjafar Náttúruverndar ríkisins þegar ástæða er til. Náttúruvernd ríkisins og fulltrúar náttúruverndarnefnda skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk náttúruverndarnefnda og tengsl þeirra við náttúrustofur samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

III. KAFLI
Almannaréttur, umgengni og útivist.

12. gr.
Réttindi og skyldur almennings.

Almenningi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi.

Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt.

13. gr.
För um eignarlönd.

Á ferð sinni um eignarlönd skulu menn sýna landeiganda og öðrum rétthöfum lands fulla tillitssemi, virða hagsmuni þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, þar á meðal skógræktar og landgræðslu, og fylgja eftir atvikum leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum.

Fara skal eftir skipulögðum stígum og vegum eftir því sem auðið er, hlífa girðingum og fara um hlið, göngustiga eða prílur þegar þess er kostur. Sérstök aðgát skal höfð í nánd við selalátur, varplönd fugla og veiðistaði.

14. gr.
Umferð gangandi manna.

Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða rétthafa, að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélknúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dvelja þar.

För um ræktað land, þ.e. garða, tún og akra, og dvöl þar er háð samþykki eiganda þess eða rétthafa.

15. gr.
Umferð hjólandi manna.

Þegar farið er á reiðhjólum um landið skal fylgt vegum og skipulögðum reiðhjólastígum eins og kostur er.

16. gr.
Umferð ríðandi manna.

Þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er.

Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín.

Heimilt er mönnum, að fengnu leyfi eiganda eða rétthafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðhöldum eða næturhólfum enda valdi það ekki spjöllum á náttúru landsins. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur.

Þar sem svo háttar til skal haft samráð við landverði eða umsjónaraðila á staðnum þegar farið er um eða dvalið á náttúruverndarsvæðum, sbr. IV. kafla.

Umhverfisráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um umferð ríðandi manna og rekstur hrossa.

17. gr.

Akstur utan vega.

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum, svo og á snjó utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er frosin og snævi þakin.

Umhverfisráðherra kveður, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, í reglugerð á um aðrar undanþágur frá banni skv. 1. málsl. 1. mgr., m.a. vegna starfa manna við landbúnað, landmælingar, línu- og vegalagnir og rannsóknir. Þá getur ráðherra enn fremur í reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, takmarkað eða bannað akstur á snjó á einstökum svæðum þar sem hætta er á náttúruspjöllum eða verulegum óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.

Ólögmætur akstur utan vega varðar refsingu, sbr. 76. gr.

18. gr.

Umferð um vötn.

Um umferð um vötn fer samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923.

19. gr.

Takmörkun umferðar í óbyggðum.

Náttúruvernd ríkisins getur í verndarskyni tímabundið takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum, enda hafi stofnunin að jafnaði gert grein fyrir fyrirhugaðri lokun í skýrslu skv. 2. mgr. Slíkar ákvarðanir skal umhverfisráðherra staðfesta og birta í Stjórnartíðindum.

Skal stofnunin á hverju hausti gera úttekt á ástandi svæða í óbyggðum og gefa ráðherra skýrslu um niðurstöður úttektarinnar. Í skýrslunni skal koma fram hvaða svæði eru í hættu og hvar geti komið til lokana. Stofnunin skal birta niðurstöður skýrslunnar með auglýsingu í dagblöðum og Lögbirtingablaði.

20. gr.

Heimild til að tjalda.

Á óræktuðu landi er mönnum heimilt að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum án sérstaks leyfis landeiganda eða rétthafa, nema tjöld séu nær bústað hans en 1.000 metrar, þau séu fleiri en þrjú, eða tjaldað sé til fleiri nátta en einnar.

Á ræktuðu landi, þ.e. í görðum og á túnum og ökrum, má aðeins slá upp tjöldum með leyfi eiganda þess eða rétthafa.

21. gr.

Takmarkanir á heimild til að tjalda.

Þegar sérstaklega stendur á getur eigandi lands eða rétthafi takmarkað eða bannað að tjöld séu reist þar sem veruleg hætta er á að náttúra landsins geti beðið tjón af.

Hafi eigandi lands eða rétthafi útbúið sérstakt tjaldsvæði á landi sínu er honum heimilt að beina fólki þangað og taka gjald fyrir veitta þjónustu þar.

22. gr.

Skipulagðar hópferðir.

Þegar skipulagðar eru hópferðir í atvinnuskyni um eignarlönd skal eftir atvikum hafa samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans. Eftir því sem við verður komið skal tjalda á skipulögðum tjaldsvæðum sé gert ráð fyrir að gista í tjöldum í ferðinni.

23. gr.

Girðingar.

Þegar girt er yfir skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu eða þar sem við á göngustiga eða prílu þess í stað sé ekki annars kostur. Þá má heldur ekki setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.

Skylt er að halda girðingu svo vel við að mönnum og skepnum stafi ekki hætta af. Að öðru leyti fer um girðingar, viðhald þeirra og upptöku eftir girðingarlögum, nr. 10/1965, og eftir atvikum öðrum lögum.

24. gr.

Tínsla berja, sveppa, fjallagrasa og jurta.

Í þjóðlendum og afréttum er öllum heimil tínsla berja, sveppa, fjallagrasa og jurta.

Tínsla í eignarlöndum er háð leyfi eiganda lands eða rétthafa. Þó er mönnum heimil tínsla til neyslu á vettvangi.

25. gr.

Tínsla fjörugróðurs.

Í fjörum þjóðlendna er öllum heimil tínsla sölva, þangs, þara og annars fjörugróðurs.

Tínsla í fjörum eignarlanda er háð leyfi eiganda eða rétthafa lands. Þó er mönnum heimil tínsla til neyslu á vettvangi.

26. gr.

Tínsla í atvinnuskyni.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs í atvinnuskyni, m.a. um að tilkynna skuli Náttúrufræðistofnun Íslands um magn og tegund þess sem tínt er og tínslustað og þegar sérstaklega stendur á að leyfi Náttúruverndar ríkisins þurfi til tínslu einstakra tegunda eða á einstökum svæðum.

27. gr.

Tæki og verkfæri til tínslu.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um notkun tækja og verkfæra til tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs. Er honum heimilt að leggja bann við notkun þeirra ef hætta er á að hún valdi spjöllum á náttúru landsins.

IV. KAFLI
Rekstur náttúruverndarsvæða.

28. gr.
Umsjón með náttúruverndarsvæðum.

Náttúruvernd ríkisins hefur umsjón með náttúruverndarsvæðum nema annað sé tekið fram í lögum. Umhverfisráðherra getur falið stofnuninni umsjón með öðrum svæðum sem sérstök þykja sakir landslags, gróðurfars eða dýralífs.

29. gr.
Landverðir.

Á náttúruverndarsvæðum starfa landverðir og aðrir starfsmenn. Hlutverk landvarða er m.a. að sjá um eftirlit og fræðslu.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, nánari ákvæði um menntun og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum.

30. gr.
Umsjón falin öðrum.

Náttúruvernd ríkisins getur falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að þjóðgörðum undanskildum. Gera skal sérstakan samning um umsjón og rekstur svæðanna sem umhverfisráðherra staðfestir. Í samningnum skal kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð á svæðunum og aðrar framkvæmdir, landvörslu, menntun starfsmanna, móttöku ferðamanna og fræðslu þeirra, svo og gjaldtöku, sbr. 32. gr. Náttúruvernd ríkisins hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar.

31. gr.
Gestastofur.

Náttúruvernd ríkisins er heimilt að stofna og reka gestastofur á náttúruverndarsvæðum eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Hafa skal samstarf við náttúrustofur, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, um rekstur gestastofa þegar við á. Gera skal sérstakan samning um samstarfið sem umhverfisráðherra staðfestir.

Náttúruvernd ríkisins getur falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur gestastofa. Um slíkt skal gera sérstakan samning sem ráðherra staðfestir.

32. gr.
Gjaldtaka o.fl.

Náttúruvernd ríkisins eða sá aðili sem falinn hefur verið rekstur náttúruverndarsvæðis getur ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu. Rekstraraðili náttúruverndarsvæðis getur enn fremur ákveðið gjald fyrir aðgang að svæðinu ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.

Tekjum samkvæmt síðari málslið 1. mgr. skal varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því.

Eigi síðar en í september ár hvert skal Náttúruvernd ríkisins leggja fyrir umhverfisráðherra til staðfestingar skrá yfir gjöld sem stofnunin hyggst innheimta næsta ár á eftir. Staðfesti ráðherra gjaldskrána skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Náttúruvernd ríkisins eða öðrum umsjónaraðila náttúruverndarsvæðis er heimilt að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum og um önnur atriði er greinir í III. kafla, sbr. og 60. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

V. KAFLI
Landslagsvernd o.fl.

33. gr.
Gerð skipulagsáætlana.

Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda, sbr. 11. gr., við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.

34. gr.
Meiri háttar framkvæmdir.

Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

35. gr.
Hönnun stórra mannvirkja.

Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra stórra mannvirkja skal þess gætt eins og kostur er að þau falli sem best að svipmóti lands.

36. gr.
Ræktun.

Við túnrækt, skógrækt, landgræðslu, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

37. gr.
Sérstök vernd.

Eftirtaldar landslagsgerðir njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m^2 að stærð eða stærri,
c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur,
e. sjávarfitjar og leirur.

Áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun landslagsgerða skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn leita umsagnar náttúruverndarnefndar, sbr. 11. gr., og þegar ástæða er til Náttúruverndar ríkisins.

38. gr.

Hætta á röskun náttúruminja.

Leyfi Náttúruverndar ríkisins þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum. Tilkynna skal Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá, sbr. 67. og 68. gr.

Leiti framkvæmandi ekki leyfis skv. 1. mgr. er Náttúruvernd ríkisins heimilt að krefjast þess með skriflegri áskorun að framkvæmdir verði ekki hafnar eða þær stöðvaðar. Verði ekki orðið við áskorun stofnunarinnar er henni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni, sbr. 73. gr., og leita atbeina lögreglu ef með þarf.

39. gr.

Verndun gróðurs og skóga.

Umhverfisráðherra getur í samráði við landbúnaðarráðherra ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar.

Náttúruvernd ríkisins skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Slíkt eftirlit má þó fela gróðurverndarnefndum að fengnu samþykki umhverfisráðherra og landbúnaðarráðherra.

Náttúruvernd ríkisins skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

40. gr.

Steindir.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands og umsögn iðnaðarráðuneytis, mælt fyrir í reglugerð um vernd steinda, m.a. um að leyfi Náttúruverndar ríkisins þurfi til töku ákveðinna tegunda þeirra úr föstum jarðlögum.

41. gr.

Innflutningur, ræktun og dreifing lifandi lífvera.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð kveðið á um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi. Þar má m.a. birta skrá yfir tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins, svo og um tegundir sem heimilt er að rækta hérlendis og sleppa í villtri náttúru. Sé ekki öðruvísi kveðið á í lögum skal ráðherra veita leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi lífvera.

Ráðherra skipar til fjögurra ára nefnd sérfræðinga stjórnvöldum til ráðgjafar um innflutning, ræktun og dreifingu framandi lífvera. Skulu stjórnvöld leita umsagnar nefndarinnar og Náttúruverndar ríkisins áður en tekin er ákvörðun um innflutning, ræktun eða dreifingu nýrra tegunda lifandi lífvera. Í nefndinni skulu eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, einn samkvæmt tilnefningu Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til lifandi smitefna, sbr. lög um ónæmisaðgerðir, nr. 38/1978, erfðabreyttra lífvera, sbr. lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, sjávarafla, sbr. lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, og þeirra tegunda sjávarspendýra sem lifa hér við land.

42. gr.

Áletranir á náttúrumyndanir.

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar og varða refsingu skv. 76. gr., sbr. og 75. gr.

43. gr.

Auglýsingar utan þéttbýlis.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um efni greinarinnar og úrskurðar um vafaatriði.

44. gr.

Eignir í hirðuleysi, eyðijarðir o.fl.

Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðir, áhöld eða mannvirki, þar á meðal girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru er eiganda skylt að fjarlægja það.

Fari jörð í eyði er landeigenda skylt að ganga svo frá húsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum á kostnað þess er skylt var að annast þær en hefur látið það ógert. Sveitarstjórn getur þó, þegar sérstaklega stendur á og ljóst er að umrætt sveitarfélag hefur ekki með hliðsjón af fjölda íbúa og tekjum þess fjárhagslega getu til framkvæmda, leitað eftir því við umhverfisráðherra að hann annist nauðsynlegar framkvæmdir. Fallist ráðherra á þá málaleitan tekur hann við framkvæmd mála samkvæmt grein þessari.

VI. KAFLI

Nám jarðefna.

45. gr.

Gildissvið.

Ákvæði kafla þessa gilda um efnistöku í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og, eftir því sem við á, um efnistöku af eða úr hafsbotni í íslenskri landhelgi og efnahagslögsögu.

46. gr.

Skipulag efnistökusvæða.

Um skipulag efnistökusvæða fer eftir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og reglum settum samkvæmt þeim.

47. gr.

Heimild til efnistöku.

Um leyfi til efnistöku af eða úr hafsbotni utan netlaga fer eftir ákvæðum laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990.

Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Áður en leyfi

er veitt skal liggja fyrir umsögn náttúruverndarnefndar, sbr. 11. gr., og Náttúruverndar ríkisins um framkvæmdina. Enn fremur gilda um efnistöku á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota.

48. gr.

Áætlun um efnistöku.

Áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. gr. skal liggja fyrir áætlun framkvæmdaraðila um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Náttúruvernd ríkisins skal hafa eftirlit með efnistöku á landi, sbr. og b-lið 6. gr. og 2. og 3. mgr. 7. gr. Er stofnuninni heimilt að krefjast þess að framkvæmdaraðili leggi fram tryggingu sem stofnunin telur fullnægjandi fyrir áætluðum kostnaði við eftirlit og frágang efnistökusvæða.

49. gr.

Frágangur efnistökusvæða.

Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi.

Sé frágangur ekki í samræmi við áætlun um efnistöku, sbr. 48. gr, getur Náttúruvernd ríkisins gefið framkvæmdaraðila fyrirmæli um að ljúka frágangi innan tiltekins frests, sem þó skal aldrei vera lengri en eitt ár. Er stofnuninni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni, sbr. 73. gr.

Beri aðgerðir Náttúruverndar ríkisins skv. 2. mgr. ekki árangur skal sveitarstjórn ganga frá efnistökusvæði á kostnað framkvæmdaraðila í samræmi við gerða áætlun, sbr. 48. gr. Skal trygging skv. 48. gr. ganga til greiðslu kostnaðar.

Efnistökusvæði skal ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Náttúruvernd ríkisins getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvun.

Förgun úrgangs á efnistökusvæðum skal vera í samræmi við gerða áætlun, sbr. 48. gr., og lög og reglur um hollustuhætti og mengunarvarnir.

VII. KAFLI
Friðlýstar náttúruminjar.

50. gr.

Flokkar friðlýstra náttúruminja.

Friðlýstar náttúruminjar skiptast í eftirfarandi flokka:

a. þjóðgarða, sbr. 51. gr.,
b. friðlönd, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 53. gr.,
c. náttúruvætti á landi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr., og í hafi, sbr. 1. mgr. 54. gr.,
d. friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 53. gr.,
e. fólkvanga, sbr. 55. gr.

51. gr.

Stofnun þjóðgarða.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag eða lífríki eða á því hvílir söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.

Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda.

Ráðherra er heimilt að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórna til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða.

52. gr.

Rekstur þjóðgarða.

Í hverjum þjóðgarði starfar þjóðgarðsvörður sem forstjóri Náttúruverndar ríkisins ræður. Þjóðgarðsverðir skulu hafa sérþekkingu og reynslu sem nýtist þeim í starfi.

Þjóðgarðsverðir annast daglegan rekstur þjóðgarða og gera tillögur um rekstur og fyrirkomulag þjóðgarða. Náttúruvernd ríkisins getur falið þjóðgarðsvörðum eftirlit og umsjón á öðrum svæðum sem stofnunin ber ábyrgð á.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings.

53. gr.

Friðlýsing annarra náttúruminja á landi.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðlýst:

1. Landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags eða lífríkis. Friðlýst landsvæði nefnast friðlönd.
2. Náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella og dranga, svo og fundarstaði steingervinga, sjaldgæfra steintegunda og steinda, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu. Friðlýstar náttúrumyndanir nefnast náttúruvætti.
3. Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

Friðlýsing skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

54. gr.

Friðlýsing náttúrumyndana í hafi.

Umhverfisráðherra getur að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum að fengnum tillögum eða áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands eða Náttúruverndarráðs, friðlýst í landhelgi og efnahagslögsögu náttúrumyndanir í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu.

Ákvæði annarra greina þessa kafla gilda eftir því sem við á um friðlýstar náttúrumyndanir í hafi.

55. gr.

Stofnun fólkvangs.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og áliti Náttúruverndar ríkisins, lýst tiltekið landsvæði, sem ætlað er til útvistar og almenningsnota, fólkvang.

Vilji eitt sveitarfélag eða fleiri að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur skal það eða þau gera tillögu um slíkt til Náttúruverndar ríkisins þar sem m.a. skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunni að setja umráðarétti eigenda eða rétthafa viðkomandi landsvæðis.

56. gr.

Kostnaður við stofnun og rekstur fólkvangs.

Hlutaðeigandi sveitarfélög bera allan kostnað af stofnun og rekstri fólkvangs að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði, og skal honum skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Hætti sveitarfélag þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega.

57. gr.

Samvinnunefnd um rekstur fólkvangs.

Sveitarfélög, sem standa að rekstri fólkvangs, skulu stofna með sér samvinnunefnd sem starfar í samráði við Náttúruvernd ríkisins. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið ræður afl atkvæða. Þegar um er að ræða atriði sem hafa sérstakan kostnað í för með sér fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila, sbr. 56. gr.

58. gr.

Undirbúningur friðlýsingar.

Náttúruvernd ríkisins annast undirbúning friðlýsingar, sbr. þó 2. mgr. 55. gr. Leita skal samráðs við Hafrannsóknastofnunina við undirbúning friðlýsingar skv. 54. gr. Náttúruvernd ríkisins skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Náist samkomulag um friðlýsingu skal málinu vísað til umhverfisráðherra til frekari ákvörðunar.

59. gr.

Samkomulag næst ekki um friðlýsingu.

Náist ekki samkomulag um friðlýsingu skal málinu vísað til meðferðar umhverfisráðherra. Ráðherra sendir landeigendum og öðrum rétthöfum lands er friðlýsing snertir, svo og sveitarfélögum, tillögu að friðlýsingu, jafnframt því að birta hana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og eftir atvikum á þann hátt sem venja er að birta auglýsingar stjórnvalda á viðkomandi stað.

Skal þeim sem hagsmuna eiga að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu, koma að mótmælum og gera bótakröfur til ráðherra innan þriggja mánaða.

Að loknum þeim fresti skal ráðherra taka ákvörðun um friðlýsingu og um eignarnám ef þörf krefur, sbr. 64. gr.

60. gr.

Efni friðlýsingar.

Í friðlýsingu skulu tilgreindar nákvæmlega þær náttúruminjar sem friðlýstar eru. Þar skal einnig eftir atvikum m.a. kveða á um:

1. hversu víðtæk friðunin er,
2. að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar,
3. umferð og umferðarrétt almennings,
4. notkun veiðiréttar.

Í friðlýsingu má enn fremur setja fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir til þess að almenningur njóti þess svæðis sem friðlýst er, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

Ef ætla má að fyrirhugaðar framkvæmdir raski svo náttúrulegu umhverfi að hætta sé á að ákveðnar lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi eyðist eða verði fyrir verulegum skaða getur umhverfisráðherra látið friðlýsingu taka til banns við slíkum framkvæmdum, enda sé áður fengin umsögn Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

61. gr.

Meðferð máls.

Um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

62. gr.

Auglýsingar og merkingar.

Umhverfisráðherra skal birta ákvörðun um friðlýsingu og ákvæði hennar í Stjórnartíðindum.

Náttúruvernd ríkisins skal merkja friðlýst svæði og festa þar upp ákvæði friðlýsingar eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt þykir að mati stofnunarinnar.

63. gr.

Röskun friðlýstra náttúruminja.

Friðlýstum náttúruminjum má enginn granda, spilla né breyta. Varðar röskun þeirra refsingu skv. 76. gr., sbr. og 75. gr.

64. gr.

Heimild til eignarnáms.

Umhverfisráðherra er heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til að framkvæma friðlýsingu samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun bóta fer eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

VIII. KAFLI
Náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá.

65. gr.
Náttúruverndaráætlun.

Umhverfisráðherra skal á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi.

Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar.

66. gr.
Efni náttúruverndaráætlunar.

Í náttúruverndaráætlun skv. 65. gr. skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins.

Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda búsvæða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana og ósnortinna víðerna. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til:

a. menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar,
b. nauðsynjar á endurheimt búsvæða,
c. nýtingar mannsins á náttúrunni.

Þá skal m.a. miðað við þau svæði sem áætlunin tekur til:

a. hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu,
b. séu óvenjutegundarík eða viðkvæm fyrir röskun,
c. séu nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda,
d. hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi,
e. séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla,
f. hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi,
g. séu einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta.

67. gr.
Náttúruminjaskrá.

Umhverfisráðherra skal gefa út náttúruminjaskrá fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum.

Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna útgáfu náttúruminjaskrár.

68. gr.
Efni náttúruminjaskrár.

Í náttúruminjaskrá skulu vera sem gleggstar upplýsingar um:

a. friðlýstar náttúruminjar,
b. náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun, sbr. 65. gr.,
c. aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.

Í náttúruminjaskrá skal lýst sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu náttúruminja.

69. gr.

Sala jarðar sem er á náttúruminjaskrá.

Um sölu jarðar, sem öll eða að hluta er á náttúruminjaskrá, fer eftir ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, en þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

70. gr.

Útivistarsvæði.

Til stuðnings við útivist getur Náttúruvernd ríkisins eða náttúruverndarnefndir gengist fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr, hlið og girðingarstiga og afmarkað tjaldsvæði og gert annað það er þurfa þykir í þessu skyni.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki eigenda eða rétthafa lands.

71. gr.

Friðlýsingarsjóður.

Á vegum umhverfisráðuneytis skal starfa Friðlýsingarsjóður. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að náttúruvernd og friðlýsingu svæða og auka fræðslu um náttúruvernd og náttúrufar.

Náttúruverndarráð fer með vörslu Friðlýsingarsjóðs og er jafnframt stjórn sjóðsins.

Umhverfisráðherra skal, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, setja í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Friðlýsingarsjóðs, úthlutanir úr honum o.fl.

72. gr.

Kostnaður við framkvæmd laganna.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara skal greiddur úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

73. gr.

Dagsektir.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum eða til þess að láta af atferli sem er ólögmætt. Hámark dagsekta skal ákveða í reglugerð.

74. gr.

Ágreiningur um framkvæmd laganna.

Rísi ágreiningur um ákvörðun annars aðila en umhverfisráðherra um framkvæmd laga þessara er heimilt að kæra umrædda ákvörðun til ráðherra sem kveður upp endanlegan úrskurð á stjórnsýslustigi. Um kærurétt og málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

75. gr.

Spjöll á náttúru landsins.

Hver sá sem veldur á ólögmætan hátt spjöllum á náttúru landsins, hvort heldur er af gáleysi eða ásetningi, skal sæta refsingu skv. 76. gr.

76. gr.

Refsiábyrgð.

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

77. gr.

Skaðabætur.

Hver sá er fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda skv. VII. kafla laga þessara á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði sé ekki öðruvísi ákveðið. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

78. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 123/1940, um bann við jarðraski, með síðari breytingum, og náttúruverndarlög, nr. 93/1996, með síðari breytingum.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, sem sett eru samkvæmt eldri lögum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.

79. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 2. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
2. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 21. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
3. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 2. mgr. 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
4. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 5. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, kemur: Náttúruverndar ríkisins og sérfræðinganefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.
5. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 4. gr. laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
6. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 7. tölul. 2. mgr. 4. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, kemur: Náttúruvernd ríkisins.
7. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 4. mgr. 13. gr. laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, kemur: Náttúruverndar ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Umhverfisráðherra skal eigi síðar en árið 2000 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn náttúruverndaráætlun skv. 65. gr.

II.

Umhverfisráðherra skal fela Náttúruvernd ríkisins, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og framkvæmdaraðila, að gera tillögur um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og eftir atvikum þeirra sem nú eru í notkun og ekki liggur fyrir áætlun um frágang á. Skal stofnunin gera áætlun um frágang svæðanna og kostnað við hann, svo og tillögur um greiðslu kostnaðar. Þá skal stofnunin enn fremur hafa umsjón með frágangi svæðanna. Skal honum lokið eigi síðar en árið 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Tilurð frumvarpsins og meginefni.

Hinn 18. október 1996 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að endurskoða efnisákvæði náttúruverndarlaga, nr. 93/1996. Í nefndina voru skipuð: Guðjón Ólafur Jónsson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, formaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir, þáverandi framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, tilnefnd af þáverandi Náttúruverndarráði, dr. Arnþór Garðarsson prófessor, tilnefndur af stjórn Náttúruverndar ríkisins, Auður Sveinsdóttir, þáverandi formaður Landverndar, tilnefnd af Landvernd, Birgir Þorgilsson, formaður Ferðamálaráðs Íslands, tilnefndur af Ferðamálaráði Íslands, Gísli S. Einarsson alþingismaður, skipaður án tilnefningar, Gunnar Eydal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Gauti Jónsson landfræðingur, skipaður án tilnefningar, dr. Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Kristín Halldórsdóttir alþingiskona, skipuð án tilnefningar, dr. Ólafur R. Dýrmundsson ráðunautur, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, Ólafur Örn Haraldsson alþingismaður, skipaður án tilnefningar, Sigurður Þráinsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneyti, skipaður án tilnefningar, Tómas Ingi Olrich alþingismaður, skipaður án tilnefningar, og dr. Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri, tilnefndur af samstarfsnefnd útivistarfélaga. Hinn 25. febrúar 1997 var dr. Þröstur Eysteinsson, fagmálastjóri Skógræktar ríkisins, skipaður í nefndina án tilnefningar. Jóni Gauta Jónssyni var að eigin ósk veitt lausn frá störfum í nefndinni 13. maí 1997. Nefndin lauk störfum 7. desember 1998 og skilaði ráðherra tillögu að frumvarpi til nýrra náttúruverndarlaga. Er frumvarp þetta að mestu byggt á störfum nefndarinnar og tillögum hennar.

Frumvarpið er 79 greinar, auk ákvæða til bráðabirgða, og skiptist í níu meginkafla. Í I. kafla er rætt um markmið laganna, gildissvið og skilgreiningar. Í II. kafla eru ákvæði um stjórn náttúruverndarmála og í III. kafla er að finna ákvæði um almannarétt, umgengni og útivist. Í IV. kafla eru sérstök ákvæði um rekstur náttúruverndarsvæða og í V. kafla ýmis ákvæði um landslagsvernd og fleira henni tengt. Í VI. kafla eru ákvæði um nám jarðefna, í þeim VII. um friðlýstar náttúruminjar og í VIII. kafla er að finna ákvæði um náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá. Þá er í IX. kafla að finna ýmis ákvæði.

II.
Helstu breytingar og nýmæli.

Gerð verður frekari grein fyrir einstökum þáttum frumvarpsins síðar í greinargerðinni, en helstu nýmæli og breytingar samkvæmt því eru þessar:

1. Ábyrgð heimamanna á framkvæmd náttúruverndarlaga er aukin, svo og vægi og hlutverk náttúruverndarnefnda sveitarfélaga.
2. Ekki er gert ráð fyrir að Náttúruvernd ríkisins lúti sérstakri stjórn.
3. Réttur manna til umferðar um landið og dvalar, svokallaður almannaréttur, er rýmkaður mjög. Í frumvarpinu er að finna sérstök ákvæði um umferð gangandi, hjólandi og ríðandi manna, svo og um heimild manna til að slá upp tjöldum og um tínslu berja, sveppa, fjallagrasa og jurta.
4. Lagðar eru til skýrar reglur um bann við akstri utan vega.
5. Kveðið er á um þátt náttúruverndaryfirvalda í gerð skipulagsáætlana og breytinga á þeim, svo og í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum.
6. Sérstakur kafli frumvarpsins fjallar um landslagsvernd og fleira henni tengt. Þar eru m.a. tilgreindar landslagsgerðir sem njóta skulu sérstakrar verndar. Enn fremur er þar að finna ákvæði um vernd steinda og fjallað um innflutning, ræktun og dreifingu framandi lífvera.
7. Lagðar eru til nýjar og hertar reglur um nám jarðefna þar sem m.a. eru ákvæði um heimildir til efnistöku, áætlun framkvæmdaraðila, frágang efnistökusvæða og tryggingu fyrir honum. Náttúruvernd ríkisins mun gera tillögur um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og hafa umsjón með frágangi. Skal því verki lokið eigi síðar en árið 2003.
8. Ákvæði um friðlýsingar eru einfölduð og endurbætt. Sérstaklega er kveðið á um friðlýsingu náttúrumyndana í hafi.
9. Mælt er fyrir um að umhverfisráðherra skuli leggja sérstaka náttúruverndaráætlun fyrir Alþingi fimmta hvert ár, í fyrsta sinn árið 2000, og skal hún vera hluti af náttúruminjaskrá.

III.
Sögulegt yfirlit yfir löggjöf um náttúruvernd.

Rekja má upphaf almennrar náttúruverndar til Bandaríkja Norður-Ameríku. Þar voru fyrst friðlýst landsvæði og stofnaðir þjóðgarðar. Fyrsta friðlýsingin átti sér stað árið 1832 þegar laugarnar í Hot Springs í Arkansas voru friðlýstar en fyrsti þjóðgarðurinn var Yellowstone á mörkum ríkjanna Wyoming, Idaho og Montana. Þýski grasafræðingurinn Hugo Wilhelm Conventz (f. 1855) er talinn hafa átt mestan þátt í því að koma á skipulagðri náttúruvernd. Að tilhlutan hans var komið á fót náttúruverndarstofnun í Þýskalandi árið 1906. Áhrifa Hugos gætti fljótlega á Norðurlöndum. Sérstök náttúruverndarlög voru sett í Svíþjóð árið 1909, í Noregi árið 1910 og í Danmörku árið 1917.

Hinn 15. september 1919 samþykkti Alþingi þingsályktun um Þingvöll þar sem m.a. var skorað á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um friðun Alþingisstaðarins forna við Öxará, að meðtöldu umhverfi hans er æskilegt þætti að friða. Á 35. löggjafarþingi 1923 fluttu tveir þingmenn frumvarp til laga um friðun Þingvalla sem fól í sér að Þingvellir skyldu árið 1930 verða friðlýstur helgistaður Íslendinga. Frumvarpið varð ekki að lögum en frumvarp sama efnis var hins vegar lagt fyrir 40. löggjafarþing 1928 og varð að lögum um friðun Þingvalla, nr. 59/1928. Hefur þeim tvívegis verið breytt, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1982 og 1. gr. laga nr. 150/1996.

Á 45. löggjafarþingi Alþingis 1932 var lagt fram frumvarp til laga um náttúrufriðun, friðun sögustaða o.fl., en það dagaði uppi. Frumvarpið var endurflutt á 46. löggjafarþingi 1933 en hlaut sömu örlög. Á 48. löggjafarþingi 1934 flutti allsherjarnefnd efri deildar að beiðni dómsmálaráðherra frumvarp til laga um friðun náttúruminja, en það náði ekki fram að ganga. Á 67. löggjafarþingi 1947–48 var borin fram tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga um veiði, friðun fugla og eggja o.fl. Hún kom hins vegar ekki til umræðu á því þingi og var endurflutt á 68. löggjafarþingi 1948–49. Var tillagan þá samþykkt 25. febrúar 1949 sem þingsályktun um undirbúning laga um náttúrufriðun og verndun sögustaða. Ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um verndun staða sem væru sérstaklega merkir af náttúru sinni eða sögu. Menntamálaráðuneytið fól með bréfi, dagsettu 29. september 1951, Ármanni Snævarr prófessor og dr. Sigurði Þórarinssyni að semja frumvarp til laga um náttúruvernd.

Á 74. löggjafarþingi Alþingis 1954–55 var í fyrsta sinn lagt fram frumvarp til heildstæðra náttúruverndarlaga. Skiptist frumvarpið í sjö meginkafla. Var í hinum fyrsta fjallað um umtak náttúruverndar þar sem voru ákvæði um friðlýsingu, um náttúruspjöll og náttúrulýti og um innflutning dýra. Í II. kafla var fjallað um aðgang almennings að náttúru landsins, þ.e. för manna um landið og dvöl þar, berjatínslu og fólkvanga. Í III. kafla voru ákvæði um stjórn náttúruverndarmála sem vera átti í höndum náttúruverndarnefnda sýslufélaga og eftir atvikum kaupstaða og Náttúruverndarráðs. Í IV. kafla var að finna reglur um úrlausn og meðferð náttúruverndarmála og almenn ákvæði voru í V. kafla. Fjallað var um refsingar og önnur viðurlög í VI. kafla og um gildistöku og brottfallin lög í VII. kafla. Frumvarpið varð ekki að lögum og var lagt fram lítið breytt á 75. löggjafarþingi 1955–56 og varð þá að lögum um náttúruvernd, nr. 48/1956. Voru það fyrstu heildstæðu lögin um náttúruvernd hér á landi og mörkuðu því veruleg tímamót. Var framkvæmd náttúruverndarmála fengin Náttúruverndarráði sem menntamálaráðherra skipaði til fjögurra ára í senn. Auk þess voru eins og áður segir skipaðar náttúruverndarnefndir sem hafa áttu frumkvæði að náttúruvernd hver í sínu héraði. Skyldi Náttúruverndarráð samræma störf nefndanna, hafa frumkvæði að stærri málum og marka stefnu í náttúruverndarmálum almennt. Ákvæðum laganna um skipan Náttúruverndarráðs var lítillega breytt með lögum nr. 77/1963, um breyting á lögum nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd.

Hinn 18. apríl 1968 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða. Ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, og lög nr. 48/1956, um náttúruvernd, og semja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til nýrra laga um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða. Skyldi endurskoðunin miða að því að auka náttúruvernd og auðvelda almenningi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar. Þá skyldi verk- og valdsvið Náttúruverndarráðs og Þingvallanefndar einnig skilgreint sem gleggst. Í kjölfar þingsályktunarinnar skipaði menntamálaráðherra með bréfi, dagsettu 28. júní 1968, nefnd til að vinna umrætt frumvarp.

Á 90. löggjafarþingi 1969–70 var lagt fram frumvarp til nýrra heildstæðra laga um náttúruvernd sem fyrrgreind nefnd hafði unnið. Frumvarpið náði ekki fram að ganga og var endurflutt á 91. löggjafarþingi 1970–71 með nokkrum breytingum. Varð frumvarpið að lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, og leystu þau af hólmi eldri lög um náttúruvernd, nr. 48/1956. Samkvæmt lögunum fór menntamálaráðuneytið með yfirstjórn náttúruverndarmála og áfram var gert ráð fyrir staðbundnum náttúruverndarnefndum. Í ljósi þeirrar reynslu sem þá var fengin af lögum nr. 48/1956 var dregið úr frumkvæðishlutverki náttúruverndarnefnda og það ýmist fengið sveitarstjórnum eða Náttúruverndarráði. Í lögunum var hins vegar að finna nýmæli um náttúruverndarþing sem koma skyldi saman þriðja hvert ár. Var það stærsta breyt-

ingin á stjórn náttúruverndarmála með gildistöku laganna, en með því var tryggður umræðu- og samstarfsvettvangur áhugamanna um náttúruvernd og sérfræðinga á því sviði. Hlutverk þingsins var að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna sem það teldi brýnast að leysa. Þá voru gerðar breytingar á skipan Náttúruverndarráðs. Skyldi það skipað sjö mönnum. Var formaður skipaður af ráðherra án tilnefningar en hinir sex kosnir á náttúruverndarþingi. Í lögunum var enn fremur að finna ákvæði um aðgang almennings að náttúru landsins og umgengni, en umferðarréttur almennings var þrengdur nokkuð frá eldri lögum nr. 48/1956 eins og vikið verður að síðar. Þá var enn fremur mælt fyrir um friðlýsingu náttúruminja og stofnun útivistarsvæða. Lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, var breytt með 62. gr. laga nr. 108/1988, um breytingu á lagaákvæðum og niðurfellingu laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, 1. gr. laga nr. 29/1989, um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, þar sem kveðið var á um störf landvarða í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum í umsjá Náttúruverndarráðs, og 1. og 2. gr. laga nr. 47/1990, um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingastofnun ríkisins, og ýmsum öðrum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála, en með þeim lögum var yfirstjórn málaflokksins færð til umhverfisráðuneytisins. Loks var lögunum breytt með 35. gr. laga nr. 116/1990, um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.

Menntamálaráðherra lagði fram á Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984–85 frumvarp til laga um náttúruvernd, sem samið var að tilstuðlan náttúruverndarþings og Náttúruverndarráðs. Það varð ekki útrætt á því þingi og var ekki endurflutt. Náttúruverndarráð fjallaði á næstu árum þar á eftir ítarlega um framtíðarskipan náttúruverndarmála og varð sammála um að breytingar væru óumflýjanlegar í ljósi þeirrar þróunar sem átt hafði sér stað frá því að náttúruverndarlögin voru samþykkt árið 1971.

Á tímabilinu 1988–90 var lítið rætt um endurskoðun náttúruverndarlaga vegna umræðu um stofnun umhverfisráðuneytis. Þó má nefna að á 112. löggjafarþingi 1989–90 var lagt fram frumvarp til breytinga á ákvæðum náttúruverndarlaga um auglýsingar við vegi. Frumvarpið náði ekki fram að ganga. Eftir stofnun umhverfisráðuneytisins árið 1990 var þráðurinn tekinn upp að nýju og snemma árs 1991 ákvað Náttúruverndarráð að endurskoða verksvið sitt í ljósi breyttra aðstæðna og semja tillögu um nýja náttúruverndarstefnu. Í framhaldi af því kynnti Náttúruverndarráð drög að stefnu í náttúruvernd á 8. náttúruverndarþingi í október 1993 ásamt ítarlegri greinargerð.

Á 117. löggjafarþingi 1993–94 var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum. Samkvæmt frumvarpinu var yfirstjórn náttúruverndarmála löguð að stofnun umhverfisráðuneytis og frumkvæði að ýmsum verkefnum fært frá Náttúruverndarráði til ráðuneytisins. Einnig voru nokkrar breytingar lagðar til á hinum eiginlegu náttúruverndarreglum. Í frumvarpinu var lagt til að sérstök stofnun, Landvarsla ríkisins, yrði sett á laggirnar og átti hún að taka við rekstrarhlutverki Náttúruverndarráðs. Helsta hlutverk stofnarinnar samkvæmt frumvarpinu var að sjá um þjóðgarða og önnur friðlýst svæði og náttúruminjar, almennt eftirlit með náttúru landsins, svo að hafa forgöngu um fræðslu. Náttúruverndarþing skyldi haldið annað hvert ár og átti það að kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Ráðið átti m.a. að vera stefnumarkandi í náttúruverndarmálum, stuðla að almennri náttúruvernd í landinu og vera stjórnvöldum til ráðgjafar um þau mál. Jafnframt skyldi Náttúruverndarráð hafa eftirlitshlutverki að gegna. Ekki voru lagðar til breytingar á hlutverki náttúruverndarnefnda. Frumvarp þetta varð ekki að lögum.

Á 118. löggjafarþingi 1994–95 var framangreint frumvarp lagt fram að nýju og að mestu byggt á fyrra frumvarpi. Þó voru gerðar veigamiklar breytingar á hlutverki Náttúruverndarráðs og m.a. byggt á þeirri forsendu að Náttúruverndarráð sinnti ekki stjórnsýslu á vegum ríkisins þótt það yrði áfram á fjárlögum. Frumvarp þetta hlaut sömu örlög og það sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi.

Á 119. löggjafarþingi 1995 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd og snerust þær tillögur um landslagsvernd. Frumvarpið var einnig lagt fram á 120. löggjafarþingi 1995–96, 121. löggjafarþingi 1996–97 og 122. löggjafarþingi 1997–98 en náði ekki fram að ganga.

Í upphafi þessa kjörtímabils ákvað umhverfisráðherra að skipta endurskoðun náttúruverndarlaga í tvennt, þ.e. að endurskoða annars vegar eingöngu stjórnskipulag náttúruverndarmála og hins vegar í síðari áfanga lögin í heild sinni og þar með efnisatriði þeirra. Á 120. löggjafarþingi 1995–96 lagði ráðherra fram frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga sem fól í sér verulegar breytingar á stjórn náttúruverndarmála. Var frumvarpið samið af starfshópi sem umhverfisráðherra hafði falið að endurskoða stjórnskipan náttúruverndarmála. Í honum áttu sæti Guðjón Ólafur Jónsson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, formaður, Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, og alþingismennirnir Árni M. Mathiesen og Valgerður Sverrisdóttir. Við vinnu sína studdist hópurinn m.a. við fyrri frumvörp um sama efni, sem lögð voru fram á 117. og 118. löggjafarþingi, og athugasemdir sem við þau voru gerð. Allt frá stofnun umhverfisráðuneytis, sbr. lög nr. 3/1990, um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, var ljóst að nauðsynlegt væri að breyta stjórnunarþætti laga um náttúrvernd, nr. 47/1971, og laga yfirstjórn og frumkvæði mála sem tilheyra málaflokknum að hlutverki umhverfisráðuneytis. Frumvarpið fól í sér verulegar breytingar á stjórn náttúruverndarmála, en fáar efnisbreytingar á þágildandi lögum um náttúruvernd. Þar sem um mjög viðamiklar breytingar var að ræða, sem snertu flestar greinar laganna, þótti horfa til skilningsauka og einföldunar að leggja fram heildstætt frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga.

Frumvarpið varð að lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996. Með samþykkt þess var stjórn náttúruverndarmála löguð að stofnun umhverfisráðuneytisins eins og áður sagði. Kveðið var skýrt á um yfirstjórn umhverfisráðherra og stofnun Náttúruverndar ríkisins, sem er undir yfirstjórn hans. Verkefni Náttúruverndarráðs voru færð til ráðherra og Náttúruverndar ríkisins, en ráðið er til ráðgjafar. Samkvæmt lögunum skipar ráðherra Náttúruvernd ríkisins fimm manna stjórn, svo og forstjóra hennar til fimm ára í senn. Þá skipar ráðherra sex af níu mönnum í Náttúruverndarráð. Hann boðar enn fremur til náttúruverndarþings í stað Náttúruverndarráðs eins og var samkvæmt skipulagi eldri laga. Í samræmi við eðlilega stjórnsýslu var heimild til setningar reglugerða færð frá Náttúruverndarráði til ráðherra, svo og heimild til friðlýsingar. Umhverfisráðherra gefur út náttúruminjaskrá fjórða hvert ár og fullnaðarákvörðun um stofnun fólksvangs er og á hendi ráðherra. Með lögunum var sett á fót ný ríkisstofnun, Náttúruvernd ríkisins, sem tók að öðru leyti við daglegum rekstri og verkefnum Náttúruverndarráðs. Náttúruvernd ríkisins byggist þó á gömlum grunni þar sem í raun er um að ræða skrifstofu Náttúruverndarráðs samkvæmt eldri lögum. Samkvæmt gildandi lögum fer Náttúruvernd ríkisins með eftirlit með að náttúru landsins verði ekki spillt, rekstur og eftirlit með friðlýstum svæðum, sér um undirbúning friðlýsingar, gerir verndaráætlanir fyrir náttúruverndarsvæði og skráir náttúruminjar. Þá sér stofnunin enn fremur um að gerðar séu skipulagsáætlanir fyrir náttúruverndarsvæði og annast fræðslu um náttúruvernd, rekstur gestastofa á náttúruverndarsvæðum og álitsgerð vegna meiri háttar framkvæmda eða rekstrar. Náttúruvernd ríkisins vinnur einnig að gróðurvernd og hefur eftirlit með ástandi gróðurs

og náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Með lögunum breyttist einnig hlutverk Náttúruverndarráðs. Ráðið er skipað níu mönnum, sex skipuðum af ráðherra í upphafi hvers náttúruverndarþings, þar af fimm samkvæmt tilnefningu fag- og hagsmunaaðila og þremur kosnum á náttúruverndarþingi. Ráðið er því bæði skipað sérfræðingum og áhugamönnum um náttúruvernd. Náttúruverndarráð annast ekki stjórnsýslu á vegum ríkisins eða ber ábyrgð á ríkisrekstri. Meginhlutverk ráðsins er að stuðla að almennri náttúruvernd með ráðgjöf og stefnumótun. Ráðið skal vera ráðherra til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Því er falið að gangast fyrir ráðstefnum og opinni umræðu um náttúruverndarmál og getur gert tillögur til ráðherra um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir. Náttúruverndarráð skal fjalla um náttúruminjaskrá áður en hún er gefin út. Þá fer ráðið enn fremur með vörslur og úthlutanir úr Friðlýsingarsjóði eins og verið hafði. Lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996, hefur verið breytt lítillega með 62. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, 149. og 150. gr. laga nr. 83/1997, um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og 226. gr. laga nr. 82/1998, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar).

IV.
Önnur löggjöf.

Gildandi lög um náttúruvernd, nr. 93/1996, eru, að öðru leyti en varða stjórnsýslu náttúruverndarmála, að mestu samhljóða ákvæðum eldri laga með sama heiti, nr. 47/1971, sem aftur byggðust að verulegu leyti á ákvæðum laga um náttúruvernd, nr. 48/1956. Því má segja að efnisákvæði náttúruverndarlaga séu að grunni til frá árinu 1956. Á liðnum áratugum og einkum á síðustu árum, ekki síst eftir tilkomu umhverfisráðuneytisins, hefur orðið gríðarleg viðhorfsbreyting til umhverfismála hér á landi. Almenningur, stofnanir, fyrirtæki og stjórnmálamenn hafa í auknum mæli gert sér grein fyrir verðmæti íslenskrar náttúru og mikilvægi hreins og heilnæms umhverfis. Hafa og verið sett margvísleg lög á liðnum árum og áratugum um samskipti manns og náttúru. Ákvæði gildandi náttúruverndarlaga eru því að mörgu leyti úrelt þótt sum ákvæði þeirra hafi staðist tímans tönn. Þá eru lögin oft í litlu samhengi við önnur lög á sviði umhverfismála sem sett hafa verið á undanförnum árum. Meðal laga sem sett hafa verið og snerta beint eða óbeint náttúruvernd og samskipti manns og náttúru má nefna lög um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972, lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974, lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, nr. 43/1975, lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, nr. 51/1981, lög um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985, lög um geislavarnir, nr. 117/1985, lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, jarðræktarlög, nr. 56/1987, lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, lög um búfjárrækt, nr. 84/1989, lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, lög um innflutning dýra, nr. 54/1990, lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, lög um Héraðsskóga, nr. 32/1991, lög um búfjárhald, nr. 46/1991, lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992, lög um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, nr. 21/1993, lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, lög um dýravernd, nr. 15/1994, vegalög, nr. 45/1994, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, lög um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995, lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, lög um matvæli, nr. 93/1995, lög um erfðabreyttar lífverur, nr.

18/1996, lög um spilliefnagjald, nr. 56/1996, lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, lög um sjóvarnir, nr. 28/1997, lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, lög um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997, lög um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997, lög um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, og lög um ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Nauðsynlegt er að lög um náttúruvernd endurspegli tíðarandann hverju sinni og séu í samhengi við önnur lög. Á það hefur nokkuð skort undanfarin ár. Í frumvarpinu er því horft til annarra laga, þar á meðal hluta þeirra sem að framan eru talin, og reynt að samræma skipan og stjórn náttúruverndarmála öðrum lögum á umhverfissviði. Ekki verður hjá því litið að frumkvæði og ábyrgð stjórnvalda í héraði á framkvæmd umhverfismála hefur verið aukið mjög á síðastliðnum árum og er það vel. Má í því sambandi nefna lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Skv. 9. gr. síðarnefndu laganna er landið allt skipulagsskylt og skiptast skipulagsáætlanir í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Er þar að finna áætlanir sveitarfélaga um landnotkun. Í frumvarpinu er eins og síðar verður vikið að reynt að samræma ákvæði náttúruverndarlaga við ákvæði um gerð skipulagsáætlana og framkvæmda- og byggingarleyfi sveitarstjórna. Segja má að skipulagsáætlanir séu rauði þráðurinn í frumvarpinu, enda byggist öll landnotkun á þeim. Er það og í samræmi við stefnu stjórnvalda um að auka ábyrgð heimamanna á framkvæmd náttúruverndarmála. Sveitarstjórnum er með ákvæðum frumvarpsins falin aukin ábyrgð og náttúruverndarnefndum þeirra aukið hlutverk. Þá er á því byggt að náttúruverndaryfirvöld komi að málum þegar á skipulagsstigi þannig að auka megi skilning og þekkingu á náttúruvernd sem aftur mun skila sér við ákvarðanatöku um landnotkun.

V.
Alþjóðasamningar.

Við gerð frumvarpsins hefur auk breytinga á hérlendri löggjöf verið höfð hliðsjón af lögum um sambærileg efni í nágrannalöndum okkar og alþjóðasamningum sem máli skipta og Íslendingar eru aðilar að. Þeir alþjóðlegu samningar sem hér koma til skoðunar eru aðallega samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar-samþykkt), samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsamningur), og samningur um líffræðilega fjölbreytni. Auk þess má nefna alþjóðasamþykkt um fuglaverndun.

Hinn 18. október 1950 og var gerð í París alþjóðasamþykkt um fuglaverndun og gerðust Íslendingar aðilar að henni 28. janúar 1956, sbr. auglýsingu nr. 14/1956. Skv. 11. gr. samþykktarinnar skuldbinda aðilar hennar sig til þess að hvetja til þess og stuðla að því með öllum viðeigandi ráðum að bæði á sjó og landi verði friðlýst ákveðin svæði af hentugri stærð og á hentugum stöðum þar sem fuglar geti orpið og komið upp ungum sínum óáreittir og þar sem farfuglar geti einnig hvílst og aflað ætis í friði.

Hinn 2. febrúar 1971 var á ráðstefnu um vernd votlendis og votlendisfugla sem haldin var í Ramsar í Íran gerð samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, svokölluð Ramsar-samþykkt. Ísland gerðist aðili að samþykktinni árið 1977, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1978. Tvisvar hafa verið gerðar breytingar á samþykktinni, annars vegar í París 3. desember 1982, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1986,

og hins vegar í Regina 28. maí 1987, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1993. Markmið umræddrar samþykktar er að vernda votlendissvæði heimsins, einkum sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Í samþykktinni er votlendi skilgreint sem hvers konar mýrlendi, vötn, fjörur og sjór að sex metra dýpi. Ber hverju aðildarríki að tilnefna a.m.k. eitt votlendissvæði á skrá samþykktarinnar yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Skal velja votlendi í skrána eftir alþjóðlegu mikilvægi þeirra á sviði vistfræði, grasafræði, dýrafræði, vatnalíffræði eða vatnafræði. Skráning votlendis raskar á engan hátt óskoruðum fullveldisrétti samningsaðila yfir svæði því þar sem votlendið er. Aðilar samþykktarinnar skulu undirbúa og framkvæma skipulag þannig að stuðlað sé að vernd votlendis sem er á skránni, svo og skynsamlegri nýtingu innan lögsögu þeirra svo sem unnt er. Þá skal sérhver aðili stuðla að verndun votlendis og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendi, hvort heldur þau eru á skránni eða ekki, og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi. Af Íslands hálfu hafa þrjú svæði verið tilnefnd, Þjórsárver, Mývatns-Laxársvæðið og Grunnafjörður.

Hinn 7. maí 1993 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu sem gerður var í Bern 19. september 1979. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd 17. júní 1993 og öðlaðist hann gildi 1. október það ár að því er Ísland varðar, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1993. Markmið samningsins er að vernda villtar plöntur og dýr og lífsvæði þeirra og er sérstök áhersla lögð á tegundir sem hætt eru komnar eða eru viðkvæmar. Skulu samningsaðilar „gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda eða koma fjölda villtra plantna og dýra á það stig sem samsvarar einkum vistfræðilegum, vísindalegum og menningarlegum þörfum, en tekið sé mið af efnahagslegum þörfum, þörfum fyrir útivist og þörfum deilitegunda, afbrigða eða gerða sem hætt eru komnar á einstökum stöðum“. Meðal skyldna samningsaðila er að gera viðeigandi og nauðsynlegar lagalegar og stjórnarfarslegar ráðstafanir til að tryggja verndun lífsvæða villtra plöntu- og dýrategunda, einkum þeirra sem tilgreindar eru í viðaukum I og II við samninginn, og til að vernda lífsvæði sem eru í hættu. Við áætlanagerð og stefnumótun skal taka tillit til verndunarþarfa lífsvæða í þeim tilgangi að forðast eða draga eins og mögulegt er úr hrörnun slíkra svæða. Jafnframt skulu samningsaðilar grípa til samsvarandi ráðstafana til að tryggja friðun villtra plöntutegunda, sem tilgreindar eru í viðauka I við samninginn, og villtra dýrategunda, sem tilgreindar eru í viðauka II. Í viðauka I er tilgreind 501 tegund plantna sem friðuð er samkvæmt samningnum, þ.e. 475 tegundir háplantna og 26 tegundir mosa, og skulu samningsaðilar friða þessar tegundir og tryggja að vaxtarstaðir þeirra njóti sérstakrar verndar. Aðeins þrjár þessara tegunda vaxa á Íslandi með vissu. Í viðauka II eru tilgreindar dýrategundir, annars vegar hryggdýra, þ.e. spendýra, fugla, skriðdýra, froskdýra og fiska, og hins vegar hryggleysingja, þ.e. liðdýra og lindýra, sem samningsaðilar skuldbinda sig til að friða nema fyrirvarar séu gerðir um annað. Tegundir verndaðra dýra eru á sama hátt tilgreindar í viðauka III við samninginn. Er veiði þeirra heimiluð en henni skal stjórnað þannig að tegundunum sé ekki stofnað í hættu. Af Íslands hálfu eru gerðir fyrirvarar um eina plöntutegund og nokkrar dýrategundir, sbr. fylgiskjal 2 með auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1993.

Hinn 6. maí 1994 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni með þingsályktun að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Rio de Janeiro 5. júní 1992 og undirritaður var fyrir Íslands hönd 12. júní það ár. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 11. desember 1994, sbr. C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1995. Markmið samningsins er þríþætt, þ.e. að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda og að stuðla að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda, sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær. Er kveðið á um rétt ríkja

til að nýta eigin auðlindir svo fremi sem starfsemi innan lögsagnarumdæma og eftirlitssvæða þeirra skaðar ekki umhverfi annarra ríkja. Að því er varðar hafsvæði skal framkvæmd samningsins vera í samræmi við réttindi og skyldur ríkja samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982, sem Ísland hefur fullgilt og tók gildi 16. nóvember 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1985 og 40/1993. Í samningnum um líffræðilega fjölbreytni er kveðið á um að sérhver samningsaðili skuli þróa áætlanir, löggjöf, aðferðir og önnur stjórntæki sem ná til allra sviða samfélagsins til að stuðla að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni í samræmi við markmið og ákvæði samningsins. Enn fremur er m.a. að finna skuldbindingar um fræðslu, rannsóknir og vöktun líffræðilegrar fjölbreytni, svo og um neyðaráætlanir til að koma í veg fyrir alvarleg áföll fyrir líffræðilega fjölbreytni. Þá eru í samningnum sértækari ákvæði um aðgang ríkja að erfðafræðilegum auðlindum innan lögsögu annarra ríkja, um aðgang að og miðlun tækni, sérstaklega líftækni, sem varðar sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni eða nýtingu erfðafræðilegra auðlinda og loks um upplýsingaskyldu um möguleg skaðleg áhrif lífvera sem fluttar eru til annarra samningsaðila. Samningnum fylgja tveir viðaukar. Í viðauka I er að finna nánari skilgreiningar varðandi vöktun og vernd líffræðilegrar fjölbreytni og í viðauka II er fjallað um gerðardóm. Skuldbindingar samningsins eru að hluta til uppfylltar í gildandi náttúruverndarlögum, sbr. og ákvæði frumvarpsins, en að öðru leyti í ýmsum öðrum lögum. Má í því sambandi nefna lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, lög um upplýsingarmiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, nr. 21/1993, lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996.

VI.
Gildissvið.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um gildissvið laganna. Lagt er til að lögin gildi á íslensku landi, og þar sem þess er getið í íslenskri landhelgi og efnahagslögsögu. Landhelgi Íslands og efnahagslögsaga eru skilgreind í lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Ákvæðum frumvarpsins er hins vegar í engu ætlað að hagga ákvæðum annarra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum til lands eða sjávar.

Samkvæmt 2. tölul. 12. gr. auglýsingar um staðfestingu Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, fer sjávarútvegsráðuneytið með mál er varða friðun og nýtingu fiskimiða. Um nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi gilda lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, og lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, en til hennar telst skv. 2. gr. þeirra hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögunnar eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41/1979. Til nytjastofna teljast samkvæmt lögunum sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Nytjastofnar samkvæmt lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, eru skilgreindir með sama hætti, þ.e. sem sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð. Skv. 1. gr. laga um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948, hefur sjávarútvegsráðuneytið heimild til að ákvarða með reglugerð takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti. Þá skal ráðuneytið enn fremur ákvarða allar þær reglur sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á framangreindum svæðum. Að auki skulu hér nefnd af þeim lögum sem gilda um fiskveiðar hér við land lög um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13/1992, og lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

Um friðun og veiði villtra dýra gilda enn fremur tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, nr. 30/1925, lög um útrýmingu sels í Húnaósi, nr. 29/1937, lög um hvalveiðar, nr. 26/1949, lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Eins og áður segir munu ákvæði frumvarpsins í engu hagga ákvæðum annarra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum, hvort heldur er til lands eða sjávar.

Samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, stundar Náttúrufræðistofnun Íslands undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru þess. Meðal aðalverkefna stofnunarinnar, sbr. 4. gr. laganna, er að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands, skrá kerfisbundið einstaka þætti hennar, leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Skv. 17. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 72/1984, eru markmið Hafrannsóknastofnunarinnar m.a. að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess, að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika sjávar umhverfis landið og um lögun, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnsins. Þá á stofnunin að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.

Um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga gilda lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, auk náttúruverndarlaga, skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, og annarra laga er varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1998. Um nýtingu auðlinda sjávarbotns utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær gilda ákvæði laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, og þarf leyfi iðnaðarráðherra til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni utan netlaga. Samkvæmt lögunum tekur hugtakið auðlind til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera.

Í frumvarpinu er eins og áður sagði lagt til að lögin gildi þar sem þess er getið í landhelgi og efnahagslögsögu. Hér skipta einkum máli ákvæði VI. kafla um efnistöku og ákvæði VII. kafla um friðlýsingar, en skv. 54. gr. er gert ráð fyrir að fyrir þurfi að liggja samþykki sjávarútvegsráðherra áður en umhverfisráðherra getur ákveðið friðlýsingu náttúruminja í hafi. Um nýtingu fjörugróðurs í fjörum er mælt fyrir í 25. gr. frumvarpsins en um nýtingu neðan fjöruborðs fer eftir reglum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og heyrir sú nýting undir sjávarútvegsráðuneytið. Er þannig gætt samræmis við gildandi lög á sviði fiskveiða, sbr. það sem áður er rakið.

VII.
Almannaréttur.

Áhugi almennings á útivist og umferð um landið hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum og áratugum. Einn hluti náttúruverndar er svokölluð félagsleg náttúruvernd en með því er átt við að almenningur eigi þess kost að njóta náttúrunnar. Í II. kafla frumvarpsins er að finna almennar leiðbeiningarreglur um rétt manna til umferðar og dvalar þar. Eru reglur um almannarétt rýmkaðar mjög frá því sem áður var.

Í frumvarpi því sem lagt var fyrir 74. og 75. löggjafarþing og varð að lögum nr. 48/1956, um náttúruvernd, voru eftirfarandi ákvæði um umferðarrétt. Almenningi var frjáls för um landsvæði utan landareigna lögbýla. Umferð um óræktuð lönd manna var frjáls og dvöl þar

í því skyni að njóta náttúrunnar, enda hefði slíkt ekki í för með sér mikið óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landi. Umferð og dvöl á ræktuðu landi var háð leyfi forráðamanns lands. Við afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi var því skilyrði bætt við varðandi umferð um ræktuð lönd að aðeins var heimilt að fara gegnum hlið á girðingu væri landið girt. Í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins sagði m.a.:

„Það er vitanlega frumforsenda fyrir því, að menn geti notið náttúru landsins, að þeir eigi færi á að komast út í náttúruna og dveljast þar. Ef sú réttarregla er talin gilda, að landeigendur geti meinað almenningi för jafnvel um ræktuð lönd með því einu að girða landið, er ljóst, að sú hætta vofir yfir, að fólki, sem býr og á ekki land utan þéttbýlis, verði bægt frá náttúrusvæðum landsins, þegar frá eru skilin þau svæði, sem eru ofar allri byggð. Vera mætti t.d., að þvergirt væri fyrir lönd öll, sem lægju hið næsta þjóðvegi, svo að ógerlegt yrði að komast upp á fagurt fjall eða á annan fagran stað í grennd við vegi og jafnvel væri mönnum fyrirmunað að fara nokkuð að ráði út af veginum. Kveður orðið mikið að slíkum girðingum. Í framkvæmd mun það yfirleitt vera svo, að bændur og aðrir forráðamenn lands veiti leyfi til umferðar um girt lönd og ræktuð, þótt því miður séu dæmi til um meinbægni einstakra bænda í því sambandi. En á það er að líta, að vegfarendum er oft mikill trafali að því að leita til landeigenda út af umferðarleyfi, og raunar er einatt örðugt fyrir vegfarendur að ganga úr skugga um það, hver ráði fyrir tilteknu landsvæði, er þeir hyggjast leggja leið sína um. Þótt gangandi fólki sé sett sú lagaskylda að leita samþykkis landeiganda til umferðar, mun það og yfirleitt verða vafasamt, hvort sú skylda verði almennt virt. Þegar landeigendur hafa girt lönd sín, ber það jafnaðarlega vott um, að þeir ætli að hafa einhverjar nytjar af landi, en umferð gangandi fólks mun almennt ekki spilla fyrir þeirri nytjun lands, sem áformuð er, allt fram til þess, er tekið er að rækta landið. Hér vegast þó á tvenns konar hagsmunir, hagsmunir landeigenda og hagsmunir þeir, sem tengdir eru við náttúrunautn almennings. Liggur sú skoðun til grundvallar frv., að hagsmunir landeigenda séu hér minni að mun, meðan landsvæði er enn ekki tekið til ræktunar. Hins vegar verður að gera miklar kröfur til gangandi fólks um siðlega umgengnishætti, og reynir frv. að skapa mönnum aðhald í því efni, svo sem fyrr greinir.“

Þessi orð eiga enn vel við rúmum 40 árum síðar og lýsir vel þeim vandamálum sem menn standa frammi fyrir og þeirri meginreglu um umferðarrétt manna sem lögð er til í frumvarpinu.

Með 11. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, sem leystu eldri lög af hólmi, var réttur manna til umferðar þrengdur mjög. Var gangandi fólki því aðeins heimil för um eignarlönd manna að þau væru óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hefði ekki í för með sér ónæði fyrir búpening eða óhagræði fyrir rétthafa að landinu. Samkvæmt lögunum þurfti leyfi landeiganda til að ferðast um ræktað land, svo og girt land, hvort sem það var ræktað eða ekki. Hefur þessi regla verið í gildi síðan, sbr. nú 14. gr. laga nr. 93/1996.

Í frumvarpinu er réttur almennings til umferðar um eignarlönd án sérstaks leyfis landeiganda rýmkaður á nýjan leik og ekki lengur bundinn við ógirt ræktuð lönd. Óhjákvæmilegt er í því sambandi að kveða á um skyldu manna til að virða hagsmuni forráðamanna lands og fylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum. Þrátt fyrir að sérstakt leyfi landeiganda þurfi eingöngu vegna umferðar um garða, tún og akra, eins og ræktað land er skilgreint í frumvarpinu, eru þær aðstæður oft fyrir hendi þar sem hagsmunir landeiganda kunna að vega þyngra en hagsmunir almennings af frjálsri för um landið. Er þá eðlilegt að menn hlíti fyrirmælum landeiganda eða rétthafa lands. Þetta á t.d. við um búskap, svo sem þegar um sauðburðarhólf er að ræða, og í einstaka undantekningartilvikum um skógræktar- og landgræðslusvæði. Rétt er að vekja athygli á að skv. 4. mgr. 11. gr. laga um landgræðslu, nr. 17/1965, getur land-

græðslustjóri bannað alla umferð um landgræðslusvæði þar sem honum þykir ástæða til. Þá er í þessu sambandi mikilvægt að menn hafi gát á hundum sínum og sleppi þeim ekki lausum þar sem þeir geta valdið búfé usla. Loks má nefna að för manna, t.d. um hagagirðingar þar sem graðpeningur gengur laus, getur verið hættuleg og því eðlilegt að fara að leiðbeiningum og fyrirmælum umráðamanns lands.

Rétt er og að vekja athygli á að í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þá meginreglu að menn skuli fara eftir skipulögðum stígum og vegum, hlífa girðingum og fara um hlið göngustiga eða prílur þegar þess er kostur. Eins og fyrr er getið er landið allt skipulagsskylt, sbr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Samkvæmt grein 4.16.2 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998, skal í svæðisskipulagi gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum samgöngumannvirkjum í svæðisskipulagi. Á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags skal gera grein fyrir þjóðvegum og almennum vegum, gömlum þjóðbrautum og göngu-, hjólreiða- eða reiðstígum, sem þegar eru til staðar eða fyrirhuguðum. Við deiliskipulag svæða í þéttbýli skal sömuleiðis gera grein fyrir fyrirkomulagi þess háttar stíga þegar við á.

Í II. kafla frumvarpsins er að auki að finna sérstök ákvæði um umferð hjólandi og ríðandi manna, umferð utan vega og um vötn og um rétt þeirra til að tjalda og til tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, fjörugróðurs og annarra jurta. Frekari grein er gerð fyrir ákvæðum þessum síðar í greinargerðinni.

VIII.
Landnotkun og náttúruvernd.

Í V. kafla frumvarpsins er að finna ýmis ákvæði um landslagsvernd og fleira henni tengdu. Miklar breytingar hafa orðið á ýmsum lögum tengdum landnotkun og skipulagsmálum á síðustu árum. Ákvæði gildandi laga um náttúruvernd, sem að grunni til eru frá 1971 og sum hver frá 1956, eru því sum hver löngu úrelt og taka á engan hátt mið af þeim lagabreytingum sem orðið hafa á liðnum árum. Nægir þar að nefna ný skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum, sem leystu af hólmi eldri skipulagslög, nr. 19/1964, og byggingarlög, nr. 54/1978, svo og lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Eins og áður segir er nauðsynlegt að yfirvöld náttúruverndarmála komi að ákvörðunum um landnotkun þegar á skipulagsstigi í stað þess að vera sífellt að reyna að bjarga málum þegar í óefni er komið. Er því í frumvarpinu kveðið skýrar á um stöðu náttúruverndaryfirvalda að þessu leyti og reynt að samræma ákvæði náttúruverndarlaga við ákvæði laga um gerð skipulagsáætlana og mat á umhverfisáhrifum.

Í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, er kveðið á fyrirkomulag skipulags- og byggingarmála og eru ákvæði þeirra nánar útfærð í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998, og í byggingarreglugerð, nr. 441/1998. Markmið laganna er m.a. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landsgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Landið allt er skipulagsskylt, sbr. 9. gr. laganna, og skal bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan, svo og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Í þeim er gerð grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Í skipulagsáætlun er lýst forsendum þeirra ákvarðana, en hún er sett fram í greinargerð og á uppdrætti. Þar eru sett markmið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, samgöngur o.fl. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Svæðisskipulag tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk þess er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjón-

ustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst tólf ára tímabili. Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarfélagsins um þróun þess á minnst tólf ára tímabili, en deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.

Samkvæmt 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, er óheimilt að grafa grunn, reisa eða rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur mannvirki, sem heyra undir IV. kafla laganna, nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar og skulu framkvæmdir vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Í 2. mgr. 36. gr. laganna er nánar kveðið á um hvaða byggingar eru undanþegnar byggingarleyfi. Skv. 27. gr. laganna skulu meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi og efnistöku, vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem við á. Sérstakt framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar þarf til að hefja þær framkvæmdir, sem ekki eru háðar byggingarleyfi hennar. Í frumvarpinu er leitast við að samræma ákvæði laga um náttúruvernd við ákvæði skipulags- og byggingarlaga og eftir atvikum annarra laga.

IX.
Landslagsvernd.

Í frumvarpinu er lagt til að í fyrsta sinn verði stigið það skref í lögum að vernda tilteknar landslagsgerðir sem eru sérstaks eðlis og æskilegt má telja út frá náttúruverndarsjónarmiðum að njóti sérstakrar verndar. Er í frumvarpinu að finna almenna reglu sem ætlað er að hvetja til sérstakrar varkárni í umgengni mannsins við tilteknar landslagsgerðir. Ekki er verið að mæla fyrir um friðun þeirra heldur einungis sérstaka lögbundna verndun. Ákvarðanir um notkun viðkomandi landslagsgerða eru teknar með skipulagsáætlunum og eftir atvikum úrskurði um mat á umhverfisáhrifum en um aðkomu náttúruverndaryfirvalda að þeim er fyrr rætt. Umræddar landslagsgerðir eru eldvörp, gervigígar og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m^2 að stærð eða stærri, mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur og loks sjávarfitjar og leirur.

Í 1. tölul. 1. mgr. 37. gr. er eldvörpum, gervigígum og eldhraunum veitt sérstök vernd. Útbreiddar landslagsgerðir á Íslandi sem teljast sérstakar á heimsmælikvarða eru fyrst og fremst gosmyndanir frá nútíma og síðasta hlýskeiði ísaldar. Af þeim sökum er talin ástæða til að umgangast slík landsvæði með sérstakri varúð. Gosmyndanir hér á landi verða til í eldstöðvakerfum á gosbeltum landsins. Við eldgos undir jökli hafa gosefnin hlaðist upp yfir gosrásinni. Þegar landið varð íslaust fyrir 10–15 þúsund árum komu gosmyndanirnar í ljós sem móbergshryggir og -stapar. Slík fjöll einkenna landslagið á gosbeltunum. Utan Íslands er slíkar jarðmyndanir helst að finna í háfjöllum í Norður-Ameríku. Eftir að jökullinn hvarf af landinu hafa gígar hlaðist upp við uppstreymisop hraunkviku og frá þeim hafa runnið apalhraun og helluhraun sem geta tekið á sig ýmsar myndir ásamt alls kyns fyrirbærum sem þeim fylgja, svo sem hrauntröðum, hraunhellum, hraundrílum og gervigígum. Myndanir þessar eru útbreiddar á gosbeltum landsins. Flest hraunin eru basalthraun en slíkar hraunbreiður finnast aðeins á fáeinum stöðum í heiminum. Íslensku hraunin hafa algera sérstöðu hvað varðar gróðurfar. Hæg gróðurframvinda gerir það að verkum að yfirborðseinkenni þeirra eru sýnileg um þúsundir ára meðan slíkar hraunbreiður á suðlægum slóðum geta horfið á kaf í gróður á fáum áratugum.

Í Ramsar-samþykktinni sem áður er getið eru votlendi skilgreint sem mýrlendi, ár, vötn, tjarnir, fjörur og grunnsævi allt niður á 6 metra dýpi. Í 2. og 3. tölul. 1. mgr. 37. gr. er stöðu-

vötnum, tjörnum sem eru a.m.k. 1.000 m^2 að stærð og mýrum og flóum, sem eru a.m.k. 3 hektarar að stærð, veitt sérstök vernd. Stærðarmörk eru miðuð við að ekki séu settar of miklar skorður við framkvæmdum en um leið til að tryggja að fyllstu varúðar sé gætt þegar ætlunin er að skerða votlendi. Kunnara er en frá þurfi að segja hversu mikilvægu hlutverki þessar landslagsgerðir gegna í lífríkinu, einkum fyrir fuglalíf. Vernd votlendis er löngu tímabær og er ákvæði 37. gr. ætlað að stuðla að henni. Framræsla votlendis hérlendis hefur verið langt úr hófi fram á undanförnum áratugum. Þannig er t.d. talið að rúmlega 90% votlendis á Suðurlandi hafi verið ræst fram. Af hálfu stjórnvalda er nú unnið að endurheimt votlendis og hafa þær aðgerðir gefið góða raun. Um langt árabil hafa verið greidd framlög úr ríkissjóði til framræslu skv. II. kafla jarðræktarlaga, nr. 56/1987, þar sem voru ákvæði um ríkisframlag til jarðabóta, sbr. einkum 10. gr. Í 2. mgr. 8. gr. þeirra laga var kveðið á um að sérstaklega skyldi hafa hliðsjón af lögum um náttúruvernd þar sem framræsla votlendis gæti leitt til þess að land breytti varanlega um svip eða að merkum náttúruminjum yrði raskað. Lög nr. 56/1987 voru numin úr gildi með 20. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Um jarðabætur, þ.m.t. ræktun og aðrar landbætur, er fjallað í III. kafla þeirra laga, sbr. og nánar skilgreiningu 1. tölul. 1. gr. laganna. Af öðrum ákvæðum í lögum um framræslu má nefna að skv. 36. gr. vegalaga, nr. 45/1994, er óheimilt að grafa framræsluskurði nær vegi en 15 metra frá miðlínu svokallaðs tengivegar og 30 metrum frá miðlínu stofnvegar nema leyfi Vegagerðarinnar komi til. Þá þarf enn fremur leyfi Vegagerðarinnar til að leggja uppgröft úr skurðum að vegi. Skv. 53. gr. laganna er enn fremur án leyfis Vegagerðarinnar óheimilt að gera skurði eða önnur mannvirki sem aukið geta vatnsrennsli í vegskurðum. Skv. 1. tölul. 9. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, er landeiganda heimilt að ræsa fram jarðvatn, regnvatn og leysinga, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minni háttar vötn, sem eigi hafa stöðugt afrennsli ofan jarðar. Skv. a-lið 10. gr. er landeiganda óheimilt að spilla hverum, laugum og ölkeldum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé nauðsynlegt talið samkvæmt matsgerð til varnar því landi eða landsnytjum. Skv. 24. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, er óheimilt að spilla jarðhitasvæðum eða grunnvatni með framræslu.

Fossar í ám og lækjum hafa þá sérstöðu frá sjónarhóli náttúruverndar að verndargildi þeirra er einkum fagurfræðilegt. Gildi þeirra sem landslagsprýði er óumdeilt. Margvíslegar heitar uppsprettur hafa um aldir verið taldar meðal helstu náttúruundra Íslands. Við nýtingu jarðvarma á lághitasvæðum á síðustu áratugum hefur þurft að færa allmiklar fórnir sem nú sér að mestu fyrir endann á. Nauðsynlegt er að hverum og laugum á lághitasvæðum verði ekki splillt frekar en orðið er og að sérstök aðgát verði höfð komi til frekari nýtingar. Hyggja þarf sérstaklega að varðveislu heitra uppsprettna á háhitasvæðum þar sem orkuvinnsla fer fram og leggja áherslu á að tryggja að þessi náttúrufyrirbæri fái að njóta sín eftir því sem kostur er.

Sjávarfitjar og leirur hafa ómælda þýðingu fyrir fuglalíf. Sjávarfitjar finnast við efri mörk fjöru þar sem sjór flæðir yfir land og skapar sérstakt gróðurlendi sem einkennist af saltkærum eða a.m.k. saltþolnum tegundum. Slíkt gróðurlendi er samfelldast við Faxaflóa norðan Borgarfjarðar allt vestur á Snæfellsnes en einnig eru allvíðlend fitjasvæði í Austur-Skaftafellssýslu. Leirur finnast gjarnan í skýldum hallalitlum fjörum þar sem er fínn sandur og sendin leðja. Þær eru mikilvæg fæðusvæði fyrir fugla eins og tjald, stelk, rauðbristing, lóu, sandlóu og lóuþræl. Slíkar leirur er t.d. að finna í Laxárvogi í Kjós, í Önundarfirði, Akureyrarpolli, Skarðsfirði og Dyrhólaósi.

X.
Ósnortin víðerni.

Hinn 12. maí 1997 samþykkti Alþingi þingsályktun um varðveislu ósnortinna víðerna. Var umhverfisráðherra falið að marka stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna og stofna starfshóp, skipaðan fulltrúum Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins og Landmælinga Íslands, undir forustu fulltrúa umhverfisráðuneytisins, sem falið yrði það hlutverk að skilgreina hugtakið ósnortið víðerni. Umhverfisráðherra skipaði umræddan starfshóp 3. september 1997. Hann skipuðu Kristín Halldórsdóttir alþingiskona, sem var formaður, dr. Jón Gunnar Ottósson, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, dr. Kristján Geirsson, tilnefndur af Náttúruvernd ríkisins, Kristján Guðjónsson, tilnefndur af Landmælingum Íslands, og Þóroddur Fr. Þóroddsson, tilnefndur af Skipulagi ríkisins. Ritari hópsins var Sigmundar Einarsson, deildarsérfræðingur í umhverfisráðuneytinu. Starfshópurinn lauk störfum 25. febrúar 1998. Niðurstaða hans var eftirfarandi:

„Ósnortið víðerni er landsvæði

- *þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa,*
- *sem er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum (sbr. vegalög),*
- *sem er a.m.k. 25 km^2 að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu.“*

Í greinargerð starfshópsins segir að meginmarkmið með skilgreiningu og afmörkun ósnortinna víðerna sé að varðveita svæði þar sem náttúran ræður ríkjum og maðurinn kemur eingöngu sem gestur. Nauðsynlegt sé að draga úr ummerkjum um mannvist eins og kostur er á þeim svæðum sem ætlunin sé að vernda sem ósnortin víðerni, en óhjákvæmilegt sé að viðurkenna nokkra nýtingu og umferð um þau. Rétt þykir að taka skilgreiningu hópsins í náttúruverndarlög. Í 3. gr. frumvarpsins eru ósnortin víðerni skilgreind og er í þeim efnum byggt á niðurstöðum nefndarinnar. Þá er í 66. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að náttúruverndaráætlun sem umhverfisráðherra leggur fyrir Alþingi, sbr. 65. gr, taki m.a. til ósnortinna víðerna.

XI.
Framandi lífverur.

Í frumvarpinu er að finna nýmæli um lífverur sem eru framandi í íslenskri náttúru. Er þar átt við dýra- og plöntutegundir sem ekki hafa unnið sér sess í flóru eða fánu landsins, svo og sveppi og örverur. Eins og dæmin sanna geta innfluttar lífverur valdið verulegum spjöllum í íslenskri náttúru. Nægir þar að nefna afleiðingar innflutnings á minki fyrr á öldinni.

Í ýmsum alþjóðasamningum sem Ísland hefur gerst aðili að er kveðið á um aðgerðir samningsaðila í tengslum við innflutning framandi lífvera. Í 8. gr. samnings um líffræðilega fjölbreytni er kveðið á vernd upprunalegs umhverfis. Skal hver samningsaðili m.a., eftir því sem unnt er og við á, koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum eða að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær. Skv. b-lið 2. tölul. 11. gr. samnings um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu samþykkir sérhver samningsaðili að hafa strangt eftirlit með innflutningi útlendra tegunda. Í 1. tölul. 196. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna segir að ríki skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins vegna notkunar tækni undir lögsögu eða stjórn þeirra ellegar innflutningi ólíkra eða nýrra tegunda,

af ásettu ráði eða fyrir tilviljun, til ákveðins hluta hafrýmisins sem kann að valda þar verulegum og skaðlegum breytingum.

Víða er í lögum að finna ákvæði um innflutning lifandi lífvera. Þau byggjast þó flest á heilbrigðissjónarmiðum og er ætlað að koma í veg fyrir sjúkdóma í mönnum og/eða dýrum. Í 1. gr. laga um erfðabreyttar lífverur er þó tekið fram að markmið laganna sé að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Þau lög sem einkum koma til skoðunar og rétt þykir að fjalla frekar um eru lög um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs, nr. 78/1935, lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, lög um ónæmisaðgerðir, nr. 38/1978, lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, nr. 51/1981, lög um innflutning dýra, nr. 54/1990, lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, og lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998.

Samkvæmt 12. gr. laga um ónæmisaðgerðir, nr. 38/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1984, er innflutningur og notkun á lifandi smitefnum, þ.e. bakteríum, veirum, sveppum, sníkjudýrum og „lifandi“ ónæmisefnum, sem valdið geta sjúkdómum eða sýkingu í mönnum, dýrum og fiskum, óheimil. Heilbrigðisráðherra er þó heimilt að veita leyfi til innflutnings og notkunar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, þegar um er að ræða efni sem geta valdið sjúkdómum eða sýkingu í dýrum eða fiskum, og að fenginni umsögn landlæknis eða yfirdýralæknis eftir því sem við á hverju sinni.

Um erfðabreyttar lífverur gilda lög með því heiti nr. 18/1996. Erfðabreyttar lífverur merkja samkvæmt þeim, sbr. 4. gr., allar lífverur þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við pörun og/eða náttúrulega endurröðun. Lífvera er líffræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðaefnis. Markmið laganna er eins og áður segir að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera, sbr. 1. gr. Taka lögin til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur, svo og til innflutnings, markaðssetningar, flutnings, sölu og annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera, og vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti. Lögin gilda ekki um lífverur sem verða til með hefðbundnum kynbótum eða náttúrulegu erfðabreytingaferli, sbr. 2. mgr. 2. gr. Í lögunum er að finna ítarleg ákvæði um stjórnsýslu, afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, sleppingu eða dreifingu þeirra, svo og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær. Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum, sbr. 1. mgr. 5. gr., en Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd laganna, veitir leyfi og stjórnar eftirliti með starfsemi samkvæmt lögunum. Stjórnvöldum til ráðgjafar er sérstök níu manna ráðgjafarnefnd, sbr. 6. gr. laganna.

Í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, er tekið fram að um innflutning dýra gildi lög nr. 54/1990. Umhverfisráðherra skal þó skv. 4. mgr. 7. gr. laganna setja reglugerð um sölu, innflutning og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg. Skv. 1. mgr. 2. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, er óheimilt að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra, en með dýrum er í lögunum átt við öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr og hryggleysingja, og lagardýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni, sbr. 1. gr. Landbúnaðarráðherra getur þó, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, leyft innflutning dýra og erfðaefnis, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögunum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sbr. 2. mgr. 2. gr. Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaefni þess er

veitt skal ráðherra leita álits búfjárræktarnefndar í viðkomandi búgrein og skal hún meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi. Skal nefndin gera tillögur um hvaða kyn og tegund skuli flytja inn, með hvaða hætti og frá hvaða landi, sbr. 4. gr. laganna. Þá skal landbúnaðarráðherra enn fremur afla umsagnar Náttúruverndarráðs (nú Náttúruverndar ríkisins, sbr. og 5. tölul. 79. gr. frumvarpsins), sbr. 5. gr. laga nr. 54/1990. Öll innflutt dýr og erfðaefni skal einangra á sóttvarnastöð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis viðkomandi stöðvar, sbr. 9. gr. Skv. 1. mgr. 10. gr. má aldrei flytja innflutt dýr eða dýr, sem hafa vaxið af innfluttu erfðaefni, út af sóttvarnastöð. Þegar tryggt þykir að við innflutning hafi ekki borist neinir erfðagallar eða smitsjúkdómar hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, frá síðasta innflutningi eða erfðaefnis getur yfirdýralæknir heimilað að dýr eða erfðaefni, annað en getið er í 1. mgr., séu flutt úr sóttvarnastöð. Landbúnaðarráðherra er heimilt í 13. gr. þrátt fyrir ákvæði 9. gr. að leyfa innflutning loðdýra, sem haldin eru í búrum, frjóvgaðra alifuglaeggja frá viðurkenndum kynbótabúum og fiska og erfðaefnis þeirra á einangrunarstöð undir eftirliti umsjónardýralæknis. Slíkt leyfi skal þó aðeins veita ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis. Aðeins skal leyft að flytja dýr úr einangrunarstöð á bú sem fullnægja þeim ákvæðum sem yfirdýralæknir setur til að hindra smithættu frá þeim og fá viðurkenningu búfjárræktarnefndar í greininni. Dýr má ekki flytja úr einangrunarstöð fyrr en þau hafa dvalið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómi. Þá er ráðherra enn fremur heimilt, ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis, að víkja frá ákvæðum 10. gr. laganna og veita leyfi til þess að heimilisdýr, sem ekki eru af ætt hóf- og klaufdýra, séu flutt úr sóttvarnastöð. Slíkur flutningur skal ekki fara fram fyrr en dýrin hafa verið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að dýrin séu ekki haldin neinum smitsjúkdómum. Heimilt er skv. 16. gr. laganna að geyma djúpfryst sæði eða fósturvísa utan sóttvarnastöðvar að fengnu leyfi og eftir fyrirsögn yfirdýralæknis.

Samkvæmt ákvæðum 3. málsl. 2. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, skulu dýralæknar m.a. með starfi sínu leitast við að girða fyrir þær hættur sem stafað geta af innflutningi lifandi dýra og búfjárafurða, efna, áhalda eða hluta sem borið geta með sér smitefni. Skv. c-lið 2. mgr. 5. gr. hefur yfirdýralæknir m.a. með höndum yfirumsjón með innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða. Dýralæknaráð, sem skipað er fjórum dýralæknum, skal ávallt fjalla um innflutning búfjár og erfðaefnis sé hans óskað, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna. Einnig skal ráðið fjalla um innflutning annarra dýra og búfjárafurða og aðra þætti er snerta heilbrigðismál dýra og dýraafurða þegar þess er óskað af ráðherra eða yfirdýralækni, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, taka til allra sjúkdóma í dýrum, jafnt húsdýrum, gæludýrum og villtum dýrum, sbr. 2. gr. laganna, en með dýrum er átt við öll dýr, bæði hryggdýr og hryggleysingja, sbr. 4. gr. Tilgangur laganna er m.a. að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu, koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins og að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra. Í lögunum er að finna ýmis ákvæði um ráðstafanir til að útrýma og hindra útbreiðslu tiltekinna dýrasjúkdóma.

Samkvæmt 2. gr. laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, teljast sjávarafurðir sjávarafli og fiskafurðir, svo og fóðurvörur unnar úr fiski og fiskúrgangi. Sjávarafli telst samkvæmt lögunum öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr. Fiskafurðir teljast matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla. Ákvæði laganna taka til meðferðar, vinnslu og dreifingar sjávarafurða og jafnframt til eftirlits með vinnslu, dreifingu og pökkun hafbeitar-, vatna- og eldisfisks, sbr. 3. gr. Um innflutn-

ing sjávarafurða er fjallað í IV. kafla laganna. Í 1. mgr. 22. gr. er m.a. mælt fyrir um að allur innflutningur lifandi fisks frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skuli fara um landamærastöðvar eða hafnir sem heimild hafa fyrir innflutningi, sbr. V. kafla laganna. Getur sjávarútvegsráðuneytið veitt undanþágu frá 1. mgr. ef sérstakar ástæður réttlæta eða ef fram kemur rökstudd beiðni þar að lútandi frá yfirvöldum í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í X. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, er að finna ákvæði um innflutning á lifandi fiski og hrognum. Skv. 75. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, er bannað að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk er lifir í ósöltu vatni. Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að leyfa innflutning lifandi hrogna slíkra fiska, enda mæli fisksjúkdómanefnd með því og telji eigi hættu á að sjúkdómar flytjist til landsins með slíkum hrognum og þeim fylgi heilbrigðisvottorð frá viðkomandi yfirvöldum. Skv. 76. gr. má ekki flytja til landsins lifandi skrautfiska né hrogn þeirra. Ráðherra er þó heimilt að leyfa tilteknum aðilum slíkan innflutning, enda samþykki fisksjúkdómanefnd það hverju sinni og fyrir hendi sé heilbrigðisvottorð sem hún metur gilt. Sé fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi skal flutningurinn háður fyrirmælum yfirdýralæknis, sbr. 2. tölul. 77. gr. Fisksjúkdómanefnd er heimilt að banna, ef ástæða þykir til, innflutning á dauðum vatnafiski, ferskum eða frystum, sbr. 78. gr. laganna.

Samkvæmt ákvæðum laga um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs, nr. 78/1935, hefur ríkisstjórnin ein heimild til þess að flytja til landsins hvers konar trjáplötnur og tekur sú heimild einnig til plantna af öllum tegundum runna, nema rósum. Enn fremur skal ríkisstjórnin taka að sér eftirlit með innflutningi á trjáfræi. Ríkisstjórnin felur Skógrækt ríkisins að sjá um innkaup og innflutning erlendra trjáplantna, eftir því sem þörf krefur, svo og eftirlit með innflutningi á trjáfræi, sbr. 2. gr. laganna. Skógræktarstjóri skal leggja áherslu á að til landsins flytjist harðgerðar plöntur sem líklegar séu til þess að þola íslenskt veðurfar, sbr. 4. gr. Skal hann einnig gæta þess að heilbrigði plantnanna sé ekki ábótavant, svo framarlega sem þess er kostur. Getur skógræktarstjóri krafist þeirra heilbrigðisvottorða sem hann álítur nauðsynleg með hverri tegund trjáfræs.

Um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum gilda lög með því heiti, nr. 51/1981. Er tilgangur þeirra, sbr. 1. mgr. 1. gr., að tryggja sem best góða og heilbrigða ræktun plantna hér á landi, en planta merkir í lögunum heilar jurtir og viðarplöntur, svo og hluta þeirra, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. Skv. 2. gr. laganna hefur landbúnaðarráðherra heimild til að gera varnarráðstafanir og gefa úr reglugerðir sem annars vegar eiga að stuðla að því að koma í veg fyrir að hættulegir skaðvaldar berist til landsins og dreifist innan lands og útrýma skaðvöldum sem þegar hafa borist til landsins teljist það framkvæmanlegt, og hins vegar að hindra að skaðvaldar sem aðrar þjóðir vilja verjast berist frá Íslandi. Skaðvaldur merkir þær lífverur og lífræna þætti er valda meinum á plöntum, veirur, berfryminga, bakteríur, sveppi og meindýr, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna. Skv. 3. gr. getur landbúnaðarráðherra m.a. fyrirskipað eftirlit með innflutningi, útflutningi og dreifingu innan lands á öllum tegundum plantna, mold, húsdýraáburði, umbúðum og öðru, sem getur borið sjúkdóma og meindýr í plöntur. Þá getur hann bannað ræktun tiltekinna plötntutegunda á ákveðnum svæðum eða takmarkað ræktun við plöntur gæddar ákveðnum eiginleikum. Ráðherra getur og fyrirskipað landeigendum og ræktendum að gera varnarráðstafanir gegn plöntusjúkdómum og meindýrum á eigin kostnað. Sömuleiðis getur hann fyrirskipað sóttkví undir eftirliti sem skilyrði fyrir innflutningi. Þá getur ráðherra enn fremur fyrirskipað eyðingu eða sérstaka meðhöndlun á plöntum eða á hlutum sem geta borið og dreift skaðvaldi.

Við innflutning, ræktun og dreifingu lífvera verður ekki síður að hafa í huga náttúruverndarsjónarmið eins og heilbrigðissjónarmið. Ber því eðlilega að fara að öllu með gát og gæta vandlega að hvaða áhrif ákvarðanir að þessu leyti kunna að hafa á íslenska náttúru. Er umhverfisráðherra því í 1. mgr. 41. gr. veitt heimild til að setja í reglugerð almenn ákvæði um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi. Um nánari framkvæmd fer síðan eftir sérlögum hverju sinni.

XII.
Efnistaka.

Í VI. kafla frumvarpsins er að finna ný og hert ákvæði um efnistöku. Ástand þessara mála hefur lengi verið óviðunandi hér á landi og lítið eftirlit með því hvar námjarðefna hefur farið fram eða hvernig. Hinn 17. nóvember 1994 óskaði umhverfisráðuneytið eftir því við þáverandi Náttúruverndarráð að það gerði grein fyrir ástandi efnistökumála. Í skýrslu ráðsins sem kom út í nóvember 1995 og kynnt var á ráðstefnu umhverfisráðuneytisins um námur á Íslandi 17. nóvember það ár kemur fram að yfir 2.300 námur voru í landinu. Í skýrslunni segir m.a.:

„Flestar námurnar eru í einkaeign. Lítill hluti þeirra er í eigu sveitarfélaga eða ríkisins. Hins vegar nýta opinberir aðilar u.þ.b. 90% allra náma á landinu og því er aðeins lítill hluti þeirra nýttur af landeigendum sjálfum.

Ástandið virðist vera óviðunandi í öllum landshlutum. Námur eru of margar og umgengni í þeim er víða ábótavant. Sums staðar verður að telja að hætta stafi af vegna slæms viðskilnaðar. Í sumar námur hefur verið safnað sorpi og brotamálmum.

Ástæðurnar fyrir þessu ástandi í efnistökumálum eru margvíslegar. Þær helstu eru vanþróað vegakerfi, sem einnig er stórt miðað við fólksfjölda, óskýr lög og skipulagsleysi við efnistöku. Vegna þessa er brýnt að efnistaka á Íslandi verði skipulögð og eftirlit með henni eflt. Setja þarf skýrari reglur um efnistöku, færa ætti eftirlit með henni til sveitarfélaga og gera þarf ítarlegar náttúrufarskannanir í öllum landshlutum. Við núverandi ástand verður ekki unað.“

Ákvæðum VI. kafla er ætlað að koma í stað gildandi ákvæða um nám jarðefna í náttúruverndarlögum, nr. 93/1996, og lög um bann gegn jarðraski, nr. 123/1940, með síðari breytingum. Um töku og nýtingu jarðefna er víða fjallað í öðrum lögum. Samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, telst íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Taka lögin til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Skv. 3. gr. laganna er óheimilt að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra og skal leyfið bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma allt að 30 árum, sbr. 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gildir sú almenna regla að nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi iðnaðarráðherra hvort heldur er í eignarlöndum eða þjóðlendum. Frá þessari almennu reglu eru nokkrar undantekningar í lögunum. Þannig er skv. 8. gr. laganna heimilt án leyfis iðnaðarráðherra að hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand. Til nýtingar á auðlindum í þjóðlendum þarf auk leyfis samkvæmt lögunum leyfi samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. 3. gr. þeirra laga og 2. mgr. 31. gr. laga nr. 57/1998.

Eins og fyrr segir er landið allt skipulagsskylt, sbr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og er í skipulagsáætlunum mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar. Í skipu-

lagsreglugerð, nr. 400/1998, er kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana. Um efnistökusvæði er sérstaklega fjallað í grein 4.9 í reglugerðinni. Eru efnistökusvæði skilgreind sem þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám og vikurnám. Skal í svæðisskipulagi gera grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er efnistaka utan þéttbýlisstaða, staðsetningu þeirra, stærð og öðru sem þurfa þykir. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir sömu atriðum og skulu efnistökusvæði utan þéttbýlisstaða sýnd á sveitarfélagsuppdrætti en efnistökusvæði innan þéttbýlis á þéttbýlisuppdráttum aðalskipulags. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir þeirri efnistöku sem fram hefur farið og/eða er fyrirhuguð á svæðinu og öðru sem þurfa þykir, svo sem landslagi, efnismagni og vinnslutíma, landmótun og frágangi svæðis að lokinni vinnslu og fyrirhuguðum eða mögulegum síðari notum svæðisins.

Samkvæmt 4. tölul. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, eru efnistökustaðir á landi sem eru 50.000 m^2 eða stærri að flatarmáli eða þar sem fyrirhuguð efnistaka er meiri en 150.000 m^3 háðir umhverfismati.

Af öðrum lögum má nefna vegalög, nr. 45/1994, en skv. 45. gr. þeirra er landeigandi skyldur til að leyfa að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni enda komi fullar bætur fyrir. Þá má nefna 9. gr. landgræðslulaga, nr. 17/1965, þar sem kveðið er á um að heimilt sé í nágrenni landgræðslusvæða að taka efni til afnota við landgræðsluna, svo sem vatn, jarðefni, þara og fræ. Ekki má þó taka efni þannig að landspjöll verði að nema brýna nauðsyn beri til. Landeigandi á rétt til bóta samkvæmt mati ef samningar takast ekki. Loks skal bent á ákvæði 7. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, um breytingu vatna, sem hefur þýðingu í þessu sambandi, sbr. og 17. og 36. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Áætlað hefur verið að heildarnotkun jarðefna hér á landi sé 4–6 milljónir rúmmetra á ári, mest til vega- og gatnagerðar og byggingar mannvirkja. Svokölluð malarefni eru meginhluti þeirra jarðefna sem notuð eru en með þeim er t.d. átt við sand og möl, gjall og vikur, bólstraberg, skriðuefni, jökulleir og stórgrýti. Efnin eru t.d. notuð í steinsteypu og hvers konar fyllingar við gerð mannvirkja. Auk malarefna má nefna kísilgúr, mó og surtarbrand. Unnt er að flokka hagnýt jarðefni hér á landi á ýmsa vegu, t.d. eftir notkunarsviðum og efnisgæðum, en frá sjónarhóli náttúruverndar er líklega mikilvægast og jafnframt auðveldast að flokka jarðefni eftir jarðfræðilegum uppruna þó hafa verði í huga hagræna þætti eins og eftirspurn, efnisgæði og fjarlægð frá markaði. Flokka má malarefni í tvo meginflokka, annars vegar efni sem unnin eru úr lausum jarðlögum og hins vegar efni sem unnin eru úr föstum berggrunni. Sandur og möl eru algengustu jarðefni sem unnin eru úr lausum jarðlögum en auk þess má nefna jökulleir, skriðuefni, vikur og gjall. Efni sem unnin eru úr berggrunni eru bólstraberg, hraunkargi, stórgrýti úr hraunlögum, hart berg, líparít og stuðlaberg.

Efnistaka úr sjó getur haft áhrif á sjávarstrauma, mótun lands og lífríki sjávar. Að gildandi lögum eru efnistökustaðir í sjó ekki háðir umhverfismati, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Litlar upplýsingar eru til um efnistöku í sjó, en hún nemur líklega 400.000–900.000 rúmmetrum á ári.

Ljóst er að nýting jarðefna er óhjákvæmileg forsenda byggðar í landinu með þeim hætti sem nú tíðkast. Hitt er enn fremur ljóst að skipulag og eftirlit með efnisvinnslu hefur verið í miklum ólestri á undanförnum árum og áratugum. Vert er þó að geta framtaks Vegagerðarinnar sem hefur í vaxandi mæli á undanförnum árum leitað samstarfs við náttúruverndaryfirvöld um efnistöku. Mörgum merkum náttúrufyrirbrigðum hefur þó verið spillt og verða þær gjörðir ekki aftur teknar. Efnisnámur skilja eftir sig ljót sár í umhverfinu. Stefna ber að því að fækka þeim sárum með færri námum og vönduðum frágangi. Er það og markmið VI. kafla

frumvarpsins. Ekki er verið að koma í veg fyrir efnistöku heldur fyrst og fremst að tryggja virkt eftirlit af hálfu náttúruverndaryfirvalda og vönduð vinnubrögð þannig að efnistaka verði eins og kostur er í sátt við umhverfið. Er því mælt fyrir um að öll efnistaka sé háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu, gerð verði áætlun um efnistöku og gengið snyrtilega frá efnistökusvæði. Æskilegt verður að telja út frá náttúruverndarsjónarmiðum að reynt verði að draga úr fjölda náma og skipuleggja betur efnisvinnslu. Með því að binda leyfi til efnistöku því skilyrði að fyrir liggi umsögn náttúruverndarnefndar og Náttúruverndar ríkisins verður enn fremur betur tryggt að efnistaka fari ekki fram á stöðum sem hafa augljóst náttúruverndargildi. Umsjón náttúruverndaryfirvalda með efnistöku er því eðlileg og sjálfsögð og í samræmi við þær reglur sem gilt hafa. Er og gert ráð fyrir slíku í öðrum lögum, sbr. t.d. 3. mgr. 1. gr. og 21. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Verði ákvæði frumvarpsins að lögum gilda í meginatriðum eftirfarandi reglur um heimild manna til nýtingar jarðefna:

1. Til efnistöku á hafsbotni utan netlaga þarf leyfi iðnaðarráðherra, sbr. 3. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990.
2. Til efnistöku á eignarlandi þarf framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Áður en leyfi er veitt þarf að liggja fyrir umsögn náttúruverndarnefndar og Náttúruverndar ríkisins. Eftir atvikum þarf að liggja fyrir samkomulag um endurgjald við landeiganda eða eignarnám, sbr. 7. og 29. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Eiganda eða umráðamanni lands er þó heimil minni háttar efnistaka til eigin nota, sbr. 3. mgr. 47. gr. frumvarpsins.
3. Til efnistöku í þjóðlendum þarf leyfi iðnaðarráðherra, sbr. 6. gr. og VIII. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, leyfi forsætisráðherra, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. og 2. mgr. 31. gr. laga nr. 57/1998, og framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Áður en leyfi er veitt þarf að liggja fyrir umsögn náttúruverndarnefndar og Náttúruverndar ríkisins.

Eftir atvikum gilda svo önnur ákvæði skipulags- og byggingarlaga og reglna settra samkvæmt þeim, svo og ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og annarra laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um markmið laganna. Greinin er efnislega að mestu sambærileg við 1. gr. gildandi laga, sbr. áður 1. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971. Orðalagi 1. og 3. mgr. hefur þó verið breytt. Tilgangur laganna er að stuðla samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft, sbr. 1. mgr. Í 2. mgr. segir að lögin eigi eftir föngum að tryggja þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Með því er í meginatriðum átt við að koma skuli í veg fyrir eða draga úr röskun af völdum aðgerða eða athafna mannsins eftir því sem hægt er. Breytingar á náttúrunni án aðkomu mannsins eru eðlilegar. Hins vegar verður ekki hjá því litið að búseta mannsins hefur haft og mun áfram hafa breytingar á náttúrunni í för með sér. Má sem dæmi nefna útrýmingu geirfuglsins, fjölgun máva og ekki síður skógleysi og jarðvegsrof. Því er víða þörf á aðgerðum sem miða að því að draga úr röskun, endurheimta það sem glatast hefur og byggja upp og styrkja vistkerfi, lífverustofna og náttúruauðlindir. Við slíkar aðgerðir verður þó að huga vel að aðstæðum í íslenskri náttúru, einkum því sem þar er sérstætt, og taka mið af bestu vísindalegri þekkingu. Í 3. mgr.

hefur verið tekið tillit til aukinnar umræðu um menningarminjar og nauðsynjar þess að þjóðin kynnist þeim og meti. Segir því í 3. mgr. að lögin eigi að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum. Þá er þeim enn fremur ætlað að stuðla að nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Um 2. gr.

Eins og fyrr er rakið segir í 2. gr. að lögin gildi á íslensku landi og þar sem þess er getið í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Þá er skýrt kveðið á um að lögin breyti í engu ákvæðum annarra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum til lands og sjávar. Að öðru leyti vísast til almennra athugsemda með frumvarpinu.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna nokkrar skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu. Skilgreining á eignarlandi, afrétti og þjóðlendu er samhljóða skilgreiningu í 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Þá eru í greininni skilgreind hugtökin fólkvangur, náttúruminjar og náttúruverndarsvæði. Er við skilgreiningu þessara hugtaka að mestu miðað við gildandi reglur en eðlilegt verður að teljast og til skýringarauka að setja skilgreingu þeirra í lagatexta.

Ræktað land er í frumvarpinu skilgreint sem garðar og tún og akrar, þ.e. land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt. Hér er um þrönga skilgreingingu að ræða, en sem dæmi um annað ræktað land má nefna gróðursetta skóga, landgræðslusvæði og sumarbústaðasvæði. Hins vegar er stefnt að því með frumvarpinu að auka mjög almannarétt eins og rakið er í almennum athugasemdum og nánar er kveðið á um í III. kafla frumvarpsins, en þar kemur umrætt hugtak fyrir. Þykir því rétt að hafa skilgreiningu hugtaksins með þessum hætti, enda er og sú meginregla í 13. gr. frumvarpsins að menn sýni á ferð sinni um eignarlönd landeiganda og öðrum rétthöfum lands fulla tillitssemi, virði hagsmuni þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, og fylgi eftir atvikum leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum. Til samanburðar má geta að í 2. mgr. 9. gr. jarðræktarlaga, nr. 56/1987, var ræktað land skilgreint sem tún, matjurtagarðar, akrar og engi og/eða beitilönd sem verulegar landbætur hafa orðið á við framræslu og/eða áburð og liggja utan skipulags byggingarlóða sveitarfélaga. Rétt er að benda á að nú er landið allt skipulagsskylt, sbr. 1. mgr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Við skilgreiningu ósnortinna víðerna er eins og áður sagði byggt á niðurstöðum nefndar umhverfisráðherra sem falið var það verkefni að skilgreina ósnortin víðerni.

Um II. kafla

Í kaflanum eru ákvæði um stjórn náttúruverndarmála. Kaflinn er alls sjö greinar og fjalla þær um yfirstjórn umhverfisráðherra, Náttúruvernd ríkisins og hlutverk hennar, framkvæmd eftirlits með náttúru landsins, Náttúruverndarráð og hlutverk þess og loks náttúruverndarnefndir.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn umhverfismála en jafnframt að hann skuli við stefnumótun, framkvæmdir og fræðslu hafa samráð við þar tilgreinda aðila. Er greinin samhljóða 3. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ráðherra er

auk annarra gert að hafa samráð við Skipulagsstofnun, Hafrannsóknastofnunina, Orkustofnun, Ferðamálaráð, fræðsluyfirvöld og samtök áhugamanna um útivist.

Um 5. gr.

Í greininni eru ákvæði um Náttúruvernd ríkisins sem starfar undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Lögð er til sú breyting á gildandi lögum að ekki er gert ráð fyrir að hafa sérstaka stjórn yfir stofnuninni. Rétt þótti á sínum tíma að gera ráð fyrir henni meðan stofnunin var að hefja starfsemi. Ekki þykir lengur sérstök þörf á slíkri tilhögun. Er það og í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um einfaldari stjórnsýslu og aukið vald forstjóra ríkisstofnana. Samkvæmt frumvarpinu er forstjóra ætlað að fara með stjórn stofnunarinnar, bera ábyrgð á rekstri hennar og ráða starfsmenn.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Náttúruverndar ríkisins. Er hún að mestu samhljóða 5. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að bætt hefur verið við þremur nýjum stafliðum, um mat á verndargildi íslenskrar náttúru og náttúruminja, um undirbúning og öflun gagna fyrir náttúruverndaráætlun og útgáfu náttúruminjaskrár og um leyfisveitingar stofnunarinnar. Þá hefur verið felldur brott liður um umsjón með gerð skipulagsáætlana. Er það til samræmis við ákvæði nýrra skipulags- og byggingarlaga.

Um 7. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um framkvæmd eftirlits með náttúru landsins. Í 1. mgr. er kveðið á um almennt eftirlit og er hún samhljóða 9. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. er að finna ákvæði um sérstakt eftirlit með framkvæmdum. Telji Náttúruvernd ríkisins slíkt eftirlit nauðsynlegt skal gera um það samkomulag við framkvæmdaraðila. Í því skal taka mið af innra eftirliti hans, svo og eftirliti annarra opinberra aðila. Skv. 3. mgr. setur ráðherra gjaldskrá um kostnað við eftirlit með framkvæmdum. Þar á m.a. að kveða á um umfang opinbers eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda sem taka mið af innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem eftirlitið beinist að.

Um 8. gr.

Í greinini er kveðið á um skipan Náttúruverndarráðs. Gert er ráð fyrir að ráðsmenn verði jafnmargir og í gildandi lögum. Sú breyting er lögð til að ekki er gert ráð fyrir tilnefningu fulltrúa Skipulagsstofnunar í ráðið, en þess í stað mun fulltrúum sem kosnir eru á náttúruverndarþingi fjölga um einn. Framlag skv. 3. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, mun renna til ráðsins eins og verið hefur. Annað kostnað af störfum þess skal greiða úr ríkissjóði.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Náttúruverndarráðs og er hún efnislega að mestu samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um náttúruverndarþing sem umhverfisráðherra boðar til. Er greinin að mestu samhljóða 13. gr. gildandi laga. Lagt er til að á þinginu eigi m.a. sæti Náttúruverndarráð, fulltrúar náttúrustofa, náttúruverndarnefnda, hagsmunaaðila, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra aðila sem vinna að náttúruvernd. Þá er lagt til að forstjórar

Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands eigi sæti á þinginu með fullum réttindum en ekki eingöngu með málfrelsi og tillögurétt eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Auk þess munu forstjórar Hafrannsóknastofnunarinnar og Orkustofnunar eiga sæti á þinginu. Sviðsstjórar Náttúruverndar ríkisins, þ.m.t. þjóðgarðsverðir, svo og forstöðumenn setra Náttúrufræðistofnunar Íslands, munu hins vegar eiga rétt til setu með málfrelsi og tillögurétt. Náttúruverndarráð semur frekari reglur fyrir hvert náttúruverndarþing um seturétt, kjörgengi og kosningarrétt. Gert er ráð fyrir að ráðið leggi skýrslu um störf sín fyrir þingið.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um náttúruverndarnefndir sem starfa skulu á vegum sveitarfélaga. Er greinin að mestu samhljóða 10. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. hefur þó verið bætt við málslið um að nefndirnar skuli vera sveitarstjórnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Þá hefur verið bætt við nýrri málsgrein um að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk nefndanna. Áfram er gert ráð fyrir að nefndirnar verði þriggja til sjö manna eftir því hvað sveitarstjórnir telja heppilegast í hverju tilviki. Í 3. mgr. hefur verið bætt við málslið þess efnis að náttúruverndarnefndir skuli leita aðstoðar og ráðgjafar Náttúruverndar ríkisins þegar ástæða er til. Er það mat í höndum viðkomandi nefndar.

Vert er að vekja athygli á að skv. 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, er sveitarstjórn heimilt að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þótt kveðið sé á um í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til þess að fara með tiltekin verkefni. Þá er sveitarstjórn í sveitarfélögum þar sem erfiðlega horfir með að manna nefndir heimilt skv. 2. mgr. 41. gr. að fara sjálf með verkefni lögskipaðrar nefndar nema verkefni nefndarinnar séu ósamrýmanleg störfum sveitarstjórnar að mati félagsmálaráðuneytisins.

Eins og áður segir er ábyrgð sveitarstjórna á framkvæmd náttúruverndarmála aukin mjög samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Er víða í því kveðið á um hlutverk og verkefni náttúruverndarnefndar. Heimilt er að fela náttúruverndarnefndum almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 1. mgr. 7. gr., fulltrúar náttúruverndarnefnda eiga sæti á náttúruverndarþingi, sbr. 2. mgr. 10. gr., fela má náttúruverndarnefndum eða sveitarfélögum umsjón með náttúruverndarsvæðum öðrum en þjóðgörðum, sbr. 30. gr., og umsjón og rekstur gestastofa, sbr. 2. mgr. 31. gr., leita skal umsagnar náttúruverndarnefnda við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og breytingar á þeim, svo og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 33. gr., og leita skal umsagnar náttúruverndarnefndar áður en framkvæmdaleyfi er veitt til röskunar landslagsgerða sem njóta sérstakrar verndar, sbr. 2. mgr. 37. gr. Þá skal Náttúruvernd ríkisins hafa samráð við náttúruverndarnefndir við undirbúning og öflun gagna fyrir náttúruverndaráætlun sem umhverfisráðherra leggur fyrir Alþingi, sbr. 2. mgr. 65. gr., og fyrir útgáfu náttúruminjaskrár, sbr. 2. mgr. 67. gr. Loks getur náttúruverndarnefnd gengist fyrir ýmsum aðgerðum til stuðnings við útivist, sbr. 70. gr. Að endingu er vert að benda á að skv. 1. mgr. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, eiga náttúruverndarnefndir á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði rétt á að tilnefna einn fulltrúa án atkvæðisréttar í heilbrigðisnefnd.

Um III. kafla.

Í III. kafla eru ítarleg ákvæði um almannarétt, umgengni og útivist. Eins og áður er rakið í almennum athugasemdum með frumvarpinu er stefnt að því að auka mjög rétt manna til umferðar um landið og dvalar þar. Í kaflanum er að finna almennar reglur um réttindi og skyldur almennings, umferð gangandi manna, hjólandi og ríðandi. Þá eru ákvæði um akstur utan vega og um heimild manna til að slá upp tjöldum og takmarkanir þar á. Einnig eru sérstök ákvæði

um skipulagðar hópferðir og um girðingar og loks um tínslu berja, sveppa, jurta og fjörugróðurs.

Um 12. gr.

Í greininni er að finna tvær meginreglur, annars vegar um heimild manna til að ferðast um landið og dvelja þar og hins vegar um góða umgengni þeirra við náttúru þess. Í 1. mgr. 14. gr. gildandi laga er almenningi heimiluð för um landsvæði utan landareigna lögbýla. Í samræmi við þá stefnu frumvarpsins að auka rétt almennings til að ferðast um landið er hér lögð til sú meginregla að mönnum sé heimil för um landið, hvort heldur er innan eða utan landareigna lögbýla, svo og dvöl í lögmætum tilgangi. Í næstu greinum er síðan kveðið á um takmarkanir á þessari meginreglu. Í 2. mgr. er lögð til almenn varúðarregla og kveðið á um að öllum sé skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Er þar efnislega um sömu reglu að ræða og í 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Í greininni eru sérstakar reglur um umferð manna um eignarlönd. Er þar kveðið á um að menn skuli sýna landeiganda og öðrum rétthöfum lands fulla tillitssemi og virða hagsmuni þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, þar á meðal skógræktar og landgræðslu. Þá er mönnum sömuleiðis gert að fylgja eftir atvikum leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum. Um þessi efni vísast að öðru leyti til VII. kafla í almennum athugasemdum. Vert er að brýna sérstaklega nauðsyn þess að menn hafi gát á hundum sínum og eftir atvikum öðrum gæludýrum, en ljóst er að hundar geta valdið bæði mönnum og dýrum tjóni, sé ekki nægilega vel með þeim fylgst.

Í 2. mgr. 13. gr. er mælt fyrir um þá meginreglu að menn skuli á för sinni um eignarlönd fylgja skipulögðum stígum og götum eftir því sem auðið er. Þá eiga menn að hlífa girðingum og fara um hlið, göngustiga eða prílur, en skv. 23. gr. frumvarpsins er skylt að setja hlið, göngustiga eða prílur á girðingu sé girt yfir skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg. Þá er loks í 2. málsl. 2. mgr. kveðið á um sérstaka aðgát í nánd við selalátur, varplönd fugla og veiðistaði.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er kveðið á um umferð gangandi manna. Er þeim heimilt að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélknúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dvelja þar. För manna og dvöl á ræktuðu landi, þ.e. í görðum og túnum og ökrum, er hins vegar háð samþykki landeiganda eða rétthafa.

Að öðru leyti vísast til þess sem fyrr segir í athugasemdum þessum.

Um 15. gr.

Í greininni er sérstakt ákvæði um umferð hjólandi manna og er þar mælt fyrir um þá meginreglu að fylgt skuli vegum og skipulögðum reiðhjólaleiðum eins kostur er. Um hjólreiðamenn og umferð þeirra gilda enn fremur eins og um aðra almennar varúðarreglur frumvarpsins. Ákvæðið tekur eingöngu til reiðhjóla en um vélknúin hjól gilda sömu reglur og um önnur vélknúin ökutæki.

Um 16. gr.

Í greininni er sérstakt ákvæði um umferð ríðandi manna og er hér um nýmæli að ræða. Það er kunnara en frá þurfi að segja að umferð ríðandi fólks um landið hefur aukist mjög á síðustu árum. Kemur þar bæði til aukin hrossaeign landsmanna og ekki síður aukin áhersla á hestaferðir í uppbyggingu ferðaþjónustu. Samkvæmt nýlegri skýrslu Hagþjónustu landbúnaðarins áttu landsmenn 80.500 hross árið 1996 og hafði þeim fjölgað um 50% frá árinu 1982 eða úr um 53.000 hrossum. Hæfileg stærð stofnsins er talin vera um 68.000 hross. Engar reglur hafa verið í gildi um umferð ríðandi manna um landið.

Uppbygging reiðvega hefur lengi verið baráttumál hestamanna. Gert var samkomulag milli Vegagerðar ríkisins og Landssambands hestamanna í maí 1982 um gerð reiðvega og með þingsályktun 7. febrúar 1991 fól Alþingi samgönguráðherra að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun. Nú starfa á vegum samgönguráðherra tvær nefndir um þessi mál, annars vegar reiðveganefnd og hins vegar nefnd um áningarstaði fyrir hestamenn sem ferðast um hálendið. Skv. 17. gr. vegalaga, nr. 45/1994, skal í vegáætlun veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar meginreglur, einkum til leiðbeiningar, um umferð ríðandi manna um landið. Er í fyrsta lagi lagt til að fylgt skuli skipulögðum reiðstígum eins og kostur er. Í tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins er tekið mið af skráningu Vegagerðarinnar og Landssambands hestamanna þar sem gerð var grein fyrir meginleiðum um hálendið. Samkvæmt tillögunni skal leggja áherslu á að merkja helstu reiðleiðir og halda til haga fornum þjóðleiðum. Í tillögunni eru reiðleiðir eingöngu sýndar á svæðum sem talin eru þola umferð hesta. Á skipulagsuppdrætti eru sýndar helstu reiðleiðir milli landshluta og byggðarlaga, auk tenginga við helstu þjónustustaði hestamanna á hálendinu. Á áningarstöðum þeirra skal gera ráð fyrir aðhaldsgirðingum, hesthúsum og aðfluttu fóðri.

Þá er í 16. gr. mælt fyrir um að menn hafi meðferðis nægilegt fóður fyrir hross sín þegar farið er um hálendi og önnur lítt gróin svæði. Vert er að vekja athygli á að skv. 1. mgr. 3. gr. laga um dýravernd, nr. 15/1994, ber eigendum eða umráðamönnum dýra að sjá þeim fyrir viðunandi vistarverum, fullnægjandi fóðri, drykk og umhirðu. Þá er enn fremur í lögum um búfjárhald, fóðagæslu o.fl., nr. 46/1991, m.a. kveðið á um vörslu, aðbúnað og meðferð búfjár.

Í 3. mgr. 16. gr. er kveðið á um heimild manna til að slá upp aðhöldum eða næturhólfum. Leyfi landeiganda eða rétthafa lands þarf til þegar um eignarland er að ræða. Á hálendi skal setja aðhöld eða næturhólf upp á ógrónu landi sé þess kostur.

Í 4. mgr. er kveðið á um að eftir atvikum skuli hafa samráð við landverði eða umsjónaraðila svæðis þegar farið er um náttúruverndarsvæði, en þeir eru ekki til staðar á öllum náttúruverndarsvæðum.

Í 5. mgr. er umhverfisráðherra heimilað að setja nánari ákvæði um umferð ríðandi manna og rekstur hrossa í reglugerð.

Um 17. gr.

Í 17. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum um akstur utan vega. Er þar leitast við að sporna frekar við slíkum akstri sem því miður er allt of algengur og stafar oftast af fákunnáttu eða tillitsleysi við náttúruna. Vert er þó að geta framtaks útivistarfélaga sem sum hver hafa stuðlað að almennri fræðslu um afleiðingar utanvegaaksturs og reynt að lagfæra sár í landinu.

Samkvæmt 2. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er vegur skilgreindur sem vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar. Akbraut er skilgreind sem sá hluti vegar sem ætlaður er fyrir umferð ökutækja. Skv. 1. gr. vegalaga, nr. 45/1994, merkir vegur akbraut, önnur mannvirki og land sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not. Til vegar telst því skv. 2. mgr. 1. gr. vegsvæði og öll mannvirki viðkomandi veginum sem eru innan þess.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987, má ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki í þéttbýli utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Ákvæðið gildir þó ekki um akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga eða annarrar ámóta óhjákvæmilegrar umferðar sem upp kemur, sbr. 2. mgr.

Samkvæmt 17. gr. frumvarpsins er meginreglan sú að bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega og verður í því sambandi að miða við skilgreiningu umferðarlaga. Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um lögbundna undanþágu frá banninu og er akstur heimilaður á jöklum, svo og á snjó utan þéttbýlis að uppfylltu því skilyrði að jörð sé frosin og snævi þakin. Ráðherra getur þó í reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, takmarkað eða bannað akstur á snjó á einstökum svæðum þar sem hætta er á náttúruspjöllum eða verulegum óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 17. gr.

Ljóst er að algert bann við akstri utan vega er óframkvæmanlegt, m.a. vegna atvinnu manna. Er umhverfisráðherra því í 2. mgr. 17. gr. gert, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, að kveða á um aðrar undanþágur frá banni 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. m.a. vegna starfa manna við landbúnað, landmælingar, línu- og vegalagnir og rannsóknir.

Vert er að vekja athygli á að skv. 43. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er gert ráð fyrir því sem meginreglu að tilteknum ökutækjum sé ekið utan vega. Er hér um svokölluð torfærutæki að ræða en þau eru í 2. gr. umferðarlaganna skilgreind annars vegar sem vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og eru búin beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og eru innan við 400 kg að eigin þyngd og hins vegar sem vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga utan vega og eru á hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd. Skv. 43. gr. laganna má ekki aka torfærutæki á vegi sem ekki er einkavegur, nema aka þurfi yfir veg og skal þá aka skemmstu leið eða ef aðstæður utan vegar gera það nauðsynlegt að aka eftir veginum. Þetta gildir þó ekki um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu, sbr. 6. mgr. 43. gr. Ákvæði frumvarps þessa taka jafnt til torfærutækja sem annarra ökutækja. Verður þeim því ekki ekið utan vega nema á jöklum, á snjó utan þéttbýlis, enda sé jörð frosin og snævi þakin, eða í samræmi við undanþágur í reglugerð ráðherra, sbr. 2. mgr.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ólögmætur akstur utan vega varði refsingu skv. 76. gr. Vert er að vekja athygli á það er ekki skilyrði fyrir refsinæmi verknaðarins að spjöll hafi orðið á náttúru landsins.

Um 18. gr.

Í greininni segir að um umferð um vötn fari samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923. Skv. 11. gr. þeirra laga er öllum heimilt að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, enda fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmætt skipulag. Skv. 115. gr. er öllum heimilt að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn og um vötn sem verða skurðuð eða gerð umferðarhæf með öðrum hætti. Þó getur ráðherra bannað almenningi umferð um skurð eða vatn, ef nauðsynlegt þykir vegna mannvirkja í eða við vatn. Þá er mönnum heimilt að

nota vatn til viðarfleytingar, sbr. 118. gr. Skv. 2. tölul. 119. gr. hafa þeir sem nota vötn til umferðar eða fleytingar samkvæmt löglegri heimild rétt til þeirrar umferðar um vatnsbakkana og þeirra afnota af þeim sem nauðsynleg eru vegna umferðarinnar um vatnið eða fleytingarinnar.

Um 19. gr.

Í greininni eru ákvæði um takmörkun umferðar í óbyggðum og eru þau að mestu samhljóða 3. og 4. mgr. 16. gr. gildandi laga. Þó er kveðið skýrar á um hvar birta skuli niðurstöður skýrslu Náttúruverndar ríkisins um ástand svæða í óbyggðum.

Um 20. gr.

Í 20. gr. er að finna nýmæli í lögum. Fjallar greinin um heimild manna til að slá upp viðlegutjöldum. Sú regla hefur verið leidd af 14. gr. gildandi laga, sbr. áður 11. gr. laga nr. 47/1971 og 6. gr. laga nr. 48/1956, að mönnum sé heimilt án leyfis að dvelja í tjaldi næturlangt á óræktuðu og ógirtu eignarlandi og geti landeigandi þá ekki krafist gjalds fyrir nema sérstaklega standi á, t.d. þegar hann hefur útbúið sérstakt tjaldsvæði. Stærsti hluti ferðamanna kýs að tjalda á hefðbundnum tjaldsvæðum og hefur hann farið stækkandi á undanförnum árum með aukinni uppbyggingu ferðaþjónustu víða um land. Eigi að síður þykir æskilegt að kveða skýrar á um rétt manna til að tjalda úti í náttúrunni. Er hér lagt til að mönnum verði heimilt að tjalda á óræktuðu landi, hvort heldur það er girt eða ógirt, án sérstaks leyfis landeiganda eða rétthafa lands, og hvort sem um er að ræða eignarland eða þjóðlendu. Það er þó bundið þeim skilyrðum að ekki sé tjaldað nær bústað landeiganda eða rétthafa en 1.000 metra, tjöldin séu ekki fleiri en þrjú og að ekki ekki sé tjaldað til fleiri nátta en einnar. Þá er og gert ráð fyrir að um hefðbundin viðlegutjöld sé að ræða. Er þar átt við smærri tjöld sem fólk hefur vanalega með sér á ferðalögum. Heimild til að tjalda í görðum og á túnum og ökrum er háð leyfi eiganda lands eða rétthafa. Nánari takmarkanir á heimild manna til að slá upp tjöldum er að finna í 21. gr.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um tvær undantekningar frá heimild manna til að slá upp tjaldi á óræktuðu landi. Í 1. mgr. er að finna þá undantekningu að eigandi lands eða eftir atvikum rétthafi getur þegar sérstaklega stendur á bannað að tjöld séu reist þar sem veruleg hætta er á að náttúra landsins geti beðið tjón af. Tekur þessi undantekning jafnt til eignarlands, afréttar og þjóðlendu.

Í 2. mgr. er að finna þá sjálfsögðu undantekningu að í þeim tilvikum þegar eigandi lands eða rétthafi hefur útbúið sérstakt tjaldsvæði á landi sínu getur hann vísað fólki þangað og tekið gjald fyrir veitta þjónustu. Er hér um eðlilega reglu að ræða og er þá m.a. horft til hinnar miklu uppbyggingar ferðaþjónustu hér á landi. Ætla má að lítið komi til með að reyna á umrædda reglu.

Ákvæði um tjaldsvæði og rekstur þeirra er enn fremur að finna í IX. kafla heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990. Til starfrækslu þess þarf heimild sveitarstjórnar og leyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 72. gr. Er leyfishafa skv. 80. gr. heimilt að taka gjald af gestum sem tjaldsvæði nota til að standa straum af kostnaði m.a. við sorphirðu, þrif, hreinsun, gæslu og rekstur. Skal upphæð gjalds miðast við þjónustu og aðstæður hverju sinni.

Um 22. gr.

Í greininni er að finna nýmæli um skipulagðar hópferðir í atvinnuskyni. Er mönnum þar gert að hafa samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans. Þá er enn fremur kveðið á um að gist skuli á skipulögðum tjaldsvæðum eftir því sem við verður komið, sé gert ráð fyrir að gista í tjöldum í ferðinni. Í ljósi uppbyggingar í ferðaþjónustu og aukinnar umferðar ferðafólks um landið þykir eðlilegt að þeir sem hafa atvinnu af því að ferðast með fólk um eignarlönd hafi samráð við eiganda eða umráðamann lands þegar ferðast er um land hans. Þá þykir einnig rétt að þeir nýti þá þjónustu sem byggð hefur verið upp og gisti eftir því sem við verður komið á skipulögðum tjaldsvæðum. Þannig er dregið úr álagi á viðkvæma náttúru sem fylgir gistingu hópa í tjöldum. Regla sú sem hér er lagt til að verði lögfest er meginregla og mönnum til leiðbeiningar enda aðstæður háðar mati hverju sinni. Þannig má lengi þrátta um hvað sé hópferð, hvað sé hópferð í atvinnuskyni og hvað séu skipulagðar hópferðir. Aðalatriðið er þó að ferðaþjónustuaðilar sem fara með hóp manna um eignarlönd sýni eiganda lands eða umráðamanni þá sjálfsögðu kurteisi að hafa samráð við hann um ferðir sínar um land hans. Meginregla 13. gr. frumvarpsins gildir einnig í þessu sambandi og ber mönnum að fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum landeiganda eða umráðamanns lands. Ákvæði 1. mgr. 22. gr. er á engan hátt ætlað að hafa í för með sér þrengri rétt manna sem eru í hópferðum í atvinnuskyni til umferðar um landið en annarra.

Um 23. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar er mælt svo fyrir að sá sem girðir yfir skipulagðan hjólreiða-, göngu- eða reiðstíg skuli koma fyrir hliði á girðingunni eða þar sem við á göngustiga eða prílu yfir girðingu. Þannig á að tryggja greiða umferð fólks um skipulagða stíga. Ætla verður að á skipulagi sé gert ráð fyrir að halda opnum þeim leiðum sem frá fornu fari hafa legið um landið, svokölluðum fornum leiðum, og þykja því ekki efni til að mæla sérstaklega fyrir um þær í frumvarpinu. Til hliðsjónar má benda á 40. gr. vegalaga, nr. 45/1994, en þar segir að þegar vegur, stígur eða götutroðningur liggur yfir land manns og telst ekki til neins vegflokks sé landeiganda heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum. Hann má hins vegar ekki læsa hliðinu eða hindra umferð á annan hátt nema með leyfi sveitarstjórnar, en ákvörðun hennar má leggja undir úrskurð vegamálastjóra, sbr. 2. mgr. 40. gr. Ákvæði þessi gilda um akfæra stíga eins og ráða má af öðrum ákvæðum laganna.

Þá segir í 2. málsl. 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins að ekki megi setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Um landnotkun og gerð mannvirkja á vatns-, ár- og sjávarbakka fer eftir lögum og reglum um skipulag. Þannig segir í 2. mgr. gr. 4.15.2 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998, að í deiliskipulagi þeirra svæða utan þéttbýlis sem liggja að ám, vötnum og sjó skuli þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 metra og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.

Í 2. mgr. 23. gr. er ákvæði um viðhald girðinga og skal þeim haldið svo vel við að mönnum og skepnum stafi ekki hætta af. Að öðru leyti fer um girðingar og upptöku þeirra eftir girðingarlögum og eftir atvikum öðrum lögum, einkum vegalögum. Skv. 1. mgr. 13. gr. girðingarlaga, nr. 10/1965, er skylt að halda öllum girðingum svo vel við að búfé stafi ekki hætta af þeim. Sé hætt að nota girðingu og halda henni við er eiganda hennar skylt að taka hana upp svo að hún valdi ekki tjóni, sbr. 4. mgr. 13. gr. laganna. Þá er leiðuliðum, sem búið hafa á sömu jörð í fimm ár eða lengur, eða að öðrum kosti landeiganda skylt að hreinsa burtu af landi sínu sem búfénaður gengur um, ónothæfar vírgirðingar og girðingaflækjur, sbr. 1. mgr. 24. gr. laganna. Sé um eyðijörð að ræða og skylda þessi er vanrækt ber sveitarstjórn að láta framkvæma verkið á kostnað jarðareiganda eða þess sem nytjar jörðina. Fari jörð í eyði sem

ekki á að byggjast aftur og ekki verða lengur nein not af girðingunni fyrir jörðina ber girðingareiganda að taka hana upp, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 10/1965.

Um girðingar er enn fremur fjallað í VII. kafla vegalaga, nr. 45/1994. Skv. 1. mgr. 37. gr. skal veghaldari girða báðum megin vegar sem lagður er gegnum tún, ræktunarland, engjar eða girt beitiland eða leggja ristarhlið ásamt grindarhliði ef hann telur það hentugra. Sama gildir ef girðing er lögð umhverfis slík lönd er vegur liggur um. Þá er veghaldara enn fremur heimilt að girða með vegum sínum þótt þess sé ekki krafist af landeiganda og er honum þá skylt að setja hlið a.m.k. á einum stað á slíka girðingu. Ekki má án leyfis Vegagerðarinnar gera girðingu yfir veg með hliði á veginum nema um einkaveg sé að ræða, sbr. 1. mgr. 38. gr. Skv. 1. mgr. 39. gr. laganna skal landeigandi annast viðhald girðinga með vegum í landi sínum og hefur sveitarstjórn eftirlit með viðhaldinu. Sé viðhaldi ábótavant eða girðing bersýnilega óþörf og til mikillar óprýði er viðkomandi sveitarstjórn heimilt að framkvæma viðhald á girðingunni eða láta fjarlægja hana á kostnað landeiganda. Þá má hér enn fremur nefna ákvæði laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum, lög um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum, og lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

Um 24. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um tínslu berja, sveppa, fjallagrasa og jurta og er því að nokkru ætlað að koma í stað 15. gr. gildandi laga. Samkvæmt þeirri lagagrein er almenningi heimilt að lesa ber sem vaxa villt á óræktuðu landi til neyslu á vettvangi, auk þess sem öllum er heimil berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla. Skýr ákvæði hefur þótt vanta í lög um nýtingu villtra jurta hér á landi. Af 58. kapítula landsleigubálks Jónsbókar frá 1281 hefur þó þótt mega ráða að mönnum sé heimilt að tína grös á landi annars manns, enda séu þau ætluð til neyslu á staðnum. Sama regla hefur einnig þótt eiga við um tínslu sveppa og ýmissa nytjajurta. Þá hefur mönnum með hliðstæðum hætti verið talið leyfilegt að tína blóm til einkaafnota.

Ásókn í villtar jurtir hefur aukist verulega á undanförnum árum og eru þær m.a. nýttar til lækninga, lyfja- og matargerðar, í snyrtivörur og til skreytinga. Því hefur orðið umræða um hvort nauðsynlegt sé að stýra ásókninni og friða tegundir eða svæði sem hætta kann að steðja að. Hinn 10. desember 1996 skipaði umhverfisráðherra starfshóp sem falið var að gera tillögur um nýtingu villtra jurta. Í hópnum eiga sæti: Sigurður Á. Þráinsson deildarstjóri, umhverfisráðuneyti, formaður, Árni Snæbjörnsson ráðunautur, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, dr. Borgþór Magnússon, tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, Einar Magnússon lyfjamálastjóri, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, dr. Guðrún Á. Jónsdóttir, forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands, tilnefnd af þáverandi Náttúruverndarráði, dr. Jakob Kristjánsson, deildarstjóri líftæknideildar Iðntæknistofnunar, tilnefndur af iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, og Kristbjörn Egilsson grasafræðingur, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands. Samkvæmt könnun hópsins nota stærstu nýtendur villtra jurta tæplega 30 jurtir og nemur magn þeirra um 3,7 tonnum. Mest er nýtt af fjallagrösum, tæp 3 tonn á ári, og tæp 300 kg af vallhumli. Af öðrum tegundum eru nýtt innan við 100 kg og af 15–20 tegundum innan við 10 kg á ári. Stærsti einstaki nýtandinn nýtir um 450 kg af fjallagrösum á ári. Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum. Eftir því sem næst verður komist telur hópurinn ekki ástæðu til að friða sérstaklega tilteknar tegundir sem nú eru nýttar þótt ástæða sé til að huga að nýtingu nokkurra tegunda sem eru á válista. Áhersla er hins vegar lögð á að fólki verði leiðbeint um söfnun plantna til nýtingar, gerð verði almenn skoðanakönnun á nýtingu

á villtum plöntum og athugun á útbreiðslu og þekju fjallagrasa á landinu þannig að meta megi hvernig best sé að haga nýtingu þeirra og tryggja að ekki verði gengið of nærri auðlindinni.

Rétt þykir að setja skýrar reglur um rétt manna til tínslu. Skv. 24. gr. er öllum heimil tínsla berja, sveppa, fjallagrasa og jurta í þjóðlendum og afréttum. Tínsla í eignarlöndum er hins vegar háð leyfi landeiganda eða rétthafa, nema um sé að ræða tínslu á vettvangi. Sérákvæði um tínslu fjörugróðurs eru í 25. gr. Rétt er að vekja athygli á að réttur manna til tínslu nær ekki til tegunda sem kunna að hafa verið friðlýstar, sbr. VII. kafla frumvarpsins.

Um 25. gr.

Í greininni er fjallað sérstaklega um tínslu fjörugróðurs og er þar um nýmæli að ræða. Er lagt til að öllum verði heimil tínsla í fjörum þjóðlendna, en tínsla í fjörum eignarlanda verði háð leyfi eiganda lands eða rétthafa, nema um sé að ræða tínslu til neyslu á vettvangi. Er um sambærilegar reglur að ræða og um tínslu berja, sveppa, fjallagrasa og jurta í 24. gr. Eins og rakið var í almennum athugasemdum fer sjávarútvegsráðuneytið með mál er varða nýtingu nytjastofna sjávar, þ.e. sjávardýra, svo og sjávargróðurs, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi, sem telst frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögunnar, sbr. lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, og lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990. Ekki þykja því efni til að kveða á í frumvarpinu um nýtingu fjörugróðurs utan fjöruborðs.

Um 26. gr.

Í greininni er nýmæli um tínslu í atvinnuskyni. Eins og fyrr er rakið hafa æ fleiri atvinnu af nýtingu villtra jurta og má gera ráð fyrir að ásóknin aukist á næstu árum. Ekki er þó ástæða til að óttast ofnýtingu af þessum sökum. Rétt þykir að hafa varann á og er því lagt til að umhverfisráðherra verði veitt heimild í lögum til að setja ákvæði um tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs í atvinnuskyni. Samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, annast Náttúrufræðistofnun Íslands skipulega skráningu íslenskrar náttúru og leiðbeinir um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda. Eðlilegt þykir því að ráðherra geti mælt fyrir um að tilkynna skuli stofnuninni um magn og tegundir sem tíndar eru í atvinnuskyni, svo og um tínslustað. Þá er rétt að ráðherra hafi í sérstökum tilvikum heimild til að takmarka tínslu einstakra tegunda í atvinnuskyni og binda hana við leyfi Náttúruverndar ríkisins. Sama gildir um tínslu á einstökum svæðum sem kunna að vera viðkvæmari fyrir tínslu en önnur. Ekki þykja hins vegar efni til að mæla fyrir um fortakslausa skyldu manna til að sækja um leyfi í hvert sinn sem tínt er í atvinnuskyni, óháð því hvaða tegundir eru tíndar, hvar tínt er og hversu mikið. Ljóst er að álag á villtar jurtir er iðulega meira af öðrum orsökum en tínslu og nægir þar að nefna beitarálag.

Um 27. gr.

Umhverfisráðherra er hér veitt heimild til að setja ákvæði um notkun tækja og verkfæra til tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs og leggja bann við notkun þeirra ef hætta er á að hún valdi spjöllum á náttúru landsins. Er hér efnislega um sömu reglu að ræða og í 3. mgr. 15. gr. gildandi laga.

. Um IV. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um rekstur náttúruverndarsvæða. Er þar fjallað um umsjón með svæðunum, landverði, gestastofur og þjónustugjöld. Eru ákvæðin að mestu samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 28. gr.

Í 28. gr. er fjallað um umsjón Náttúruverndar ríkisins með náttúruverndarsvæðum og öðrum svæðum sem ráðherra getur falið stofnuninni að hafa umsjón með. Er ákvæðið að mestu samhljóða 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um landverði, hlutverk þeirra og skyldu ráðherra til að setja nánari ákvæði í reglugerð um menntun og starfsskyldur starfsmanna á náttúruverndarsvæðum. Er hún nær samhljóða 2. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Í greininni er Náttúruvernd ríkisins veitt heimild til að fela einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða, annarra en þjóðgarða. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að auk annars er lagt til að í samningi aðila verði kveðið á um gjaldtöku, sbr. 32. gr.

Um 31. gr.

Samkvæmt 31. gr. er Náttúruvernd ríkisins heimilt að stofna og reka gestastofur á náttúruverndarsvæðum. Er greinin samhljóða 8. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að Náttúruvernd ríkisins getur falið einstaklingum og lögaðilum umsjón og rekstur gestastofa en slík heimild var áður bundin við sveitarfélög og héraðsnefndir. Rétt þykir að sömu reglur gildi að þessu leyti um náttúruverndarsvæði, sbr. 30. gr., og gestastofur sem reknar eru á náttúruverndarsvæðum.

Um 32. gr.

Í greininni er kveðið á um þjónustugjöld. Er hún að mestu samhljóða 35. gr. gildandi laga. Þó hefur 3. mgr. verið breytt þannig að Náttúruvernd ríkisins skal í september ár hvert leggja fyrir umhverfisráðherra til staðfestingar skrá yfir gjöld sem stofnunin hyggst innheimta næsta ár á eftir. Fallist ráðherra á skrána og staðfesti hana skal hún birt í Stjórnartíðindum. Ekki er gert ráð fyrir að stofnuninni sé gert skylt að auglýsa þjónustugjöld annarra rekstraraðila náttúruverndarsvæða, sbr. 3. mgr. 35. gr. gildandi laga, enda er það illframkvæmanlegt. Þá hefur verið bætt við nýrri málsgrein, 4. mgr., þar sem Náttúruvernd ríkisins eða öðrum umsjónaraðila náttúruverndarsvæðis er veitt heimild til að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum, svo og um önnur atriði sem fjallað er um í III. kafla frumvarpsins. Eðlilegt þykir að á náttúruverndarsvæðum geti gilt aðrar og strangari reglur um umferð og dvöl almennings en annars staðar. Í þessu sambandi er enn fremur rétt að vekja athygli á að þegar um friðlýst svæði er að ræða skal skv. b-lið 1. mgr. 60. gr. kveða á um umferð og umferðarrétt almennings í friðlýsingu.

Um V. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um þátttöku Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda í gerð skipulagsáætlana, svo og ýmis almenn ákvæði um atriði sem tengjast mannvirkjagerð og öðrum framkvæmdum. Þar eru ákvæði um meiri háttar framkvæmdir, hönnun stórra mannvirkja, ræktun og sérstaka verndun tiltekinna landslagsgerða. Enn fremur eru ákvæði um röskun skráðra náttúruminja, gróður- og skógvernd, innflutning, ræktun og dreifingu framandi lífvera, áletranir á náttúrumyndanir, auglýsingar utan þéttbýlis og fleira.

Um 33. gr.

Í samræmi við það sem áður segir í almennum athugasemdum um nauðsyn þess að náttúruverndaryfirvöld komi að málum þegar á skipulagsstigi er í 33. gr. mælt fyrir um að leita skuli umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim. Skv. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, fer um breytingar á staðfestu aðalskipulagi eftir 17. og 18. gr. laganna. Telji sveitarstjórn breytingar óverulegar þannig að ekki sé ástæða til málsmeðferðar getur hún sent rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar, sem sendir tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni. Fallist ráðherra á tillöguna skal hún auglýst á áberandi hátt. Komi ekki fram athugasemdir innan þriggja vikna telst hún samþykkt.

Enn fremur er skylt skv. 33. gr. frumvarpsins þegar við á að leita umsagnar þessara aðila við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lög þar að lútandi.

Samkvæmt upplýsingum Skipulagsstofnunar eru að meðaltali afgreiddar á ári hverju þrjár heildarsvæðisskipulagsáætlanir og fimm breytingar á svæðisskipulagi. Þá koma að meðaltali tíu heildaraðalskipulagsáætlanir til afgreiðslu og 35 breytingar á aðalskipulagi. Um 25 úrskurðir um mat á umhverfisáhrifum eru afgreiddir árlega.

Um 34. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 1. málsl. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, sbr. 4. gr. laga nr. 135/1997. Rétt þykir að ákvæði þetta sé jafnframt tekið upp í náttúruverndarlög til fyllingar og skýringar öðrum ákvæðum kaflans.

Um 35. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra stórra mannvirkja skuli þess gætt eins og kostur er að mannvirkin falli sem best að svipmóti lands. Er hér um almenna leiðbeiningarreglu að ræða.

Um 36. gr.

Í greininni er að finna nýmæli um ræktun. Segir þar að við túnrækt, skógrækt, landgræðslu, skjólbeltagerð og aðra ræktun skuli þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúruminjum. Er hér um almenna meginreglu að ræða sem vissulega er háð mati hverju sinni og á hún við um alla ræktun. Sérstakar landgræðslu- og skógræktaráætlanir verða að vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við, sbr. 5. mgr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, sbr. 4. gr. laga nr. 135/1997, en hlutur náttúruverndarnefnda og Náttúruverndar ríkisins í gerð þeirra er tryggður með ákvæði 33. gr. frumvarpsins.

Um 37. gr.

Í greininni er að finna nýmæli um sérstaka vernd tiltekinna landslagsgerða og skal forðast röskun þeirra sem kostur er. Þær landslagsgerðir sem hér um ræðir eru í fyrsta lagi eldvörp, gervigígar og eldhraun. Í öðru lagi er um að ræða stöðuvötn og tjarnir, enda nái þau 1.000 m^2 að stærð. Því næst má nefna mýrar og flóa sem eru 3 hektarar að stærð eða stærri og í fjórða lagi fossa, hveri og aðrar heitar uppsprettur. Loks eru í fimmta lagi tilgreindar sjávarfitjar og leirur.

Framkvæmdir við landslagsgerðir þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. eru háðar framkvæmda- eða byggingarleyfi sveitarstjórnar, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þurfi ekki byggingarleyfi sveitarstjórnar til framkvæmda þarf sérstakt fram-

kvæmdaleyfi hennar, enda sé um meiri háttar framkvæmd að ræða. Það á t.d. við um efnistöku, sbr. og 1. mgr. 47. gr., framræslu votlendis og nýtingu hvera. Ekki þarf leyfi til minni háttar framkvæmda. Áður en byggingar- eða framkvæmdaleyfi er veitt skal sveitarstjórn skv. 2. mgr. 37. gr. leita umsagnar náttúruverndarnefndar og þegar ástæða er til Náttúruvernar ríkisins. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 38. gr.

Í greininni er að finna sérreglu um framkvæmdir þar sem hætta er á röskun náttúruminja. Er þar mælt fyrir um að þær framkvæmdir sem valda hættu á að friðlýstum náttúruminjum verði raskað skuli háðar leyfi Náttúruverndar ríkisins. Af fenginni reynslu þykir rétt að Náttúruvernd ríkisins geti krafist þess með skriflegri áskorun að framkvæmdir verði ekki hafnar eða þær stöðvaðar. Verði ekki orðið við áskorun stofnunarinnar er henni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni eða leita atbeina lögreglu. Tilkynna skal Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum en þeim sem þegar hefur verið friðlýst.

Um 39. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um gróður- og skógvernd. Er það samhljóða 18. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Í 40. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa umhverfisráðherra til að mæla fyrir um vernd steinda í reglugerð, enda hafi hann áður fengið tillögu Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar þar að lútandi og umsögn iðnaðarráðuneytis. Getur ráðherra m.a. mælt fyrir um að leyfi Náttúruverndar ríkisins þurfi til töku ákveðinna tegunda þeirra úr föstum jarðlögum. Steind er frumefni eða efnasamband, oftast kristallað, sem finnst sjálfstætt í náttúrunni, t.d. bergkristall, glerhallur, jaspis og ópal. Alþingi samþykkti á 112. löggjafarþingi, 19. febrúar 1990, þingsályktun um könnun á áhrifum steinatöku og söfnun steingervinga. Var ríkisstjórninni með ályktuninni falið að láta Náttúrufræðistofnun Íslands kanna áhrif af steinatöku og söfnun steingervinga á náttúru Íslands og gera í framhaldi af því, að höfðu samráði við Náttúruverndarráð, tillögur um aðgerðir til náttúruverndar á þessu sviði eftir því sem þörf væri talin á. Af hálfu Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur verið unnið að þessu máli síðan árið 1991 og er könnun stofnunarinnar orðin mjög umfangsmikil, enda voru fyrirliggjandi upplýsingar ófullkomnar. Var þannig til að mynda ekki fyrir hendi tæmandi skrá yfir íslenskar steindir. Farnar hafa verið fjölmargar rannsóknarferðir til að kanna ástand helstu staða þar sem steindir er að finna, rætt við tugi steinasafnara, landeigendur, áhugamenn um náttúruvernd, tollyfirvöld um land allt og samstarfsaðila erlendis. Gerð hafa verið hundruð nýrra greininga á steindum og bergi, svo og skrá yfir íslenskar steindir og bergtegundir og helstu fundarstaði þeirra. Starf sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands er nú á lokastigi og munu þeir síðar á þessu ári skila skýrslu um könnun sína ásamt rökstuddum tillögum um vernd og friðlýsingu ákveðinna staða og svæða. Nú eru tveir staðir friðlýstir sérstaklega fyrir töku steinda, Teigarhorn í Berufirði og Helgustaðanáma í Reyðarfirði. Þá er Surtarbrandsgil við Brjánslæk á Barðaströnd friðlýst vegna steingervinga sem þar er að finna. Rétt þykir í ljósi væntanlegrar skýrslu Náttúrufræðistofnunar að veita umhverfisráðherra heimild til að mæla fyrir um vernd steinda í reglugerð. Umhverfisráðherra getur skv. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. frumvarpsins friðlýst fundarstaði steingervinga, sjaldgæfra steintegunda og steinda.

Um 41. gr.

Í greininni er að finna nýmæli um lífverur sem eru framandi í íslenskri náttúru. Er umhverfisráðherra í 1. mgr. veitt almenn heimild til að setja í reglugerð ákvæði um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi. Má í reglugerðinni m.a. birta skrá yfir tegundir lífvera sem óheimilt er að flytja til landsins. Þar má enn fremur vera skrá yfir tegundir sem heimilt er að rækta og sleppa í villtri náttúru landsins.

Eins og að framan greinir fjallar fjöldi lagaákvæða um innflutning, ræktun og dreifingu lífvera. Ekki er ætlunin að hrófla við ákvæðum þeirra laga. Rétt þykir hins vegar að mæla fyrir um að leyfi umhverfisráðherra þurfi til innflutnings, ræktunar og dreifingu lifandi lífvera sé ekki mælt fyrir um annað í lögum. Breytir þá engu hvort um er að ræða dýr, plöntur, sveppi eða örverur, hvort viðkomandi tegund sé framandi eða hafi unnið sér sess í íslenskri náttúru eða um hversu mörg eintök af viðkomandi tegund er að ræða.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skipan nefndar sérfróðra manna sem vera skal stjórnvöldum til ráðgjafar um innflutning, ræktun og dreifingu framandi lífvera. Skal leita umsagnar nefndarinnar áður en ákvarðanir þar að lútandi eru teknar varðandi nýjar tegundir lifandi lífvera. Kemur sú umsögn nefndarinnar til viðbótar umsögnum annarra samkvæmt öðrum lögum, sbr. það sem áður er rakið. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Líffræðistofnun háskólans og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Umhverfisráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Í 3. mgr. 41. gr er kveðið á um að ákvæði greinarinnar taki ekki til lifandi smitefna, en um innflutning og notkun þeirra er fjallað í 12. gr. laga um ónæmisaðgerðir, nr. 38/1978, eins og fyrr er rakið. Þá ná ákvæði greinarinnar heldur ekki til sjávarafla en um þau efni eru ákvæði í lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, eins og áður segir. Ákvæði greinarinnar taka heldur ekki til sjávarspendýra sem lifa hér við land. Loks taka ákvæðin ekki til erfðabreyttra lífvera en um þau efni er fjallað í lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996. Er þar m.a. mælt fyrir um sérstaka ráðgjafarnefnd í 6. gr. eins og áður sagði.

Um 42. gr.

Í 42. gr. er lagt bann við hvers konar áletranir á náttúrumyndanir. Er ákvæðið að hluta samhljóða 1. tölul. 2. mgr. 24. gr. gildandi laga. Áletranir á náttúrumyndanir varða refsingu skv. 76. gr., sbr. og 75. gr.

Um 43. gr.

Í 43. gr. er að finna ákvæði um auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Eru þær almennt bannaðar. Þó er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram, enda sé gætt ákvæða annarra laga. Í 2. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, er þéttbýli skilgreint sem þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra. Verður við framkvæmd 43. gr. að miða við þá skilgreiningu. Ákvæði 43. gr. er ætlað að koma í stað ákvæðis sama efnis í 24. gr. gildandi laga, en ákvæðið hefur staðið óbreytt frá árinu 1971, sbr. 19. gr. laga nr. 47/1971. Frá þeim tíma hafa vitanlega orðið miklar breytingar á öðrum lögum eins og fyrr er rakið. Er nú víða að finna í lögum og reglum ákvæði um auglýsingar, skilti og merki eins og hér er rakið og tekur ákvæðið mið af því. Eftir sem áður þykir ekki ástæða til að gera grundvallarbreytingar á banni við auglýs-

ingum utan þéttbýlis. Þær auglýsingar sem leyfilegar eru samkvæmt frumvarpinu verða þó vitanlega að uppfylla ákvæði annarra laga.

Í grein 4.34 í byggingarreglugerð, nr. 441/1998, sem sett er á grundvelli skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, er skilti skilgreint sem búnaður, tæki, mynd eða mannvirki, hreyfanlegt eða staðbundið, þar sem notaðir eru litir, form, myndir, lýsing, skrift eða tákn til að miðla upplýsingum af einhverju tagi. Útstæð skilti eru skilti sem standa meira en 0,2 metra út frá mannvirki sem því er komið fyrir á, sbr. grein 4.44. Skiltastandur er skilgreindur sem „varanlegt mannvirki sem sérstaklega er ætlað til að koma fyrir á skiltum“, sbr. grein 4.35. Mannvirki er skilgreint sem jarðföst framkvæmd og eru í dæmaskyni nefnd virkjun, hús, brú, línumastur eða skiltastandur, sbr. grein 4.26. Leyfi sveitarstjórnar þarf til að byggja, breyta eða rífa hús og önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra, sbr. grein 11.1, sbr. og grein 4.12, og á það m.a. við um skiltastanda. Um gerð, stærð og uppsetningu skilta er nánar fjallað í 72. gr. reglugerðarinnar. Skv. 5. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, getur sveitarstjórn sett staðbundna samþykkt með viðbótarreglum við reglur byggingarreglugerðar þar sem m.a. skal fjalla um sérstakar kröfur til auglýsingaskilta.

Í VI. kafla vegalaga, nr. 45/1994, er fjallað um skipulag og fjarlægð mannvirkja frá vegi. Segir þar m.a. í 33. gr. að ekki megi staðsetja byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, nær vegi en 30 metrum frá miðlínu stofnvega og 15 metrum frá miðlínu annarra þjóðvega, nema til komi leyfi Vegagerðarinnar. Stofnunin getur ákveðið að fjarlægðin verði aukin eða minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sbr. 34. gr. Skv. 4. mgr. 33. gr. laganna er óheimilt að hengja á loftlínur eða brýr merki eða auglýsingar sem ekki eru leyfð annars staðar á vegsvæðinu. Þá er óheimilt að reisa mannvirki á tilteknu svæði við vegamót nema til komi leyfi Vegagerðarinnar, sbr. 35. gr.

Ákvæði 43. gr. frumvarpsins taka ekki til umferðarmerkja, en skv. 84. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, setur dómsmálaráðherra reglur um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og hljóðmerkja og annarra merkja á eða við veg til stjórnunar á eða leiðbeiningar fyrir umferð. Utan þéttbýlis skal vegamálastjóri sjá um að slík merki verði sett á eða við þjóðveg, sbr. 1. mgr. 85. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 138/1996, og er óheimilt að setja slík merki upp án leyfis hans, sbr. 2. mgr. 85. gr. umferðarlaga. Skv. 87. gr. laganna má ekki setja spjöld, auglýsingar, ljósabúnað og þess háttar á eða í tengslum við merki skv. 1. mgr. 84. gr. og getur lögreglustjóri látið fjarlægja slíka hluti sjáist þeir frá vegi og líkjast merkjunum eða geta að öðru leyti verið villandi eða valdið óþægindum fyrir umferð.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289/1995, skiptast umferðarmerki í tíu flokka, þar á meðal upplýsingamerki, þjónustumerki og vegvísa. Upplýsingamerki eru tiltekin í 9. gr. reglugerðarinnar, en skv. 8. gr. er þeim ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um ýmis atriði sem telja má þýðingarmikil fyrir umferðina. Er í greininni að finna nánari ákvæði um lögun þeirra og lit, en stærð þeirra er háð samþykki vegamálastjóra að því er varðar þjóðvegi utan kaupstaða og kauptúna en ella lögreglustjóra. Þjónustumerkjum, sem talin eru upp í 11. gr. reglugerðarinnar, er ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um þjónustu sem í boði er á leið þeirra, sbr. 1. mgr. 10. gr. Er mælt fyrir um lögun þeirra, stærð og lit, en skv. 3. mgr. 10. gr. setur vegamálastjóri reglur um uppsetningu merkjanna utan kaupstaða og kauptúna en lögreglustjórar í þéttbýli. Skv. 1. mgr. 12. gr. er vegvísum, sem tilteknir eru í 13. gr., ætlað að að leiðbeina ökumönnum um leiðaval og eru ákvæði um lit þeirra og lögun, en um stærð þeirra gilda sömu reglur og um upplýsingamerki.

Um 44. gr.

Ákvæði þetta er nær samhljóða 19. gr. gildandi laga og fjallar um úrræði vegna eigna sem skildar hafa verið eftir í hirðuleysi, svo og þegar jarðir fara í eyði. Á þessum málum er nú að nokkru tekið í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og heilbrigðis- og mengunarvarnareglugerðum. Eigi að síður þykir rétt að hafa ákvæði þetta í lögum um náttúruvernd. Við 3. mgr. hefur þó verið bætt við tveimur málsliðum sem tryggja eiga að gripið verði til framkvæmda þótt sveitarfélag hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til þeirra. Í 3. mgr. er mælt fyrir um að sveitarstjórn skuli annast framkvæmdir samkvæmt greininni á kostnað þess sem skylt var að annast þær en hefur látið það ógert. Lagt er til að við 3. mgr. bætist ákvæði þess efnis að sveitarstjórn geti leitað eftir því við umhverfisráðherra að hann annist framkvæmdir, enda standi sérstaklega á og ljóst sé að viðkomandi sveitarfélag sé ekki, með hliðsjón af íbúafjölda og tekjum þess, fjárhagslega í stakk búið til að annast framkvæmdirnar. Fallist ráðherra á málaleitan sveitarstjórnar tekur hann við framkvæmd mála samkvæmt greininni.

Um 45. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvæði kaflans gildi um efnistöku í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og, eftir því sem við á, um efnistöku af eða úr hafsbotni í íslenskri landhelgi og efnahagslögsögu. Er hér miðað við að gildissviðið sé hið sama og laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 57/1998, og laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1990. Rétt þykir þrátt fyrir ákvæði 2. gr. frumvarpsins að kveða skýrt á um til hvaða efnistöku ákvæði kaflans taka.

Um 46. gr.

Í greininni er til áréttingar kveðið á um að um skipulag efnistökusvæða fari eftir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og reglum settum samkvæmt þeim, en þau ákvæði sem einkum koma hér til skoðunar eru eins og fyrr sagði ákvæði greinar 4.9 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998.

Um 47. gr.

Í 47. gr. er kveðið á um heimildir manna til efnistöku. Um leyfi til efnistöku af eða úr hafsbotni utan netlaga fer eftir ákvæðum laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990. Gert er ráð fyrir að öll efnistaka af eða úr hafsbotni innan netlaga og á landi verði háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, sbr. þó 3. mgr. þar sem kveðið er á um heimild eiganda eða umráðamanns lands til minni háttar efnistöku til eigin nota án leyfis. Áður en leyfi er gefið út þarf að liggja fyrir umsögn hlutaðeigandi náttúruverndarnefndar og Náttúruverndar ríkisins. Slík umsögn kann t.d. að hafa komið fram við mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Hafi umsækjandi ekki aflað umsagnanna verður sveitarstjórn að leita þeirra. Með ákvæði 2. mgr. 47. gr. er heimild manna í gildandi lögum til nýtingar jarðefna í eignarlöndum þrengd, sbr. og t.d. 8. gr. laga nr. 57/1998. Er það í samræmi við þá stefnu í frumvarpinu að koma betra lagi á efnistöku hérlendis og forðast umhverfisslys. Er því óhjákvæmilegt út frá náttúruverndarsjónarmiðum að sömu reglur gildi að þessu leyti um eignarlönd og þjóðlendur. Ekki þykir þó ástæða til að elta ólar við minni háttar efnistöku í eignarlöndum, enda sé hún til eigin nota. Þá þykir einnig rétt að taka af allan vafa um að framkvæmdaleyfi sveitarstjórn-

ar þurfi til efnistöku, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Er ákvæði þetta enn til að auka ábyrgð heimamanna á náttúruverndarmálum.

Um 48. gr.

Í greininni segir að liggja þurfi fyrir áætlun framkvæmdaraðila um væntanlega efnistöku áður en Náttúruvernd ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórn gefa út leyfi fyrir henni. Í áætluninni skal m.a. gera grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökustað.

Þá er í 2. mgr. mælt fyrir um Náttúruverndar ríkisins með efnistöku á landi, sbr. og b-lið 6. gr. og 2. og 3. mgr. 7. gr. Stofnuninni er heimilt að krefjast þess að framkvæmdaraðili leggi fram fullnægjandi tryggingu fyrir áætluðum kostnaði við eftirlit og frágang efnistökusvæða. Slíkt kemur þó vart til álita hafi leyfisveitandi samkvæmt frumvarpinu eða öðrum lögum gert kröfu um tryggingu í sama skyni.

Um 49. gr.

Í 49. gr. er að finna ákvæði um frágang efnistökusvæða, en nokkur misbrestur hefur orðið á að nægilega vel væri gengið frá svæðum að lokinni efnistöku. Eru hér lagðar til nokkrar reglur sem auk 48. gr. eiga að tryggja betri viðskilnað við efnistökusvæði. Skal að loknum vinnslutíma ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi. Náttúruvernd ríkisins er heimilt að gefa framkvæmdaraðila fyrirmæli um að ljúka frágangi innan tilskilins frests sem má vera allt að einu ári sé frágangur ekki í samræmi við áætlun um efnistöku. Stofnuninni er heimilt að beita dagsektum í þessu skyni. Beri þessar aðgerðir ekki árangur er hlutaðeigandi sveitarstjórn skylt að ganga frá efnistökusvæði á kostnað framkvæmdaraðila í samræmi við áætlun um efnistöku og skal trygging sú sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram ganga til geiðslu kostnaðar. Ekki má láta svæði standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár þótt frekari efnistaka sé fyrirhuguð síðar. Náttúruvernd ríkisins getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði. Loks er mælt fyrir um að förgun úrgangs á efnistökusvæðum skuli vera í samræmi við áætlun um efnistöku og lög og reglur um hollustuhætti og mengunarvarnir, en samkvæmt þeim er förgun úrgangs ávallt háð leyfi Hollustuverndar ríkisins. Er ákvæði þessu ætlað að sporna frekar við því að menn noti eftirlitslaust efnistökustaði sem sorphauga eða urðunarstaði eins og nokkur brögð hafa verið að.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um friðlýsingar náttúruminja. Ákvæði þar að lútandi hafa verið í lögum efnislega lítið breytt frá 1956, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1956, 22.–26. gr. laga nr. 47/1971 og 26.–30. gr. laga nr. 93/1996. Með síðastnefndu lögunum færðist ákvörðun um friðlýsingu frá Náttúruverndarráði til umhverfisráðherra. Ákvæði laga um friðlýsingu hafa að mörgu leyti reynst vel og þykir ekki ástæða til að hrófla við þeim í grundvallaratriðum. Í VII. kafla er þó reynt að gera ákvæðin skýrari og einfaldari. Ákvæðum um stofnun fólkvangs hefur og verið breytt til samræmis við önnur ákvæði kaflans og er nú gert ráð fyrir að sömu reglur gildi að mestu um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu allra flokka náttúruminja. Þá er enn fremur rétt að vekja athygli á að í 54. gr. er mælt fyrir um friðlýsingu náttúrumyndana í hafi.

Friðlýst svæði hér á landi eru nú alls 80 talsins og er stærð þeirra um 1.240.000 hektarar. Þar af hafa 77 svæði verið friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd. Eru það tveir þjóðgarðar, sbr. 29. gr. gildandi laga, 33 friðlönd, sbr. 28. gr. gildandi laga, 31 náttúruvætti, sbr. 26. gr. laga gildandi laga, og 11 fólkvangar, sbr. 30. gr. gildandi laga. Önnur friðlýst svæði

eru Þingvellir, sbr. lög um friðun Þingvalla, nr. 59/1928, Mývatns- og Laxársvæðið, sbr. lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974, og eyjar og fjörur Breiðafjarðar, sbr. lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995.

Um 50. gr.

Í greininni er greint frá flokkum friðlýstra náttúruminja. Þeir eru þjóðgarðar, sbr. 51. gr., friðlönd, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 53. gr., náttúruvætti á landi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr., og í hafi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 54. gr., friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 53. gr., og loks fólkvangar, sbr. 55. gr.

Um 51. gr.

Í greininni er rætt um stofnun þjóðgarða og er ákvæðið efnislega samhljóða 1.–3. mgr. 29. gr. gildandi laga.

Um 52. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um rekstur þjóðgarða. Eru 1.–2. mgr. nær samhljóða 7. gr. gildandi laga. Þá er ákvæði 3. mgr. samhljóða 4. mgr. 29. gr. gildandi laga.

Um 53. gr.

Í 53. gr. er fjallað um friðlýsingar annarra náttúruminja í landi. Getur umhverfisráðherra, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs friðlýst landsvæði, náttúrumyndanir, lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi. Efnislega er ákvæðið samhljóða ákvæðum gildandi laga. Þó er rétt að benda á þær breytingar að í 2. tölul. 1. mgr. er ráðherra veitt heimild til að friðlýsa steindir og í 3. tölul. 1. mgr. heimild til að friðlýsa lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem mikilvægt er að vernda frá vísindalegu sjónarmiði. Þá getur friðlýsing náttúrumyndana tekið til landsins alls, sbr. 2. mgr.

Um 54. gr.

Í 54. gr. er að finna ákvæði um friðlýsingu náttúrumyndana í hafi. Er umhverfisráðherra þar veitt heimild til að friðlýsa í landhelgi og efnahagslögsögu náttúrumyndanir í hafi og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir út frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Samþykki sjávarútvegsráðherra er áskilið áður en ákvörðun er tekin um friðlýsingu. Ákvæði annarra greina kaflans er ætlað að gilda um friðlýstar náttúruminjar í hafi eftir því sem við getur átt.

Um 55. gr.

Í greininni er umhverfisráðherra veitt heimild til stofnunar fólkvangs. Getur hann að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og að fengnu áliti Náttúruverndar ríkisins lýst tiltekið landsvæði, sem ætlað er til útivistar og almenningsnota, fólkvang. Sveitarfélög skulu gera tillögu um stofnun fólkvangs til Náttúruverndar ríkisins, sbr. 2. mgr.

Um 56. gr.

Í 56. gr. er rætt um kostnað við stofnun og rekstur fólkvangs. Er ákvæðið efnislega samhljóða 6. mgr. 30. gr. gildandi laga.

Um 57. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um samvinnunefnd sveitarfélaga þegar svo háttar til að fleiri en eitt sveitarfélag standa saman að rekstri fólkvangs. Er ákvæðið samhljóða 7. mgr. 30. gr. gildandi laga.

Um 58. gr.

Í 58. gr. er kveðið á um hvernig standa skuli að undirbúningi friðlýsingar. Er hann á ábyrgð Náttúruverndar ríkisins. Sveitarfélög gera þó tillögu um stofnun fólkvangs með tilteknu efni, sbr. 2. mgr. 55. gr. Hafa skal samráð við Hafrannsóknastofnunina vegna undirbúnings friðlýsingar skv. 54. gr. Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruverndarráð geta enn fremur gert tillögur um friðlýsingu náttúruminja, sbr. 1. mgr. 51. gr., 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 54. gr. Náttúruvernd ríkisins skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir eigendur lands og rétthafa, hlutaðeigandi sveitarfélag og aðra sem hagsmuna kunna að eiga að gæta. Náist samkomulag um friðlýsingu er málinu vísað til umhverfisráðherra til frekari ákvörðunar. Náist ekki samkomulag fer um málsmeðferð skv. 59. gr.

Um 59. gr.

Náist ekki samkomulag um friðlýsingu skal málinu vísað til meðferðar umhverfisráðherra og er um þau efni fjallað í 59. gr. frumvarpsins. Ráðherra skal þá senda eigendum, hlutaðeigandi sveitarfélögum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta tillögu að friðlýsingu. Þá skal enn fremur birta tillöguna með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og með þeim hætti sem tíðkanlegt er að birta auglýsingar stjórnvalda á viðkomandi stað. Þeim sem hagsmuna eiga að gæta skal gefinn þriggja mánaða frestur til að koma að athugasemdum sínum og bótakröfum til ráðherra. Að þeim tíma liðnum skal ráðherra taka ákvörðun um hvort af friðlýsingu verður eða ekki.

Um 60. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um efni friðlýsingar. Skulu þar tilgreindar nákvæmlega þær náttúruminjar sem friðlýstar eru. Verður t.d. að telja mikilvægt að mörk landsvæðis sem friðlýst er séu tilgreind á sem gleggstan hátt. Þá skal enn fremur eftir því sem við á tilgreina hversu víðtæk friðunin er og að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar, svo og kveða á um umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Í friðlýsingu má enn fremur setja fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir til þess að almenningur njóti þess svæðis sem friðlýst er, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar, sbr. 2. mgr. Í 3. mgr. er umhverfisráðherra veitt heimild til að láta friðlýsingu sína taka til banns við framkvæmdum ef ætla má að þær raski svo náttúrulegu umhverfi að hætta sé á að ákveðnar lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi eyðist eða verði fyrir verulegum skaða. Sambærileg heimild er nú í 3. mgr. 27. gr. gildandi laga. Að öðru leyti er efni greinarinnar sambærilegt við ákvæði 1. mgr. 28. gr. gildandi laga um friðlýsingu landsvæða. Greininni er hins vegar ætlað að gilda um alla flokka friðlýstra náttúruminja.

Um 61. gr.

Í greininni er kveðið á um að um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu fari að öðru leyti en fram kemur í frumvarpinu eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 62. gr.

Í 62. gr. er mælt fyrir um að umhverfisráðherra skuli birta ákvörðun sína um friðlýsingu og ákvæði hennar í Stjórnartíðindum. Náttúruvernd ríkisins er ætlað að merkja friðlýst svæði eftir því sem við verður komið og nauðsyn er til að mati stofnunarinnar.

Um 63. gr.

Í greininni er lagt bann við að granda, spilla eða breyta friðlýstum náttúruminjum. Varðar slíkt refsingu, sbr. 76. gr. frumvarpsins, sbr. og 75. gr.

Um 64. gr.

Í 64. gr. frumvarpsins er umhverfisráðherra veitt heimild til að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til að unnt sé að framkvæma friðlýsingu. Um framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta fer eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973. Sambærilegt ákvæði er nú í 37. gr. gildandi laga.

Um 65. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að umhverfisráðherra skuli á fimm ára fresti leggja náttúruverndaráætlun fyrir Alþingi. Er áætluninni ætlað að ná til landsins alls. Undirbúningur og öflun gagna vegna hennar verður í höndum Náttúruverndar ríkisins í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúruverndarnefndir. Alþingi tekur reglulega til umfjöllunar ýmsar áætlanir. Nægir þar að nefna áætlanir í samgöngu- og byggðamálum. Ekki þykir síður ástæða til að Alþingi fjalli sérstaklega um náttúruvernd. Mundi það og leiða til aukinnar umræðu um náttúruverndarmál á Alþingi og víðar í þjóðfélaginu og þannig stuðla að aukinni þekkingu og skilningi á þeim málum.

Um 66. gr.

Í þessari grein er kveðið á um efni náttúruverndaráætlunar. Í henni eiga að vera upplýsingar um náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa og skal þar lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins. Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda búsvæða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana og ósnortinna víðerna, sbr. 2. mgr. Við gerð slíkrar áætlunar þarf að horfa til margra þátta eigi hún að verða trúverðug. Mikilvægt er m.a. að hafa í huga menningarlega og sögulega arfleifð þjóðarinnar, nauðsyn á endurheimt búsvæða og nýtingar mannsins á náttúrunni. Skv. 3. mgr. skal m.a. miðað við að þau svæði sem áætlunin tekur til, hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu, séu óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun, séu nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda, hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi, séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla, hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi eða séu einkennandi fyrir náttúrufar landshluta.

Um 67. gr.

Í 67. gr. er mælt fyrir um útgáfu náttúrminjaskrár. Umhverfisráðherra skal gefa út skrána fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Ráðherra mun því gefa út skrána í kjölfar samþykktar Alþingis fimmta hvert ár. Rétt þykir að skráin í heild sinni sé birt í Stjórnartíðindum, m.a. vegna forkaupsréttar skv. 69. gr. Breytir þá engu þótt einstakar ákvarðanir ráðherra um friðlýsingu séu birtar í Stjórnartíðindum í samræmi við ákvæði 62. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. skal Náttúruvernd ríkisins í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna fyrir útgáfu náttúruminjaskrár.

Um 68. gr.

Í 68. gr. er tiltekið hvað skuli vera í náttúruminjaskrá, en þar skulu vera sem gleggstar upplýsingar um friðlýstar náttúruminjar, svo og náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun, sbr. 65. gr., og loks aðrar náttúruminjar sem rétt þykir að vernda. Skal sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins lýst í náttúruminjaskrá. Í 3. mgr. er umhverfisráðherra veitt heimild til að setja nánari fyrirmæli um skráningu náttúruminja í reglugerð.

Um 69. gr.

Í 69. gr. er kveðið á um hvernig með skuli fara þegar jörð á náttúruminjaskrá er seld. Er ákvæðið sambærilegt við 36. gr. gildandi laga. Skal ríkissjóður hafa forkaupsrétt að jörð á náttúruminjaskrá á eftir þeim sem slíkan rétt hafa samkvæmt ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla er að finna ýmis ákvæði, m.a. um útivistarsvæði, Friðlýsingarsjóð, kostnað við framkvæmd laganna, lausn ágreiningsmála, dagsektir, refsiábyrgð, skaðabætur og gildistöku.

Um 70. gr.

Í greininni er Náttúruvernd ríkisins og náttúruverndarnefndum veitt heimild til ýmissa aðgerða til stuðnings við útivist. Er ákvæðið nær samhljóða 31. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 71. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um Friðlýsingarsjóð sem starfa skal á vegum umhverfisráðuneytis. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að náttúruvernd og friðlýsingu svæða og jafnframt að auka fræðslu um náttúruvernd og náttúrufar. Sjóðurinn hefur til þessa verið í umsjá Náttúruverndarráðs og skv. 4. mgr. 12. gr. gildandi laga fer ráðið með vörslu sjóðsins og er jafnframt stjórn hans. Er kveðið á um sömu skipan mála í 2. mgr. greinarinnar. Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé Þjóðhátíðarsjóðs skal renna til Friðlýsingarsjóðs, sbr. 3. gr. skipulagsskrár fyrir Þjóðhátíðarsjóð, nr. 361/1977. Skv. 3. mgr. skal ráðherra setja nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins og úthlutanir úr honum í reglugerð.

Um 72. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að kostnaður við framkvæmd laganna skuli greiddur úr ríkissjóði og er ákvæðið samhljóða 34. gr. gildandi laga.

Um 73. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til að beita dagsektum og er ákvæðið samhljóða 2. mgr. 39. gr. gildandi laga.

Um 74. gr.

Í 74. gr. er að finna ákvæði um lausn ágreiningsmála sem upp kunna að koma um framkvæmd laganna. Er þar lagt til að ákvarðanir annarra aðila en umhverfisráðherra verði kæranlegar til ráðherra. Ákvarðanir sem ráðherra tekur sjálfur á grundvelli laganna, t.d. um friðlýsingu, eru endanlegar á stjórnsýslustigi og geta ekki sætt kæru. Um kærurétt og meðferð kærumála fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Úrskurðir ráðherra eru endanlegir á stjórnsýslustigi.

Um 75. gr.

Í 75. gr. er mælt fyrir um að hver sá sem veldur með ólögmætum hætti spjöllum á náttúru landsins, hvort heldur af gáleysi eða ásetningi, skuli sæta refsingu skv. 76. gr.

Um 76. gr.

Í greininni er kveðið á um refsingu fyrir brot á ákvæðum laganna og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra. Varðar brot sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Er ákvæðið efnislega samhljóða 1. mgr. 39. gr. gildandi laga, sbr. 226. gr. laga nr. 82/1998. Með mál samkvæmt greininni skal fara að hætti opinberra mála.

Um 77. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt manna til skaðabóta fyrir fjártjón sem þeir verða fyrir vegna framkvæmda á VII. kafla laganna. Sé ekki mælt fyrir á annan veg er ríkissjóður bótaskyldur vegna tjónsins. Náist ekki samkomulag um bætur skulu þær ákveðnar í samræmi við lög um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Um 78. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1999 og falli þá jafnframt niður gildandi lög um náttúruvernd, nr. 93/1996, ásamt lögum um bann við jarðraski, nr. 123/1940. Þá er mælt fyrir um að reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett hafa verið á grundvelli eldri laga skuli halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við hin nýju lög.

Um 79. gr.

Lagðar eru til breytingar á ákvæðum ýmissa laga og eru þær til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins og verkefni stofnunarinnar. Tekur Náttúruvernd ríkisins við því hlutverki sem Náttúruverndarráði er ætlað að gegna samkvæmt öðrum lögum. Þannig er lagt til að byggt verði á mati Náttúruverndar ríkisins á því hvort jarðir hafi sérstök náttúrufyrirbæri innan landamarka sinna, sbr. 2. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Þá mun Hollustuvernd ríkisins leita aðstoðar Náttúruverndar ríkisins, sbr. 21. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986. Leita skal tillagna stofnunarinnar áður en sett er reglugerð um förgun eiturefna og hættulegra efna, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988. Þá er lagt til í 4. tölul. að leitað verði umsagnar Náttúruverndar ríkisins og sérfræðinganefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, sbr. 2. mgr. 41. gr., áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem eru fyrir hér á landi. Enn fremur skal leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins í stað Náttúruverndarráðs áður en sett er reglugerð skv. 4. gr. laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992. Lagt er til Náttúruvernd ríkisins tilnefni fulltrúa í Ferðamálaráð í stað Náttúruverndarráðs, sbr. 7. tölul. 2. mgr. 4. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, og loks að leitað verði um-

sagnar stofnunarinnar um sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera, sbr. 4. mgr. 13. gr. laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996.

Ekki þykir ástæða til að breyta 2. mgr. 11. gr. laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, þar sem kveðið er á um gerð líffræðilegrar athugunar á umhverfi verksmiðjunnar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs áður en framleiðsla hennar hefst, eða 4. mgr. 3. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, þar sem mælt er fyrir um að 5% af árlegum tekjuafgangi Endurvinnslunnar hf. skuli renna til Náttúruverndarráðs.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Eins og áður hefur verið rakið eru víða um landið ófrágengnar námur sem hætt er að nota, svo og námur sem eru í notkun og ekki er til nein áætlun fyrir um efnistöku eða frágang. Eru því víða opin sár sem þarf að laga. Til að unnt sé að taka á þessum málum er lagt til í ákvæði til bráðabirgða II að umhverfisráðherra feli Náttúruvernd ríkisins í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og framkvæmdaraðila að gera tillögur um frágang efnistökusvæða. Er stofnuninni ætlað að vinna áætlun um frágang svæðanna og kostnað við hann og leggja fyrir ráðherra ásamt tillögum um greiðslu kostnaðar. Þá á stofnunin að hafa umsjón með frágangi svæða en honum á í síðasta lagi að vera lokið árið 2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd.

Frumvarpið er heildarendurskoðun á gildandi náttúrverndarlögum, nr. 93/1996. Helstu nýmæli eru rakin í greinargerð með frumvarpinu en að mati fjármálaráðuneytis hafa eftirtaldir þættir áhrif á útgjöld ríkisins:

1. Sú breyting er gerð að ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn yfir Náttúruvernd ríkisins. Samkvæmt núgildandi lögum er hún skipuð þremur mönnum og hefur árlegur kostnaður verið um 1,5 m.kr. Þessi breyting leiðir því til samsvarandi sparnaðar.
2. Í 33. gr. er kveðið á um að leita skuli umsagnar Náttúruverndar ríkisins við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum. Talið er að þetta ákvæði leiði til aukinnar vinnu hjá stofnuninni en erfitt er að áætla í hve miklum mæli þar sem fjöldi og umfang skipulagsáætlana og mat á umhverfisáhrifum er breytilegt milli ára. Hér er gert ráð fyrir að vinnan nemi allt að hálfu starfi og að kostnaður aukist um 1,5 m.kr.
3. Skipa skal fimm manna nefnd skv. 41. gr. sem skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um innflutning, ræktun og dreifingu framandi lífvera. Hvorki er gert ráð fyrir að starf þessarar nefndar verði reglubundið né mjög umfangsmikið og er kostnaður metinn á um 0,2–0,5 m.kr. Að mati umhverfisráðuneytisins rúmast kostnaður af þeirri nefnd innan fjárhagsramma ráðuneytisins.

4. Í 44. gr. er kveðið á um eignir í hirðuleysi o.fl. og er gert ráð fyrir að sveitarfélag annist hreinsun á kostnað eiganda ef hann sinnir ekki þeirri skyldu sinni. Hafi sveitarfélag ekki fjárhagslegt bolmagn til þess getur það leitað eftir því við umhverfisráðherra að hann annist nauðsynlegar framkvæmdir. Ógerlegt er að meta hugsanlegan kostnað af þessu ákvæði og það er einnig mat fjármálaráðuneytis að ríkissjóður eigi endurkröfurétt á eiganda fari slík aðgerð fram. Þetta er því ekki talið til hækkunar útgjalda.
5. Samkvæmt 47. gr. skal Náttúruvernd ríkisins gefa umsögn um alla efnistöku á landi og af eða úr hafsbotni. Slík umsögn kann að hafa komið fram við mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Talið er að þetta auki launagjöld hjá stofnuninni um 0,5 m.kr. á ári.
6. Í 65. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Náttúruvernd ríkisins skuli sjá um undirbúning og öflun gagna vegna náttúruverndaráætlunar sem umhverfisráðherra skal leggja fyrir Alþingi á fimm ára fresti. Í 66. gr. er svo kveðið nánar á um innihald áætlunarinnar. Ætla má að áætlunin byggist á reglulegu starfi og upplýsingaöflun á vegum stofnunarinnar en að til þurfi að koma viðbótarfjárveiting fimmta hvert ár vegna söfnunar upplýsinga og skýrslugerðar. Talið er að sá kostnaður geti numið 1–2 m.kr. á fimm ára fresti.
7. Í ákvæði til bráðabirgða II er kveðið á um að Náttúruvernd ríkisins verði falið að gera tillögur og áætlanir um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og eftir atvikum þeirra sem nú eru í notkun, ásamt því að hafa umsjón með frágangi svæðanna. Áætlað er að kostnaður geti numið allt að 0,5 m.kr. til ársins 2003 en þá skal verkefninu lokið. Að mati umhverfisráðuneytisins rúmast kostnaður af þessari vinnu innan fjárhagsramma ráðuneytisins.

Alls er talið að útgjöld aukist til jafnaðar um nálægt 2–3 m.kr. á ári verði frumvarpið að lögum en á móti fellur niður 1,5 m.kr. kostnaður við stjórn Náttúruverndar ríkisins.

849. Frumvarp til laga [529. mál]

um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1.gr.

Í stað orðsins „ECU“ í 1. tölul. 4. gr. laganna kemur: evrum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla ákvæði laga þessara og reglugerðar sem ráðherra setur á grundvelli þeirra.
b. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Í stað „33 ⅓ %“ í 4. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: 50%.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein, 42. gr., svohljóðandi:

Í reglugerð er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um opinbera skráningu verðbréfa og framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sem lagt var fyrir 122. löggjafarþing árið 1997 var gerð tillaga í 19. gr. um að skylda til þess að gera yfirtökutilboð miðaðist við 33 ⅓ % atkvæðisréttar samkvæmt nánari ákvæðum frumvarpsins, sbr. nú lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Við umfjöllun málsins í efnahags- og viðskiptanefnd var framangreindu viðmiðunarmarki breytt í 50%, sbr. ákvæði í 1. tölul. 19. gr. laganna. Hins vegar láðist að gera samsvarandi breytingu í 4. tölul. 19. gr. við endanlega afgreiðslu nefndarinnar og var því frumvarpið samþykkt með upphaflega viðmiðunarmarkinu, þ.e. 33 ⅓ %. Nauðsynlegt er að lagfæra ákvæði laganna að þessu leyti og er það tilefni þessa frumvarps, sbr. 3. gr.

Í 1. gr. er að finna tillögu um að tekið verði tillit til þeirrar breytingar sem varð 1. janúar 1999 við stofnun myntbandalags Evrópu en frá þeim tíma hefur evra tekið við af evrópsku mynteiningunni ECU.

Í 2. og 4. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um smávægilegar breytingar á ákvæðum laganna um setningu reglugerða. Eins og kom fram í athugasemdum við 17. gr. frumvarpsins sem síðar varð að lögum um starfsemi kauphalla ber kauphöll sem hlýtur starfsleyfi á grundvelli þessara laga að framfylgja ýmsum opinberum fyrirmælum sem byggjast á innlendri löggjöf sem oft miðast við ákvæði tilskipana ESB. Við undirbúning reglna á grundvelli laganna hefur komið í ljós að það muni auðvelda Verðbréfaþingi Íslands að fylgja eftir ýmsum reglum af þessu tagi ef um er að ræða bein fyrirmæli í reglugerð sem stjórnvöld hafa sett um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll. Af þessari ástæðu þykir því rétt að styrkja ákvæði laganna um setningu reglugerða um framkvæmd þeirra, svo sem um opinbera skráningu verðbréfa og viðvarandi upplýsingaskyldu útgefenda skráðra bréfa. Því er lagt til í 4. gr. að bætt verði við lögin nýrri grein þar sem ráðherra verði gert heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laganna með reglugerð, m.a. í því skyni að uppfylla þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland er aðili að. Í 4. mgr. 17. gr. laganna er að finna ákvæði um að skylt sé að birta í B-deild Stjórnartíðinda þær reglur sem stjórn kauphallar setur um opinbera skráningu verðbréfa. Eins og vikið hefur verið að hér að framan þykir rétt er að í lögunum sé að finna almennari heimild til þess að setja reglur um starfsemi kauphalla og viðskipti með verðbréf á þeim vettvangi í reglugerð, t.d. reglur sem byggjast á ákvæðum í tilskipunum ESB. Í undirbúningi að setningu reglna á grundvelli laganna hefur einnig komið í ljós að orðalag 17. gr. kunni að vera fullþröngt þó svo að með rúmri túlkun ákvæðsins megi líta svo á að það hafi verið ætlun löggjafans að tryggja að viðhlítandi réttargrundvöllur væri ávallt fyrir reglum er vörðuðu starfsemi kauphalla. Niðurstaðan er því að leggja hér til að veitt verði almennari heimild í lögunum til þess að setja nánari reglur um starfsemina og framkvæmd laganna með reglugerð, sbr. ákvæði 4. gr. frumvarpsins um nýja grein sem verði 42. gr. Samhliða slíkri breytingu eru því lagðar til breytingar á 17. gr. laganna, sbr. ákvæði í 2. gr., þannig að ákvæði hennar séu í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 4. gr.

850. Svar [319. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um verkefni verkfræðistofa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða verkfræðistofur hafa unnið fyrir opinberar stofnanir frá árinu 1991? Hvaða verkefnum hafa þær sinnt?*
2. *Hverjar voru heildargreiðslur til verkfræðistofa á fyrrnefndu tímabili? Hvernig skiptist sú fjárhæð á milli verkfræðistofa:*
   a. *eftir einstökum verkefnum,*
   b. *eftir ráðuneytum?*

Ráðuneytið telur að þær upplýsingar sem um er beðið í fyrirspurninni séu upplýsingar sem verði til í opinberri stjórnsýslu og séu því opinberar í skilningi 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. laga um þingsköp Alþingis. Hins vegar eru ekki allar upplýsingar sem þannig verða til aðgengilegar fyrir almenning. Það á sérstaklega við um þær upplýsingar sem takmarkaður aðgangur er að, sbr. 4.–6. gr. upplýsingalaga. Í ljósi þess og með hliðsjón af 5. gr. upplýsingalaga, er snertir einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga og fyrirtækja, telur ráðuneytið ekki rétt að afhenda Alþingi umbeðnar upplýsingar sundurgreindar á einstaka aðila.

Til að gefa mynd af umfangi aðkeyptrar ráðgjafarþjónustu fyrir ríkið í heild hefur ráðuneytið aflað upplýsinga úr ríkisbókhaldi um bókfærðan kostnað við aðkeypta sérfræðiþjónustu á því tímabili sem um er spurt. Ekki er með öruggum hætti hægt að fá eingöngu upplýsingar um þjónustu keypta af verkfræðistofum þar sem kostnaðarskipting úr bókhaldi þykir ekki gefa einhlíta skiptingu þar á. Því var ákveðið að taka saman allan kostnað við aðkeypta þjónustu hjá opinberum stofnunum.

Á árunum 1991–97 námu greiðslur eftirfarandi fjárhæðum (m.kr.):

1991	2.211
1992	2.290
1993	2.243
1994	2.255
1995	2.803
1996	2.947
1997	3.265

Á árunum 1994–97 skiptist kostnaður á ráðuneyti með eftirtöldum hætti (m.kr.):

	1994	**1995**	**1996**	**1997**
Æðsta stjórn ríkisins	34	72	55	43
Forsætisráðuneyti	45	13	15	17
Menntamálaráðuneyti	285	324	398	442
Utanríkisráðuneyti	20	30	33	38
Landbúnaðarráðuneyti	34	65	69	77
Sjávarútvegsráðuneyti	71	40	77	96
Dómsmálaráðuneyti	212	173	228	292
Félagsmálaráðuneyti	48	75	4	84
Heilbrigðisráðuneyti	411	799	716	716

Fjármálaráðuneyti	648	694	672	750
Samgönguráðuneyti	259	306	392	432
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	91	104	89	122
Hagstofan	33	29	28	28
Umhverfisráðuneyti	64	77	101	127
Samtals	**2.255**	**2.801**	**2.947**	**3.264**

Eins og tölurnar bera með sér hefur aðkeypt þjónusta aukist talsvert á tímabilinu, enda hefur ríkisstjórnin stefnt að því að færa ýmsa þjónustu sem til þessa hefur verið unnin af ríkinu yfir til einkaaðila með útboðum. Hefur það skilað ríkissjóði umtalsverðum sparnaði á rekstrarkostnaði. Ráðuneytið vill enn fremur vekja athygli á að því er kunnugt um að Ríkisendurskoðun vinnur nú að gerð sérstakrar skýrslu um verklag og aðferðir við kaup á sérfræðiþjónustu af einkaaðilum.

851. Svar [274. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um verkefni VSÓ-verkfræðistofu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða verkefnum hefur VSÓ-verkfræðistofan sinnt fyrir opinberar stofnanir frá árinu 1991 og fram á þennan dag?*
2. *Hve miklar greiðslur hefur VSÓ fengið fyrir verk sín í heild og hvernig skiptist sú fjárhæð eftir einstökum verkum og ráðuneytum?*

Ráðuneytið telur að þær upplýsingar sem um er beðið í fyrirspurninni séu upplýsingar sem verði til í opinberri stjórnsýslu og séu því opinberar í skilningi 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. laga um þingsköp Alþingis. Hins vegar eru ekki allar upplýsingar sem þannig verða til aðgengilegar fyrir almenning. Það á sérstaklega við um þær upplýsingar sem takmarkaður aðgangur er að, sbr. 4.–6. gr. upplýsingalaga. Í ljósi þess og með hliðsjón af 5. gr. upplýsingalaga, er snertir einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga og fyrirtækja, telur ráðuneytið ekki rétt að afhenda Alþingi umbeðnar upplýsingar sundurgreindar á einstaka aðila.

Til að gefa mynd af umfangi aðkeyptrar ráðgjafarþjónustu fyrir ríkið í heild hefur ráðuneytið aflað upplýsinga úr ríkisbókhaldi um bókfærðan kostnað við aðkeypta sérfræðiþjónustu á því tímabili sem um er spurt. Ekki er með öruggum hætti hægt að fá eingöngu upplýsingar um þjónustu keypta af verkfræðistofum þar sem kostnaðarskipting úr bókhaldi þykir ekki gefa einhlíta skiptingu þar á. Því var ákveðið að taka saman allan kostnað við aðkeypta þjónustu hjá opinberum stofnunum.

Á árunum 1991–97 námu greiðslur eftirfarandi fjárhæðum (m.kr.):

1991	2.211
1992	2.290
1993	2.243
1994	2.255
1995	2.803
1996	2.947
1997	3.265

Á árunum 1994–97 skiptist kostnaður á ráðuneyti með eftirtöldum hætti (m.kr.):

	1994	1995	1996	1997
Æðsta stjórn ríkisins	34	72	55	43
Forsætisráðuneyti	45	13	15	17
Menntamálaráðuneyti	285	324	398	442
Utanríkisráðuneyti	20	30	33	38
Landbúnaðarráðuneyti	34	65	69	77
Sjávarútvegsráðuneyti	71	40	77	96
Dómsmálaráðuneyti	212	173	228	292
Félagsmálaráðuneyti	48	75	4	84
Heilbrigðisráðuneyti	411	799	716	716
Fjármálaráðuneyti	648	694	672	750
Samgönguráðuneyti	259	306	392	432
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	91	104	89	122
Hagstofan	33	29	28	28
Umhverfisráðuneyti	64	77	101	127
Samtals	**2.255**	**2.801**	**2.947**	**3.264**

Eins og tölurnar bera með sér hefur aðkeypt þjónusta aukist talsvert á tímabilinu, enda hefur ríkisstjórnin stefnt að því að færa ýmsa þjónustu sem til þessa hefur verið unnin af ríkinu yfir til einkaaðila með útboðum. Hefur það skilað ríkissjóði umtalsverðum sparnaði á rekstrarkostnaði. Ráðuneytið vill enn fremur vekja athygli á að því er kunnugt um að Ríkisendurskoðun vinnur nú að gerð sérstakrar skýrslu um verklag og aðferðir við kaup á sérfræðiþjónustu af einkaaðilum.

852. Svar [447. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað líður skipan nefndar sem kanna á stöðu kvenna innan fiskvinnslunnar, sbr. lið 11.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Hvenær má vænta niðurstöðu úr könnuninni?*
2. *Hvað líður könnun á hlut kvenna sem sjálfstæðra atvinnurekenda í sjávarútvegi og tillögum um aðgerðir til að auka hlut þeirra, sbr. lið 11.2 í framkvæmdaáætluninni?*
3. *Hvað líður könnun á áhrifum langvarandi fjarvista sjómanna á líf þeirra og fjölskyldna þeirra, sbr. lið 11.3 í framkvæmdaáætluninni?*
4. *Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 11.5 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?*
5. *Hvað líður gerð jafnréttisáætlana fyrir ráðuneytið og þær stofnanir sem undir það heyra, sbr. lið 11.5 í framkvæmdaáæltuninni?*

Alþingi samþykkti á sl. vori framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Framkvæmd jafnréttisáætlunarinnar er á ábyrgð ráðherra og þarf að gera ráð fyrir kostnaði sem verkefnunum fylgir í fjárhagsáætlun hvers ráðuneytis fyrir sig.

Í áætluninni eru fimm afmörkuð verkefni sem vinna skal í sjávarútvegsráðuneyti á þeim fjórum árum sem áætlunin gildir. Á því rúma hálfa ári sem liðið er frá samþykkt áætlunarinnar er hafin vinna að einu verkefni; að kanna áhrif langvarandi fjarvista sjómanna á líf þeirra og fjölskyldna þeirra. Að undirlagi ráðuneytisins og karlanefndar Jafnréttisráðs var efnt til fundar með fræðimönnum við félagsfræðideild Háskóla Íslands í desemberbyrjun. Í framhaldi af því hefur verið ákveðið að ráðuneytið fái fræðimenn þar til að kanna hvað er til af rannsóknargögnum um þetta efni og hvað megi af því nýta. Einnig hefur verið ákveðið að móta frekari rannsóknaráætlun. Þessi aðferð, þ.e. að byrja á að kanna hvað er til af rannsóknum og hvert skuli stefna, virðist geta átt við fleiri verkefni á sviði ráðuneytisins, bæði hvað varðar stöðu kvenna innan fiskvinnslunnar og hlut kvenna sem sjálfstæðra atvinnurekenda í sjávarútvegi. Í ráðuneytinu er stefnt að því að hefja vinnu við tvö verkefni í viðbót á fyrri hluta þessa árs, áður en eitt ár er liðið frá samþykkt Alþingis á fjögurra ára framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.

853. Fyrirspurn [530. mál]

til menntamálaráðherra um samstarf mennta- og sjúkrastofnana til að bæta úr læknaskorti á landsbyggðinni.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Er ráðherra reiðubúinn til þess að kanna möguleika á samstarfi Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á landsbyggðinni til að bæta úr vaxandi skorti á heimilislæknum á landsbyggðinni með hliðsjón af þeim hugmyndum, sem fram hafa komið, m.a. hjá landlækni, um að bregðast við vandanum með því að skipuleggja sérstaka þjálfun og námsframboð sem miðað yrði við þarfir heimilislækna sem starfa í dreifbýli?

854. Fyrirspurn [531. mál]

til heilbrigðisráðherra um verkaskiptingu og grunnþjónustu í heilsugæslunni.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hefur ráðherra kynnt sér nýliðun í heimilislækningum á undanförnum árum? Eru áætlanir í ráðuneytinu um að bregðast við þeirri þróun?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir skýrari verkaskiptingu í heilbrigðisþjónustu?
3. Hvernig telur ráðherra að best megi tryggja góða grunnþjónustu í heilsugæslunni?

Skriflegt svar óskast.

855. Fyrirspurn [532. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Vill ráðherra koma því til leiðar að samið verði við hóp heimilislækna um heilsugæslu fyrir íbúa Heima-, Voga- og Sundahverfis í Reykjavík þar sem engin heilsugæslustöð er nú starfandi?
2. Hvernig skiptist kostnaður við heilbrigðisþjónustu í þéttbýli milli:
   a. heilsugæslu,
   b. sérfræðiþjónustu utan sjúkrahúsa og
   c. sjúkrahúsþjónustu?
3. Hvernig gengur að manna stöður hjúkrunarfræðinga í heilsugæslunni í ljósi þess að mörg hundruð hjúkrunarfræðinga vantar á spítalana?
4. Telur ráðherra heimilt að sjúkraliðar á heilsugæslustöð vinni undir stjórn lækna?
5. Vill ráðherra beita sér fyrir því að heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa flytjist ásamt tekjustofnum til sveitarfélaga sem eftir því kunna að óska?

Skriflegt svar óskast.

856. Fyrirspurn [533. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu í dreifbýli.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Telur ráðherra að til greina komi að afnema núverandi fyrirkomulag H1-stöðva í heilsugæslunni þannig að þær verði hvergi mannaðar með færri en tveimur læknum?
2. Telur ráðherra að til frekari aðgerða þurfi að grípa í heilsugæslu í dreifbýli til þess að tryggja að menntaðir heimilislæknar fáist þar til starfa og að þeir haldist í starfi?
3. Vill ráðherra stuðla að því að komið verði á fót kennslu á háskólastigi í dreifbýlislækningum, til dæmis á Akureyri?
4. Hvernig skiptist kostnaður við heilbrigðisþjónustu í dreifbýli milli:
   a. heilsugæslu,
   b. sérfræðiþjónustu utan sjúkrahúsa og
   c. sjúkrahúsþjónustu?

Skriflegt svar óskast.

857. Nefndarálit [361. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Helgu Haraldsdóttur frá samgönguráðuneyti og Ernu Hauksdóttur og Þorleif Jónsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Ferðamálaráði, Ferðamálasamtökum Vestfjarða, Félagi leiðsögumanna, Íslandsflugi hf., Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skipan Ferðamálaráðs þannig að fulltrúum í ráðinu verði fækkað úr 23 í sjö og framkvæmdastjórn þess lögð niður í kjölfarið. Fjöldi fulltrúa í ráðinu hefur hefur gert störf Ferðamálaráðs þung í vöfum og því mikið hvílt á framkvæmdastjórninni. Með breytingunni er þess vænst að ráðið verði mun skilvirkara en verið hefur. Komið hefur fram gagnrýni á að Ferðamálaráði sé einungis skylt að halda einn fund á ári en í 2. mgr. 3. gr. laga um skipulag ferðamála er kveðið á um að í janúar ár hvert skuli halda fund og afgreiða fjárhagsáætlun ársins en að aðrir fundir skuli haldnir samkvæmt ákvörðun ráðsins eða framkvæmdastjórnar. Frumvarpið gerir ráð fyrir óbreyttri tilhögun þannig að Ferðamálaráð ákveður hvenær fundir skulu haldnir og hversu oft. Nefndin telur ekki rétt að lögbinda ákveðinn lágmarksfjölda funda en gengur út frá því að nýskipað Ferðamálaráð muni funda reglulega og eins oft og þurfa þykir svo að það megi fullnægja hlutverki sínu skv. 7. gr. laganna.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. febr. 1999.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Stefán Guðmundsson.
Egill Jónsson.	Ragnar Arnalds.	Árni Johnsen.
Magnús Stefánsson.		Kristján Pálsson.

858. Skýrsla [534. mál]

um norrænt samstarf árið 1998.

1. Inngangur.

Róttækar breytingar voru gerðar á skipulagi Norðurlandaráðs eftir þing þess í Reykjavík árið 1995. Í skýrslunni „Nýir tímar í norrænni samvinnu“ var lagður grunnur að skipulagsbreytingum í starfsemi ráðsins með það að markmiði að endurnýja samstarfið og laga það að nútímanum og einnig að gera það hagkvæmara og markvissara. Nauðsynlegt þótti að

hleypa nýju lífi í starfshættina og laga þá að þeim nýju aðstæðum sem sköpuðust í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð um aðild að ESB, og síðar inngöngu síðasttöldu ríkjanna tveggja í Evrópusambandið. Skipulagsbreytingarnar fólu í sér að nú er norrænu samstarfi framtíðarinnar beint að þremur meginsviðum, samvinnu innan Norðurlanda, milli Norðurlanda og Evrópu/ESB/EES og samvinnu Norðurlanda og nærsvæða þeirra.

Með skipulagsbreytingunum í Norðurlandaráði voru fagnefndirnar lagðar niður frá og með áramótum 1995/1996 og í stað þeirra stofnaðar þrjár stórar nefndir byggðar á fyrrgreindum meginsviðum, þ.e. Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd. Forsætisnefnd var stækkuð og auk þess stofnuð sérstök eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs. Flokkasamstarf var aukið og forustuhlutverk Norðurlandaráðs eflt. Ráðið heldur nú eitt árlegt þing í stað tveggja áður þar sem almennar umræður fara fram. Reglubundið þing er nú haldið að hausti og formennska og embættistími miðast við almanaksár. Þemaráðstefnur eru haldnar í þeim tilgangi að fjalla sérstaklega um mál sem snerta eitt eða fleiri af þremur meginviðfangsefnum norrænnar samvinnu. Einnig hefur samstarf og samráð við önnur alþjóðaþingmannasamtök, einkum evrópsk, verið eflt og unnið er að eflingu samstarfs við fastanefndir norrænu þjóðþinganna. Noregur hefur haft formennskuna með höndum á starfsárinu en forseti þingsins var Berit Brørby Larsen. Gun Hellsvik frá Svíþjóð tók við forsetastóli um áramótin 1998/1999.

Norðurlandaráð hefur árið 1998 unnið áfram að því að laga starf sitt að hinu nýja skipulagi og þróa það áfram. Sem fyrr hefur starfið á árinu einkennst í auknum mæli af pólitísku starfi þar sem flokkahópar ráðsins gegna veigamiklu hlutverki. Fagnefndirnar hafa skipulagt starfsemi sína og raðað málum í forgangsröð. Þá hefur færst í vöxt að nefndirnar hafi skipað sérstaka vinnuhópa til að starfa að ákveðnum málefnum. Forsætisnefnd hefur einbeitt sér að undirbúningi norrænu fjárlaganna og fjallað um ýmis pólitísk málefni, einkum öryggis- og varnarmál. Þá hafa samskipti forsætisnefndar og annarra nefnda verið í deiglunni, en samkvæmt stofnskrá Norðurlandaráðs ber forsætisnefnd að stýra starfi ráðsins og hafa áhrif á forgangsröðun verkefna.

Þau pólitísku málefni sem notið hafa mestrar athygli á starfsárinu auk almennra norrænna málefna eru umhverfismál, málefni barna, Evrópumál og öryggismál, m.a. með tilliti til nærsvæðanna og hins útvíkkaða öryggismálahugtaks. Áhrif fyrirhugaðrar stækkunar Evrópusambandsins og Myntbandalags Evrópu voru til umfjöllunar og stóð Evrópunefnd fyrir ráðstefnum um málin. Nærsvæðanefndin jók samskipti sín við grannsvæði Rússlands og Norðurlandanefndin starfaði mikið að málefnum barna á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum en sérstök þemaráðstefna var haldin um þau á árinu.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1. Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Í byrjun árs 1998 sátu eftirtaldir þingmenn í Norðurlandaráði: Geir H. Haarde, Rannveig Guðmundsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sturla Böðvarsson og Siv Friðleifsdóttir. Varamenn í Norðurlandaráði voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðni Ágústsson, Árni Johnsen, Sigríður Jóhannesdóttir, Árni M. Mathiesen og Ísólfur Gylfi Pálmason. Hinn 5. júní kaus Alþingi sömu þingmenn til setu í Norðurlandaráði að undanskildum Geir H. Haarde. Í hans stað var kosin Arnbjörg Sveinsdóttir og Guðjón Guðmundsson var kjörinn varamaður.

Breytingar á Helsinkisáttmálunum árið 1996 og samþykktir Norðurlandaráðs sem gengu í gildi í byrjun árs 1997 kveða á um að flokkahóparnir í Norðurlandaráði skuli framvegis til-

nefna fulltrúa landanna í trúnaðarstöður. Á 49. þingi ráðsins í Helsinki var fulltrúum Íslandsdeildar skipað í eftirfarandi nefndir: Valgerður Sverrisdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir voru skipaðar í forsætisnefnd, Siv Friðleifsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon tóku sæti í Evrópunefnd og voru hvort um sig varaformenn nefndarinnar (hver nefnd hefur formann og tvo varaformenn), Arnbjörg Sveinsdóttir var skipuð í Norðurlandanefnd og Sturla Böðvarsson í nærsvæðanefnd Norðurlandaráðs. Hann átti einnig sæti í eftirlitsnefnd ráðsins, en Sigríður A. Þórðardóttir átti sæti í kjörnefnd. Kjörnefnd starfar eingöngu á þingum Norðurlandaráðs og gerir tillögu um nefndaskipan. Sú breyting varð á nefndaskipan Íslandsdeildar á árinu að á 50. þingi ráðsins í Ósló 10. nóvember sl. var Sturla Böðvarsson kjörinn í Evrópunefnd og Steingrímur J. Sigfússon í Norðurlandanefnd. Frá og með þinginu í Ósló hefur Sigríður Jóhannesdóttir sótt fundi í Norðurlandaráði í stað Steingríms J. Sigfússonar á grundvelli samkomulags sem gert var um þá tilhögun á milli þingflokka viðkomandi aðila. Íslandsdeild skipti með sér verkum á fundi sínum 14. maí. Valgerður Sverrisdóttir var endurkjörin formaður og Steingrímur J. Sigfússon var kjörinn varaformaður. Steingrímur J. Sigfússon var á júnífundum ráðsins í Færeyjum 24.–26. júní kjörinn formaður flokkahóps vinstri manna.

2.2. Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt sex fundi á árinu. Helst var fjallað um komandi þing og stærri þemaráðstefnur, en einnig rætt um starfsemi nefnda ráðsins og skipulag almennt. Þá var fjallað um fjárhagsáætlun Norðurlandaráðs fyrir 1999, bág fjárhagsstaða Norræna hússins í Reykavík var til umræðu, rætt var um áhrif af skipulagsbreytingum Norðurlandaráðs og mögulegan flutning þingsins til vors, sem og um samstarf Íslandsdeildar við félagasamtök, svo fátt eitt sé nefnt. Kristín Kvaran, formaður Norræna félagsins á Íslandi, var gestur á tveimur fundum Íslandsdeildar á árinu, 27. febrúar og 17. desember, og gerði hún grein fyrir samstarfi norrænu félaganna á Norðurlöndunum og fyrirhugaðri formennsku Íslands og fjárhagsþáttum þess. Berglind Ásgeirsdóttir sat fund Íslandsdeildar 24. september og ræddi m.a. væntanlega formennsku Íslands í Norðurlandaráði árið 2000. Loks hitti Íslandsdeildin 19. október Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlandaráðs, þar sem hann og forstöðumaður Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins gerðu grein fyrir útlínum formennskuáætlunar Íslands í norrænu ráðherranefndinni. Hinn 20. mars stóð Íslandsdeildin fyrir ráðstefnu um áhrif stækkunar Evrópusambandsins á norræna samvinnu og stöðu Íslands í því ljósi. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Norden er i orden — eða hvað?“ Um 150 þátttakendur voru á ráðstefnunni, þar á meðal alþingismenn, embættismenn, blaðamenn, fræðimenn og fulltrúar atvinnulífs og verkalýðshreyfinga. Fjöldi fyrirlesara var á ráðstefnunni, m.a. Berit Løfstedt, þáverandi formaður Evrópunefndar sænska þingsins, Berglind Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri skrifstofu Norðurlandaráðs, Lisbeth Holand, formaður norsku félagasamtakanna „Nej til EU“, Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands við ESB, Jan Grevstadt, starfsmaður sendiráðs Noregs við ESB, og Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda. Líflegar umræður fóru fram á ráðstefnunni þar sem ræðumenn og þátttakendur lögðu mat á stöðu norræns samstarfs, bæði innan og utan ESB. Ein af niðurstöðum ráðstefnunnar var að norræn samvinna og Evrópusamvinnan væru ekki andstæður heldur hefði Evrópusamvinnan þvert á móti bætt samstarf Norðurlandanna. Í þessu samhengi var norrænt samstarf í viðræðunum um aðild Íslands og Noregs að Schengen nefnt sem dæmi um norræna samvinnu á vettvangi ESB. Ráðstefnan var vel sótt og fékk talsverða umfjöllun í íslenskum fjölmiðlum.

Loks heiðraði Íslandsdeildin dr. Ólaf Arnalds og samstarfsfólk hans með móttöku í Norræna húsinu í byrjun nóvember í tilefni af því að verkefni þeirra „Jarðvegsvernd" hlaut umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 1998.

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs voru veittir á fundi Íslandsdeildar 4. júní. Samanlagt var styrkupphæðin 70 þúsund danskar krónur. Árið 1998 hlutu eftirtaldir frétta- og blaðamenn styrki: Andrés Jónsson, Egill Helgason, Haukur Hólm, Kristján Kristjánsson og Óðinn Jónsson.

Elín Flygenring, ritari og forstöðumaður alþjóðasviðs, fór í september sl. í eins árs starfsleyfi frá skrifstofu Alþingis til að starfa hjá utanríkisráðuneytinu. Auðunn Atlason alþjóðaritari tók við störfum hennar sem ritari Íslandsdeildar Norðurlandaráðs en Belinda Theriault sem forstöðumaður alþjóðasviðs. Kristín Ólafsdóttir deildarsérfræðingur aðstoðar sem fyrr við ritarastörf.

3. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

3.1. Forsætisnefnd.

Í byrjun árs 1998 tók Berit Brørby Larsen frá Noregi við forsetastóli af Olaf Salmén frá Álandseyjum. Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum flokkahópanna sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir Norðurlandanna og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Hlutverk forsætisnefndar er að hafa yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing ráðsins og milli þinga, en hún annast einnig erlend samskipti og utanríkis- og varnarmál, auk þess að fjalla um hin norrænu fjárlög. Sérstakur vinnuhópur á vegum forsætisnefndar tók fjárlagavinnuna sérstaklega að sér árið 1998. Forsætisnefnd fjallar einnig um tillögur sem til hennar er beint. Hún hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Á starfsárinu 1998 hafa af hálfu Íslands setið í forsætisnefnd Valgerður Sverrisdóttir frá flokkahópi miðjumanna, Rannveig Guðmundsdóttir frá flokkahópi jafnaðarmanna og Geir H. Haarde frá flokkahópi hægrimanna, en Sigríður A. Þórðardóttir tók sæti hans í maí þegar Geir varð fjármálaráðherra.

Forsætisnefnd hélt tíu fundi á árinu. Í mars hélt nefndin, auk hefðbundins nefndarfundar, sérstakan fund um innri mál Norðurlandaráðs. Þar var ræddur árangur skipulagsbreytinganna og hvernig gera mætti starf ráðsins enn skilvirkara. Forsætisnefnd hélt sumarfund á Svalbarða þar sem norsk stjórnvöld kynntu stefnu sína og starf á Svalbarðasvæðinu og ályktaði nefndin um mikilvægi norrænnar samvinnu í málefnum norðurheimsskautsins. Þá hélt forsætisnefnd sérstakan fund um skipulag fjárlagaafgreiðslu ráðsins 3. ágúst og tóku formenn nefnda og flokkahópa þátt í fundinum. Skiptust menn á skoðunum um hvernig gera mætti þá afgreiðslu markvissari. Forsætisnefnd hitti samstarfsráðherra Norðurlandanna á fundi sínum í Kaupmannahöfn 21. október þar sem gerð var grein fyrir áherslum ráðsins, m.a. hvað varðar fjárlög ársins 1999, og samstarfi við norrænu ráðherranefndina. Fyrr um daginn hafði forsætisnefndin haldið fund með Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs og fulltrúa Sameinuðu þjóðanna í Júgóslavíustríðinu, þar sem rætt var um möguleika og vandamál friðargæslu. Þá hitti forsætisnefnd utanríkisráðherra Norðurlandanna í tengslum við 50. þing Norðurlandaráðs í Ósló. Þetta er í fyrsta skipti sem fulltrúar ráðsins hafa fundað með utanríkisráðherrunum, en sem kunnugt funda utanríkisráðherrar Norðurlandanna ekki á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Frumkvæðið að fundinum kom frá utanríkisráðherrunum. Á honum voru ræddir möguleikarnir á auknu utanríkismálasamstarfi Norðurlandanna,

m.a. með tilliti til Evrópusamstarfsins, fyrirbyggjandi friðargæslustarfs og þróunaraðstoðar, svo fátt eitt sé nefnt.

Norrænu fjárlagatillögurnar fyrir árið 1999 sem samþykktar voru á 50. þingi Norðurlandaráðs í nóvember 1998 hljóðuðu upp á 716,9 milljónir danskra króna. Tillaga ráðherranefndarinnar fyrir árið 1999 var lögð fram í byrjun júní og var fjallað um hana í ráðinu eftir að fagnefndirnar höfðu lokið umfjöllun sinni. Lokaumfjöllun og afgreiðsla var á þingi ráðsins, eins og áður segir, og var tekið fullt tillit til óska fjárlagahóps forsætisnefndar um breytingar á fjárlagatillögunum, svo sem um að auka útgjöld til Norræna menningarsjóðsins, til norrænnar íþróttasamvinnu, til baráttu gegn fíkniefnamisnotkun, til viðgerða á norrænu húsunum í Reykjavík og í Færeyjum, að skera niður framlag til Norræna iðnaðarsjóðsins og að fresta framkvæmd rannsóknaráætlunarinnar á norðurheimskautinu um eitt ár (sjá fylgiskjal).

Forsætisnefnd fjallaði um nokkrar tillögur á árinu. M.a. setti hún á fót vinnuhóp með fulltrúum allra flokka til að fjalla um tillögu frá flokkahópi vinstri manna um MAI-samning OECD (marghliðasamkomulagið um fjárfestingu). Valgerður Sverrisdóttir sat í vinnuhópnum fyrir hönd miðjumanna og Rannveig Guðmundsdóttir fyrir jafnaðarmenn. Niðurstaða vinnuhópsins, sem samþykkt var í forsætisnefnd, var að styðja hugmyndina um marghliðasamkomulag um alþjóðlegar fjárfestingar, enda væri slíkt samkomulag mun happadrýgra en fjöldi tvíhliða samninga þar sem undirboð væru tíð. Þá var lögð áhersla á að eins mörg ríki og mögulegt væri ættu aðild að samkomulaginu og að samkomulagið tæki fullt tillit til annarra alþjóðasamninga um félagsleg réttindi og umhverfismál, auk krafna um gagnsæi við samningsgerð. Forsætisnefnd fjallaði enn fremur um önnur alþjóðleg málefni og sendi frá sér yfirlýsingar um norrænu víddina í ESB, um umhverfismál og um alþjóðlegar friðargæsluaðgerðir.

Þá fjallaði forsætisnefnd um tillögu um að gefa Samaþinginu fulla aðild að Norðurlandaráði. Tillagan var felld með þeim rökum að sæti í Norðurlandaráði gætu einungis átt fulltrúar á þjóðþingum aðildarríkjanna fimm og sjálfstjórnarsvæðanna þriggja. Því yrðu þau aðildarríki þar sem Samar eru búsettir að leysa málið sjálfir með því að tryggja samískum þingmönnum í þjóðþingunum einnig sæti í Norðurlandaráði. Þannig væri hægt að tryggja þátttöku þeirra í Norðurlandaráði. Þá var í álitinu lögð áhersla á mikilvægi þess að gefa hagsmunum og viðhorfum Sama fullan gaum í starfinu fram undan. Einnig var fjallað um tillögu frá Steingrími J. Sigfússyni og flokkahópi vinstri manna um notkun viðskiptahindrana. Tillagan fól í sér að Norðurlöndin mundu samræma stefnu sína þegar viðskiptahindranir eru annars vegar og vinna gegn því að þær bitnuðu á almennum borgurum. Tillögunni var vísað frá með þeim rökum að Norðurlöndin, á mismunandi hátt þó, yrðu að hlíta sameiginlegum ákvörðunum í Evrópusambandinu og hjá Sameinuðu þjóðunum, sem minnkaði svigrúm þeirra sem ríkjahóps til sértækra aðgerða. Í áliti forsætisnefndar var hins vegar tekið undir mikilvægi þess að Norðurlöndin leituðust við að skilgreina grundvallarreglur sem taka mætti mið af við framkvæmd viðskiptabanna. Á hinn bóginn var sagt að ríkisstjórnir Norðurlandanna tækju þegar þátt í umræðu af þessu tagi og því væri ekki ástæða til að fylgja tillögunni frekar eftir. Þá samþykkti forsætisnefnd að samningur yrði gerður á milli upplýsingadeildar Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar um nánara samstarf og samnýtingu starfskrafta. Skyldi samningurinn gilda í eitt ár. Forsætisnefnd samþykkti enn fremur að halda á árinu 1999 ráðstefnu í samstarfi við norska Stórþingið um málefni Barents-svæðisins og bjóða fulltrúum nærsvæðanna, einkum rússneska þinginu, til þátttöku. Loks samþykkti forsætisnefnd á fundi sínum 9. desember að styrkja endurbyggingu Brattahlíðar á Grænlandi með framlagi að upphæð 1 milljón danskra króna.

3.2. Norðurlandanefnd.

Fulltrúar Íslands í Norðurlandanefnd á starfsárinu voru Sigríður A. Þórðardóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir sem tók sæti hennar í nefndinni þegar Sigríður tók sæti í forsætisnefnd í maí. Þá var Steingrímur J. Sigfússon kjörinn í nefndina á 50. þingi Norðurlandaráðs í Ósló.

Málefni Norðurlandanefndar eru fyrst og fremst sígild norræn samstarfsmálefni, menning, menntun, félagsmál, jafnréttismál og réttindamál. Norðurlandanefnd gerði auk þess vinnuáætlun fyrir starfsárið 1998 og ákvað að sérstaklega yrði unnið að eftirfarandi málefnum: menningarmálum, þar sem lögð var áhersla á að styðja Norræna menningarsjóðinn og menningarstarf frjálsra félaga og hópa, sem og menningarlega fjölbreytni; málefnum barna og unglinga á Norðurlöndunum og nærsvæðunum; baráttu gegn útlendingahatri; tungumálasamstarfi; húsnæðismálum; samstarfi við frjáls félagasamtök; fjölmiðlum og vestnorrænu samstarfi. Varðandi síðasta málefnið var ákveðið á árinu að Norðurlandanefnd skyldi verða tengiliður Norðurlandaráðs við Vestnorræna ráðið og lýsti nefndin m.a. yfir stuðningi við æskulýðsráðstefnu Vestnorræna ráðsins og uppbyggingu Brattahlíðar. Þá fjallaði nefndin um fjölmargar tillögur frá norrænu ráðherranefndinni, þar á meðal um verkáætlun hennar í fíkniefnamálum, og lýsti eindreginni andstöðu sinni við aukið frjálsræði í fíkniefnamálum sem leið í baráttu gegn þeim vanda.

Nefndin hélt sex fundi á árinu. Auk þess hittust vinnuhópar nefndarinnar og formenn alloft. Í tengslum við fundi nefndarinnar í janúar heimsótti hún fjórar norrænar stofnanir: Norrænu stofnunina um hafréttarmál; Norrænu stofnunina um rannsóknir á samskiptum kynjanna; Norræna iðnaðarsjóðinn; og Norræna rannsóknarsjóðinn. Þá var nefndinni boðin þátttaka í ráðstefnu UNESCO um menningarmál en hún var haldin í Stokkhólmi 30. mars til 2. apríl og bar yfirskriftina „The Intergovernmental Conference on Cultural Policies — Power of Culture". Í tengslum við ráðstefnuna hélt nefndin eins dags málþing 31. mars um framtíð velferðar á Norðurlöndunum þar sem velferðarkerfi norrænu ríkjanna var krufið og framtíð þess metin. Sendinefnd á vegum Norðurlandanefndar fór í upplýsingaheimsókn til Brussel dagana 21.–24. apríl þar sem hún fundaði m.a. með fulltrúum Evrópuþingsins og Anitu Gradin, framkvæmdastjóra í framkvæmdastjórn ESB. Á júnífundum nefndarinnar í Færeyjum var haldið málþing þar sem færeyskir fyrirlesarar voru fengnir til að gera grein fyrir menningarlegri og pólitískri stöðu eyjanna. Meðal fyrirlesara var Høgni Høydal, samstarfsráðherra Norðurlanda í færeysku landsstjórninni. Á septemberfundinum var settur á laggirnar vinnuhópur um málefni barna og unglinga á Norðurlöndunum og á hann að skila verkáætlun í málaflokknum fyrir 51. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Arnbjörg Sveinsdóttir á sæti í vinnuhópnum fyrir hönd flokkahóps hægri manna, en finnski þingmaðurinn Riitta Prusti er formaður hans. Vinnuhópurinn hélt þrjá fundi á árinu 1998 og á meðal forgangsverkefna hans eru barátta gegn einelti og ofbeldi meðal barna og unglinga, tengsl atvinnu- og fjölskyldulífs og staða barna og unglinga í dreifðari byggðum. Nefndin setti einnig á fót vinnuhóp til að móta stefnu um samstarf við frjáls félagasamtök, en sá hópur kom ekki saman á árinu.

Um tillögur sem vísað var til nefndarinnar og hún afgreiddi vísast til fylgiskjals.

3.3. Evrópunefndin.

Fulltrúar Íslands í Evrópunefndinni voru Siv Friðleifsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon og gegndu þau bæði stöðum varaformanna nefndarinnar, hvort fyrir sinn flokkahóp. Eins og nafnið gefur til kynna er það hlutverk nefndarinnar að sinna samstarfi Norðurlanda og ESB/EES/EFTA og fjalla um stefnu norrænu ríkjanna í þeim málaflokki. Í því sambandi hefur nefndin einkum beint sjónum að atvinnumálum, hagstjórnarmálum, neytendamálum og meðferð evrópskrar löggjafar á Norðurlöndunum, auk þess sem nefndin fjallar um starfsáætlanir

formennskuríkja og framkvæmdastjórnar ESB (sem eru lagðar fram á hálfs árs fresti). Meðal forgangsverkefna nefndarinnar á árinu 1998 var umfjöllun um áhrif Myntbandalags Evrópu; umræða um áhrif stækkunar Evrópusambandsins; atvinnumál; og neytendamál, en vinnuhópur í síðasttalda málaflokknum skilaði af sér tillögum á árinu sem afgreiddar voru á þinginu í Ósló. Þá starfaði áfram vinnuhópur nefndarinnar um málefni Norræna iðnaðarsjóðsins.

Nefndin hélt sex fundi á árinu en formaður og varaformenn nefndarinnar komu oftar saman, auk vinnuhópsins um neytendamál. Evrópunefndin hitti norrænu atvinnumálaráðherrana í tengslum við þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um umhverfismál 25. febrúar. Á þeim fundi kom m.a. fram gagnrýni nefndarinnar á skýrslur ráðherranna um atvinnumál þar sem Evrópunefndarmenn söknuðu sárlega skýrari stefnumótunar og úrræða í atvinnumálum. Hinn 19. apríl og 2. júní hélt Evrópunefndin ráðstefnur um áhrif stækkunar Evrópusambandsins á Norðurlöndin annars vegar og hins vegar um áhrif stofnunar Myntbandalags Evrópu á norrænu ríkin. Þar eð fulltrúar úr öðrum nefndum Norðurlandaráðs tóku virkan þátt í þessum ráðstefnum verður fjallað um þær í fimmta kafla skýrslunnar. Á fundi nefndarinnar í Færeyjum var fjallað sérstaklega um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, m.a. með tilliti til fiskveiðistefnu Evrópusambandsins. Þá kynnti nefndin sér atvinnulíf í Færeyjum, einkum fiskveiðar, og afstöðu stjórnmálamanna til sambandsins á milli Færeyja og Evrópusambandsins, tengsla eyjanna við innri markaðinn og möguleg áhrif breytinganna innan ESB á stöðu Færeyja. Þema á fundi nefndinnar í september var skýrsla framkvæmdastjórnar ESB „Agenda 2000" og voru tillögur hennar sem miða að uppstokkun landbúnaðar- og styrkjakerfis sambandsins til umræðu. Fulltrúar framkvæmdastjórnar ESB og hagsmunasamtaka bænda í Danmörku tóku þátt í umræðunum. Evrópunefndin hitti samstarfsráðherra Norðurlandanna á fundi í Kaupmannahöfn 21. október þar sem ESB- og EES-samstarfið var til umræðu. Þar voru m.a. rædd málefni Schengen og atvinnumál. Forsætisnefnd tók einnig þátt í þessum fundi. Í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Ósló fékk Evrópunefndin fulltrúa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á fund sinn þar sem þeir gerðu grein fyrir straumum og stefnum í alþjóðaviðskiptum og löggjöf þar að lútandi.

Evrópunefndin fékk til umfjöllunar fjölda tillagna á árinu 1998. Um þær tillögur sem nefndin afgreiddi til Norðurlandaráðsþingis vísast til fylgiskjals.

3.4. Nærsvæðanefndin.

Fulltrúi Íslands í nærsvæðanefndinni á starfsárinu var Sturla Böðvarsson. Í vinnuáætlun sinni fyrir starfsárið ákvað nærsvæðanefndin að einbeita sér að samskiptum og samvinnu við Eystrasaltslöndin og heimskautssvæðin en einnig var ákveðið að efla samstarf við nærsvæði Rússlands og þau ríki sem eiga land að Eystrasalti. Önnur viðamikil verkefni nefndarinnar á árinu voru umhverfis- og orkumál þar sem umfjöllun um aðgerðir til að tryggja öryggi kjarnorkuvera í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi var fyrirferðarmikil. Sérstakt forgangsverkefni nefndarinnar var barátta gegn skipulögðum glæpum á nærsvæðunum og var ákveðið að halda sérstakan fund Norðurlandaráðs og Eystrasaltsráðsins í upphafi árs 1999 um málefnið. Auk þess var á árinu ákveðið að fiskveiðimál mundu í framtíðinni heyra undir nærsvæðanefndina. Vinnuhópur um málefni barna á nærsvæðunum skilaði tveimur skýrslum á árinu. Í kjölfar þess var haldin ráðstefna um málefni barna og unglinga í Stokkhólmi 7.–8. desember og er fjallað nánar um hana í kafla fimm. Þá skilaði finnski þingmaðurinn Hannes Manninen skýrslu til nefndarinnar um umhverfismál í Múrmansk-héraði og flutti nefndin tillögur í framhaldi af því.

Nefndin hélt fimm fundi á árinu. Sumarfundir nefndarinnar voru haldnir í Tallin, höfuðborg Eistlands og Sankti Pétursborg í Rússlandi. Auk nefndastarfs heimsótti nefndin um-

hverfisráðuneyti Eistlands og hlýddi á erindi um efnahagslega og pólitíska stöðu Eistlands hjá fulltrúum seðlabanka landsins, auk þess sem nefndin fundaði með sendinefnd eistneska þingsins í Eystrasaltsráðinu. Þá heimsótti nefndin lögregluyfirvöld í Tallin og ræddi baráttu gegn skipulögðum glæpum. Í Sankti Pétursborg heimsótti nefndin norrænu upplýsingaskrifstofuna í borginni og fékk upplýsingar um fangelsismál í Norðvestur-Rússlandi en var hins vegar meinaður aðgangur að fangelsi sem hún hugðist heimsækja. Í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Ósló fundaði nærsvæðanefndin með þeim norrænu ráðherrum sem bera ábyrgð á aðstoð við nærsvæði Norðurlandanna (í flestum tilfellum samstarfsráðherrar Norðurlandanna), sem og orkumálaráðherrum, og ræddi möguleikana á aukinni samvinnu og aukinni aðstoð. Þá má geta þess að á vegum nærsvæðanefndar var hópi þingmanna frá Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum boðið í upplýsinga- og námsferð til Norðurlandanna, utan Íslands. Sú ferð var farin í maí.

Nærsvæðanefndin fjallaði um fjölda tillagna á árinu og vísast til fylgiskjals varðandi þær tillögur sem afgreiddar voru á Norðurlandaráðsþingi.

3.5. Eftirlitsnefnd.

Fulltrúi Íslands í eftirlitsnefndinni var Sturla Böðvarsson. Í nefndinni situr einn fulltrúi frá hverju landi og aðalverkefni hennar er að fylgjast með og endurskoða starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Nefndin ber einnig ábyrgð á stjórnskipulegum málefnum og tekur til umfjöllunar endurskoðaða reikninga Norræna menningarsjóðsins.

Nefndin hélt fimm fundi á árinu. Á fundum sínum leitaðist nefndin við að heimsækja samnorrænar stofnanir. Árið 1998 heimsótti hún Eystrasaltsstofnunina í Karlskrona og Norrænu menningarmiðstöðina í Helsinki.

Frá og með miðju ári fjallaði nefndin um ársreikninga norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs fyrir árið 1997. Í umfjöllun sinni um þá var það m.a. skoðun nefndarinnar að nokkur árangur hefði náðst í því að styrkja stjórnsýslulegar hefðir við gerð ársreikninga, en benti hins vegar á að enn væri reikningum ýmissa stofnana á snærum ráðherranefndarinnar talsvert ábótavant. Í umfjöllun um ársreikninga Norræna menningarsjóðsins gerði eftirlitsnefndin m.a. athugasemd við háan rekstrarkostnað skrifstofunnar og að styrkjum væri ekki fylgt nægilega eftir. Þá fjallaði eftirlitsnefndin um niðurstöðu starfshóps ríkisendurskoðenda Norðurlanda, en þeir höfðu haft til skoðunar möguleikann á samræmdum reglum um endurskoðun norrænna stofnana. Hingað til hafa norrænar stofnanir verið endurskoðaðar á mismunandi hátt, eftir gildandi reglum í því landi sem þær eru staðsettar. Þannig hafa þær birt mismunandi ársreikninga sem gert hefur samanburð erfiðan á frammistöðu í rekstri og raunverulegri fjárhagsstöðu viðkomandi stofnana.

Enn fremur lét nefndin á árinu gera sérstaka úttekt á aðgerðum norrænu ráðherranefndarinnar til að samræma aðstoð Norðurlandanna við Eystrasaltsríkin. Skoðaðir voru málaflokkarnir umhverfis- og heilbrigðismál. Fenginn var sænskur ráðgjafi til að vinna verkið. Meðal niðurstaðna skýrslu hans var að bæta mætti upplýsingaflæði milli ráðuneyta Norðurlandanna, bæði innbyrðis og við samstarfsaðila í Eystrasaltsríkjunum. Þá var bent á að norrænu fjármagnsstofnanirnar gætu aukið aðstoð sína. Eftirlitsnefndin flutti tillögur á grunni skýrslunnar. Um þær og aðrar tillögur sem nefndin lagði fram til afgreiðslu á Norðurlandaráðsþingi vísast til fylgiskjals.

4. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru nú þrenns konar, bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun. Bókmennta- og tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs var

úthlutað í tengslum við umhverfisráðstefnu ráðsins 26. febrúar í Gautaborg. Umhverfisverðlaununum var hins vegar úthlutað í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Ósló 11. nóvember.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru þau veitt fyrir bókmenntaverk sem ritað hefur verið á einu Norðurlandamálanna. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga á bókmenntum á tungumálum norrænu þjóðanna. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1998 hlaut finnska skáldkonan Tua Forsström fyrir ljóðabók sína „Nótt með hestum".

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965 og fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Síðan 1990 hafa verðlaunin verið veitt á ári hverju og eru þau veitt annað árið til tónskálda og hitt til tónlistarflytjenda. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 1998 hlaut sænska tónskáldið Rolf Wallén.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð skyldi veita náttúru- og umhverfisverðlaun á hverju ári. Verðlaunin á að veita aðila sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða til hóps fólks, samtaka, fjölmiðla, fyrirtækja eða stofnana sem hefur í störfum sínum tekist að sýna náttúrunni tillitsemi á aðdáunarverðan hátt. Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn á þingi ráðsins í Kuopio í nóvember 1995. Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 1998 hlaut verkefnið „Jarðvegsvernd" sem unnið var undir stjórn Dr. Ólafs Arnalds, fyrir Landgræðslu ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Verðlaun Norðurlandaráðs nema 350 þús. d.kr.

5. Ráðstefnur á vegum Norðurlandaráðs.

5.1. Þemaráðstefna Norðurlandaráðs um umhverfismál.

Dagana 25. og 26. febrúar fór fram þemaráðstefna Norðurlandaráðs um umhverfismál. Ráðstefnan var haldin í Gautaborg og í tengslum við hana voru afhent bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs. Á ráðstefnunni var sjónum beint að skilyrðum sjálfbærs samfélags og hugsjónin um að Norðurlöndin verði fyrsta sjálfbæra svæðið í veröldinni rædd í þaula. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Norðurlöndin – sjálfbært svæði?" Þátttakendur í ráðstefnunni voru þingmenn Norðurlandaráðs, ýmsir ráðherrar Norðurlanda og þingmenn og ráðherrar frá Eystrasaltsríkjunum, auk fulltrúa frá fjölþjóðastofnunum, svo sem ESB, Evrópuráðinu, Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) o.fl. Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, flutti aðalerindi ráðstefnunnar, auk þess sem Indulis Emsis, umhverfisráðherra Lettlands, Domingo Jiminez-Beltran frá Umhverfisstofnun Evrópu og Elisabeth Dowdeswell frá UNEP fluttu ávörp við opnun hennar. Guðmundur Bjarnason umhverfisráðherra flutti ávarp og tók þátt í pallborðsumræðum og Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda, flutti erindi í vinnuhóp um umhverfismál í hnattrænu samhengi. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu ráðstefnuna Valgerður Sverrisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Siv Friðleifsdóttir og Sturla Böðvarsson. Á ráðstefnunni fóru fram umræður um einstök mál í fjórum málefnahópum. Í þeim var rætt um umhverfismál í hnattrænu samhengi, umhverfismál í Eystrasaltinu, möguleika á norrænu samstarfi við umhverfisvæna orkuframleiðslu og mikilvægi lífshátta fyrir sjálfbæra þróun.

Í umræðum um þá stefnu forsætisráðherra Norðurlandanna að gera Norðurlöndin að sjálfbæru svæði var m.a. lagt til að þau mundu í sameiningu beita sér fyrir því að hrinda í framkvæmd markmiðum Ríó-yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Þá var lögð mikil áhersla á að auka rannsóknir í umhverfismálum og skiptast markvissar á upplýsingum um umhverfismál,

ekki síst á internetinu. Hugmyndir um umhverfisvæna orkureikninga voru ræddar, sem og um umhverfisskatta, auk tillagna um að nota vörumerkingar betur til að ná fram markmiðum í umhverfismálum. Þá vakti athygli yfirlýsing forsætisráðherra Svíþjóðar um að það væri langtímastefna ríkisstjórnar hans að taka úr notkun öll kjarnorkuver landsins.

5.2. Ráðstefna um stækkun Evrópusambandsins.

Hinn 16. apríl stóð Evrópunefnd Norðurlandaráðs fyrir ráðstefnu um áhrif stækkunar Evrópusambandsins á Norðurlöndin. Þátttakendur voru þingmenn Evrópunefndar, fulltrúar annarra nefnda Norðurlandaráðs, þingmenn og embættismenn frá Norðurlöndunum og nokkrum ríkjum Austur-Evrópu. Meðal fyrirlesara voru Siv Friðleifsdóttir, varaformaður Evrópunefndar, sem setti ráðstefnuna og stjórnaði umræðum í fyrri hluta hennar; Ole Stavad, ráðherra skattamála í Danmörku; Juris Kanels, sendiherra Lettlands við Evrópusambandið; Erkki Liikanen, framkvæmdastjóri fjármála og starfsmannahalds í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins; og Ole Norrback, Evrópumálaráðherra Finnlands. Þá stjórnaði Steingrímur J. Sigfússon, varaformaður Evrópunefndar, umræðum í seinni hluta ráðstefnunnar, tók saman niðurstöður umræðna og sleit ráðstefnunni. Af hálfu fastanefnda Alþingis sóttu einnig ráðstefnuna Árni R. Árnason, Vilhjálmur Egilsson og Kristín Ástgeirsdóttir.

Á ráðstefnunni fór fram lífleg umræða um stækkun Evrópusambandsins og áhrif hennar á Norðurlöndin. Ole Stavad hélt því fram að norrænt samstarf hefði verið mikið á ríkjaráðstefnu sambandsins og þar hefðu norrænar áherslur náð fram að ganga. Eins væri niðurstaðan í stækkunarviðræðum Evrópusambandsins við umsóknarríkin, sem náðist á leiðtogafundinum í Lúxemborg, ásættanleg. Hann sagði Norðurlöndin styðja ríki Mið- og Austur-Evrópu í aðildarumsóknum sínum og að framtíðaraðild þessara ríkja mundi styrkja Evrópusambandið. Í máli fulltrúa Póllands, Lettlands og Litháen þar sem þeir ræddu um væntingar af ESB-aðild, kom fram að þessi lönd vænta mikils af Norðurlöndunum í því aðlögunarferlinu fram undan. Þá ítrekuðu þeir að markmiðin með ESB-umsóknunum væru bæði efnahagsleg og pólitísk og góður árangur í aðlögunarferlinu væri mikilvægur fyrir pólitíska stöðugleika í umsóknarríkjunum. Erkki Liikanen, framkvæmdastjóri fjármála og starfsmannahalds í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, dró upp helstu útlínur „Agenda 2000", áætlunar framkvæmdastjórnar ESB um uppstokkun í styrkja- og sjóðakerfi ESB. Hann sagði þessa áætlun vera róttæka, vissulega pólitískt erfiða fyrir ýmis ríki, en þó fyrst og fremst afar nauðsynlega fyrir sambandið til að vera reiðubúið undir stækkun. Þátttakendur á ráðstefnunni voru um 200 talsins.

5.3. Ráðstefna um áhrif Myntbandalags Evrópu (EMU) á Norðurlöndin.

Hinn 2. júní hélt Evrópunefndin ráðstefnu um þýðingu Myntbandalags Evrópu fyrir Norðurlöndin. Ráðstefnan fór fram í Ósló og þátttakendur voru þingmenn í Evrópunefnd Norðurlandaráðs og fulltrúar annarra nefnda ráðsins, auk sérfræðinga og embættismanna. Meðal fyrirlesara voru Ilkka Kajaste, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti Finnlands, Arne J. Isachsen, prófessor við Verslunarháskólann í Ósló, Ann Westergren Ekstedt, framkvæmdastjóri hjá Ericsson, Christen Sørensen, formaður atvinnulífsráðs verkalýðshreyfinga Danmerkur, og Berit Brørby Larsen, forseti Norðurlandaráðs. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sótti fundinn Steingrímur J. Sigfússon, en hann tók þátt í pallborðsumræðum á ráðstefnunni fyrir hönd flokkahóps vinstri manna. Auk þess sótti Geir H. Haarde fjármálaráðherra ráðstefnuna.

Í umræðunum kom m.a. fram að markmið finnskra stjórnvalda með þátttöku í Myntbandalagi Evrópu (en Finnland tekur eitt Norðurlandanna þátt í bandalaginu frá byrjun) er að hafa áhrif á sameiginlega stefnu ESB í peninga- og gengismálum. Aðspurður hvernig Finnland

hygðist bregðast við ytri áföllum í efnahagslífinu eftir að gengisfelling sem hagstjórnartæki væri úr sögunni sagði Ilkka Kajaste að finnskt efnahagslíf væri mun fjölbreyttara en áður og því líkur á ytri áföllum litlar. Arne J. Isachsen ræddi möguleika lítilla hagkerfa á því að aðlaga sig stóru myntbandalagi og lagði áherslu á að ríkin utan EMU yrðu að gæta að efnahagslegum stöðuleika. Aðeins þannig gætu þau haldið í við myntbandalagsríkin, sem og með því að auka sveigjanleika á vinnumarkaði til að geta brugðist við sveiflum. Ann Westergren Ekstedst ræddi möguleika og kosti EMU fyrir atvinnulífið og sagði Ericsson nú þegar hafa tekið upp evruna í bókhaldi sínu. Hættuna við EMU sagði hún vera líkur á því að bandalagið brysti vegna ólíkra aðstæðna í þátttökulöndunum. Loks saknaði Christen Sørensen, formaður atvinnulífsráðs verkalýðshreyfinga Danmerkur, efnahagsstefnu hjá myntbandalagsríkjunum, þar eð aðaláhersla væri lögð á stöðugleika en ekki virkar aðgerðir, m.a. til að útrýma atvinnuleysi. Eftir fyrirlestrana og fyrirspurnir þeim tengdar fóru fram líflegar pallborðsumræður.

5.4. Barnforum – ráðstefna um málefni barna og unglinga.

Dagana 7.–8. desember sl. fór fram í Stokkhólmi ráðstefnan Barnforum sem helguð var málefnum barna og unglinga á Norðurlöndunum, í Eystrasaltsríkjunum og í Norðvestur-Rússlandi. Nærsvæðanefnd Norðurlandaráðs stóð fyrir ráðstefnunni í samvinnu við UNICEF, barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. Þátttakendur voru rúmlega 300, ráðherrar, þingmenn, sérfræðingar og fulltrúar ýmissa frjálsra félagasamtaka, auk annarra gesta. Auk þess stóð Norðurlandaráð í samvinnu við norrænu félögin á Norðurlöndunum fyrir ráðstefnu ungs fólks, með þátttöku 50 ungmenna frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu ráðstefnuna Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þess tók Kristín Ástgeirsdóttir þátt í ráðstefnunni fyrir hönd félagsmálanefndar Alþingis. Þá tók Páll Pétursson félagsmálaráðherra þátt í umræðum ráðherra (eða fulltrúa þeirra) og ungmenna frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Meðal þátttakenda í umræðunum voru Guðný Guðmundsdóttir og Sigrún Helga Jóhannsdóttir frá Æskulýðsráði Íslands og Andri Snær Magnason rithöfundur var annar stjórnenda.

Berit Brörby Larsen, forseti Norðurlandaráðs, setti ráðstefnuna formlega. Í máli sínu kom hún m.a. inn á bágan aðbúnað fólks á nærsvæðum Norðurlanda og sagði frelsisvorið sem hófst í Austur-Evrópu í byrjun þessa áratugar nú smám saman vera að breytast í kuldahaust. Hún hvatti ráðstefnugesti til að gera sitt besta til að bæta kjör og aðstæður barna og unglinga á nærsvæðunum og fagnaði ráðstefnunni sem hluta af því starfi. Því næst tók Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, við ráðstefnustjórn. Að lokinni ræðu hennar tóku m.a. til máls þau Anita Gradin, framkvæmdastjóri innflytjenda-, flóttamanna- og innanríkismála hjá ESB, John J. Donahue, yfirmaður Evrópuskrifstofu UNICEF, og Sir Peter Ustinov leikari. Að loknum ræðum þeirra skiptu ráðstefnugestir sér niður í sex vinnuhópa eftir málefnum. Þau voru ofbeldi á meðal barna og unglinga; kynferðisglæpir gagnvart börnum; glæpir barna og unglinga: fyrirbyggjandi aðgerðir og árangur af þeim; umhverfi og heilsa barna; lífstíll og fíkniefni; og þorum við að láta börnin fá áhrif? Í hverjum vinnuhópi höfðu framsögu þrír til fjórir sérfræðingar um hvert málefni, og var hópunum ætlað að koma með eina meginniðurstöðu, helst með ábendingum um beinar aðgerðir. Sigríður A. Þórðardóttir stjórnaði umræðum í hópnum um kynferðisglæpi.

Meðal niðurstaðna af umræðum í vinnuhópunum má nefna eftirfarandi: Í fyrsta vinnuhópnum var bent á mikilvægi þess að greina strax einkenni ofbeldishegðunar á meðal barna og grípa inn í þá þegar. Í því samhengi var áhersla lögð á hlutverk skóla og foreldra. Í vinnu-

hópnum um kynferðisglæpi var lögð þung áhersla á að setja málefnið ofar á forgangslista stjórnvalda. Lögð var megináhersla á auka menntun, þekkingu og fræðslu til að berjast gegn þessum vanda, bæði meðal barna og fullorðinna. Þá var í niðurstöðunni vakin athygli á nýjum hættum samfara internetnotkun þar sem brögð eru að því að barnaníðingar komist í kynni við fórnarlömb. Í þriðja vinnuhópnum var lögð áhersla á að löndin mundu vinna nánar saman í baráttunni gegn glæpum barna og unglinga. Þá var bent á möguleikann á því að nýta vinabæjarsamstarf og lögð áhersla á þýðingu skólastarfs og frjálsra félagasamtaka. Í fjórða vinnuhópnum, sem fjallaði um umhverfi og heilsu barna og unglinga, var bent á mikilvægi þess að börn og unglingar hefðu sjálf rétt til að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi og rétt til þátttöku í ákvarðanatöku. Bent var á hlutverk fjölskyldunnar og skólans í þessu samhengi og hvatt til evrópsks átaks til að bæta umhverfi barna og unglinga. Í vinnuhópnum um lífsstíl og eiturlyf var einnig bent á mikilvægi þess að hafa börn og unglinga með í ráðum. Reynslan sýnir að ungmennin sjálf geta best lagt mat á hvaða áróður og aðgerðir duga best gegn fíkniefnanotkun. Þá var lagt til að bætt yrði stefnumótun í ríkjunum til að ýta undir heilbrigðan lífsmáta. Í sjötta vinnuhópnum um aukin þátttökuréttindi barna í stefnumótun var bent á verðmæti þess að hlusta á sjónarmið barna og unglinga þar sem stjórnmálamenn gætu fengið góðar hugmyndir. Í tillögum hópsins var hvatt til þess að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna yrði kynntur betur, ekki síst á meðal barna og unglinga.

6. 50. þing Norðurlandaráðs.

50. þing Norðurlandaráðs var haldið í Ósló dagana 9.–12. nóvember 1998. Íslandsdeild Norðurlandaráðs sótti þingið, auk Sigríðar Jóhannesdóttur, varamanns Steingríms J. Sigfússonar, en þau höfðu sætaskipti á þinginu sem aðal- og varamaður. Árni Johnsen og Ísólfur Gylfi Pálmason sóttu þingið sem varamenn Sigríðar A. Þórðardóttur og Sivjar Friðleifsdóttur. Í upphafi þingsins var 50 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna minnst. Þá voru umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs afhent 11. nóvember eins og getið er að framan.

Á þinginu voru bæði almennar stjórnmálaumræður og sérstakar umræður um utanríkis- og varnarmál. Davíð Oddsson forsætisráðherra flutti inngangsræðu almennu stjórnmálaumræðunnar, en Ísland fer með formennsku í norrænu ráðherranefndinni árið 1998. Í erindi sínu greindi Davíð frá áætlun ríkisstjórnar Íslands á næsta starfsári sem ber titillinn „Fólk og haf í norðri“. Í þeirri áætlun er einkum lögð áhersla á skynsama og umhverfisvæna nýtingu sjávarauðlinda og mikilvægi þess að rannsaka og hlúa að lífsskilyrðum og menningu fólks á Vestur-Norðurlöndunum og norðurheimskautssvæðinu. Eins er lögð áhersla á að hlúa að dreifðari byggðum og verkefnum tengdum fiskveiðum, landbúnaði, skógarvinnslu, umhverfisvernd, rannsóknum og menntun. Í stefnuræðu sinni sagði forsætisráðherra m.a. að nýting auðlinda hafsins væri nátengd menningu og hefðum vesturnorræna svæðisins. Umheimurinn sýndi oft lítinn skilning á nýtingu sjávarauðlinda, þar með talið sjávarspendýra, eins og afstaða ýmissa umhverfissamtaka sýndi. Í áætluninni er einnig lögð áhersla á nýtingu upplýsingatækni í norrænu samstarfi og að virkja hana í þjónustu við miðlun upplýsinga um norrænan menningararf, norrænt vísindastarf og samfélagsmál. Þá lagði forsætisráðherra áherslu á að Norðurlöndin ættu í sameiningu að taka þátt í því að skapa nýja Evrópu, eftir stríðshörmungar þessarar aldar. Það samstarf tekur til margra þátta og mun einnig beinast að samstarfi við grannsvæðin í vestri, Skotland og Hjaltlandseyjar.

Gun Hellsvik, þingmaður hægri manna á sænska þinginu, var kosin forseti Norðurlandaráðs. Í ræðu sinni í lok þingsins sagðist hún vilja leggja áherslu á aukið samstarf Norðurlandanna við Eystrasaltsríkin og einkum Rússland. Norðurlöndin yrðu að gæta þess að efla

samskipti við öll nærsvæðin, svo ekki yrðu til nýjar aðskilnaðarlínur í álfunni. Hún sagðist enn fremur mundu vinna að því að gera starf ráðsins enn skilvirkara og gera öryggismál, mannréttindamál og menntamál að forgangsverkefnum ráðsins á komandi starfsári.

Fyrir utan ráðherratillöguna um fjárlögin fyrir 1998 fjallaði þingið einnig um margar ráðherra-, nefnda- og þingmannatillögur, m.a. um neytendamál, orkumál, baráttu gegn glæpum, réttindi barna á nærsvæðunum og vernd smærri tungumála. Um tilmæli, umsagnir og ákvarðanir um innri málefni sem samþykkt voru á þinginu vísast til fylgiskjals. Á þinginu var einnig samþykkt breytingartillaga við norrænu fjárlögin. Á þinginu var í þriðja sinn beinn fyrirspurnatími þar sem samstarfsráðherrar Norðurlanda sátu fyrir svörum. Þá má geta þess að hægt var að ná umræðum á þinginu í beinni útsendingu á internetinu, auk þess sem allar ræður voru settar samdægurs inn á heimasíðu Norðurlandaráðs.

Alþingi, 12. febr. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, form.	Steingrímur J. Sigfússon, varaform.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Sturla Böðvarsson.

Fylgiskjal.

Tilmæli, umsagnir og ákvarðanir um innri málefni samþykktar á 50. þingi Norðurlandaráðs.

(Ósló, 9.–12. nóvember 1998.)

Tilmæli:

Tilmæli nr. 1/1998.
Samstarfsáætlunin um norræna samvinnu á sviði fíkniefnavarna 1997–2000 (B 170/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún samþykki tillögu um samstarfsáætlunina „Norræn samvinna á sviði fíkniefnavarna 1997–2000“ og að Norðurlandaráð fái árlegar framkvæmdaáætlanir til umsagnar.

Tilmæli nr. 2/1998.
Norrænir völuflutningar (A 1170/nord)

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún geri Norðurlandaráði grein fyrir skoðun sinni á völuflutningum á löngum leiðum og þörfinni á norrænni samræmingu á sviði völuflutninga og geri í því sambandi sérstaklega grein fyrir því:
  — hvernig ráðherranefndin mun samræma og stuðla með öðrum hætti að þróun völuflutninga bæði innan Norðurlanda, til þeirra og frá, og

— hvernig hún vilji leysa umhverfisvandamál flutningageirans með tilliti til þróunar vöruflutninga á löngum leiðum með járnbrautum annars vegar og á þjóðvegum hins vegar.

Tilmæli nr. 3/1998.
Norrænu fjárlögin fyrir 1999 (B 180/p).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að vinnan í fjárlagaferlinu verði aukin og bætt með stöðugu samráði ráðsins og nefndarinnar,
— að nefndin taki í fjárlagastarfinu tilhlýðilegt tillit til óska ráðsins eins og þær koma fram í tilmælum þess, og
— að gerðar verði eftirfarandi breytingar á tillögu til fjárlaga fyrir árið 1999:
  — fjárveiting til norræna menningarsjóðsins verði aukin um 1,5 milljónir DKK,
  — fjárveiting til norræns íþróttasamstarfs verði aukin um 100.000 DKK,
  — fjárveiting til norrænna ungmennanefnda verði aukin um 250.000 DKK,
  — fjárveiting til liðar 1112, námsmannaskipti milli Vestur-Norðurlanda og annarra Norðurlanda, verði aukin um 300.000 DKK,
  — fjárveiting til liðar 1140, norræn málnefnd, verði aukin um 800.000 DKK,
  — fjárveiting til liðar 1142, Nordmål, verði aukin um 100.000 DKK,
  — fjárveiting til liðar 1166, norræn lífsiðanefnd, verði aukin um 500.000 DKK og umboð nefndarinnar framlengt,
  — fjárveiting til liðar 2000, matvælamál, verði aukin um 2 milljónir DKK,
  — fjárveiting til liðar 2200, áætlun um samstarf á sviði fíkniefnavarna, verði aukin um 90.000 DKK,
  — fjárveiting til liðar 6009, styrkir til sjálfboðastarfs, verði aukin um 200.000 DKK,
  — veitt verði 1 milljón til endurbóta á norrænu húsunum í Þórshöfn og Reykjavík,
  — veitt verði 1,6 milljónir DKK til frumkönnunar vegna Nordplus-mini áætlunarinnar,
  — fjárveiting til liðar 1070, þverfagleg verkefni, verði skorin niður um 1 milljón DKK,
  — fjárveiting til liðar 2801, Norræni iðnaðarsjóðurinn, verði skorin niður um 1,5 milljónir DKK,
  — norðurskautsrannsóknaáætluninni verði frestað um eitt ár, til 1999–2003, með vísan til þess að hún er varla hafin 1998 og skera þannig fjárveitingu til hennar niður um 5,5 milljónir DKK 1999 án þess þó að breyta heildarkostnaðinum, 30 milljónum DKK,
  — að lögð verði sérstök áhersla á eftirfarandi málaflokka þegar unnið verður að tillögu um fjárlög fyrir árið 2000:
    — börn og ungmenni á Norðurlöndum og nærsvæðum Norðurlanda,
    — tungumálasamstarf,
    — samstarf á sviði fíkniefnavarna,
    — barátta gegn glæpum,
    — neytendamál,
— að tekið verði að öðru leyti tillit til þeirra sjónarmiða sem sett eru fram í umsögn forsætisnefndarinnar.

Tilmæli nr. 4/1998.
Marghliða samningur um fjárfestingar (MAI-samningurinn) (Multilateral Agreement on Investment) (A 1178/p).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær leitist við í meginatriðum að koma á fjölhliða samningi um fjárfestingar fremur en að búa við flókið kerfi tvíhliða samninga,
— að þær stuðli að því að samkomulag náist um MAI-samning með þátttöku eins margra þjóða og kostur er,
— að þær stuðli að því að MAI-samningnum verði haldið innan ramma efnahagslegrar, félagslegrar og sjálfbærrar þróunar,
— að þær taki í áframhaldandi samningaviðræðum mið af því sem fram kemur í umsögn þessari, um þörfina á að vernda umhverfið, réttindi launþega og menningargildi og að ekki verði slegið af kröfum að þessu leyti,
— að þær hvetji til opinberrar umræðu á meðan viðræðuferlinu stendur með þátttöku samtaka iðnaðarins og launþega, samtaka um umhverfisvernd og þróunarlandaaðstoð og annarra sem málið varðar.

Tilmæli nr. 5/1998.
Aðgerðir til að stuðla að þróun markaða á nærsvæðum Norðurlanda (A 1183/n).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún láti kanna þörfina á aðgerðum sem nýtast smáfyrirtækjum á nærsvæðunum, bæði í formi lána og hæfnisaukandi aðgerða, sem hægt er að hrinda í framkvæmd á samnorrænum grundvelli,
— að hún hefji starfsemi til að fullnægja þeim þörfum sem mest áhersla er lögð á.

Tilmæli nr. 6/1998.
Norræn nettengsl fyrir greiningu og þróun hugmynda sem snerta stefnuna í atvinnumálum (A 1171/euro).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún láti gera úttekt á skipulagi og hæfni þeirra rannsókna- og greiningarstofnana, sem til eru á sviði atvinnumála, og geri á grundvelli niðurstöðunnar tillögu um hvernig koma megi á fót norrænum nettengslum sem hvetji til þróunar á þessu sviði.

Tilmæli nr. 7/1998.
Sveigjanlegur vinnutími (A 1179/euro).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að í skýrslunni um atvinnumál árið 1999 verði gerð grein fyrir reynslunni af og niðurstöðum rannsókna á mismunandi vinnutímafyrirkomulagi sem veitir aukinn sveigjanleika, m.a. hvað snertir „tímareikning“, leyfi til menntunar og ýmiss önnur form leyfa.

Tilmæli nr. 8/1998.
Breyting á samkomulagi frá 1993 um samnorrænan vinnumarkað ákveðinna heilbrigðisstétta og dýralækna (B 173/euro).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún staðfesti samkomulag frá 1993 um samnorrænan vinnumarkað ákveðinna heilbrigðisstétta og dýralækna.

Tilmæli nr. 9/1998.
Samræming norrænna reglna um lífeyrisréttindi (A 1169/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún láti kanna þörfina á því að samræma lífeyrislöggjöf landanna og matsreglur vegna útborgunar lífeyris og að Norðurlandaráð fái að fjalla um niðurstöðuna.

Tilmæli nr. 10/1998.
Bætt einstaklingsbundin akstursþjónusta fyrir fatlaða (A 1172/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún leiti leiða í hverju landanna til að bæta aðgengi norrænna ríkisborgara að einstaklingsbundinni akstursþjónustu fyrir fatlaða eða samsvarandi þjónustu.

Tilmæli nr. 11/1998.
Framkvæmdaáætlun fyrir bygginga- og húsnæðisgeirann (B 166/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún staðfesti framkvæmdaáætlun fyrir bygginga- og húsnæðisgeirann fyrir árin 1998–2001 í samræmi við tillögu B 166/nord, en hún felur í sér að í meginatriðum er miðað við félagslega þætti húsnæðismála og að aðgerðir til að stuðla að sjálfbærri þróun bygginga- og húsnæðisgeirans takmarkist fyrst og fremst við verkefni þar sem lögð er áhersla á umhverfis- og heilbrigðisþætti, og

— að hún geri árlegar verkáætlanir og geri Norðurlandaráði grein fyrir í árskýrslunni hvað hafi verið gert.

Tilmæli nr. 12/1998.
Samræming aðgerða fyrir börn og ungmenni á nærsvæðum Norðurlanda (B 184/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær samræmi aðgerðir sínar hvað snertir börn og ungmenni á nærsvæðum Norðurlanda og geri í síðasta lagi í maí 1999 tillögu um hvaða hluta norrænu framkvæmdaáætlunarinnar þær taki að sér að fjármagna.

Tilmæli nr. 13/1998.
Staða barna og ungmenna á nærsvæðum Norðurlanda (B 184/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún samþykki fyrirliggjandi tillögu sem rammaáætlun í því skyni að bæta stöðu barna og ungmenna á nærsvæðum Norðurlanda,

— að hún kynni Norðurlandaráði árlega verkáætlun sem taki einnig til skiptingar ábyrgðar og fjárveitinga; fyrsta verkáætlunin þyrfti að berast Norðurlandaráði í maí 1999,

— að hún gefi Norðurlandaráði árlega skýrslu um framgang mála og þau vandamál sem upp koma við framkvæmd verkáætlunarinnar,

— að samstarfsráðherrarnir fyrir hennar hönd vinni að því að samræma aðgerðir norrænu ríkjanna fyrir börn og ungmenni á nærsvæðunum, og

— að hún við gerð norrænu fjárlaganna fyrir árið 2000 veiti meira fé til framkvæmdar verkáætlunarinnar.

Tilmæli nr. 14/1998.
Aðgerðir gegn kynþátta- og útlendingahatri (B 174/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún hrindi áformuðum aðgerðum í framkvæmd eins og þeim er lýst í tillögu B 174/nord og, í samræmi við tillögu til norrænna fjárlaga fyrir 1999:
— að samstarfsráðherrarnir leggi fram í síðasta lagi í júní 1999 heildstæða framkvæmdaáætlun til langs tíma og með tímaáætlun til að vinna gegn kynþáttaaðskilnaði, kynþátta- og útlendingahatri á eftirfarandi sviðum: skoðanamyndun og viðhorfsbreytingar; samstarf við fræðilega athugun á innbyrðis tengslum kynþáttahatara á Norðurlöndum; samstarf við og styrkir til sjálfboðaliðasamtaka; aðgerðir sem beinast að börnum og ungmennum; samvinna á sviði löggjafar og dómsmála.

Tilmæli nr. 15/1998.
Tvíhliða samningar um samstarf lögregluyfirvalda á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi (A 1186/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær stuðli að því að öll norrænu ríkin geri skilvirka tvíhliða samninga um samstarf lögregluyfirvalda á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi.

Tilmæli nr. 16/1998.
Forvarnaaðgerðir og barátta gegn glæpastarfsemi í Eystrasaltsríkjunum og norðvesturhluta Rússlands (A 1186/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að í samstarfi dómsmálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna hafi forgang aðgerðir til að koma í veg fyrir brot sem tengjast mannréttindum, þar með talin þróun annars konar refsiúrræða fyrir börn undir lögaldri og endurhæfingaráætlanir fyrir fyrrverandi fanga, t.d. með því að tryggja nauðsynlegar fjárveitingar til norrænu afbrotavarnaráðanna og að staða samstarfsins verði ákveðin í síðasta lagi á þinginu 1999,
— að hún fari fram á að norrænu dómsmálaráðherrarnir skýri sérstaklega frá aðgerðum gegn fjármálaafbrotum á Norðurlöndum og nærsvæðum þeirra, t.d. á sameiginlegum fundi með þingmönnum Eystrasaltsríkjanna 1999 eða á þinginu 1998,
— að hún, innan ramma árlegra verkáætlana á sviði fíkniefnavarna, styrki upplýsingaherferðir í skólum og hjá félagasamtökum á nærsvæðunum, t.d. með því að styrkja framleiðslu og dreifingu efnis,
— að hún, ásamt fulltrúum fyrirtækja, kanni möguleika á að móta siðareglur fyrir norræn fyrirtæki, sem starfa á nærsvæðunum, sem miði að því að vinna gegn spillingu.

Tilmæli nr. 17/1998.
Samvinna við sjálfboðaliðasamtök (B 178/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún hrindi í framkvæmd fyrirliggjandi áætlun um samvinnu við sjálfboðaliðasamtök og að hún geri grein fyrir framgangi samvinnunnar í árlegri skýrslu til Norðurlandaráðs,
— að hún setji í samráði við Norðurlandaráð nánari reglur um hvers konar samtök samvinnan geti tekið til og leggi fram lista yfir þau samtök sem hún nær til,
— að hún láti Norðurlandaráði í té greinargerð um samvinnu við sjálfboðaliðasamtök á einstökum sviðum ásamt tilheyrandi verk- og fjárhagsáætlunum.

Tilmæli nr. 18/1998.
Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs (A 1146/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að reglur um tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs verði víkkaðar þannig að þær taki mið af æ örari breytingum í heimi tónlistarinnar,
— að hún láti setja sveigjanlegar og opnar reglur sem geri bæði kleift að fylgja eftir því sem nýtt er og veiti tilnefningum og verðlaunaveitingu aukið vægi í framtíðinni,
— að haldið verði í sjálfa umgerðina um verðlaun vegna listræns framlags, en að reglurnar verði færðar í nútímahorf og gerðar sveigjanlegri þannig að unnt verði að tilnefna tónskáld fyrir meira en eitt einstakt verk og að núgildandi skipting verði lögð af, þ.e. að annað hvert ár séu veitt verðlaun fyrir túlkun tónlistar og annað hvert ár fyrir tónlistarsköpun, þannig að norræna tónlistarnefndin fái frjálsari hendur við val á verðlaunahöfum,
— að eftir sveigjanlegri túlkun reglnanna verði áfram aðeins miðað við listræna starfsemi, og
— að haft verði samráð við norrænu tónlistarnefndina og Norðurlandaráð þegar unnið verður að breytingum á reglunum.

Tilmæli nr. 19/1998.
Samræming löggjafar á sviði höfundarréttar (A 1166/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún hafi frumkvæði að því að ríkisstjórnir Norðurlanda komi á samræmdri löggjöf á sviði höfundarréttar sem tryggi rétthöfum eðlilegar greiðslur fyrir æ algengari notkun á efni úr söfnum norrænna sjónvarpsstöðva.

Tilmæli nr. 20/1998.
Líkan að stefnu í norrænum menningarmálum (B 172/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að á árinu 1999 eigi sér stað viðræður, bæði á faglegum og pólitískum nótum, milli Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar um stefnuna í norrænum menningarmálum í heild, þannig að líkan ráðherranefndarinnar fái pólitískt inntak,
— að hún hafi samráð við Norðurlandaráð snemma árs 1999 um forgangsröðun á menningarsviðinu vegna vinnu við gerð fjárlaga fyrir árið 2000, og
— að hún gefi Norðurlandaráði árlega skýrslu um verkáætlun, tímaáætlun og fjárhagsáætlun.

Tilmæli nr. 21/1998.
Norrænt samkomulag um stofnun frjálsra skóla (A 1167/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að vinna hefjist við að hrinda í framkvæmd norrænu samkomulagi sem veitir foreldrum rétt til að velja í hvaða skóla börn þeirra ganga og leyfir stofnun frjálsra skóla og skapar þeim fjárhagsleg skilyrði þannig að þar verði einnig unnt að halda uppi góðu skólastarfi.

Tilmæli nr. 22/1998.
Norræn tungumálastefna (B 177/nord, A 1182/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hrundið verði í framkvæmd öllum aðalmarkmiðum, áfangamarkmiðum og tillögum til aðgerða sem fram koma í tillögu ráðherranefndarinnar, og
— að við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar fyrir Nordmál verði tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem tungumálanefndin hefur lagt fram og að ráðherranefndin hafi áfram samráð við Norðurlandaráð.

Tilmæli nr. 23/1998.
Norræn stefna í rannsóknamálum (B 171/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún staðfesti tillögu B 171/nord um norræna stefnu í rannsóknamálum að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram komu í Norðurlandanefnd.

Tilmæli nr. 24/1998.
Samræming aðstoðar á nærsvæðum Norðurlanda (A 1190/k).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær íhugi framlagðar tillögur um aðgerðir til að bæta samræmingu aðgerða ríkisstjórna Norðurlanda á nærsvæðunum, en þær eru í sex liðum:
  — kerfisbundnari skipti á upplýsingum,
  — að auðvelda lettneskum stjórnvöldum að samræma eigin aðgerðir og aðgerðir annarra landa,
  — að stuðla að þróun norrænu fjárfestingastofnananna,
  — að efla málefnaumræðu innan Norðurlanda,
  — að auka pólitískt samráð milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna,
  — að taka tillit til sérþarfa hvað snertir samræmingu aðstoðar í Rússlandi, og
  — að þær geri Norðurlandaráði grein fyrir niðurstöðunum á hentugan hátt í síðasta lagi á 51. þingi Norðurlandaráðs.

Tilmæli nr. 25/1998.
Aðgerðir til að styrkja stöðu neytenda á Norðurlöndum innan Evrópusambandsins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (A 1173/euro).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær vinni að því að á öllum sviðum verði teknar upp kröfur um að tekið verði tillit til neytenda, þ.e. að á hinum ýmsu sviðum (t.d. á sviði umhverfismála, félagsmála og bygginga- og húsnæðismála) verði tekið tillit til neytenda, að neytendamál verði tekin upp sem þáttur í velferðarlíkaninu og að norrænir framleiðendur verði hvattir til framleiðslu á neytenda- og umhverfishæfum vörum, sem síðan gæti aukið samkeppnishæfni þegar til langs tíma er litið,
— að þær vinni saman að því að hafa áhrif á ákvarðanir í ráðherraráði ESB fyrir neytendamál og í öðrum ráðherraráðum þannig að ný ákvæði Amsterdamsáttmálans um neytendavernd verði í reynd færð inn í öll lög og reglugerðir og túlkuð rúmt til hagsbóta fyrir neytendur,
— að þær stuðli að því að fá samtök neytenda og sjúklinga til að taka þátt í því starfi að tryggja hag neytenda, og

— að lögð verði aukin áhersla á hagsmuni neytenda í næstu umferð viðræðna um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Tilmæli nr. 26/1998.
Þátttaka norrænna neytendasamtaka í undirbúningi funda Evrópusambandsins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (A 1173/euro).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að á norrænu fjárlögunum verði veittar 500.000 DKK til þátttöku norrænna neytendasamtaka í undirbúningi funda Evrópusambandsins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Tilmæli nr. 27/1998.
Betri vörulýsingar og vörumerkingar á Norðurlöndum.

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær vinni að því innan Norðurlanda og ESB að allar vörur í smásölu verði með fullnægjandi vörulýsingu og hugsanlegri merkingu; þessi krafa á að taka til allra vöruflokka, einnig matvöru,
— að þær vinni að því að reglur um vörulýsingar og merkingar verði miðaðar við hæsta upplýsingastig og tryggi þannig rétt neytenda til að fá fullnægjandi upplýsingar,
— að haldið verði uppi stöðugri upplýsingamiðlun svo að neytendur læri að þekkja ýmis tákn og heiti sem notuð eru í vörulýsingum, og
— að þær vinni að því að bæta upplýsingaskipti og viðvörunarkerfi (t.d. með Rapex-kerfi ESB) vegna hættulegra vara og gera slík kerfi aðgengileg neytendum og neytendasamtökum, svo og að bæta sérstaklega eftirlit með matvælum.

Tilmæli nr. 28/1998.
Fjölgun þeirra vöruflokka sem Svanurinn nær til (A 1174/euro).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún haldi áfram að fjölga þeim vöruflokkum sem umhverfismerking með Svaninum nær til og að hún í því sambandi styðji athuganir á lausn sérstakra umhverfisvandamála varðandi viðkomandi vöruflokka og setji saman upplýsingaáætlun sem nái til lengri tíma en til ársins 1998 og feli m.a. í sér samnorræna heimasíðu á internetinu.

Tilmæli nr. 29/1998.
Löggjöf um matvæli á Norðurlöndum og í ESB.

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær vinni að því að í löggjöf um matvæli og allri annarri löggjöf ESB verði tekið tillit til 152. og 153. gr. Amsterdamsáttmálans og yfirlýsingar Evrópuráðsins um matvælaöryggi,
— að þær leggist gegn því að fjölgað verði á lista ESB leyfilegum aukefnum í matvælum og að þær samþykki að betri og öruggari aukefni komi í stað óhollari aukefna sem eru leyfileg nú,
— að þær vinni að því að tryggja heilbrigða, umhverfishæfa og siðfræðilega viðunandi framleiðslu og vinnslu matvæla sem ekki eru neytendum óholl, spilla umhverfinu eða brjóta gegn grundvallarsiðfræðireglum um meðferð dýra, m.a. með því að veita framleiðendum landbúnaðarvara upplýsingar um mismunandi aðferðir.

Tilmæli nr. 30/1998.
Góðir viðskiptahættir við markaðssetningu á sviði upplýsingatækni í ESB og á alþjóðavísu (A 1176/euro).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær í sameinist um að beina því til ESB að framkvæmdastjórnin láti skilgreina þýðingu internetsins fyrir neytendavernd í því augnamiði að koma á skilgreiningu á góðum viðskiptaháttum við markaðssetningu innan ESB og á heimsvísu sem tryggi neytendum núverandi réttindi (einnig við viðskipti í gegnum netið), tryggi að ekki sé beitt óheiðarlegum aðferðum við markaðssetningu, sem og tryggi frjálsa og jafna samkeppni. Meginreglan um góða viðskiptahætti við markaðssetningu skal og ná til upplýsingatækni og taka mið af nýjum vandamálum sem upp koma vegna sívaxandi útbreiðslu rafrænna viðskipta.

Tilmæli nr. 31/1998.
Umhverfisvottun á fiski (A 1184/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún haldi áfram, á sem víðtækustum grundvelli, vinnu við að skilgreina sjálfbærar fiskveiðar, sem og að þróa viðmiðunarreglur fyrir vottun,
— að hún kanni möguleika á því að taka upp norræna umhverfismerkingu fyrir fisk sem nái til alls ferlisins frá veiðum til sölu,
— að hún kanni möguleika á því að umhverfismerking á fiski verði gerð innan norrænu umhverfismerkingarinnar (Svansins), og
— að hún haldi áfram aðgerðum eins og „Grænu bylgjunni“ til að hleypa lífi í pólitískar umræður um sjálfbærar fiskveiðar.

Tilmæli nr. 32/1998.
Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (B 182/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún staðfesti tillöguna um framhald á starfsemi norrænu stofnunarinnar fyrir fjármögnun á umhverfissviði á nærsvæðunum (Norræna umhverfissjóðsins) í samræmi við tillögu B 182/när, að teknu tilliti til sjónarmiða nærsvæðanefndarinnar.

Tilmæli nr. 33/1998.
Starfsaðstaða umhverfisvísindamanna í Rússlandi (A 1187/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda og norrænu ráðherranefndina:

— að þær í samskiptum sínum við rússnesk yfirvöld veki máls á starfsleyfum fyrir norræna umhverfisvísindamenn og aðra, svo og á afgreiðslu flutninga-, tolla- og skattamála á landamærum Rússlands hvað snertir umhverfisrannsóknir og rannsóknarbúnað.

Tilmæli nr. 34/1998.
Uppbygging samfélags íbúanna í Múrmansk (A 1187 när).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún tilnefni tengilið í Múrmansk sem vinni með sama hætti og tengiliðir í Archangelsk og Petrozavodsk,

— að hún láti þau umhverfisverkefni í Múrmansk hafa forgang sem hafa bein áhrif á daglegt líf íbúanna, t.d. skjótvirkar aðgerðir til að leysa vandamál sem snerta grunnvatn og frárennsli,
— að hún styðji stjórnsýslu Múrmansk á sem hentugastan hátt í umhverfismálum og löggjafarstarfi,
— að hún styðji á allan hátt uppbyggingu samfélags íbúa í Múrmansk með því að veita aðstoð við samstarfsverkefni sveitarfélaga og með því að miðla upplýsingum, t.d. um grenndarlýðræði, sjálfboðaliðasamtök og jafnréttismál, og með því að styðja samskipti norrænna og rússneskra sjálfboðaliðasamtaka á svæðinu,
— að hún kanni möguleika á því að styðja nýjar aðgerðir til að stuðla að þróun skólastarfs á svæðinu og þá sérstaklega kennslu í samísku fyrir samísk börn.

Tilmæli nr. 35/1998.
Norrænt samstarf á sviði samgangna, samskipta og umferðaröryggis (B 179/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að norrænt samstarf á sviði samgangna, samskipta og umferðaröryggis verði eflt og að fjármagnsþörf þess verði könnuð og að Norðurlandaráði verði gerð grein fyrir niðurstöðunni.

Tilmæli nr. 36/1998.
Framkvæmd norræns umhverfisbókhalds í orkumálum og samræming umhverfisskatta á rafmagn (A 1188/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:
— að fyrir árið 2001 verði gerð ítarleg greining á aðgerðum sem muni leiða til þess að norrænn rafmagnsmarkaður verði enn sjálfbærari með aukinni samræmingu mismunandi orkugjafa. Við greininguna skal leggja eftirfarandi atriði til grundvallar:
  — rafmagnsverð á norrænum markaði skal endurspegla umhverfiskostnaðinn vegna hinna mismunandi orkugjafa,
  — nýta skal kosti mismunandi orkugjafa þannig að orkuframleiðslan á ársgrundvelli verði eins umhverfisvæn og kostur er, og
  — draga skal úr niðurgreiðslum og öðru því sem ívilnar notkun óendurnýjanlegra og mengandi orkugjafa,
— að fyrir árið 2001 verði hrundið í framkvæmd aðgerðum á norrænum rafmagnsmarkaði til að koma á samræmdu kerfi til að taka umhverfiskostnaðinn með í reikninginn á framleiðslustigi í því skyni að draga úr útblæstri koltvísýrings og annarra gróðurhúsalofttegunda,
— að fyrir árið 2001 verði komið á norrænu umhverfisbókhaldi í orkumálum, sem verki sem tæki til að ná fram umhverfisvernd með hámarksnýtingu orkulinda landanna í því skyni að stemma stigu við mengandi útblæstri, og
— að haldin verði ráðstefna í Ósló á árinu 1999 sem skili Norðurlandaráði áfangaskýrslu um það starf sem fram fer á þessu sviði.

Tilmæli nr. 37/1998.
Tengslanet til að efla starf Dagskrár 21 á Eystrasalti (A 1189/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að komið verði á tengslaneti til að efla starf Dagskrár 21 og að veittar verði 500.000 DKK í því skyni.

Umsagnir:

Nr. 1/1998.
Skýrsla til Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar um endurskoðun á starfi norræna ráðherraráðsins árið 1998 (C 3/k).

Norðurlandaráð beinir því til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún vinni áfram að endurbótum á fjárhagslegri og stjórnsýslulegri stjórnun þeirrar starfsemi sem fjármögnuð er á norrænu fjárlögunum,

— að eins fljótt og auðið er verði gerðar úrbætur vegna þeirra ágalla á fjármálastjórn og fjárumsýslu einstakra norrænna stofnana sem Ríkisendurskoðun gagnrýndi.

Nr. 2/1998.
Skýrsla Norræna menningarsjóðsins (C 5/k)

Norðurlandaráð beinir því til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún og skrifstofa menningarsjóðsins sjái til þess að gerðar verði úrbætur vegna þeirra ágalla á stjórnun sjóðsins sem endurskoðendur bentu á og taki þannig tillit til þeirra aðgerða sem endurskoðendur lögðu til.

Innri ákvarðanir:

Nr. 1/1998.
Styrkjaáætlun fyrir afbrotavarnir (A 1186/när).

Norðurlandaráð samþykkir:

— að koma á sérstakri áætlun innan ramma núverandi styrkjaáætlunar fyrir þingmenn sem beinist að aðgerðum til að koma í veg fyrir afbrot.

Nr. 2/1998.
Málstefna um stöðu frumbyggja (A 1187/när).

Norðurlandaráð samþykkir:

— að hafa frumkvæði að málþingi fyrir Dúmuna í Múrmansk og þing Sama um stöðu frumbyggja og löggjöf í málum Sama,

— að hafa samband við þingmenn í Múrmansk, t.d. í sambandi við styrki ráðsins.

859. Fyrirspurn [535. mál]

til sjávarútvegsráðherra um dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hve mikill dragnótarafli barst á land úr Faxaflóa sl. þrjú fiskveiðár, þ.e. heildarmagn hvert ár, sundurliðað eftir fisktegundum?
2. Hvar var aflanum landað og hve miklu á hverjum löndunarstað?
3. Hvaða bátar hafa leyfi til þessara veiða og hvar eru þeir skráðir?

Skriflegt svar óskast.

860. Fyrirspurn [536. mál]

til menntamálaráðherra um útsendingar útvarps og sjónvarps.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hver yrði stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður við að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl til fiskimiðanna umhverfis Ísland og þeirra staða á landinu sem nú búa við óviðunandi móttökuskilyrði?
2. Þarf sérstakan móttökubúnað til að ná slíkum sendingum? Ef svo er, hvað mundi hann kosta?
3. Er mögulegt að nota möstrin á Gufuskálum og Eiðum fyrir sjónvarpssendingar til fiskimiðanna? Ef svo er, hve langt næðu slíkar sendingar og hver yrði stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður?

861. Frumvarp til laga [537. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr C-lið viðauka I við lögin: 8426.1201, 8426.1209, 8426.1900, 8426.2000, 8426.3000, 8426.4101, 8426.4109, 8426.4900, 8426.9100 og 8426.9900.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu taka til allra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku þeirra, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að vörugjald verði fellt niður af ýmiss konar krönum og öðrum vélbúnaði sem ætlaður er til lyftinga. Nánar tiltekið er um að ræða ýmsar gerðir krana svo og vinnuvagna sem búnir eru krana. Tæki þessi bera samkvæmt núgildandi lögum 15% vörugjald.

Vinnuvélar og tæki sem ætluð eru til verklegra framkvæmda, önnur en skráningarskyld ökutæki, bera að jafnaði ekki vörugjald. Þannig bera t.d. vegheflar, skurðgröfur og jarðýtur ekki vörugjald. Á undanförnum árum hefur vörugjald jafnframt lækkað eða jafnvel fallið niður af skráningarskyldum ökutækjum sem nýtt eru í atvinnuskyni. Vörugjald hefur þannig verið fellt niður af stærri fólksflutningabifreiðum. Ýmsar aðrar atvinnubifreiðar, svo sem vöruflutningabifreiðar, kranabifreiðar og tengi- og festivagnar, sem eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, bera 7,5% vörugjald til næstu áramóta, en þá verður gjald af þeim fellt niður.

Í ljósi þess að vinnuvélar og búnaður til verklegra nota ber að jafnaði ekki vörugjald, svo og þess að vörugjald af kranabifreiðum sem eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd hefur lækkað verulega og mun falla brott um næstu áramót, þykir eðlilegt að vörugjald verði einnig fellt niður af krönum.

Sé miðað við innflutning ársins 1998 má ætla að tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi minnki um 35 millj. kr. á ári við þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta snýr að breytingum á lögum um tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi af krönum og vinnuvögnum með lyftibúnaði og er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

862. Fyrirspurn [538. mál]

til samgönguráðherra um endurskoðun slysabóta sjómanna.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hefur ráðherra skipað nefnd til að hrinda í framkvæmd ályktun Alþingis frá 7. maí 1994 um endurskoðun slysabóta sjómanna?
2. Ef svo er, hverjir eiga sæti í nefndinni?
3. Hefur nefndin lokið störfum og skilað áliti?

Skriflegt svar óskast.

863. Fyrirspurn [539. mál]

til iðnaðarráðherra um landgrunnsrannsóknir.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve miklu fé verður varið á þessu ári til rannsókna á olíu og gasi í setlögum fyrir Norðurlandi?
2. Hvernig hyggst ráðherra vinna úr þeim tillögum sem starfshópur er skipaður var af iðnaðarráðuneyti 29. september 1997 lagði til í skýrslu sinni við starfslok 15. júní 1998?
3. Hefur ráðherra skipað samráðsnefnd með fulltrúum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, utanríkisráðuneytis og Orkustofnunar til að vaka yfir íslenskum hagsmunum á sviði olíu- og landgrunnsmála og samhæfa viðbrögð við fyrirspurnum erlendra aðila?

864. Frumvarp til laga [540. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992 og 102/1993.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Ragnar Arnalds, Sturla Böðvarsson,
Guðni Ágústsson, Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðið „fasta“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „umræðunum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fundinum.
c. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og greiða má atkvæði um þær í einu lagi.
d. 3. mgr. orðast svo:
   Við umræður um tillögur skv. 2. mgr. gilda sömu reglur og við 2. umræðu um lagafrumvörp.
e. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Umboð kjörbréfanefndar, sbr. 2. mgr., fellur brott þegar kosning fastanefnda hefur farið fram skv. 13. gr., sbr. og 1. mgr. 4. gr.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Sérhver nýr þingmaður skal vinna svofellt drengskaparheit að stjórnarskránni undireins og búið er að viðurkenna að kosning hans sé gild, sbr. 47. gr. stjórnarskrárinnar: Ég undirskrifaður/uð, sem kosin(n) er þingmaður til Alþingis Íslendinga, heiti því, að viðlögðum drengskap mínum og heiðri, að halda stjórnarskrá landsins.

Meðan þingmaður hefur ekki unnið heit samkvæmt þessari grein má hann ekki taka þátt í þingstörfum, sbr. þó 6. mgr. 5. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Rétt kjörinn forseti er sá er hefur hlotið meira en helming greiddra atkvæða. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju. Fái þá heldur enginn nógu mörg atkvæði skal kjósa um þá tvo þingmenn er flest atkvæði fengu við síðari kosninguna, en hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá jafnmörg atkvæði við þriðju kosninguna ræður hlutkesti hvor þeirra verður forseti.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Berist aðeins ein tilnefning skv. 1. mgr. skal sá sjálfkjörinn sem tilnefndur er nema þess sé óskað að kosning fari fram.
c. Í stað orðsins „sex“ í fyrri málslið 3. mgr. kemur: fjögurra.
d. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Ef nauðsyn ber til vegna forfalla forseta eða varaforseta er heimilt að kjósa þingmann til að gegna störfum forseta um tiltekinn tíma. Þingmenn, sem gegna forsetastörfum tímabundið samkvæmt þessari málsgrein, skulu, meðan þeir skipa forsetasæti, hafa allan sama rétt og skyldur að því er fundarstjórn varðar sem forseti.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Kjörbréfum, er síðar koma fram en svo að þau verði prófuð eftir 1. gr., skal vísa til stjórnlaganefndar, sbr. 13. gr. Sú nefnd skal einnig rannsaka kosningar og kjörgengi er þingið hefur frestað að taka gild og erindi er varða missi kjörgengis þingmanns.

Ef nefndin lætur uppi skriflega tillögu eða ef hún leggur til að kosning skuli teljast ógild skulu tillögur hennar ræddar eftir reglum um 2. umræðu lagafrumvarpa. Ella fer um tillögur hennar eftir því sem ákveðið er um tillögur í 2. og 3. mgr. 1. gr.

5. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Úrskurði þingið kosningu í kjördæmi ógilda eða fresti að taka kosningu gilda skal jafnframt fresta afgreiðslu kjörbréfa þeirra er hlotið hafa kosningu sem byggist á kosningaúrslitum á landinu öllu.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Kosning forseta, varaforseta, fastanefnda og alþjóðanefnda, sbr. 3., 13. og 35. gr., gildir fyrir allt kjörtímabilið. Þingið getur þó, hvenær sem er, kosið að nýju skv. 3., 13. og 35. gr. ef fyrir liggur beiðni meiri hluta þingmanna þar um og fellur þá hin fyrri kosning úr gildi.

Fráfarandi forseti og varaforsetar skulu gegna störfum frá kjördegi og fram til þingsetningar hafi þeir verið endurkjörnir þingmenn. Sé forseti ekki endurkjörinn gegnir störfum hans sá varaforseti sem næst honum gengur í röð endurkjörinna varaforseta, ella aldursforseti, sbr. 1. gr., sé enginn þeirra þingmaður lengur.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

   Forseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu. Hann skal sjá til þess að störf þingsins séu í samræmi við ákvæði stjórnarskrár, þingskapa og annarra laga.

   Forseti tekur við öllum erindum til Alþingis og annast um afgreiðslu þeirra mála er frá þinginu eiga að fara. Forseti skýrir á þingfundi frá erindum sem send eru Alþingi og skjölum sem útbýtt er á fundi.

b. Í stað orðsins „varaforseti“ í 2. mgr. kemur: annar þingmaður, er til þess hefur verið kjörinn, sbr. 3. gr.

c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Hann getur sett almennar reglur um störf nefndanna að höfðu samráði við formenn nefnda og þingflokka.

8. gr.

Á eftir 2. mgr. 10. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Forseti gerir kjarasamninga við félög starfsmanna Alþingis og stofnana þess og úrskurðar um launakjör skrifstofustjóra Alþingis, svo og annarra einstakra starfsmanna sem hann ákveður.

Tillögur um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess í frumvarpi til fjárlaga skulu afgreiddar af forsætisnefnd. Tillögurnar skal senda forsætisráðherra.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „skrifstofustjóra“ í fyrri málslið 1. mgr. kemur: Alþingis.
b. 3. mgr. fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Skrifstofustjóri Alþingis, eða fulltrúi hans, situr þingfundi og er forsetum til aðstoðar.

Alþingistíðindi eru gerðabók þingsins, sbr. fyrri málslið 3. mgr. 88. gr. Forseti leitar samþykkis þingfundar áður en hann undirritar útskrift af umræðum, atkvæðagreiðslum og öðrum störfum hvers fundar, sbr. 3. mgr. 53. gr. Þingmenn skulu eiga kost á því að kynna sér útskriftina áður en hún er borin upp.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Í skjalasafni Alþingis skal varðveita erindi er þinginu berast, sbr. 2. mgr. 8. gr. og 28. gr., svo og gerðabækur þess og nefnda og önnur skjöl er varða starfsemi þingsins og rekstur eða Alþingi er falið að varðveita, sbr. 10. gr. stjórnarskrárinnar.

11. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Á Alþingi starfa þessar fastanefndir, skipaðar níu mönnum hver:

a. atvinnumálanefnd sem fjallar um iðnaðar- og orkumál, landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál, verslunar-, viðskipta- og bankamál og byggðamál,
b. dóms- og menntamálanefnd sem fjallar um dómsmál, kirkjumál og menntamál,
c. heilbrigðis- og félagsmálanefnd sem fjallar um heilbrigðismál, almannatryggingar og félagsþjónustu, sveitarstjórnarmál, húsnæðismál og vinnumál,
d. fjármálanefnd sem fjallar um mál er varða tekjur og gjöld ríkissjóðs, svo sem fjárlög, fjáraukalög og skattamál, efnahagsmál almennt, lífeyrismál og hagskýrslugerð,
e. stjórnlaganefnd sem fjallar um stjórnarskrármál, málefni forseta Íslands, Alþingis og stofnana þess, Stjórnarráðsins í heild, og önnur mál sem varða æðstu stjórn ríkisins, svo og skýrslur Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis, sbr. og 4. gr.,
f. umhverfis- og samgöngunefnd sem fjallar um vega-, hafna- og flugmál, siglingar, fjarskipti, ferðamál og umhverfismál,
g. utanríkismálanefnd sem fjallar um utanríkismál, varnar- og öryggismál og málefni Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. og 24. gr.

Fastanefndir skal kjósa hlutbundinni kosningu, sbr. 68. gr., á fyrsta fundi nýkjörins þings.

Þingflokkum er heimilt að tilnefna varamenn í nefndum, jafnmarga aðalmönnum flokksins.

Þingflokkur, sem ekki á fulltrúa í fastanefnd, getur, samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setur, tilnefnt áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hennar. Í reglum forsætisnefndar skal líka kveða á um rétt þingmanna utan flokka til áheyrnaraðildar að nefndum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.

b. 4. mgr. orðast svo:
Nefnd getur vikið formanni og varaformanni frá, en þó þarf til þess samþykki meiri hluta nefndarmanna.

13. gr.

Við 2. mgr. 17. gr. laganna bætist: nema þingflokkur hans ákveði annað. Skal þá fylgt reglum 3. mgr. um staðgengil. Ákvæði þetta á þó ekki við ef tilnefndir eru eða kosnir varamenn í nefndum. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig við fráfall þingmanns eða afsögn.

14. gr.

Við 19. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:
Nefndarmanni, og öðrum er sækja nefndarfundi, er óheimilt að hafa eftir opinberlega ummæli er fallið hafa á nefndarfundi, sbr. 1. mgr., nema hans sjálfs eða með leyfi þess er þau viðhafði.
Haldi nefnd opinn fund skal hún fylgja reglum sem forsætisnefnd setur um fyrirkomulag slíkra funda.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:
a. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
Þegar frumvarpi eða tillögu til þingsályktunar er útbýtt ákveður forseti hvaða nefnd fái málið til athugunar áður en fyrsta eða fyrri umræða fer fram. Þingið getur þó breytt ákvörðun forseta í atkvæðagreiðslu sé þess krafist þegar í stað. Atkvæðagreiðslu má fresta til næsta fundar ef ósk berst um það frá a.m.k. tveimur þingmönnum. Nefndinni er ekki skylt að gera grein fyrir athugun sinni með nefndaráliti áður en fyrsta eða fyrri umræða hefst. Ef a.m.k. þriðjungur nefndarmanna krefst þess að athugun máls samkvæmt þessari málsgrein sé frestað þar til fyrsta eða fyrri umræða hefur farið fram skal við því orðið.

16. gr.

Síðari málsliður 24. gr. laganna orðast svo: Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni nema annað sé ákveðið.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „fjárlaganefndar“ í 1. mgr. og „Fjárlaganefnd“ í 3. mgr. kemur: fjármálanefndar, og: Fjármálanefnd.
b. Orðið „lánsfjárlaga“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Á eftir orðinu „ríkisreikningi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: svo og frumvörpum og tillögum um skatta og gjöld til ríkissjóðs.
d. 2. mgr. orðast svo:
Fjármálanefnd vísar til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarps og fjáraukalagafrumvarps sem taka til málefnasviðs þeirra. Nefndirnar skila fjármálanefnd tillögum innan þess tímafrests sem hún tiltekur og skulu þær prentaðar með áliti nefndar-

innar. Breytingartillögur nefndanna skulu vera innan þess fjárhagsramma sem fjármálanefnd ákveður. 2. umræða um fjárlagafrumvarp skal hefjast í fyrstu viku desember og 3. umræða eigi síðar en 15. desember.

18. gr.

Á eftir 1. mgr. 28. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra getur, ýmist að eigin ósk eða eftir ósk nefndar, komið á nefndarfund til þess að fjalla um mál sem nefndin hefur til afgreiðslu frá honum eða mál sem nefndin tekur til umfjöllunar skv. 26. gr. og varðar málefnasvið ráðherrans.

19. gr.

Orðin „eða meiri hluta hennar“ í lokamálslið 1. mgr. 29. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Nefnd skal skila áliti sínu á einu þingskjali þar sem fram komi greinargerð um athugun málsins og álit og afstaða nefndarinnar eða einstakra hluta hennar um afgreiðslu, svo og breytingartillögur, ef fram koma, og skýringar á þeim. Ef nefnd er klofin skal gefa hverjum hluta hæfilegan frest, að jafnaði eigi skemmri en tveggja daga, frá því að mál er afgreitt á nefndarfundi til að ganga frá áliti sínu og breytingartillögum áður en nefndarálit er prentað.

b. 3. mgr. fellur brott.

21. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Á Alþingi starfa þessar alþjóðanefndir:

1. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.
2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.
3. Íslandsdeild þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópska efnahagssvæðisins.
4. Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins.
5. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.
6. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.
7. Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins.
8. Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Í alþjóðanefndir skal kjósa samhliða kosningu fastanefnda skv. 13. gr. Í Íslandsdeild Norðurlandaráðs skulu kosnir sjö aðalmenn og jafnmargir varamenn, í Vestnorræna ráðið sex aðalmenn og jafnmargir varamenn, í Íslandsdeild þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópska efnahagssvæðisins fjórir aðalmenn og jafnmargir varamenn. Í aðrar alþjóðanefndir skal kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn.

Alþjóðanefndir skulu kjósa sér formann og varaformann.

Um fundarsköp alþjóðanefnda gilda sömu reglur og um fastanefndir, eftir því sem við á, þar á meðal um mannaskipti í nefndum, sbr. 16. gr.

Hver nefnd skal hafa alþjóðaritara sem er henni til aðstoðar.

Alþjóðanefnd skal árlega leggja fyrir þingið skýrslu um starfsemi sína og þátttöku í alþjóðastarfi. Hún getur enn fremur lagt fyrir þingið aðrar skýrslur er varða starfssvið hennar.

Skýrslu alþjóðanefndar skal taka til umræðu ef nefndin óskar þess eða beiðni kemur um það frá þingmanni.

Forseti setur almennar reglur um störf alþjóðanefnda þingmanna.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Forseti getur sett leiðbeiningarreglur um frágang lagafrumvarpa.
b. 3. málsl. verður 2. mgr. greinarinnar.
c. 2. mgr. fellur brott.

23. gr.

Í stað síðari málsliðar 38. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Þá er þeirri umræðu er lokið gengur það til 2. umræðu. Atkvæða skal leitað ef einhver þingmaður óskar þess.

24. gr.

Í stað síðari málsliðar 1. mgr. 39. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Síðan skal greiða atkvæði um greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær sem fram hafa komið. Frumvarpið gengur síðan til 3. umræðu en þó skal leita atkvæða um það ef einhver þingmaður óskar þess.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þriðja umræða má eigi fara fram fyrr en einni nóttu eftir 2. umræðu. Þá skal fyrst ræða breytingartillögur er fram hafa komið og greiða atkvæði um þær. Að lokinni atkvæðagreiðslu um breytingartillögur skal ræða frumvarpið í heild. Loks skal leita atkvæða um frumvarpið í heild sinni eins og það er þá orðið.

b. Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Ef breytingartillögur koma fram má hefja umræðuna að nýju, eftir sömu reglum og gilda skv. 1. mgr.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sérnefndar skv. 32. gr.“ í 1. mgr. kemur: stjórnlaganefndar.
b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Telji forseti ótvírætt að lagafrumvarp eða breytingartillaga sé andstæð stjórnarskránni skal hann gera tillögu um að vísa málinu eða tillögunni frá. Greiða skal atkvæði um þá tillögu umræðulaust.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 2. mgr. orðast svo: Ályktunartillögur fastanefnda, tillögur um vantraust á ráðherra eða ríkisstjórn og tillögur um frestun á fundum Alþingis, svo og um kosningu nefnda skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, skulu þó afgreiddar við eina umræðu.

b. 3. mgr. orðast svo:

Er fyrri umræðu er lokið gengur tillagan til síðari umræðu og nefndar. Atkvæða skal leita ef einhver þingmaður óskar þess.

c. Lokamálsliður 4. mgr. fellur brott.

d. 5. mgr. fellur brott.

e. 6. mgr. fellur brott.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ef“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: þingflokkur eða.

b. Orðin „sbr. 48. gr.“ í niðurlagi greinarinnar falla brott.

c. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Utanríkisráðherra flytur Alþingi almenna skýrslu um utanríkismál að hausti og vori.

Forsætisráðherra flytur Alþingi skýrslu, að jafnaði annað hvert ár, um framkvæmd ályktana sem Alþingi hefur samþykkt og beint er til ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra.

Forseti tekur á dagskrá tilkynningu frá ríkisstjórninni ef honum berst ósk um það frá forsætisráðherra. Um umræðu um tilkynninguna gilda sömu reglur og um skýrslu.

Forseti getur enn fremur tekið á dagskrá tilkynningu frá forsætisráðherra, eða öðrum ráðherra í hans stað, ef honum berst ósk um það og ráðherra vill greina Alþingi frá störfum ríkisstjórnarinnar. Um umræður um tilkynninguna gilda sömu reglur og um umræður skv. 1. mgr. 50. gr.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þingflokkur, eða níu þingmenn ella, getur óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni, sbr. 54. gr. stjórnarskrár. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð eigi síðar en tveim dögum eftir að hún berst forseta og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Beiðnin skal sett á dagskrá þingfundar svo fljótt sem við verður komið og greidd atkvæði um það umræðulaust hvort hún skuli leyfð. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu sem leyfð hefur verið.

b. Í stað tölunnar „10“ í 2. mgr. kemur: átta.

30. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Þrír þingmenn geta óskað þess að ráðherra svari með munnlegri skýrslu fyrirspurn sem þeir beina til hans um mál sem ráðherrann ber ábyrgð á. Beiðnin skal prentuð og henni útbýtt meðal þingmanna á fundi. Forseti tekur skýrsluna að jafnaði á dagskrá þingfundar í næstu viku eftir að beiðnin kemur fram. Umræðan getur staðið allt að einni klukkustund.

31. gr.

1. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

Við umræður um skýrslur skv. 45.–47. gr. má veita talsmönnum þingflokka, sbr. 4. mgr. 55. gr., lengri tíma en reglur um ræðutíma mæla fyrir um ef fyrir liggur samþykki þingflokka.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „einstakt atriði þess“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 54. gr. stjórnarskrár.
b. Orðin „eða ráðherrum“ í lok 3. mgr. falla brott.
c. 4. mgr. orðast svo:

Fyrirspurn skal að jafnaði tekin á dagskrá á sérstökum fyrirspurnafundi í næstu viku eftir að henni hefur verið útbýtt nema ráðherra hafi forföll eða fyrirspyrjandi óski eftir frestun.

d. 3. og 4. málsl. 5. mgr. falla brott.
e. Í stað síðari málsliðar 6. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Sendi ráðherra eigi svar sitt innan tilskilins frests skal hann gera forseta grein fyrir töfinni bréflega og taka fram hvenær svars sé að vænta. Þegar svarið berst skal það prentað og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Vilji alþingismaður gera athugasemd við svarið gerir hann það við lok næsta fyrirspurnatíma, enda hafi hann gert forseta viðvart áður en fundur hófst.
f. Á eftir 6. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Réttur alþingismanna til að óska skriflegra svara gildir einnig í þinghléum. Skal forseti þá jafnframt senda alþingismönnum afrit af fyrirspurninni og fyrirspyrjanda og öðrum þingmönnum svar ráðherra jafnskjótt og það berst og láta prenta í Alþingistíðindum sem þingskjöl.

Telji ráðherra sér ekki skylt að svara fyrirspurn, allri eða að hluta, eða að það sé ógerlegt, skal hann gera forseta grein fyrir því. Forseti skýrir á þingfundi frá ástæðum sem ráðherra færir fram. Sé fyrirspurn skrifleg skal ráðherra gera skriflega grein fyrir afstöðu sinni og ástæðu. Fyrirspyrjandi getur þá, ef hann svo kýs, óskað umræðna um synjun ráðherrans, samkvæmt reglum sem gilda um fyrirspurnir, í næsta reglulega fyrirspurnatíma.

g. Síðari málsliður 7. mgr. fellur brott.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra, sé það í senn mikilvægt og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar formlegra þingmála. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst og gera jafnframt viðvart þeim ráðherra sem hann vill að sé til andsvara. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár og hvenær. Ef sérstaklega stendur á getur forseti þó leyft umræður samkvæmt þessari málsgrein með styttri fyrirvara eða eftir að fundur er hafinn. Takist ekki að koma umræðu við innan þriggja daga frá því að forseta barst ósk um hana fellur beiðnin niður.

b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

34. gr.

Á eftir orðinu „þingsályktunartillögur“ í 1. málsl. 1. mgr. 51. gr. laganna kemur: aðrar en þær sem koma fram í nefndaráliti, sbr. 30. gr.

35. gr.

52. gr. laganna orðast svo:
Öll óafgreidd þingmál falla brott þegar kjörtímabili þingsins lýkur.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. 1. og 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ef þingmaður forfallast vegna veikinda, starfa í opinbera þágu erlendis eða af öðrum persónulegum ástæðum, sem forseti metur gildar, svo að nauðsyn krefji að varamaður hans taki sæti á meðan skal hann tilkynna forseta það bréflega og jafnframt gera grein fyrir því í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Forseti kynnir þinginu bréfið og ber það undir atkvæði umræðulaust hvort beiðnin skuli leyfð.
b. 4. málsl. 2. mgr. fellur brott.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „nauðsyn krefur“ í 2. málsl. kemur: hentugt þykir.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ef ræðumaður ber ráðherra eða alþingismann brigslyrðum, talar óvirðulega um utanþingsmann eða víkur með öllu frá umtalsefninu skal forseti áminna þingmanninn fyrir þau ummæli. Nú er þingmaður áminntur tvisvar á sama fundi og má þá forseti svipta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi.

38. gr.

55. gr. laganna orðast svo:
Umræðutíma um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, svo og önnur þingmál, og umræður utan dagskrár gilda þær reglur sem tilgreindar eru í 78. gr., yfirliti með reglum um ræðutíma.

Forseta er þó heimilt að rýmka ræðutíma um þingmál við hverja umræðu sem er ef það er svo umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem annars gilda, sbr. 72. gr. Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma þingmanns ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst.

Framsögumaður telst sá sem svo er tilgreindur í skjali. Hafi hann forföll við umræðuna má fela öðrum að hafa framsögu með sömu réttindum meðan svo stendur. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn máls skal sá er fyrstur stendur á skjalinu teljast framsögumaður nema annar sé tilnefndur.

Talsmaður flokks eða þingflokks telst sá sem fyrstur talar af hálfu flokksins nema formaður þingflokksins tilkynni forseta um annað.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:
Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra, flutningsmann og framsögumenn, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á eða til að sjónarmið þingflokka komi fram við upphaf umræðu.

Þingmönnum er heimilt að skrá sig á mælendaskrá hjá forseta eða skrifstofunni frá því að mál hefur verið sett á dagskrá og henni verið útbýtt. Engan má taka á mælendaskrá á ný á sama fundi nema annar þingmaður eða ráðherra hafi áður tekið til máls um dagskrármálið, sbr. þó 4. mgr. 63. gr.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Þingmanni er heimilt að gera athugasemd við túlkun forseta á þingsköpum, svo og um skiptingu atkvæðagreiðslu, sbr. 65. gr. Berist forseta ósk frá formanni þingflokks um fundarhlé meðan á umræðum eða atkvæðagreiðslu stendur til þess að ræða um framhald þingstarfa skal forseti að jafnaði verða við því og ákveða hve lengi fundarhléið stendur.

c. 4.–6. málsl. 2. mgr. falla brott.

40. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 60. gr. laganna orðast svo: Fyrirspurn má og afturkalla fram til þess að hún hefur verið tekin fyrir eða skriflegt svar hefur borist forseta.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.

b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tillagan kemur eigi til afgreiðslu fyrr en við lok umræðu.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Þó má ákveða dagskrá næsta fundar eftir tillögu þingflokks eða a.m.k. níu þingmanna og skal hún borin upp við lok fundar umræðulaust.

b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Forseti getur gert hlé á þingfundum, í samræmi við starfsáætlun þingsins, sbr. 10. gr. og 1. mgr. 72. gr., en þó er honum skylt að boða til fundar, ef ósk berst um það frá forsætisráðherra eða meiri hluta þingmanna, með þeirri dagskrá sem slíkri ósk fylgir.

c. 3. mgr. orðast svo:
Forseti getur ákveðið, ef ekki berast andmæli frá a.m.k. tveimur þingmönnum, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu ef þau fjalla um skyld efni eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum. Gildir þá ræðutími sem um eitt mál; séu mál ósamkynja gildir sá ræðutími sem rýmstur er.

d. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
Sömuleiðis getur forseti ákveðið að umræðu um viðamikið mál sé skipt eftir efni þess. Gildir þá sami ræðutími um hvern þátt málsins eins og annars hefði gilt fyrir málið í heild.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „við nafnakall“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: eða við atkvæðagreiðslu með rafeindabúnaði.

b. 2. mgr. fellur brott.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ef“ í síðari málslið kemur: þingflokkur eða.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Við atkvæðagreiðslu um frumvarp til fjárlaga eða fjáraukalaga verður ekkert einstakt atriði frumvarpsins borið upp nema við það sé breytingartillaga.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þá er forseti hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli eða úrslit máls séu ljós fyrir fram má hann lýsa yfir því að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu ef enginn þingmaður krefst þess að hún fari fram og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu. Um lokaafgreiðslu lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna verður forseti þó að viðhafa atkvæðagreiðslu.

b. 2. mgr. (er verður 3. mgr.) orðast svo:

Ef atkvæðagreiðsla getur eigi farið fram með rafeindabúnaði skal hún fara fram á þann hátt að hver þingmaður réttir upp hönd þegar forseti leitar atkvæða með eða móti máli. Forseti lætur telja atkvæðin og skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

c. Í stað 3. og 4. mgr. kemur ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Forseti getur látið fara fram nafnakall í stað atkvæðagreiðslu skv. 2. eða 3. mgr. Honum er það og heimilt þótt atkvæðagreiðsla hafi áður farið fram ef hún hefur verið óglögg eða verið hreyft athugasemdum við hana, enda fari hin síðari atkvæðagreiðsla fram þegar í stað. Komi fram ósk um nafnakall skal við henni orðið ef hún er borin fram af a.m.k. tveimur þingmönnum. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð og hluta um í hvert sinn á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið. Við nafnakall greiðir forseti atkvæði síðastur.

d. 5. mgr. verður 2. mgr. og orðast svo:

Atkvæðagreiðsla skal fara fram með rafeindabúnaði þar sem staðfest er hverjir taka þátt í henni og hvernig hver þingmaður greiðir atkvæði. Forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Atkvæði hvers þingmanns við lokaafgreiðslu lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna skal skrásetja í þingtíðindum, svo og við aðrar atkvæðagreiðslur nema allir séu á einu máli. Skrifstofan varðveitir afrit allra atkvæðagreiðslna með rafeindabúnaði.

e. Við bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Atkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. má endurtaka þótt úrslitum hennar hafi verið lýst ef forseti telur ástæðu til þess eða ósk berst um það frá þingmanni. Hin nýja atkvæðagreiðsla skal þá fara fram þegar í stað og áður en nokkur önnur ályktun er gerð eða nýtt mál tekið fyrir. Vilji þingmaður á fundi gera leiðréttingu eftir að atkvæði hafa verið greidd skv. 2. mgr. er honum heimilt að láta skrá hana í þingtíðindin en þó því aðeins að hann hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Leiðréttingin breytir ekki úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

46. gr.

Við 67. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skulu þá talin atkvæði með og á móti máli.

47. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna orðast svo: V. ÞINGFLOKKAR, SÉRSTAKAR UMRÆÐUR OG ÚTVARP UMRÆÐU.

48. gr.

Í stað orðsins „tveir“ í 2. mgr. 71. gr. laganna kemur: þrír.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Forseti getur þá, með samþykki allra þingflokka, ákveðið áður en umræða hefst að ræðutími skuli vera annar en þingsköp ákveða, svo og hve lengi umræðan má standa. Þegar þannig er samið milli þingflokka um umræðutíma skal skipta honum sem næst því að hálfu milli þingflokka og að hálfu skal hafa hliðsjón af því hve margir þingmenn eiga aðild að hverjum þingflokki, en forseti ákveður þá ræðutíma þingmanna utan flokka.
b. 4. mgr. fellur brott.

50. gr.

73. gr. laganna orðast svo:

Á þingsetningarfundi skal forsætisráðherra flytja stefnuræðu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, en eftirrit af ræðunni skal afhent þingmönnum þegar hún hefur verið flutt.

Umræða um stefnuræðuna skal að jafnaði fara fram á næsta fundi samkvæmt reglum 78. gr. Forseti setur í samráði við þingflokka nánari reglur um umræðuna, hve lengi hún stendur, umferðir, andsvör o.fl. Þess skal gætt að ræðutími stjórnar- og stjórnarandstöðuflokka sé sem jafnastur.

Eftirriti stefnuræðunnar skal fylgja yfirlit um þau mál sem ríkisstjórn hyggst leggja fram á þinginu, svo og hvenær þau verða lögð fram. Yfirlitið skal prenta í þingtíðindunum.

51. gr.

Í stað 74.–86. gr. laganna kemur ein ný grein er orðast svo:

Útvarpa skal frá þingsetningu og stefnuræðu forsætisráðherra og umræðum um hana.

Á síðari hluta þings skal fara fram almenn stjórnmálaumræða. Umræðunni skal útvarpað. Um umræðuna gilda sömu reglur og um umræður um stefnuræðu forsætisráðherra, eftir því sem við á, sbr. 2. mgr. 73. gr.

Útvarpa skal umræðu um vantraust ef þingflokkur krefst þess.

Útvarpa skal umræðu um þingmál, eða hluta hennar, ef samkomulag er um það milli þingflokka eða forseti hefur ákveðið slíka umræðu eftir ósk þingflokks eða þingflokka. Skal forseti þá gera tillögu og leita samkomulags um fyrirkomulag umræðunnar, lengd hennar, umferðir og ræðutíma þingflokka, einstakra þingmanna, svo og þingmanna utan flokka. Ef ekki tekst samkomulag skal forseti ákveða fyrirkomulag umræðunnar.

Þegar segir að útvarpa skuli umræðum er skyldan bundin við Ríkisútvarpið, hljóðvarp.

52. gr.

Við 87. gr. laganna, sem verður 75. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Að flutningi máls skv. 36. og 44. gr., svo og breytingartillagna við það, geta staðið á þingskjali: þingmenn, ráðherrar, þingflokkar, fastanefndir, í heild eða hluti þeirra, svo og forsætisnefnd.

53. gr.

88. gr. laganna, sem verður 76. gr., orðast svo:

Umræður á Alþingi og þingskjöl skal prenta í Alþingistíðindum. Skrifstofa Alþingis annast útgáfu Alþingistíðindanna.

Í A-deild Alþingistíðinda skal prenta þingskjöl.

Í B-deild skal prenta dagskrár þingfunda, tilkynningar, atkvæðagreiðslur og hvað annað sem fram fer á þingfundum og geta afgreiðslu mála og málsatriða. Enn fremur skal prenta allar umræður.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella sem þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og hljóðupptaka ber með sér. Engar efnisbreytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrétting.

Forseti getur sett nánari reglur um útgáfu Alþingistíðinda, um endurprentun þingskjala o.fl.

54. gr.

89. gr. laganna fellur brott.

55. gr.

Við lögin bætist ný grein, 78. gr., er orðast svo:

Réttur þingmanna og ráðherra til að taka þátt í umræðum skal vera allt að þeim sem tilgreindur er í eftirfarandi yfirliti, sbr. þó 55. gr. (rýmkaður réttur), 57. gr. (takmörkun umræðna), 72. gr. (umsaminn ræðutími) og 74. gr. (útvarp umræðu):

REGLUR UM RÆÐUTÍMA

	1. sinn	2. sinn	Oftar
LAGAFRUMVÖRP			
1. umræða:			
Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður)	30 mín.	15 mín.	5 mín.
Ráðherra	15 mín.	10 mín.	5 mín.
Talsmaður þingflokks	20 mín.	10 mín.	
Aðrir þingmenn	15 mín.	5 mín.	
2. umræða:			
Framsögumaður (samkvæmt nefndaráliti)	30 mín.	15 mín.	5 mín.
Ráðherra og flutningsmaður máls	30 mín.	15 mín.	5 mín.
Aðrir þingmenn	15 mín.	5 mín.	5 mín.
3. umræða:			
a. um breytingartillögur			
Sama og við 2. umræðu			
b. um frumvarpið í heild			
Sama og við 1. umræðu (nema hvað framsögumaður (samkvæmt nefndaráliti) kemur í stað flutningsmanns)			

	1. sinn	2. sinn	Oftar
ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR			
Fyrri umræða:			
Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður)	15 mín.	10 mín.	5 mín.
Ráðherra	10 mín.	5 mín.	5 mín.
Aðrir þingmenn	10 mín.	5 mín.	
Síðari umræða:			
Sama og við 2. umræðu lagafrumvarpa			
Ein umræða:			
Sama og við 2. umræðu lagafrumvarpa			
FYRIRSPURNIR			
Fyrirspyrjandi	3 mín.	2 mín.	
Ráðherra	5 mín.	2 mín.	1 mín.
Aðrir þingmenn og ráðherrar (athugasemd)	1 mín.		
Athugasemdir um skrifleg svör			
Fyrirspyrjandi	3 mín.		
Ráðherra	3 mín.		
ÓUNDIRBÚNAR FYRIRSPURNIR			
Fyrirspyrjandi og ráðherra	2 mín.	1 mín.	
SKÝRSLUR			
Framsögumaður (ráðherra eða þingmaður)	30 mín.	15 mín.	5 mín.
Ráðherra	15 mín.	10 mín.	5 mín.
Talsmaður þingflokks	20 mín.	5 mín.	
Aðrir þingmenn	15 mín.	5 mín.	
MUNNLEGAR SKÝRSLUR (SAMKVÆMT BEIÐNI)			
Málshefjandi	10 mín.	2 mín.	2 mín.
Ráðherra	10 mín.	2 mín.	2 mín.
Talsmenn þingflokka	5 mín.	2 mín.	
Aðrir þingmenn	2 mín.	2 mín.	
UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR			
Málshefjandi	5 mín.	2 mín.	
Viðkomandi ráðherra	5 mín.	2 mín.	
Aðrir þingmenn og ráðherrar	2 mín.	2 mín.	
STEFNURÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA OG UMRÆÐA UM HANA			
Stefnuræða:			
Forsætisráðherra	20 mín.		
Umræða:			
Talsmenn þingflokka	10 mín.	5 mín.	

	1. sinn	2. sinn	Oftar
Aðrir þingmenn og ráðherrar	5 mín.		
Forsætisráðherra	5 mín.		
ALMENNAR STJÓRNMÁLAUMRÆÐUR			
Talsmenn þingflokka	10 mín.	5 mín.	
Aðrir þingmenn og ráðherrar	5 mín.	5 mín.	
ANDSVÖR			
Þingmenn og ráðherrar	2 mín.	2 mín.	
Ræðumaður	2 mín.	2 mín.	
Forseta er heimilt að stytta ræðutíma hvers þingmanns			
ATHUGASEMDIR			
Um störf þingsins (í upphafi fundar)	2 mín.	2 mín.	
Atkvæðaskýring	1 mín.		
Um túlkun þingskapa eða skiptingu atkvæðagreiðslu	1 mín.		

56. gr.

Lög þessi öðlast gildi við upphaf næsta kjörtímabils.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er árangur starfs sem farið hefur fram að undanförnu á vegum forsætisnefndar og formanna þingflokka og miðaði að því að endurskoða þingsköp Alþingis. Upphafið má rekja til þess að þegar eftir breytingar á þingsköpunum 1991, í kjölfar þess að deildir þingsins voru afnumdar, var ákveðið að stefna að endurskoðun þingskapanna þegar nokkur reynsla hefði fengist af þeim í einni málstofu. Hefur verið safnað saman á undanförnum árum ýmsum atriðum sem hafa þyrfti hliðsjón af þegar til endurskoðunarstarfsins kæmi. Hafist var handa við heildarendurskoðunina vorið 1997 og lágu fyrstu drög fyrir í júlí það ár. Verkið lá niðri á fyrri hluta sl. árs en tekið var til við frumvarpsdrögin á ný eftir að þing kom saman sl. haust. Er miðað við að frumvarpið geti fengið afgreiðslu á þessu þingi, þ.e. áður en kjörtímabilinu lýkur.

Í frumvarpinu eru lagðar til gagngerar breytingar á þingsköpunum en valin hefur verið sú leið að leggja frumvarpið fram sem breytingarfrumvarp fremur en nýtt heildarfrumvarp svo að á þessu stigi kæmi sem gleggst fram hverju er verið að breyta. Verði frumvarp þetta samþykkt er ætlunin að leggja fram sem fyrst á nýju kjörtímabili frumvarp til nýrra heildarlaga um þingsköp Alþingis þar sem gera mætti breytingar á efnisskipan þingskapanna og aðrar smávægilegar samræmisbreytingar. Efnisskipan þingskapanna hefur tekið litlum breytingum frá því að þau voru fyrst samþykkt 1875 þrátt fyrir ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á einstökum köflum þeirra. Eðlilegra þykir hins vegar að bíða með slíkar breytingar þangað til þingið hefur tekið afstöðu til þeirra efnislegu breytinga sem lagðar eru til í þessu frumvarpi, enda gætu slíkar tilfærslur á greinum eða köflum orðið til þess að flækja frumvarpið óþarflega mikið.

Frumvarpið hefur verið til umræðu í forsætisnefnd alloft og forustumenn þingflokka hafa átt nokkra fundi um málið. Meginefni frumvarpsins, eins og það lá fyrir í desemberbyrjun,

hefur verið kynnt í þingflokkum. Almennur stuðningur kom fram við frumvarpið en þó voru gerðar ýmsar athugasemdir við einstakar greinar. Þess er vænst að sú þingnefnd, sem fær frumvarpið til meðferðar, fari yfir þau atriði og kanni hvort samstaða geti orðið um þau.

Við endurskoðun þingskapanna hefur verið reynt að taka á sem flestum ákvæðum þeirra, þar á meðal um ræðutíma, en um sum gildir, svo sem um nefndaskipan, að heppilegt þykir að breytingar fylgi nýju kjörtímabili. Forsætisnefnd gerir ráð fyrir því að hin nýja skipan geti tekið gildi á vorþingi 1999, eftir alþingiskosningarnar 8. maí.

Um breytingarnar má almennt segja að þær miða að því:

a. að gera þinginu betur kleift að rækja hlutverk sitt samkvæmt stjórnskipaninni,
b. að vanda og styrkja sem mest löggjafarstörf þingsins,
c. að styrkja eftirlitshlutverk þingsins,
d. að styrkja forustu þingsins,
e. að gera skoðanaskipti í umræðum skarpari,
f. að tryggja betur samfellu í störfum þingsins, skipulag þingstarfanna og
g. að færa til nútímahorfs ýmis ákvæði (formsatriði) sem þykja úrelt.

Meginþætti breytinganna má taka saman í eftirfarandi yfirlit:

1. *Betra og vandaðra löggjafarstarf.*
   — breytt og öflugra nefndakerfi,
   — mál gangi beint til nefndar,
   — mál geti verið til umfjöllunar í meira en eitt þing,
   — betri afgreiðsluhættir nefnda (nefndir skili einu skjali í stað margra, hafi meiri samskipti við ráðherra o.fl.).
2. *Eftirlitshlutverk þingsins:*
   — ný nefnd, stjórnlaganefnd, styrki eftirlitshlutverk þingsins,
   — fyrirspurnir þingmanna verði leyfðar í þinghléum,
   — nýtt form verði á umræðum um brýn og aðkallandi mál (munnlegar skýrslur ráðherra).
3. *Málsmeðferð í þinginu:*
   — nýtt fyrirkomulag umræðna þar sem byggt er á því að þingmenn og ráðherrar geti talað svo oft sem þeir vilja en ekki eins lengi og þeim sýnist,
   — meiri heildarsýn um ríkisfjármál við meðferð fjárlagafrumvarps (sbr. markmið fjárreiðulaga),
   — tvískipting 3. umræðu um lagafrumvörp þar sem lokaumræða fer fram þegar ljóst er hvernig frumvarp verður í endanlegum búningi,
   — fækkun atkvæðagreiðslna,
   — ný ákvæði um meðferð fyrirspurna,
   — ný ákvæði um meðferð skýrslna.
4. *Staða þingsins og forusta þess:*
   — forseti og varaforsetar verði kjörnir fyrir allt kjörtímabilið,
   — samstarf forseta og formanna þingflokka verði eflt en stuðlað að því að stytta umræður á þingfundum um formsatriði (fundarstjórn forseta),
   — þingflokkar fái aukið hlutverk en verði skipaðir þremur þingmönnum hið fæsta,
   — forsætisnefnd fjalli sérstaklega um og geri tillögur um fjárveitingar til Alþingis.
5. *Ýmis atriði:*
   — ný ákvæði um setuforseta og skýrari ákvæði um aldursforseta þingsins,
   — skýrari ákvæði um afgreiðslu kjörbréfa,

— nútímalegri ákvæði um gerðabók þingsins,
— ítarlegri ákvæði um alþjóðanefndir þingsins,
— nútímalegri ákvæði um vítur,
— nútímalegri ákvæði um útvarp umræðu,
— skýrari reglur um atkvæðagreiðslur,
— breyttar reglur um mælendaskrá o.fl.

Samhliða þessum breytingum á þingsköpum Alþingis stefnir forsætisnefnd að því að leggja fyrir þingflokkana nýjar tillögur um ýmsa starfshætti þingsins sem ekki hafa verið festir í þingsköp. Er þar veigamest annars vegar að draga úr kvöldfundum og almennt að reyna að stytta þingfundatímann frá því sem nú er og hins vegar að lengja raunverulegan starfstíma þingsins án þess þó að fjölga þingfundadögum. Felst það í því að þingið komi eitthvað fyrr saman en nú er og standi að jafnaði fram til maíloka en þinghléum verði fjölgað. Byggt verði á því þingið starfi í lotum þar sem skiptast á þingfundavikur, nefndavikur og kjördæmavikur, auk jólahlés og lengra hlés en verið hefur í kringum páska. Þannig gæfist ráðherrum og ríkisstjórn líka rýmri tími til að skipuleggja sín störf og undirbúa mál í meiri samfellu, og vinnubrögð þingsins yrðu markvissari og skipulag þeirra betra, auk þess sem þau störf, sem þingmenn vinna utan þingsalarins allt árið, yrðu sýnilegri. Með þessu móti yrði starfstími Alþingis í meira samræmi við það sem almennt gildir í þjóðfélaginu og þingið gæti þá gert hlé á störfum sínum yfir sumarið, á sama tíma og meginþorri fólks í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Við breytingar á þingsköpum árið 1991 var tekin upp sú skipan að aldursforseti skyldi sá þingmaður teljast er lengsta þingsetu hefur að baki, þ.e. starfsaldursforseti. Miðað er við lengsta „fasta þingsetu", þingseta í varamannssæti er því ekki talin með. Það þykir óeðlilegt og því er lagt til í a-lið að þessi breyting verði gerð. Þingseta samkvæmt þessu nýja orðalagi er því talin sá tími sem er frá kosningu þingmanns (eða þeim tíma sem hann tók fast sæti á Alþingi) auk þess tíma sem hann hefur setið sem varamaður á þinginu; er þá eðlilegast að miða við þann tíma sem þingmaður hefur notið þingfararkaups sem varamaður. Þingsetutíminn þarf ekki að vera samfelldur.

Verkefni starfsaldursforseta á þingsetningarfundi geta verið margvísleg. Hann hefur allan sama rétt og skyldur sem forseti þangað til forseti þingsins er kosinn, sbr. 7. gr. Því þykir misvísandi að í 1. gr. þingskapa segir að hann stjórni „umræðunum" sem sjaldnast eru nokkrar. Hann annast hins vegar afgreiðslu kjörbréfa og stjórnar forsetakjöri auk annarra fundarstarfa. Því er eðlilegra orðalag að segja að starfsaldursforseti stjórni þingsetningarfundinum. Það skýrir breytingu skv. b-lið.

Í c-lið er um orðalagsbreytingu að ræða, felld eru niður nokkur orð sem enga sjálfstæða þýðingu hafa, svo sem um atkvæðafjölda við afgreiðslu tillagna nefndarinnar (sbr. 64. gr.). Í greinina er hins vegar bætt því ákvæði að tillögur nefndarinnar megi afgreiða í einu lagi, þ.e. að ekki þurfi að greiða atkvæði um hvert og eitt kjörbréf. Er það í samræmi við venju.

Þá er 3. mgr. breytt þannig að umræður um tillögur nefndarinnar um afgreiðslu kjörbréfa (í lagatextanum er nú talað um „umræður á þingsetningarfundum") fari fram eftir sömu reglum og gilda við 2. umræðu um lagafrumvörp (í stað tilvísunar í 55. gr.). Þykir það nákvæmara orðalag, bæði með hliðsjón af því að á þingsetningarfundi fer fleira fram en afgreiðsla kjörbréfa og að ákvæði um ræðutíma eru nú í yfirliti í 78. gr.

Loks er til áréttingar bætt við nýrri málsgrein í e-lið þar sem segir að umboð kjörbréfanefndar á þingsetningarfundi falli brott þegar fastanefndir hafa verið kosnar. Slíkt má þó leiða af breytingu á 4. gr., en ætlunin er að stjórnlaganefnd, ein af fastanefndum þingsins, afgreiði þau kjörbréf er síðar koma fram eða frestað hefur verið að afgreiða.

Um 2. gr.

Tekinn er upp í greinina heitstafur sá sem löng venja er fyrir — og stjórnarskrárbundið — að alþingismenn undirriti er þeir taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn, hvort sem það er sem aðalmaður eða varamaður. Verður orðalagi hans því ekki breytt nema með breytingu á þingsköpum. Í greininni er núverandi orðalagi haldið óbreyttu þótt það þyki nokkuð fornlegt.

Jafnframt er í 2. mgr. kveðið afdráttarlaust á um það að þingmaður nýtur þá fyrst fullra þingmannsréttinda þegar hann hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni. Svo hefur einnig verið viðhorf fræðimanna til þessa ákvæðis og er orðalag þess sniðið að skýringu þeirra (sjá t.d. Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson, 1960:241).

Ekki hefur reynt á svo vitað sé að kosinn þingmaður hafi neitað að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni né dregið það óeðlilega. Slíkt er þó þekkt hjá nágrannaþingum. Þannig voru áþekk ákvæði sett í þingsköp danska þingsins fyrir um hálfri öld að gefnu tilefni (19. mgr. 1. gr.). Þykir ástæða til að hafa skýr fyrirmæli í þingsköpum um þetta atriði.

Um 3. gr.

Sú breyting var gerð á þingsköpum árið 1991 að hljóti enginn alþingismaður tilskilinn atkvæðafjölda við fyrstu kosningu um forseta þingsins skuli aðeins kjósa einu sinni aftur og þá milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við fyrri kosninguna, en ekki kjósa aftur um þá sem í framboði voru eins og almennt gildir í viðlíka tilfellum og ef enginn hlýtur þá meiri hluta atkvæða sé kosið bundið um þá tvo sem flest atkvæði fengu við síðari kosninguna. Á ákvæðið hefur ekki reynt síðan það var sett 1991. Með hliðsjón af því að þingsköp Alþingis eru um margt fyrirmynd almennra fundarskapa þykir eðlilegt að færa ákvæði þetta í fyrra horf, enda er það almenn regla þegar kosinn er einn maður sem þarf að fá meiri hluta greiddra atkvæða að kjósa tvívegis óbundið ef ekki næst tilskilinn meiri hluti. Þess ber að geta að á grundvelli þessa ákvæðis fara fram aðrar kosningar í þinginu um einn mann, svo sem umboðsmann Alþingis o.fl. Rétt er að geta þess að með orðunum „meira en helming greiddra atkvæða“ er átt við að sá sé rétt kjörinn sem hlýtur samtals fleiri atkvæði en aðrir sem atkvæði fá og eru þá ekki taldir með auðir seðlar. Loks ber að geta þess að um kosningu forseta gildir nú að hún er ekki lengur óbundin eins og áður, fyrir 1991, heldur eru þeir einir í framboði sem gerð er bein tillaga um og hafa samþykkt það.

Í lok 2. mgr. 3. gr. þingskapa er nú ákvæði um að þótt einungis berist ein tilnefning um forseta Alþingis skuli eigi að síður fara fram kosning um þann sem gerð er tillaga um. Það er hins vegar almenn regla að sé einn tilnefndur til embættis skuli hann talinn sjálfkjörinn. Rétt þykir að sama regla gildi um forseta Alþingis, þó þannig að sé þess óskað sérstaklega fari kosning fram. Þarf þá aðeins atbeina eins þingmanns til þess. Geta verið ýmsar ástæður fyrir því að þingmenn, eða sá sem í kjöri er, vilji að fram komi hvaða stuðnings forseti nýtur. Þetta ákvæði er sett inn sem sjálfstæð málsgrein í 3. gr.

Í c-lið er gert ráð fyrir að fest verði í þingsköp það fyrirkomulag sem verið hefur á þessu kjörtímabili að einungis skuli kjósa fjóra varaforseta í stað sex áður. Er forsætisnefnd þingsins þá skipuð fimm þingmönnum, þ.e. forseta og fjórum varaforsetum.

Ákvæði d-liðar er nýmæli. Þótt í forsætisnefnd sitji fimm þingmenn, þ.e. forseti og fjórir varaforsetar, getur eigi að síður borið við að forsetar séu fjarverandi eða séu í sérstökum

önnum og getur þá fundarstjórnin hvílt á einum eða tveimur alþingismönnum. Er því hagkvæmt að geta kosið staðgengil um skamman tíma sem gegnir þeim skyldum sem forsetar hafa við fundarstjórnina. Fyrirmynd um þetta fyrirkomulag er sótt til Stórþingsins norska, sbr. 3. mgr. 6. gr. þingskapa þess, en þar hefur það gefist vel. Ekki eru sett nein ákvæði um það til hversu langs tíma „setuforseti" er kjörinn en samkvæmt orðalagi málsgreinarinnar („um tiltekinn tíma") verður að taka það fram við kosninguna hver kjörtíminn er (dagur, vika, tvær vikur o.s.frv.). Er þá ekki gert ráð fyrir að „setuforseti" sé kosinn til skemmri tíma en eins dags í senn og að kosning hans fari að jafnaði fram í upphafi fundar. Orðalagi greinarinnar er hagað þannig að „setuforseti" sinni aðeins skyldum forseta við fundarstjórn en hafi ekki með höndum önnur stjórnsýslustörf forseta. Ekki er gert ráð fyrir að setuforsetar taki þátt í störfum forsætisnefndar þann tíma sem kosning þeirra gildir né þiggi launaálag fyrir en um framkvæmd þessa atriðis er eðlilegt að forsætisnefnd setji sér nánari vinnureglur. Á það skal lögð áhersla að kosning „setuforseta" getur ekki farið fram nema meiri hluti þingmanna sé á fundi.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. gr. þingskapa skal kjósa sérstaka nefnd til að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna. Samkvæmt þingsköpum frá 1991 er gert ráð fyrir að kosning til þeirrar nefndar á þingsetningarfundi gildi fyrir allt kjörtímabilið (kjörbréfanefnd). Að athuguðu máli þykir eðlilegra að nefndakosning, sem hefur farið fram áður en kjörbréf þingmanna hafa verið samþykkt formlega og þeir undirritað drengskaparheit, gildi aðeins á þingsetningarfundi en síðan, þegar formsatriðum um kosningu og kjörgengi er lokið, sé afgreiðslu kjörbréfa og skyldum málum vísað til stjórnlaganefndar sem er ný fastanefnd skv. 13. gr. Sú nefnd fær því m.a. það hlutverk sem kjörbréfanefnd hefur nú, þ.e. að kanna kjörbréf þeirra er síðar taka sæti á Alþingi sem aðalmenn eða varamenn, að fjalla um kjörgengismissi o.fl.

Ein efnisbreyting er gerð frá 4. gr. gildandi laga. Fellt er brott úr niðurlagsákvæði fyrri málsgreinar að kjörbréfanefnd (nú stjórnlaganefnd) skuli fjalla um kærur yfir kosningum eða kjörgengi er þegar eru tekin gild. Ákvæði þetta fellur ekki að 4. mgr. 5. gr. þar sem segir að kærur þurfi að vera komnar fram áður en kosning og kjörgengi þingmanns eru tekin gild á Alþingi. Hins vegar er bætt í greinina því ákvæði að nefndin fjalli um erindi er Alþingi berast og varða missi kjörgengis alþingismanns, t.d. vegna refsingar er honum hefur verið dæmd og þess háttar. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir þessa breytingu væri eðlilegt að máli, er upp kynni að koma eftir að Alþingi hefur úrskurðað um gildi kosninga, t.d. kosningamisferli, gæti þingið vísað til stjórnlaganefndar sem bæri að rannsaka málið og gera tillögu um afgreiðslu þess.

Um breytingu á 2. mgr. vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 5. gr.

Ákvæði 4. og 5. gr. þingskapa um rannsókn kjörbréfa eru að mörgu leyti úrelt og er orðalag greinanna enn miðað við þá skipun þegar þingmenn voru kosnir í einmenningskjördæmum og aukakosningar gátu farið fram milli almennra kosninga til Alþingis. Kosningar fara nú fram í átta stórum margmenniskjördæmum og aukakosningar fara ekki lengur fram. Úrslit kosninga í einu kjördæmi geta og samkvæmt núgildandi kosningalögum haft veruleg áhrif á úthlutun þingsæta í öðrum kjördæmum, sbr. 112. og 113. gr. kosningalaga (jöfnunarsæti). Verði kosning í einu kjördæmi úrskurðuð ógild er úthlutun jöfnunarsæta í öðrum kjördæmum í óvissu.

Hér er ekki gerð tillaga um róttæka breytingu á greininni en nauðsynlegt þykir að bæta við málsgrein sem felur í sér að skylt sé að fresta afgreiðslu kjörbréfa þeirra þingmanna sem kosnir eru á grundvelli kosningaúrslita á landinu öllu (jöfnunarsæti) ef kosning í kjördæmi er úrskurðuð ógild.

Ósamræmi er nú milli 4. og 5. gr. laganna. Í 4. gr. er rætt um meðferð á kærum yfir kosningum eða kjörgengi er þegar hafa verið tekin gild, en í 5. gr. segir að kæra skuli því aðeins tekin til greina að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu, sbr. einnig 126. gr. kosningalaga. Með hliðsjón af þessu er lagt til að ákvæðum 4. gr. verði breytt til samræmis við ákvæði núgildandi 4. mgr. 5. gr. Hlýtur að teljast eðlilegt að slík kærumál séu afgreidd í eitt skipti fyrir öll þótt ekki sé hægt að útiloka að síðar komi í ljós, eftir að frestur er liðinn, að misferli hafi átt sér stað. Verður Alþingi þá að taka á slíku máli eftir því sem efni standa til.

Um 6. gr.

Með nýrri 1. mgr. er stefnt að því að styrkja embætti forseta og koma meiri festu á störf þingsins með því að láta kosningu embættismanna og nefnda gilda allt kjörtímabilið. Er það og í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi þingsins 1991 og fólust m.a. í því að tryggja meiri samfellu í þingstörfum þannig að þingið situr að formi til allt árið og þingnefndir starfa í vaxandi mæli utan þingtíma.

Reynslan sýnir að litlar breytingar verða jafnan á skipan nefnda, þar á meðal forsætisnefndar, ef stjórnarsamstarf helst óbreytt. Í þingsköpum, 16. gr., er hins vegar að finna rúma heimild fyrir þingflokka til að hafa mannaskipti í nefndum ef þeim sýnist svo.

Nauðsynlegt þykir þó að hafa ákvæði í þingsköpum sem veitir meiri hluta þingsins rétt til þess að kjósa á ný embættismenn og fastanefndir. Eru þá einkum höfð í huga stjórnarskipti eða breytingar á stjórnarsamstarfi á kjörtímabilinu. Þannig getur nýr meiri hluti á Alþingi hvenær sem er kosið á ný embættismenn og nefndir þegar talin er pólitísk nauðsyn á því.

Í þingsköpum er nú ákvæði í 2. mgr. 6. gr. um að hverjum forseta þingsins sé heimilt að leggja niður störf ef meiri hluti leyfir. Ekki þykir lengur ástæða til að binda afsögn forseta þessum skilyrðum. Ákvæðið mun eiga sér rætur í því að forsetar voru áður án atkvæðisréttar og þá gat skipt máli, ef fylkingar voru jafnstórar, hver gegndi forsetastörfum. Nú mun það vera almennt viðhorf að vilji forseti leggja niður störf geti hann gert það án nokkurra skilyrða. Enn fremur er lagt til að brott falli ákvæði um að Alþingi geti vikið forseta frá með samþykki $\frac{2}{3}$ hluta allra alþingismanna, þ.e. 42 alþingismanna af 63. Samkvæmt síðari málslið nýrrar 1. mgr. getur meiri hluti þingsins tekið upp kosningar til trúnaðarstarfa og ekki þykir rétt að veita forseta frekari vörn ef hann nýtur ekki trausts meiri hlutans.

Í nýrri 2. mgr. greinarinnar er gerð tillaga um hver gegna skuli þeim störfum sem á forseta hvíla, bæði störfum varðandi stjórnsýslu Alþingis og öðrum störfum hans, þar á meðal skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar, frá kjördegi og til þess að nýkjörið þing kemur saman í fyrsta sinn. Nú er enga reglu að finna um þetta efni, aðra en þá sem ráða má af 1. mgr. 6. gr., en eðlilegast þykir að þessi störf séu í höndum þess forseta sem síðast var kjörinn til þess embættis, en sé hann ekki endurkjörinn alþingismaður gegni varaforsetar þeim störfum fram til þess að Alþingi er sett. Óeðlilegt þykir að fráfarandi forseti, sem er hættur þingstörfum, sinni stjórnsýslustörfum á Alþingi eða fari með forsetavald í fjarveru forseta Íslands. Hér er fylgt þeirri reglu að varaforsetar gegni þessum störfum, ef forseti hefur ekki verið kosinn á ný þingmaður, eftir þeirri röð sem þeir voru kjörnir (1. varaforseti að frágengnum forseta, 2. varaforseti að frágengnum 1. varaforseta o.s.frv.). Ef svo vill til að enginn varaforseta er kjörinn er eðlilegast að aldursforseti gegni þessum störfum.

Um 7. gr.

Í 8. gr. þingskapa er sú grundvallarregla að forseti stjórni umræðum og sjái um að allt fari fram með góðri reglu. Felst í því bæði réttur hans til agavalds og skylda til að sjá um að störf þingsins séu ávallt í samræmi við stjórnarskrá, þingsköp og önnur lagafyrirmæli. Þykir rétt að gera þetta ákvæði skýrara og taka fram berum orðum að honum sé skylt að sjá til þess að ákvæði stjórnarskrár séu haldin í störfum þingsins, svo og þingskapa og annarra laga. Hefur það að sjálfsögðu verið óskrifuð regla fram að þessu. Þá þykir fara betur að 2. og 3. málsl. 1. mgr. séu sjálfstæð málsgrein. Tekið skal fram að með orðunum „erindum til Alþingis" er átt við erindi sem beint er til Alþingis sem slíks, en ekki erindi sem nefndum þingsins berast, sbr. 28. gr. Þau eru á forræði nefndanna sjálfra og tengjast flest afgreiðslu þeirra á þingmálum. Um þetta hafa skapast fastar venjur og er ekki ætlunin að gera þar breytingu á. Erindi til Alþingis er venja að „leggja fram á lestrarsal", þ.e. þau eru öllum aðgengileg á skrifstofu þingsins.

Í b-lið er einvörðungu um orðalagsbreytingu að ræða, en samstarf forseta og varaforseta um fundastjórn hefur aukist mjög á seinni árum. Orðalag núgildandi 2. mgr. vísar til þess tíma þegar aðalforsetar sátu á forsetastól nær alla fundi nema þeir hefðu lögmæt forföll. Þannig má nú vel hugsa sér eins og forsetar haga störfum sínum að varaforseti vilji víkja úr forsetastól til að taka þátt í umræðum en aðalforseti taki sæti hans á meðan.

Í 3. mgr. 8. gr. er nú ákvæði þar sem forseta er gert að hafa umsjón með starfi þingnefndanna. Á grundvelli þessa ákvæðis hafa á undanförnum árum verið settar ýmsar almennar reglur um störf nefndanna, svo sem um ferðir þeirra, aðgang að gögnum þeirra o.fl. Rétt þykir að styrkja þetta ákvæði og hlutverk forseta í þessu sambandi og veita honum almenna heimild til þess að setja starfsreglur fyrir nefndirnar. Liggja slík drög raunar fyrir og eru birt sem fylgiskjal með frumvarpinu. Í ákvæðinu er í c-lið áskilið að forseti hafi samráð við nefndaformenn og formenn þingflokka um efni slíkra reglna því að mikilvægt er að um þær sé víðtæk samstaða.

Loks er efni 3. mgr. 30. gr. þingskapa fært í þessa grein þar sem það þykir betur eiga heima.

Um 8. gr.

Með breytingunni eru í fyrsta lagi fest í þingsköp þau ákvæði er verið hafa í öðrum lögum að forseti geri kjarasamninga við starfsmannafélög Alþingis og stofnana þess, þ.e. Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis. Jafnframt er mælt fyrir um að forseti úrskurði um laun æðstu starfsmanna á skrifstofu Alþingis, hjá Ríkisendurskoðun og umboðsmanni, þ.e. þeirra er starfsmannafélög semja ekki fyrir. Verður því nauðsynlegt að breyta ákvæðum nýju starfsmannalaganna að því er varðar skrifstofustjóra Alþingis, en samkvæmt þeim ákvarðar kjaranefnd nú laun hans.

Þá eru í öðru lagi sett ákvæði um meðferð fjárlagatillagna Alþingis og stofnana þess. Skv. 42. gr. stjórnarskrárinnar hvílir sú skylda á ríkisstjórninni, þegar er Alþingi er komið saman, að leggja fram frumvarp til fjárlaga þar sem fram komi greinargerð um tekjur og gjöld ríkisins. Litið er svo á að ríkisstjórnin hafi því skyldu til þess að taka upp í fjárlagafrumvarpið tillögur um fjárveitingar til Alþingis, sjálfs fjárveitingavaldsins. Með hliðsjón af sérstakri stöðu Alþingis í stjórnkerfinu og þróun þess til meira sjálfstæðis um stjórnsýslu sína þykir hins vegar eðlilegt að forusta þingsins, þ.e. forseti og varaforsetar, gangi frá fjárlagatillögum Alþingis og stofnana þess og þær tillögur séu teknar upp í fjárlagafrumvarpið. Er það og í samræmi við ný lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, sbr. sérstaklega 4. mgr. 21. gr. og 50. gr. þeirra.

Áþekk skipan mála, að því er varðar fjárlagatillögur þingsins, er við lýði í flestum þjóðþingum sem kjörin eru lýðræðislegri kosningu. Þykir miklu skipta, með hliðsjón af eftirlitshlutverki þingsins, svo og stofnana þess, umboðsmanns og Ríkisendurskoðunar, að tillögur um umsvif þeirra séu afgreiddar af forustu þingsins. Það skal þó áréttað að Alþingi sjálft ákveður endanlega fjárveitingar til rekstrar þess og hverjum þingmanni eða ráðherra er heimilt að gera breytingartillögur við þær.

Þá er rétt að geta þess að fjárlagatillögur Alþingis skulu afgreiddar innan þess frests sem fjármálaráðuneytið setur um tillögur stofnana og ráðuneyta við undirbúning fjárlagafrumvarpsins, eins og nánar er mælt fyrir um í 3. mgr. 21. gr. fjárreiðulaganna, nr. 88/1997.

Fjárlagatillögurnar skulu afgreiddar af forsætisnefnd. Verði ágreiningur innan forsætisnefndar um efni tillagnanna gildir sú regla sem sett er í lokamálslið 2. mgr. 10. gr. að forseti hafi úrskurðarvald. Forseta eru af meiri hluta Alþingis falin æðstu völd um rekstur þingsins og því er mikilvægt að tillögurnar séu á ábyrgð hans. Það hlýtur hins vegar að vera eitt af mikilvægustu verkefnum forseta að skapa samstöðu um rekstur Alþingis og fjárveitingar til þess.

Um 9. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að starfstitlinum „skrifstofustjóri“, sem er orðinn algengur í stjórnkerfinu, sé breytt og yfirmaður skrifstofu Alþingis framvegis nefndur skrifstofustjóri Alþingis.

Núgildandi 3. mgr. 11. gr. þingskapa er í ósamræmi við ákvæði nýju starfsmannalaganna, nr. 70/1996, sem taka til starfsmanna þingsins eins og annarra opinberra starfsmanna. Í 5. gr. þeirra laga eru almenn ákvæði um veitingu starfs og í 51. gr. eru ákvæði að því er varðar Alþingi. Réttast þykir því að fella 3. mgr. 11. gr. þingskapa brott og láta starfsmannalögin gilda um ráðningar hjá Alþingi eins og öðrum stofnunum. Óbreytt stendur að forsætisnefnd ræður skrifstofustjóra Alþingis, sbr. 1. mgr. 11. gr. þingskapa.

Um 10. gr.

Í 1. og 2. mgr. 12. gr. eru ákvæði um gerðabók þingsins og samþykkt hennar á þingfundi. Ákvæðið um gerðabók þarfnast endurskoðunar, enda eru nú allar samþykktir þingsins og allt sem fram fer á þingfundi prentað í ræðuparti Alþingistíðinda. Síðan ræðuparti þingtíðindanna var breytt 1972 og byrjað að gefa hann út í réttri tímaröð, í stað þess að umræður væru flokkaðar eftir málum, hefur þýðing gerðabókarinnar stórminnkað, og er nú nánast aldrei leitað til hennar um upplýsingar. Tölvuvinnsla og gagnagrunnur þingsins gerir færslu gerðabókar því sem næst óþarfa. Um nokkurt skeið hefur gerðabókin verið tölvufærð og prentuð út á lausum blöðum, en áður var hún handfærð í þykka bók.

Í 2. mgr. a-liðar greinarinnar er lagt til að Alþingistíðindi, B-deild, verði gerðabók þingsins. Er þá jafnframt gert ráð fyrir að ritstýrð útskrift hvers þingfundar sé formlega borin undir þingfund og staðfest af forseta svo sem verið hefur um gerðabókina. Jafnframt þessu eru gerðar nokkrar breytingar á núgildandi 88. gr., um Alþingistíðindi, til samræmis og vísast nánar til athugasemda við þá grein.

Með breytingu á greininni fellur niður 3. mgr. um að forseti geti hvatt til tvo þingmenn til að telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur. Slík talning á aðeins við ef ekki er unnt að nota atkvæðagreiðslukerfi, svo og við nafnakall. Venja hefur skapast fyrir því, síðan hætt var að kjósa skrifara úr hópi þingmanna árið 1991, að starfsmenn þingsins annist slíka talningu. Málsgreinin er því óþörf.

Í b-lið er lagt til að sett verði nánari ákvæði í þingsköp um varðveislu skjala Alþingis. Notkun á skjalagögnunum er mjög mikil í tengslum við störf þingsins. Með því að lögfesta ákvæði um skjalasafnið hvílir sú skylda á forustu Alþingis að búa sem best að safninu og tryggja örugga varðveislu skjalagagna. Þá er þess að geta að í 10. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi varðveiti annað eintak af tveimur af eiðstaf forseta Íslands en Þjóðskjalasafnið hitt.

Um 11. gr.

Með breytingum á greininni er gerð allróttæk uppstokkun á nefndakerfinu. Nefndum er fækkað úr 13 í 7, en einni nýrri nefnd er bætt við, stjórnlaganefnd, sem ætlað er að fjalla um málefni æðstu stjórnar ríkisins og málefni þeirra stofnana Alþingis sem sinna eftirlitshlutverki á þess vegum gagnvart framkvæmdarvaldinu. Verkefni kjörbréfanefndar verða einnig færð undir hina nýju nefnd. Nefndir þingsins verða því sjö talsins.

Markmið þessara breytinga er að styrkja nefndastarfið, efla nefndirnar og gefa þeim meira og betra svigrúm til starfa. Í núverandi kerfi eru nefndarsæti 110, ef kjörbréfanefnd er ekki talin með, né heldur sæti varamanna í utanríkismálanefnd. Þetta þýðir að hver alþingismaður (að frátöldum forseta og ráðherrum) sé að meðaltali í fleiri en tveimur nefndum. Nokkrir þingmenn eiga nú sæti í fjórum fastanefndum, en jafnframt er dæmi um að þingmaður eigi ekki sæti í fastanefnd. Ljóst er að þetta fyrirkomulag gerir alla skipulagningu nefndastarfsins örðuga og þrengir nokkuð þann tíma sem nefndir geta starfað ef taka á tillit til allra og fundatímar ekki látnir rekast á. Breytingin gæti þannig leitt til betri nýtingar á fundatíma, einkum í nefndavikum sem þótt hafa góð nýbreytni í störfum þingsins.

Með þeirri breytingu, sem áformuð er, fækkar nefndarsætum úr 110 í 63, eða um 47 sæti. Þannig gætu flestir þingmenn átt sæti í einni nefnd sem fjalla þó yfirleitt um breiðara málefnasvið en áður. Liggi fundatafla nefndanna fyrir áður en kosið er til þeirra gætu þingflokkar hagað vali sínu á nefndarmönnum með hliðsjón af henni svo að koma megi í veg fyrir árekstra út af fundatímum og þannig væri unnt að rýma mjög til fyrir nefndastarfinu. Nefndir gætu þá haft fasta fundatíma tvisvar í viku og auðvelt ætti að vera að koma á aukafundum ef álag er mikið.

Breytingarnar felast flestar í því að slá saman verkefnum nefnda sem fjalla um tengd málefnasvið. Svo er um félagsmálanefnd og heilbrigðis- og trygginganefnd, og enn fremur samgöngunefnd og umhverfisnefnd. Verkefnum landbúnaðarnefndar, sjávarútvegsnefndar og iðnaðarnefndar er skipað í atvinnumálanefnd ásamt þeim atvinnumálum sem nú heyra undir efnahags- og viðskiptanefnd, þ.e. verslunar- og bankamálum, svo og byggðamálum sem réttast þykir að skipa með atvinnumálum. Enn fremur er lagt til að verkefni menntamálanefndar og allsherjarnefndar verið sameinuð í einni nefnd. Verkefni fjárlaganefndar verði aukin þannig að hún fjalli líka um tekjuhlið ríkissjóðs og þannig færast til hennar skatta- og gjaldamál frá efnahags- og viðskiptanefnd, svo og önnur efnahagsmál sem sú nefnd hefur fjallað um og önnur mál fjármálaráðuneytis, svo sem lífeyrismál. Heiti nefndarinnar breytist þá í fjármálanefnd. Jafnhliða er lagt til í 25. gr. að aðrar fastanefndir taki meiri þátt en verið hefur í afgreiðslu fjárlaga. Engin breyting yrði á verkefnum utanríkismálanefndar.

Málefnasviðum fastanefnda má skipa með ýmsum hætti en í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir er í stórum dráttum byggt á skiptingu málefna í Stjórnarráðinu, svo sem verið hefur, þannig að skyldum málefnum verði haldið saman og hliðsjón höfð af vinnuálagi í nefndum.

Síðan Ríkisendurskoðun var færð undir Alþingi og embætti umboðsmanns Alþingis stofnað fyrir um áratug hefur verið óvissa um hvernig með skýrslur þessara stofnana skuli fara á Alþingi. Hefur um nokkurn tíma verið rætt í forsætisnefnd og á vettvangi formanna þing-

flokkanna um að nauðsynlegt sé að finna þessum skýrslum skýrari farveg innan þingsins. Brottfall stjórnarskrárákvæðis um yfirskoðunarmenn ríkisreiknings árið 1995 jók enn á þörfina fyrir úrbætur. Breytingin á 13. gr. miðar að því að hin nýja nefnd, sem lagt er til að verði kölluð stjórnlaganefnd, taki til athugunar ársskýrslur Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns, svo og aðrar skýrslur stofnananna sem beint er til Alþingis eða eru unnar á vegum þingsins. Með breytingu á 44. gr. þingskapa verður nefndinni heimilt að leggja fram álit og ályktunartillögu um skýrslu sem hún hefur haft til meðferðar. Með breytingu á 28. gr. laganna er einnig tryggt að ráðherrar eigi greiða leið að nefndinni til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum ef í skýrslum felst gagnrýni á embættisfærslu þeirra.

Þá er jafnframt lagt til að stjórnarskrárfrumvörpum verði vísað til stjórnlaganefndar í stað þess að kjósa sérnefnd hverju sinni til að fjalla um þau eins og nú er skylt skv. 42. gr. þingskapa. Stjórnlaganefnd mun enn fremur fá til afgreiðslu frumvörp sem varða æðstu stjórn ríkisins, málefni forseta lýðveldisins og Stjórnarráðsins í heild, svo og þau málefni Alþingis og alþingismanna sem skipað er með lögum, en gert er ráð fyrir að forsætisnefnd og formenn þingflokka undirbúi slík mál eins og verið hefur. Þar sem stjórnlaganefnd tekur við verkefnum kjörbréfanefndar mun hún fjalla um mál er varða kjörgengi þingmanna og þá einnig sviptingu þinghelgi ef ósk um slíkt bærist, sbr. og athugasemdir við breytingar á 4. gr. laganna.

Á það ber að leggja áherslu að þótt hin nýja stjórnlaganefnd fari með mikilvæg mál er varða eftirlit Alþingis með stjórnsýslunni, þ.e. skýrslur Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns, eiga aðrar fastanefndir rétt á að taka slík mál upp að eigin frumkvæði, sbr. 26. gr., svo sem verið hefur.

Þess ber að geta að í Svíþjóð og Noregi er löng hefð fyrir sérstakri stjórnarskrárnefnd (sæ. konstitutionsutskottet; no. kontroll- og konstitusjonskommitéen) og hefur verið höfð nokkur hliðsjón af starfi þeirra við endurskoðun 13. gr. þingskapa.

Í 3. mgr. er þingflokkum veitt heimild til þess að tilnefna varamenn í nefndum, ef þeim sýnist svo, allt að tölu aðalmanna flokksins í nefndinni. Engin bein ákvæði eru nú í þingsköpum um varamenn, nema í utanríkismálanefnd, en hins vegar hefur þingflokkum verið gert auðvelt að kalla til staðgengla, sbr. 3. mgr. 17. gr., og að hafa mannaskipti í nefndum, sbr. 16. gr. Stendur ekki til að breyta þessu kerfi, en þó er fellt brott sérákvæði þingskapa um kosningu varamanna í utanríkismálanefnd. Þess er þó vænst að þingflokkar tilnefni varamenn, eftir því sem þörf er á, enda léttir það undirbúning og boðun nefndafunda.

Loks eru ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 14. gr. um áheyrnarfulltrúa færð í 13. gr. efnislega óbreytt að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að forsætisnefnd setji almennar reglur um rétt þingflokka til áheyrnarfulltrúa í nefndum í stað þess að hver nefnd setji sér slíkar reglur eins og nú er. Í reglum forsætisnefndar skulu líka vera ákvæði um rétt þingmanna utan flokka til að eiga áheyrnaraðild að nefndum; hefur forsætisnefnd raunar sett slíka reglu, á þinginu 1994–95.

Um 12. gr.

Efni 1. mgr. 14. gr. hefur verið fært í 13. gr. Samkvæmt henni eru allar nefndir skipaðar níu þingmönnum, en þingflokkum heimilt að tilnefna varamenn ef þeir kjósa svo.

Í 4. mgr. er nú ákvæði um að formaður og varaformaður nefndar geti lagt niður störf ef nefnd leyfir. Það þykir óeðlilegt að setja því skilyrði að formaður eða varaformaður leggi niður störf, heldur geti þeir gert það ef þeim sýnist svo. Ákvæði þetta er hliðstætt því sem gildir um forseta og varaforseta þingsins en lagt er til í 4. gr. að því verði einnig breytt.

Ákvæðum núgildandi 4. mgr. um frávikningu formanns og varaformanns er því til samræmis breytt þannig að til slíks þarf samþykki meiri hluta nefndarmanna.

Um 13. gr.

Lengi hefur tíðkast að varaþingmaður taki sæti í þeim nefndum sem aðalmaður á aðild að (gegnir þó að jafnaði ekki embættisstörfum hans, formennsku eða varaformennsku). Það getur þó stundum reynst óheppilegt, t.d. ef varamaður, sem ekki hefur átt þess kost að fylgjast með störfum þingsins eða þingflokks, tekur sæti í nefnd sem er að ljúka afgreiðslu viðamikils máls. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er aukið vald þingflokks til að ákveða hvort varaþingmaðurinn eða annar þingmaður flokksins taki um stundarsakir sæti í nefndinni.

Bætt er við málslið um að varaþingmenn taki ekki sæti í nefndum þar sem kosnir eru eða tilnefndir varamenn. Gildir það einnig um alþjóðanefndir. Jafnframt er í síðasta málslið tekið fram að sömu reglur gildi fyrir þingmann sem tekur fast sæti við fráfall eða afsögn aðalmanns.

Um 14. gr.

Lagt er til í fyrri málsgreininni að lögfesta þá venju sem verið hefur og leiðir af ákvæðum núgildandi 19. gr. um lokaðan nefndarfund að óheimilt sé að vitna beint til ummæla manna á nefndarfundum, t.d. í þingræðu. Regla þessi hefur verið virt, með fáum undantekningum þó. Ákvæði þetta gildir aðeins um umræður á nefndarfundum en ekki það skriflega efni sem fyrir liggur, og það gildir aðeins um beinar tilvitnanir, eða það sem jafngildir þeim, en ekki til afstöðu manna. Það verður t.d. ekki hindrað með þessu ákvæði að nefndarmaður skýri frá því að samtök, sem sent hafa fulltrúa á fund nefndar, séu t.d. andvíg máli eða hafi gert athugasemdir við það. Á það skal enn fremur bent að ef þingmanni þykja ummæli annars nefndarmanns eða gests á nefndarfundi mikilvæg getur hann leitað leyfis til að hafa þau eftir opinberlega.

Í síðari málsgreininni er fjallað um opna nefndarfundi. Ekki er tekin afstaða til þess hvort halda beri slíka fundi sem lið í afgreiðslu þingmála eða umfjöllun nefnda um önnur mál sem eru þar til meðferðar. Ákvæðið lýtur aðeins að því að vilji nefnd halda opinn fund (á það hefur ekki reynt enn þá) skuli um fyrirkomulag hans gilda reglur sem forsætisnefnd hefur sett. Óheppilegt þykir að nefnd geti nýtt heimild til opins nefndarfundar nema forusta þingsins, forsætisnefnd og formenn þingflokka, hafi áður fjallað um og sett almennar reglur um fyrirkomulag slíkra funda sem væru nýjung í starfi Alþingis.

Um 15. gr.

Breyting skv. a-lið greinarinnar er til samræmis við breytingu á 13. gr. og vísast um nánari skýringar til athugasemda við þá grein.

Með b-lið þessarar greinar er stefnt að því að opna þingmálum leið til nefndar áður en 1. umræða fer fram um lagafrumvarp eða fyrri umræða um þingsályktunartillögu. Kemur málsgreinin í stað málsgreinar (2. mgr. 23. gr.) sem er nú í þingsköpunum og gerði kleift að taka stjórnarfrumvarp eða stjórnartillögu til athugunar í nefnd ef ósk barst um það frá níu þingmönnum. Með því ákvæði var veitt heimild til athugunar mála, sérstaklega viðamikilla mála, áður en 1. umræða fór fram. Á það ákvæði hefur ekki reynt formlega síðan það var sett 1991.

Hér er um veigamikla breytingu að ræða því að fram að þessu hefur mál ekki gengið til nefndar eða þótt tækt að taka það til athugunar í nefnd fyrr en 1. umræðu er lokið þótt frá því séu undantekningar ef samkomulag hefur verið um slíkt í nefnd. Má í því sambandi einkum

nefna vinnu fjárlaganefndar að fjárlagafrumvarpi áður en því er formlega vísað til nefndarinnar.

Meginsjónarmið að baki breytingunni eru tvö, annars vegar að heppilegt geti verið að hefja þegar í stað, er máli hefur verið útbýtt, athugun þess, t.d. fá skýringar á einstökum atriðum þess o.s.frv. áður en 1. umræða hefst, og hins vegar að vinna tíma þannig að komist mál ekki fljótt til 1. umræðu sé tíminn þó notaður til þess að afla umsagna um það o.fl. Oft getur liðið langur tími frá því að þingmál koma fram, þ.e. er útbýtt á þingfundi, þar til það er tekið á dagskrá. Svo er um mörg mál, einkum mál frá þingmönnum, og þess eru þar að auki mörg dæmi að ekki hafi gefist tími til að ljúka fyrstu eða fyrri umræðu um mál á þinginu en þau mál hafa þá aldrei fengið athugun í nefnd, t.d. er ekki leitað umsagna um þau o.s.frv. Mundi þetta ákvæði því létta mjög á dagskrá þingfunda því að eðlilega er mjög sótt á forseta að taka mál sem fyrst til umræðu svo að þau geti fengið venjulega meðferð í nefnd.

Með þessari breytingu er því stefnt að því að 1. umræða um mál geti farið fram þegar gerð hefur verið grein fyrir þeim í nefnd og þingmenn hafa átt kost á að fá frekari upplýsingar um þau. Með því móti gæti 1. umræða orðið markvissari en nú og jafnframt styttri þar sem m.a. munu þá liggja fyrir upplýsingar ráðherra eða embættismanna hans um einstök atriði sem þingmenn hefðu ella spurt um við 1. umræðu. Umræðan ætti því einnig að geta orðið almennari fyrir bragðið, eins og reyndar er ætlast til um 1. umræðu, sbr. 38. gr. þingskapa.

Framkvæmd þessa nýmælis er hugsuð þannig að forseti ákveði til hvaða nefndar mál gangi um leið og tilkynnt er um útbýtingu þess. Afar sjaldan er óvissa eða ágreiningur um til hvaða nefndar mál á að ganga. Hefur forseti þá leiðbeint um það eða komist að samkomulagi við flutningsmenn. Ef ágreiningur er hins vegar um ákvörðun forseta geta þingmenn óskað eftir atkvæðagreiðslu um málið, annaðhvort þegar í stað eða á næsta fundi. Vísun málsins til nefndar kæmi þá formlega á dagskrá.

Að öðru leyti er reiknað með að forseti taki þingmál á dagskrá eftir sömu meginsjónarmiðum og verið hefur, þ.e. eins fljótt og kostur er, en fari þó að óskum nefndar ef hún vill fara betur yfir mál áður en það kemur á dagskrá.

Í mörgum nágrannaþingum, t.d. norska, sænska og finnska þinginu, hefur það tíðkast lengi, og þótt gefast mjög vel, að athugun máls hefjist um leið og það kemur til þingsins og áður en almennar umræður um það fara fram í þingsal.

Eðlilegast er að nefnd fái einhverju um það ráðið hvenær 1. umræða fer fram. Þó ber að hafa í huga að heppilegt er að viðbrögð alþingismanna gagnvart miklum ágreiningsefnum geti komið fram fljótlega eftir að máli er útbýtt í þinginu. Nauðsynlegt þykir því að tryggja minni hluta í nefnd (þ.e. stjórnarandstöðu) rétt til þess að knýja á um að 1. umræða fari sem fyrst fram svo að meiri hluti nefndar geti t.d. ekki haldið umdeildu máli í nefnd og komið í veg fyrir að almenn pólitísk umræða fari fram um það fyrir opnum tjöldum í þingsalnum meðan nefndin er að fjalla um málið. Er reiknað með að um þetta mótist fljótt venjur en skv. 3. mgr. 8. gr. hefur forseti umsjón með starfi þingnefnda og því er þess að vænta að hann hafi forustu um að fella þetta nýja fyrirkomulag í heppilegan farveg.

Nefndarvísun samkvæmt þessari málsgrein kemur í stað nefndarvísunar eftir 1. umræðu. Það er því fyrst fyrir 2. umræðu sem nefndin skilar áliti og breytingartillögum.

Um 16. gr.

Breytingin á greininni er til samræmis við þá venju sem skapast hefur í utanríkismálanefnd, þ.e. að þagnarskylda sé hin almenna regla en frá henni megi víkja ef nefndin samþykkir.

Um 17. gr.

Heiti fjárlaganefndar er breytt til samræmis við ný viðfangsefni sem færð eru undir nefndina. Nefndinni er ætlað að fjalla um tekjur og gjöld ríkissjóðs, þ.e. fjárveitingar og aðrar heimildir á fjárlögum og tekjur ríkissjóðs af sköttum og öðrum gjöldum. Um frekari skýringar vísast til athugasemda við 13. gr. Vonast er til að vinnuálag á nefndina breytist og jafnist þannig að það minnki eitthvað á haustþingi, sbr. 2. mgr. greinarinnar, en verkefni aukist frá því sem nú er á vorþingi er nefndin fjallar um önnur frumvörp en fjárlagafrumvarp.

Með nýjum lögum um fjárreiður ríkisins eru lánsheimildir ríkissjóðs færðar inn í fjárlagafrumvarpið og því munu sérstök lánsfjárlagafrumvörp hverfa. Breyting í b-lið er í samræmi við það.

Síðan 1991 hefur tíðkast að fastanefndirnar fjalli hver um sitt málefnasvið fjárlagafrumvarpsins. Hefur það fyrirkomulag þótt gefast vel þó að skiptar skoðanir hafi verið um hversu langt ætti að ganga í þeim efnum. Með breytingu á orðalagi 2. mgr. er gengið lengra á þessari braut og bein fyrirmæli sett um að fjármálanefnd vísi þeim þáttum fjárlagafrumvarps (og fjáraukalagafrumvarps), sem heyra undir málefnasvið fastanefndanna, til umfjöllunar þar. Er þá miðað við að sú grunnvinna við yfirferð yfir einstök ráðuneyti og málaflokka, svo og afgreiðslu erinda sem þeim tengjast, sem nú er unnin í fjárlaganefnd, færist til fastanefndanna. Tekjuhlið frumvarpsins er þó óskipt hjá fjármálanefnd. Byggt er á þeirri grundvallarreglu að fastanefndir geti ekki gert tillögur sem hækka heildarútgjöld hvers ráðuneytis eða málaflokks frá því sem þau eru í frumvarpi eða samkvæmt ákvörðun fjárlaganefndar. Með þessu lagi er tryggð festa í meðferð frumvarpsins. Þetta fyrirkomulag mun leiða til þess að ýmis vandamál við fjárlagaafgreiðslu koma til endanlegrar afgreiðslu fjármálanefndar fyrir 3. umræðu, og er það ekki mikil breyting frá því sem verið hefur. Breyting gæti hins vegar falist í því að tekjuhlið fjárlaga, a.m.k. lagabreytingar í því sambandi, gæti legið fyrir við 2. umræðu fjárlaga í stað 3. umræðu eins og nú er þótt ný tekjuspá kæmi eitthvað síðar. Er til bóta að skatta- og gjaldafrumvörp séu afgreidd fyrr en verið hefur, bæði fyrir atvinnurekstur og einstaklinga. Breytingar þessar á meðferð fjárlagafrumvarps byggjast ekki á þeim hugmyndum um rammafjárlög sem nú ryðja sér til rúms á Norðurlöndum (t.d. í Svíþjóð og Noregi) en með orðalagi greinarinnar er stigið visst skref í þá átt og auðvelt á að vera að taka slíkt kerfi upp, ef vilji stendur til þess, með litlum breytingum á þingsköpum og öðrum lögum.

Ljóst er að með þessari breytingu á ákvæðum þingskapa um meðferð fjárlagafrumvarps og skatta- og gjaldamála verður talsverð breyting á starfi núverandi fjárlaganefndar. Verkefni hennar verða almennari, en umfjöllun um einstök atriði á hverju málefnasviði færist til fastanefnda. Svigrúmið notar nefndin til umfjöllunar um tekjuhlið frumvarpsins en það kallar á að fylgifrumvörp fjárlaga komi fram samtímis fjárlagafrumvarpi. Jafnframt er ljóst að á nefndinni munu hvíla flest erfiðustu úrlausnarefni í ríkisfjármálum sem krefjast sérstakra ákvarðana ríkisstjórnar og stjórnarmeirihluta á lokaspretti fjárlagaafgreiðslunnar. Breytingin mun einnig hafa áhrif á störf fastanefndanna því að þær munu þurfa að verja talsverðum tíma á haustþingi til fjárlagavinnu. En með þessu móti koma allir alþingismenn að vinnu við fjárlagagerð og má segja að vel fari á því þar sem fjárstjórnarvaldið er að margra dómi jafnmikilvægt og almenn löggjafarstörf þingsins.

Aðrar breytingar á núgildandi 2. mgr. 25. gr. leiðir af þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir. Þannig falla brott ákvæði um umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar um tekjuhlið fjárlaga þar sem sá þáttur málsins er í höndum fjármálanefndar samkvæmt frumvarpi þessu.

Í 2. mgr. 25. gr. eru nú ákvæði um að 3. umræða fjárlaga hefjist eigi síðar en 15. desember. Í frumvarpinu er bætt við ákvæði um að 2. umræða hefjist eigi síðar en í fyrstu viku desember. Er þar átt við fyrstu heila starfsviku (þingviku) mánaðarins. Þykir nauðsynlegt að herða á afgreiðslu frumvarpsins en afar óheppilegt er ef 2. umræða dregst fram eftir desembermánuði. Þetta yrði enn bagalegra eftir þær breytingar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir á fjárlagaafgreiðslu því að milli 2. og 3. umræðu fæst fjármálanefnd við erfiðustu mál ríkisfjármála eftir að hún hefur lokið afgreiðslu fylgifrumvarpa fjárlaga, skatta- og gjaldamála.

Í ljósi þessara breytinga, svo og nýrra laga um fjárreiður ríkisins, er þess vænst að fjármálanefnd þrói nýjar starfsreglur um meðferð fjárlagafrumvarpsins í þá átt að hún fjalli meira um heildarlínur og stærri mál.

Um 18. gr.

Með þessari breytingu er lagt til að tengsl nefnda við ráðherra málaflokksins verði efld. Bæði verði ráðherra, sem alla jafna á ekki sæti í þingnefndum, veitt heimild til þess að koma á fund nefndar að eigin ósk til að fjalla um mál sem nefndin hefur til meðferðar frá honum og nefnd veitt heimild til þess að boða ráðherra til fundar við nefndina. Lengi hefur tíðkast að starfsmenn ráðherra (ráðuneyta) komi á nefndarfundi til að fjalla um og útskýra einstök atriði frumvarpa. Hefur það að jafnaði greitt fyrir störfum nefnda. En því frekar þykir ástæða til þess að ráðherrann sjálfur, sem ber ábyrgð á störfum embættismanna, hafi þennan rétt til að eiga orðastað beint við nefndina. Honum er svo í sjálfsvald sett hvaða aðstoðarmenn hann hefur með sér á nefndafundi.

Þess ber sérstaklega að geta að nefnd getur eftir þessa breytingu óskað eftir að ráðherra komi til fundar við hana til að fjalla um mál sem nefndin hefur til athugunar skv. 26. gr., þ.e. að eigin frumkvæði. Í framkvæmd getur þetta þýtt aukið eftirlitshlutverk nefnda þingsins á málefnasviði sínu. Nefndir geta þannig tekið upp mál sem til umræðu eru í þjóðfélaginu hverju sinni — ekki síst utan þingtíma — og óskað skýringa ráðherra á þeim.

Um 19. gr.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 30. gr. laganna að nefnd skili áliti sínu á einu skjali. Sé nefnd klofin og hvor eða hver nefndarhluti skilar sínu áliti eru þau tekin saman í eitt skjal. Breytingin á 29. gr. er til samræmis við þetta sjónarmið og vísast til athugasemda við breytingu 30. gr.

Um 20. gr.

Með þessari breytingu er stefnt að því að nefndir skili að jafnaði áliti sínu í einu þingskjali þannig að saman komi í einu skjali álit meiri hluta og minni hluta, svo og breytingartillögum frá meiri hluta, minni hluta eða einstökum nefndarmönnum ásamt skýringum með þeim.

Þetta fyrirkomulag hefur marga kosti í för með sér, einkum fyrir almenning sem fylgist með störfum þingsins, þar sem þá eru komin saman í einu skjali öll gögn sem nefnd skilar af sér í stað margra skjala eins og nú. Stundum hefur dregist að nefndarhluti skili áliti, en það ætti að vera úr sögunni með þessu fyrirkomulagi. Eins hafa í álitum nefnda, þegar þær hafa klofnað, komið fram ýmsar upplýsingar sem getið er um bæði í áliti meiri og minni hluta og sömu fylgiskjöl hafa verið prentuð með þeim. Hjá þessu má komast með nýju fyrirkomulagi.

Með þessu móti skilar nefnd ekki af sér máli með framlagningu nefndarálits fyrr en allir hlutar hennar hafa lokið við frágang sérálita sinna. Fram að þessu hefur mál verið sett á dagskrá þótt aðeins liggi fyrir álit meiri hluta. Nefnd er því ætlað að setja ákveðinn og hóflegan frest frá því að mál er afgreitt úr nefnd til að ganga frá álitum, þar á meðal sérálitum minni hluta, og breytingartillögum og skýringum við þær sem koma eiga fram í nefndaráliti. Er sá frestur tveir dagar hið minnsta nema sérstakar aðstæður kalli á annað. Eftir sem áður er það opið öllum þingmönnum að leggja fram breytingartillögur í sérstökum þingskjölum við meðferð máls.

Þá er í b-lið lagt til að 3. mgr. greinarinnar, um heimild forseta til að setja nánari reglur um frágang nefndarálita, falli brott en lagt er til að efni málsgreinarinnar verði fært í 8. gr. laganna.

Um 21. gr.

Meginbreyting á greininni felst í því að kosið verður í alþjóðanefndir á sama hátt og sama tíma og í fastanefndir þingsins. Alþjóðlegt samstarf þingmanna fer vaxandi og er það í takt við þróunina í öðrum löndum. Fram til þessa hafa þingflokkar tilnefnt fulltrúa eftir þingstyrk í alþjóðanefndir, þó að Norðurlandaráði og Vestnorræna ráðinu undanskildum þar sem kosið er á þingfundi, en nauðsynlegt þykir að skapa meiri festu í alþjóðasamstarfi þingsins með því að kjósa til nefndanna á sama hátt og til fastanefnda.

Samkvæmt hinni nýju skipan eru kosnir þrír aðalmenn og þrír varamenn í nefndirnar, nema sjö í Norðurlandaráð, sex í Vestnorræna ráðið og fjórir í EFTA-nefndina. Aðalmenn hafa allir sömu réttindi til þátttöku í alþjóðastarfi, en fram til þessa hefur þingstyrkur ráðið vali í nefndir, svo og (að mestu leyti) þátttöku einstakra nefndarmanna í alþjóðafundum og ráðstefnum.

Á því er byggt við þessa breytingu að þingflokkar komi sér saman um heildarskiptingu sæta (og formennsku) í alþjóðanefndum þannig að hver þingflokkur (eða þingflokkar sem vilja vinna saman) eigi sæti í alþjóðanefndum í hlutfalli við þingstyrk sinn. Er reiknað með að formenn þingflokkanna komi sér saman um þá skiptingu; ella yrði að kjósa hlutfallskosningu í hverja nefnd.

Að öðru leyti er efni greinarinnar óbreytt. Tvær nýjar Íslandsdeildir hafa verið stofnaðar frá 1991, þ.e. þær sem sinna málefnum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og málefnum Vestur-Evrópusambandsins (VES), og er þeim bætt við í upptalningu nefndanna. Þá eru gerðar orðalagsbreytingar til samræmis við nýjar starfsreglur tveggja alþjóðanefnda (3. og 6. tölul. 1. mgr.). Verði stofnaðar nýjar alþjóðanefndir eða núverandi nefndir lagðar niður eða sameinaðar, yrði að breyta þingsköpum.

Við greinina er bætt nýrri málsgrein, 4. mgr., þar sem segir að sömu reglur gildi um alþjóðanefndir og fastanefndir almennt. Á það við um boðun funda, ályktunarbæran fund, fundatíma, forföll o.s.frv. Sérstaklega er þó tekið fram að þingflokkar geti haft mannaskipti í alþjóðanefndum. Hverfi t.d. aðalmaður í alþjóðanefnd af þingi getur þingflokkur hans tilnefnt nýjan aðalmann samkvæmt reglum 16. gr.

Þá er efni núgildandi 47. gr. fært í 35. gr., sem 6. mgr. Greinin fjallar um rétt alþjóðanefnda til að leggja skýrslu fyrir þingið. Þykir eðlilegra að þetta ákvæði sé með öðru efni um alþjóðanefndir í 35. gr. Við greinina hefur verið bætt ákvæði um að alþjóðanefnd skuli gera þinginu grein fyrir starfi sínu a.m.k. einu sinni á ári. Er það í samræmi við þá venju sem skapast hefur.

Samkvæmt 7. mgr. er forseta gert að setja almennar reglur um störf alþjóðanefnda. Í því felst m.a. að setja reglur um þátttöku af Íslands hálfu í alþjóðaþingum og ráðstefnum sem

tengjast starfi hverrar nefndar, um skiptingu fjár til nefndanna, þátttöku formanns, aðalmanna og varamanna, setu á nefndafundum alþjóðasamtaka, skýrslur um störf nefndanna o.fl.

Um 22. gr.

Þótt í þingsköpum segi að lagafrumvörp eigi að vera með „lagasniði“ er ekki að finna nánari skrifaðar reglur um hvað við er átt með því orði. Hefð er engu síður rík í þessum efnum og býsna löng. Hugmyndir hafa komið fram um að gera mætti lagafrumvörp aðgengilegri, bæði fyrir þingmenn og almenning, einkum þannig að betur komi fram hverju verið er að breyta hverju sinni. Má í því sambandi hugsa sér að gildandi lagatexti og sá texti sem frumvarp gerir ráð fyrir séu prentaðir hlið við hlið, í dálkum, eða breytingar, sem ráðgerðar eru, séu felldar inn í gildandi lagatexta og prentaðar þannig með frumvarpi. Þá hefur verið nefnt að ákjósanlegt sé að almennar athugasemdir við lagafrumvarp, svo og útdráttur um efni þess, komi fremst í þingskjali.

Ekki er talið heppilegt að setja í þingsköp nákvæm fyrirmæli um frágang lagafrumvarpa og því er lagt til að forseti geti sett reglur sem séu til leiðbeiningar þeim sem semja frumvörp.

Lagt er til að 2. mgr. 36. gr. falli brott. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við breytingar á 52. gr.

Um 23. gr.

Samkvæmt breytingunni ganga mál til 2. umræðu án atkvæðagreiðslu nema einhver þingmaður óski þess að hún fari fram. Afar fátítt er að þingmenn greiði atkvæði gegn því að frumvörp gangi til 2. umræðu. Þykir eðlilegt að mál fái athugun í nefnd og að efnisleg afstaða til máls sé tekin við 2. umræðu. Þess eru þó dæmi að þingmenn hafa greitt atkvæði gegn því að mál gangi til 2. umræðu, og jafnvel að mál sé fellt frá 2. umræðu. Með breytingu á greininni er ekki verið að girða fyrir slíkt heldur fækka atkvæðagreiðslum um atriði sem eru ágreiningslaus. Jafnframt er vakin athygli á því að ekki eru heldur greidd atkvæði um að vísa máli til nefndar því að það hefur verið gert þegar við útbýtingu.

Um 24. gr.

Með orðalagsbreytingu þessari er rýmkuð heimild forseta til þess að láta greiða atkvæði um margar greinar frumvarps í einu, svo sem tíðkast hefur mjög lengi, ef enginn ágreiningur er um þær. Enn fremur hefur forseti rýmri heimild samkvæmt hinu nýja orðalagi til þess að bera upp saman breytingartillögur við fleiri greinar en eina, en samkvæmt núgildandi ákvæði er ekki gert ráð fyrir slíku.

Forsetar hafa hagað atkvæðagreiðslum þannig undanfarin þing ef breytingartillögur hafa verið margar og ekki hefur verið ágreiningur um þær að þær hafa verið bornar upp í einu lagi og síðan þær greinar, sem þær hafa átt við, svo breyttar. Með þessu hefur sparast mikill tími í atkvæðagreiðslum.

Samkvæmt 65. gr. þingskapa ræður forseti því hvernig atkvæðagreiðsla fer fram, en byggt er á því hér að forseti láti jafnan fara fram sérstakar atkvæðagreiðslur um þær greinar og breytingartillögur sem þingmenn óska þannig að greinilega komi fram ágreiningur og afstaða einstakra þingmanna.

Í síðari málslið breytingartillögunnar segir að aðeins skuli greiða atkvæði um hvort mál gangi til 3. umræðu ef einhver þingmaður óskar þess. Að jafnaði er ekki ágreiningur um að mál fari milli umræðna og er þessu ákvæði ætlað að fækka atkvæðagreiðslum um formsat-

riði. Sérhver þingmaður á þó rétt á að krefjast slíkrar atkvæðagreiðslu ef hann vill að afstaða hans til þessa atriðis komi fram eða hann telur að meiri hluti sé ekki fyrir því að málið gangi lengra.

Um 25. gr.

Með breytingu á 40. gr. þingskapa er stefnt að vandaðri og öruggari meðferð lagafrumvarpa. Er 3. umræðu í raun skipt í tvennt. Fyrst skal ræða breytingartillögur sem fram hafa komið við einstakar greinar og ljúka afgreiðslu þeirra en síðan taka frumvarpið í heild til umræðu eins og það er þá orðið.

Með breytingunni er komið til móts við það sjónarmið að allar breytingar á frumvarpinu séu komnar fram áður en lokaumræða um það fer fram. Ef samþykktar hafa verið breytingartillögur við 3. umræðu getur forseti frestað umræðunni, látið fella breytingartillögurnar inn í lagatextann og útbýtt nýju þingskjali áður en umræðum er haldið áfram ef hann telur að ástæða sé til, svo sem ef flóknar breytingartillögur eru samþykktar við 3. umræðu. Hitt er víst að um mörg frumvörp mun það gilda að engar breytingartillögur eru fluttar við 3. umræðu eða þá breytingartillögur sem eru einfaldar í sniðum.

Samfara þessari breytingu þarf að setja sérstakar reglur um hvernig haga skal umræðum um breytingartillögur við 3. umræðu og hvernig haga skal umræðum um frumvarpið í heild. Er tillögur um þær reglur að finna í nýrri 78. gr.

Í b-lið er lagt til að ef reynir á 2. mgr. 40. gr. gildi sömu reglur um umræður um nýjar breytingartillögur og gilda ella við upphaf 3. umræðu. Á það ber að leggja áherslu að 2. mgr. 40. gr. er nokkurs konar viðurlagaákvæði sem unnt er að grípa til ef t.d. hætta er á að breytingar, sem samþykktar hafa verið, stangist á við önnur ákvæði frumvarps. Á ákvæðið reynir aðeins ef meiri hluti þingsins samþykkir að vísa máli til nefndar á ný á lokastigi þess, en ekki þótt forseti fresti umræðu, t.d. til að athuga hvort missmíði verði á frumvarpi eftir samþykkt breytingartillagna.

Um 26. gr.

Breyting í a-lið greinarinnar er til samræmis við breytingu á 13. gr.

Ákvæði b-liðar felur í sér að forseta Alþingis sé jafnan skylt að kanna hvort frumvarp eða breytingartillaga sé að efni til andstæð stjórnarskránni. Komist hann að þeirri niðurstöðu ber honum að leggja fram tillögu um frávísun. Með orðalagi hinnar nýju málsgreinar er forseta þó aðeins gert að skyldu að leggja slíka tillögu fram að hann telji frumvarp eða breytingartillögu ótvírætt, eða augljóslega, andstæða stjórnarskrá. Hafa ber í huga í þessu sambandi að þingmenn geta jafnan flutt frávísunartillögu áður en mál kemur til endanlegrar afgreiðslu telji þeir að þingmál sé andstætt stjórnarskrá.

Öðru hverju berast athugasemdir frá þingmönnum um að lagafrumvörp séu andstæð stjórnarskrá. Eðlilegt þykir að taka slík ummæli alvarlega hverju sinni og kanna hvort svo geti talist. Getur forseti þá í fyrstu reitt sig á álit eða ábendingar sérfróðra starfsmanna þingsins, t.d. nefndaritara. Hins vegar eru í ákvæðinu ekki sett nánari fyrirmæli um hvernig forseti hagar athugun sinni en augljóst er að hann getur í þessu efni þurft að leita álits fræðimanna utan þings. Er reiknað með því að forseti og forsætisnefnd komi fyrirkomulagi slíkra athugana í fastan farveg. Í stjórnskipaninni eru löggjafarvaldi Alþingis sett ýmis mörk samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Því þykir eðlilegt að í þingsköpum séu ákvæði sem feli forseta að kanna sérstaklega hvort efni frumvarpa, sem fram koma á þinginu, sé augljóslega andstætt stjórnarskránni þótt vitaskuld sé það Hæstaréttar að kveða upp endanlegan úrskurð um það efni, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 27. gr.

Lögð er til sú breyting í a-lið að þingsályktunartillögur frá fastanefndum verði afgreiddar við eina umræðu. Reynslan hefur sýnt að tillögur sem nefndir flytja hafa hlotið fullnaðarumræðu í nefndinni og þess vegna verið óþarfi að hafa um þær tvær umræður með nefndavísun á milli, svo sem er um tillögur ríkisstjórnar eða einstakra þingmanna. Ef þörf reynist á nánari athugun í nefnd eftir að umræða er hafin má nýta heimild 1. mgr. 23. gr. um að gera hlé á umræðunni og vísa málinu til nefndar. Með breytingu þessari verður jafnframt einfaldara fyrir nefndir, einkum hina nýju stjórnlaganefnd, en einnig nefndir sem nýta sér heimild 26. gr., að koma áliti sínu og ályktunartillögu til umræðu og afgreiðslu í þinginu eftir athugun og umfjöllun um mál eða skýrslur.

Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingu að ræða; þó er bætt við að ekki þurfi nema eina umræðu um tillögur um skipan rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Eðlilegt þykir að þingið ákveði með einni umræðu hvort slíka nefnd eigi að skipa hverju sinni fremur en að fastanefndir þingsins fjalli um slík álitamál. Slíkt er þó ekki útilokað, sbr. áðurgreind ákvæði 1. mgr. 23. gr. þingskapa.

Samkvæmt c–d-liðum eru felld brott úr greininni ákvæði um ræðutíma sem flytjast í nýja 78. gr.

Þá er í b-lið hliðstæð breyting og á 38.–39. gr., þ.e. að ekki skuli fara fram atkvæðagreiðsla um vísun tillögu til síðari umræðu nema einhver þingmaður óski þess að hún fari fram.

Loks er lagt til í e-lið að 6. mgr. greinarinnar falli brott. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við breytingar á 52. gr.

Um 28. gr.

Í a-lið greinarinnar er þingflokki veittur réttur til þess að óska umræðu um skýrslu ráðherra. Hefur raunar þótt sjálfsagt að verða við slíkum óskum ef fram hafa komið, þótt færri hafi verið en níu, ef tök hafa verið á að koma skýrslu á dagskrá og til umræðu.

Í b-lið er felld niður tilvísun til 48. gr. um ræðutíma en reglur þeirrar greinar falla brott samkvæmt frumvarpinu og flytjast í nýja 78. gr.

Við greinina bætast fjórar nýjar málsgreinar. Þrjár þeirra eru til að festa í þingsköp venjur sem ríkt hafa. Á undanförnum áratugum hefur skapast sú venja að utanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um utanríkismál. Áður fyrr fór umræðan fram á vorþingi á grundvelli viðamikillar prentaðrar skýrslu en fyrir nokkrum árum var sú nýbreytni tekin upp að ráðherra flytur þinginu munnlega skýrslu tvisvar á ári en handriti ræðunnar er komið til þingmanna með nokkrum fyrirvara. Í orðalagi málsgreinarinnar eru ekki fyrirmæli um hvort skýrsla ráðherra sé munnleg eða skrifleg, aðeins að hún sé almenn, þ.e. yfirlitsskýrsla, og sé flutt tvisvar á hverju reglulegu þingi. Þar sem utanríkismál eru mikilvægur málaflokkur, og þýðing þeirra fer vaxandi, þykir eðlilegt að taka þessi ákvæði upp í þingsköp. Ráðherra getur eftir sem áður flutt Alþingi fleiri skýrslur, um tiltekin mál, og var raunar gert ráð fyrir slíku þegar fallið var frá að prenta eina yfirlitsskýrslu fyrir hvert ár.

Þá er fest í þingsköp ákvæði um að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd þeirra þingsályktana sem Alþingi hefur samþykkt og beint annaðhvort til ríkisstjórnarinnar í heild eða einstakra ráðherra. Á undanförnum árum hafa slíkar skýrslur verið fluttar nokkrum sinnum og hafa þau vinnubrögð þótt mjög til fyrirmyndar. Með ákvæðinu er ætlunin að gera þetta að föstum lið í þingstarfinu að fjalla um slíka skýrslu frá forsætisráðherra. Þykir hæfilegt að hún sé gerð annað hvert ár og er það með hliðsjón af fjölda ályktana, sem er ekki mikill, og því að stjórnvöld hafi eðlilegan tíma til að koma ályktununum í framkvæmd.

Þá er enn fremur fest í þingsköp sú venja að forseti geti tekið á dagskrá „tilkynningu frá ríkisstjórninni“ við sérstakar aðstæður. Hefur það tíðkast við stjórnarskipti á þingtíma og um breytingar á skipan ríkisstjórnar, svo og um einstök mikilvæg mál. Jafnframt því að taka ákvæði þetta í þingsköp eru settar reglur um umræðu um slíka tilkynningu frá ríkisstjórninni, þ.e. þær sömu og gilda um skýrslur almennt.

Í síðustu málsgreininni eru nýmæli. Ákvæðið veitir forseta heimild til þess að taka á dagskrá tilkynningu frá forustumanni ríkisstjórnarinnar, forsætisráðherra, eða staðgengli hans, til þess að skýra Alþingi frá störfum ríkisstjórnarinnar. Er haft í huga að ráðherra geti einu sinni í viku eða svo, á þeim degi þegar ríkisstjórnin heldur reglulega fundi, greint Alþingi frá störfum stjórnarinnar, þ.e. ákvörðunum sem hún hefur tekið, eftir því sem ráðherra telur eðlilegt að gert sé opinbert á því stigi.

Fram að þessu hafa slíkar tilkynningar verið sendar fjölmiðlum en með þessari nýju málsgrein fær forsætisráðherra tækifæri til þess að greina Alþingi fyrst frá þeim málefnum sem ríkisstjórnin hefur afgreitt eða hefur til afgreiðslu. Gert er ráð fyrir að um tilkynningu af þessu tagi gildi sömu reglur og um umræður utan dagskrár, þ.e. umræðan standi í allt að hálfa klukkustund og ráðherra (sem jafnframt er málshefjandi) hafi 5 mínútur til framsögu en aðrir 2 mínútur.

Um 29. gr.

Lagðar eru til þrenns konar breytingar á ákvæðum þingskapa um skýrslubeiðnir. Í fyrsta lagi að þingflokkur, þótt skipaður sé færri þingmönnum en níu, geti beðið um skýrslu, enda er oft um að ræða mál sem þingflokkar bera sérstaklega fyrir brjósti og er liður í málefnavinnu þeirra. Í öðru lagi að forseta og alþingismönnum gefist rýmri tími til þess að fara yfir og kynna sér beiðnir um skýrslur og í þriðja lagi að stytta þann tíma sem ráðherra hefur til þess að ljúka skýrslugerðinni.

Skýrslubeiðnum hefur fjölgað undanfarin ár. Þó hefur komið fram nokkur óánægja með ákvæði þingskapa um þær. Annars vegar hefur verið kvartað um að skýrslubeiðnir væru of víðtækar, krefðust mikils tíma og mannafla ef þeim á að gera góð skil. Hins vegar hafa skýrslur þótt berast mjög seint og af þeim ástæðum ekki hlotið þá umræðu sem til var ætlast og að var stefnt.

Með breytingum á 1. mgr. er forseta gefinn nokkur tími til að fara yfir skýrslubeiðni áður en hún er prentuð. Þyki forseta vera annmarkar á beiðninni hefur hann ráðrúm til þess að ræða við skýrslubeiðendur, og eftir atvikum ráðherra, um málið. Ef ekki tekst samkomulag eiga skýrslubeiðendur að sjálfsögðu rétt til þess að láta prenta beiðnina.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum ber þinginu að afgreiða skýrslubeiðni á næsta fundi eftir að henni hefur verið útbýtt. Það þykja of þröng tímamörk og því er fært í vald forseta hvenær málið er tekið fyrir, en það skal hann þó gera „svo fljótt sem við verður komið“.

Framkvæmd núgildandi ákvæða hefur verið þannig að skýrslubeiðendur hafa lagt beiðnina fram á skrifstofu þingsins og hún verið prentuð án nokkurra afskipta forseta. Með breyttu orðalagi er lagt til að meðferð skýrslubeiðna falli í áþekkan farveg og meðferð fyrirspurna sem forseta eru afhentar, sbr. 49. gr.

Með breytingu á 2. mgr. er svo styttur sá frestur sem ráðherra hefur til að ljúka skýrslu sem Alþingi hefur samþykkt að hann taki saman og birti þinginu, þ.e. úr tveimur og hálfum mánuði í tvo mánuði. Þetta er gert til þess að auka möguleika þingmanna á því að fá skýrslur á þingtíma og hefja umræður um þær. Mikilvægt er að ráðherrar ljúki skýrslugerðinni innan þess frests sem tilgreindur er í þingsköpum og láti þann frest marka efni og umfang skýrslunnar.

Um 30. gr.

Efni greinarinnar er nýmæli, en ákvæði núgildandi 47. gr. eru færð óbreytt í 35. gr. (6. mgr.) þar sem eru önnur ákvæði um alþjóðanefndir.

Í öllum nágrannaþingum er að finna umræðuform þar sem þingmenn geta beint fyrirspurnum til ráðherra um umdeild mál eða embættisverk þannig að jafnframt fari fram almenn pólitísk umræða (da. forespørgsel, sæ. interpellation). Um venjulegar fyrirspurnir (da. spørgsmål, sæ. fråga) taka hins vegar aðeins til máls fyrirspyrjandi og ráðherra en engin almenn umræða fer fram.

Á Alþingi hafa umræður af þessu tagi leitað sér farvegar utan dagskrár. Er reynsla af því að sumu leyti góð því að formið hefur verið sveigjanlegt og þingmenn hafa komið málum að með stuttum fyrirvara. Þannig hafa komið fram á Alþingi skjótari viðbrögð við pólitískum atburðum en finna má í nálægum þingum. Því nýmæli, sem er að finna í 47. gr., er ekki ætlað að breyta því, fremur að beina þeim umræðum, sem þola nokkra bið, á annan og formlegri vettvang. Nokkuð hefur borið á því að þingmenn hafi óskað umræðu utan dagskrár um almenn mál sem varla hefur talist nauðsynlegt að ræða sem næst fyrirvaralaust, enda hefur oft dregist dögum eða vikum saman að koma slíkum umræðum að, og oft hefur verið beðið um lengri umræðu en hálftíma, sbr. 1. mgr. 50. gr. Hinu nýja ákvæði greinarinnar er ætlað að taka til umræðna af þessu tagi, þ.e. þeirra utandagskrárumræðna sem ekki er aðkallandi að fari fram svo að segja um leið og beiðni um slíkt kemur fram. Mun reyna á forseta að skapa góða venju í þessu efni.

Samkvæmt greininni verða a.m.k. þrír þingmenn að standa að beiðninni og er það til að tryggja betur að um almennt mál sé að ræða. Í beiðninni koma fram þær spurningar sem þingmennirnir vilja beina til ráðherrans og hefur hann þá um vikutíma til að undirbúa mál sitt. Í yfirliti um ræðutíma í nýrri 78. gr. er gerð tillaga um að umræða af þessu tagi standi í allt að eina klukkustund og hafi málshefjandi og ráðherra 10 mínútur, talsmenn úr öðrum þingflokkum 5 mínútur en aðrir þingmenn og þeir sem tala í annað sinn 2 mínútur Þannig ættu tíu þingmenn eða fleiri að geta tekið þátt í umræðu af þessu tagi.

Um 31. gr.

Felld eru brott úr greininni ákvæði um ræðutíma, en þau eru flutt í nýja 78. gr. Jafnframt er gert ráð fyrir að lengja megi ræðutíma talsmanna þingflokka án tillits til þess um hvað skýrsla fjallar, en það er nú bundið við utanríkismál og önnur viðamikil mál.

Um 32. gr.

Í greininni er að finna annars vegar lagfæringar á gildandi ákvæðum og jafnframt nokkur nýmæli sem ætlað er að styrkja þann mikilvæga þátt í störfum Alþingis sem fyrirspurnirnar eru.

Um a-lið.

Rétt þykir, með hliðsjón af því hve réttur þingmanna til fyrirspurna til ráðherra er mikilvægur að í þingskapagreininni sé vísað til stjórnarskrárákvæðisins í 54. gr. um fyrirspurnaréttinn.

Um b-lið.

Í gildandi ákvæði segir að fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skuli senda hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum. Á síðari árum hefur verið fremur sjaldgæft að fyrirspurnum sé beint til tveggja eða fleiri ráðherra. Það þykir líka á ýmsan hátt óhagkvæmt, hvort sem beðið er um munnlegt eða skriflegt svar, svo sem hvernig ræðutíma skuli þá skipt milli ráðherra, hvort

eitt ráðuneyti, eða hvert (hvort) þeirra, gengur frá skriflegu svari o.s.frv. Með þessari breytingu er stefnt að því að fyrirspurn skuli ávallt beint til eins ráðherra.

Um c-lið.

Í greininni segir nú að fyrirspurn skuli að jafnaði tekin á dagskrá hafi henni verið útbýtt þremur virkum dögum fyrir fundinn og eigi síðar en átta virkum dögum eftir að henni var útbýtt. Þetta hefur í reynd þýtt að fyrirspurnir eru teknar á dagskrá í næstu viku eftir að þeim er útbýtt. Þykir skýrara að orða ákvæðið líka þannig. Eðlilegt er að í þingsköpum sé jafnframt ákvæði um að frá þessu megi víkja ef ráðherra, sem svarar fyrirspurninni, hefur lögmæt forföll eða þingmaðurinn, sem flytur fyrirspurnina, óskar eftir því að hún komi síðar á dagskrá. Er þetta í samræmi við venju.

Um d-lið.

Felld eru brott ákvæði um ræðutíma en þau eru tekin upp í nýrri 78. gr.

Um e-lið.

Í þessum lið eru þrjár efnisbreytingar:

Í fyrsta lagi er talið eðlilegt að dragist að svar berist frá ráðherra sé forseta þingsins gerð grein fyrir töfinni með bréfi, ástæðum hennar og hvenær svars sé að vænta. Allalgengt hefur verið að þingmenn hafi kvatt sér hljóðs á þingfundi til þess að óska skýringa eða upplýsinga frá forseta eða ráðherra um hvenær sé að vænta svars við skriflegri fyrirspurn þeirra sem dregist hefur að svara fram yfir þann frest sem þingsköp bjóða. Ákvæði þetta er sett til að draga úr slíkum umræðum.

Í öðru lagi er þeirri reglu nú fylgt að um leið og svar við fyrirspurn berst frá ráðherra er það ljósritað og sent þeim þingmanni sem lagði fyrirspurnina fram, enda er boðið að svo skuli gert samkvæmt þingsköpum. Þetta þykir af ýmsum ástæðum óheppilegt fyrirkomulag, þ.e. að þingmaður (fyrirspyrjandi) sé með svarið í höndunum, geti t.d. kynnt það fjölmiðlum, áður en aðrir þingmenn fá eintak af hinu prentaða svari. Því er lagt til að þetta ákvæði greinarinnar falli brott.

Þá hefur í þriðja lagi borið á því að þingmenn hafi verið óánægðir með skrifleg svör sem þeir hafa fengið frá ráðherra við fyrirspurnum sínum. Hafa þingmenn þá ekki haft færi á að gera athugasemdir við svörin nema í upphafi þingfundar sem athugasemdir um störf þingsins. Það þykir óheppilegt, en til þess að gefa þingmönnum færi á að gera athugasemdir við skrifleg svör, sem þeir telja ófullnægjandi, er þeim veittur tími til þess í lok hins venjulega fyrirspurnatíma. Er þá eðlilegt að þingmaður geri forseta þingsins eða skrifstofu grein fyrir þeirri ósk sinni áður en fundur hefst svo að unnt sé að koma boðum til ráðherra um athugasemdina. Gert er ráð fyrir því í reglum um ræðutíma að þingmaðurinn hafi 3 mínútur til að gera athugasemdir og ráðherrann jafnlangan tíma til andsvara.

Um f-lið.

Í þessum lið greinarinnar eru tvö nýmæli sem lagt er til að tekin verði í þingsköp. Hið fyrra lýtur að því að heimila þingmönnum að beina skriflegum fyrirspurnum til ráðherra í þinghléum eins og á þingfundatíma. Áþekkar breytingar hafa verið gerðar á þingsköpum annarra þinga á Norðurlöndum að undanförnu, í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, en þetta fyrirkomulag hefur um nokkurt skeið gilt í Danmörku. Þykir eðlilegt að þessum þætti í eftirlitshlutverki þingmanna með framkvæmdarvaldinu sé haldið virkum þótt þingstörf liggi niðri í þinghléum. Með þessari breytingu yrði ráðherranum enn fremur heimilt að senda utan þingtíma svör við skriflegum fyrirspurnum sem borist hafa meðan þingið er að störfum. Í málsgreininni segir að prenta eigi svörin sem þingskjöl í Alþingistíðindum. Er framkvæmdin hugsuð þannig að fyrirspurnir og svörin séu prentuð sem skjöl jafnóðum og þau berast, séu send fyrirspyrjanda og öðrum þingmönnum og séu einnig aðgengileg almenningi á skrifstofu

þingsins. Skjölunum sé svo safnað saman síðar í skjalahefti. Með nútímasamskiptatækni er einnig hægt að senda öllum þingmönnum skjöl í tölvupósti, jafnskjótt og þau eru tilbúin, og setja þau líka á tölvunet sem almenningur á aðgang að.

Síðara atriðið lýtur að því að ráðherra eigi sjálfur úrskurð um það hvort honum sé skylt að svara fyrirspurn eða ekki, enda ber hann ábyrgð á því. Enn fremur er ráðherra leystur undan því að svara fyrirspurn ef hann telur það vera ógerlegt, til að mynda af tæknilegum ástæðum. Samkvæmt orðalagi málsgreinarinnar skal hann gera forseta grein fyrir því ef hann telur að honum sé ekki skylt að svara fyrirspurn eða einhverjum hluta fyrirspurnar eða að það sé óframkvæmanlegt. Er þá jafnframt ráðgert að forseti tilkynni um synjun ráðherra og ástæður hans fyrir því. Eigi synjun ráðherra við um skriflega fyrirspurn er eðlilegt að ráðherra geri skriflega grein fyrir synjun. Forseti getur þá ýmist greint frá bréfi ráðherra eða sent afrit þess þeim þingmanni sem fyrirspurnina gerði. Með synjun ráðherra er þingmálinu formlega lokið. Hins vegar er þingmanninum tryggður réttur til þess að ræða synjun ráðherrans í næsta reglulega fyrirspurnatíma þingsins. Gildir um þá umræðu sami tími og almennt um fyrirspurnir.

Fátítt er að ráðherrar telji sér ekki skylt að svara fyrirspurn, en sé svo er eðlilegt að fyrir því sé séð í þingsköpum hvernig með skuli fara. Ástæður geta verið ýmsar, þagnarskylda, persónuleg málefni, mál sem ráðherra hefur ekki forræði á, að málið sé of umfangsmikið, varði öryggi ríkisins o.s.frv. Skv. 2. mgr. er það á valdi forseta hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Það hefur hins vegar sýnt sig á undanförnum árum að forseti getur ekki ávallt lagt á það efnislegt mat hvort fyrirspurn rúmast innan marka þingskapa og að hann er í erfiðri aðstöðu þegar hann þarf að synja um fyrirspurn. Með þessu nýja ákvæði er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á meðferð forseta á fyrirspurnum, en hins vegar er ljóst að hann hefur meira svigrúm til að leggja það í vald ráðherra hvort hann vill svara fyrirspurninni.

Um g-lið.

Felld eru brott ákvæði um ræðutíma í óundirbúnum fyrirspurnum („munnlegum fyrirspurnum til ráðherra"), en ákvæðið er tekið upp í nýrri 78. gr.

Um 33. gr.

Með breytingu á greininni er lagt til að hinar svokölluðu lengri utandagskrárumræður falli niður. Á það ákvæði þingskapa reynir æ sjaldnar enda þykir það umræðuform of langdregið. Á móti kemur tvennt. Hið fyrra er að forseti hefur almenna heimild til þess að rýmka ræðutíma, sbr. 55. gr., þar á meðal við umræður utan dagskrár. Hefur reyndin verið sú undanfarin ár, ef hálftímaformið hefur þótt of þröngt, að samið hefur verið milli þingflokka um rýmri tíma. Hið síðara er breytingin á 47. gr. þar sem veitt er heimild til þess að taka á dagskrá munnlegar skýrslur (sjá athugasemdir við þá grein).

Jafnframt eru lagðar til breytingar á orðalagi 50. gr. um utandagskrárumræður á þann veg að þær þurfi í senn að vera um mikilvæg mál og aðkallandi. Þannig er gert ráð fyrir að utandagskrárumræða um mál sem þola einhverja bið sé frekar tekin upp sem beiðni um munnlega skýrslu, en talsvert hefur borið á því að þingmenn hafi óskað eftir umræðum um slík mál utan dagskrár og að það dragist vikum saman að koma umræðunni við. Hafa þá safnast fyrir hjá forseta margar beiðnir um utandagskrárumræður sem erfitt hefur reynst að koma fyrir. Þess vegna er í lokamálslið málsgreinarinnar gert ráð fyrir að takist ekki að hefja umræðuna innan þriggja daga falli beiðnin niður.

Markmið þessara breytinga er að spara þetta sérstæða umræðuform, sem ekki er algengt í öðrum þingum, og beita því þá aðeins þegar um raunverulega mikilvæg og aðkallandi mál er að ræða sem vekja pólitískar deilur. Með því móti er Alþingi mikilvægasti vettvangur

stjórnmálaumræðunnar í landinu og hefur þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er til þess að svo megi vera áfram.

Með orðalagi hinnar nýju 1. mgr. fær forseti heimild til þess, þegar sérstaklega stendur á, að leyfa umræðu utan dagskrár eftir að fundur er hafinn en það er nú óheimilt. Komið hefur fyrir, þegar fundir eru mjög langir, að tilefni til utandagskrárumræðu hefur komið upp eftir að þingfundur hófst. Hefur þá reynst snúið að koma umræðunni við þannig að formskilyrðum greinarinnar yrði fullnægt. Með breytingunni er einungis verið að rýmka heimild forseta til að leyfa umræður utan dagskrár ef sérstaklega stendur á, svo sem hafi fundur hafist fyrir hádegi, á síðasta fundi fyrir hlé o.s.frv. Gert er ráð fyrir því í slíkum tilfellum að forseti geri formönnum þingflokka viðvart um fyrirætlun sína eins fljótt og við verður komið þannig að þingflokkar geti skipulagt þátttöku sína í umræðunni. Þá er bætt í greinina því ákvæði að þingmaður, sem óskar eftir umræðu utan dagskrár og vill spyrja ráðherra spurninga, geri honum viðvart. Er það í samræmi við þá venju sem skapast hefur í framkvæmd enda mikilvægt að þingmaðurinn og ráðherrann ráðgist um umræðuna, t.d. með því að þingmaðurinn komi spurningum til ráðherra fyrir fram áður en umræðan hefst.

Í greininni (nýrri 1. mgr. og síðustu málsgrein) eru felld brott ákvæði um ræðutíma, sem nú eru þar, en þau eru tekin upp í nýrri 78. gr.

Um 34. gr.

Með breytingu á 1. mgr. greinarinnar er einvörðungu verið að hnykkja á að efni hennar eigi aðallega við breytingartillögur sem koma fram frá öðrum en nefndarmönnum og standa í sérstöku þingskjali en ekki í sameiginlegu áliti nefndarinnar.

Um 35. gr.

Fram til 1991, er deildir þingsins voru lagðar niður og seta Alþingis gerð samfelld, var þinginu slitið (þinglausnir), að jafnaði hin síðari ár að vori, og var þá litið svo á að öll þingmál væru brott fallin og hið nýja þing þar á eftir kæmi að hreinu borði. Þessi framkvæmd átti sér án efa fyrirmynd hjá danska ríkisdeginum. Þegar danska þinginu var breytt í eina málstofu 1953 voru sett ákvæði í stjórnarskrána, 4. mgr. 41. gr., um að öll mál, sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu, falli brott við almennar kosningar og lok hvers „þingárs“ (svarar til „löggjafarþings“ hérlendis). Ekki voru sett nein ákvæði um þetta atriði í íslensku stjórnarskrána 1991 en í þingsköp var tekið það nýmæli sem nú stendur í 52. gr., þ.e. að öll óafgreidd þingmál falli brott við þinglok, þ.e. lok hvers löggjafarþings. Annars staðar á Norðurlöndum er „brottfallsreglan“ miðuð við lok kjörtímabils jafnvel þótt hverju löggjafarþingi (no. sessjon, sæ. riksmöte) hafi, þar til fyrir fáum árum, verið formlega slitið á svipaðan hátt og hér var gert fram til 1991.

Með hinni nýju skipan munu þingmál liggja fyrir þinginu áfram þótt þau hafi ekki hlotið endanlega afgreiðslu fyrir lok vorþings. Staða hvers þingmáls er þá óbreytt eins og við það var skilist að vori, hafi almennar kosningar til Alþingis ekki farið fram í millitíðinni. Þingmál, sem lögð voru fram, þarf þá ekki að endurflytja, og — svo dæmi sé tekið — hafi 2. umræðu lokið að vori um lagafrumvarp þarf á næsta þingi aðeins að ljúka 3. umræðu til þess að frumvarpið hljóti lokaafgreiðslu.

Ástæður þessara breytinga eru margvíslegar: Í fyrsta lagi þykir þessi skipan horfa til vandaðri vinnubragða á Alþingi. Þingið fær þannig rýmri tíma til afgreiðslu mála, einkum þingnefndirnar, þegar létt er af þeirri tímaþröng sem oft skapast þegar sótt er á að mál séu afgreidd fyrir þinglok, þannig að ekki þurfi að endurflytja mál og hefja allan ferilinn að nýju. Í öðru lagi ætti þessi breyting að leiða til betri samfellu í störfum þingsins því að oft vill

brenna við að þingnefndir hafi fá mál á fyrstu vikum eða mánuðum þinghaldsins. Þannig fer tími til spillis sem annars mætti nýta til framhalds starfa við þau þingmál sem lágu óafgreidd að vori. Í þriðja lagi leiðir þessi nýja skipan til sparnaðar í prentkostnaði og hagræðingar því að nú þarf að endurflytja þau mál sem þingið hefur ekki afgreitt að vori en stjórnin eða þingmenn halda til streitu. Til fróðleiks má nefna að af um 80 frumvörpum, sem komin voru fram um miðjan nóvember sl., voru 30 endurflutt, flest frá þingmönnum, og af 50 þingsályktunartillögum voru 30 endurfluttar. Í fjórða lagi má nefna að hið nýja fyrirkomulag dregur verulega úr því — nema við lok síðasta þings fyrir reglulegar alþingiskosningar — að unnt sé að tefja mál, t.d. með því að nýta ótæpilega réttinn til ræðuhalda á þeim tíma sem allajafna eru miklar annir í þinginu (þ.e. að vori) því að unnt verður að fresta síðustu umræðu um mál, eða hluta umræðu, fram yfir sumarhlé án þess að taka þurfi málið allt upp aftur frá byrjun. Loks má í fimmta lagi nefna að með þessu fyrirkomulagi verður auðveldara að halda starfsáætlun þingsins því að ekki verður sama nauðsyn að lengja þinghald til að ljúka málum að vori sem komin eru úr nefnd þar sem þingið getur að hausti haldið afgreiðslu máls áfram eins og það stóð áður en hlé var gert.

Samhliða breytingum á þessari grein er lagt til að ákvæði um fresti til að leggja fram lagafrumvörp og þingsályktunartillögur, sbr. 36. og 44. gr., falli niður.

Ljóst er að þessari mikilvægu breytingu á starfsháttum þingsins munu fylgja ýmis vandkvæði sem stjórn þingsins þarf að takast á við. Þannig liggur fyrir að sá vandi sem jafnan skapast við þinglok við afgreiðslu margra mála verður fyrir hendi, jafnvel í ríkari mæli, við lok kjörtímabils, þ.e. lok síðasta þings á kjörtímabili. Í öðru lagi mun þetta fyrirkomulag hægja á afgreiðslu mála sem eru til meðferðar á Alþingi árlega, þ.e. fjárlaga og fylgifrumvarpa þeirra, en sumir munu eflaust telja það góðan kost.

Þótt það sé meginregla í þingstörfum að mál fái afgreiðslu hefur sú venja skapast að mál, sem ekki er meiri hluti fyrir, „sofna“ í nefnd fremur en að þau séu felld eftir umræður á þingfundi. Hefur það í senn þótt mildari afgreiðsla og sparað tíma. Hætt er við að meira verði þrýst á nefndir en áður að afgreiða frá sér mál sem ekki er meiri hluti fyrir og að þörf skapist fyrir auknar umræður um þau á þingfundum ef horfið verður að þessu nýja fyrirkomulagi. Nefndir hafa þó ýmsa möguleika samkvæmt þingsköpum til að bregðast við þessu atriði. Má þar annars vegar nefna heimild þeirra í núgildandi 1. mgr. 30. gr. að afgreiða tvö eða fleiri skyld þingmál í einu nefndaráliti. Þannig gætu nefndir „hreinsað upp“ einstök málefnasvið í tengslum við afgreiðslu frumvarps eða tillögu á því sviði. Þessi afgreiðsluháttur er t.d. viðhafður á sænska þinginu þótt störf þess og skipulag séu annars allólík því íslenska. Hins vegar hafa nefndir enn fremur heimild til þess í 31. gr. að gera grein fyrir athugun sinni á málum með skýrslu til þingsins. Þannig má líka hugsa sér að nefndir tækju saman skýrslu til þingsins, einu sinni til tvisvar á kjörtímabili, og gerðu grein fyrir þeim þingmálum sem nefndin hefði lokið umfjöllun á en afgreiddi ekki formlega frá sér. Slík skýrsla gæti þá komið til umræðu á þingfundi og þingmenn þar rætt afgreiðslu nefndarinnar. Hér væri þó um eitt þingmál að ræða, skýrslu, þannig að umræður yrðu innan þröngra tímamarka. Með þessum hætti væru úrslit máls efnislega ljós en formlega væri afgreiðslu þeirra þingmála, sem þannig væri gerð grein fyrir í skýrslunni, ekki lokið.

Á það skal lögð áhersla að þessi breyting á 52. gr. þingskapa sé þó ekki gerð nema henni sé skapaður traustur grunnur í stjórnarskránni, annaðhvort með breytingu á 35. eða 44. gr. hennar, svo að enginn vafi leiki á stjórnskipulegu gildi hennar en rök má færa fyrir því að hin eldri brottfallsregla, sem kemur fram í núgildandi 52. gr. þingskapa, sé stjórnskipunarvenja.

Um 36. gr.

Í þessari grein felast þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er nánar tilgreint hvers konar forföll skapi þingmanni rétt til að taka varamann í sinn stað. Það eru í fyrsta lagi veikindi, í öðru lagi störf í opinbera þágu erlendis og í þriðja lagi aðrar persónulegar ástæður sem forseta er ætlað að meta. Forseta eru með þessu faldar rýmri heimildir til þess að meta ástæður þingmanna fyrir því að hverfa af þingi um tíma og taka inn varamann. Þykir það heppilegt því að ástæður manna geta verið margvíslegar. Rétt er að vekja athygli á því að með starfi í „opinbera þágu" er átt við hvers konar opinber störf, en ekki einvörðungu störf á vegum ríkisstjórnar eða Alþingis. Gert er ráð fyrir að forseti setji nánari viðmiðunarreglur um þessi atriði á grundvelli reynslunnar af ákvæðinu. Loks má í þessu sambandi minna á að í þingfararkaupslögum er að finna sjálfstæða heimild fyrir foreldra í fæðingarorlofi til að kalla inn varamenn.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir þeirri mikilvægu breytingu að það sé framvegis Alþingi sjálft sem hafi endanlegt úrskurðarvald um það hvort beiðni þingmannsins um leyfi frá þingstörfum skuli tekin til greina eða ekki. Eins og ákvæðum þingskapa er nú háttað má líta svo á að þingmaður hafi hvenær sem er rétt til að taka inn varamann — þó að hann haldi aðeins þingfararkaupi sínu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Eðlilegra þykir, og í samræmi við það sem tíðkast í nágrannaþingum, að Alþingi sjálft meti það hvort þingmaður þurfi að fá leyfi frá þingstörfum um lengri eða skemmri tíma — hvort sem það er af ástæðum sem veita honum rétt til að halda launum eða ekki.

Þá er í þriðja lagi felldur brott síðasti málsliður 2. mgr. sem hljóðar svo: „Þingmaður nýtur ekki þingfararkaups meðan varamaður hans situr á þingi nema fjarvist sé vegna veikinda eða þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum." Málsliðurinn er óþarfur vegna annarra breytinga á greininni, svo og vegna ákvæða sem nú eru í lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað.

Um 37. gr.

Breytingar á 54. gr. eru tvíþættar, annars vegar um hvar þingmenn mega tala, úr ræðustól eða sæti sínu, og hins vegar um hvernig þeir haga orðum sínum.

Í 54. gr. segir nú að forseti geti heimilað ræðumanni að tala úr sæti sínu ef nauðsyn krefur. Þá mun hafa verið haft í huga að þingmaður kynni að vera fatlaður eða gæti af öðrum ástæðum ekki flutt mál sitt úr ræðustól. Rétt þykir hins vegar að rýmka þessa heimild og opna fyrir þann möguleika að þingmenn geti talað úr sætum sínum, t.d. í andsvörum eða á fyrirspurnafundum eftir því sem hagkvæmt þykir. Með orðunum „hentugt þykir" er forseta falið vald til að ákveða hvort þingmaður geti talað úr sæti sínu eða ekki.

Í 89. gr. þingskapa eru nú allfornleg ákvæði um vítur sem forseti skal beita ef þingmenn bera ráðherra eða aðra þingmenn brigslyrðum eða tala óvirðulega um forseta Íslands. Þessum ákvæðum hefur ekki verið beitt í áratugi og forsetar jafnan gripið til annarra ráða ef þeim hafa fundist ummæli þingmanna óviðurkvæmileg. Þykir tímabært að ákvæðum núgildandi 89. gr. sé breytt og orðið „vítur" fellt brott, svo og ákvæði um hvernig forseti fari að því að víta þingmann.

Við greinina er bætt ákvæði um að forseti megi áminna þingmann fyrir að tala óvirðulega um utanþingsmann. Með orðinu „óvirðulega" er átt við að utanþingsmaður sé smánaður eða niðurlægður í orðum. Með ákvæði þessu er þó ekki verið að þrengja málfrelsi þingmanna sem geta eftir sem áður borið sakir á utanþingsmenn ef þeir telja ástæðu til þess og þeir njóta þinghelgi, þ.e. þeir verða ekki lögsóttir fyrir slík ummæli í þinginu. Ákvæðinu er hins vegar

ætlað að veita forseta heimild til þess að halda umræðum frá persónueiginleikum manna og einkalífi þeirra.

Þótt forseti Íslands hafi sérstöðu í stjórnskipuninni, m.a. sem annar handhafi löggjafarvalds, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar nær orðið „utanþingsmaður“ einnig til hans því að hann má ekki vera alþingismaður, sbr. 9. gr. stjórnarskrárinnar. Því þykir ekki ástæða til að geta hans sérstaklega í greininni.

Gert er ráð fyrir að forseti taki skýrt fram að um áminningu sé að ræða og hvaða orðalag hann áminnir fyrir en ekki verður lögð sú skylda á hann að endurtaka nákvæmlega ummælin sem áminnt er fyrir, svo sem nú er áskilið í 89. gr. um vítur.

Um 38. gr.

Með breytingum á greininni eru felld brott nánari ákvæði um ræðutíma, svo og hve oft þingmenn og ráðherrar mega taka til máls, en þau eru flutt í nýja 78. gr. og vísast til nánari greinargerðar um þá grein. Í stað nánari ákvæða um ræðutíma og ræðufjölda í 55. gr. kemur almennt ákvæði þar sem vísað er til 78. gr.

Samkvæmt greininni er forseta veitt heimild til þess að rýmka ræðutíma um mál sem eru svo umfangsmikil eða mikilvæg að óeðlilegt væri að ræða þau samkvæmt almennum reglum þingskapa. Það er forseta að meta í hverju tilfelli hvort beita skuli þessu ákvæði en ætlast er til þess að hann ráðgist um það við formenn þingflokka, sbr. 72. gr., og að þeir komi jafnframt óskum sínum í þessu efni til forseta. Eru höfð í huga allra stærstu mál sem koma til kasta Alþingis eða mál sem almenn samstaða er um að þurfi mjög rúman umræðutíma. Eins er forseta heimilt samkvæmt greininni að veita þingmanni eða ráðherra, sem sérstaklega stendur á fyrir, rýmri ræðutíma en þingsköp leyfa. Þess eru til að mynda dæmi að ráðherra, sem borinn hefur verið þungum sökum af þingmanni, hefur haft helmingi styttri tíma en þingmaðurinn. Í slíkum tilfellum er eðlilegt að forseti geti rýmkað ræðutíma þannig að fyllstu sanngirni og réttsýni sé gætt.

Reiknað er með því, sbr. 72. gr., að ef ákveðinn er rýmri ræðutími fyrir umræðuna í heild sé jafnframt ákveðið hve lengi umræðan skuli standa eða hvenær henni skuli ljúka.

Í greininni er áskilið að forseti ákveði rýmkun á ræðutíma áður en umræða hefst þannig að reglur um umræður séu ljósar fyrir fram. Forseti hefur þannig ekki heimild til að lengja ræðutíma þingmanns eða ráðherra þó að umræðan þróist þannig að slíkt gæti sýnst sanngjarnt.

Þá eru sett nokkru ítarlegri ákvæði um framsögumenn en nú eru fyrir í greininni í samræmi við þær venjur sem skapast hafa.

Í 3. mgr. greinarinnar segir að þegar útvarpað er umræðum um þingmál skuli farið eftir reglum VI. kafla um útvarp umræðu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sá kafli falli að mestu leyti brott. Því þykir ákvæðið óþarft.

Felld eru brott sérákvæði um ræðutíma við 1. umræðu um lagafrumvörp. Er gert ráð fyrir að um það gildi ákvæði 2. mgr., þ.e. hin almenna heimild forseta til að rýmka um ræðutíma.

Úr greininni eru felld brott ákvæði um að jafnan sé heimilt að gera athugasemdir um fundarstjórn forseta og um atkvæðagreiðslu. Alloft er ágreiningur milli þingmanna um afgreiðsluhátt mála og kemur þá til umræðna um tilhögun fundahalds í þingsalnum. Það þykir hins vegar lítill vegsauki fyrir þingið og fremur til þess fallið að veikja forseta við störf ef settar eru á langar umræður um formsatriði og fundarstjórn hans. Slíkt er og fágætt meðal nágrannaþinga. Á það ber einnig að líta að í upphafi hvers fundar geta þingmenn gert athugasemdir um störf þingsins þótt sá vettvangur hafi fremur verið ætlaður til umræðna milli stjórnar og stjórnarandstöðu um pólitísk mál. Í 56. gr. er þó sett ákvæði sem tryggir þingmanni rétt til

að andmæla túlkun forseta á þingsköpum eða því hvernig hann hagar atkvæðagreiðslu. Tilgangur þessa ákvæðis er einvörðungu að láta það koma fram ef þingmaður er andvígur túlkun forseta eða úrskurði en ekki sá að opna fyrir umræður milli forseta og þingmanna um þinghaldið almennt. Þess vegna er í 78. gr. gert ráð fyrir að þingmaður geti aðeins gert athugasemd einu sinni og hafi til þess 1 mínútu. Við 56. gr. er enn fremur bætt ákvæði um að komi fram ósk frá formanni þingflokks um fundarhlé skuli forseti verða við því. Er þá haft í huga að hafi þingmenn eða þingflokkar athugasemdir við fyrirkomulag þinghalds sé reynt að leysa slík mál utan fundar. Treysta verður því að forseti beiti fullri sanngirni við fundarstjórnina enda ætti hann óhægt um vik ef stór hópur þingmanna teldi svo ekki vera. — Ákvæði núgildandi 55. gr. um rétt þingmanns til að bera af sér sakir er fellt brott en það þykir óþarft með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa á þingsköpum, svo sem um andsvör, og þeim tillögum sem er að finna í 78. gr. um það hve oft þingmenn mega taka til máls. Þingmaður sem vill bera af sér sakir hefur því mörg úrræði til þess samkvæmt þingsköpum. Þá ber að hafa í huga þau ákvæði sem setja á í 54. gr. (en eru í 89. gr. núgildandi laga) að forseti áminni þingmann sem ber aðra þingmenn eða ráðherra brigslyrðum.

Um 39. gr.

Breyting skv. a-lið felur í sér þrjú efnisatriði. Hið fyrsta er að fellt er brott ákvæði um að eigi megi setja þingmenn á mælendaskrá fyrr en dagskrármál er tekið fyrir. Jafnframt er bætt við nýjum málslið þar sem segir að þingmenn geti skráð sig á mælendaskrá þegar mál hefur verið sett á dagskrá og dagskrá verið útbýtt á fundi eða auglýst með öðrum hætti svo sem venja er til. Geta þingmenn þá snúið sér til forseta á þingfundinum, áður en málið er tekið fyrir, eða til skrifstofunnar frá því að dagskrá er auglýst og þangað til þingfundur hefst. Eigi að síður gilda þau ákvæði að forseti ræður röð ræðumanna með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem er að finna í málsgreininni. Þannig hefur forseti heimild til þess að raða ræðumönnum samkvæmt samkomulagi sem þingflokkarnir hafa gert eða venju sem skapast hefur í hinum stærri málum.

Síðasta atriðið lýtur að því að fella brott það ákvæði greinarinnar að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd er snertir hann sjálfan. Þetta ákvæði þykir óþarft því að nú hafa þingmenn að jafnaði heimild til þess að veita andsvör eða geta nýtt sér þá heimild sem tekin er upp í greinina til að bera af sér sakir.

Í b-lið eru sett ákvæði um rétt þingmanna til að andmæla túlkun forseta eða skiptingu atkvæðagreiðslu, svo og um að forseta sé að jafnaði skylt að gera fundarhlé ef formaður þingflokks óskar þess til þess að ræða um framhald þingstarfa eða fyrirkomulag fundarstarfa að öðru leyti. Um nánari greinargerð vísast til niðurlags athugasemda við 55. gr.

Í c-lið eru felld brott ákvæði sem fjalla um ræðutíma en þau eru tekin upp í nýja 78. gr.

Um 40. gr.

Nokkur óvissa hefur ríkt um afturköllun fyrirspurna, m.a. um það hvort aðrir þingmenn megi taka slíkar fyrirspurnir upp, jafnvel ráðherrann sem spurður er, svo og hvort afturkalla megi fyrirspurn þegar umræður um hana eru hafnar. Með breytingunni eru settar skýrari reglur um afturköllun fyrirspurna, þ.e. að slíkt sé óheimilt eftir að fyrirspurnin er tekin fyrir á þingfundi eða skriflegt svar hefur borist forseta þingsins.

Um 41. gr.

Í 62. gr. þingskapa segir að heimilt sé þingmanni að krefjast þess að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skuli því aðeins gert að tveir þriðju hlutar fundar-

manna séu því samþykkir. Ákvæði þetta er frá 1915 þegar störf Alþingis voru með talsvert öðru sniði en nú er. Það var sett til að koma í veg fyrir óþægilegar og óviðeigandi umræður um fjárveitingar til einstaklinga, rithöfunda og listamanna, sem tillögur voru gerðar um að fengju fjárstyrk. Á því hefur borið á seinni árum að ákvæðið hafi verið misskilið, að í því felist heimild til þess að ljúka umræðum um þingmál, þótt mælendaskrá sé ekki tæmd, og hefja þegar í stað atkvæðagreiðslu. Slík heimild er hins vegar í 57. gr. þingskapa. Ákvæðið þykir því óþarft.

Breyting í b-lið felur í sér staðfestingu á þeirri venju sem ríkt hefur, að tillögur um rökstudda dagskrá skuli koma til afgreiðslu við lok umræðu, með öðrum orðum að ekki er hægt fremur en venja er til að ljúka umræðum um þingmál með því að flytja rökstudda tillögu. Eins og áður er getið felst heimild til að stytta umræður eða ljúka þeim í 57. gr. þingskapa. Þessi nýi málsliður er aðeins settur inn til að festa í sessi þá venju sem verið hefur um afgreiðslu dagskrártillagna.

Um 42. gr.

Í þingsköpum segir að forseti ákveði dagskrá hvers fundar, en þó megi ákveða dagskrá fundar eftir ályktun þingsins. Ekki er ljóst af ákvæðinu hvernig það skuli gert, hvort t.d. skal samþykkja þingsályktunartillögu þar um. Með breytingu í a-lið eru sett nánari fyrirmæli um með hvaða hætti slík ályktun verði gerð, hverjir eða hversu margir þurfi að standa að slíkri tillögu og hvenær hún skuli borin upp. Tillagan verður því einföld dagskrártillaga sem bera má upp skriflega.

Jafnframt þykir eðlilegt að í þingsköpum sé ákvæði sem tryggi að forseti geti ekki dregið óeðlilega að boða til þingfundar gegn vilja ríkisstjórnar eða meiri hluta þingmanna. Ef á slíkt reyndi þyrfti að liggja fyrir hver dagskrá slíks fundar yrði. B-liður lýtur að þessu atriði. Í þeim lið er enn fremur að finna heimild fyrir forseta þingsins til að gera hlé á þingstörfum í samræmi við þá starfsáætlun sem forsætisnefnd, í samráði við þingflokka, hefur samþykkt hverju sinni. Hlé á þingstörfum samkvæmt þessari heimild á sér því annan grundvöll og hefur aðra þýðingu en frestun á fundum Alþingis skv. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Með breytingu í c-lið er lagt til að forseti geti að eigin frumkvæði ákveðið að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu, en það sé ekki einvörðungu eftir óskum flutningsmanna. Jafnframt er sett ákvæði um að slíkt sé heimilt nema andmæli berist frá a.m.k. tveimur þingmönnum, en samkvæmt núgildandi þingsköpum þarf aðeins andmæli eins þingmanns. Loks eru sett skýr ákvæði um ræðutíma en þau hefur skort. Er meginreglan sú að umræðan fer fram eins og um eitt mál væri að ræða. Séu mál ósamkynja, sem hentugt þykir að ræða saman, gildir rýmsti ræðutíminn. Ef t.d. á að ræða saman lagafrumvarp og þingsályktunartillögu gildir ræðutími um lagafrumvörp. Gert er ráð fyrir að þessu ákvæði megi beita við hverja umræðu sem er, eða einstaka umræðu, þ.e. að ekki sé skyldugt að ræða tvær tillögur saman við síðari umræðu þótt svo hafi verið gert við hina fyrri. Atkvæðagreiðslur fara þó fram um mál hvert í sínu lagi.

Í d-lið er opnað fyrir að umræður um viðamikil mál séu efnisskiptar. Getur það gilt um mál sem í eðli sínu eru fjölbreytt, eins og fjárlög, eða margþætt að efni, eins og svokallaðir „bandormar“. Ákvörðun um þetta er samkvæmt greininni hjá forseta. Er sett sú regla að um umræður um hvern þátt fari sem um málið í heild. Hins vegar er gert ráð fyrir að forseti leiti í slíkum tilfellum samkomulags við þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar, þar á meðal um ræðutíma, sbr. 2. mgr. 72. gr.

Um 43. gr.

Í gildandi ákvæði 1. mgr. 64. gr. laganna segir að þingmaður sem er á fundi og greiðir ekki atkvæði við nafnakall teljist taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Nú fara atkvæðagreiðslur flestar fram með rafeindabúnaði og hefur verið litið svo á að þingmaður, sem ekki greiðir atkvæði við slíka atkvæðagreiðslu (þ.e. „situr hjá"), teljist taka þátt í henni. Rétt þykir að festa þennan skilning í þingsköp.

Í b-lið er gert ráð fyrir að 2. mgr. 64. gr. falli brott. Orðalag málsgreinarinnar hefur oft valdið misskilningi enda á hún uppruna sinn frá þeim tíma er fyrirkomulag atkvæðagreiðslna var öðru vísi, þ.e. þegar meiri hluti fundarmanna (alþingismanna á fundi) þurfti að samþykkja ályktun (tillögu) til að hún teldist lögmæt. Þurftu þá fleiri að vera með máli en þeir sem samtals voru á móti eða „sátu hjá". „Hjáseta" (það að greiða ekki atkvæði) hafði þá sömu áhrif og að segja „nei" við atkvæðagreiðslu. Þessu fyrirkomulagi var breytt árið 1936 og hefði þá mátt fella þessa málsgrein brott (var áður 2. mgr. 45. gr.). Málsgreinin hefur ekki heldur sjálfstæða þýðingu vegna þess að í 1. mgr. eru ákvæði um ályktunarbæran fund (e. quorum) og í 67. gr. eru svo ákvæði um úrslit atkvæðagreiðslu (sjá athugasemdir við breytingu á þeirri grein). Efni 2. mgr. má því leiða af 1. mgr. 64. gr. og 67. gr. Nokkur orðalagsbreyting var gerð á málsgreininni við breytingar á þingsköpum 1991 til að skýra efni hennar, en nú þykir heppilegast að hún falli brott.

Um 44. gr.

Fyrri breytingin á greininni, í a-lið, er til samræmis við aðrar breytingar í frumvarpinu, þ.e. að auka rétt þingflokka og veita þeim rýmri heimildir til að koma að sjónarmiðum sínum. Þess ber þó að geta að venja er að forseti verði við óskum þingmanna um skiptingu atkvæðagreiðslu án þess að reyni á ákvæði þessarar greinar.

Við greinina er í b-lið bætt nýrri málsgrein sem kveður á um að ekkert einstakt atriði verði borið upp til atkvæða í frumvarpi til fjárlaga eða fjáraukalaga nema fram hafi komið breytingartillaga við það. Alloft hafa komið fram óskir við atkvæðagreiðslu um fjárlög, 2. umræðu, um að greidd séu sérstaklega atkvæði um einstök atriði í frumvarpinu sjálfu. Hefur þetta stundum valdið töfum. Forseti hefur þá brugðið á það ráð, til þess að atkvæðagreiðslan yrði ekki of flókin og löng, að víkja frá almennum reglum um afgreiðslu lagafrumvarpa við 2. umræðu og borið einstök atriði í frumvarpinu upp eftir að afgreiðslu breytingartillagna við hverja grein er lokið. Með óskir af þessu tagi er farið eins og tillögu um að fella atriðið brott enda er það oftast tilgangur þingmannsins. Sé tilgangur þingmanns hins vegar sá að vekja athygli á afstöðu hans til atriðisins við atkvæðagreiðsluna á hann þess líka kost með því að gera grein fyrir afstöðu sinni þegar greidd eru atkvæði um greinina í heild. Með þessu ákvæði er því ekki verið að þrengja rétt þingmanna til að fá atkvæðagreiðslu um einstök atriði en samkvæmt því þarf nú að flytja tillögu um það (t.d. um niðurfellingu þess). Ákvæðið tekur aðeins til frumvarpsins sjálfs, ekki til breytingartillagna við það. Þær hefur jafnan mátt kljúfa upp við atkvæðagreiðslu ef óskir hafa borist um það frá þingmönnum.

Um 45. gr.

Samkvæmt greininni eru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum þingskapa um atkvæðagreiðslur. Er þar annars vegar byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur af atkvæðagreiðslum með rafeindabúnaði (atkvæðagreiðslukerfinu) síðan 1991 og hins vegar nokkrar efnisbreytingar sem miða að því að flýta atkvæðagreiðslum sem taka oft mjög drjúgan tíma á þingfundum.

Með breytingu í a-lið eru rýmkaðar heimildir forseta til þess að láta yfirlýsingu koma í stað atkvæðagreiðslu ef hann hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli eða að úrslit máls séu ljós fyrir fram. Jafnframt er fellt brott úr greininni ákvæði um að atkvæðagreiðsla skuli fara fram við allar umræður, sbr. 38.–40. og 44. gr. þingskapa. Þessi heimild felur í sér að gera má ályktun (samþykkja grein eða breytingartillögu) með yfirlýsingu í stað atkvæðagreiðslu enda séu allir á einu máli eða ljóst af fyrri atkvæðagreiðslum hver úrslit verða.

Í b-lið greinarinnar eru gildandi ákvæði þingskapa um atkvæðagreiðslu með handauppréttingu einfölduð, enda aðeins til þeirra gripið ef ekki er unnt að koma við atkvæðagreiðslu með rafeindabúnaði.

Í c-lið eru tekin saman í eina málsgrein ákvæði greinarinnar um nafnakall og gerðar nokkrar orðalagsbreytingar. Þó er sú efnisbreyting að forseta er samkvæmt tillögunni ekki skylt að láta fara fram nafnakall nema ósk berist um það frá a.m.k. tveimur þingmönnum.

Þá er með ákvæði d-liðar staðfest sú venja sem gilt hefur frá 1991 að atkvæðagreiðslur fari að jafnaði fram með rafeindabúnaði. Jafnframt er sett í málsgreinina ákvæði um að ekki sé nauðsynlegt að prenta ávallt sundurliðuð úrslit allra atkvæðagreiðslna, heldur aðeins við lokaatkvæðagreiðslur um mál, svo og þegar atkvæði skiptast, þ.e. ekki ef atkvæði falla samhljóða (en þá eru aðeins prentaðar niðurstöður). Skrifstofunni er samt sem áður falið að varðveita afrit allra atkvæðagreiðslna með rafeindabúnaði þannig að þær séu tiltækar þingmönnum eða öðrum sem vilja kanna hverjir tóku þátt í atkvæðagreiðslu ef sundurliðun hennar er ekki prentuð í þingtíðindunum.

Loks er í e-lið sett inn ákvæði um hvenær endurtaka má atkvæðagreiðslu eftir að úrslitum hennar hefur verið lýst. Reynslan sýnir að oft getur verið þörf á að endurtaka atkvæðagreiðslur en mikilvægt þykir að hafa um slíkt skýr fyrirmæli, einkum hvaða takmarkanir skuli vera á því. Í tillögunni er byggt á þeirri reglu að endurtaka megi atkvæðagreiðslu sé það gert þegar í stað, áður en nokkurt annað málsatriði hefur verið tekið fyrir. Í síðasta málslið er staðfest sú venja, sem skapast hefur og gildir í mörgum öðrum þjóðþingum, að þingmanni sé heimilt, ef honum verður á að ýta á rangan hnapp við atkvæðagreiðslu, að skrá leiðréttingu í þingtíðindin. Er það oft gert til þess að ekki þurfi að endurtaka atkvæðagreiðslu. Slík leiðrétting er þó bundin því skilyrði að þingmaðurinn hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni; þingmaður sem ekki nær að ýta á hnapp við atkvæðagreiðslu getur enga leiðréttingu gert. Leiðréttingar af þessu tagi, sem skráðar eru sem athugasemdir í þingtíðindin, breyta engu um úrslit atkvæðagreiðslu eins og forseti hefur lýst þeim á fundi. Ef forseti tilkynnir hins vegar, um leið og hann lýsir úrslitum atkvæðagreiðslu, að þingmaður leiðrétti atkvæði sitt eða að þingmaður, sem ekki nær að ýta á hnapp, segi já, nei eða greiði ekki atkvæði kemst atkvæði þingmannsins eða afstaða hans til skila á þingfundinum og gæti þannig haft áhrif á úrslit atkvæðagreiðslu. Í slíkum tilvikum hafa starfsmenn þingsins gert leiðréttingu í gagnagrunni þingsins í samræmi við orð forseta.

Um 46. gr.

Í 67. gr. er lögfest sú grundvallarregla að afl atkvæða ráði úrslitum mála og málsatriða, nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskrá eða þingsköpum. Í reglunni felst að til þess að mál eða málsatriði sé samþykkt þurfi fleiri já-atkvæði en nei-atkvæði. Ákvæði þetta hefur stundum valdið misskilningi en með þeirri viðbót sem gerð er tillaga um í greininni er reynt að bæta þar úr með því að skilgreina nánar hvað felst í orðunum „afl atkvæða“, þ.e. já-atkvæði og nei-atkvæði ráða úrslitum mála, en atkvæði þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslu en greiða ekki atkvæði („sitja hjá“) verða hvorki talin með né á móti máli og ráða því ekki úrslitum. „Hjáseta“ í atkvæðagreiðslu getur þó eigi að síður orðið til þess að ályktun verði lög-

mæt með því að þannig hafi meira en helmingur þingmanna tekið þátt í atkvæðagreiðslu, sbr. 1. mgr. 64. gr.

Um 47. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Árið 1991 voru í fyrsta sinn tekin upp í þingsköp bein ákvæði um þingflokka, þar á meðal um lágmarksfjölda þingmanna innan þeirra. Var það í samræmi við þá venju sem skapast hafði, þ.e. að a.m.k. tveir þingmenn yrðu að eiga aðild að þingflokki.

Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, eru þingflokkum fengin margvísleg og afar mikilvæg verkefni við stjórn þingsins og í störfum þess. Sum hver hafa þingflokkar haft áður, ýmist samkvæmt eldri ákvæðum þingskapa eða þingvenjum, einkum samráð við forseta um þingstörf, enda beinlínis gert ráð fyrir að samkomulag sé milli þingflokka um forustu þingsins í 3. gr. þingskapa. Má segja að þingflokkar séu, auk forsætisnefndar þingsins, helsta „stjórntæki“ Alþingis. Réttur þeirra í umræðum er mikill, ræðutíma oft skipt milli þeirra, og í frumvarpinu eru sérstök ákvæði um „talsmenn“ þeirra í umræðum. Ýmsum öðrum ákvæðum um rétt þingflokka og hlutverk þeirra er bætt við í frumvarpinu, svo sem um meira samstarf um alþjóðastarf þingsins (35. gr.) og rétt til að óska eftir skýrslu (46. gr.) og í breytingum á 87. gr. er gert ráð fyrir að þingflokkar sem slíkir geti flutt mál og þannig orðið sýnilegri í þingstörfunum Í samræmi við þetta aukna hlutverk, sem þeim er ætlað, er lagt til að í þingflokki séu a.m.k. þrír þingmenn. Styðst það að nokkru leyti við reynslu í kosningum á undanförnum árum en fámennustu þingflokkar hafa, eftir kosningar, verið þriggja manna (Samtök um kvennalista 1983 og 1995), en undantekning er þó frá því (Samtök frjálslyndra og vinstri manna 1974; tveir þingmenn). Jafnframt er í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um nýja kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis gert ráð fyrir 5%-„þröskuldi“ við úthlutun jöfnunarsæta sem hefur væntanlega þau áhrif að flokkur, sem nær því marki, fær hið minnsta þrjú þingsæti. Verður þá eðlilegt samhengi milli stjórnarskrár og þingskapa að þessu leyti.

Sömu ákvæði gilda um nýja þingflokka sem stofnaðir kynnu að verða á kjörtímabilinu, þ.e. að til þess þyrfti a.m.k. þrjá þingmenn.

Færi svo að stjórnmálasamtök fengju aðeins tvo þingmenn í kosningum (væntanlega kjördæmiskosna) nytu þeir aðeins réttar sem utanflokkamenn. Sama væri ef þingflokkur klofnaði og eftir sætu aðeins tveir þingmenn.

Í lögum nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, er í 3. gr. að finna skilgreiningu á þingflokki þar sem m.a. er byggt á því að þingflokkur sé „samtök tveggja eða fleiri þingmanna“. Eðlilegt væri að því ákvæði yrði breytt til samræmis við 71. gr. þingskapa.

Um 49. gr.

Grein þessi fjallar m.a. um samstarf forseta og þingflokka við skipulag þingstarfa. Hefur lengi tíðkast að milli þingflokka, þ.e. fulltrúa þeirra, og forseta sé gert samkomulag um ræðutíma og hefur þótt gefast vel. Í greininni eins og hún er nú er þó undanskilið að slíkt samkomulag geti tekið til lagafrumvarpa þótt sú hafi þó ekki verið raunin. Breytingin er því til að staðfesta venju í þessu efni. Almennt er gert ráð fyrir að um slík frávik frá umræðureglum (sem jafnan eru til styttingar á umræðu) sé fullt samkomulag enda verður samþykki allra þingflokka að liggja fyrir eins og nánar er tilgreint í greininni. Þá er skotið inn í greinina að samkomulag um umræðu liggi fyrir áður en hún hefst, en það sé að jafnaði ekki gert eftir að

hún er hafin eða eftir að gert hefur verið hlé á henni. Slíkt er þó ekki útilokað ef full samstaða er um það.

Í síðari málslið a-liðar er um nýmæli að ræða. Jafnan er það svo, og raunar fyrirmæli um það í 73. og 80. gr., að þingflokkar hafi jafnan ræðutíma (eða sem næst því) þegar umræðutími er takmarkaður, hvort sem það er eftir ákvæðum þingskapa eða sérstaklega hefur verið um það samið. Þetta þykir ekki að öllu leyti sanngjörn skipting því að þingflokkar geta verið mjög misstórir eins og dæmin sýna. Þetta hefur enn fremur leitt til þess að þingmenn í stórum flokkum hafa síður átt færi á því en þingmenn minni flokka að taka þátt í umræðum. Jafnframt hafa minnstu þingflokkar átt erfitt með að nýta allan sinn tíma eða þeir hafa getað komið öllum þingmönnum flokksins að við umræðu þótt tímamörk séu á henni. Þessi nýja regla leiddi til þess, ef þingflokkar væru sex og umræða ætti að standa í 2 klukkustundir, að 5 manna þingflokkur hefði 15 mínútur í stað 20 mínútna og 20 manna þingflokkur 30 mínútur í stað 20 mínútna.

Áhersla skal lögð á að þessari reglu sé einvörðungu beitt þegar umræðutímanum er skipt milli flokka samkvæmt heimild í þessari grein en ekki þegar samið er um hvenær umræðu skuli lokið.

Enn fremur skal áréttað það sjónarmið að með þessari nýbreytni er verið að auka möguleika þingmanna stórra flokka til að komast að í umræðu en ekki að lengja ræðutíma talsmanna úr stórum flokkum.

Í b-lið er felld brott 4. mgr. greinarinnar. Bæði er að tilvísanir í málsgreininni eiga ekki að öllu leyti við lengur og að hún þykir hafa lítið sjálfstætt gildi, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Um 50. gr.

Með greininni er lögð til sú breyting á fyrirkomulagi stefnuræðu forsætisráðherra að hún sé framvegis flutt á þingsetningarfundi. Þykir það í senn eðlilegri tími, þegar við upphaf þinghalds, og gefa þingsetningarathöfninni meira inntak. Er gert ráð fyrir að umræða um stefnuræðuna fari fram á næsta fundi, þ.e. að kvöldi þingsetningardags eða daginn eftir og sé þá útvarpað og sjónvarpað. Í 78. gr. þingskapa (yfirliti um ræðutíma) er að finna nánari reglur um stefnuræðuna, þ.e. ræðutíma. Stefnuræðan sjálf skal ekki taka lengri tíma en 20 mínútur, en ræðutími annarra við umræðu um hana er 5–10 mínútur og tekur það mið af því að umræðunni er útvarpað og sjónvarpað. Á undanförnum árum hefur verið reynt með samkomulagi allra þingflokka að stytta umræðuna frá því sem áður var og hefur það gefist vel. Er stefnt að því að umræðan standi í um eina og hálfa klukkustund.

Í 2. málsl. 2. mgr. er forseta gert að setja, í samráði við formenn þingflokka, nánari reglur um hvernig umræðunni verður háttað og í 3. málsl. er ákvæði sem hann verður að hafa hliðsjón af. Þannig ber að gæta þess að stjórn og stjórnarandstaða hafi til umráða álíka tíma í slíkum umræðum. Svo gæti farið, ef t.d. einn flokkur er í stjórn eða stjórnarandstöðu, að óeðlilega lítið færi fyrir málflutningi hans.

Lögð er áhersla á að í umræðu um stefnuræðu taki þátt forustumenn flokkanna, auk þess sem forsætisráðherra hefur rétt til andsvara í lok umræðunnar. Byggt er á því að þessi breyting á flutningi stefnuræðunnar, þ.e. að hún sé hluti þingsetningarathafnarinnar og henni sé ekki dreift til allra þingmanna nokkrum dögum áður en hún er flutt, hafi áhrif á efni og efnistök. Þannig má ætla að hið nýja form stuðli að því að ræðan verði með hátíðlegra yfirbragði og að efni hennar sæti meiri tíðindum en þótt hefur hingað til.

Loks er í greininni ákvæði um að stefnuræðunni skuli fylgja yfirlit um þau mál sem einstakir ráðherrar hyggjast leggja fram. Venja hefur verið að slíkur listi fylgi stefnuræðunni

þegar hún hefur verið afhent þingmönnum. Slíkur listi er afar mikilvægur fyrir stjórn þinghaldsins og því er lagt til að hann verði prentaður í Alþingistíðindum. Jafnframt er lagt til að listanum fylgi áætlun um það hvenær einstök mál verða lögð fram, en það skiptir miklu máli fyrir skipulagningu þingstarfa.

Um 51. gr.

Með þessari breytingu er felldur brott VI. kafli þingskapa, Útvarp umræðu, 75.–86. gr., svo og 74. gr. sem er efnislega tengd þeim kafla. Ákvæði þessi voru sett í þingsköp árið 1936, í árdaga útvarps hér á landi, en þykja nú að mörgu leyti úrelt þegar útvarpsstöðvum hefur fjölgað og sjónvarpað er reglulega frá þingfundum. Þá þykir óeðlilegt að raska dagskrá Ríkisútvarpsins um of með útvarpi frá Alþingi að ósk einstakra þingflokka. Fyrir liggur samþykkt útvarpsráðs um að sjónvarpað verði framvegis að kvöldi frá umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra og eldhúsdagsumræðum, þ.e. við upphaf þings og lok þess.

Ljóst er að Ríkisútvarpið, bæði hljóðvarp og sjónvarp, hefur sinnt fréttaflutningi frá Alþingi mjög vel mörg undanfarin ár og nú hin síðari ár hefur verið sjónvarpað frá þingfundum hluta úr degi. Tækniþróun hefur enn fremur gert það mögulegt að fylgjast með þingfundum á alnetinu. Með hliðsjón af þessu þykir óeðlilegt að hafa í þingsköpum nákvæm ákvæði um útvarp umræðu.

Venja hefur skapast um það að undanförnu að þingflokkar hafa komið sér saman um fyrirkomulag útvarpsumræðu og er á því byggt í hinni nýju grein, sbr. 4. mgr. Forseta er þó ætlað að skera úr ef ágreiningur er milli þingflokka um hvort útvarpa skuli umræðu. Jafnframt er gert ráð fyrir að forseti hafi skyldu til þess að gera tillögu um fyrirkomulag umræðunnar og leita samkomulags um það ef skoðanir eru skiptar. Ef slíkt samkomulag næst ekki ber forseta að ákveða hvernig umræðan fer fram. Er á því byggt að hann hafi hliðsjón af óskum þingflokka og venju og fari með vald sitt af sanngirni.

Við 2. mgr., um almennar stjórnmálaumræður (eldhúsdag), hefur verið bætt því ákvæði að um þá umræðu gildi sömu reglur og um umræður um stefnuræðu forsætisráðherra, eftir því sem við á. Nauðsynlegt er að skýrar reglur gildi um þessar umræður og þykir eðlilegt að þær séu svipaðar þeim sem gilda um umræður um stefnuræðu forsætisráðherra enda er það að nokkru leyti í samræmi við venju sem skapast hefur á seinni árum.

Með þessari róttæku breytingu á VI. kafla þingskapa eru þó aðeins tvö efnisatriði, sem varða rétt þingflokka, felld brott, þ.e. réttur þingflokks til útvarps umræðu sem ekki er samkomulag um, sbr. núgildandi 78. gr., svo og ákvæði í núgildandi 79. og 80. gr. um lengd ræðutíma og skiptingu hans milli þingflokka. Hið fyrra atriði þykir nú úrelt, svo sem rakið hefur verið, en reiknað er með að um fyrirkomulag umræðu, ræðutíma o.fl. sé gert samkomulag milli þingflokka, sbr. 4. mgr.

Með orðinu „umferð“ í greininni er átt við það sem segir í lok núgildandi 80. gr., þ.e. þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls, svo og þingmenn utan flokka. Slík skilgreining þykir þó ekki nákvæm, og ástæðulaust er að taka hana upp í þingsköp.

Um 52. gr.

Ákvæði þetta er tekið í þingsköp í samræmi við þá venju sem skapast hefur um flutning mála, þ.e. lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna, með tveimur nýmælum þó. Annars vegar er þingflokkum veitt heimild til að standa sem slíkir að flutningi máls, ýmist einn eða fleiri, og er þá óþarft að tilgreina á skjali hvaða þingmenn eiga aðild að þingflokknum, og hins vegar er forsætisnefnd heimilt samkvæmt málsgreininni að standa að flutningi máls eins og fastanefndum. Þykir eðlilegt, ef forsætisnefnd flytur þingmál, að hún geri það í sínu nafni

fremur en að á skjali séu tilgreind nöfn forseta og varaforseta. Þá er rétt að geta þess að skv. 32. gr. þingskapa gilda sömu reglur um sérnefndir og fastanefndir. Um flutning annarra mála gilda sérstakar reglur, svo sem fyrirspurnir, skýrslur o.fl.

Um 53. gr.

Með breytingum á greininni er annars vegar verið að víkja orðalagi til svo að betur samræmist þeirri tækni sem nú er notuð við hljóðupptökur af þingfundum og þeim ritstjórnarreglum sem tíðkast hafa um margra áratuga skeið. Hins vegar er tekið mið af breytingum á 12. gr. þingskapa, þ.e. um gerðabókina, þannig að nánar er tilgreint hvað koma skal fram í ræðuhluta Alþingistíðinda. Er í fyrri málslið 3. mgr. tilgreint hvað jafngildir færslu gerðabókar en það er efni B-deildarinnar eins og það er núna að frátöldum ræðum þingmanna. Ber forseti ábyrgð á færslu gerðabókarinnar og leitar samþykkis þingsins fyrir henni en þingmenn bera sjálfir ábyrgð á því, innan þess ramma sem 4. mgr. segir, hvernig ræður þeirra eru prentaðar enda eiga þeir kost á því að sjá handrit áður en prentun fer fram.

Forseti hefur nú heimild til að setja nánari reglur um útgáfu Alþingistíðinda en samkvæmt hinu nýja orðalagi greinarinnar verður sérstaklega tilgreint að slíkar reglur megi fjalla um endurprentun þingskjala. Er þá haft í huga að tíðkast hefur á undanförnum árum að prenta ekki í fullri lengd endurflutt frumvörp og tillögur heldur vísa til fyrri samhljóða prentunar. Þá er þess að geta að samkvæmt þessari heimild getur forseti sett nánari reglur um útgáfu Alþingistíðinda í nýjum upplýsingamiðlum, t.d. á netinu.

Um 54. gr.

Grein þessi þykir með öllu orðin úrelt, enda hafa ákvæði hennar ekki verið notuð í marga áratugi. Með breytingum á 54. gr. þingskapa eru forseta veittar hæfilegar heimildir til þess að áminna þingmenn sem bera aðra brigslyrðum eða tala óvirðulega um þingmenn eða utanþingsmenn. Jafnframt er ákvæði greinarinnar um viðurlög, ef þingmaður lætur ekki skipast, fært í 54. gr.

Um 55. gr.

Í þessari grein eru tekin saman í yfirlit öll ákvæði, sem verið hafa á víð og dreif í einstökum greinum, um ræðutíma og ræðufjölda. Þessi framsetning á ræðutímaákvæðum þykir gleggri og heppilegri.

Í greininni eru gerðar allmiklar breytingar á ræðutíma þingmanna og ráðherra og er meginmarkmið þeirra að gera umræður markvissari og fjörugri en nú en draga úr löngum ræðum og jafnframt stytta umræðutímann frá því sem verið hefur. Markmiðið er ekki að setja takmarkanir á málfrelsi þingmanna né hindra það að hver og einn þingmaður geti á eðlilegan hátt gert grein fyrir sjónarmiðum sínum við meðferð þingmála. Þannig verður meginreglan sú við 2. umræðu um lagafrumvörp að þingmenn og ráðherrar mega tala eins oft og þeim þykir þurfa — í stað þess sem nú er, að tala eins lengi og þeim þykir hæfa, tvisvar sinnum. Umræður á Alþingi eiga æ greiðari leið til landsmanna allra. Nú er umræðum sjónvarpað og þegar eru hafnar útsendingar frá þingfundum um tölvur (internet). Þykir ekki óeðlilegt að Alþingi bregðist við breyttum tímum með því að laga umræðuformið að slíkum miðlum að nokkru leyti, einkum þó til þess að fá betur fram mismunandi sjónarmið þingflokka og þingmanna til mála.

Vonir standa til að þessar breytingar geti stytt fundatíma Alþingis eitthvað, einkum þó til þess að draga úr löngum fundum, svokölluðum kvöldfundum. Umræðutíminn á Alþingi hefur

á seinni árum verið á bilinu 600–700 klst. á hverju reglulegu löggjafarþingi og er það talsvert meira en tíðkast í nágrannalöndum sem þó hafa öll miklu fjölmennari þing.

Nú á tímum eru gerðar miklar kröfur til alþingismanna og ráðherra um margvíslega þátttöku í stjórnmálastarfi utan við vettvang þingsins. Einnig eru gerðar ríkar kröfur til þess að þingmenn sinni kjördæmi sínu og málefnum kjósenda sinna sem svo kallar á ferðalög og fjarvistir frá þingstaðnum. Er þá ekki minnst á vaxandi alþjóðlegt samstarf þingmanna og fjarvistir sem því tengjast. Allt þetta kallar á betri skipulagningu þingstarfanna þannig að hver og einn þingmaður geti á grundvelli starfsáætlunar þingsins og vikuáætlana þess skipulagt önnur störf sín — og ekki síður frítíma. Mikilvægur þáttur í slíkri skipulagningu er að umræðurnar á þinginu séu innan skynsamlegra og hæfilegra marka og að áætla megi fyrir fram hve langan tíma þær geti staðið.

Í átökum stjórnarflokka og stjórnarandstöðu á hverjum tíma hefur gætt þeirrar tilhneigingar að beita rúmum reglum þingskapa um ræðutíma til þess að hægja á, jafnvel stöðva, afgreiðslu mála sem mikill ágreiningur er um. Á þar varla nokkur flokkur minni sök en annar. Ljóst er því að fara verður varlega í að breyta reglum þingskapa um ræðutíma svo að stöðu stjórnarandstöðu á hverjum tíma sé ekki raskað stórlega. Þess vegna ber að skoða breytingar samkvæmt þessari grein í ljósi annarra breytinga á þingsköpum þar sem settir eru lengri frestir, um skiptingu umræðu o.fl. Enn fremur verður að hafa í huga í þessu sambandi að komi til átaka milli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga, þannig að beitt sé öllum ýtrustu ákvæðum þingskapa um ræðutíma, hefur stjórnarandstaða mjög ríkan rétt, hvort sem miðað er við ákvæði núgildandi þingskapa eða þær breytingar sem felast í þessu frumvarpi. Þess vegna er ekki reiknað með því að þessi breyting ein á ræðutíma raski valdahlutföllum í þinginu, aðeins að hún leiði til betri umræðna og skipulegri.

Fram hafa komið efasemdir um að ákvæði þingskapa um ræðutíma ráðherra fái að öllu staðist 51. gr. stjórnarskrár, en um það eru þó skiptar skoðanir. Hins vegar hefur það oft valdið vandkvæðum við fundarstjórn ef ráðherra hefur „talað sig dauðan“ sem svo er kallað, þ.e. ekki mátt taka til máls á nýjan leik, þótt til hans hafi verið beint fyrirspurnum eða honum þótt ástæða til að koma að athugasemdum eða leiðréttingum. Í þessum tillögum er því lagt til að fylgt sé þeirri meginreglu að ráðherra (ráðherrar) megi tala svo oft sem þurfa þykir ef umræðutíminn er ekki takmarkaður (og í útvarpsumræðum) en ræðutími þeirra í þriðja sinn eða oftar sé mjög stuttur, enda er hann þá oftast ætlaður til að svara einstökum atriðum. Hugmyndin á bak við þessa sérreglu um ráðherra byggist á sérstöðu þeirra í umræðunum þar sem þeir eru að jafnaði annaðhvort flutningsmenn máls eða til andsvara um mál. Með hliðsjón af þessu þykir því rétt að láta líka hina sérstöku reglu gilda um flutningsmenn þingmáls (frumvarps eða þingsályktunartillögu) þannig að þeir hafi sama rétt og ráðherrar að þessu leyti.

Um einstakar breytingar:

Við 1. umræðu um lagafrumvörp er lagt til að sá réttur, sem þingmenn hafa almennt nú, gildi um talsmenn þingflokka (20 + 10 mínútur) en ræðutími annarra styttist lítillega (15 + 5 mínútur).

Við 2. umræðu um lagafrumvörp verði sú meginbreyting að í stað ótakmarkaðs ræðutíma, tvisvar eða þrisvar sinnum við umræðuna, verði sett tímamörk á hverja ræðu en felld verði niður þau mörk sem nú eru á því hve oft hver þingmaður má tala. Er það talið í þágu líflegri skoðanaskipta um þau mál sem fyrir liggja. Hver þingmaður getur því talað svo oft sem honum þykir þurfa í umræðunni en hann getur ekki einn flutt hverja ræðuna á eftir annarri án þess að aðrir komi þar á milli og þannig tekið sér í raun ótakmarkaðan tíma, sbr. ákvæði í 2. málsl. 2. mgr. 56. gr. en þar eru slíkar skorður settar.

Við 3. umræðu um lagafrumvörp gildi annars vegar sama regla og við 2. umræðu, um breytingartillögur, og hins vegar sama regla og við 1. umræðu þegar frumvarpið er rætt í heild.

Við fyrri umræðu um þingsályktunartillögur er síðari ræða flutningsmanns stytt (úr 15 mínútum í 10 mínútur) en flutningsmaður má svo tala oftar, 5 mínútur í senn. Fyrri ræða annarra þingmanna er lengd lítillega (úr 8 mínútum í 10 mínútur) en síðari ræða stytt (úr 8 mínútum í 5 mínútur).

Um síðari umræðu um þingsályktunartillögur gildi eins og áður sama regla og við 2. umræðu um lagafrumvörp. Sama er um eina umræðu um ályktunartillögur.

Reglur um umræður í fyrirspurnum eru óbreyttar nema hvað ráðherra hefur viðbótarrétt til að koma að athugasemdum (í 1 mínútu). Í óundirbúnum fyrirspurnum hafa fyrirspyrjandi og ráðherra mátt taka þrisvar til máls, en lagt er til að það verði framvegis tvisvar með hliðsjón af því hve stuttur tími er ætlaður til þessa fyrirspurnaforms þannig að fleiri fyrirspurnir komist að.

Reglur um skýrslur eru lítið breyttar (önnur ræða þingmanna þó stytt úr 15 mínútum í 5 mínútur). Framsögumaður og ráðherra mega tala oftar (í 5 mínútur) og sett eru sérákvæði um talsmenn flokka (20 + 5 mínútur).

Ræðutími þegar þingmenn bera af sér sakir er styttur úr 3 mínútum í 2 mínútur og er þá sami tími og þegar menn gera athugasemdir um störf þingsins.

Um ræðutíma við munnlega skýrslu ráðherra samkvæmt beiðni eru settar nýjar reglur en ákvæðið er nýjung, sbr. 47. gr. Slíkar umræður geta staðið í allt að einni klukkustund. Ræðutími í stefnuræðu og almennum stjórnmálaumræðum (eldhúsdagsumræðum), þ.e. hefðbundnum útvarpsumræðum, byggist á því að talsmenn þingflokka hafi 10 mínútur en aðrir þingmenn helming þess tíma, 5 mínútur. Þá er gert ráð fyrir að stefnuræða forsætisráðherra standi í allt að 20 mínútur.

Um aðrar breytingar, svo sem um rétt ráðherra og flutningsmanna, vísast til þess sem segir í almennum athugasemdum um greinina en um tvöfaldan ræðutíma við 1. umræðu um lagafrumvörp, um rýmri tíma við fyrri umræðu um þingsályktunartillögur, utandagskrárumræður án tímamarka, um fundastjórn forseta og um atkvæðagreiðslu vísast til þess sem um það segir í athugasemdum við einstakar greinar.

Í yfirlitinu er ekki að finna reglur um umræðutíma, þ.e. hve lengi umræða má standa, en þær eru nokkrar, svo sem utandagskrárumræður skv. 1. mgr. 50. gr. (hálftími), athugasemdir um störf þingsins (20 mínútur) og andsvör (15 mínútur).

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig ákvæði þingskapa eru nú um ræðutíma, sett upp á sama hátt og í tillögunni hér að framan um breytingar á ræðutíma.

NÚGILDANDI REGLUR UM RÆÐUTÍMA

	1. sinn	*2. sinn*	*3. sinn*	*Oftar*
LAGAFRUMVÖRP				
1. umræða:				
Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður)	*30 mín.*	*15 mín.*	*5 mín.*	
Aðrir þingmenn og ráðherrar	*20 mín.*	*10 mín.*		
Óski þingflokkur þess með rökstuddri beiðni áður en umræða hefst gildir allt að tvöföldum ræðutíma við 1. umræðu.				

	1. sinn	*2. sinn*	*3. sinn*	*Oftar*
2. umræða:				
Framsögumaður (samkvæmt nefndaráliti)	*ótakm.*	*ótakm.*	*ótakm.*	
Viðkomandi ráðherra	*ótakm.*	*ótakm.*	*ótakm.*	*ótakm.*
Aðrir þingmenn og ráðherrar	*ótakm.*	*ótakm.*		
3. umræða:				
Sama og við 2. umræðu				
ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR				
Fyrri umræða:				
Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður)	*15 mín.*	*15 mín.*		
Aðrir þingmenn og ráðherrar	*8 mín.*	*8 mín.*		
Óski þingflokkur þess sérstaklega (þó eigi oftar en einu sinni á hverju þingi) gildir sama regla við fyrri umræðu og hina síðari. Ef fyrir liggur ósk um það er forseta heimilt að láta gilda við fyrri umræðu sömu reglur og við hina síðari fjalli tillaga um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga.				
Síðari umræða:				
Framsögumaður (samkvæmt nefndaráliti)	*ótakm.*	*ótakm.*	*ótakm.*	
Viðkomandi ráðherra	*ótakm.*	*ótakm.*	*ótakm.*	*ótakm.*
Aðrir þingmenn og ráðherrar	*ótakm.*	*ótakm.*		
Ein umræða:				
Sama og við síðari umræðu				
FYRIRSPURNIR				
Fyrirspyrjandi	*3 mín.*	*2 mín.*		
Ráðherra	*5 mín.*	*2 mín.*		
Aðrir þingmenn og ráðherrar (athugasemd)	*1 mín.*			
ÓUNDIRBÚNAR FYRIRSPURNIR				
(í hálftíma)				
Fyrirspyrjandi og ráðherra	*2 mín.*	*1 mín.*	*1 mín.*	
SKÝRSLUR				
Framsögumaður (ráðherra eða þingmaður)	*30 mín.*	*15 mín.*		
Aðrir þingmenn og ráðherrar	*15 mín.*	*15 mín.*		
UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR				
Takmörkuð umræða (1. mgr. 50. gr.):				
Málshefjandi	*5 mín.*	*2 mín.*		
Viðkomandi ráðherra	*5 mín.*	*2 mín.*		
Aðrir þingmenn og ráðherrar	*2 mín.*	*2 mín.*		
Ótakmörkuð umræða (2. mgr. 50. gr.):				
Málshefjandi og viðkomandi ráðherra	*30 mín.*	*30 mín.*		
Aðrir þingmenn og ráðherrar	*15 mín.*	*15 mín.*		
UM FUNDARSTJÓRN, ATKVÆÐAGREIÐSLU O.FL.				
Athugasemdir um störf þingsins (í upphafi fundar)	*2 mín.*	*2 mín.*		

	1. sinn	*2. sinn*	*3. sinn*	*Oftar*
Um fundarstjórn forseta	*3 mín.*	*3 mín.*		
Um atkvæðagreiðslu	*3 mín.*	*3 mín.*		
Til að bera af sér sakir	*3 mín.*	*3 mín.*		
Atkvæðaskýring	*1 mín.*			
STEFNURÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA OG UMRÆÐA UM HANA				
Fyrri umferð:				
Forsætisráðherra	*30 mín.*			
Fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherra	*20 mín.*			
Síðari umferð:				
Hver þingflokkur	*10 mín.*			
ÚTVARPSUMRÆÐUR				
Þingflokkur	*30 mín.*			
Þingmenn utan flokka	*15 mín.*			
Forseti ákveður tölu umferða, svo og hvort ræðutími skuli vera annar, í samráði við þingflokka (sbr. 80. gr.).				
***ANDSVÖR** (í 15 mín.)*				
Þingmenn og ráðherrar	*2 mín.*	*2 mín.*		
Ræðumaður	*2 mín.*	*2 mín.*		
Forseta er heimilt að stytta ræðutíma hvers þingmanns.				

Um 56. gr.

Ráðgert er að breytingar á þingsköpum samkvæmt frumvarpi þessu taki gildi við upphaf nýs kjörtímabils, eftir alþingiskosningarnar 8. maí 1999.

Ákvæði 2. mgr. 6. gr., um störf forseta frá kjördegi fram til upphafs fyrsta þings kjörtímabilsins, hafa áhrif þegar frá kjördegi en önnur ákvæði koma til framkvæmda við upphaf 124. löggjafarþings.

Fylgiskjal.

DRÖG AÐ STARFSREGLUM FYRIR FASTANEFNDIR

(Miðað er við endurskoðun þingskapa – vinnuskjal 6 (2. desember 1998.))

1. gr.

Formaður og varaformaður nefndar.

Boða skal til fyrsta fundar nefndar innan viku frá kosningu hennar af þeim sem fyrstur var kosinn í nefndina. Þar skal nefndin kjósa sér formann og varaformann. Forseta Alþingis skal tilkynnt um kjörið strax að loknum fundi.

Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Ef bæði formaður og varaformaður eru forfallaðir felur nefnd öðrum nefndarmanni að gegna formannsstörfum tímabundið. Ef ákvörðun um tímabundna formennsku hefur ekki ver-

ið tekin áður en boðað er til fundar skal sá nefndarmaður sem fyrstur var kosinn í nefndina, að frátöldum formanni og varaformanni, þegar í upphafi fundar gera tillögu um að fela einhverjum nefndarmanna að gegna formannsstörfum tímabundið.

Meiri hluti nefndarmanna getur samþykkt að víkja formanni og varaformanni frá.

2. gr.

Fundarboð.

Formaður nefndar, eða varaformaður í forföllum hans, boðar til fundar. Séu þeir báðir forfallaðir, en brýna nauðsyn ber til að halda fund, er þeim nefndarmanni sem fyrstur var kosinn í nefndina, að frátöldum formanni og varaformanni, heimilt að boða fund nema nefnd hafi falið öðrum nefndarmanni að gegna formannsstörfum tímabundið í forföllum formanns og varaformanns og boðar hann þá til fundar.

Fundarboði skal beint til nefndarmanna. Í forföllum nefndarmanns skal fundarboði beint til varamanns sama þingflokks, ef hann hefur verið tilnefndur, eða staðgengils, sbr. 3. mgr. 17. gr. þingskapa. Fundarboði skal beint til varaþingmanns sem tekur sæti nefndarmanns á Alþingi nema þingflokkur hafi óskað eftir því að varamaður eða staðgengill taki sæti í forföllum nefndarmanns.

Fundarboði skal einnig beint til áheyrnarfulltrúa sem rétt á til setu á nefndarfundi, sbr. reglur forsætisnefndar um áheyrnarfulltrúa á fundum fastanefnda Alþingis.

Dagskrá reglulegs fundar, samkvæmt ákvörðun forseta Alþingis um reglulega fundatíma fastanefnda, skal send nefndarmanni. Til aukafundar, utan reglulegs fundatíma, skal að jafnaði boða með dagskrá.

Dagskrá og fundarboð skal senda nefndarmanni í gegnum tölvukerfi Alþingis með rafpósti tímanlega og eigi síðar en degi fyrir fund. Jafnframt er dagskrá allra nefndafunda aðgengileg á (innanhúss)vef Alþingis síðdegis daginn fyrir fund. Þó skal, ef fundur er boðaður með skemmri fyrirvara en einum degi, útbúa sérstakt fundarboð sem nefndarmönnum er afhent eða tilkynnt um á annan tryggilegan hátt.

Falli reglulegur fundur niður skal tilkynna nefndarmönnum sérstaklega um það á sama hátt og gildir um fundarboð.

Formanni er skylt að boða til fundar ef ósk berst um það frá a.m.k. þriðjungi nefndarmanna eða frá þeim nefndarmanni sem falið hefur verið að vinna að athugun máls (fyrir fram kjörinn framsögumaður).

Nefndarfundi skal ekki halda þegar þingfundur stendur yfir. Frá þessu má þó víkja ef allir nefndarmenn samþykkja og forseti þingsins hreyfir ekki andmælum.

3. gr.

Fundarsókn.

Skylt er nefndarmönnum að sækja alla nefndarfundi nema lögmæt forföll banni. Forföll skal tilkynna formanni við fyrsta tækifæri svo að unnt sé að boða varamann hafi hann verið tilnefndur. Ef svo er ekki skal formanni gerð grein fyrir því hvort þingflokkur hafi tilnefnt staðgengil í stað nefndarmanns.

4. gr.

Varamenn, staðgenglar og varaþingmenn.

Hafi þingflokkur tilnefnt varamenn í nefnd skulu þeir taka sæti nefndarmanns sem forfallaður er í þeirri röð sem þeir eru tilnefndir.

Í forföllum nefndarmanns og tilnefnds varamanns er þingflokki heimilt að tilnefna annan þingmann sem staðgengil til setu í nefnd og skal tilkynna formanni nefndar þar um. Þá getur þingflokkur að beiðni nefndarmanns óskað eftir því að staðgengill taki sæti í nefnd við afgreiðslu tiltekins þingmáls og skal sú ákvörðun tilkynnt formanni nefndar.

Varaþingmaður, sem tekið hefur sæti á Alþingi í forföllum þingmanns, á sæti í þeim nefndum sem þingmaðurinn er kjörinn í nema þingflokkur nefndarmanns óski eftir að tilnefndur varamaður eða staðgengill taki sæti í nefndinni. Ef hagkvæmt þykir getur varaþingmaður hafið störf í nefnd fyrir hádegi þann dag sem þingmannaskipti eiga sér formlega stað á þingfundi en má þá ekki taka þátt í afgreiðslu mála. Þingmanni er eins heimilt, ef varaþingmaður samþykkir, að sitja nefndarfund og taka þátt í afgreiðslu mála fyrir hádegi þann dag sem hann tekur sæti á Alþingi að nýju.

Varamaður, staðgengill eða varaþingmaður gegna ekki embættisstörfum þess þingmanns sem þeir taka sæti fyrir innan nefndarinnar en njóta að öðru leyti allra sömu réttinda og aðrir nefndarmenn.

5. gr.

Dagskrá fundar.

Formaður ákveður dagskrá hvers fundar. Ef hann er forfallaður er dagskrá ákveðin af varaformanni eða þeim sem hefur heimild til að boða til fundar, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Hafi þriðjungur nefndarmanna eða nefndarmaður sem falið hefur verið að vinna að athugun máls (fyrir fram kjörinn framsögumaður) farið fram á að fundur verði haldinn um tilgreind málefni ber formanni að taka þau á dagskrá.

Á dagskrá skal greina dagskrárliði í þeirri röð sem ætlunin er að ræða mál á fundi.

Dagskrá fundar skal að jafnaði send nefndarmönnum fyrir reglulegan fund eða með fundarboði aukafundar og skal henni ávallt útbýtt til nefndarmanna á fundinum.

6. gr.

Fundarstjórn.

Formaður, eða varaformaður í forföllum hans, stýrir fundum nefndar. Ef þeir eru forfallaðir felur nefnd öðrum nefndarmanni að gegna formannsstörfum, sbr. 3. mgr. 1. gr.

Formanni er heimilt að setja nefndarfund ef til hans hefur verið boðað með dagskrá ella verður fundur ekki settur fyrr en meiri hluti nefndarmanna er mættur til hans.

Séu dagskrárliðir tímasettir er formanni heimilt að takmarka ræðutíma nefndarmanna og gesta er koma á fundinn.

Formaður getur breytt röðinni á dagskrárliðum og einnig tekið mál út af dagskrá, sbr. þó 2. mgr. 5. gr. Þá getur formaður heimilað að umræður fari fram um tvo eða fleiri dagskrárliði í einu ef þeir fjalla um skyld efni eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum.

Formanni er heimilt, að eigin frumkvæði eða samkvæmt ósk nefndarmanna, að taka upp hvert það mál sem er á málefnasviði nefndarinnar undir liðnum „önnur mál“. Beri formaður eða einhver nefndarmanna fram mótmæli gegn því að tiltekið mál verði rætt undir þessum lið skal það borið undir atkvæði og ræður vilji meiri hluta nefndarinnar.

7. gr.

Ályktunarbær nefndarfundur.

Fundur í nefnd er því aðeins ályktunarbær að meiri hluti nefndarmanna sé staddur á fundi og er það skilyrði fyrir því að teknar séu bindandi ákvarðanir eða mál afgreidd frá nefnd.

Ef ágreiningur rís um hvort athugun máls sé lokið og afgreiða eigi það frá nefndinni gildir ákvæði 2. mgr. 16. gr.

8. gr.

Gerðabók.

Nefndir skulu halda gerðabók um það sem fram fer á fundum í samræmi við reglur forsætisnefndar um frágang fundargerða fastanefnda Alþingis.

9. gr.

Starfsáætlun.

Í upphafi haust- og vorþings skulu nefndir gera starfsáætlun og jafnframt áætlun um afgreiðslu mála úr nefndum, sbr. og 10. gr., í því skyni að dreifa vinnu nefndar sem jafnast yfir þingtímann. Þá skulu nefndir eigi síðar en 1. apríl ár hvert gera áætlun um sumarstarf nefndar, sbr. og reglur forsætisnefndar um störf nefnda utan þingtíma.

Í starfsáætlun skulu meðal annars koma fram, eftir því sem við verður komið, upplýsingar um fjölda funda sem nefndin ráðgerir að halda á tímabilinu, mál sem nefndin hyggst taka upp að eigin frumkvæði, þingmál sem nefndin hyggst taka fyrir, þingmál sem nefndin hyggst flytja, fundi utan Alþingis og vettvangsferðir sem nefndin hyggst takast á hendur.

Starfsáætlun og áætlun um afgreiðslu mála skulu sendar forseta Alþingis til samþykktar, sbr. 18. gr. þingskapa.

10. gr.

Meðferð máls.

Þegar máli hefur verið vísað til nefndar til athugunar eða þegar hún hefur ákveðið að taka mál upp að eigin frumkvæði tekur hún ákvörðun um málsmeðferð. Skal nefndin meðal annars gera áætlun um fundafjölda, umsagnaraðila, gesti og væntanlega afgreiðslu málsins, sbr. og 9. gr.

Nefndin getur við upphaf umfjöllunar um mál tilnefnt framsögumann til þess að vinna fyrir hönd nefndarinnar að athugun máls.

Nefnd er heimilt að afla sér sérfræðilegrar aðstoðar við athugun máls í samræmi við reglur forsætisnefndar um sérfræðilega aðstoð við afgreiðslu þingmála og reglur um þýðingar á ræðum og skjölum fyrir þingmenn og fastanefndir Alþingis.

11. gr.

Umsagnir og erindi.

Nefnd getur við umfjöllun máls óskað skriflegra umsagna um það frá aðilum utan þings. Veita skal aðilum hæfilegan frest, í samræmi við umfang þingmáls, til að senda inn umsagnir. Einnig geta þeir er mál varðar komið skriflegum athugasemdum sínum að eigin frumkvæði á framfæri við nefnd.

Nefnd er heimilt að senda mál annarri fastanefnd til umsagnar enda eigi hluti þess undir málefnasvið þeirrar nefndar. Skulu formenn nefndanna þá koma sér saman um verkaskiptingu. Skal miða við að sú nefnd sem fær efnisþátt máls til umsagnar vinni hann til fulls, meðal annars breytingartillögur, og skili umsögn innan sanngjarns og eðlilegs tíma miðað við umfang og eðli málsins. Á vallt skal birta allar umsagnir og tillögur annarra nefnda sem fylgiskjöl með nefndaráliti þeirrar nefndar sem málinu var vísað til af Alþingi eða sem tók málið upp að eigin frumkvæði.

Um meðferð umsagna og erinda nefnda fer eftir reglum forsætisnefndar um meðferð erinda til þingnefnda. Heimilt er að veita umsögnum sendum með rafpósti viðtöku. Umsagnir og erindi, sem ekki er farið með sem trúnaðarmál, skal birta á vef Alþingis.

12. gr.

Gestir á nefndafundum.

Nefnd getur samþykkt að fá gesti til fundar við sig og hlýða á mál þeirra. Formaður skal að jafnaði gefa þeim kost á að hafa stutta framsögu um álit sitt á máli sem til umræðu er. Þá geta gestir einnig dreift gögnum til nefndarmanna um málið.

Að því loknu gefst nefndarmönnum kostur á að bera fram spurningar til gesta. Formaður getur óskað eftir því að allir nefndarmenn komi spurningum sínum á framfæri áður en hann gefur gestum tækifæri til svara.

Formaður skal sjá til þess að ekki fari fram efnisleg umræða um mál í viðurvist gesta og að þeir beri ekki fram spurningar til nefndarmanna, nema allir viðstaddir nefndarmenn samþykki annað.

Fundartími með hverjum gesti eða hópi gesta skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 20 mínútur.

Nefndarmanni, og öðrum er sækja nefndafundi, er óheimilt að hafa eftir opinberlega ummæli er fallið hafa á nefndarfundi, sbr. 1. mgr., nema hans sjálfs eða með leyfi þess sem þau viðhafði. Jafnframt geta gestir í upphafi fundar óskað eftir því að nefndarmenn séu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um á fundinum og skal formaður þá þegar leita eftir afstöðu nefndarinnar til þess. Ræður vilji meiri hluta nefndarinnar.

13. gr.

Fundir með ráðherra.

Nefnd getur óskað þess að ráðherra komi á fund hennar til þess að fjalla um mál sem hún hefur til afgreiðslu frá honum eða mál sem nefndin hefur tekið til umfjöllunar að eigin frumkvæði og varða málefnasvið ráðherrans.

Að sama skapi getur ráðherra óskað þess að eigin frumkvæði að koma á fund nefndar og ræða mál er hana varðar.

Á fundi með ráðherra hefur hann sama rétt til þátttöku í umræðum og nefndarmenn.

Í upphafi fundar getur ráðherra getur óskað eftir því að nefndarmenn séu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um á fundinum og skal formaður þá þegar leita eftir afstöðu nefndarinnar til þess. Ræður vilji meiri hluta nefndarinnar.

Nefndir skulu halda í upphafi hvers löggjafarþings kynningarfund með ráðherra þar sem óskað er kynningar á áformum hans í löggjafarstarfi á þinginu, stöðu EES-mála, sbr. reglur forsætisnefndar um þinglega meðferð EES-mála á mótunarstigi, og annarra mála er kunna að varða störf nefndarinnar.

14. gr.

Vísun mála milli nefnda.

Nefnd, sem fengið hefur mál til athugunar, er heimilt að vísa því til annarrar fastanefndar telji hún að málið eigi fremur heima í þeirri nefnd. Áður skal þó liggja fyrir samþykki þeirrar nefndar sem málinu er vísað til. Tilkynna skal forseta um slíka tilfærslu.

15. gr.

Aðgangur að nefndafundum. Fundarfriður.

Fundir nefnda skulu lokaðir öðrum en nefndarmönnum og starfsmönnum þeirra nema nefnd ákveði annað.

Ef áheyrnarfulltrúar eiga seturétt á nefndafundi fer um stöðu þeirra og réttindi eftir reglum forsætisnefndar um áheyrnarfulltrúa á fundum fastanefnda Alþingis, sbr. 4. mgr. 13. gr. þingskapa.

Ákveði nefnd að halda opinn fund skal hún tilkynna forseta um þá ákvörðun og skal nefndin fylgja reglum forsætisnefndar um fyrirkomulag slíkra funda.

Formaður skal sjá til þess að sem minnst röskun verði á fundum nefnda. Ekki skal beina símtölum inn á fund nema um brýnt erindi sé að ræða í tengslum við málefni fundarins. Notkun farsíma er óheimil á fundum. Skilaboðum til nefndarmanna skal beint til starfsmanna nefndasviðs sem koma þeim skriflega til þeirra.

16. gr.

Afgreiðsla mála úr nefnd.

Þegar formaður telur að efnislegri umfjöllun um mál sé lokið leggur hann til að málið verði afgreitt frá nefndinni. Við afgreiðslu máls skal formaður ganga úr skugga um hver sé afstaða einstakra nefndarmanna, svo og hverjir standa að nefndaráliti og fyrirliggjandi breytingartillögum. Einnig skal hann kanna hvort einhverjir nefndarmenn ætli að skrifa undir nefndarálit með fyrirvara, og í hverju fyrirvari sé fólginn, eða skila séráliti. Nefnd skal skila áliti sínu í einu skjali en ef nefnd er ekki einhuga skal formaður gefa hverjum hluta nefndarinnar hæfilegan frest, að jafnaði eigi skemmri en tveggja daga, til að ganga frá sínu áliti og breytingartillögum áður en nefndaráliti er skilað.

Ef ágreiningur er meðal nefndarmanna um hvort umfjöllun um mál í nefnd sé lokið og hvort skila skuli áliti hennar getur formaður eða hver nefndarmaður annar gert tillögu um að athugun máls sé hætt og það afgreitt frá nefndinni, sbr. 2. mgr. 27. gr. þingskapa. Er formanni skylt að láta greiða atkvæði um slíka tillögu á þeim fundi sem hún er borin fram. Tillagan telst því aðeins samþykkt að meiri hluti allra nefndarmanna greiði henni atkvæði.

Ef nefnd hefur í upphafi málsmeðferðar tilnefnt framsögumann gerir hann, í samráði við formann, tillögu um afgreiðslu málsins og leggur fram drög að nefndaráliti.

Nefndarmanni, sem tekið hefur þátt í efnislegri umfjöllun nefndarinnar um mál, er heimilt að rita undir nefndarálit eða breytingartillögur þótt hann hafi verið fjarstaddur ef ósk um það hefur komið fram við nefndarritara.

Um frágang nefndarálits að öðru leyti fer eftir reglum forsætisnefndar um nefndarálit.

17. gr.

Nefndarritari.

Fyrir hverja nefnd skal starfa sérfræðingur, nefndarritari, og er hann starfsmaður nefndasviðs skrifstofu Alþingis.

Nefndarritari aðstoðar formann við að skipuleggja vinnu nefndarinnar, situr alla fundi nefndar og ritar fundargerðir. Hann fer yfir öll mál sem vísað er til nefndarinnar og sendir athugasemdir sínar til formanns nefndarinnar ef ástæða er til. Nefndarritari annast samskipti nefndar við ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga, óskar upplýsinga og samhæfir störf sem unnin eru á vegum nefndarinnar. Nefndarritari aðstoðar við gerð nefndarálits og breytingartillagna. Þá hefur hann á hendi önnur þau verkefni sem nefnd ákveður.

Nefndarritari skal fylgja nefnd í vettvangsferðir og á fundi utan Alþingis og vera nefndarmönnum til aðstoðar.

18. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar með stoð í 4. mgr. 8. gr. þingskapa, taka gildi við upphaf 124. löggjafarþings.

865. Skýrsla [541. mál]

um dómsmálaráðherra um stöðu umferðaröryggismála fyrir árið 1998.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. Almennt.

Skýrsla um stöðu umferðaröryggismála sem nú er lögð fyrir Alþingi er í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 28. febrúar 1996, um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun. Í ályktuninni segir m.a.: „Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega.“ Meginefni þessarar skýrslu er í aðalatriðum samhljóða skýrslu vinnuhóps sem dómsmálaráðherra skipaði í ágúst 1996 til að sjá um framkvæmd umferðaröryggisáætlunarinnar og gera nýjar tillögur um verkefni og áherslur í umferðaröryggismálum.

Í vinnuhópnum sem nefndur hefur verið umferðaröryggisnefndin eru: Þórhallur Ólafsson, formaður Umferðarráðs, formaður, Georg Kr. Lárusson, varalögreglustjóri í Reykjavík, og Rögnvaldur Jónsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs Vegagerðarinnar. Með hópnum starfa Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra, og starfsmenn Umferðarráðs, þeir Óli H. Þórðarson framkvæmdastjóri, Sigurður Helgason upplýsingafulltrúi og Örn Þorvarðarson deildarsérfræðingur.

Í skýrslunni er einkum fjallað um stöðu umferðaröryggismála eins og hún var í árslok 1998, hvernig miðað hefur í átt að settu markmiði og á hvað umferðaröryggisnefndin leggur megináherslu á árinu 1999.

Alþingi hefur ályktað að stefnt skuli að því að alvarlegum slysum og banaslysum í umferðinni fækki fyrir árslok árið 2000 þannig að þau verði færri en 200 á ári í lok tímabilsins. Þrátt fyrir þetta markmið er það áfangi að þeirri framtíðarsýn að enginn láti lífið í umferðinni eða slasist alvarlega. Til að þessu takmarki verði náð þurfa allir aðilar sem að umferðaröryggismálum koma að samræma störf sín og vinna markvisst að sameiginlegum verkefnum og markmiðum. Eins og áður verður megináhersla lögð á fá en afmörkuð verkefni, en þau eru valin með tilliti til reynslu síðastliðins árs þar sem slysatölur voru vandlega skoðaðar og orsakir slysanna greindar. Hagkvæmustu og arðbærustu aðgerðirnar voru valdar og þær sem líklegastar eru til að skila þeim árangri sem stefnt er að.

Á árinu 1999 verða meginviðfangsefnin:

— bílbelti og öryggisbúnaður,
— umferðareftirlit á þjóðvegum,
— of hraður akstur og
— ölvunarakstur.

Margir aðilar tengjast umferðaröryggisstarfinu beint eða óbeint. Afar mikilvægt er að störf allra séu samræmd með einhverjum hætti og að aðilar leggi saman krafta sína að einstökum verkefnum. Náist víðtæk samstaða í þjóðfélaginu um áðurnefndar áherslur má búast við að árangur náist og að umferðarslysum fækki. Þrátt fyrir þessar megináherslur mun að sjálfsögðu verða unnið að öðrum þáttum í umferðaröryggisstarfinu af sama krafti og áður.

Á árinu 1998 náðist góður árangur í vissum þáttum umferðaröryggisstarfsins. Einnig hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á umferðarlögum og reglum jafnframt því sem ný tækni hefur verið tekin í notkun við umferðarlöggæslu. Lögreglan hefur einnig breytt um áherslur og verið sýnilegri. Virkari löggæsla er veigamikill þáttur í umferðaröryggisstarfinu og án öflugrar löggæslu verður settum markmiðum ekki náð. Nefndin leggur því til að við embætti ríkislögreglustjóra verði starfsemi þjóðvegalögregludeildar efld, en í byrjun ársins voru tveir starfsmenn ráðnir í deildina. Hlutverk hennar er að styrkja umferðarlöggæslu á landsbyggðinni, sjá um skyndiskoðun ökutækja og starfrækja, ásamt lögregluembættum á landsbyggðinni, öndunarsýnabíl og hraðamyndavélabíla, auk annarra verkefna.

Árangur af innheimtu umferðarsekta batnaði verulega eftir að nýtt miðlægt innheimtukerfi var tekið í notkun í ársbyrjun og hefur innheimtan reyndar aldrei verið betri. Búist er við að um 90–95% innheimtist án atbeina dómstóla og öll mál verði fullreynd. Þessi árangur er eftirtektarverður, sérstaklega vegna þess að fjöldi sekta hefur aldrei verið meiri. Búa nú allir landsmenn við sama sektarkerfi og fá sömu meðhöndlun og er það mikil framför.

Sektarinnheimta hjá lögreglustjórum	Innheimt árið 1997 millj. kr.	Innheimt árið 1998 millj. kr.	Aukning 1997–98
Landið allt	194,4	305	56,9%
Reykjavík	63,6	146	229,6%
Utan Reykjavíkur	130,8	159	21,6%

Tafla 1. Samtals voru 35.636 sektarboð og sektargerðir sendar út árið 1998 fyrir 45.213 brot á umferðarlögum. Engar áreiðanlegar upplýsingar eru til um fjölda sekta fyrir árið 1997. Öll mál fá nú sömu meðferð og þeim er lokið að fullu. Ökumenn geta ekki búist við því að sleppa við að greiða sektir og kostnaður eykst hjá þeim sem ekki greiða innan tiltekins frests, sem er 30 dagar.

Árangur náðist við að koma umferðarhraða að lögmæltum mörkum, sérstaklega um tíma síðastliðið sumar, og var lögreglan víða virkari og sýnilegri en áður. Jafn ökuhraði eykur umferðaröryggi verulega og er til þæginda fyrir alla í umferðinni.

Talsverð reynsla hefur fengist af punktakerfinu á þessu eina ári sem liðið er síðan það var tekið í notkun. Árangurinn virðist vera góður, en þó er of fljótt að fullyrða hvort um varanlegan árangur sé að ræða og verður að skoða málið að ári liðnu til að marktæk reynsla fáist. Mikilvægt er að árangurinn sé metinn með því að rannsaka vel þau gögn sem fyrir liggja eftir fyrsta árið.

Góð reynsla hefur fengist af þeim umferðaröryggisnefndum sem stofnaðar hafa verið um landið. Starf þeirra verður treyst með tilkomu umferðaröryggisfulltrúa á landsbyggðinni. Þess ber að geta að árangur af samstarfsverkefni Slysavarnafélags Íslands og Umferðarráðs við ráðningu umferðaröryggisfulltrúa á landsbyggðinni hefur farið fram úr björtustu vonum. Á síðastliðnu ári voru sex umferðaröryggisfulltrúar starfandi yfir sumartímann. Önnuðust þeir samræmingu í umferðaröryggisstarfinu og unnu að ýmsum nýjum verkefnum ásamt hundruðum félaga úr sveitum Slysavarnafélagsins um land allt.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur hafið störf og starfsmaður var ráðinn til að sinna helstu verkefnum hennar. Góð reynsla var af notkun öndunarsýnatækja og er nauðsynlegt að huga að fjölgun þeirra, sérstaklega á landsbyggðinni. Í Reykjavík var 471 ökumaður færður til öndunarsýnatöku. Þar af reyndust 392 vera yfir leyfilegum mörkum. Bifreið ríkislögreglustjóra var á ferðinni um allt land í samvinnu við viðkomandi lögregluembætti. Þar voru tekin 65 sýni og reyndust 43 ökumenn vera undir áhrifum áfengis. Notkun öndunarsýnabifreiðarinnar hafði töluvert forvarnargildi, sérstaklega þar sem hún var notuð við útisamkomur og skemmtanir víða um land.

	Fjöldi mála	**Heildarfjöldi mála/hlutfall**
Hraðamyndavélar	2.283	16.861/ 13,5%
Rauðljósamyndavélar	55	1.052/ 5,2%
Öndunarsýni, lögreglan í Reykjavík	392	1.259/ 32,1%
Öndunarsýni, bíll ríkislögreglustjóra	65 sýnatökur/43 sviptir	1.259/ 3,4%

Tafla 2. Reynsla af notkun öndunarsýnatækja er góð og forvarnaráhrif mikil, sérstaklega af bílnum sem fer á milli staða. Reynslutími myndavéla er liðinn og ekkert því til fyrirstöðu að nota þær að fullu á þessu ári. Gerð verður tilraun þar sem myndavélarnar verða að notaðar til að mynda ökumenn og farþega sem ekki nota bílbelti.

Tvær hraðamyndavélabifreiðar á vegum embættis ríkislögreglustjóra voru í notkun víða um landið síðastliðið sumar. Lögreglumenn á bifreiðunum unnu í samvinnu við lögregluembættin á landsbyggðinni. Alls voru 2.283 ökumenn sektaðir. Reiknað er með að á árinu 1999 verði notkun myndavélabílanna margfölduð enda er reynslutímabilinu nú lokið. Staðsetning og notkun bílanna verður skipulögð í samræmi við óskir lögregluembættanna og með tilliti til slysastaða.

Kærðir voru 55 ökumenn sem óku gegn rauðu ljósi. Notkun rauðljósamyndavéla verður stóraukin á þessu ári en langan tíma hefur tekið að sigrast á ýmsum erfiðleikum sem upp hafa komið. Keyptur hefur verið viðbótarbúnaður sem tryggir 100% öryggi vélanna og mælir auk þess hraða og skráir upplýsingar sem áhugavert er að skoða. Á árinu er stefnt að margföldum afköstum og að stöðum verði fjölgað.

Upplýsinga- og áróðursmál voru með hefðbundnu sniði á árinu 1998. Sérstakt átak tryggingafélaga og annarra gegn ölvunarakstri í desember, ásamt hefðbundnu starfi um verslunarmannahelgina voru stærstu einstöku verkefnin. Árangurinn fyrir jólin 1997 var einstaklega góður því engir slösuðust vegna ölvunaraksturs meðan á átakinu stóð. Þá náðist góður árangur í desember 1998. Þá slösuðust færri í umferðarslysum en oft áður enda þótt margir hefðu verið teknir vegna ölvunar við akstur. Einnig var samvinnuverkefni milli Umferðarráðs, Toyota og Íslandsbanka um verslunarmannahelgina þar sem reynt var að höfða til ölvaðra ökumanna með nýjum hætti. Er þetta verkefni einstakt vegna aðildar einkaaðila í beinum áróðursmálum.


Ríkisstjórnin samþykkti á fundi í mars að taka þátt í hlutafélagi um gerð væntanlegs akstursæfingasvæðis sem byggt verður í samvinnu Ökukennarafélags Íslands, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambands íslenskra tryggingafélaga, Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar, Umferðarráðs og fleiri aðila.

Nýjar reglur um sektir og önnur viðurlög tóku gildi í maí 1998. Þar er sérstök áhersla lögð á ökuleyfissviptingar og samræmdar sektarfjárhæðir. Nýmæli eru einnig varðandi

hraðasektir og sviptingar, þ.e. að nú er gert ráð fyrir þyngri viðurlögum við brotum í þéttbýli.

2. Staða og markmið.


Árið 1998 var fjöldi alvarlega slasaðra og látinna í umferðinni heldur meiri en árið 1997 eða samtals 227. Hins vegar hefur sigið á ógæfuhliðina hvað varðar banaslys í umferð, en mun fleiri létust árið 1998 eða 27, en 15 árið 1997. Er þetta umtalsverð aukning og mun fleiri banaslys en urðu að meðaltali á árunum 1991–96, en þau voru um 18. Hafa ber í huga að um tiltölulega fá tilvik er að ræða, en fjöldinn er samt óásættanlegur og utan tölfræðilegra marka um frávik. Tölur um slasaða og látna byggjast á skýrslu Umferðarráðs um slys skráð af lögreglu.



Mynd 1. Á árinu 1998 náðist ekki sett markmið og var um fjölgun að ræða frá árinu á undan. Munar þar mestu að fleiri létust í umferðinni en undanfarin ár. Aftur á móti var fjöldi alvarlegra slasaðra svipaður og á síðastliðnu ári, þó heldur meiri.


Nefndin leggur til að á árinu 1999 verði undirmarkmið að auka notkun bílbelta og annars öryggisbúnaðar í 95–100%. Til þess að það megi takast þarf ný úrræði sem byggjast m.a. á aukinni löggæslu með breyttum aðferðum og nýjum árangursríkum áróðursaðferðum. Þessar aðgerðir þarf að samræma til að árangur náist.

Á undanförnum tveimur árum hefur einkabílum fjölgað mikið, einnig hefur akstur aukist og fleiri hafa réttindi til að aka bílum. Þannig eru fleiri nýir ökumenn en áður. Þetta leiðir til þess að slysum fjölgar. Á móti kemur að bílar eru öruggari og yfirleitt meiri öryggisbúnaður í þeim, svo sem öryggispúðar (loftpúðar).



Mynd 2. Rúmlega helmingur allra alvarlegra umferðarslysa varð innan þéttbýlismarka, en athyglisvert er að **flestir lifðu þau af.** Má leiða að því líkum að hraði sé þar minni og löggæsla meiri. Einnig eru viðbragðsaðilar betur búnir og sjúkrahús nærri vettvangi.


Það sem einkennir banaslys á árinu 1998 eins og 1997 er hversu stór hluti þeirra varð í dreifbýli eða alls 20, þar af mörg á vegum með hlutfallslega lítilli umferð. Fimm banaslysanna urðu í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu og tvö annars staðar í þéttbýli. Eins vekur athygli hve margir þeirra ökumanna og farþega í bílum sem létust, eða um 65%, notuðu ekki bílbelti eða annan öryggisbúnað. Þá eru a.m.k. fjögur banaslys rakin til ölvunaraksturs, sem er svipað hlutfall og mörg undanfarin ár.



Mynd 3. Þrír af hverjum fjórum sem létust í umferðarslysum lentu í slysi utan þéttbýlismarka. Á undanförnum árum hefur hlutfall þeirra sem látast í umferðarslysum utan þéttbýlismarka hækkað verulega. Er þetta ekki í samræmi við reynslu annarra þjóða og gerist á sama tíma og vegakerfið hefur batnað mikið. Sennileg skýring er að umferðarhraði hefur aukist og bílbelti eru ekki notuð.


Kostnaður vegna umferðarslysa er gríðarlegur en að mati Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands kosta umferðarslys þjóðfélagið um 12–15 milljarða kr. á ári. Kostnaður vegna banaslysa er þó ekki metinn nema að litlu leyti. Evrópusambandið metur tjón vegna hvers banaslyss í umferðinni til 100 millj. kr. (1 millj. ECU).

Ef kostnaðarmat ESB er notað hefur kostnaður vegna banaslysa á þessu ári aukist um 900 millj. kr. sé miðað við meðaltal áranna 1991–96. Ekki er nokkur vafi á að mjög arðbært er að fjárfesta í auknu umferðaröryggi og að skynsamlegar fjárfestingar skila sér margfalt til baka. Annars staðar á Norðurlöndum hefur á undanförnum árum verið lögð mjög aukin áhersla á umferðaröryggismál og hafa þjóðirnar yfirleitt sett sér metnaðarfullar áætlanir og markmið um fækkun umferðarslysa.



Mynd 4. Eins og fram kemur á myndinni eru sveiflur meiri hér á landi vegna þess hve tölur eru lágar. Þrátt fyrir slæmt ár 1998 eru Íslendingar samt sem áður meðal þeirra sem hafa lægstu slysatíðni í heiminum. Noregur og Svíþjóð eru enn í fararbroddi hvað varðar umferðaröryggismál. Við þurfum að tryggja okkur sess með þeim og helst gera betur.

Til að dragast ekki aftur úr nágrannaþjóðum okkar hvað varðar hlutfallslega lítinn fjölda látinna og slasaðra í umferðinni þurfa Íslendingar að leggja aukna áherslu á umferðaröryggi og gera a.m.k. jafnvel og helst betur en viðmiðunarþjóðir okkar sem eru Norðurlöndin. Staða okkar í umferðarmálum er hluti af menningu okkar og lífsgæðum.



Mynd 5. Mörg banaslys má rekja til þess að bílbelti voru ekki notuð. Leiða má líkur að því að 14 færri hefðu látið lífið í umferðarslysum á síðastliðnu ári hefðu bílbelti verið notuð. Af þessu má sjá að skýr fylgni er á milli of lítillar notkunar bílbelta og fjölda banaslysa.

Nefndin leggur til að skoðaðar verði gaumgæfilega áætlanir Svía um „núll-framtíðarsýn" eða „Null vision" sem miðar að því að enginn látist eða slasist alvarlega í umferðinni í framtíðinni.

3. Aðgerðir og verkefni 1998.

a. Yfirlit.

Sjaldan hafa verkefni og aðgerðir verið jafn miklar og á yfirstandandi ári og má fullyrða að flestallir aðilar sem láta sig umferðaröryggismál varða hafi lagt sig fram um að ná árangri. Mikilvægt er að opinberir aðilar geri sínar eigin áætlanir, í samræmi við ályktun Alþingis frá 28. febrúar 1996. Mörg sveitarfélög vinna nú þegar eftir umferðaröryggisáætlun og þeim sveitarfélögum fjölgar stöðugt sem leggja aukna áherslu á umferðaröryggi.

Umferðarlöggæsla var aukin á árinu sem er að líða. Á þessu ári þarf að leggja aukna áherslu á eftirlit á svartblettum og þar sem reynslan hefur sýnt að búast megi við umferðarslysum. Samvinna er nú þegar hafin milli lögreglu og veghaldara um að veghaldarar sendi lögreglu upplýsingar um svartbletti og þá staði þar sem slysatíðni er mikil.

Í umferðarverkefnum lögreglu fyrir sumarið er gert ráð fyrir aukinni áherslu á þjóðvegi á landsbyggðinni enda hafa flest alvarleg umferðarslys orðið þar á síðustu árum þrátt fyrir að umferðarmannvirki hafi verið lagfærð með bundnu slitlagi, einbreiðum brúm verið fækk-

að, merkingar bættar og lýsing sett við hættulega staði. Þess vegna leggur nefndin til að löggæsla á þjóðvegum verði stóreflð.

Á árinu var lokið tengingu lögreglunnar við landsskrá brota, m.a. á umferðarsviðinu. Málsmeðferð og skilvirkni lögreglunnar hefur styrkst í sessi með samræmdri skráningu brotanna sem er liður í því að ná markmiðum umferðaröryggisáætlunarinnar.



Mynd 6. Störf umferðaröryggisfulltrúa á landsbyggðinni skiluðu góðum árangri sumarið 1998. Nú hafa verið stofnaðar umferðaröryggisnefndir í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni þeirra eru fjölmörg og mikilvægt er að efla umferðaröryggisstarfið á landsbyggðinni í náinni framtíð.

b. Samvinnuverkefni.

Eins og undanfarin ár var lögð áhersla á að þeir aðilar sem starfa að umferðaröryggismálum vinni saman.

Könnun á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum var gerð í samstarfi Slysavarnafélags Íslands, Umferðarráðs, nemenda í leikskólaskor Kennaraháskóla Íslands og samtakanna Betri borg fyrir börn og gert var fræðsluefni um sama efni.

Samstarf lögreglu, Umferðarráðs og Vegagerðarinnar hélt áfram um aðgerðir til að draga úr ökuhraða, m.a. á þjóðvegum. Því var og beint gegn ölvunarakstri, hvatt var sérstaklega til varkárni í framúrakstri og hvatt var til aukinnar notkunar bílbelta.

Sérstakt samstarfsverkefni Umferðarráðs og Slysavarnafélags Íslands var um ráðningu umferðaröryggisfulltrúa í sex landshlutum yfir sumarmánuðina.

Umferðarráð festi kaup á tækjavagni sem er útbúinn til að nýtast á slysavettvangi þannig að allar merkingar væru eins og best verður á kosið við slíkar aðstæður. Auk þess er í honum annar búnaður til notkunar þegar slys verða. Það er lögreglan í Reykjavík sem hefur þennan búnað en hann var keyptur fyrir fé úr umferðaröryggissjóði.

c. Lög og reglur.

Á árinu 1998 var haldið áfram að efla viðurlagakerfið vegna umferðarlagabrota með það fyrir augum að gera það skilvirkara og einfaldara. Eins og fram kemur í umferðaröryggisáætlun til ársins 2001 var og talið nauðsynlegt að herða viðurlög við einstökum brotum og hækka sektamörk almennt. Með það fyrir augum hlutaðist dómsmálaráðherra til um að settar voru reglugerðir er lúta að sektamálum ásamt því að gerð var tillaga um breytingar á umferðarlögum að því er varðar notkun í farsíma við akstur.

Nýjar regur um sektir tóku gildi 14. maí 1998. Þar er sérstök áhersla lögð á ökuleyfissviptingar og samræmdar sektarfjárhæðir. Nýmæli eru einnig um hraðasektir og sviptingar en nú er gert ráð fyrir þyngri viðurlögum við brotum í þéttbýli.

Með heimild í 115. gr. laga um meðferð opinberra mála sem breytt var 1997 var sett ný reglugerð nr. 39 16. janúar 1998, um lögreglustjórasáttir. Reglugerðin tekur almennt á þeim málum sem lögreglustjórum er heimilt að ljúka. Umferðarlagabrot eru stærsti hluti þeirra

mála. Megintilgangur reglugerðarinnar er að samræma meðferð sektamála og hefur hún því veruleg áhrif á alla meðferð umferðarlagabrota.

Með heimild í 4. mgr. 100 gr. umferðarlaganna sem breytt var 1997 var sett reglugerð nr. 280 14. maí 1998, ásamt viðaukum um sektir og önnur viðurlög vegna umferðarlagabrota og brota á reglum settum samkvæmt þeim. Meginbreytingin frá fyrri reglugerðum kemur fram í viðaukunum, en þar er mælt fyrir um sektarfjárhæðir og sviptingartíma ökuréttar vegna algengustu brota á umferðarlögum eða reglum sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Þessi breyting horfir til samræmingar á ákvörðun sektarfjárhæða á landsvísu. Viðurlög eru og nokkuð hert frá því sem áður var.

Í tillögum um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum um bann við notkun farsíma við akstur er lagt til að notkun farsíma við akstur verði einungis heimil ef notaður er handfrjáls búnaður. Lagt er til ákvæðið taki ekki gildi fyrr en sex mánuðum eftir að lögin verða birt, að brot á lögunum verði refsilaus í eitt ár og að handfrjáls búnaður verði án tolla og vörugjalda.

Gefnar hafa verið út reglugerðir um frágang á hraðatakmarkara í bifreið, nr. 71/1998, um flutning á hættulegum farmi, nr. 92/1998, um skoðun ökutækja, nr. 378/1998, um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528/1998, og um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 681/1998. Unnið hefur verið að reglugerð um ökukennara og ökuskóla í ráðuneytinu og er sú vinna á lokastigi.

d. Ökuhraði.

Í samræmi við umferðaröryggisáætlun til ársins 2001 hefur mikil áhersla verið lögð á að koma í veg fyrir ólöglegan ökuhraða, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Hraðamyndavélar voru m.a. notaðar við umferðareftirlit og einnig var mikið um hraðamælingar með hefðbundnum aðferðum. Þá voru hraðamælingartæki Umferðarráðs og nokkurra sveitarfélaga, svokallaðir „hraðavitar", mikið notuð víða um land, m.a. í tengslum við störf umferðaröryggisfulltrúa.

Ríkislögreglustjóri lagði á árinu áherslu á samstarf lögreglulíða og samhæfingu þeirra við framkvæmd löggæsluverkefna. Í því sambandi gaf hann út fyrirmæli til lögreglulíða um samstarf við umferðareftirlit, m.a. um verslunarmannahelgina, og um bílbelti. Víða á þjóðvegum náðist árangur í að draga úr ökuhraða þó svo að tölur sýni að alvarlegum slysum á þjóðvegum hafi fjölgað frá því sérstöku þjóðvegaeftirliti lögreglunnar var hætt árið 1994.


	Aukning á meðalhraða	**Aukning á hámarkshraða**	**Athugasemdir**
Suðurlandsvegur Selfoss – Reykjavík	91.9 km/t → 91.9 km/t + 0 %	119 km/t → 121 km/t + 1,7%, mest 134 km/t	Aukin löggæsla
Reykjanesbraut Hafnarfjörður – Keflavík	93,1 km/t → 93,4 km/t + 0%	123 km/t → 129,7 km/t + 5,4%, mest 145 km/t	Aukin löggæsla Umræður
Grindavíkurvegur	91,2 km/t → 95,5 km/t + 4,7%	130,7 km/t → 138,3 km/t + 5,8%, mest 149 km/t	Minni löggæsla
Norðurlandsvegur í Norðurárdal	82,1 km/t → 94,8 km/t + 8,2%	113,5 km/t → 134 km/t + 18,1%, mest 142 km/t	
	Hraði umfram mörk	**Banaslys**	
ESB	-5 km/t hraðaminnkun	-25% fækkun banaslysa	Gangandi vegfarendur
Danmörk	-5 km/t hraðaminnkun	-19% fækkun banaslysa	Akandi – gangandi
Noregur	-3 km/t hraðaminnkun	-15% fækkun banaslysa	Akandi vegfarendur

Tafla 3. Taflan sýnir áhrifin á alvarleg slys ef hraði er minnkaður um að meðaltali um 3–5 km/klst. Heimildir: Vegagerðin, Norsk Trafikk sikkerhetshåndbok, Danska vegagerðin, ESB, Strategic Road Safety Plan, 10. feb. 1997.

Hraðamyndavélar voru teknar formlega í notkun 26. maí 1998 að undangengnu reynslutímabili og mikilli undirbúningsvinnu. Settar voru reglur um notkun vélanna og málsmeðferð. Lögreglumenn fengu sérstaka kennslu í notkun myndavélanna sem notaðar voru víða um land í samvinnu við lögregluna á hverjum stað. Ljóst er að vélarnar hafa mikið eftirlits- og varnaðargildi, málsmeðferð er skjótvirk og örugg þannig að þessi búnaður hefur sannað gildi sitt í því að ná markmiðum umferðaröryggisáætlunarinnar.

e. Ölvunarakstur

Ríkislögreglustjóri setti í apríl 1998 reglur um töku öndunarsýna í ölvunarakstursmálum. Öndunarsýni er jafnsett blóðsýni við sönnunarfærslu í ölvunarakstursmálum samkvæmt um breytingu sem gerð var á umferðarlögunum á árinu 1997. Haldin voru námskeið fyrir lögreglumenn sem annast töku öndunarsýna og var búnaðurinn tekinn í notkun 26. maí 1998. Tvö tæki eru í notkun, annað er á lögreglustöðinni í Reykjavík en hitt í sérbúinni bifreið ríkislögreglustjóra sem notuð var víða um land í samvinnu við lögreglustjórana. Í tengslum við þessi nýmæli var efnt til kynningarfunda fyrir alla lögreglustjóra, ríkissaksóknara og dómara um meðferð mála.



Mynd 7. Fækkun slysa vegna ölvunaraksturs er athyglisverð. Greinilegur árangur er að nást, sérstaklega á árinu 1998. Á síðastliðnu ári fjölgaði þeim verulega sem sviptir voru ökuréttindum vegna ölvunaraksturs, alls 1.217 ökumenn (2.059 grunaðir).


f. Bílbelti og öryggisbúnaður fyrir börn.

Umferðarkannanir lögreglu og Umferðarráðs og kannanir umferðaröryggisfulltrúa og félaga í Slysavarnafélagi Íslands á notkun bílbelta og annars öryggisbúnaðar í bílum leiða í ljós að enn vantar mikið á að bílbeltanotkun geti talist vera fullnægjandi. Þó ber að geta þess að könnun á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum leiddi í ljós talsverða aukningu, en enn

vantar talsvert á að allir noti þann búnað á réttan hátt. Stórefla þarf þátt löggæslu í því skyni að framfylgja ákvæðum umferðarlaga um notkun bílbelta. Ljóst er að nauðsynlegt er að halda áfram fræðslustarfi um gildi bílbelta og afleiðingar þess að nota þau ekki. Allar rannsóknir hafa leitt í ljós að ef takast mætti að fá alla ökumenn og farþega í bílum til að nota tiltækan öryggisbúnað væri hægt að fækka alvarlegum slysum og banaslysum mjög mikið eða um eða yfir 50%. Þá má ekki gleyma því aukna öryggi sem öryggispúðar fyrir framan og til hliðar við framsæti bifreiða veita í árekstrum.


g. Ungir ökumenn.

Hlutdeild ökumanna á aldrinum 17–24 ára í umferðarslysum er mun meiri en í öðrum aldursflokkum. Margt bendir til að hlutur ungs fólks í slysum hafi minnkað á undanförnum árum sé miðað við slysatölur Umferðarráðs eða úr því að vera 33% árið 1987 í 20% árið 1996.




Mynd 8. Þrátt fyrir að sérstök áhersla hafi verið lögð á unga ökumenn í forvarnarstarfinu fjölgar slysum af völdum þeirra hlutfallslega. Gert er ráð fyrir að punktakerfið muni hafa áhrif á þessa þróun í framtíðinni.

Hins vegar er hann langt í frá ásættanlegur og því er þörf á að auka vinnu á þeim vettvangi. Þannig þarf sérstaklega að huga að orsökum tíðra banaslysa meðal ungra ökumanna og farþega þeirra og leita leiða til að koma í veg fyrir þau. Af 27 sem létust í umferðarslysum á árinu 1998 voru 10 á aldrinum 15–25 ára.



Mynd 9. Ungum ökumönnum sem létust í umferðarslysum á síðastliðnu ári fjölgaði miðað við meðaltal undanfarinna ára.

Þegar byggt verður akstursæfingasvæði á höfuðborgarsvæðinu vonast menn til að efla megi undirbúning ungra ökumanna áður en þeir fá ökuréttindi og gera þá hæfari til að takast á við þá ábyrgð sem því fylgir að stjórna ökutæki.




Mynd 10. Eins og sést á myndinni eru það ungir ökumenn sem safna flestum punktunum. Þrisvar sinnum fleiri karlmenn fá punkta en konur. Þetta er í samræmi við erlendar niðurstöður, svo sem frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Aldursdreifing innan hvers hóps er svipuð. Alls hefur 41 ökumaður fengið punkta sem nægja til sviptingar. Auk þess eru 15.634 ökumenn sem eru með sektir og punkta sem nægja til ökuleyfissviptingar.

h. Umferðarmannvirki.

Notkun löggæslumyndavéla sem taka myndir af bílum sem ekið er gegn rauðu ljósi hófst á árinu 1997. Gerðar hafa verið breytingar á umferðarlögunum til að einfalda málarekstur hjá lögreglu og gera hann markvissari. Ný myndavél hefur verið keypt sem auk þess að taka

myndir af bílum sem ekið er yfir gatnamót gegn rauðu ljósi mælir hraða þeirra. Þannig geta ökumenn nú verið sektaðir fyrir að aka gegn rauðu ljósi, fyrir of hraðan akstur og fyrir að nota ekki bílbelti, allt í sama skiptið. Þessi myndavél verður tekin í notkun á árinu 1999 og mun efla lögreglueftirlit mjög mikið því að gatnamótum þar sem unnt verður að nota slíkar myndavélar verður fjölgað frá því sem verið hefur

Fjöldi slysa með meiðslum á gatnamótum 1993 - 1998
(Heimild: Umferðarráð, skv. upplýsingum lögreglu)



Mynd 11. Fjöldi slysa á gatnamótum hefur minnkað. Má rekja fækkunina til notkunar rauðljósamyndavéla (sem voru teknar í notkun í febrúar 1997) og umræðna um þær. Einnig hefur önnur aukin löggæsla haft jákvæð áhrif.

Vegagerðin hefur unnið eftir eigin umferðaröryggisáætlun síðastliðin tvö ár. Mest áhersla hefur verið lögð á breikkun eða endurnýjun einbreiðra brúa. Einnig hefur Vegagerðin styrkt kaup á hraðamyndavélum, öndunarsýnatækjum og rauðljósamyndavélum. Vegagerðin keypti einnig ásamt Umferðarráði 70 GPS-staðsetningartæki sem afhent voru lögreglunni í þeim tilgangi að staðsetja slys með meiri nákvæmni. Í samstarfi við Umferðarráð hefur Vegagerðin staðið að áróðri í fjölmiðlum og sett upp viðvörunarskilti fyrir vegfarendur við þjóðvegi. Vegagerðin hefur einnig lagfært slysastaði og gert ýmsar aðrar ráðstafanir til að fækka slysum.

Mjög mikil aukning hefur orðið á gerð hringtorga í Evrópu og Norður-Ameríku. Hér á landi hefur þessi þróun verið mun hægari en samt hefur verið gert þó nokkuð af hringtorgum, sérstaklega í þéttbýli. Þar sem borið hafði á því að ekið væri yfir hringtorgin í dreifbýli setti Vegagerðin nýjar reglur um merkingu þeirra og má segja að akstur þvert yfir hringtorgin heyri nú sögunni til.

Á síðasta ári voru breikkaðar 14 brýr og eru flestar á umferðarmestu vegunum. Slysum við einbreiðar brýr fækkar en stefnt er að því að allar styttri brýr á umferðarþungum vegum verði tvíbreiðar í framtíðinni.

4. Aðgerðir og verkefni árið 1999.

a. Almennt.

Nú eins og áður álítur umferðaröryggisnefndin að besta leiðin til að ná árangri sé að einbeita sér að fáum lykilatriðum og forgangsraða verkefnum og að unnið sé á breiðum grundvelli með þátttöku allra sem að umferðaröryggismálum koma.

Að þessu sinni verður lögð áhersla á fjögur meginviðfangsefni:

— bílbelti og öryggisbúnað,
— umferðareftirlit á þjóðvegum,
— of hraðan akstur og
— ölvunarakstur.

Mikilvægt er að víðtæk samvinna sé um meginviðfangsefnin og að allir landsmenn leggi hönd á plóg til að koma í veg fyrir óþarfa slys í umferðinni með allri þeirri sorg og þjáningu sem þeim fylgir.

b. Verkefni ýmissa stofnana og fyrirtækja árið 1999.

Dómsmálaráðuneyti.

Dómsmálaráðuneytið er nú aðili að „High-Level Group" sem er æðsta stofnun Evrópusambandsins sem fer með umferðaröryggismál. Mikilvægt er að Íslendingar séu virkir þátttakendur í þessu starfi en hagur okkar er ótvíræður vegna þeirra rannsókna og upplýsinga sem við fáum aðgang að með aðild að þessari stofnun.

Í samræmi við samþykkt Evrópusambandsins eru Íslendingar nú skuldbundnir til að taka upp skyndiskoðun ökutækja samkvæmt reglugerð. Verður skyndiskoðunin á vegum umferðardeildar ríkislögreglustjóraembættisins en á hennar vegum verður starfrækt þjóðvegalögregla á næsta ári.

Ríkislögreglustjóri.

Ríkislögreglustjóri mun á árinu 1999 leggja fyrir lögreglustjórana að auka eftirlit á þjóðvegum og á hálendi. Mun sérstök þjóðvegalögregludeild ríkislögreglustjóra verða lögregluliðum til stuðnings, m.a. með tækjabúnað og til að aðstoða við sérhæfð verkefni. Í því sambandi þarf að koma til aukin samvinna lögreglu, Vegagerðar, Umferðarráðs, Skráningarstofu, tryggingafélaga, Landhelgisgæslu og ýmissa frjálsra félagasamtaka sem láta sig umferðaröryggi varða.

Stefnt er að því að halda uppi sýnilegri og virkri löggæslu á þjóðvegum og auka tæknibúnað við umferðareftirlit. Ríkislögreglustjóri leggur áherslu á að öndunarsýnamælar verði komnir í notkun hjá stærstu lögregluliðum landsins á gildistíma umferðaröryggisáætlunarinnar. Fjölgað verði lögreglubifreiðum og nýrri tækni og aðferðum beitt við hraðamælingar og umferðarlöggæslu. Tryggja þarf að ekki þurfi nema einn lögreglumann til að sanna sök í máli. Annars staðar á Norðurlöndum er komin góð reynsla hjá lögreglunni við notkun „laser"-tækjabúnaðar við hraðamælingar og stefnt er að því að lögreglan hér á landi taki í notkun sams konar búnað.

Notkun tæknibúnaðar við löggæslu krefst nákvæmni og mikils undirbúnings. Ríkislögreglustjóri mun beita sér fyrir að vandað verði til þeirrar vinnu þannig að allur undirbúningur meðferðar mála verði sem allra bestur.

Vegagerðin.

Vegagerðin hefur sett reglur sem miða að því að öll hönnunargögn við nýframkvæmdir sem kosta meira en 50 millj. kr. verði yfirfarin af sérstökum vinnuhóp með það að markmiði að tryggja eins og kostur er að tekið sé tillit til umferðaröryggis við byggingu umferðarmannvirkja. Einnig hefur hún sett nýjar vinnureglur um greiningu á slysastöðum og lagfæringar á þeim og eiga þær að tryggja markvissari vinnubrögð.

Vegagerðin hefur lagt á það áherslu að vinna með öðrum aðilum að umferðaröryggismálum og hefur komið á samráðsfundum með ríkislögreglustjóra, Umferðarráði, lögreglunni í Reykjavík og embætti gatnamálastjórans í Reykjavík. Markmið fundanna er að samræma aðgerðir, skiptast á upplýsingum og vinna saman að vissum verkefnum í umferðaröryggismálum.

Umferðarráð.

Umferðarráð sinnir sínum margvíslegu hefðbundnu verkefnum, en mun eins og áður leggja áherslu á að auka samstarf allra þeirra aðila sem tengjast umferðaröryggismálum og vinna að þeim þáttum sem umferðaröryggisáætlunin gerir ráð fyrir. Mun í því sambandi verða lögð sérstök áhersla á að samhæfa enn frekar fræðslu og áróður samhliða meginviðfangsefnum lögreglu hverju sinni. Áfram verður leitað allra tiltækra leiða til að fá alla, jafnt ökumenn og farþega í bílum, til að nota bílbelti í akstri og leitast við að koma þannig í veg fyrir alvarlegustu afleiðingar slysa í umferðinni. Eru í því sambandi m.a. bundnar vonir við öflugt samstarf við bifreiðatryggingafélögin og samstarfi við Bindindisfélag ökumanna um kynningu á mikilvægi bílbelta verður haldið áfram með svokölluðum „veltibíl" Bindindisfélags ökumanna og Umferðarráðs.

Í samstarfi við Slysavarnafélag Íslands verður leitað leiða til að ráða umferðaröryggisfulltrúa í a.m.k. einhverjum landshlutum, en ljóst er að einhver tími mun líða þar til slíkir drifkraftar umferðaröryggisstarfs verða í öllum umdæmum, allan ársins hring.

Stefnt er að því að efla útvarp Umferðarráðs enn frekar, m.a. með aukinni áherslu á umferð í dreifbýli.

Umferðarráð mun leggja aukna áherslu á umferðarfræðslu í skólum og hafa verið unnar á vegum ráðsins mjög markvissar hugmyndir um eflda fræðslu í skólum landsins.

Umferðarráð mun hvetja foreldra og forráðamenn barna og unglinga til þess að velta fyrir sér hversu mikið er í húfi í umferðarmálum og fá alla til að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera þátttakandi í umferðinni. Þar er um að ræða ábyrgð á börnum og að foreldrar átti sig á mikilvægi aukinnar og bættrar ökukennslu. Kapp verður lagt á að efla og bæta ökupróf og gera þau að betri mælikvarða á hæfni ökumanna til að takast á við þær fjölbreyttu hættur sem eru í umferðinni.

Í samstarfi við Ökukennarafélag Íslands er stefnt að útgáfu á fræðslu- og kynningarefni um ökunám og verður það sent til allra unglinga rétt áður en þeir verða 16 ára og mega þar með hefja ökunám.

Reynt verður að koma á markvissu samstarfi við ungt fólk, samtök framhaldsskólanema og fleiri til að unga fólkið sjálft geri sér grein fyrir hversu mikið er í húfi í umferðarmálum sem eru í raun eitt af stærstu hagsmunamálum ungs fólks í hinum vestræna heimi.

Finna þarf ný úrræði til að koma í veg fyrir að fólk aki eftir að hafa neytt áfengis með meginácherslu á að fólk skilji bílinn eftir heima þegar farið er á samkomur þar sem áfengi er haft um hönd, en einnig að fólk hafi áhrif á samferðafólk sitt og komi í veg fyrir að menn aki eftir drykkju.

Bílbeltanotkun. Stefna ber að stóraukinni notkun bílbelta og annars öryggisbúnaðar fyrir ökumenn og farþega í bílum. Markmiðið er að 95% allra fullorðinna ökumanna og farþega í bílum noti bílbelti og öll börn, án undantekninga.

Til að það geti gerst þarf að koma til viðamikið og markvisst samstarf margra aðila sem byggist á aukinni löggæslu og mikilli fræðslu og upplýsingamiðlun.

Um gæti verið að ræða samstarf Umferðarráðs, lögreglu, tryggingafélaga, bílainnflytjenda, olíufélaga og annarra sem reka starfsemi sem á einhvern hátt tengist akstri og umferð.

Öryggispúðar (loftpúðar). Auka þarf miðlun upplýsinga um öryggispúða, þær hættur sem þeim geta fylgt og hvernig beri að standa að notkun þeirra, m.a. með tilliti til barna.

Aldraðir og umferðaröryggi. Hefja þarf starf sem hefur það að markmiði að auka umferðaröryggi aldraðra. Fyrir liggur að öldruðum fjölgar mjög hratt á næstu árum og við því þarf að bregðast varðandi umferðaröryggi. Huga þarf að öldruðum bæði sem ökumönnum og gangandi vegfarendum.

Aftanákeyrslur. Þær eru stærsti einstaki flokkur umferðaróhappa hér á landi eða allt að fjórðungur þeirra. Mikilvægt er að fækka þessum óhöppum. Það gerist fyrst og fremst með áróðri og fræðslu. Lykillinn að árangri er að ökumenn breyti aksturslagi sínu, auki bil á milli bíla og séu betur vakandi í akstri.

Í framhaldi af gildistöku reglugerðar um ökuskírteini 1997 þarf að endurskoða og gefa út námskrár fyrir alla réttindaflokka. Allir ökuskólar munu framvegis starfa með starfsleyfi frá Umferðarráði og munu efla og auka við kennslu samkvæmt námskrám. Í því starfi þurfa þeir aðstoð og stuðning ökunámsdeildar Umferðarráðs. Samfara því starfi verður gengið frá kynningarefni og leiðbeiningum af ýmsu tagi fyrir ökunema, leiðbeinendur, ökuskóla og ökukennara. Þá stendur yfir endurskoðun og nýsamning kennsluefnis fyrir ökunema á vegum Ökukennarafélags Íslands sem þörf er á að styðja. Haldið verður áfram að endurskoða skrifleg próf fyrir flokka A, B, M og T auk þess að þjálfa upp ný verkleg próf, svo sem á eftirvagna fyrir bifreið og verkleg próf til réttinda á stór bifhjól. Hafinn verður undirbúningur að tölvuvæðingu skriflegra prófa.

Til viðbótar við þessi atriði þarf að halda áfram fjölbreyttu fræðslu- og upplýsingastarfi, sem er í föstum skorðum, með sérstöku tilliti til áherslna í umferðaröryggisáætlun.

Sveitarfélög.

Nokkur sveitarfélög hafa gert sérstaka umferðaröryggisáætlun og vilja með því leggja sitt af mörkum til að takast megi að ná markmiðum umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda. Meðal leiða sem farnar hafa verið er fjölgun hringtorga, þar sem þau eiga við, en það er talið draga verulega úr slysatíðni. Til dæmis er gerð hringtorga í Kópavogi talin hafa dregið úr slysahættu, en það hversu ný þau eru gerir að verkum að tölfræðilegur samanburður er naumast marktækur. Þá hafa sveitarfélög einnig lagt aukna áherslu á öryggi gangandi vegfarenda. Á þéttbýlisstöðum víða um land, þar sem mikil umferð er í gegnum bæina, er sífellt leitað leiða til að auka öryggi vegfarenda. Sem dæmi um þetta má nefna Vík í Mýrdal en þar eru nú uppi metnaðarfullar áætlanir um úrbætur.

Vátryggingafélög.

Vátryggingafélag Íslands hf. mun halda áfram með umferðarmálafundi í framhaldsskólum í samstarfi við Félag framhaldsskólanema. Einnig verða haldnir fundir fyrir unga ökumenn í húsnæði félagsins. Vátryggingafélag Íslands mun einnig gangast fyrir fræðslu meðal eldri borgara og fyrir atvinnubílstjóra. Þá verða birtar auglýsingar í ljósvakamiðlum, dagblöðum og í kvikmyndahúsum.

Á vegum Sjóvár-Almennra tryggingа hf. er fyrirhugað að halda áfram námskeiðum fyrir bifreiðastjóra ýmissa stórra fyrirtækja. Einnig verður framhald á námskeiðum fyrir unga ökumenn á aldrinum 17–20 ára, en allar líkur eru á því að 100. námskeiðið verði haldið vorið 1999. Félagið tekur á hverju ári á móti stórum hluta ökunema á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeir fá fræðslu um tryggingar og fleira. Nemendur í 10. bekk grunnskóla koma í heimsóknir og fá kynningu um umferðaröryggismál.

Slysavarnafélag Íslands

Rík áhersla verður lögð á að efla starf umferðaröryggisfulltrúa á landsbyggðinni, ekki síst vegna tíðra banaslysa í dreifbýli. Tengist það m.a. eflingu umferðarfræðslu í skólum og fleiru. Hvatt verður til aukinnar notkunar bílbelta og tekið þátt í samstarfi við Umferðarráð um kannanir á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn, bæði barnabílstóla og hjólreiðahjálma. Reynt verður að virkja einstakar deildir innan félagsins í þessu starfi auk mikils fjölda annars fólks sem tilbúið er að leggja umferðaröryggismálum lið.

Lögregluskóli ríkisins.

Í grunnnámsdeild er unnið eftir gildandi námskrá og þar er haft að leiðarljósi að kenna verðandi lögreglumönnum umferðarlög og reglugerðir til að þeir geti tekið á flestum þeim verkefnum sem upp koma í umferðarlöggæslu og auka áhuga þeirra á henni almennt.

Akstursþjálfun lögreglunema hefur verið í gagngerri endurskoðun að undanförnu og verður hún aukin frá því sem verið hefur. Stefnt er að því að lögreglunemar hljóti akstursþjálfun á starfsþjálfunartímanum og einnig á síðari önn. Markmiðið með akstursþjálfun er að gera nemana að betri ökumönnum m.a. í forgangsakstri við störf sín. Stjórn skólans telur að með því að leggja aukna áherslu á akstursþjálfun lögreglunema í starfsþjálfun og í skólanum muni lögreglumenn framtíðarinnar verða enn hæfari til að leysa þann þátt starfans vel af hendi og að þar með minnki hættan á að því að slys og óhöpp verði í tengslum við forgangsakstur lögreglubifreiða.

Árið 1999 munu verða haldin námskeið fyrir starfandi rannsóknarlögreglumenn. Þar verða umferðarmálefni ásamt öðru til umfjöllunar og verður fjallað um rannsóknir umferðarslysa og umferðarlagabrota með það að markmiði að gera rannsóknargögn þannig úr garði að þau nýtist ávallt sem best við framhaldsmeðferð mála. Ávinningurinn af því á fyrst og fremst að verða sá að betri og nákvæmari rannsóknargögn verði til auk þess sem með því skapast færi á að afla gleggri upplýsinga um atvik.

Skólinn hefur í starfsliði sínu einn kennara sem hefur hlotið leiðbeinandaréttindi á öndunarsýnamæla og hraðamyndavélar og getur því, í samræmi við óskir ríkislögreglustjóra, menntað starfandi og verðandi lögreglumenn í notkun nýrra löggæslutækja. Á árinu 1998 voru haldin námskeið í meðferð öndunarmælis og hraðamyndavélar í Lögregluskólanum. 13 lögreglumenn fengu réttindi á hraðamyndavélar og 22 á öndunarsýnamæla.

Lögregluskólinn hefur unnið að gerð handbókar fyrir lögreglumenn um umferðarmál. Stefnt var að því á árinu, í samráði við ríkislögreglustjóra, að koma þeirri handbók í endanlegt horf og búa hana til prentunar. Með hliðsjón af aukinni notkun „netsins“ við að koma upplýsingum á framfæri við lögreglumenn var ákveðið að fresta um sinn að prenta handbók í umferðarfræði. Eru uppi hugmyndir um að koma henni inn á tölvukerfi lögreglunnar eða gera hana aðgengilega á annan hátt. Hefur ráðuneytið lýst yfir vilja til þess að Lögregluskólinn taki þátt í þeirri vinnu og nýti þá reynslu sem fyrir er við gerð handbókar um umferðarmál.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Undanfarin tvö ár hefur rannsóknarnefndin unnið að undirbúningi þess að rannsaka vissa flokka slysa í þeim tilgangi að leggja fram tillögur sem miða að fækkun slysa. Undirbúningi er lokið og hóf nefndin störf í ársbyrjun 1999. Reglugerð um starfsemi rannsóknarnefndarinnar hefur verið staðfest af dómsmálaráðherra og einnig eru starfsreglur hennar tilbúnar. Á fjárlögum í ár er ekki veitt fé til slysarannsókna en það er forsenda þess að nefndin geti starfað af krafti. Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að rannsaka vissa flokka slysa þar sem það er oft forsenda þess að hægt sé að fyrirbyggja frekari slys af sama toga.

Fylgiskjal I.

Verkefnalisti sem birtur var í athugasemdum við þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi 28. febrúar 1996 um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun.

1. Dómsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón umferðaröryggismála. Dómsmálaráðherra skipi starfshóp til að fjalla um verkaskiptingu milli dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis með það að markmiði að samnýta betur tækniþekkingu og tryggja skilvirkari framkvæmd umferðaröryggismála í landinu.
   Starfshópurinn hefur ekki verið skipaður. Óformlegar viðræður hafa átt sér stað.
2. Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal starfrækt á ný og rannsaki hún alvarlegustu umferðarslysin ásamt því að vera ráðgefandi fyrir Alþingi í sérstökum málum er varða umferðaröryggi.
   Nefndin tók til starfa 1. janúar 1999 samkvæmt reglugerð nr. 681/1998.
3. Stofnaður verði sjóður sem veiti fé til rannsóknarverkefna á umferðaröryggissviði. Sjóðurinn geti einnig stutt áhugaverðar aðgerðir ef sýnt þykir að þær stuðli að meira umferðaröryggi, t.d. hjá sveitarfélögum. Nú er innheimt umferðaröryggisgjald við aðalskoðun, nýskráningu og eigandaskipti hverrar bifreiðar að upphæð 100 krónur. Til að efla umferðaröryggisstarfið er lagt til að hækka gjaldið í 150 krónur. Umferðarráð nýti hluta þessarar fjárhæðar til að styrkja einstök umferðaröryggisverkefni sem áhugaverð eru. Ef ákveðið verður að heimila sérnúmeraplötur og á þær lagt sérstakt umferðaröryggisgjald sem renni til Umferðarráðs verði það fé einnig notað í sama tilgangi. Einnig er æskilegt að vátryggingafélög, Vegagerðin og fleiri aðilar leggi fé í sjóðinn.
   Sjóðurinn hefur verið starfræktur í þrjú ár. Í hann rennur gjald fyrir einkanúmer o.fl. Endurskoða þarf reglur, fjármögnun og markmið sjóðsins.
4. Samvinna þeirra fjölmörgu aðila er að umferðaröryggismálum vinna er forsenda öflugs og árangursríks umferðaröryggisstarfs.
   Samvinna hefur verið stóraukin og árlega ráðist í umfangsmikil samvinnuverkefni. Það starf verður að vera í stöðugri endurskoðun.
5. Samræma skal skráningu umferðarslysa á landinu öllu. Umferðarráð samræmi skráningu lögreglu, sjúkrastofnanir sína skráningu og tryggingafélögin sína. Þessir þrír aðilar sameini síðan sínar skrár í eina slysaskrá.
   Vinnuhópur vinnur að samræmdri slysaskráningu. Fjárveiting er á fjárlögum þessa árs.
6. Opinberar stofnanir, sem að umferðaröryggismálum vinna, sendi skýrslu til dómsmálaráðuneytis fyrir lok hvers árs um fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði umferðaröryggismála. Sama gildi um sveitarfélög með fleiri en 1.000 íbúa.

Margir opinberir aðilar hafa þegar gert sýnar eigin umferðaröryggisáætlanir. Skapa þarf lagagrundvöll til að skylda opinbera aðila til að gera umferðaröryggisáætlanir.

7. Samkvæmt forkönnun, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði til að meta kostnað þjóðfélagsins vegna umferðarslysa, reyndist heildarkostnaður vera um 8 milljarðar kr. Lagt er til að Háskólinn geri heildarúttekt á þjóðfélagskostnaði vegna umferðarslysa og skili skýrslu þar að lútandi í haust. Nauðsynlegt er að Háskólinn komi í ríkari mæli inn í umferðaröryggisrannsóknir.
   Hagfræðistofnun Háskóla Íslands samdi árið 1996 ítarlega skýrslu um kostnað vegna umferðarslysa. Reyndist þjóðfélagslegur kostnaður þá vera á bilinu 11–15 milljarðar kr.
8. Æskilegt er að kannað verði hvort niðurfelling skatta á sérstökum öryggisbúnaði bifreiða, t.d. loftpúðum, leiði til aukinnar notkunar og meira umferðaröryggis.
   Fallið var frá þessum áformum vegna slæmrar reynslu Dana af slíku kerfi.
9. Rétt er að láta kanna hvort opinber gjöld standi í vegi fyrir að ökutæki séu búin bestu fáanlegu öryggistækjum.
   Áfangi náðist árið 1996 með breytingu á vörugjöldum af bifreiðum.
10. Auka þarf umferðarfræðslu, bæta ökunám og efla upplýsinga- og áróðursstarf.
    Þessi atriði eru stöðugt til skoðunar. Fjárveitingar hafa aukist bæði hjá opinberum aðilum og hjá félögum og einkaaðilum.
11. Lögleiða þarf notkun hjólreiðahjálma innan nokkurra ára.
    Reglugerð um skyldu barna til að nota hjólreiðahjálma var sett 1. október 1997.
12. Samræma þarf reglur um allt ökunám og gera öllum ökuskólum skylt að starfa með starfsleyfi frá Umferðarráði.
    Í reglugerð um ökuskírteini sem tók gildi 15. ágúst 1997 eru nýjar reglur um allt ökunám. Reglur um ökuskóla eru væntanlegar í nýrri reglugerð um ökukennara og ökuskóla.
13. Breyta þarf reglum um heimild til aksturs á léttum bifhjólum, dráttarvélum, vélsleðum og torfærutækjum.
    Nýjar reglur eru í reglugerð um ökuskírteini frá 1997.
14. Gera þarf bóklegt ökunám fyrir alla flokka ökuréttinda að skyldu.
    Nýjar reglur eru í reglugerð um ökuskírteini frá 1997.
15. Koma þarf upp ökugerðum sem víðast í tengslum við ökukennslu og önnur umferðaröryggismál.
16. *Ríkisstjórnin hefur samþykkt að gerast hluthafi í akstursíþróttasvæði á höfuðborgarsvæðinu. Óljóst er með þátttöku sveitarfélaga en aðrir hluthafar eru reiðubúnir.*
17. Sérstakur ökuréttindaflokkur verði tekinn upp fyrir bifreiðir með stóra eftirvagna.
    Ný ákvæði eru í reglugerð um ökuskírteini frá 1997.
18. Samræma þarf reglur um ökutæki og búnað þeirra EES-reglugerðum og þar sem leyfilegt er að hafa strangari séríslenskar reglur sem stuðla að auknu umferðaröryggi skal það gert þar sem rök mæla með.
    Samræmdar reglur eru alfarið í gildi. Eftir er að fá heimild til að kveða á um að dagljósabúnaður skuli vera í bifreiðum.
19. Vinna skal að því að bæta umferðarmannvirki með tilliti til aukins umferðaröryggis. Umferðaröryggi verði fastur þáttur í allri skipulagsvinnu sem tengist vega- og gatnakerfi og í umhverfismati.

Vegagerðin vinnur eftir sérstakri áætlun um fækkun einbreiðra brúa og lagfæringu umferðarmannvirkja með tilliti til umferðaröryggis sem m.a. byggist á umferðaröryggismati.

20. Auka þarf eftirlit og löggæslu. Þar ber sérstaklega að nefna áhrifamátt sjálfvirks umferðareftirlits með myndavélabúnaði og ber að stefna að uppsetningu slíks búnaðar.
Rauðljósamyndavélar voru teknar í notkun í febrúar 1997, en hraðamyndavélar í maí 1998. Verið er að fjölga þessum tækjabúnaði.
21. Taka ber upp punktakerfi í tengslum við ökuferilsskrá sem fyrst.
Punktakerfi var tekið í notkun 1. janúar 1998 ásamt miðlægri ökuferilsskrá.
22. Stórefla ber rannsóknir á sviði umferðaröryggismála og nýta erlendar rannsóknir í umferðaröryggisstarfinu.
Ísland hefur mikil erlend samskipti á sviði umferðarmála. Það á aðild að „High-Level Group" hjá Evrópusambandinu, alþjóðasamtökum umferðarráða (PRI), norrænu umferðaröryggisnefndinni auk fjölbreyttra annarra erlendra samskipta.
23. Gera þarf eiganda ökutækis ábyrgari vegna aðildar bifreiðar hans að umferðarlagabroti.
Skoða þarf lagagrundvöll og reynslu annarra þjóða. Er í athugun.

Fylgiskjal II.

Verkefnalisti 1999–2002.

1. Eftirlit með notkun bílbelta, notkun myndavéla, fjölgun punkta, hækkun sekta, staða metin með vissu millibili.
2. Hraðakstur, áætlun um notkun myndavéla, staður og umfang, hækkun sekta, staða metin með vissu millibili.
3. Rauðljósamyndavélar, fjölgun á gatnamótum, áætlun um aðgerðir, staða metin með vissu millibili.
4. Markvissar aðgerðir til að fækka svartblettum, upplýsingar til lögreglu á myndrænu formi.
5. Gera tillögu um lækkun gjalda á öryggisbúnað ökutækja, hjólbarða o.fl.
6. Fjölga þarf önunarsýnamælum (Intoxilyser 5000N) frá því sem nú er. Gera þarf aðgerðaráætlun um notkun tækjanna. Æskilegt að fjölgunin yrði um fimm tæki sem afhent yrðu lögregluembættum víða um land.
7. Aukið samstarf þeirra sem skrá umferðarslys.
8. Tryggja starfsemi rannsóknarnefndar umferðarslysa fjárveitingar.
9. Endurskoðun á umferðarmerkingum.
10. Skipulag umferðaráróðurs sem taki mið af áðurnefndum markmiðum og samræming milli aðila.
11. Fræðsla um öryggispúða og þær hættur sem þeim geta fylgt.
12. Aldraðir og umferðaröryggi.
13. Aðgerðir til að koma í veg fyrir aftanákeyrslur.
14. Aðgerðir í málefnum ökukennslu og ökuprófa. Skylduþátttaka í ökuskólum og lágmarkstímafjöldi í ökukennslu.
15. Kaupa þarf „laser"-radarbúnað sem er að ryðja sér til rúms víða erlendis, t.d. í Svíþjóð. Fylgja þarf tækniframförum í löggæslumálum. Búnaðurinn sem um ræðir er betur til

þess fallinn að ná til einstaka ökumanna sem brjóta gróflega af sér en sá búnaður sem lögreglan notar í dag.

16. Árangursmat. Meta þarf árangur sérstakra löggæsluaðgerða og upplýsinga- og áróðursherferða.
17. Ljúka þarf við gerð forrits til að verkefnastýra umferðarlöggæsluaðgerðum svipað og Ástralir og Englendingar gera. (Targeted policing – verkefnastýrð löggæsla.)
18. Gera þarf tímaáætlun um helstu umferðaröryggisaðgerðir þannig að unnt sé að samræma þær á landsvísu.
19. Nýta þarf upplýsingar úr gagnagrunni lögreglu og annara aðila til að beina löggæslu og áróðri að réttum áherslum og stöðum.
20. Umferðardeild ríkislögreglustjóra verði efld til þess að annast þjóðvegalöggæslu. Eftirlitið verði starfrækt með fjórum heilum stöðugildum og fjórum 50% stöðugildum til viðbótar frá vori og fram á haust. Einnig verði keyptar fjórar merktar lögreglubifreiðar (þrjár fólksbifreiðar og einn jeppi). Æskilegt væri að fólksbifreiðarnar væru skutbifreiðar, með öfluga vél og þannig útbúnar að þær þyldu akstur við íslenskar aðstæður.
21. Cobra-hugbúnaður. Hugbúnaður sem geymir og vinnur úr upplýsingum sem koma fram við öndunarsýnatöku (Intoxilyser 5000N). Brýnt að lögreglan geti sjálf stýrt þeirri vinnu en þurfi ekki að njóta aðstoðar norsku lögreglunnar.
22. „Targeted policing“. Hugbúnaður til stýringar og skipulags á umferðarlöggæslu þar sem helst er þörf á.
23. Markman 400. Búnaður sem settur er á akbraut til að fá upplýsingar um hraða ökutækja og fjölda þeirra. Notaður af lögreglu til upplýsingaöflunar vegna skipulags umferðarlöggæslu.
24. Öndunarmælum verði fjölgað, t.d. 10 S-D2 öndunarmælar til að framkvæma öndunarpróf á ökumönnum til að ákvarða um framhald málsins.
25. Filmulesarar, prentarar og annað sem til þarf til að vinna úr filmum sem koma frá hraðamyndavélabifreiðum. Búnaður sem yrði hreyfanlegur og hægt að fara með út á land með hraðamyndavélabifreiðum og vinna málin strax á staðnum.
26. GPS-staðsetningartæki verði sett á alla merkta lögreglubíla sem ekki eru þegar komnir með slíkan búnað. Liður í að öll umferðaróhöpp verði skráð með GPS-staðsetningu.
27. Setja þarf í reglur bann við notkun radarvara og annars sambærilegs búnaðar sem varar við hraðamælingu lögreglu.
28. Skoða þarf möguleika á samvinnu Landhelgisgæslu og lögreglu um notkun þyrla við löggæslustörf.

Yfirlit yfir innheimtu sektarboða frá 01.01.98–31.12.98.

						Ekki gjaldfallið								
Embætti	**Útsend sektarboð**	**Greidd sektarboð**		**Sent í dómsmeðferð Ákæra, dómur, viðurlagaákvörðun, áritun o.s.frv.**		**Afgreidd sektarboð úr kerfinu**		**Sektarboð < 30 dagar**		**Ítrekun 30–60 dagar**		**Eftir ítrekunarfrest > 60 dagar**		**Afgreitt af gjaldföllnum sektum %**
			%		%		%		%		%		%	
Húsavík	266	252	***94,7***	0	*0,0*	**252**	***94,7***	3	*1,1*	2	*1*	9	*3,38*	*97*
Ólafsfjörður	79	74	***93,7***	2	*2,5*	**76**	***96,2***	1	*1,3*	0	*0*	2	*2,53*	*97*
Hólmavík	117	108	***92,3***	0	*0,0*	**108**	***92,3***	0	*0,0*	0	*0*	9	*7,69*	*92*
Sauðárkrókur	436	402	***92,2***	1	*0,2*	**403**	***92,4***	4	*0,9*	0	*0*	29	*6,65*	*93*
Stykkishólmur	742	660	***88,9***	30	*4,0*	**690**	***93,0***	5	*0,7*	9	*1*	38	*5,12*	*95*
Akranes	316	281	***88,9***	7	*2,2*	**288**	***91,1***	12	*3,8*	2	*1*	14	*4,43*	*95*
Blönduós	1.198	1.061	***88,6***	22	*1,8*	**1.083**	***90,4***	22	*1,8*	1	*0*	92	*7,68*	*92*
Akureyri	2.397	2.090	***87,2***	41	*1,7*	**2.131**	***88,9***	115	*4,8*	13	*1*	138	*5,76*	*94*
Siglufjörður	74	64	***86,5***	0	*0,0*	**64**	***86,5***	7	*9,5*	0	*0*	3	*4,05*	*96*
Seyðisfjörður	276	236	***85,5***	0	*0,0*	**236**	***85,5***	11	*4,0*	10	*4*	19	*6,88*	*93*
Vík	139	117	***84,2***	14	*10,1*	**131**	***94,2***	4	*2,9*	2	*1*	2	*1,44*	*98*
Ísafjörður	643	540	***84,0***	1	*0,2*	**541**	***84,1***	25	*3,9*	3	*0*	74	*11,51*	*88*
Borgarnes	556	466	***83,8***	16	*2,9*	**482**	***86,7***	36	*6,5*	6	*1*	32	*5,76*	*94*
Hvolsvöllur	382	312	***81,7***	38	*9,9*	**350**	***91,6***	11	*2,9*	10	*3*	11	*2,88*	*97*
Eskifjörður	175	142	***81,1***	18	*10,3*	**160**	***91,4***	5	*2,9*	3	*2*	7	*4,00*	*96*
Höfn	72	58	***80,6***	3	*4,2*	**61**	***84,7***	2	*2,8*	1	*1*	8	*11,11*	*88*
Neskaupstaður	19	15	***78,9***	0	*0,0*	**15**	***78,9***	0	*0,0*	0	*0*	4	*21,05*	*79*
Selfoss	1.747	1.363	***78,0***	116	*6,6*	**1.479**	***84,7***	121	*6,9*	25	*1*	122	*6,98*	*92*
Kópavogur	2.409	1.868	***77,5***	173	*7,2*	**2.041**	***84,7***	174	*7,2*	48	*2*	146	*6,06*	*93*
Reykjavík	15.410	11.644	***75,6***	1.476	*9,6*	**13.120**	***85,1***	746	*4,8*	350	*2*	1.194	*7,75*	*92*
Hafnarfjörður	2.183	1.601	***73,3***	157	*7,2*	**1.758**	***80,5***	204	*9,3*	40	*2*	181	*8,29*	*91*
Keflavík	1.813	1.324	***73,0***	312	*17,2*	**1.636**	***90,2***	101	*5,6*	27	*1*	49	*2,70*	*97*
Patreksfjörður	70	47	***67,1***	0	*0,0*	**47**	***67,1***	13	*18,6*	5	*7*	5	*7,14*	*90*
Vestmannaeyjar	237	158	***66,7***	9	*3,8*	**167**	***70,5***	60	*25,3*	2	*1*	8	*3,38*	*95*
Bolungarvík	27	17	***63,0***	0	*0,0*	**17**	***63,0***	0	*0,0*	0	*0*	10	*37,04*	*63*
Keflavíkurflugv.	97	53	***54,6***	0	*0,0*	**53**	***54,6***	9	*9,3*	1	*1*	34	*35,05*	*61*
Búðardalur	2	1	***50,0***	0	*0,0*	**1**	***50,0***	0	*0,0*	0	*0*	1	*50,00*	*50*
Alls	**31.882**	**24.954**	***78,3***	**2.436**	***7,6***	**27.390**	***85,9***	**1.691**	***5,3***	**560**	*2*	**2.241**	***7,03***	

Yfirlit yfir innheimtu sektargerða 01.01.98–31.12.98.

Embætti	Sektar-gerðir	Greiddar sektargerðir		Í dómsmeðferð		Afgreiddar sektargerðir úr kerfinu		Ekki gjaldfallið: Samþykktar sektargerðir á fresti		Ekki gjaldfallið: Útsendar, ósamþykktar sektargerðir		Ekki gjaldfallið: Ítrekaðar sektargerðir (í birtingu)		Eftir ítrekunarfrest > 30 dagar		Afgreitt af gjaldföllnum sektargerðum %
			%		%		%		%		%		%		%	
Ólafsfjörður	15	13	*86,7*	0	*0,0*	**13**	***86,7***	2	*13,3*	0	*0,0*	0	*0,0*	0	*0,00*	100,00
Sauðárkrókur	20	17	*85,0*	1	*5,0*	**18**	***90,0***	2	*10,0*	0	*0,0*	0	*0,0*	0	*0,00*	100,00
Siglufjörður	10	8	*80,0*	0	*0,0*	**8**	***80,0***	0	*0,0*	2	*20,0*	0	*0,0*	0	*0,00*	100,00
Borgarnes	18	14	*77,8*	0	*0,0*	**14**	***77,8***	4	*22,2*	0	*0,0*	0	*0,0*	0	*0,00*	100,00
Akranes	36	26	*72,2*	2	*5,6*	**28**	***77,8***	5	*13,9*	3	*8,3*	0	*0,0*	0	*0,00*	100,00
Blönduós	14	8	*57,1*	0	*0,0*	**8**	***57,1***	5	*35,7*	1	*7,1*	0	*0,0*	0	*0,00*	100,00
Neskaupstaður	13	7	*53,8*	0	*0,0*	**7**	***53,8***	6	*46,2*	0	*0,0*	0	*0,0*	0	*0,00*	100,00
Patreksfjörður	2	1	*50,0*	0	*0,0*	**1**	***50,0***	1	*50,0*	0	*0,0*	0	*0,0*	0	*0,00*	100,00
Bolungarvík	3	1	*33,3*	0	*0,0*	**1**	***33,3***	2	*66,7*	0	*0,0*	0	*0,0*	0	*0,00*	100,00
Eskifjörður	31	26	*83,9*	0	*0,0*	**26**	***83,9***	4	*12,9*	0	*0,0*	0	*0,0*	1	*3,23*	96,30
Seyðisfjörður	34	19	*55,9*	0	*0,0*	**19**	***55,9***	13	*38,2*	0	*0,0*	1	*2,9*	1	*2,94*	95,00
Keflavík	235	167	*71,1*	5	*2,1*	**172**	***73,2***	38	*16,2*	14	*6,0*	0	*0,0*	11	*4,68*	93,99
Húsavík	37	25	*67,6*	0	*0,0*	**25**	***67,6***	9	*24,3*	1	*2,7*	0	*0,0*	2	*5,41*	92,59
Akureyri	170	121	*71,2*	2	*1,2*	**123**	***72,4***	34	*20,0*	3	*1,8*	0	*0,0*	10	*5,88*	92,48
Hafnarfjörður	228	106	*46,5*	11	*4,8*	**117**	***51,3***	65	*28,5*	31	*13,6*	5	*2,2*	10	*4,39*	92,13
Reykjavík	1.617	874	*54,1*	110	*6,8*	**984**	***60,9***	447	*27,6*	69	*4,3*	23	*1,4*	94	*5,81*	91,28
Selfoss	105	55	*52,4*	2	*1,9*	**57**	***54,3***	41	*39,0*	0	*0,0*	1	*1,0*	6	*5,71*	90,48
Keflavíkurflugv.	72	54	*75,0*	0	*0,0*	**54**	***75,0***	12	*16,7*	0	*0,0*	0	*0,0*	6	*8,33*	90,00
Hvolsvöllur	20	16	*80,0*	1	*5,0*	**17**	***85,0***	1	*5,0*	0	*0,0*	0	*0,0*	2	*10,00*	89,47
Stykkishólmur	31	16	*51,6*	0	*0,0*	**16**	***51,6***	13	*41,9*	0	*0,0*	0	*0,0*	2	*6,45*	88,89
Kópavogur	194	83	*42,8*	8	*4,1*	**91**	***46,9***	77	*39,7*	10	*5,2*	0	*0,0*	16	*8,25*	85,05
Vestmannaeyjar	47	21	*44,7*	0	*0,0*	**21**	***44,7***	14	*29,8*	1	*2,1*	5	*10,6*	6	*12,77*	77,78
Ísafjörður	64	29	*45,3*	0	*0,0*	**29**	***45,3***	21	*32,8*	0	*0,0*	0	*0,0*	14	*21,88*	67,44
Höfn	18	9	*50,0*	0	*0,0*	**9**	***50,0***	2	*11,1*	1	*5,6*	1	*5,6*	5	*27,78*	64,29
Vík	2	1	*50,0*	0	*0,0*	**1**	***50,0***	0	*0,0*	0	*0,0*	0	*0,0*	1	*50,00*	50,00
Hólmavík	3	1	*33,3*	0	*0,0*	**1**	***33,3***	0	*0,0*	0	*0,0*	0	*0,0*	2	*66,67*	33,33
Búðardalur			*0,0*		*0,0*	**0**	***0,0***		*0,0*		*0,0*		*0,0*		*0,00*	0,00

Fylgiskjal IV.

Fjöldi sektarboða og sektargerða.

1. Sektarboð vegna mála ársins 1998:

Sektarboð send til TBR	1.348	4,14%
Ítrekað sektarboð	2.777	8,54%
	4.125	12,68%
Sent til dómsáritunar	1.693	5,20%
Ákæra send (sektarboð)	195	0,60%
	1.888	5,80%
Sektarboð greidd	25.755	79,17%
Dómsáritun	710	2,18%
Dómur – sáttaboð	13	0,04%
Viðurlagaákvörðun – sektarboð	41	0,13%
	26.519	81,52%

Samtals voru því send út 32.532 sektarboð vegna 42.008 brota á umferðarlögum.

2. Sektargerðir vegna mála ársins 1998:

Sektargerð	105	3,38%
Ítrekuð sektargerð	199	6,41%
	304	9,79%
Samþykkt	853	27,48%
Ákæra – sektargerð	90	2,90%
Viðurlagaákvörðun – sektargerð	37	1,19%
Dómur – sektargerð	25	250,81%
Sektargerð greidd	1.795	57,83%
	1.857	59,83%

Alls voru sendar út 3.104 sektargerðir vegna 3.205 brota á umferðarlögum.

866. Svar [449. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

1. *Hvað líður störfum samráðsnefndar utanríkisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis um jafnrétti kynjanna í alþjóðastarfi, sbr. lið 13.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?*

Sökum tilflutninga innan utanríkisþjónustunnar hefur dregist að skipa samráðsnefnd utanríkisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis um jafnrétti kynjanna í alþjóðastarfi. Utanríkisráðuneytið hefur þegar ákveðnar hugmyndir um hvern það muni skipa í nefndina fyrir sína hönd og mun á næstunni leita eftir tilnefningu félagsmálaráðuneytisins.

2. *Er búið að setja vinnureglur um sem jafnastan hlut kynjanna í stöðum hjá alþjóðlegum stofnunum, sbr. lið 13.2 í framkvæmdaáætluninni?*

Ekki er á valdi utanríkisráðuneytisins að setja fjölþjóða- og alþjóðastofnunum vinnureglur um hvernig staðið skuli að sem jöfnustum ráðningum kynjanna til þeirra. Ráðuneytið hefur hins vegar fylgt þeim sjónarmiðum að konur skuli að öðru jöfnu hafa forgang til starfa á vettvangi þeirra. Á síðustu fimm árum hefur ráðuneytið veitt samtals sjö manns leyfi frá störfum til þess að vinna tímabundið hjá fjölþjóða- og alþjóðastofnunum, þar af fjórum konum. Eini Íslendingurinn sem ráðuneytið hefur stutt við ráðningu hjá fjölþjóða- eða alþjóðastofnun síðan þingsályktunartillagan var samþykkt er kona.

3. *Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála innan utanríkisráðuneytisins og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 13.5 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur sú könnun leitt í ljós?*

Ráðuneytið hefur ekki gert sérstaka könnun á jafnréttismálum hjá stofnunum sem undir það heyra. Að því er ráðuneytið sjálft varðar hefur heldur ekki farið fram sérstök könnun enn, en upplýst skal að nú starfa 152 starfsmenn í ráðuneytinu og hjá sendiskrifstofum, þar af 72 konur eða 47%. Af þeim eru háskólamenntaðir sérfræðingar samtals 79, þar af 19 konur eða 24%. Af þessum hópi eru diplómatískir starfsmenn samtals 85, þar af 21 kona eða 25%. Þess skal getið að síðustu tvö ár hafa verið ráðnir tólf sérfræðingar sem diplómatískir starfsmenn í utanríkisþjónustuna. Þar af eru sex konur og er ætlunin að auka hlut kvenna eftir föngum á næstunni.

4. *Hvað líður gerð jafnréttisáætlana innan ráðuneytisins og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 13.5 í framkvæmdaáætluninni?*

Ráðuneytið hefur ekki gert sérstaka áætlun um jafnréttismál innan ráðuneytis, en eins og framangreindar tölur sýna fer hlutur kvenna vaxandi og er það í samræmi við áherslur ráðuneytisins um fjölgun kvenna í ábyrgðarstöðum í utanríkisþjónustunni. Gagnaöflun fyrir stofnanir ráðuneytis er ekki hafin en hún mun fara fram og í framhaldi af því er ætlunin að gera sérstakar áætlanir um jafnréttismál.

5. *Hafa verið haldin jafnréttisnámskeið fyrir þá starfsmenn sem vinna á vegum ráðuneytisins og undirstofnana þess að verkefnum í þróunarlöndum, sbr. lið 13.6 í framkvæmdaáætluninni?*

Ráðuneytið hefur ekki sent starfsmenn til starfa í þróunarlöndunum síðan framkvæmdaáætlunin var samþykkt. Þrátt fyrir að liður 13.6 í framkvæmdaáætluninni taki ekki til undirstofnana íhugar ráðuneytið að beita sér fyrir því að Þróunarsamvinnustofnun standi fyrir slíkum námskeiðum þegar hún sendir út starfsmenn í framtíðinni.

867. Frumvarp til laga [542. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

IV. kafli laganna, **Ferðamálasjóður**, 24.–34. gr., fellur brott og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því.

2. gr.

Byggðastofnun yfirtekur eignir og skuldir, réttindi og skyldur Ferðamálasjóðs miðað við stöðu þeirra 1. júní 1999.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ferðamálasjóður var stofnaður með lögum um skipulag ferðamála, nr. 29/1964, og hefur því verið starfræktur um tæplega 35 ára skeið. Fram til ársins 1985 var stjórn hans í höndum Ferðamálaráðs en með lögum nr. 79/1985 var því breytt þannig að sérstök stjórn var sett yfir sjóðinn. Í kjölfar þess var umsýsla sjóðsins færð frá Ferðamálaráði til Framkvæmdasjóðs Íslands þar sem hún hefur verið síðan. Búnaðarbanki Íslands hefur þó séð um vörslu skjala, útborgun lána og innheimtur fyrir sjóðinn. Tilgangurinn með stofnun Ferðamálasjóðs var sá að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu og bæta þannig skilyrði til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna. Með lögum nr. 60/1976 var tilgangi hans þó breytt þannig að hann varð stofnlánasjóður þeirra starfsgreina sem ferðaþjónusta byggist einkum á. Hlutverk sjóðsins var þá að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánveitingum.

Skilyrði starfsgreina í ferðaþjónustu voru allt önnur við stofnun sjóðsins. Aðgangur fyrirtækja að lánsfé var takmarkaður og litlir möguleikar fyrir fyrirtæki af þessu tagi að njóta slíkrar fyrirgreiðslu. Var það mjög í samræmi við almenna þróun í atvinnurekstri að hafa slíkan sjóð til stuðnings þessari atvinnugrein. Lánaskilmálar voru hagstæðir og aðgangur að fjármagni fremur auðveldur.

Sjóðurinn naut ríkisframlags nánast á hverju ári fram til ársins 1992 en þá var ekkert ríkisframlag veitt til hans á fjárlögum og hefur ekki verið síðan. Heildaruppfært ríkisframlag miðað við lánskjaravísitölu er metið á 386 millj. kr. yfir starfstíma sjóðsins. Eigið fé hans var hæst 247 millj. kr. 1989 en hefur síðan minnkað með hverju árinu og var í árslok 1997 112 millj. kr.

Afkoma sjóðsins hefur verið sveiflukennd á undanförnum árum. Niðurstaða rekstrarreikningsins sýnir að á árunum 1992–97 var neikvæð afkoma í fjögur ár af sex. Þar af var afkoman

langlökust 1997 en þá tapaði sjóðurinn rösklega 23 millj. kr. Í árslok 1998 var skuldastaða Ferðamálasjóðs rúmar 964 millj. kr. Sjóðurinn skuldar Norræna fjárfestingarbankanum 394 millj. kr. en hefur nýlega tekið lán að upphæð 3 milljónir Bandaríkjadala hjá Commerz-Bank með nokkuð hagstæðari kjörum. Sjóðurinn er með Cad-hlutfallið 10,8 en svo lág eiginfjárstaða setur hann í vanda. Sjóðurinn sótti um 60 millj. kr. fjárveitingu á fjárlögum ársins 1999 en ekki var orðið við því.

Útistandandi lán hjá sjóðnum í árslok 1998 voru 1.051 millj. kr. Af þeirri fjárhæð voru 805 millj. kr. vegna hótel- og gistiheimila, tæpar 78 millj. kr. vegna veitingastaða, rúm 81 millj. kr. vegna afþreyingar, rúmar 66 millj. kr. vegna ferðaþjónustu bænda og að lokum tæpar 20 millj. kr. vegna flutningastarfsemi sem tengist ferðaþjónustu. Fjöldi lánþega hjá Ferðamálasjóði var 158 í árslok 1998. Á afskriftareikningi voru um 37 millj. kr. í ársbyrjun 1998. Árið 1998 bárust 34 lánsumsóknir og samþykkt voru alls 154,6 millj. kr. lán til 18 aðila. Ferðamálasjóður á enn þá húseignirnar Aðalstræti 9, 9a og 11a á Bolungarvík. Enn fremur á sjóðurinn Aðalgötu 22 á Siglufirði, Heiðarveg 3 og Herjólfsgötu 4 í Vestmannaeyjum. Sjóðurinn átti í ársbyrjun hlutafé í þremur hótelfyrirtækjum, Þór hf. í Stykkishólmi, Hótel Húsavík og Hótel Valaskjálf á Egilsstöðum. Hlutafjáreign þessi var metin á 15 millj. kr. í bráðabirgðauppgjöri sjóðsins 30. september 1998.

Útlán sjóðsins eru háð kjörum á þeim lánum sem sjóðurinn tekur hverju sinni. Undanfarin ár hafa verið tekin lán sem eru bundin gengi í Bandaríkjadölum. Útlán eru því á sama hátt bundin við gengi í bandaríkjadölum. Þau eru til allt að 25 ára og vextir eru 2% yfir millibankavöxtum í London, (sex mánaða libor) auk 0,25% ríkisábyrgðargjalds. Ferðamálasjóður tekur fasteignaveð eða aðrar jafngóðar tryggingar fyrir lánum sínum.

Á árunum 1995–97 voru önnur rekstrargjöld, þar með talin stjórnarlaun, launatengd gjöld, þóknun til Búnaðarbanka Íslands og annar rekstrarkostnaður, samtals 39 millj. kr. eða 12,7 millj. kr. á árinu 1995, 11,8 millj. kr. 1996 og 14,5 millj. kr. 1997.

Fjármunatekjur sjóðsins 1997 voru 89,5 millj. kr. en fjármagnsgjöld voru 76,8 millj. kr. Hreinar vaxtatekjur 1. janúar til 30. september 1998 voru 12,2 millj. kr.

Dregið hefur úr umsvifum sjóðsins á undanförnum árum. Hann hefur ekki notið ríkisframlags eins og áður var nefnt og vaxtamunur inn- og útlána sjóðsins er svo lítill að hreinar fjármunatekjur duga ekki fyrir rekstrarkostnaði hans. Auk þess hefur aðstaða á fjármagnsmarkaði gjörbreyst á allra síðustu árum, m.a. með tilkomu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og aukins svigrúms til útlána hjá viðskiptabönkum. Spyrja má hvort lánskjör sjóðsins hafi í raun verið hagstæðari að teknu tilliti til þess öryggis sem hann nýtur með því að ganga fremst í veðröð viðkomandi tryggingar. Þá má bæta við að Byggðastofnun hefur aukið hlutfall sitt af útlánum til ferðaþjónustu og á nú útistandandi ámóta upphæð og Ferðamálasjóður. Í mörgum tilvikum eru lántakendur beggja þeir sömu.

Það er mat ráðuneytisins að Ferðamálasjóður hafi gegnt mjög mikilvægu hlutverki í gríðarlegri uppbyggingu ferðaþjónustu á Íslandi á starfstíma sínum. Engu síður og að teknu tilliti til framangreinds er það niðurstaða ráðuneytisins að Byggðastofnun geti sinnt hlutverki sjóðsins á hagkvæmari hátt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er fyrirhugað að leggja niður starfsemi Ferðamálasjóðs og að Byggðastofnun yfirtaki eignir hans og skuldir. Báðir sjóðirnir eru nú er nú í C–hluta ríkissjóðs í fjárlögum. Er því ekki gert ráð fyrir að þessi breyting hafi áhrif á útgjöld A-hluta ríkissjóðs. Margir af lántakendum hjá Ferðamálasjóði eru þeir sömu og hjá Byggðastofnun og er talið að þar megi ná fram nokkru hagræði í umsýslu þessarar lánastarfsemi.

868. Frumvarp til laga [543. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Við 61. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að stofna og eiga hlut í félögum sem hafa það að megintilgangi að framleiða, flytja, dreifa eða selja orku. Fyrirtækinu er jafnframt heimilt að stofna og eiga hlut í félögum til að hagnýta þá sérþekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir til rannsóknar- og þróunarstarfa á sviði orkumála og til orkuverkefna erlendis. Til að stofna eða eiga hlut í félögum þarf heimild ráðherra hverju sinni. Áður en ráðherra veitir slíka heimild skal leitað álits fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að afla lagaheimildar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins annars vegar til að stofna og eignast hlut í félögum með það að markmiði að gera fyrirtækinu kleift að taka þátt í samstarfi við aðra aðila á sviði orkumála og hins vegar til að stofna eða eiga hlut í félögum til að nýta þá þekkingu og búnað sem Rafmagnsveiturnar búa yfir til eflingar útflutningi á sérþekkingu í þágu fyrirtækisins sjálfs.

Varðandi fyrra atriðið eiga Rafmagnsveitur ríkisins nú í formlegu samstarfi við fjölmarga aðila. Má þar nefna Stykkishólmsbæ vegna hitaveituframkvæmda í Stykkishólmi, Norðlenska orku ehf. um Villinganesvirkjun, Sunnlenska orku ehf. um virkjun í Grensdal og allmarga aðila vegna rannsókna á háhitasvæðinu í Öxarfirði. Öll þessi verkefni falla beint undir tilgang og verksvið Rafmagnsveitna ríkisins eins og þau eru skilgreind í orkulögum. Nú er hins vegar komið að því að stofna þarf til formlegs félagsskapar vegna framangreindra verkefna og því mikilvægt að Rafmagnsveiturnar hafi skýra heimild til þátttöku í þeim félögum sem til stendur að stofna.

Varðandi seinna atriðið hafa Rafmagnsveiturnar bæði einar sér og í samstarfi við aðra staðið að markaðssetningu á íslenskri sérþekkingu tengdri orkumálum erlendis. Ástæða er til að Rafmagnsveiturnar geti einnig stofnað félög eða tekið þátt í félögum sem starfa að tilteknum verkefnum, bæði til samstarfs við aðra og ekki síður til takmörkunar á áhættu þar sem það á við. Þá er einnig mikilvægt að Rafmagnsveiturnar geti á sama hátt staðið að og tekið þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum. Breytingin heimilar Rafmagnsveitunum hins vegar ekki að taka að sér ráðgjöf eða verktöku hér á landi í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði.

Gert er ráð fyrir að verkefni sem fyrirtækið ræðst í á grundvelli lagaheimildarinnar stuðli að hagkvæmari rekstri fyrirtækisins og skili því arði. Í því sambandi er einnig rétt að nefna að samkvæmt samningi ríkissjóðs og Rafmagnsveitnanna frá 9. janúar 1995 er gert ráð fyrir að hluta af arðgreiðslum þess verði varið til rannsóknar- og þróunarverkefna. Er gert ráð fyrir að sú heimild sem fyrirtækinu er veitt með þessari grein nýtist því meðal annars í slíkum verkefnum. Þar sem Rafmagnsveiturnar eru ríkisfyrirtæki og undir yfirstjórn ráðherra samkvæmt orkulögum er talið rétt að leita þurfi hverju sinni heimildar hans til að stofna félög eða kaupa hlut í félögum. Jafnframt þykir rétt til að stuðla að samræmi að leitað sé álits fjármálaráðherra hverju sinni.

Í frumvarpinu er lagt til að Rafmagnsveitum ríkisins verði heimilað að stofna og eiga hlut í félögum. Þeim verði hins vegar einvörðungu heimilt að stofna eða eiga hlut í félögum sem hafa þann megintilgang að framleiða, flytja, dreifa eða selja orku, stunda rannsóknir og þróunarstarfsemi eða sinna verkefnum erlendis. Iðnaðarráðherra veitir Rafmagnsveitunum heimild til að stofna eða eignast hlut í félögum en leita skal álits fjármálaráðherra áður en slík heimild er veitt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Rafmagnsveitum ríkisins verði heimilt að stofna eða eiga hlut í félögum sem hafa það að megintilgangi að framleiða, flytja, dreifa eða selja orku. Fyrirtækinu er jafnframt heimilt að stofna eða eiga hlut í félögum til að hagnýta þekkingu sína og starfsreynslu á sviði orkumála og orkuverkefna erlendis.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

869. Frumvarp til laga [544. mál]

um breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Aðilar sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína skulu hafa til reiðu skriflegar upplýsingar, eða með rafrænum hætti, um slíka þjónustu ásamt upplýsingum um kostnað tengdan viðskiptunum og skilyrði fyrir yfirfærslu fjármuna, þau tímamörk sem áskilin eru til þess að ljúka yfirfærslum, kostnað við yfirfærslur, gengisskráningu sem miðað er við svo og um þau kæruúrræði sem viðskiptamaður hefur ef hann sættir sig ekki við viðskiptin.

Aðilar sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa fyrir viðskiptamenn sína skulu veita þeim skriflegar upplýsingar, eða með rafrænum hætti, þar sem fram kemur staðfesting á að yfirfærsla hafi átt sér stað, fjárhæð yfirfærslunnar, kostnaður við hana og hver eigi að bera hann, svo og yfirfærslugengi, eigi slíkt við.

Með viðskiptamönnum er bæði átt við einstaklinga eða lögaðila sem leggja fram beiðni um yfirfærslu og einstaklinga eða lögaðila sem lokamóttakendur yfirfærslunnar.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

a. (11. gr.)

Nú óskar viðskiptamaður eftir því að aðili sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa skuldbindi sig til að ljúka tiltekinni yfirfærslu innan ákveðinna tímamarka gegn ákveðnu gjaldi og skal aðilinn þá verða við þeirri ósk nema hann ákveði að hafna viðskiptunum. Skuldbindingin tekur ekki til yfirfærslugengisins.

Ákvæði þessarar greinar taka eingöngu til yfirfærslna á milli viðskiptareikninga á milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins í evrum eða gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og að hámarki 4.000.000 krónur eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 1. febrúar 1999.

b. (12. gr.)

Hafi ekki um annað verið samið á milli viðskiptamanns og aðila sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa, skal henni lokið fyrir lok fimmta almenns viðskiptadags (bankadags) talið frá deginum eftir að beiðni viðskiptamanns barst um færsluna. Hafi yfirfærslunni ekki verið lokið innan tilskilins frests skal aðili sem annast yfirfærsluna greiða viðskiptamanni vexti nema óviðráðanlegar utanaðkomandi ástæður hafi komið í veg fyrir að unnt væri að ljúka yfirfærslunni innan tímafrestsins. Þegar um er að ræða yfirfærslur að fjárhæð allt að 1.000.000 krónur eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins getur viðskiptamaður óskað eftir endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar að viðbættum vöxtum og kostnaði við yfirfærsluna. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 1. febrúar 1999. Skal endurgreiðslan innt af hendi eigi síðar en

fjórtán almennum viðskiptadögum (bankadögum) frá því að viðskiptamaðurinn óskaði eftir henni nema greiðslan hafi innan þess tímafrests verið greidd inn á reikning stofnunar móttakanda yfirfærslunnar.

Yfirfærsla skal gerð án þess að kostnaður sé dreginn af yfirfærslufjárhæðinni nema viðskiptamaður sem bað um yfirfærsluna hafi tilgreint að móttakandi hennar eigi að greiða hluta af kostnaðinum eða hann allan.

Ákvæði þessarar greinar, sbr. þó ákvæði 2. mgr., taka eingöngu til yfirfærslna á milli viðskiptareikninga á milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins í evrum eða gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og að hámarki 4.000.000 krónur eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 1. febrúar 1999.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð, þar á meðal um skuldbindingar þær sem hvíla á þeim milliliðum er eiga þátt í yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

c. (13. gr.)

Í reglugerð skal kveðið á um þau kæru- og bótaúrræði sem standa viðskiptamanni til boða komi til ágreinings milli hans og aðila sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa í samræmi við ákvæði 11. og 12. gr.

3. gr.

14. gr. laganna (verður 17. gr.) orðast svo:

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann skal setja reglugerð um framkvæmd þeirra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið til þess að laga íslenskan rétt að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um peningayfirfærslur milli landa. Samkvæmt 11. gr. tilskipunarinnar skal þeirri aðlögun lokið eigi síðar en 14. ágúst 1999. Frumvarpið er samið í viðskiptaráðuneytinu.

Markmið tilskipunarinnar er að bæta þjónustu þegar peningar eru yfirfærðir á milli viðskiptareikninga á milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins en slíkar yfirfærslur eru umtalsverður hluti af greiðslum milli landa, bæði að umfangi og verðgildi. Það er mikilvægt fyrir einstaklinga og fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór, að geta yfirfært fé á skjótan, áreiðanlegan og ódýran hátt frá einum hluta efnahagssvæðisins til annars. Tilskipunin, svo og frumvarp þetta, hefur ekki áhrif á tilskipun ráðsins 91/308/EBE frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að peningakerfið sé notað til peningaþvættis.

Til þess að laga íslenskan rétt að tilskipuninni mun ráðherra setja nánari ákvæði í reglugerð, umfram það sem fram kemur í frumvarpinu, þar sem heimfærðar eru í íslenskan rétt þær skyldur sem í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru lagðar á þær stofnanir, sem yfir

færa fyrir viðskiptamenn sína peninga á milli reikninga á milli aðildarríkjanna. Þessar skyldur eru m.a.:

— að veita viðskiptavinum sínum upplýsingar um þjónustuna, þar á meðal upplýsingar um skilyrði fyrir og kostnað vegna yfirfærslna milli landa og upplýsingar um að yfirfærslunni sé lokið,
— að fara að fyrirmælum viðskiptamanns við yfirfærsluna,
— að annast yfirfærsluna innan umsamins frests,
— að yfirfæra greiðsluna innan fimm daga hafi ekki verið samið um annan frest,
— að bæta það tjón sem viðskiptavinurinn verður fyrir við það að greiðslan er ekki yfirfærð innan tilskilins tíma,
— að endurgreiða sendanda ef yfirfærsla fer ekki fram,
— að milliliðum sem eiga þátt í yfirfærslu sé ljóst að sama kvöð hvílir á þeim og öðrum viðskiptastofnunum sem annast viðskiptin.

Allar peningamillifærslur að fjárhæð 50.000 EUR, eða jafngildi þeirrar upphæðar í innlendri eða erlendri mynt, eru háðar ákvæðum tilskipunarinnar. Í samræmi við íslenska lagavenju hefur verið farin sú leið í frumvarpinu að umreikna skuldbindingarnar í íslenskar krónur og binda gengi EUR. Í reglugerð er gert ráð fyrir, auk þess sem þegar hefur komið fram, ákvæðum um bætur ef yfirfærsla hefur ekki verið gerð í samræmi við beiðni eða samkvæmt hinum almennu reglum sem settar kunna verða. Einnig verður að kveða á um undanþágur frá skuldbindingum samkvæmt tilskipuninni, svo og um lausn deilumála sem upp geta komið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þrátt fyrir að tilskipunin taki aðeins til millifærslna á milli reikninga á milli aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur sú leið verið farin að láta kvöð um upplýsingagjöf þjónustuveitanda ná til allra tilvika þar sem viðskiptamaður fer fram millifærslu á reikning erlendis, án tillits til heimaríkis viðtakanda eða myntar.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um þær lágmarksskuldbindingar sem lagðar eru á þá aðila sem annast millifærslur á milli reikninga á milli aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins fyrir viðskiptamenn sína. Samsvara greinar þessar 5.–10. gr. tilskipunarinnar.

Gert er ráð fyrir því að sú stofnun sem annast yfirfærslu fyrir viðskiptamann skuli staðfesta fyrir fram tímamörk, kostnað og annað það sem viðskiptamaður óskar eftir og tengist viðskiptunum. Sé stofnun það ekki kleift getur hún neitað að eiga viðskiptin.

Rétt þykir að taka sérstaklega fram að þær skuldbindingar sem hvíla á yfirfærslustofnun samkvæmt tilskipuninni séu háðar því að utanaðkomandi óviðráðanlegir atburðir (force majeure) komi ekki í veg fyrir fullar efndir af hálfu stofnunar.

Nánar verði útfært í reglugerð hvernig standa skuli að endurgreiðslu, útreikningi vaxta og þátttöku milliliða í viðskiptunum.

Til þess að tryggja skjóta úrlausn deilumála sem upp geta komið á milli viðskiptamanns og þess aðila sem hefur annast millifærslu peninga á milli reikninga á milli aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvæði 10. gr. tilskipunarinnar, er gert ráð fyrir að sett sé á laggirnar sérstök kærunefnd eða viðskiptamönnum tryggður sá kæruréttur með öðrum úrræðum. Í dag eru starfandi tvær úrskurðarnefndir á fjármagnsmarkaði. Standa Neytendasamtökin, viðskiptaráðuneytið og hagsmunasamtök fyrirtækja á fjármagnsmarkaði að nefndum þessum. Verði um það samkomulag á milli þeirra er standa að úrskurðarnefnd

um viðskipti við fjármálafyrirtæki má fela þeirri nefnd að vera vettvangur sá sem kveðið er á um í greininni.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

Frumvarp þetta er samið til þess að laga íslenskan rétt að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um peningayfirfærslur milli landa og er gert ráð fyrir að nánari ákvæði verði sett í reglugerð. Þar verður m.a. kveðið á um þau kæru- og bótaúrræði sem standa viðskiptamanni til boða komi til ágreinings milli hans og aðila sem annast fyrir hann yfirfærslu peninga á viðskiptareikninga erlendis. Í tilskipun Evrópuþingsins er gert ráð fyrir að sett sé á laggirnar sérstök kærunefnd eða önnur þau úrræði sem tryggja að viðskiptamenn geti leitað bóta ef ekki er staðið við tilteknar skuldbindingar. Tvær úrskurðarnefndir starfa á fjármagnsmarkaði á vegum Neytendasamtakanna, hagsmunasamtaka fyrirtækja á fjármagnsmarkaði og viðskiptaráðuneytis. Í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að leitað verði eftir samkomulagi við þá sem að framangreindum nefndum standa um að þær taki að sér þetta verkefni. Ekki er gert ráð fyrir útgjöldum úr ríkissjóði vegna þessara verkefna umfram það sem rúmast innan núverandi fjárhagsramma iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

870. Tillaga til þingsályktunar [545. mál]

um könnun á aðstæðum til jarðgangagerðar á Bröttubrekku.

Flm.: Þorvaldur T. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna aðstæður til jarðgangagerðar á Bröttubrekku milli Bjarnadals í Mýrasýslu og Sökkólfsdals í Dalasýslu.

Greinargerð.

Nú um stundir eru bættar samgöngur milli landshluta og innan þeirra ein meginkrafa íbúa á landsbyggðinni. Fyrir því liggja margar ástæður. Eftir því sem fólki fækkar á landbyggðinni þurfa íbúar á stærri svæðum en áður að koma sér saman um rekstur stofnana og fyrirtækja, svo sem skóla, heilsugæslu, afurðastöðva í landbúnaði o.fl. Sveitarfélög eru að sameinast og stækka og jafnframt að auka samstarf sitt innan kjördæmanna. Góðar samgöngur landsbyggðarhéraða við þéttbýlissvæðið á suðvesturhorni landsins eru lykillinn að markaði

fyrir þau verðmæti sem sköpuð eru úti um landið, ekki síst fyrir atvinnugreinar tengdar landbúnaði og ferðaþjónustu.

Stysta leið milli Borgarness og Búðardals liggur um þjóðveg nr. 60 um Bröttubrekku. Er þetta jafnframt stysta leið landveginn frá Reykjavík til sunnanverðra Vestfjarða. Með tilkomu brúar um Gilsfjörð er Brattabrekka orðin meginfarartálminn á leiðinni frá Reykjavík og allt vestur á Barðaströnd. Yfir vetrartímann verður vegurinn oft ófær og er auk þess varasamur vegna þess hve brattur hann er og krókóttur og liggur víða um gilbrúnir.

Markmiðið með flutningi þessarar tillögu er að Vegagerðin kanni aðstæður til jarðgangagerðar, jarðfræðilegar og vegtæknilegar, og mögulega staðsetningu jarðganga og áætli enn fremur hugsanlegan kostnað við gerð jarðganga og lagningu vegar að gangamunna beggja vegna fjalls. Með því væri stigið fyrsta skrefið í undirbúningi að lagningu varanlegs vegar um Bröttubrekku sem fær væri árið um kring. Er það mikilvægur liður í áframhaldandi vinnu að uppbyggingu vegar sem tengir Dali og sunnanverða Vestfirði við þjóðveg nr. 1 og þar með aðra landshluta.

871. Frumvarp til laga [546. mál]

um búnaðarfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Gildissvið, hlutverk og yfirstjórn.

1. gr.

Lög þessi taka til menntastofnana landbúnaðarins sem eru Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði, Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Lögin taka mið af því að stofnanirnar fái viðhaldið hæfni og möguleikum til að aðlaga starfsemi sína síbreytilegum kröfum og nýjum forsendum á hverjum tíma í samræmi við óskir og þarfir samfélagsins. Ákvæði V. kafla laganna taka einvörðungu til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og ákvæði VI. kafla laganna til menntastofnananna á Hólum og Reykjum.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar samkvæmt lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra ber ábyrgð á að gæði menntunar sem menntastofnanir landbúnaðarins veita samkvæmt lögum þessum uppfylli þau skilyrði sem gerð eru samkvæmt lögum nr. 136/1997, um háskóla, og 80/1996, um framhaldsskóla.

3. gr.

Markmið búnaðarfræðslu er:

a. að veita almenna fræðslu, hagnýta starfsmenntun og sérhæfða kennslu fyrir framsækinn, samkeppnishæfan og fjölþættan landbúnað sem byggist á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda landsins,

b. að veita sérhæfða fræðslu og endurmenntun á þeim námssviðum sem lög þessi taka til,
c. að veita háskólamenntun studda rannsóknum á fjölbreyttum sviðum landbúnaðar og verndun og nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem atvinnuvegurinn byggir á.

Með búnaðarfræðslu er átt við skipulegt nám, fræðslu og aðra leiðsögn er lýtur að vörslu, meðferð, ræktun og nytjun lands, annarra jarðargæða og búfjár til framleiðslu matvæla og hráefna til iðnaðarframleiðslu eða annarrar verðmætasköpunar, markaðssetningu þeirra afurða, svo og verndun og endurheimt landkosta. Búnaðarfræðslan spannar vísindalegt starf og þekkingarmiðlun um öll sérsvið landbúnaðar og fjölþættra landnytja, svo sem búvöruframleiðslu, akuryrkju, landgræðslu, garðyrkju, skógrækt, hlunnindi, veiðar í ám og vötnum, fiskeldi og ferðaþjónustu, svo og tæknimál, markaðsmál, vistfræði og umhverfismál sem tengjast þessum sviðum.

4. gr.

Búfræðsluráð skal marka heildarstefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra er að þeim vinna.

Búfræðsluráð er landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara.

Landbúnaðarráðherra skipar búfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Búfræðsluráð skal skipað átta fulltrúum: rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, skólameisturum búnaðarskólanna á Hólum í Hjaltadal og Reykjum í Ölfusi, einum fulltrúa tilnefndum af menntamálaráðherra, einum fulltrúa kjörnum af búnaðarþingi og tveimur fulltrúum kennara tilnefndum af félagi þeirra, auk formanns sem landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra skal setja almennar reglur um eftirfarandi þætti í starfsemi menntastofnana landbúnaðarins:

1. Með hvaða hætti þær uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað.
2. Með hvaða hætti þær uppfylla rannsóknarhlutverk sitt, skyldur um eftirlit með gæðum rannsóknanna og nýtingu þeirra fjármuna sem til þeirra er varið.
3. Kærur eða málskotsrétt nemenda í málum þar sem þeir telja brotið á rétti sínum. Slíkar reglur geta falið í sér ákvæði um að kærumál nemenda skuli fara fyrir sérstaka áfrýjunarnefnd sem hafi endanlegt úrskurðarvald.

Landbúnaðarráðherra ákveður verkaskiptingu á milli skólanna.

6. gr.

Menntastofnanir landbúnaðarins skulu í starfi sínu leggja áherslu á samstarf við aðra skóla og vísindastofnanir hér á landi og erlendis um menntun og rannsóknir. Um þetta er heimilt að gera sérstaka samninga.

II. KAFLI
Nám og kennsla.

7. gr.

Yfirstjórn hverrar stofnunar tekur ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, náms, námsmats, rannsókna og aðra þætti er lúta að málefnum hennar, enda samrýmist verkefnin heildarstefnu í búfræðslumálum, sbr. 4. gr.

8. gr.

Menntastofnanir landbúnaðarins annast búnaðarnám sem lýkur með skilgreindum prófgráðum búnaðarbrauta svo og tækni- eða sveinsprófi, háskólanám sem lýkur með skilgreindum námsgráðum svo sem kandídats- (BS-gráðu), meistara- eða doktorsprófi og endurmenntun á þeim námssviðum sem fjallað er um í lögum þessum. Nám við skólana skal samhæft áfanga- og einingakerfi framhalds- og háskóla.

9. gr.

Nemendur sem hefja nám á búnaðarbrautum skólanna skulu hafa lokið grunnskólanámi eða hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun.

Yfirstjórn hvers skóla setur að fengnu samþykki búfræðsluráðs sérstök viðbótarinntökuskilyrði.

10. gr.

Nemendur sem hefja háskólanám í landbúnaði skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar háskólans. Háskólaráð getur ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði fyrir hverja skilgreinda námsbraut háskólanámsins.

Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskólanám í landbúnaði og námskröfur svari þó til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

11. gr.

Almennt búnaðarnám skólanna skal skipuleggja sem eins til þriggja ára nám. Kennsla skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Búnaðarnáminu skal ljúka með prófgráðum af búnaðarbrautum eða sveinsprófi sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri verkefnum sem tilheyra námi til viðkomandi prófgráðu samkvæmt námskrá, sbr. 12. gr.

12. gr.

Almennt háskólanám skal miðast við tveggja til fjögurra ára nám. Kennsla skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og viðveru í kennslustundum. Háskólanáminu skal ljúka með prófgráðu sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri þeim verkefnum sem tilheyra námi til prófgráðunnar.

13. gr

Fyrir hverja skilgreinda námsbraut skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talda starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Á grundvelli námskrár skal árlega gefin út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði sem varða skipulag náms.

Landbúnaðarráðherra skal að fengnum tillögum búfræðsluráðs staðfesta námskrár og gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður.

14. gr.

Nú er í almennum framhaldsskóla stofnað til búnaðarnámsbrautar, og skal þá námskrá slíkrar kennslu, fyrirkomulag á verknámi og námsmat hljóta samþykki búfræðsluráðs. Búfræðsluráð ákveður hvort eða hvenær slíkur skóli getur veitt prófgráðu búnaðarnáms.

15. gr.

Yfirstjórn hverrar stofnunar skal staðfesta reglur um skráningu nemenda í einstakar námsbrautir þar sem nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í viðkomandi námsbraut.

Yfirstjórn hverrar stofnunar tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningar- og kennslugjalda sem nemendum er gert að greiða við upphaf skólaárs. Skrásetningar- og kennslugjöld skulu taka mið af sannanlegum kostnaði vegna innritunar, pappírsvara og kennsluefnis sem skólinn lætur nemendum í té og nauðsynlegt er vegna starfsemi hans.

Þeir einir teljast nemendur menntastofnana landbúnaðarins sem skrásettir hafa verið til náms á hverjum tíma.

III. KAFLI
Rannsóknir.

16. gr.

Við menntastofnanir landbúnaðarins skulu stundaðar rannsóknir. Rannsóknirnar skulu skipulagðar með öðrum rannsóknum á sviði landbúnaðar- og landnýtingar í landinu sem fé er veitt til úr ríkissjóði.

Leggja skal áherslu á grunnrannsóknir til öflunar vísindalegrar þekkingar, jafnt sem þróunarvinnu sem felst í að staðfæra þekkingu sem og markaðsfærslu og vöruþróun afurða. Einnig geta stofnanirnar annast þjónusturannsóknir í þágu landbúnaðar og annarra aðila.

Til að sinna rannsóknahlutverki sínu skulu stofnanirnar hafa umráð yfir nauðsynlegum búrekstri og hafa aðgang að landi, búfé, húsnæði og tækjum til rannsókna og tilrauna.

17. gr.

Heimilt er að ráða sérfræðinga sérstaklega til rannsókna og hafi þeir þá kennsluskyldu við viðkomandi stofnun hver á sínu sviði. Við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við skólann skulu gilda sambærilegar reglur og eiga við um ráðningu kennara, sbr. 26. og 33. gr.

18. gr.

Heimilt er að stofna sérstaka rannsóknasjóði til eflingar rannsóknastarfi stofnananna. Um þá skulu settar skipulagsskrár sem dómsmálaráðherra staðfestir og þær birtar í Stjórnartíðindum.

IV. KAFLI
Endurmenntun og leiðbeiningar.

19. gr.

Við menntastofnanir landbúnaðarins skal starfrækja endurmenntunardeildir á þeim námssviðum sem fjallað er um í lögum þessum.

Yfirstjórn hverrar stofnunar setur nánari reglur um starfshætti endurmenntunardeildar, svo og um fjárhæð námskeiðsgjalda. Námskeiðsgjöld mega aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur sannanlegum kostnaði við hvert námskeið.

20. gr.

Menntastofnanir landbúnaðarins geta annast leiðbeiningar og ráðgjöf í landbúnaði og á skyldum sviðum. Um þetta skal gera samninga við hlutaðeigandi fagsamtök og hagsmunaaðila, eftir því sem við á hverju sinni.

V. KAFLI
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. Stjórn og starfslið.

21. gr.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á sviði landbúnaðar sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans.

22. gr.

Stjórn Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er falin háskólaráði og rektor.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, markar stefnu m.a. í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag hans og samþykkir starfs- og rekstraráætlanir.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum þessum. Á milli funda háskólaráðs hefur rektor ákvörðunarvald í umboði ráðsins í öllum málum háskólans. Önnur verkefni rektors eru skilgreind í erindisbréfi hans.

23. gr.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar fastráðinna kennara og tveir til vara kjörnir á almennum fundi fastráðinna starfsmanna hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi nemenda og einn til vara kjörnir hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans.
4. Tveir fulltrúar og tveir til vara skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, annar án tilnefningar en hinn tilnefndur af búnaðarþingi.
5. Einn fulltrúi og einn til vara skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.

Varaforseta kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa fastráðinna kennara skólans og er hann staðgengill rektors í forföllum hans.

24. gr.

Rektor boðar til funda í háskólaráði. Óski þrír háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins. Háskólaráðsfundur er ályktunarbær ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði forseta úr. Varamenn sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

25. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar.

Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu.

Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.

26. gr.

Kennarar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri eru prófessorar, dósentar, lektorar og stundakennarar. Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Háskólaráð setur í nánari reglur um starfsskyldur fastráðinna kennara.

27. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora og stundakennara. Umsækjendur um prófessors-, dósents- og lektorsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni upplýsingar um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir.

Kennarar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu.

Skipa skal þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Rektor skipar dómnefnd, einn mann eftir tilnefningu landbúnaðarráðherra, tvo menn eftir tilnefningu háskólaráðs og skipar rektor annan þeirra formann nefndarinnar. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa a.m.k. meistaraprófi úr háskóla og skulu a.m.k. tveir nefndarmanna starfa utan háskólans.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum manni má veita prófessors-, dósents- eða lektorsstarf nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

28. gr.

Við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri skal starfrækt búnaðarnámsbraut. Heimilt er að ráða kennara að búnaðarnámsbraut skólans sem ekki uppfylla skilyrði til háskólakennslu, sbr. 27. gr. Um yfirstjórn búnaðarnáms á Hvanneyri fer eftir ákvæðum 22.–23. gr. laga þessara og er rektor Landbúnaðarháskólans jafnframt yfirmaður þess.

VI. KAFLI
Menntastofnanirnar á Hólum í Hjaltadal og Reykjum í Ölfusi. Stjórn og starfslið.

29. gr.

Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi eru vísinda- og menntastofnanir landbúnaðarins sem veita nemendum sínum menntun og þjálfun á sértækum sviðum íslensks landbúnaðar og gegna auk þess fjölþættu menningarhlutverki á héraðs- og landsvísu.

30. gr.

Stjórn Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins er falin skólanefnd og skólameistara.

Skólanefnd er ráðgefandi um skipulag, stefnu og áherslur í kennslu, rannsóknum og öðrum verkefnum stofnananna.

Skólameistari er yfirmaður stjórnsýslu stofnunarinnar og er æðsti fulltrúi hennar gagnvart mönnum og stofnunum innan hennar og utan og ber ábyrgð á starfsemi hennar. Skólameistari hefur frumkvæði að því að skólanefnd marki heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar. Skólameistari ræður kennara og annað starfsfólk stofnunarinnar að höfðu samráði við skólanefnd og fer með vald til að slíta ráðningu þeirra eftir þeim almennu reglum sem gilda samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Önnur verkefni skólameistara eru skilgreind í erindisbréfi hans.

31. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna skólanefndir við búnaðarskólana til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd Hólaskóla eiga sæti þrír fulltrúar samkvæmt tilnefningu samtaka bænda í Hólastifti og tveir fulltrúar samkvæmt tilnefningu samtaka sveitarfélaga í Hólastifti. Nefndin kýs sér sjálf formann. Í skólanefnd Garðyrkjuskólans að Reykjum eiga sæti einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins, einn fulltrúi tilnefndur af búfræðsluráði, einn fulltrúi Sambands garðyrkjubænda, einn fulltrúi Félags garðyrkjumanna og einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum skólans. Nefndin kýs sér sjálf formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar í hvorri skólanefnd eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

32. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar skólameistara til fimm ára að fenginni tillögu skólanefndar. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Landbúnaðarráðherra er heimilt að endurskipa sama mann skólameistara að fengnum tillögum skólanefndar. Hæfni umsækjenda um embætti skólameistara skal metin eftir menntun, stjórnunarreynslu og vísinda- og kennslustörfum.

33. gr.

Kennarar og aðrir sérfræðingar við stofnanirnar skulu hafa lokið háskólaprófi í landbúnaðarfræðum eða hafa hliðstæða menntun. Þeir skulu auk kennslu vinna að rannsóknum og öðrum hliðstæðum störfum í þágu stofnunarinnar.

Heimilt er að ráða kennara í verklegum greinum sem hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og starfsþjálfunar á viðkomandi sviði að mati skólameistara.

34. gr.

Heimilt er að stofna til kennslu eða náms á háskólastigi við Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins á afmörkuðum sviðum með samþykki landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn búfræðsluráðs, enda sé slíkt nám í fullu samræmi við annað nám á háskólastigi samkvæmt lögum þessum og viðurkennt skv. 2. mgr. 2. gr. og 5. gr. laga þessara að mati búfræðsluráðs.

VII. KAFLI
Fjárhagur.

35. gr.

Kostnaður við störf menntastofnana landbúnaðarins er greiddur af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Hver stofnun hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Landbúnaðarráðherra gerir tillögur um fjárveitingar til hverrar stofnunar.

Verkefnatengdir styrkir, t.d. til rannsókna, skulu ekki hafa áhrif á framlag ríkisins til reksturs stofnananna. Landbúnaðarráðherra setur gjaldskrá fyrir þjónustu hverrar stofnunar samkvæmt tillögu stjórnar.

36. gr.

Menntastofnunum landbúnaðarins er heimilt að afla sértekna með:

a. skólagjöldum, sbr. 15. gr.,
b. rekstri þjónustustarfsemi sem tengist skólastöðunum,
c. búrekstri,
d. ráðgjafarþjónustu og
e. öðrum hætti er samrýmist meginverkefnum þeirra.

Landbúnaðarráðherra getur heimilað menntastofnunum landbúnaðarins að koma á fót og eiga aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum til styrktar og eflingar meginviðfangsefnum þeirra.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og lögum nr. 136/1997, um háskóla.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerðum, starfsreglum og samþykktum.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins, með síðari breytingum, og lög nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu, með síðari breytingum.

39. gr.

Við gildistöku þessara laga renna eignir Bændaskólans á Hvanneyri til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri yfirtekur einnig allar kvaðir og skuldbindingar Bændaskólans á Hvanneyri gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum.

Við gildistöku laga þessara renna eignir Bændaskólans á Hólum til Hólaskóla. Hólaskóli yfirtekur einnig allar kvaðir og skuldbindingar Bændaskólans á Hólum gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum.

40. gr.

Jarðirnar Hólar, Hvanneyri og Reykir eru lögbýli og eru með gögnum sínum og gæðum lagðar undir tilheyrandi menntastofnanir. Starfsemin á jörðunum skal þjóna þeim heildarmarkmiðum sem sett eru fyrir hverja stofnun og því hlutverki sem þær gegna í sínu nánasta umhverfi, sem og á landsvísu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nemendur sem við gildistöku laga þessara stunda nám í framangreindum skólum eiga rétt á að ljúka prófum samkvæmt gildandi námsskipulagi skólanna við gildistöku laganna. Nemendur geta þó lokið prófum samkvæmt nýju skipulagi skólanna ef þeir kjósa svo.

Skipað og ótímabundið ráðið starfsfólk Bændaskólans á Hvanneyri, Bændaskólans á Hólum og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum skal halda stöðum sínum. Þeir einir geta þó orðið prófessorar, dósentar og lektorar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri sem uppfylla kröfur 7. gr. laga nr. 136/1997, um háskóla.

Skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri verður rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Skólastjóri Bændaskólans á Hólum verður skólameistari Hólaskóla og skólastjóri Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum verður skólameistari Garðyrkjuskóla ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að frumkvæði búfræðslunefndar sem starfar á grundvelli laga nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu, en verkefni nefndarinnar eru m.a. fólgin í að marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra sem að þeim vinna. Búfræðslunefnd er skipuð fulltrúum landbúnaðarráðherra, menntamálaráðherra, Bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri, búnaðarþings og búfræðikennara. Búfræðslunefnd skipa í dag Árni B. Bragason kennari fyrir hönd Búnaðar- og garðyrkjukennarafélags Íslands, Anna Bryndís Tryggvadóttir bóndi og Runólfur Sigursveinsson búnaðarráðunautur fyrir hönd Bændasamtaka Íslands, Karl Kristjánsson deildarstjóri fyrir hönd menntamálaráðherra, Jón Bjarnason, skólastjóri Bændaskólans á Hólum, Magnús B. Jónsson, skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri, og Guðmundur Sigþórsson skrifstofustjóri fyrir hönd landbúnaðarráðherra. Hákon Sigurgrímsson deildarstjóri er ritari nefndarinnar. Þá hefur verið haft samráð við Svein Aðalsteinsson, skólastjóra Garðyrkjuskóla ríkisins, um samningu frumvarpsins auk annarra. Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við þær miklu breytingar sem orðið hafa í landbúnaði á undanförnum árum bæði með tilliti til menntunarþarfa vegna framfara og tækninýjunga og opnara viðskiptaumhverfis í landbúnaði samhliða því að aðlaga núgildandi löggjöf um búnaðarfræðslu nýrri og breyttri löggjöf um almenna menntakerfið í landinu.

Ljóst er að núgildandi löggjöf um búnaðarfræðslu er orðin úrelt og hefur ekki fylgt þeim miklu breytingum sem orðið hafa í landbúnaðinum og starfsumhverfi hans. Lög um búnaðarnám, búnaðarfræðslulögin, sem m.a. starfsemi Bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri er byggð á, eru frá árinu 1978 og lögin um Garðyrkjuskóla ríkisins frá árinu 1936. Samkvæmt núverandi skipan fer búnaðarnám fram við þrjá skóla: Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal og Bændaskólann á Hvanneyri sem starfa á grundvelli laga nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu, og reglugerð nr. 462/1984 og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi sem starfar á grundvelli laga nr. 91/1936. Nám við Bændaskólann á Hólum og Garðyrkjuskóla ríkisins er á framhaldsskólastigi en nám við Bændaskólann á Hvanneyri bæði á framhaldsskólastigi (bændadeild) og háskólastigi (búvísindadeild).

Hlutverk Bændaskólans á Hólum er að veita nemendum hagnýta fræðslu um hinar ýmsu greinar landbúnaðar og annars atvinnulífs í dreifbýli, svo sem um hrossarækt og reiðmennsku, fiskeldi, vatnanýtingu, ferðaþjónustu, umhverfismál og hlunnindi. Hlutverk Garðyrkjuskóla ríkisins er að veita nemendum sérfræðslu í flestum greinum garðyrkju, svo sem garð- og skógarplöntuframleiðslu, ylrækt, skrúðgarðyrkju og blómaskreytingum. Bændaskólinn á Hvanneyri gegnir tvíþættu hlutverki í búnaðarmenntun hér á landi. Skólinn veitir bændaefnum og öðrum landnotendum hagnýta fræðslu um landbúnað og hvers konar landnýt-

ingu. Þá er við skólann starfrækt búvísindadeild sem veitir eina háskólanám í búfræði sem boðið er upp á hér á landi.

Umfangsmikil rannsóknastarfsemi er rekin við skólana sem skipulögð er í tengslum við aðrar landbúnaðarrannsóknir í landinu og nýtir gögn og gæði jarða sem skólarnir hafa til umráða. Rannsóknaverkefni eru sífellt stærri þáttur í starfseminni.

Auk þeirra verkefna sem skólarnir sinna í kennslu og rannsóknum reka þeir margvíslega þjónustustarfsemi sem tengist meginviðfangsefnum þeirra. Breytingar sem hafa orðið í landbúnaði vegna stækkunar og sérhæfingar búa, tækninýjunga, breytinga á rekstrarkerfi landbúnaðarins o.fl. gera sífellt meiri kröfur til þeirra sem stunda búskap.

Til þess að skapa stofnununum sem mesta möguleika á því að skila hlutverki sínu á viðunandi hátt er verkefni þeirra, búnaðarfræðslan, skilgreind með víðtækari hætti í frumvarpinu en hingað til hefur verið gert.

Á undanförnum árum hafa skólarnir tekið upp margháttað samstarf við innlenda og erlenda skóla og rannsóknastofnanir til þess að auðga framboð menntunar og efla rannsóknastarfsemi sína.

Bændaskólinn á Hólum er í samstarfi við allmargar stofnanir bæði innlendar og erlendar. Er hér bæði um mennta- og rannsóknasamstarf að ræða. Helstu samstarfsaðilar skólans eru: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Veiðimálastofnun, en Bændaskólinn á Hólum hefur gert rammasamninga við þessar stofnanir um gagnkvæmt samstarf um rannsóknir, kennslu og samnýtingu tæknibúnaðar. Bændaskólinn á Hólum starfar m.a. með Veiðimálastofnun við rannsóknir á lífríki Héraðsvatna. Einnig hefur Bændaskólinn á Hólum gert samstarfssamning við líffræðiskor Háskóla Íslands um rannsóknir og kennslu í fiskeldi og við Háskólann á Akureyri um að ferðamálanám við Bændaskólann á Hólum verði viðurkennt sem hluti af rekstrarfræðinámi við Háskólann, enda uppfylli nemendur önnur inntökuskilyrði skólans.

Bændaskólinn á Hólum hefur gert samning við Bændaskólann á Hvanneyri um að þjálfara- og reiðkennaranám við Bændaskólann á Hólum verði viðurkennt sem hluti af búvísindanáminu á Hvanneyri, enda uppfylli nemendur önnur inntökuskilyrði skólans.

Bændaskólinn á Hólum hefur gert samninga við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Búnaðarsamband Skagafjarðar um kennslu og rannsóknir, svo og um gerð landnýtingaráætlana fyrir einstakar jarðir í Skagafirði. Einnig hefur Bændaskólinn á Hólum gert samning við Félag tamningamanna um skipulag og framkvæmd kennslu á hrossabraut og í þjálfara- og reiðkennaranámi skólans.

Þá er Bændaskólinn á Hólum í samstarfi við Náttúrustofu Kópavogs um grunnrannsóknir á íslenskum vötnum og einnig í samstarfi við Iðntæknistofnun um námsefnisgerð í fiskeldi. Síðastgreint verkefni er styrkt af Leonardo da Vinci sjóði Evrópusambandsins en námsefnið er m.a. ætlað til fjarkennslu. Menntamálaráðuneytið styrkir Bændaskólann á Hólum við gerð námsefnis um íslenska vatnalíffræði, sem m.a. er ætlað til fjarkennslu.

Bændaskólinn á Hólum hefur gert samstarfssamninga við ýmsa erlenda aðila, oft með aðild annarra innlendra aðila. Bændaskólinn á Hólum er þannig með samstarfssamning við Háskólann í Guelph í Ontariofylki í Kanada um rannsóknir og nemenda- og starfsmannaskipti. Einnig er Bændaskólinn á Hólum þátttakandi í JTP sem eru evrópsk samtök um nemenda- og starfsmannaskipti og í samstarfi við Leonardo da Vinci sjóðinn um námsmannaskipti á ferðamálasviði.

Bændaskólinn á Hólum er í samstarfi við hrossarannsóknastöðina í Newmarket í Englandi um fósturvísaflutninga en einnig hefur þessi hrossarannsóknastöð tekið þátt í spattrannsóknum við skólann. Hrossaræktarsamtök Suðurlands og Búnaðarsamband Suðurlands eru einnig aðilar að samstarfi við Bændaskólann á Hólum um fósturvísaverkefnið.

Bændaskólinn á Hólum er í samstarfi við Háskólann í Uppsölum og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum um rannsóknir á spatti í hrossum. Sömuleiðis er Bændaskólinn á Hólum þátttakandi í rannsóknum á sumarexemi með Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, yfirdýralæknisembættinu og rannsóknastofnunum í Englandi og Þýskalandi.

Þá vinnur Bændaskólinn á Hólum að verkefni um þróun fjarnáms í fiskeldi ásamt Landbúnaðarháskólanum í Umeå og Háskólanum í Bergen. Verkefnið er styrkt af NOVA. Einnig er Bændaskólinn á Hólum þátttakandi í verkefni sem styrkt er af Evrópusambandinu um þróun sjálfbærs bleikjueldis, Aquacharr. Samstarfsaðilar eru auk Bændaskólans á Hólum Háskóli Íslands, Háskólinn í Glasgow, Háskólinn í Galway á Írlandi, Sænski landbúnaðarháskólinn og Veiðimálastofnun.

Eftirfarandi sjóðir og stofnanir styrkja rannsóknastarf skólans: Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Rannsóknarráð Íslands, Úflutningssjóður íslenskra hrossa, Bygginga- og tækjasjóður, Tæknisjóður (Rannsóknarráð Íslands), Nýsköpunarsjóður námsmanna, Lýðveldissjóður, Vísindasjóður, Evrópusambandið og Leonardo da Vinci sjóður Evrópusambandsins.

Hér á eftir verður greint frá helstu samstarfsverkefnum Bændaskólans á Hvanneyri. Landbúnaðar- og dýralæknaháskólar Norðurlanda hafa um langt skeið haft með sér víðtækt samstarf. Árið 1995 hófst formlegt samstarf þeirra með stofnun norræna búnaðarháskólans NOVA sem hefur aðsetur í Alnarp í Svíþjóð. Aðilar að NOVA eru Landbúnaðar- og dýralæknaháskóli Danmerkur, Landbúnaðarháskólinn á Ási í Noregi, Dýralæknaháskóli Noregs, Landbúnaðar- og dýralæknaháskólinn í Ultuna í Svíþjóð, Landbúnaðar- og dýralæknadeildir Helsinkiháskóla í Finnlandi og Bændaskólinn á Hvanneyri. Með samstarfssamningi NOVA er tryggð gagnkvæm viðurkenning námsáfanga, námsbrauta og prófgráða við skólana. Nemendur geta lokið grunnnámi við einn skóla og framhaldsnámi við annan og fyrra nám nýtist að fullu. Skólarnir standa saman að margvíslegu þróunarstarfi, t.d. á sviði upplýsingatækni og bókasafna. Þeir standa sameiginlega að málefnum er tengjast Eystrasaltslöndunum, þróunarlöndum og fleiri slíkum verkefnum.

Fyrir Bændaskólann á Hvanneyri er þetta samstarf mjög þýðingarmikið og gerir nemendum sem útskrifast með BS-gráðu frá búvísindadeild kleift að hefja framhaldsnám til MS- eða Ph.D.-gráðu á mun skipulegri hátt en ella. Nám við búvísindadeildina er að fullu metið til jafns við annað BS-nám þeirra skóla sem eru aðilar að samstarfinu. Þá hefur þetta samstarf gefið Bændaskólanum á Hvanneyri og öðrum samstarfsstofnunum hans færi á því að koma á framfæri þeirri sérþekkingu sem hér er til staðar í formi námskeiða sem sérstaklega eru boðin fram í nafni NOVA.

Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri hefur undirritað samstarfssamninga við tvo aðra erlenda háskóla. Annar þeirra er við University of Guelph sem er sameiginlegur með Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Bændaskólanum á Hólum. Hinn samningurinn er við Nova Scotia Agricultural College. Báðir þessir samningar tryggja nemendum frá búvísindadeild á Hvanneyri aðgang að MS- og Ph.D.-námi við viðkomandi skóla á sama grundvelli og um eigin námsmenn væri að ræða. Þá hefur skólinn gert samning við Atlantic Veterinary College á Prins Edwards Island um samstarf á sviði kennslumála og í bígerð er að ganga frá ítarlegri samningi um framhaldsnám búfræðikandídata við þann skóla.

Bændaskólinn hefur auk þess gert marga samstarfssamninga við innlenda skóla og rannsóknastofnanir. Ítarlegur samstarfssamningur er milli skólans og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins svo og Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Í öllum þessum samningum er bæði gert ráð fyrir kennslu og rannsóknasamstarfi. Starfsmaður Landgræðslunnar og Skógræktarinnar er staðsettur á Hvanneyri. Samstarfssamningur er milli embættis yfirdýra-

læknis og Bændaskólans á Hvanneyri um starfsaðstöðu og kennsluskyldu dýralæknis júgursjúkdóma við búvísindadeild skólans. Samstarf er um kennslu í reiðmennsku og reiðkennslu á milli Bændaskólans á Hólum og búvísindadeildar. Þá er samkvæmt lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins gert ráð fyrir samstarfi um kennslu í rekstrargreinum við búvísindadeild. Bændaskólinn á Hvanneyri og Bændasamtök Íslands hafa gert með sér samstarfssamning um fræðslu og leiðbeiningar í loðdýrarækt og er ráðunautur í loðdýrarækt með kennsluskyldu við skólann.

Sameiginlega hafa búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Háskóli Íslands gert með sér samstarfssamning um eflingu menntunar og rannsókna á sviði raunvísinda sem tengjast íslenskum landbúnaði. Samningur þessi felur í sér gagnkvæma viðurkenningu námskeiða og uppbyggingu MS-náms í greinum tengdum landbúnaði.

Garðyrkjuskóli ríkisins er sú stofnun innan íslenska rannsókna- og menntakerfisins sem hefur það hlutverk og markmið að samhæfa og leiða rannsóknir og fræðslu á sviði garðyrkju. Skólinn hefur samstarf við fjölda aðila, innlenda sem erlenda, til að ná þessum markmiðum. Mestu skiptir að garðyrkjustéttin í heild telur skólann og starf hans skipta máli fyrir framgang greinarinnar. Á skólinn fjölþætt samstarf við marga aðila innan greinarinnar og fær sérfræðinga til liðs við sig til að sinna afmörkuðum þáttum fræðslu og jafnvel tilrauna. Þetta samstarf er lífæð skólans. Skólinn er auk þess aðili að ýmsum rannsóknaverkefnum og fræðslusamstarfi.

Skólinn er í samstarfi og samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins vegna tilrauna og rannsóknaverkefna skólans og er sú stofnun m.a. umsagnaraðili við ráðningu tilraunastjóra skólans. Af rannsóknasamstarfi má nefna samstarf við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Geislavarnir ríkisins, manneldisráð, afurðasölufyrirtæki og Samband garðyrkjubænda um gæði grænmetis. Einnig er skólinn aðili að rannsóknaverkefni um raflýsingu í ylrækt í samstarfi við Bændasamtök Íslands, Rafmagnsveitur ríkisins og Samband garðyrkjubænda. Samstarf er við Jarðefnaiðnað hf. og Samband garðyrkjubænda um þróun ræktunartækni í vikri. Samstarf er einnig við ýmsar garðplöntustöðvar um kynningu á nýjum klónum og samstarf er í bígerð við m.a. sveitarfélög í nágrenni skólans um samhæfða umhverfisstefnu í anda Staðardagskrár 21.

Skólinn er aðili að verkefni styrktu af Framleiðnisjóði landbúnaðarins um framleiðnátak í nokkrum greinum ylræktar í samstarfi við landsráðunauta Bændasamtakanna og rannsóknaraðila og ráðunautaþjónustu í Hollandi. Er það fyrsti vísir að starfsemi svokallaðrar Garðyrkjumiðstöðvar sem ætlunin er að koma á fót við skólann. Í Garðyrkjumiðstöð munu sameina krafta sína ráðunautar Bændasamtakanna, sérfræðingar skólans og starfsmenn Sambands garðyrkjubænda, auk hugsanlega fleiri aðila sem sjá sér hag í slíkri samvinnu. Samvinna af þessu tagi gerir greininni, almenningi og samfélaginu auðveldara að leita til miðstöðvarinnar með ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að miðstöðinni verði komið á fót haustið 1999 í aðstöðu sem verið er að undirbúa.

Garðyrkjuskólinn hefur undanfarin ár átt náið samstarf við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins um endurmenntun á sviðum stofnananna samkvæmt sérstökum samstarfssamningi. Hafa þessar stofnanir staðið sameiginlega fyrir námskeiðum víða um land.

Skólastjóri Garðyrkjuskólans varði dósenttitil við Garðyrkjuvísindastofnun Sænska landbúnaðarháskólans (SLU) og er umsjónarmaður nokkurra doktorsverkefna við þá stofnun. Hann hefur einnig beitt sér fyrir því að íslenskir fræðimenn geti innritast í doktorsnám við Sænska landbúnaðarháskólann og er sá fyrsti að hefja nám um þessar mundir. Mun sá nemi vinna verkefnavinnu sína á Íslandi með íslenskum efnivið og við íslenskar aðstæður undir

handleiðslu skólastjóra og nokkurra annarra vísindamanna við SLU. Fleiri eru að velta fyrir sér þessum möguleikum. Mun aðstaða Garðyrkjuskólans m.a. við Háskólann í Quebec í Kanada, ENSAT í Toulouse í Frakklandi, rannsóknastöðina Geisenheim í Þýskalandi, MLURI í Aberdeen í Skotlandi, Háskólann í Leuven í Belgíu, rannsóknastöðina í Naaldwijk í Hollandi, Landbúnaðarháskólann í Wageningen í Hollandi og við stofnanir í öðrum löndum. Svipaða sögu er að segja um aðra sérfræðinga skólans; þeir eru í fjölþættum samskiptum við fjölda stofnana og skóla erlendis. Árlega eru nokkrir erlendir garðyrkjunemar í verknámi við skólann og erlendir sem íslenskir nemendur hafa unnið að lokaverkefnum sínum við skólann. Fyrirhuguð er ein slík heimsókn sumarið 1999 þar sem sænskur nemandi í garðyrkjutæknanámi mun vinna að lokaverkefni sínu að Reykjum.

Skólinn er auk þess virkur samstarfsaðili í NJF (Nordiske jordforbrugsforskeres forening – Félag norrænna búvísindamanna) og hafa starfsmenn skólans setið í stjórnum Íslandsdeildar og í garðyrkjudeild samtakanna. Skólinn er einnig formlegur aðili að Alþjóðasamtökum garðyrkjusérfræðinga (International Society for Horticultural Science, ISHS) sem sérfræðingar frá 55 löndum eru aðilar að. Garðyrkjuskólinn á aðild að JTP (Jumelage/Twinning/Partnersschaft) sem eru Evrópusamtök búnaðar- og garðyrkjuskóla. Tilgangur þessara samtaka er að auka og auðvelda nemendaskipti á milli hinna ýmsu skóla, kennaraskipti, náms- og kynnisferðir, samræma námsuppbyggingu og námsefni og stuðla að auknum samskiptum ráðunauta, sérfræðinga o.fl. Skólinn hefur tekið virkan þátt í starfi samtakanna. Samtök garðyrkjuskóla á Norðurlöndum sem bjóða upp á garðyrkjutæknanám hafa einnig stofnað með sér sérstök samtök og hafa boðið Garðyrkjuskóla ríkisins aðild sem skólinn hefur þegið.

Rannsókna- og fræðslustarf skólans er styrkt af Rannsóknarráði Íslands, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, ÁFORM-átaksverkefni, Nýsköpunarsjóði námsmanna og fleiri sjóðum.

Búnaðarskólarnir heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Hugmyndir hafa verið um að þeir eigi að heyra undir menntamálaráðuneytið og ýmsar tillögur komið fram um breytingar á núverandi skipan. Starfshópur sá sem vann að samningu þessa frumvarps ræddi og skoðaði vandlega þessar hugmyndir og tillögur. Niðurstaða starfshópsins var sú að búnaðarskólarnir skyldu áfram heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Ræður þar mestu að viðfangsefni menntastofnana landbúnaðarins er mun víðtækara en skólastofnana almennt og með því að halda áfram tengslum við landbúnaðarráðuneytið er tekið tillit til þeirrar sérstöðu. Þá var og talið auðveldara að skipuleggja námsframboð skólanna, bæði búnaðarnám og búvísindanám, í samræmi við annað nám á sömu skólastigum en að laga aðra starfsemi stofnananna að hinu almenna skólaumhverfi. Þá má einnig benda á að með núverandi skipulagi skapast náin samstaða milli skóla og atvinnuvegar og bein þátttaka atvinnuvegarins er á allan hátt auðveldari og sjálfsagðari.

Jafnframt er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra beri ábyrgð á því að gæði menntunar þeirrar sem skólarnir veita sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um það efni til annarra sambærilegra skóla samkvæmt lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og lögum nr. 136/1997, um háskóla.

Á síðustu árum hafa einnig komið fram ýmsar hugmyndir um að sameina búnaðarskólana í eina stofnun. Í frumvarpi þessu er hins vegar farin sú leið að starfrækja skólana áfram sem þrjár sjálfstæðar stofnanir undir samheitinu menntastofnanir landbúnaðarins. Um þá ákvörðun réðu mestu tengsl þessara stofnana, Bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum við þau byggðarlög sem þær starfa í og einnig tengsl þeirra við hinar dreifðu byggðir landsins. Skólarnir eru hver um sig stærstu vinnuveitendur í dreifbýli hver í sínu byggðarlagi og við þá starfar mikill fjöldi háskólamenntaðs fólks sem hefur kosið

að starfa og búa í dreifbýli. Við alla skólana fer fram öflug starfsemi á sviði fræðslu, rannsókna og þjónustu en starfsemi þeirra skarast að öðru leyti ekki mikið þar sem þeir starfa ekki að sömu verkefnum nema að litlu leyti.

Til þess að tryggja samræmingu í skipulagningu náms og námsframboði, svo og annarri starfsemi þessara stofnana er hins vegar farin sú leið að stofna og starfrækja sérstakt búfræðsluráð, skipað fulltrúum stofnananna, menntamálaráðherra, landbúnaðarráðherra, búnaðarþings og búfræðikennara. Búfræðsluráðið hefur það meginhlutverk að marka heildarstefnu í búfræðslumálum og vera samræmingaraðili fyrir menntastofnanir landbúnaðarins í heild um ýmis atriði er varða búfræðslunámið. Jafnframt er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að við allar menntastofnanir landbúnaðarins verði stundaðar rannsóknir sem verði skipulagðar með öðrum rannsóknum á sviði landbúnaðar og landnýtingar í landinu.

Í frumvarpinu er einungis kveðið á um grundvallaratriði í stjórnskipulagi menntastofnana landbúnaðarins en gert er ráð fyrir að yfirstjórn hvers skóla taki nánari ákvarðanir um starfsemi stofnananna að öðru leyti, eftir atvikum með samþykki búfræðsluráðs og/eða landbúnaðarráðherra.

Ljóst þykir að núgildandi löggjöf um búnaðarfræðslu fellur heldur ekki lengur að nýrri og breyttri löggjöf um framhaldsskóla og háskóla en miklar breytingar hafa orðið á þeirri löggjöf síðan búnaðarfræðslulögin voru sett. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og lögum nr. 136/1997, um háskóla. Hefur verið leitast við að aðlaga ákvæði frumvarpsins framangreindum lögum eins og frekast er unnt, þó með þeim áherslum sem leiðir af sérstöðu þeirra.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

1. Lagt er til að ákvæði laga um búnaðarnám og garðyrkjunám verði samræmd í einni löggjöf um búnaðarfræðslu er taki til menntastofnana landbúnaðarins.
2. Heildarstefna í búnaðarfræðslu verði mótuð af búfræðsluráði sem í eiga sæti fulltrúar menntastofnananna, landbúnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis, búnaðarþings og búnaðarskólakennara.
3. Aukið er svigrúm skólanna til að bjóða upp á fjölbreyttara nám, námstíma o.fl.
4. Formlega verði stofnaður Landbúnaðarháskóli með aðsetur á Hvanneyri og öllu stjórnskipulagi skólans breytt í samræmi við það.
5. Heimilt verði að stofna til kennslu eða náms á háskólastigi við Hólaskóla og Garðyrkjuskólann að Reykjum með samþykki landbúnaðarráðherra, liggi fyrir viðurkenning búfræðsluráðs um að starfsemin standist gæðakröfur sem gerðar eru í sambærilegu námi.
6. Landbúnaðarráðherra geti heimilað menntastofnunum landbúnaðarins að koma á fót og eiga aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum til styrktar og eflingar meginviðfangsefnum þeirra.
7. Menntastofnanir landbúnaðarins skulu leggja áherslu á samstarf við aðra skóla og vísindastofnanir hér á landi og erlendis um menntun og rannsóknir og er heimilt að gera um það sérstaka samninga.
8. Við menntastofnanir landbúnaðarins verði stundaðar rannsóknir er skulu skipulagðar með öðrum rannsóknum á sviði landbúnaðar og landnýtingar í landinu.
9. Jarðirnar Hólar, Hvanneyri og Reykir eru með gögnum og gæðum lagðar undir tilheyrandi menntastofnanir til að þjóna þeim heildarmarkmiðum sem sett eru fyrir hverja stofnun fyrir sig.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að starfræktir verði þrír skólar, þ.e. búnaðarskóli að Hólum í Hjaltadal, Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi og Landbúnaðarháskóli á Hvanneyri í Borgarfirði. Samheiti þeirra verður menntastofnanir landbúnaðarins. Ekki var farin sú leið að sameina skólana í eina stofnun vegna sérstöðu þeirra og tengsla við þau byggðarlög sem þeir eru hluti af og við hinar dreifðu byggðir landsins.

Um 2. gr.

Miðað er við að landbúnaðarráðherra fari áfram með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar og beri ábyrgð á gæðum menntunar sem menntastofnanir landbúnaðarins veita. Gildir það jafnt um búnaðarskólana og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Jafnframt er þar ákvæði sem á að tryggja að sömu gæðakröfur verði gerðar til menntunarinnar og gildir um aðrar sambærilegar menntastofnanir samkvæmt lögum nr. 80/1996 og 136/1997.

Um 3. gr.

Hér er gerð grein fyrir mjög víðtækri skilgreiningu á því hvað telst til landbúnaðar í skilningi laganna og spannar það svið nánast allar starfsgreinar sem byggjast á nýtingu auðlinda í dreifbýli eða með öðrum orðum allt frá mold til matar.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að búfræðsluráð skipað átta fulltrúum marki heildarstefnu í búfræðslumálum og sé samræmingaraðili fyrir menntastofnanir landbúnaðarins í heild, svo sem varðandi atriði eins og skipulag náms og námsframboð.

Búfræðsluráð er landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara og undir það heyra allar faglegar ákvarðanir sem varða búfræðslunámið í heild. Geta ákvarðanir þess einnig átt við um aðrar stofnanir en menntastofnanir landbúnaðarins verði búfræðslunám tekið upp við aðra skóla. Í búfræðsluráði eiga sæti fulltrúar stofnananna, landbúnaðarráðherra, menntamálaráðherra, búnaðarþings og búfræðikennara.

Búfræðsluráð er samræmingaraðili um verkefni menntastofnana landbúnaðarins en hins vegar er hverri stofnun stjórnað af sérstakri stjórn sem er rektor og háskólaráð við Landbúnaðarháskólann og skólameistari og skólanefnd við búnaðarskólana. Gerður er greinarmunur á valdsviði innri stjórna hverrar stofnunar og búfræðsluráðs sem markar samræmda heildarstefnu um málefni búnaðarfræðslunnar og verður hver stofnun að marka sér vettvang í samræmi við það.

Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji reglugerð um starfsemi búfræðsluráðs.

Um 5. gr.

Grein þessi er hliðstæð 5. gr. laga nr. 136/1997, um háskóla, en þykir efni sínu samkvæmt einnig geta átt við um búnaðarskólana.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem er ætlað að tryggja hámarksnýtingu starfsfólks og þeirrar starfsaðstöðu sem fyrir hendi er í stofnununum þannig að þeir myndi sem samstæðasta og sterkasta heild. Gert er ráð fyrir að menntastofnanirnar starfi eftir verkaskiptingu sem ákveðin verður af landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn búfræðsluráðs til að tryggja samræmingu í störfum þeirra.

Um 6. gr.

Grein þessi er hliðstæð ákvæðum í núgildandi lögum. Greinin kveður á um að menntastofnanir landbúnaðarins skuli hafa slíkar lausnir að leiðarljósi til eflingar eigin starfsemi.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Gert er ráð fyrir að við ákvarðanatöku verði heildarstefna í búfræðslumálum eins og hún er ákvörðuð af búfræðsluráði höfð til hliðsjónar.

Um 8. gr.

Þessari grein er ætlað að tryggja að námsgráður sem menntastofnanir landbúnaðarins veita séu sambærilegar við námsgráður sem gilda annars staðar í almenna menntakerfinu og að námið verði samhæft eininga- og áfangakerfi framhalds- og háskóla.

Um 9. gr.

Samkvæmt lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, eiga allir nemendur sem lokið hafa grunnskólaprófi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Nauðsynlegt þykir hins vegar að setja viðbótarinntökuskilyrði til þess að hefja svo margbrotið starfsnám sem búnaðarnám er. Er því gert ráð fyrir að yfirstjórn hvers skóla setji reglur um þær viðbótarkröfur sem nauðsynlegt þykir að gera. Gert er ráð fyrir að slíku aðfararnámi verði lokið í almennum framhaldsskólum en ekki í búnaðarskólunum.

Um 10. gr.

Hér er um að ræða sambærileg inntökuskilyrði og fram koma í lögum nr. 136/1997, um háskóla.

Um 11. gr.

Í dag er búnaðarnám einungis tveggja ára nám en með þessu ákvæði er svigrúm búnaðarskólanna aukið frá því sem áður var til þess að bjóða upp á breytilegt námsframboð og þar með breytilegan námstíma.

Um 12. gr.

Háskólanám í búvísindadeildinni á Hvanneyri er í dag miðað við þriggja ára nám en með þessu ákvæði skapast svigrúm til að bjóða upp á breytilegan námstíma.

Um 13. gr.

Greinin felur í sér það nýmæli að landbúnaðarráðherra skuli staðfesta námskrár og gefa út viðurkenndar prófgráður í samræmi við lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og 136/1997, um háskóla.

Um 14. gr.

Í greininni er um að ræða sambærileg ákvæði og eru í núgildandi lögum en hér er það lagt í vald búfræðsluráðs að samþykkja búnaðarnám við aðra skóla en menntastofnanir landbúnaðarins.

Um 15. gr.

Þessi grein er hliðstæð sambærilegum ákvæðum í lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og lögum nr. 136/1997, um háskóla.

Um 16. gr.

Til að styrkja kennslustarf menntastofnana landbúnaðarins er mikilvægt að þær geti stundað skipulegt rannsóknastarf. Rannsóknir eru því ekki aðeins mikilvægur hluti starfsemi þeirra heldur óhjákvæmilegur. Í greininni er gert ráð fyrir að stofnanirnar hafi til umráða nauðsynlegt landrými, búfé, tæki og húsnæði til þess að stunda rannsóknir.

Um 17. gr.

Hér er um að ræða nýmæli sem er til þess fallið að efla rannsóknastarfsemi skólanna og skapa möguleika á að ráða sérfræðinga sem ekki hafa kennslu að aðalstarfi.

Um 18. gr.

Greinin er nýmæli. Markmið með þessu ákvæði er að skapa möguleika á stofnun rannsóknasjóða með skilgreindu markmiði til lengri tíma á sviði landbúnaðar.

Um 19. gr.

Hér er um að ræða skýrari ákvæði en eru í núgildandi lögum um endurmenntun í landbúnaði sem hefur færst mjög í vöxt á síðari árum. Gert er ráð fyrir að námskeiðsgjöld verði innheimt af þeim sem sækja endurmenntunarnámskeið og mega þau ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur sannanlegum kostnaði við hvert námskeið, þ.e. fyrir vinnu, kennsluefni, tækjabúnað, pappírsvörur og annan útlagðan kostnað.

Um 20. gr.

Greinin er nýmæli. Fyrirhuguð er veruleg endurskipulagning á leiðbeiningarþjónustu og ráðgjöf í landbúnaði. Þetta ákvæði opnar þá möguleika að þessi starfsemi fari fram við menntastofnanir landbúnaðarins ef henta þykir.

Um 21. gr.

Greinin felur í sér stefnuyfirlýsingu sem er sambærileg við það sem er í núgildandi lögum.

Um 22. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði laga nr. 136/1997, um háskóla.

Um 23. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði laga nr. 136/1997, um háskóla. Gert er ráð fyrir að í háskólaráði eigi sæti fulltrúar frá atvinnuvegunum og menntamálaráðuneytinu. Með því er stefnt að því að tryggja samþættingu og samvinnu námsins við atvinnuvegina og almenna menntakerfið.

Um 24.–27. gr.

Greinarnar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 136/1997, um háskóla.

Um 28. gr.

Þetta ákvæði er sett til að gera Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri kleift að veita starfsmenntun á sviði landbúnaðar á sama hátt og verið hefur.

Um 29. gr.

Greinin felur í sér stefnuyfirlýsingu en ekki er um að ræða breytingar á hlutverki stofnananna.

Um 30. gr.

Stjórn búnaðarskólanna er samkvæmt þessu ákvæði falin skólameistara og skólanefnd á hliðstæðan hátt og gert er í lögum um framhaldsskóla, þó þannig að valdsvið skólanefndar er annað en þar er vegna þess hve starfssvið þessara stofnana er fjölbreytt og víðfeðmt. Fagleg yfirstjórn er falin búfræðsluráði sem fer þannig með hluta af hefðbundnu hlutverki skólanefndar.

Um 31. gr.

Skipan skólanefnda búnaðarskólanna er með öðrum hætti en almennt tíðkast um sambærilega skóla. Stafar það af sérstöðu búnaðarnámsins og þeirri stöðu sem menntastofnanir landbúnaðarins hafa innan atvinnuveganna og þeirra byggðarlaga sem þær starfa í.

Um 32. gr.

Hvað varðar hæfisskilyrði skólameistara er hér tekið mið af starfsemi menntastofnana landbúnaðarins sem starfa á breiðara sviði en skólastofnanir almennt. Ákvæðið um fimm ára skipunartíma skólameistara er í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 33. gr.

Ákvæði þetta um starfsgengisskilyrði kennara og annarra sérfræðinga við stofnanirnar hefur að geyma eðlilegar kröfur og undanþágur vegna sérstöðu námsins.

Um 34. gr.

Þessi grein er nýmæli í löggjöf um búnaðarmenntun. Ákvæði hennar munu stuðla að eflingu háskólamenntunar um landbúnað og tryggja að unnt sé að nýta sérfræðiþekkingu og rannsóknaraðstöðu viðkomandi stofnana til að byggja enn frekar upp og starfrækja kennslu á háskólastigi og þar með auðga framboð háskólakennslu í landbúnaði. Í greininni er einnig tryggt að slík kennsla lúti sömu kröfum og gildir um aðra háskólakennslu í landbúnaði.

Um 35. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og laga nr. 136/1997, um háskóla.

Um 37. og 38. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Þar sem um nafn- og skipulagsbreytingar er að ræða á stofnununum á Hólum og Hvanneyri eru hér tekin af öll tvímæli um að öll réttindi og allar skyldur Bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri flytjist til þessara stofnana.

Um 40. gr.

Ákvæðið um að jarðirnar Hólar, Hvanneyri og Reykir séu með gögnum sínum og gæðum lagðar undir tilheyrandi menntastofnanir er nýmæli og er sett til að taka af allan vafa um að ábúendur þessara jarða séu stofnanirnar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið er sett til að tryggja að allir sem starfa við menntastofnanir landbúnaðarins haldi réttindum sínum, þó þannig að lektors-, dósents- og prófessorsstöður verða eingöngu veittar þeim sem uppfylla skilyrði 7. gr. laga nr. 136/1997, um háskóla.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um búnaðarfræðslu.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði ein lög um búnaðarfræðslu í stað laga nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu, með síðari breytingum, og laga nr. 91/1936, um Garðyrkjuskóla ríkisins. Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við þær miklu breytingar sem orðið hafa í landbúnaði á undanförnum árum bæði með tilliti til menntunarþarfa vegna framfara og tækninýjunga og opnara viðskiptaumhverfis í landbúnaði. Jafnframt er tekið tillit til breyttrar löggjafar um almenna menntakerfið í landinu. Þau nýmæli í frumvarpinu sem helst gætu haft áhrif á kostnað eru þessi:

Í 1. gr. er lagt til að formlega verði stofnaður Landbúnaðarháskóli á Hvanneyri í Borgarfirði og í 34. gr. er heimild til að stofna til kennslu eða náms á háskólastigi við Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins á afmörkuðum sviðum. Í 27. gr. er miðað við að kennarar við Landbúnaðarháskólann hafi lokið meistaraprófi hið minnsta og að dómnefndir dæmi um hæfni umsækjenda um fastar kennarastöður. Að því er séð verður hafa þessar breytingar lítil áhrif á starfsmannahald og launakostnað skólanna í upphafi, en gera má ráð fyrir að í framtíðinni fjölgi langskólagengnum starfsmönnum á kostnað þeirra sem hafa styttra nám að baki. Jafnframt er gert ráð fyrir í 27. gr. að við Landbúnaðarháskólann starfi prófessorar. Ætla má að þetta hækki kostnað eitthvað á næstu árum, en ekki eru forsendur til að meta fjárhæðir í því sambandi.

Kostnaður á nemanda í búnaðarskólum hefur verið 2–3 sinnum meiri en kostnaður á nemanda í raunvísindanámi í háskóla og iðnnámi í framhaldsskóla. Verður því að ætla að skólarnir hafi töluvert svigrúm til hagræðingar á móti kostnaðarauka sem frumvarpið getur leitt af sér, verði það að lögum.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir stofnun búfræðsluráðs sem marki heildarstefnu í búfræðslumálum og samræmi störf þeirra er að þeim vinna. Búfræðsluráð tekur við þessum verkefnum af búfræðslunefnd og ætti breytingin því ekki að hafa áhrif á kostnað.

Í 16. gr. er gert ráð fyrir að við skólana séu stundaðar rannsóknir á hliðstæðan hátt og stundaðar hafa verið við skólana samkvæmt gildandi lögum. Að mati stjórnenda skólanna munu auknar rannsóknir í framtíðinni kalla á bætta aðstöðu án þess að það tengist sérstaklega breyttum lögum.

Í 18. gr. er heimild til að stofna sérstaka rannsóknasjóði til eflingar rannsóknastarfi skólanna og í 36. gr. er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra geti heimilað skólunum að koma fá fót og eiga aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum til styrktar og eflingar meginviðfangsefnum þeirra. Þessar heimildir hafa ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs nema um það verði teknar sérstakar ákvarðanir í tengslum við fjárlagagerð. Í 29. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er kveðið á um að aðilar í A-hluta fjárlaga þurfi hverju sinni að afla heimilda í lögum til að kaupa eða selja eignarhluta í félögum. Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, er almenna reglan sú að fjármálaráðuneytið fer með eignir ríkisins, þar á meðal eignarhluta í félögum og fyrirsvar þeirra vegna.

Í 19. gr. er gert ráð fyrir að við skólana skuli starfrækja endurmenntunardeildir og að yfirstjórn hvers skóla setji reglur um námskeiðsgjöld sem þátttakendur greiða. Gera verður ráð fyrir að gjöldin standi undir kostnaðarauka vegna deildanna.

Að öllu samanlögðu felur frumvarpið ekki í sér aukinn kostnað í upphafi en gefur tilefni til aukinnar starfsemi, m.a. á sviði rannsókna sem geta aukið kostnað síðar.

872. Frumvarp til laga [547. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 1. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 108/1988, kemur: sýslumaður.

2. gr.

Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 1. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 108/1988, kemur: sýslumann.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Jarðanefndir sem skipaðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara skulu starfa út skipunartíma sinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að breyta ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, um að héraðsnefndir tilnefni fulltrúa í jarðanefndir.

Samkvæmt 4. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, skal landbúnaðarráðherra skipa jarðanefnd í hverri sýslu til fjögurra ára í senn en jarðanefndir eru skipaðar tveimur fulltrúum tilnefndum af búnaðarsambandi viðkomandi sýslu og einum fulltrúa tilnefndum af héraðsnefnd. Héraðsnefndir hafa hingað til verið eins konar samstarfsvettvangur sveitarfélaga og starfað á grundvelli 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, sbr. nú 81. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Á liðnum árum hefur héraðsnefndum farið fækkandi vegna sameiningar og fækkunar sveitar-

félaga en einnig hefur verkefnum héraðsnefnda fækkað. Er nú svo komið að á nokkrum landsvæðum starfa ekki héraðsnefndir lengur. Sem dæmi má nefna að í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslum eru engar héraðsnefndir starfandi en síðasta héraðsnefnd þar var lögð niður 1. júní 1996. Eftir að umboð síðustu jarðanefnda í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslum runnu út á árinu 1997 hefur landbúnaðarráðherra ekki verið unnt að skipa þar aðrar jarðanefndir þar sem tilnefningar liggja ekki fyrir frá héraðsnefnd. Ljóst þykir að önnur héraðsnefnd muni ekki verða skipuð fyrir sveitarfélög í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslum. Einnig er fyrirsjáanlegt að sama staða komi upp í fleiri sýslum á næstunni þar sem sveitarfélög hafa verið sameinuð, t.d. í Skagafirði.

Jarðanefndir hafa mörg og mikilvæg hlutverk samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64/1976, og jarðalögum, nr. 65/1976. T.d. þurfa jarðanefndir að samþykkja leigu, sölu og aðrar ráðstafanir jarða, lausn jarða úr landbúnaðarnotum, landskipti, sameiningu jarða, lausn jarða úr óðalsböndum, innlausnir jarðarhluta, endurbyggingu eyðijarða og stofnun nýrra lögbýla og félagsbúa. Einnig hafa jarðanefndir það hlutverk að gefa ábúendum á ríkisjörðum meðmæli með því að kaupa ábýlisjarðir sínar, að taka ákvarðanir um jarðarafgjöld ef samkomulag næst ekki milli landeiganda og leigutaka o.fl.

Samkvæmt framanrituðu þykir nauðsynlegt að breyta ákvæði 4. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að héraðsnefndir tilnefni fulltrúa í jarðanefndir. Með frumvarpi þessu er lagt til að sýslumenn taki við því hlutverki af héraðsnefndum að tilnefna fulltrúa í jarðanefndir.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að sýslumaður tilnefni einn fulltrúa af þremur í jarðanefnd. Ákvæði 19. gr. laganna sem kveður á um að jarðanefnd skuli ákveða aðsetursstað sinn í samráði við héraðsnefnd er einnig breytt á samsvarandi hátt, sbr. 2. gr. Sýslumenn starfa á sýslugrundvelli eins og jarðanefndir og eru starfandi í öllum sýslum. Liggur því beinast við að þeir taki við þessu hlutverki af héraðsnefndum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að sýslumenn taki við því hlutverki af héraðsnefndum að tilnefna fulltrúa í jarðanefndir.

Að því séð verður hefur frumvarpið ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs verði það að lögum.

873. Svar [441. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

1. *Er úttekt Hagstofu Íslands hafin á því hverjir eiga fasteignir hér á landi og hverjir eru skráðir eigendur þeirra, sbr. lið 5.2 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Ef svo er, hvenær er niðurstaðna að vænta?*

Alllangt er um liðið frá því að fram komu óskir um úttekt á því hverjir eiga eða eru skráðir fyrir fasteignum hér á landi. Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir að þetta væri unnið á grundvelli fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins og yrði samstarfsverkefni þess og Hagstofu Íslands. Skráning eigenda í fasteignaskrá hefur hins vegar verið með ýmsu móti í tímans rás. Lengi vel tíðkaðist að eignir hjóna væru skráðar á karlmanninn eingöngu. Talsverð breyting hefur orðið á þessu á allra síðustu árum hvað snertir íbúðarhúsnæði þannig að æ algengara er að hjón séu bæði skráð eigendur þess. Um aðrar eignir gegnir öðru máli að því talið er, t.d. mun enn langalgengast að karlmenn séu einir skráðir fyrir sumarbústöðum. Um allt þetta ríkir þó enn óvissa og því óvíst hversu marktækar niðurstöður gætu fengist með talningu eigenda eftir kyni. Auk þessa hefur eigendaskráningu verið áfátt að öðru leyti. Undanfarin ár hefur hins vegar verið unnið að því að lagfæra hana. Úttektin sem stefnt hefur verið að kann því að fara að verða tímabær. Hagstofan og Fasteignamat ríksins stefna nú að því að gera síðari hluta þessa árs tilraunaúttekt á eigendaskráningu íbúðarhúsnæðis sem næði til síðustu fimm til tíu ára. Þess er hins vegar ekki að vænta að raunverulegur grundvöllur verði fyrir slíka athugun fyrr en vinna við landskrá fasteigna er komin það langt áleiðis að þinglýstar fasteignir verði orðnar tölvuskráðar og þinglýsingaskrár orðnar hluti af landskránni.

2. *Hvað líður endurskipulagningu Hagstofu Íslands á gagnasöfnun og greiningu vinnutíma hér á landi, sbr. lið 5.3 í framkvæmdaáætluninni?*

Hagstofa Íslands hefur gert vinnumarkaðskannanir tvisvar á ári allt frá árinu 1991. Með könnunum þessum hefur verið safnað mjög viðamiklum gögnum um atvinnu, atvinnuþátttöku, atvinnuleysi, störf og vinnutíma eftir kyni, búsetu, menntun o.fl. Þessar kannanir eru mjög stórar í sniðum og raunar með allra stærstu úrtaksathugunum sem gerðar eru hér á landi. Úrtakið er 4.400 manns, svarhlutfall hefur verið mjög hátt, um 90%, og notagildi þeirra mjög mikið, ekki síst þar sem niðurstöður eru að fullu sambærilegar við hliðstæðar kannanir í EES-ríkjum.

Hagstofan vinnur nú að tveimur verkefnum til að auka og bæta upplýsingar um vinnumarkaðinn hér á landi, ekki síst um vinnutíma og launabreytingar. Annars vegar er um að ræða úrvinnslu á gögnum um staðgreiðsluskil en hins vegar eru breytingar á launakönnunum.

Í ársbyrjun 1998 hófu skattyfirvöld, að beiðni Hagstofu Íslands, að krefja fyrirtæki um meiri upplýsingar við staðgreiðsluskil en áður var, svo og um tölvuskráningu upplýsinga á skilagrein. Nú er m.a. óskað eftir upplýsingum um atvinnugrein hvers launamanns, starfaflokk og starfshlutfall auk upplýsinga um greidd laun á tímabilinu. Hagstofan vinnur nú að skipulagningu og undirbúningi yfirferðar og úrvinnslu þessara gagna og er áformað að fyrstu niðurstöður verði birtar á þessu ári. Þessi gögn munu veita mun meiri vitneskju en áður hefur þekkst um ársverk, laun og vinnumagn eftir atvinnugreinum.

Nokkur undanfarin missiri hefur verið unnið að umfangsmiklu samstarfsverkefni kjararannsóknarnefndar aðila vinnumarkaðarins, kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna og Hagstofunnar um gagngerar breytingar á launakönnunum og launaskýrslum. Á almenna

vinnumarkaðinum byggist þetta verkefni á því að fyrirtæki sem lenda í úrtaki launakönnunar fallist á að beita samræmdum skilgreiningum og láta rafrænt í té upplýsingar úr launabókhaldi, aðallega um laun, vinnutíma og launatengd gjöld. Ríki og sveitarfélög munu láta í té sambærilegar upplýsingar og á svipaðan hátt úr launabókhaldi sínu. Þetta verkefni er það vel á veg komið að reiknað er með að unnt verði að gera grein fyrir því til hlítar og birta fyrstu niðurstöður á næstu mánuðum.

3. *Hvað líður könnun á stöðu jafnréttismála hjá Hagstofu Íslands og gerð áætlana um hvernig rétta skuli hlut kynjanna hjá henni, sbr. lið 5.5 í framkvæmdaáætluninni?*

Staða jafnréttismála hjá Hagstofu Íslands er sífellt til skoðunar. Árum saman hafa konur verið í talsverðum meiri hluta á Hagstofunni. Er svo enn þegar á heildina er litið en hins vegar hefur dregið mjög úr þessum mismun í störfum þar sem háskólamenntunar er krafist. Reynsla undanfarinna ára er sú að vel gangi að ráða bæði karla og konur í störf sérfræðinga. Öðru máli gegnir um störf þar sem ekki er krafist háskólamenntunar. Karlar eru í miklum minni hluta í slíkum störfum á Hagstofunni og sækja yfirleitt ekki um þau. Sem dæmi má nefna að af 94 umsækjendum um störf ritara í Þjóðskrá í janúar 1999 voru einungis fjórir karlar. Hagstofan kann engin sérstök ráð til að breyta þessu.

874. Svar [451. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um kyngreindar upplýsingar Hagstofunnar.

1. *Hversu margar konur fluttust búferlum innan lands á síðasta ári og hversu margir karlar, skipt eftir kjördæmum?*

Sjá meðfylgjandi þrjár töflur um búferlaflutninga 1998 eftir landsvæðum og kyni.

2. *Hvenær er þess að vænta að allar upplýsingar Hagstofunnar sem snerta mannlíf í landinu verði kyngreindar, sbr. markmið þess efnis í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1998 um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?*

Hagstofan hefur lengi haft það að leiðarljósi við gagnasöfnun, úrvinnslu og birtingu upplýsinga að unnt sé að greina niðurstöður fyrir bæði kynin, hvort í sínu lagi. Að mati hennar er staða þessara mála allgóð þar sem heita má að í öllum þeim tilvikum þar sem unnt hefur verið að safna upplýsingum um hvort kynið um sig séu þær tiltækar. Til dæmis má nefna að allar mannfjöldaupplýsingar Hagstofunnar eru til kyngreindar. Sama máli gegnir um flestar vinnumarkaðsupplýsingar hennar, upplýsingar um skólamál og kosningar. Stór hluti þeirra upplýsinga sem varða einstaklinga og Hagstofan fær frá öðrum, svo sem af sviði almannatrygginga, heilbrigðismála og félagsmála, er tiltækur fyrir hvort kyn um sig. Á hinn bóginn er söfnun upplýsinga eftir kyni enn ófullnægjandi á nokkrum sviðum en unnið er að úrbótum m.a. vegna ábendinga Hagstofunnar. Við þetta má bæta að þar sem unnið er að nýrri eða endurbættri hagskýrslugerð sem varðar einstaklinga er ævinlega gert ráð fyrir söfnun og úrvinnslu gagna eftir kyni þar sem það á við. Dæmi um þetta eru nýjar launakannanir kjararannsóknarnefnda og Hagstofunnar og ný skýrslugerð hennar á grundvelli staðgreiðslugagna.

Í grundvallaratriðum má segja að þegar um er að ræða gögn úr stjórnvaldsskrám, svo sem þjóðskrá, skattskrám, skrám almannatrygginga, sé skipting milli kynja bæði gerleg og tiltæk.

Hið sama á að mestu við um ýmsar stjórnvaldsupplýsingar. Við beina gagnasöfnun frá einstaklingum, fyrirtækjum eða samsvarandi aðilum verður skiptingu milli kynja oft ekki við komið. Þetta á t.d. við talningar á notendum þjónustu, ýmist vegna þess að skipting milli kynja krefst meira álags en unnt er að leggja á þá sem upplýsingarnar veita eða að talning byggist á seldum aðgöngumiðum, notendaleyfum eða álíka gögnum. Dæmi um hið fyrrnefnda er gagnasöfnun Hagstofunnar frá seljendum gistiþjónustu um gistinætur og gestafjölda eftir þjóðerni. Í því tilviki er ekki talið fært að óska eftir talningu eftir kyni, hvorki hér á landi né annars staðar. Dæmi um hið síðarnefnda eru tölur um þátttöku í menningaratburðum eða aðsókn að kvikmyndahúsum sem byggjast á upplýsingum um fjölda seldra aðgöngumiða. Upplýsinga um þátttöku eftir kyni verður í slíkum tilvikum að afla á annan hátt, t.d. með úrtaksathugunum.

Að öðru leyti má sérstaklega vísa til rits Hagstofunnar *Konur og karlar 1997* en þar er ágætt yfirlit um þau svið þar sem unnt er að skipta upplýsingum eftir kyni.

Búferlaflutningar eftir landsvæðum 1998, karlar og konur alls

Landsvæði	Fluttir alls			Fluttir innan sveitarfélags	Fluttir milli sveitarfél. innan landsvæða		Fluttir milli landsvæða		Fluttir milli landa	
	Aðfluttir umfram brottflutta	Aðfluttir alls	Brottfluttir alls		Aðfluttir	Brottfluttir	Aðfluttir	Brottfluttir	Aðfluttir	Brottfluttir
Allt landið	**880**	**23.482**	**22.602**	**32.791**	**9.690**	**9.690**	**9.230**	**9.230**	**4.562**	**3.682**
Höfuðborgarsvæði	**2.183**	**15.148**	**12.965**	**21.768**	**7.569**	**7.569**	**4.635**	**2.875**	**2.944**	**2.521**
Reykjavík	339	7.769	7.430	16.639	2.637	3.670	3.063	2.054	2.069	1.706
Önnur sveitarfélög	1.844	7.379	5.535	5.129	4.932	3.899	1.572	821	875	815
Landsbyggðin	**-1.303**	**8.334**	**9.637**	**11.023**	**2.121**	**2.121**	**4.595**	**6.355**	**1.618**	**1.161**
Suðurnes	-35	1.191	1.226	2.067	282	282	654	737	255	207
Vesturland	-82	1.123	1.205	1.461	162	162	729	866	232	177
Vestfirðir	-117	804	921	917	106	106	399	741	299	74
Norðurland vestra	-283	584	867	708	115	115	358	664	111	88
Norðurland eystra	-343	2.005	2.348	3.117	787	787	938	1.311	280	250
Austurland	-359	861	1.220	956	223	223	501	848	137	149
Suðurland	-84	1.766	1.850	1.797	446	446	1.016	1.188	304	216

Heimild: Hagstofa Íslands.

Búferlaflutningar eftir landsvæðum 1998, karlar

Landsvæði	Fluttir alls			Fluttir innan sveitarfélags	Fluttir milli sveitarfél. innan landsvæða		Fluttir milli landsvæða		Fluttir milli landa	
	Aðfluttir umfram brottflutta	Aðfluttir alls	Brottfluttir alls		Aðfluttir	Brottfluttir	Aðfluttir	Brottfluttir	Aðfluttir	Brottfluttir
Allt landið	**415**	**11.661**	**11.246**	**16.191**	**4.818**	**4.818**	**4.612**	**4.612**	**2.231**	**1.816**
Höfuðborgarsvæði	**1.095**	**7.617**	**6.522**	**10.689**	**3.812**	**3.812**	**2.326**	**1.452**	**1.479**	**1.258**
Reykjavík	212	3.926	3.714	8.171	1.358	1.824	1.533	1.041	1.035	849
Önnur sveitarfélög	883	3.691	2.808	2.518	2.454	1.988	793	411	444	409
Landsbyggðin	**-680**	**4.044**	**4.724**	**5.502**	**1.006**	**1.006**	**2.286**	**3.160**	**752**	**558**
Suðurnes	-38	587	625	1.052	131	131	333	379	123	115
Vesturland	-41	563	604	738	81	81	371	441	111	82
Vestfirðir	-92	366	458	430	43	43	198	382	125	33
Norðurland vestra	-109	281	390	332	55	55	176	296	50	39
Norðurland eystra	-209	938	1.147	1.557	369	369	442	657	127	121
Austurland	-171	437	608	473	111	111	254	418	72	79
Suðurland	-20	872	892	920	216	216	512	587	144	89

Heimild: Hagstofa Íslands.

Búferlaflutningar eftir landsvæðum 1998, konur

Landsvæði	Fluttar alls			Fluttar innan sveitarfélags	Fluttar milli sveitarfél. innan landsvæða		Fluttar milli landsvæða		Fluttar milli landa	
	Aðfluttar umfram brottfluttar	Aðfluttar alls	Brottfluttar alls		Aðfluttar	Brottfluttar	Aðfluttar	Brottfluttar	Aðfluttar	Brottfluttar
Allt landið	**465**	**11.821**	**11.356**	**16.600**	**4.872**	**4.872**	**4.618**	**4.618**	**2.331**	**1.866**
Höfuðborgarsvæði	**1.088**	**7.531**	**6.443**	**11.079**	**3.757**	**3.757**	**2.309**	**1.423**	**1.465**	**1.263**
Reykjavík	127	3.843	3.716	8.468	1.279	1.846	1.530	1.013	1.034	857
Önnur sveitarfélög	961	3.688	2.727	2.611	2.478	1.911	779	410	431	406
Landsbyggðin	**-623**	**4.290**	**4.913**	**5.521**	**1.115**	**1.115**	**2.309**	**3.195**	**866**	**603**
Suðurnes	3	604	601	1.015	151	151	321	358	132	92
Vesturland	-41	560	601	723	81	81	358	425	121	95
Vestfirðir	-25	438	463	487	63	63	201	359	174	41
Norðurland vestra	-174	303	477	376	60	60	182	368	61	49
Norðurland eystra	-134	1.067	1.201	1.560	418	418	496	654	153	129
Austurland	-188	424	612	483	112	112	247	430	65	70
Suðurland	-64	894	958	877	230	230	504	601	160	127

Heimild: Hagstofa Íslands.

875. Svar [244. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Tómasar Inga Olrich um meðferð upplýsinga úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Eru upplýsingar úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana sendar Krabbameinsfélagi Íslands og skráðar þar í krabbameinsskrá? Ef svo er:*
   a. *hafa þessar upplýsingar verið nýttar til skýrslugerðar heilbrigðisyfirvalda, til tölfræðilegra athugana og annarra vísindarannsókna,*
   b. *hafa þessar upplýsingar verið samkeyrðar með öðrum gagnagrunnum, svo sem ættfræðilegum gagnagrunnum,*
   c. *hefur verið leitað eftir upplýstu samþykki þeirra sem upplýsingarnar varða fyrir þessari notkun,*
   d. *hefur slík úrvinnsla hlotið umfjöllun tölvunefndar og vísindasiðanefndar?*
2. *Hafa upplýsingar sem einstaklingar veita við krabbameinsleit verið nýttar til skýrslugerðar heilbrigðisyfirvalda, til tölfræðilegra athugana og annarra vísindarannsókna? Ef svo er:*
   a. *hafa þessar upplýsingar verið samkeyrðar með öðrum gagnagrunnum, svo sem ættfræðilegum gagnagrunnum,*
   b. *hefur verið leitað eftir upplýstu samþykki þeirra sem upplýsingarnar varða fyrir notkun af þessu tagi?*
3. *Eru dæmi þess að heilbrigðisstofnanir, eða starfsmenn þeirra, sem hafa undir höndum heilsufarsupplýsingar, noti slíkar upplýsingar til annarra nota en þeirra sem þær voru í upphafi ætlaðar, svo sem ritunar fræðigreina í t.d. Læknablaðið, án upplýsts samþykkis?*

Leitað var til Krabbameinsfélags Íslands um svör við 1. og 2. lið.

1. *Eru upplýsingar úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana sendar Krabbameinsfélagi Íslands og skráðar þar í krabbameinsskrá?*

Já.

a. *Hafa þessar upplýsingar verið nýttar til skýrslugerðar heilbrigðisyfirvalda, til tölfræðilegra athugana og annarra vísindarannsókna?*

Já.

b. *Hafa þessar upplýsingar verið samkeyrðar með öðrum gagnagrunnum, svo sem ættfræðilegum gagnagrunnum?*

Já. Krabbameinsskrá og ættasafn krabbameinsskrár hafa verið samkeyrð, með leyfi tölvunefndar.

c. *Hefur verið leitað eftir upplýstu samþykki þeirra sem upplýsingarnar varða fyrir þessari notkun?*

Nei. Ekki hefur verið leitað eftir upplýstu samþykki til skráningar í krabbameinsskrá eða til úrvinnslu úr gögnum hennar. Gagna þeirra, sem notuð eru við skráningu, er aflað með beiðnum til vörslumanna upplýsinganna. Þar er um að ræða niðurstöður rannsókna og upp-

lýsingar úr læknabréfum og úr sjúkraskrám. Einnig berast tilkynningar á sérstökum eyðublöðum eða í bréfum frá læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum. Gögn berast á disklingum frá Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði samkvæmt samningi við þá stofnun og með sérstöku leyfi tölvunefndar. Leyfi hefur einnig fengist fyrir slíkum flutningi á gögnum frá krabbameinslækningadeild Landspítalans.

d. Hefur slík úrvinnsla hlotið umfjöllun tölvunefndar og vísindasiðanefndar?

Tölvunefnd hefur fjallað um úrvinnslu gagna. Þetta var gert fyrir tíma vísindasiðanefndar. Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands var komið á fót árið 1954 að beiðni landlæknis. Fyrir tíma tölvunefndar starfaði sérstök siðanefnd á vegum félagsins. Krabbameinsfélagið fékk starfsleyfi frá tölvunefnd árið 1983. Krabbameinsskráin og Leitarstöðin voru skilgreindar sem hluti af heilbrigðiskerfinu og var flutningur á gögnum til þeirra frá öðrum heilbrigðisstofnunum því talinn heimill.

2. Hafa upplýsingar sem einstaklingar veita við krabbameinsleit verið nýttar til skýrslugerðar heilbrigðisyfirvalda, til tölfræðilegra athugana og annarra vísindarannsókna?

Já. Upplýsingar sem aflað er við krabbameinsleit og sem nýttar eru til skýrslugerðar fyrir heilbrigðisyfirvöld eru fengnar beint frá konum sem mæta til leitar, frá rannsóknastofum, úr læknabréfum og úr sjúkraskrám.

a. Hafa þessar upplýsingar verið samkeyrðar með öðrum gagnagrunnum, svo sem ættfræðilegum gagnagrunnum?

Já, hluti upplýsinganna, með leyfi tölvunefndar. Samkeyrsla þessara upplýsinga er nauðsynleg til að meta árangur leitar og eru niðurstöður notaðar til birtingar fræðigreina um sama efni. Upplýsingar um heilsusögu eru jafnframt notaðar til faraldsfræðilegra athugana á ýmsum áhættuþáttum.

b. Hefur verið leitað eftir upplýstu samþykki þeirra sem upplýsingarnar varða fyrir notkun af þessu tagi?

Nei.

3. Eru dæmi þess að heilbrigðisstofnanir, eða starfsmenn þeirra, sem hafa undir höndum heilsufarsupplýsingar, noti slíkar upplýsingar til annarra nota en þeirra sem þær voru í upphafi ætlaðar, svo sem ritunar fræðigreina í t.d. Læknablaðið, án upplýsts samþykkis?

Já. Heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám eru notaðar við vísindarannsóknir að fengnu samþykki vísindasiðanefndar eða siðanefndar sjúkrahúss og tölvunefndar. Það er háð mati vísindasiðanefndar, siðanefndar sjúkrahúss og tölvunefndar hvort þeim sem óskar eftir aðgangi að sjúkraskrá er gert að leita eftir upplýstu samþykki þeirra sjúklinga sem upplýsingarnar stafa frá. Sé eingöngu um að ræða notkun upplýsinga sem fyrir liggja í sjúkraskrám en ekki beina þátttöku sjúklings er ekki gerð krafa um upplýst samþykki.

876. Svar [407. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 32,8 millj. kr. framlagi til nýsköpunar og markaðsmála á liðnum 11-299 1.50 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Ráðstöfun samkvæmt framangreindum lið er eftirfarandi (í þús. kr.):

Átak til atvinnusköpunar	15.000
Nefnd um atvinnurekstur kvenna	3.670
Nefnd um hugbúnaðargerð ríkisins	150
Verkefnaútflutningur	3.329
Námumál o.fl.	276
Niðurstöður nefnda og útgáfa skýrslna	2.648
Áfrýjunarnefnd vörumerkja	635
Annað	473
Stærri verkefni og styrkveitingar (sjá meðfylgjandi sundurliðun)	7.912
Samtals	**34.093**

Sundurliðun á stærri verkefnum og styrkveitingum:

Menntasmiðja kvenna, Akureyri	200
Bjartmar Guðlaugsson vegna markaðssetningar á íslenskri tónlist erlendis	200
Finnur Torfi Stefánsson vegna markaðssetningar á íslenskri tónlist erlendis	200
Íslensku tónlistarverðlaunin	400
Bellatrix til undirbúnings kynningar á íslenskri tónlist erlendis	150
Dóra Takefusa/Guðmundur Jónsson til kynningar á íslenskri tónlist erlendis	150
Botnleðja til kynningar og markaðssetningar á íslenskri tónlist erlendis	450
Loftkastalinn vegna tónlistarhátíðar	200
Nemendur við efnafræðiskor Háskóla Íslands vegna námsferðar	90
Sýningin Matur '98 í Kópavogi	100
Landssamband íslenskra akstursíþrótta vegna markaðssetningar erlendis	400
Reiðlist vegna þróunar vörulista til sölu á íslenskum hestavörum til útlanda	220
Félag brautargengiskvenna vegna ráðstefnu	200
Markaðsrannsókn í Mongólíu	472
Regina; Leikfélag vegna þátttöku í alþjóðlegri leiklistarhátíð	150
Menning um landið vegna Vopnafjarðarhátíðar	150
Rarik vegna alþjóðlegrar ráðstefnu um ísingu á háspennulínum	150
Myndlista- og handíðaskóli vegna þróunar á Bo Mobil farartækinu — verðlaunaverkefni í Svíþjóð	150
SÍTF vegna könnunar á hugbúnaðargerð í EES	500
Gæðastjórnunarfélag Íslands — ráðstefna um áhættustjórnun	800
Þátttaka í heimsmeistarakeppni matreiðslumanna í Frakklandi	150
Leiðangurinn til Ama Dablam '98 vegna þróunar íslenskrar fataframleiðslu til fjallgöngu	100
Form Ísland — þátttaka í norrænni ráðstefnu	90

Alþjóðafélag stjórnmálafræðinema vegna kynnisferðar til Brussel	80
Lifandi vísindi — styrkur vegna útgáfu	200
Landssamband hugvitsmanna — styrkur til reksturs félagsins	500
Samband Iðnmenntaskóla — útgáfustyrkur	80
Styrkur til sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði vegna athugana á innfl. fyrirtækja	400
Tímaritið Húsfreyjan — samkeppni um íslenska fataframleiðslu	250
Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda	150
Önnur verkefni og styrkir lægri en 80 þús. kr. (12)	580
Samtals	**7.912**

877. Svar [408. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 11-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Ákveðið hefur verið að verja 150 þús. kr. til að mæta kostnaði við varðveislu mótorbátsins Skaftfellings í samvinnu við fjármálaráðherra og menntamálaráðherra, 2.000 þús. kr. til Atvinnutryggingarsjóðs kvenna og 5.850 þús. kr. vegna tækjakaupa til upplýsingamála og heimasíðugerðar á vegum ráðuneytisins.

878. Svar [409. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 8,4 millj. kr. framlagi til ýmissa viðskipta- og bankamála á liðnum 12-190 1.90 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Ráðstöfun fjár af framangreindum lið var eftirfarandi (í þús. kr.):

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála	3.043
Samráðsnefnd um bankaeftirlit o.fl.	754
Þóknun til verkefnanefnda (4)	707
Kynnisferð samkeppnisráðs til EB	575
Frumvarp til laga um lausafjárkaup	2.499
Alþjóðleg viðskiptafélög	1.119

Framlög, styrkir		
Fjárfestingarráðstefna	125	
Íslensk verslun, allra hagur	200	
Sjúkrasjóður verslunarmanna	50	
Styrkir samtals		375
Samtals		**9.072**

879. Svar [410. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 3 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 12-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Ákveðið hefur verið að verja 2,3 millj. kr. til að standa straum af sérstökum verkefnum á vegum Neytendasamtakanna í samræmi við þjónustusamning sem gerður hefur verið við samtökin, samkeppnisstofnun eru veittar 500 þús. kr. til athugana á samkeppni á dagvörumarkaði og 200 þús. kr. fara til verkefna á vegum viðskiptaráðuneytisins.

880. Svar [401. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. fjárframlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 08-199 í fjárlögum 1998, sundurliðað eftir verkefnum?

Ráðstöfunarfé ráðherra er millifært af fjárlagalið 08-199 á lið 08-399 á hverju ári og styrkir greiddir af þeim lið.

Vísað er til svars við fyrirspurn á þskj. 675.

881. Svar [402. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum í fjárlögum 1998:

a. *2,7 millj. kr. á liðnum 08-399 1.90 Ýmis framlög,*
b. *45,9 millj. kr. á liðnum 08-621 1.90 Forvarnasjóður?*

a. Ráðstöfunarfé ráðherra er millifært af fjárlagalið 08-199 á fjárlagalið 08-399 á hverju ári og styrkir greiddir af þeim lið. Eftirfarandi er úthlutun styrkja af fjárlagalið 08-399 1.90:

Verkefni	**Fjárhæð**
Landssamtök hjartasjúklinga, útgáfa á fréttabréfi	30.000
Félag læknanema, stúdentaskipti	100.000
Blóðgjafafélag Íslands, útgáfa á fræðsluefni til blóðgjafa og aðild að Alþjóðablóðgjafasambandinu	200.000
Dr. Sigrún Júlíusdóttir, forvarnarannsóknir á högum barna — Sameiginleg forsjá	200.000
Félag íslenskra heimilislækna, fundahöld samevrópsks vinnuhóps heimilislækna um gæðaþróun	150.000
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, útgáfa á fréttabréfi	25.000
Aðalheiður Sigursveinsdóttir, rannsókn á biðlistum sjúkrastofnana	100.000
Landlæknisembættið, samning og útgáfa fræðsluefnis fyrir þolendur áfalla	100.000
Landlæknisembættið, vinna að forprófun Efi-málþroskaprófs fyrir þriggja og hálfs árs börn	300.000
MS-félag Íslands, til starfsemi félagsins og útgáfu á fréttabréfi	80.000
Styrkur vegna ófyrirséðs kostnaðar við læknismeðferð langveiks barns erlendis	200.000
Félag íslenskra sjúkraþjálfara, útgáfa fræðslubæklings um grindarlos	100.000
Lyfjafræðingafélag Íslands, kennsla og þjálfun í klíniskri lyfjafræði	50.000
Samtök sykursjúkra, í tilefni blóðsykurmælinga á alþjóðadegi sykursjúkra	200.000
Íslendingasagnaútgáfan ehf., útgáfa bókarinnar Sjálfsvíg ... hvað svo?	70.000
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, ráðstefnan NYRIS 6 á Íslandi	150.000
Sjúkrahús Reykjavíkur, Grensásdeild, kaup á lasertæki til verkjameðferðar, Grensádeild 25 ára	400.000
Íþróttafélag Landspítalans, þátttaka í norrænu sjúkrahúsleikunum í Stavanger í Noregi	100.000
Félag heyrnarlausra, útgáfa á fréttabréfi	12.500
Börnin heim, mál Sophiu Hansen	200.000
SEM-samtökin	100.000
Félag MND-sjúklinga, útgáfa á fréttabréfi	25.000
Íþróttafélag Sjúkrahúss Reykjavíkur, þátttaka í norrænu sjúkrahúsleikunum í Stavanger í Noregi	100.000
Stuðlar, til að halda ráðstefnu sem ber yfirskriftina „Maktanvendelsens Etik — diskussioner omkring etik og vold“	100.000

Angi, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	200.000
Styrkur til þátttöku í ráðstefnu um sjaldgæfan sjúkdóm, International Moebius Conference í Kanada	150.000
Forskning i Frivilligt Arbejde, norræn ráðstefna um sjálfboðastörf	30.000
Parkinsonsamtökin á Íslandi, útgáfa á fréttabréfi	100.000
Fjölvi – Vasa, útgáfa á ritröð sjálfshjálparbóka í lækningum á einstökum sjúkdómsvandamálum fyrir allan almenning	150.000
Karatesambands Íslands, vegna þátttöku fatlaðs einstaklings í endurhæfingar- og þjálfunarbúðum	100.000
Wilhelm Norðfjörð, rannsókn á sjálfsvígum ungs fólks á Íslandi	450.000
Styrkur vegna ófyrirsjáanlegs kostnaðar vegna langveiks barns	250.000
Landssamband áhugafólks um flogaveiki	225.000
Götusmiðjan, útgáfa á fréttabréfi	15.000
Stomasamtökin	75.000
Björg Þorsteinsdóttir, embætti forseta Alheimssamtaka læknanema	105.000
Hjálparstofnun kirkjunnar, útgáfa á fréttabréfi	12.000
Háskóli Íslands, Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði, til vinnusmiðju í endurhæfingarhjúkrun sjúklinga með heilablóðfall	50.000
Heilbrigðisstofnunin Húsavík, heimsókn prófessors Rogers Strassers á vísindaþing heimilislækna	50.000
Ásgeir Theodórs, St. Jósefsspítali, gerð upplýsingabæklings um holsjárskoðanir á meltingarvegi	300.000
Styrkur til einstaklings vegna erfiðra aðstæðna	150.000
Öldrunarfræðafélag Íslands, afmælisþing í tilefni 25 ára afmælis félagsins	30.000
Æskulýðssamband Íslands, útgáfa á fréttabréfi	10.000
Námsbraut í hjúkrun, til að efla vísindastarfsemi Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði í tilefni af 25 ára afmæli námsbrautarinnar	1.000.000
Klúbburinn Geysir, störf að málefnum geðsjúkra	150.000
Styrkur til ferðar foreldra fatlaðs barns á námskeið um Cri du Chat litningagalla	130.000
Sálfræðingafélag Íslands, hinn árlegi evrópski sálfræðidagur	20.000
MG-félag Íslands, koma taugasálfræðings frá Finnlandi á ráðstefnu félagsins	50.000
Art.is, farandsýningin „Lífæðar“ á sjúkrastofnunum landsins	200.000
Samtals ráðstafað	**7.094.500**

b. Eftirfarandi er úthlutun styrkja úr Forvarnasjóði 1998:

Verkefni	**Fjárhæð**
Komið og dansið, framhaldsskólaverkefni samtakanna	500.000
Helga Hannesdóttir, þýðing og innsetning í tölvu á greiningarlykli til notkunar í heilsugæslu, skólum og víðar	700.000
Barnaheill og Vímulaus æska, sameiginleg símaþjónusta og ráðgjafateymi	1.500.000
Vímulaus æska, fjölskylduráðgjöf	1.500.000
Vímulaus æska, námskeiðahald fyrir börn alkóhólista og fíkniefnaneytenda	1.500.000
Sumarheimili templara, vímulaus útihátíð í Galtalækjarskógi	1.000.000

Háskóli Íslands, rannsóknastofa í lyfjafræði, rannsókn á útbreiðslu ávana- og fíkniefna meðal ungs fólks	500.000
Háskóli Íslands, félagsvísindadeild, Sigrún Aðalbjarnardóttir, rannsóknarverkefni	700.000
Skógarmenn KFUM, vímulaus fjölskylduhátíð um verslunarmannahelgina	500.000
Álftamýrarskóli, nýjung við próflok 10. bekkinga	30.000
Götusmiðjan, fjölskylduráðgjöf, forvarnastarf	500.000
Ísland án eiturlyfja, lögreglustjóri og Vímulaus æska, kynning á útivistarreglum og þýðingu þeirra í forvörnum	500.000
Áfengisvarnaráð, útgáfa handbókar fyrir stjórnendur fyrirtækja í áfengismálum	500.000
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, vinnsla og útgáfa bæklinga og annað fræðslustarf	1.000.000
Græni lífseðillinn, samstarf ráðuneytisins og Íþróttasambands Íslands	1.500.000
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, skýrsla um vímuefnamál	250.000
FRÆ, SÁÁ, og Rauði kross Íslands, Vímuvarnaskólinn út á land	1.400.000
Heimili og skóli, verkefnið „Fyrirmyndarforeldrar“	1.800.000
Jafningjafræðsla framhaldsskólanema, fræðslustarf meðal nemenda í framhaldsskólum	2.000.000
SÁÁ, unglingar í áhættuhópi og foreldrar þeirra	370.000
SÁÁ, rannsókn á þróun misnotkunar hjá vímuefnasjúklingum	360.000
SÁÁ, námskeið um hass fyrir kennara í framhaldsskólum	150.000
SÁÁ, vímulaus útihátíð um verslunarmannahelgina	500.000
SÁÁ og forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík, nokkur samstarfsverkefni	1.000.000
SÁÁ, samstarfsverkefni við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti um víðtækar forvarnir í sveitarfélögum	6.500.000
Skólaskrifstofa Vesturlands, félagsmáladeild, dreifing fræðslu- og forvarnaefnis	350.000
Íslans án eiturlyfja 2002	4.800.000
Dyngjan, áfangaheimili	300.000
Stórstúka Íslands, bindindisdagur fjölskyldunnar	100.000
AA-samtökin, ferðastyrkur	250.000
Lionsklúbburinn Eir, til vímuefnavarna	20.000
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, fræðslumyndbönd um forvarnir	30.000
Byrgið, kristilegt líknarfélag	400.000
Nemendafélag Grunnskólans á Hofsósi, átakið „Ungt fólk í Evrópu — íslensk æska án vímuefna“	150.000
Freeport-klúbburinn	100.000
Úthlutun til áfangaheimila	11.700.000
Samtals styrkir af fjárlagalið 08-621 1.90	**44.960.000**

882. Svar [438. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

1. *Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að fjölga konum í lögreglunni, sbr. lið 2.4 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Hvaða niðurstöður liggja fyrir um stöðu kvenna innan lögreglunnar, sbr. sama lið?*

Skýrsla nefndar um bætta stöðu kvenna innan lögreglunnar var gefin út í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í september 1997. Þar kemur m.a. fram að hlutfall kvenna innan lögreglunnar sé lágt, aðeins 4,3%. Ný skipan á vali nemenda í lögregluskólann hefur leitt til þess að konum hefur fjölgað í hópi nemenda sem ætti að leiða til þess að auka hlut kvenna í lögreglunni í framtíðinni. Fjöldi nýnema og skipting þeirra eftir kynjum sl. þrjú ár er eftirfarandi:

Ár	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
1995	16	1	15	6%
1996	16	3	13	18%
1997	32	9	23	28%
1998	32	6	26	19%

Skýrslan hefur að geyma upplýsingar um stöðu kvenna innan lögreglunnar og yfirlit yfir stöðu lögreglukvenna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Þá birtast í skýrslunni niðurstöður viðhorfskönnunar er fór fram innan lögreglunnar hér á landi í upphafi árs 1996. Voru spurningalistar sendir til allra starfandi lögreglumanna á þeim tíma, alls 612 listar. Í niðurstöðum könnunarinnar er að finna ýmsar athyglisverðar upplýsingar um hvernig lögreglumenn meta aðbúnað innan lögreglunnar. Er viðhorfskönnunin sérstök að því leyti að hún nær til alls viðfangsins. Nefndin lagði fram tillögur í tólf liðum sem væru til þess fallnar að bæta stöðu kvenna innan lögreglunnar. Sumar lúta að starfsmannastefnu ríkisins, svo sem tillaga um jafnan rétt til fæðingarorlofs. Þá lagði nefndin m.a. til að breytt væri ákvæðum lögreglulaga, nr. 90/1996, um skipan valnefndar sem velur nemendur í Lögregluskóla ríkisins, hún skyldi skipuð bæði körlum og konum. Þrátt fyrir að það hafi ekki gengið eftir hefur valnefndin sýnt hlutlæg vinnubrögð og vandvirkni í störfum sínum. Nefndin er sjálfstæð og hefur sett sér starfsreglur sem farið er eftir við val á nemum í skólann og er fjölgun kvenna í hópi lögreglunema veruleg, eins og framangreindar tölur sýna. Í upplýsingabæklingi Lögregluskóla ríkisins um grunnnám fyrir lögreglustarf er tekið fram að á undanförnum árum hafi verið lögð áhersla á að fjölga konum í lögreglunni.

Með bréfi, dags. 20. október 1997, var ríkislögreglustjóra kynnt skýrslan og honum falið að taka til meðferðar aðrar tillögur nefndarinnar og setja fram tillögur um hvernig þeim yrði best sinnt. Í bréfi ríkislögreglustjóra, dags. 31. desember 1997, er gerð grein fyrir þeirri vinnu sem hafin er hjá embættinu í sambandi við nokkrar tillögur og hvernig þær fara saman við hugmyndir og tillögur um hlutverk og starfsemi hins nýja embættis. Þá er tekið fram í bréfinu að vinnu við að finna út hvernig útfæra megi tillögurnar sé ekki lokið. Að lokum má geta þess að í auglýsingum ríkislögreglustjóra og Fangelsismálastofnunar ríkisins eru konur hvattar til að sækja um auglýst störf til að stuðla megi að því að hlutfall kvenna í lögregluliði landsins og meðal fangavarða verði hærra.

2. *Hversu mörg námskeið hafa verið haldin um mannréttindi kvenna fyrir opinbera embættismenn, hversu margir hafa sótt þau námskeið og hvaða stofnanir hafa notið þeirra, sbr. lið 2.9 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar?*

Námskeið um mannréttindi var haldið fyrir dómara haustið 1997 á vegum Endurmenntunarstofnunar Íslands í samvinnu við dómsmálaráðuneytið og dómarafélagið þar sem m.a. var lögð áhersla á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og farið yfir dóma Mannréttindadómstóls Evrópu um það efni. Haustið 1998 var haldið sams konar námskeið fyrir aðra en dómara. Námskeiðin hafa sótt u.þ.b. 20–30 manns sem eru m.a. í störfum hjá dómstólum, lögreglustjóraembættum og ráðuneytum.

3. *Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 2.10? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?*

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu eru 27 starfsmenn við störf. Ráðuneytisstjóri er karlmaður. Af sex skrifstofustjórum í ráðuneytinu eru tvær konur og fjórir karlmenn. Af ellefu sérfræðingum eru sex konur og fimm karlmenn. Þá eru níu starfsmenn í almennum skrifstofustörfum, allt konur.

Í tilefni af fyrirspurn Ástu B. Þorsteinsdóttur um skipan héraðsdómara, sýslumanna og forstöðumanna stofnana á vegum dómsmálaráðuneytisins á 122. löggjafarþingi 1997–98 (þskj. 1030, 608. mál) var m.a. kannað hversu margar stöður héraðsdómara og hæstaréttardómara væru og hversu margar konur gegndu þeim. Í ljós kom að af 38 stöðum héraðsdómara voru á þeim tíma átta skipaðar konum og að einni af níu stöðum hæstaréttardómara gegndi kona. Frá þeim tíma hefur ein kona verið skipuð héraðsdómari, en þeirri stöðu hafði karlmaður gegnt áður. Samkvæmt heimild í nýjum dómstólalögum hefur ráðherra sett fjóra héraðsdómara tímabundið, þ.e. til 30. júní 2001, og voru þrír þeirra konur. Aðrar kannanir hafa ekki verið gerðar á vegum ráðuneytisins að öðru leyti en því að samkvæmt lauslegri athugun kemur fram að af starfsfólki embætta sýslumanna eru konur í meiri hluta ef lögreglulið er ekki talið með.

4. *Hvað líður gerð áætlana um jafna stöðu kynjanna í ráðuneytinu og stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 2.10? Hversu margar þeirra stofnana sem heyra undir ráðuneytið hafa þegar gert slíkar áætlanir?*

Staða kynjanna í ráðuneytinu hefur verið nokkuð jöfn, sbr. það sem að framan greinir, og hefur því ekki verið talin þörf á sérstakri jafnréttisáætlun til úrbóta. Þá hefur ráðuneytið nýlega sett erindisbréf fyrir sýslumanninn í Hafnarfirði þar sem m.a. er lögð sú skylda á sýslumann að stuðla að því að störf innan embættisins henti jafnt konum sem körlum og vinna að jafnri stöðu kynjanna í hvívetna. Enn fremur hefur ráðuneytið gert samning um árangursstjórnun við embætti sýslumannsins í Hafnarfirði og þar er m.a. samkomulag um að hjá embættinu verði mótuð starfsmannastefna um þau atriði sem teljast mikilvæg fyrir embættið og skuli þar m.a. fylgt stefnu ríkisstjórnarinnar um jafnréttismál. Fyrirhugað er að setja öllum öðrum sýslumönnum sams konar erindisbréf á yfirstandandi ári, svo og að ganga frá efnislega sambærilegum samningum við aðra sýslumenn og er nú unnið að því.

883. Nefndarálit [346. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útflutning hrossa, nr. 161/1994, sbr. lög nr. 73/1996.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti, Gunnar Hólmsteinsson frá Bændasamtökum Íslands og Sveinbjörn Eyjólfsson frá útflutnings- og markaðsnefnd.

Umsagnir bárust frá Hagþjónustu landbúnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Félagi hrossaútflytjenda og útflutnings- og markaðsnefnd.

Í frumvarpinu er lagt til að lögum um útflutning hrossa verði breytt með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa á búnaðarlögum, nr. 70/1998, og lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum. Í lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, er nú kveðið á um að innheimta skuli sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum og ráðstafa skuli ákveðnu hlutfalli af því til Búnaðarmálasjóðs. Með hliðsjón af því er lagt til í frumvarpinu að horfið verði frá því að hluti gjalds vegna útflutnings hrossa, sem mælt er fyrir um í 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga um útflutning hrossa, verði látinn renna í Búnaðarmálasjóð. Ekki er í frumvarpinu lögð til breyting á upphæð gjaldsins heldur eingöngu á ráðstöfun þess.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram það sjónarmið að frá gildistöku laga nr. 84/1997 hefðu útflytjendur hrossa í raun greitt tvöfalt gjald í Búnaðarmálasjóð. Nefndin telur þetta sjónarmið á rökum reist og leggur því til að við frumvarpið verði bætt ákvæði til bráðabirgða um að endurgreiða skuli þeim sem flutt hafa út hross eftir gildistöku laga nr. 84/1997 þann hluta gjaldsins sem rann til Búnaðarmálasjóðs. Þá leggur nefndin til að útflutningsgjald sem lagt er á hvert útflutt hross verði lækkað úr 8.000 kr. í 6.800 kr., enda væri ella um að ræða auknar álögur á útflytjendur hrossa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Hjálmar Jónsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. febr. 1999.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Guðjón Guðmundsson.
Magnús Stefánsson.	Katrín Fjeldsted.	Ágúst Einarsson.

Sigríður Jóhannesdóttir.

884. Breytingartillögur [346. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um útflutning hrossa, nr. 161/1994, sbr. lög nr. 73/1996.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. og 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Gjaldið skal vera 6.800 kr. og greiðist í sérstakan útflutningssjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Er því ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorðs en 5% gjaldsins skal greiða í stofnverndarsjóð sem starfar skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998.
2. Við bætist ákvæði til bráðbirgða, svohljóðandi:
   Þeim sem greitt hafa útflutningsgjald skv. 5. gr. frá gildistöku laga nr. 84/1997, um búnaðargjald, þar til lög þessi öðlast gildi skal endurgreiddur sá hluti gjaldsins sem runnið hefur til Búnaðarmálasjóðs.

885. Tillaga til þingsályktunar [548. mál]

um jöfnun lífskjara og aðstöðumunar eftir búsetu.

Flm.: Guðni Ágústsson, Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem rannsaki hvernig unnt sé að jafna lífskjör og aðstöðumun fólks eftir búsetu með aðgerðum í skattamálum.

Nefndin skili Alþingi skýrslu eigi síðar en 1. október 1999.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er að leita allra leiða til að jafna lífskjör og aðstöðumun fólks eftir búsetu í landinu. Flutningsmenn telja að ýmsar aðgerðir í skattamálum komi til álita og telja vert að eftirfarandi atriði verði skoðuð:

1. Persónuafsláttur.

— Foreldrar nemenda í framhaldsskólum fjarri heimili fái að nýta ónýttan persónuafslátt barna sinna.
— Hjón og sambýlisfólk fái að nota ónýttan persónuafslátt maka/sambýlings að fullu.
— Íbúar ákveðinna landsvæða fái sérstakan persónuafslátt í staðgreiðslu til viðbótar þeim persónuafslætti sem almennt gildir, t.d. 150 þús. kr. á ári.

2. Frádráttur frá sköttum.

— Frekara tillit verði tekið til kostnaðar foreldra vegna náms barna við framhaldsskóla fjarri heimili.
— Tekið verði tillit til kostnaðar við akstur milli heimilis og vinnustaðar. Skattalög leyfa ekki slíkan frádrátt nú en í löggjöf nágrannaríkja okkar er að finna slíkar heimildir.
— Tekið verði tillit til þess ef fólk þarf að halda tvö heimili vegna vinnu sinnar.

3. Eignarskattur.
— Við útreikning á eignarskatti verði tekið tillit til tekna en áður fyrr var slíka heimild að finna í skattalögum. Bændur mundu einkum njóta þessa hagræðis þar sem talsverðar eignir eru bundnar í byggingum til rekstrarins en tekjur eru yfirleitt lágar.
4. Aðrir skattar og gjöld.
— Álagning þungaskatts og bifreiðagjalda verði endurskoðuð.
— Löggjöf um skattalega meðferð söluhagnaðar í landbúnaði verði tekin til endurskoðunar.
— Skattheimta af flugumferð innan lands verði tekin til endurskoðunar, t.d. hvað varðar eldsneyti og flugvallarskatta.
— Hugað verði að jöfnun aðstöðumunar íbúa dreifbýlis og þéttbýlis með innheimtu mismunandi virðisaukaskatts.
— Hætt verði við fyrirhugaðar breytingar á tryggingagjaldi þar sem gert er ráð fyrir einu gjaldstigi fyrir allar atvinnugreinar árið 2000. Til viðbótar mismun eftir atvinnugreinum mætti hugsa sér t.d. 2% mun eftir því hvort fyrirtæki eru í dreifbýli eða þéttbýli.
5. Annað.
— Hugað verði að aukningu hlutar sveitarfélaga í tekjuskattsstofni, einkum hjá þeim sveitarfélögum sem orðið hafa fyrir hvað mestum búsifjum vegna brottflutnings íbúa.
— Réttur sjálfstæðra atvinnurekenda, t.d. bænda og smábátaútgerðarmanna, til atvinnuleysisbóta verði aukinn og ekki sé gert upp á milli rekstrarforma fyrirtækja.

Fylgiskjal I.

Byggðastofnun,
dr. Bjarki Jóhannesson:

Lauslegur samanburður á skattaívilnunum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.
(Nóvember 1998.)

Noregur	Svíþjóð	Finnland
Heildarskattur Lægri í Finnmörku og Norður-Troms	Enginn munur eftir svæðum	Enginn munur eftir svæðum
Námslán Fólk í Finnmörku fær 15% afslátt á endurgreiðslum fyrstu fimm árin	Rætt hefur verið um lækkun á endurgreiðslum, en ekki fengist í gegn	Enginn afsláttur
Akstur til vinnu (eigin bíll) Frádráttur frá skatti ef árskostnaður fer yfir vissa upphæð	Frádráttur frá skatti ef vegalengd er meiri en 15 km, nota þarf bíl í starfi eða sparast 1 klst á dag miðað við almenningsfarartæki, og ef árskostnaður fer yfir vissa upphæð	Frádráttur frá skatti, nánari skýringar vantar

Tvöföld búseta Frádráttur frá skatti ef viðkomandi þarf að stunda vinnu fjarri heimili	Frádráttur frá skatti ef viðkomandi þarf að stunda vinnu fjarri heimili	Frádráttur (lítill) frá skatti ef viðkomandi þarf að stunda vinnu fjarri heimili
Námskostnaður barna Stuðningur ef nám krefst breyttrar búsetu barns	Stuðningur frá sveitarfélagi ef nám krefst breyttrar búsetu barns	Stuðningur frá sveitarfélagi ef nám kallar á búsetu barns annars staðar
Bifreiðagjöld Þungaskattur er mismunandi eftir svæðum	Bifreiðagjöld eru lægri í innsveitum Norrlands	Enginn afsláttur, en bensín dýrara í Norður Finnlandi
Atvinnurekstrargjöld Breytileg eftir svæðum, lægst í Finnmörk en hæst í Ósló	Lægri í innsveitum Norrlands	Enginn mismunur milli svæða

Fylgiskjal II.

Byggðastofnun,
dr. Bjarki Jóhannesson:

Stuðningsaðgerðir Evrópusambandsins við atvinnu- og byggðaþróun.

(Nóvember 1998.)

Hér fer á eftir stutt yfirlit yfir stuðningsaðgerðir Evrópusambandsins (ESB) við atvinnu- og byggðaþróun. Þetta yfirlit er einungis sett fram til viðmiðunar fyrir stuðningsaðgerðir íslenskra stjórnvalda við atvinnu- og byggðaþróun hér á landi. Ekki er verið að skilgreina þátttöku Íslands í aðgerðum ESB, enda eiga Íslendingar í fæstum tilvikum aðgang að þessu stuðningskerfi ESB.

Svæðaþróun er eitt af aðalmarkmiðum ESB og jöfnunaraðgerðir milli svæða eru þar mikilvægur þáttur. Einkunnarorðin eru samkeppni, samstarf og samstaða.

Svæði ESB eru margbreytileg og uppbygging þeirra og tengsl oft flókin. Þetta tengist m.a. stofnbreytingum atvinnulífsins, tækniframförum og aukinni samvinnu milli svæða. Oft eru rík og nútímavædd svæði í nábýli við fátæk og vanþróuð svæði. Ýmis svæði einkennast af fjölbreytni og framþróun, meðan önnur, einkum óaðgengileg jaðarsvæði, hafa dregist aftur úr. Meðal þeirra síðarnefndu má einkum finna hefðbundin landbúnaðarsvæði með mikla fólksfækkun, mikið dulið atvinnuleysi og skammt þróaða grunngerð (svo sem samgöngukerfi). Hins vegar má finna þar svæði, sem byggt hafa á einhæfum iðnaði, sem nú er í hnignun. Það hefur síðan leitt til mikils atvinnuleysis. Finna má samsvörun þessara svæða hérlendis annars vegar á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum, eins og Vestur-Skaftafellssýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og Dalabyggð, og hins vegar svæðum sem eingöngu hafa byggst upp kringum fiskveiðar og fiskiðnað.

Þriðjungur fjárveitinga ESB fer til svæðajöfnunaraðgerða. Markmiðið er að jafna samkeppnishæfni og lífskjör ólíkra svæða. Þessar svæðajöfnunaraðgerðir byggjast að hluta til

á stuðningi ESB og að hluta til á aðgerðum ríkjanna sjálfra. Svæðastuðningur ESB kemur til viðbótar aðgerðum ríkjanna sjálfra. Löndin verða því sjálf að fjármagna aðgerðirnar að hluta til.

Svæðastuðningur ESB kemur frá stoðsjóðum ESB (Structure Funds). 50% þessa fjármagns kemur frá svæðasjóðnum, 30% frá félagsmálasjóðnum og 20% frá landbúnaðar- og fiskveiðisjóðunum. Heildarfjármagn til svæðajöfnunaraðgerða á tímabilinu 1994–1999 er 145 milljarðar ECU, sem samsvarar u.þ.b. 12 þúsund milljörðum íslenskra króna.

AÐALMARKMIÐ

90% svæðajöfnunaraðgerða renna til 6 skilgreindra aðalmarkmiða (objectives).

Markmið 1.

Þróun skammt þróaðra svæða, þar sem verg svæðisframleiðsla er minni en 75% meðaltals innan ESB. Stutt er við fjárfestingar í grunngerð, fjölbreytni atvinnulífs, þróun í landbúnaði og ferðaþjónustu, fjárfestingar í heilbrigðiskerfi, evrópskt heildar samgöngukerfi, orkumál og fjarskiptatækni.

Markmið 2.

Uppbygging og endurnýjun á svæðum með hnignandi iðnað. Beinist að fyrirtækjum, svæðastjórnvöldum, sveitarfélögum og samtökum. Stutt er við endurnýjun iðnaðar, stofnun fyrirtækja, m.a. kvenna og ungs fólks, alþjóðavæðingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, samstarf fyrirtækja og háskóla varðandi rannsóknar- og þróunarstarf, samvinnu fyrirtækja, auknar fjárfestingar, nýja tækni og vöruþróun, starfsþjálfun, umhverfismál fyrirtækja og ferðaþjónustu.

Markmið 3.

Aðgerðir gegn langtímaatvinnuleysi, einkum ungmenna. Beinist að fyrirtækjum, stjórnvöldum og samtökum. Sérstök áhersla er lögð á þá sem lengi hafa verið atvinnulausir, ungmenni milli 17 og 24 ára, fatlaða og innflytjendur. Stutt er við starfsmenntun, leiðbeiningar og ráðgjöf, átaksmiðstöðvar og stofnun eigin fyrirtækja.

Markmið 4.

Endurmenntun starfsfólks í fyrirtækjum og bætt vinnutilhögun. Beinist einkum að starfsfólki lítilla fyrirtækja (með allt að 49 starfsmenn), að hluta til konum í heilbrigðis- og félagslegri þjónustu. Stutt er við þróun vinnuskipulags, athuganir á þörfum starfsfólks og starfsmenntun á sviði vöruþróunar, upplýsingatækni og alþjóðavæðingu.

Markmið 5a.

Þróun í landbúnaði og fiskveiðum í sambýli við umhverfið. Beinist að fyrirtækjum í landbúnaði og sjávarútvegi. Stutt er við starfsmenntun, þróun fyrirtækja og aukna samkeppnishæfni innan skammt þróaðra svæða á þessum sviðum. Í landbúnaði er framleiðslustyrkur miðaður við fjölda gripa, en sums staðar er einnig veittur styrkur til ræktunar. Stutt við þróun samkeppnishæfni til langs tíma, og verðmætaaukningu kjötafurða, grænmetis, ávaxta o.fl. Í sjávarútvegi er stutt við úreldingu fiskiskipa, nútímavæðingu fiskveiðitækja og fiskveiðiaðferða, gæðaþróun, öryggismál, ræktun nýrra fisktegunda, endurnýjun lager- og kæligeymslna, bætt vinnuskilyrða, átaksverkefni og ráðstefnur.

Markmið 5b.

Þróun og grunnbreyting í dreifbýli. Beinist að smáfyrirtækjum, samtökum, þróunarhópum, svæðastjórnvöldum og sveitarfélögum á jaðarsvæðum. Stutt er við athuganir á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, þróun og viðbætur við hefðbundnar atvinnugreinar, stofnun nýrra fyrirtækja (einkum meðal kvenna), ferðaþjónustu, náttúruvernd, sjálfbæra þróun, menningarmál, fjarskiptatækni og menntun á því sviði, samhæfingu þjónustu og netsamstarfsverkefni.

Markmið 6.

Stuðningur við sérlega dreifbýl svæði. Beinist að fyrirtækjum, samtökum, þróunarhópum, svæðastjórnvöldum og sveitarfélögum. Stutt er við vöruþróun, nýja tækni, markaðssetningu, framleiðniaukningu, gæðaþróun, ferðaþjónustu, rannsóknir og þróunarsamstarf lítilla fyrirtækja, þróun grunngerðar og fjarskipta, menntun m.a. kvenna og ungmenna í upplýsingatækni, starfsmenntun innan fyrirtækja, þróun landbúnaðar, sjálfbæra þróun, fiskveiðimenntun, vistfræði, verktakamenntun og hvernig bæta megi ýmsa þjónustu með fjarskiptatækni.

SAMSTARFSVERKEFNI

9% svæðajöfnunaraðgerða ESB renna til svokallaðra samstarfsverkefna. Oftast er krafist samstarfs aðila frá tveimur eða fleiri ríkjum. Forgangsverkefni eru m.a. þróun landsbyggðar, einkum jaðarsvæða, atvinnuþróun, mannauðsþróun, vandamál vegna breyttra atvinnuhátta, vandamálasvæði í borgum og grunnbreyting á fiskveiðum. Hér eru nefnd nokkur helstu verkefnin sem tengjast atvinnu- og byggðaþróun.

Adapt.

Samstarfsverkefni aðila frá fleiri en einu ríki. Beinist að opinberum aðilum, einkafyrirtækjum, aðilum vinnumarkaðarins, þróunarstofnunum o.fl. Stutt er við starfsmenntun sem beinist að nýsköpun, aðferðaþróun og samstarfsformum.

Employment.

Samstarfsverkefni aðila frá fleiri en einu ríki. Beinist að stjórnvöldum, sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, rannsóknarstofnunum, menntastofnunum og fyrirtækjum. Stutt er við starfsmenntun fólks, með veika stöðu á vinnumarkaði, svo sem fatlaða, ungmenni og konur.

Interreg II.

Samstarfsverkefni yfir ríkjamörk. Stutt er við atvinnuþróun, menntun o.fl.

Leader II.

Atvinnuþróun á landbúnaðarsvæðum, einkum á sviði smáfyrirtækja, umhverfismála, þjónustu, ferðamála, menningar, lífsgæða o.fl. Beinist að átakshópum í héruðum. Stutt er við nýsköpunaraðgerðir, sem nýtast sem fyrirmynd fyrir önnur svæði. Myndað er samstarfsnet slíkra svæða. Athugun á þörfum og möguleikum innan atvinnuþróunar, verðmætaaukningar framleiðslu, lífsgæða, umhverfismála, opinberrar þjónustu og ferðaþjónustu.

Pesca.

Aukin fjölbreytni í fiskiðnaði. Beinist að starfsfólki og fyrirtækjum í fiskiðnaði. Stutt er við vatnanýtingu, vatnaferðaþjónustu, þróun og markaðssetningu matvæla, nýtingu aukaafurða fisks, menntun og netsamstarf.

SME.

Samkeppnishæfni og aðlögun lítilla og meðalstórra fyrirtækja að innri markaði ESB. Stutt er við markaðsþróun, samkeppnishæfni með aðstoð nýrrar tækni, einkum upplýsinga- og samskiptatækni, og umhverfismál til aukningar samkeppnishæfni (umhverfisgæðastimpill o.fl.).

TILRAUNAVERKEFNI

Um það bil 1% svæðajöfnunaraðgerða ESB renna til lítilla tilraunaverkefna á sviði nýsköpunar o.fl.

Svæðasjóðurinn styrkir m.a. svæðasamstarf á sviði menningar, skipulagsmála, útbreiðslu tækni, menntunar, landbúnaðar og fiskveiða.

Félagsmálasjóðurinn styrkir m.a. verkefni á sviði almennrar menntunar, starfsmenntunar, vinnuskipulags, hreyfanleika starfsfólks og aðlögunar fólks, sem fallið hefur út af vinnumarkaðinum.

Landbúnaðarsjóðurinn styður þróunarverkefni á landbúnaðarsvæðum.

Fiskveiðisjóðurinn styður nýsköpunarverkefni og rannsóknir á sviði sjávarútvegs.

Fylgiskjal III.

Byggðastofnun,
dr. Bjarki Jóhannesson:

Samanburður á skattakerfum Íslands og Noregs.

(Nóvember 1998.)

	Ísland	Noregur	Skýringar
1. Tekjuskattur og útsvar	Tekjuskattur 39,02% af tekjuskattsstofni (27,41% tekjuskattur + 11,61% útsvar). Staðgreiðsla barna yngri en 16 ára 6,00%. Tekjur barna < 79.889 kr. eru skattfrjálsar. Tekjuskattur hluta- og samvinnufélaga er 33,00% og sameignarfélaga 41,00%.	Tekjuskattur er 28,00% af tekjuskattsstofni sem skiptist þannig að 6,75% fer til fylkisins, 11,50% fer til sveitarfélagsins og 9,75% til ríkisins. Í Finnmörku og N-Troms er tekjuskattur lægri eða 24,50%. Þar er hlutur ríkisins í skattheimtunni 6,25% í stað 9,75%.	Tekjuskattshlutfall er lægra í nyrsta hluta Noregs og munar þar 3,5% (28,0% – 24,5%). Það er hlutfall skatttekna ríkisins sem er lægra, þ.e. 6,25% á móti 9,75% sem er almenna skatthlutfallið til ríkisins.
2. Hátekjuskattur	Af tekjuskattsstofni > 3.120.000 kr. er innheimtur 7,00%-skattur (tvöfaldar upphæðir hjá hjónum/sambýlisfólki).	Af tekjuskattsstofni á bilinu 233.000 – 262.500 kr. 9,50% og 13,7% af stofni yfir 262.500 kr. (kl. I). Hjá íbúum Finnmerkur og nokkurra sveitarfélaga í Troms-fylki er aðeins innheimtur 9,50% hátekjuskattur (hærra skattþrepið er ekki notað).	Hátekjuskattur er hærri í Noregi. Hann er hærri prósenta en hérlendis og er tvískiptur (9,50% og 13,7%). Auk þess sem hann reiknast á lægri viðmiðunarupphæðir (233.000 NOK er um 2.190.000 ISK). (Sk.klassi II = Einstætt foreldri og hjón/sk.kl. I = einstaklingar.)

	Ísland	Noregur	Skýringar
3. Persónu-afsláttur	Persónuafsláttur er 280.320 kr. á ári (23.360 kr. á. mánuði).	Persónuafsláttur er 24.100,- í kl. I á ári og 48.200,- í kl. II Sérstakur frádráttur er fyrir íbúa Finnmerkur og N-Troms að upphæð 15.000,- í kl. I.	Persónuafsláttur er sambærilegur og hérlendis. Norður-frádrátturinn er aukalega 141.000 ISK til lækkunar á tekju-skattsskyldum launum.
4. Sjómanna-afsláttur	Sjómannaafsláttur til lækkunar tekjuskatts er á dag 656 kr. eða um 239.440 kr. á ársgrundvelli.	Sjómannaafsláttur er 30,00% með efri mörk við kr. 70.000 NOK.	
5. Frádráttur vegna lífeyris-sjóðs-iðgjalds	Frádráttur vegna iðgjalds í lífeyrissjóð er að hámarki 4,00% af launum árið 1998. Í staðgreiðslu 1999 verður heimilt að færa til frádráttar allt að 6,00% af iðgjalds-stofni.	Frádráttur vegna iðgjalds í séreignalífeyrissjóð að hámarki 10,00% af launum. Hámarksupphæð 30.000 kr.	
6. Atvinnu-rekenda-gjöld og trygginga-gjald	Tryggingagjald 5,83% og 4,23%. Iðnaðarmálagjald 0,08. Búnaðargjald 2,65%. Markaðsgjald 0,015%. Skattur á verslunar og skrifstofuhúsnæði 0,313%.	Breytilegt eftir svæðum, þ.e. svæði 1 14,1%, svæði 2 10,6%, svæði 3 6,4%, svæði 4 5,1% og svæði 5 0,0%. Síðan er sérstakt 10,0% aukagjald á laun yfir 16G (meðatal 12G). Tryggingagjald 7,8% – 10,7%	
8. Náms-kostnaður – námslán	Lán LÍN taka tillit til framfærslukostnaðar og þ.m.t. búsetu námsmanns (foreldrahús, leiguhúsn., fjölskyldustærðar o.s.frv. Lánað er vegna ferða-kostnaðar (litlar upphæðir). Engin sérkjör eru varðandi endurgreiðslu lánanna.	Stuðningur ef nám kallar á flutning á milli staða. Íbúar Finnmerkur fá 15% afslátt af endurgreiðslum námslána fyrstu fimm árin.	
9. Þunga-skattur – díselskattur	Þungaskattur endurgreiddur til bænda að hluta.	Mismunandi skattur eftir svæðum.	
10. Tvöföld búseta	Ekkert tillit tekið til slíks.	Frádráttur frá skatti ef viðkomandi þarf að stunda vinnu fjarri heimili sínu.	
11. Bifreiðar	Ekki er viðkenndur kostnaður við rekstur ökutækis vegna ferðalag á milli heimilis og vinnustaðar. Fyrir annan akstur fyrir vinnuveitendur er gerður rekstrarreikningur.	Viðurkennd eru útgjöld vegna ferðalaga á milli heimilis og vinnustaðar – lækkun tekjuskattsstofns.	
12. ESB-stuðningur	Enginn.	Enginn.	

886. Frumvarp til laga [549. mál]

um afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga.

Flm.: Gísli S. Einarsson.

1. gr.

Frá og með 1. júlí 1999 er öll verðtrygging fjárskuldbindinga með vísitölum óheimil, óháð stofnunartíma kröfunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að frá og með 1. júlí 1999 verði óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar, hverju nafni sem nefnast, t.d. innlán og útlán í bankakerfinu og viðskiptabréf hvers konar. Frumvarpið tekur jafnt til samninga sem gerðir eru eftir 1. júlí 1999 og samninga sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma. Verði frumvarpið að lögum munu verðtryggingarákvæði fjárskuldbindinga falla úr gildi. Af þeim sökum verða samningsaðilar að endurskoða slík ákvæði sem í gildi eru við gildistöku laganna.

887. Svar [440. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

1. *Hvað líður fræðsluátaki fjármálaráðuneytisins í jafnréttismálum fyrir yfirmenn stofnana sem undir það heyra, sbr. lið 4.4 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?*

Um mitt ár 1997 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að móta tillögur um hvernig vinna skuli að jafnrétti kynjanna. Meginverkefni nefndarinnar er að vera fjármálaráðherra til ráðuneytis um aukið jafnrétti milli karla og kvenna sem starfa hjá ríkinu. Nefndinni er sérstaklega ætlað að skoða stöðu jafnréttismála með tilliti til launa, starfa, starfsframa og hvers konar réttinda og að vinna að framkvæmd jafnréttismála fyrir fjármálaráðuneytið og stofnanir þess. Eitt fyrsta verkefni nefndarinnar var að kanna jafnréttismál meðal starfsmanna og forstöðumanna stofnana fjármálaráðuneytis. Niðurstöður þessarar könnunar voru sendar öllum forstöðumönnum stofnana ráðuneytisins. Þá fengu allir starfsmenn stofnananna bréf þar sem þeim var þökkuð þátttakan í könnuninni og jafnframt bent á að þeir gætu nálgast niðurstöðurnar hjá forstöðumönnum sinna stofnana.

Á tveggja daga fundi forstöðumanna stofnana fjármálaráðuneytisins í mars 1998 voru jafnréttismál meðal dagskrárefnis. Á fundinum fór Ólafur Stephensen, þáverandi blaðamaður og formaður karlanefndar Jafnréttisráðs, yfir niðurstöður könnunarinnar og velti upp spurningum um hvort áhersla á jafnréttismál væri til óþurftar í rekstri stofnana eða hvort hún væri gagnleg til að ná betri árangri. Á fundinum kom skýrt fram nauðsyn þess að ráðuneytið og forstöðumenn stofnana þess hefðu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar að leiðarljósi við

stjórnun. Rætt var um mikilvægi þess að jafnréttisáætlanir væru gerðar og lýsti ráðuneytið því yfir að það mundi láta þessi mál sig varða áfram.

2. *Hvað líður endurskoðun á eyðublöðum þeirra stofnana sem heyra undir ráðuneytið, sbr. lið 4.6 í framkvæmdaáætluninni?*

Embætti ríkisskattstjóra hefur umsjón með eyðublöðum þar sem einstaklingar gefa upplýsingar um tekjur og eignir til skatts. Embættið hefur látið endurskoða þessi eyðublöð. Sú vinna skilaði sér m.a. í breytingu á persónuframtalinu árið 1998. Hún fólst í því að í stað orðanna „eiginmaður“ og „eiginkona“ kom „kennitala framteljanda“ og „kennitala maka“. Þessi breyting var gerð í kjölfar breytinga sem gerðar voru í þjóðskrá um áramót 1997–98. Fram að þeim tíma hafði kennitala eiginmanns verið notuð til að tengja saman fjölskyldur en nú er það kennitala þess sem eldri er sem ræður fjölskyldumerkingu. Álagningarkerfum ríkisskattstjóra var breytt í samræmi við þessar breytingar í þjóðskrá og er nú talað um raðnúmer 1 (þess eldri) og raðnúmer 2 (þess yngri).

3. *Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála innan ráðuneytisins eins og þeim háttar nú, sbr. lið 4.7 í framkvæmdaáætluninni?*

Eins og fram kom hér að framan gerði nefnd um jafnréttismál á vegum fjármálaráðherra könnun meðal starfsmanna og forstöðumanna stofnana ráðuneytisins. Markmiðið með gerð hennar var að fá upplýsingar um stöðu jafnréttismála í fjármálaráðuneytinu og stofnunum þess og um viðhorf starfsfólksins til ýmissa atriða sem tengjast jafnrétti karla og kvenna. Að mati formanns nefndarinnar kom þar fram að margt er í ágætu horfi hjá fjármálaráðuneytinu og stofnunum þess, til dæmis virðast flestir vinnustaðirnir sýna sveigjanleika og skilning á aðstæðum barnafólks og almenn ánægja virðist vera með fæðingarorlof karla. Hins vegar þyrfti að mati nefndarinnar að skoða nokkur atriði betur. Má þar nefna að konur eru almennt vantrúaðri á möguleika sína til að fá stöðuhækkun og að þær telja mun síður en karlar að hlunnindum sé úthlutað til starfsmanna óháð kyni. Í undirbúningi er að gera aðra könnun meðal sömu aðila og þá fyrri til að fylgja eftir upplýsingum og ábendingum er fram komu þar.

4. *Hvað líður gerð áætlana um að jafna stöðu kynjanna í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 4.7 í framkvæmdaáætluninni?*

Undirbúningur að gerð jafnréttisáætlana í fjármálaráðuneytinu og stofnunum þess er hafinn. Stefnt er að því að í árslok 1999 verði allar stofnanir ráðuneytisins með gildar jafnréttisáætlanir.

888. Nefndarálit [9. mál]

um till. til þál. um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið til viðræðna Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, og Þórð Ægi Óskarsson, skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu. Þá hefur nefndin fengið gögn frá utanríkisráðuneytinu.

Í apríl á þessu ári verður þess minnst á sérstökum hátíðarfundi í Washington að 50 ár eru liðin frá stofnun Norður-Atlantshafsbandalagsins, NATO. Íslendingar hafa átt aðild að bandalaginu frá upphafi. Hefur sú ákvörðun verið meginstoð utanríkisstefnu Íslendinga og grundvöllur varnar- og öryggismála þjóðarinnar, enda hefur bandalagið tryggt aðildarþjóðum frið og öryggi allt frá stofnun þess og staðið vörð um hagsmuni lýðfrjálsra ríkja Evrópu.

Með það að markmiði að styrkja í senn öryggishagsmuni Íslands og sameiginlegt öryggi bandalagsríkjanna fór NATO þess á leit við stjórnvöld á Íslandi og í Bandaríkjunum að gerður yrði tvíhliða varnarsamningur á milli ríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins. Varnarsamningurinn var undirritaður árið 1951.

Frá 1989 hafa orðið miklar breytingar í varnar- og öryggismálum Evrópu. Frá lokum kalda stríðsins hafa mörg þeirra ríkja sem áður lutu oki Sovétríkjanna viðurkennt mikilvægi Atlantshafsbandalagsins sem friðar- og öryggisbandalags. Segja má að einhugur ríki meðal aðildarríkja NATO og annarra lýðræðisríkja í Evrópu um að bandalagið sé framtíðarvettvangur varnar- og öryggismála í álfunni. Tólf nýfrjáls lýðræðisríki Mið-Evrópu sækjast eftir aðild að bandalaginu og í vor munu fyrstu þrjú þeirra hljóta inngöngu, þ.e. Pólland, Tékkland og Ungverjaland. Þessar þjóðir munu taka virkan þátt í varnarsamstarfi bandalagsríkjanna, leggja herafla bandalagsins lið og styrkja stöðu þess. Samtals 27 ríki sem ekki eiga aðild að NATO hafa tekið þátt í Félagsskap í þágu friðar, þar á meðal Svíþjóð og Finnland. Bandalagið hefur gert sérstaka samstarfssamninga við Rússland og Úkraínu og 44 ríki eiga aðild að Evró-Atlantshafssamvinnuráðinu (EAPC) sem fjallar meðal annars um almannavarnir, varnar- og öryggismál, efnahagsmál og vísinda- og umhverfismál. NATO hefur gegnt forustuhlutverki í friðargæslu á Balkanskaga og hefur tryggt vopnahlé í Bosníu. Þannig hefur bandalagið fært út starfsemi sína á ýmsan hátt og leitast við að víkka það svæði öryggis og friðar sem áður var takmarkað við aðildarríkin.

Norður-Atlantshafsbandalagið hefur því frá lokum kalda stríðsins lagað sig hratt að breyttum aðstæðum, eflst og orðið burðarásinn í þróun öryggismála álfunnar. Ísland tekur sem eitt af aðildarríkjum bandalagsins fullan þátt í viðræðum um innri aðlögun þess að breyttum aðstæðum.

Þrátt fyrir miklar breytingar í varnar- og öryggismálum Evrópu hefur hlutverk Norður-Atlantshafsbandalagsins og framlag þess til öryggis- og friðarmála farið vaxandi. Rétt er að minna á að þrátt fyrir breytta heimsmynd í Evrópu hefur ekkert ríkja álfunnar afsalað sér rétti til landvarna. Því miður er ótryggt ástand í öryggismálum Evrópu. Á það rætur að rekja til ótryggs efnahags- og stjórnmálaástands og lítillar rótfestu lýðræðis og mannréttinda í Austur-Evrópu. Á Balkanskaga er mikil ólga sem getur leitt til mikilla átaka. Auk þessa ótrygga ástands í Evrópu hefur alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi þróast þannig að Íslendingar verða, ekki síður en aðrar þjóðir, að tryggja sig gegn þeirri ógn sem af slíkri starfsemi stafar. Ekki standa því nein efni til að veikja varnir Norður-Atlantshafsbandalagsins eða viðbúnað sem hér er til varnar landinu. Ekki hafa borist nein tilmæli frá Bandaríkjastjórn um að draga úr viðbúnaði varnarliðsins hér.

Þingsályktunartillagan, sem hér er til umfjöllunar, kveður á um skipan nefndar til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að með samkomulagi um brottför varnarliðsins skapist aðstæður til að móta „sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu“, eins og það er orðað, „stefnu sem grundvallaðist á vopnleysi, friðlýsingu og sjálfstæðri óháðri stöðu landsins utan hernaðarbandalaga“. Brottför varnarliðsins er því hugsuð sem liður í úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu og það skilgreint sem sjálfstæð utanríkis- og

friðarstefna að rjúfa þá samstöðu lýðræðisríkja sem myndast hefur um NATO sem varnarbandalag og kjölfestu í öryggis- og friðarmálum álfunnar.

Íslendingar hafa mótað sína utanríkisstefnu og valið að stuðla að friði og öryggi í Evrópu með samstarfi við önnur lýðræðisríki innan NATO og þau fjölmörgu ríki sem vilja eiga samstarf við NATO-ríkin og sækjast eftir inngöngu í bandalagið. Skilaboð til samstarfsríkjanna og þeirra sem sótt hafa um NATO-aðild verða að vera skýr. Tillaga um úrsögn úr NATO grefur undan samstöðu og öryggismálum aðildarþjóða Norður-Atlantshafsbandalagsins. Því er mikilvægt að Alþingi taki afstöðu til efnis þessarar tillögu og þeirra markmiða með flutningi hennar sem sett eru fram í greinargerð. Þau markmið ganga gegn öryggishagsmunum Íslendinga og brjóta í bága við þá farsælu stefnu í utanríkismálum sem þjóðin hefur fylgt og tryggt hefur samstöðu okkar með aðildarþjóðum Norður-Atlantshafsbandalagsins.

Með vísan til framangreinds leggur meiri hlutinn til að tillagan verði **felld**.

Alþingi, 24. febr. 1999.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm. Gunnlaugur M. Sigmundsson. Árni M. Mathiesen.

Árni R. Árnason. Siv Friðleifsdóttir. Lára Margrét Ragnarsdóttir.

889. Frumvarp til laga [550. mál]

um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Fasteignamat ríkisins fer með yfirstjórn fasteignaskráningar eins og nánar er mælt fyrir í lögum þessum og annast daglegan rekstur gagnasafns þar að lútandi. Gagnasafn þetta nefnist Landskrá fasteigna og skal það vera á tölvutæku formi.

Í gagnasafni þessu skulu vera allar fasteignir í landinu. Skal það vera grundvöllur skráningar fasteigna, þinglýsingabókar fasteigna, mats fasteigna og húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár og þannig úr garði gert að það geti nýst sem stoðgögn í landupplýsingakerfum.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr., sem orðast svo:

Hverja fasteign skal meta til verðs eftir því sem næst verður komist á hverjum tíma og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

3. gr.

2. gr. laganna, sem verður 3. gr. orðast svo:

Fasteign samkvæmt lögum þessum er afmarkaður hluti lands sem unnt er að veðsetja í einu lagi, ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt.

Fasteignir, hluta þeirra og einstök mannvirki skal skrá sem sérstakar skráningareiningar í Landskrá fasteigna svo sem hér segir:

a. land, þ.e. hver sá skiki lands sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamerkja getur talist sjálfstæð eind,
b. mannvirki sem gert hefur verið í landi eða á eða verið við það tengt,
c. séreignarhlutar í fjöleignarhúsum samkvæmt lögum um fjöleignarhús,
d. hlutar mannvirkja ef um sérstaka notkun þeirra er að ræða,
e. ræktun,
f. hlunnindi,
g. önnur réttindi tengd fasteignum.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að skrá skuli fleiri skráningareiningar fasteigna en þær sem taldar eru í 2. mgr.

4. gr.

Í stað „2. gr.“ í 3. gr. laganna, er verður 4. gr., kemur: 3. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna, er verður 5. gr.:

a. Í stað „3. gr.“ í 1. mgr. kemur: 4. gr.
b. Í stað „12. gr. “ í 2. mgr. kemur: 21. gr.

6. gr.

Í stað „19. gr.“ og „9. gr.“ í 13. mgr. 6. gr. laganna, er verður 7. gr., kemur: 28. gr., og 18. gr.

7. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Landskrá fasteigna,** með átta nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (10. gr.)

Gagnasafnið Landskrá fasteigna skal myndað af stofnhluta, mannvirkjahluta, fasteignamatshluta og þinglýsingarhluta. Í stofnhluta eru grunnupplýsingar um heiti, auðkenni og afmörkun fasteigna. Í mannvirkjahluta eru byggingarfræðilegar upplýsingar um mannvirki og álagningarupplýsingar. Í fasteignamatshluta eru skoðunargögn og matsforsendur ásamt upplýsingum um fasteignamat og brunabótamat og upplýsingum um staðgreiðsluvirði samkvæmt kaupsamningum. Í þinglýsingarhluta eru upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og annað er þinglýsingabók heldur.

Um forræði á þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna og upplýsinga er hann geymir fer eftir ákvæðum þinglýsingalaga.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um gerð og efni gagnasafnsins.

b. (11. gr.)

Fasteignamat ríkisins forskráir grunnupplýsingar í stofnhluta Landskrár fasteigna. Með forskráningu er átt við skráningu upplýsinga í biðskrá. Þessar upplýsingar færast í stofnhluta Landskrár fasteigna við þinglýsingu eða staðfestingu þinglýsingarstjóra og telst það þá fulln-

aðarskráning. Fullnaðarskráning eða breyting grunnupplýsinga í stofnhluta Landskrár fasteigna verður aðeins með þinglýsingu.

c. (12. gr.)

Öll afmörkuð landsvæði skulu bera fast númer, landnúmer, sem er skráningarauðkenni landskika í Landskrá fasteigna. Númerið er hlaupandi raðtala sem felur ekki í sér aðrar upplýsingar.

Ef fasteign er mynduð af fleiri en einum landskika skal hver skiki auðkenndur með sérstöku landnúmeri. Slík fasteign skal bera eitt heiti. Standi sérstaklega á er sveitarstjórn heimilt að ákveða að einstakir skikar hafi undirheiti við aðalheitið.

Í þéttbýli skulu opin svæði og götur sem falla utan afmarkaðra lóða og landsvæða auðkennd með einu eða fleiri landnúmerum eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

Í hverju sveitarfélagi skulu þjóðlendur og afréttarlönd sem liggja utan marka lögbýla bera landnúmer.

Fasteignamat ríkisins úthlutar landnúmeri við forskráningu.

d. (13. gr.)

Allar fasteignir skulu bera fast auðkenni, fastanúmer. Númerið er hlaupandi raðtala sem felur ekki í sér aðrar upplýsingar. Auk fastanúmers ber hver fasteign heiti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl.

Fasteignamat ríkisins úthlutar fastanúmeri við forskráningu.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um heiti fasteigna, annarra en þeirra sem falla undir lög um bæjanöfn o.fl.

e. (14. gr.)

Eigandi skal gefa út stofnskjal fyrir hverja lóð eða heildarsafn lóða sem myndaðar eru í Landskrá fasteigna. Í stofnskjali skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar:

a. heiti landeignar samkvæmt ákvörðun sveitarfélags,
b. landnúmer lóðar, eitt eða fleiri,
c. landnúmer þess lands sem lóð er tekin úr,
d. afmörkun lóðar á uppdrætti sem staðfestur hefur verið af skipulagsyfirvöldum,
e. fastanúmer hverrar fasteignar sem hefur beina tilvísun í þá skika sem henni tilheyra,
f. nafn og kennitölu eiganda fasteignar.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að í skjali er varðar landamerki eða lóðarmörk skuli tilgreina hnit skurðpunkta og markalínur samkvæmt viðurkenndu hnitakerfi, svo og mælikvarða uppdrátta af landi. Einnig er ráðherra heimilt með reglugerð að mæla sérstaklega fyrir um form og efni uppdrátta þar sem nægilega nákvæm hnitakerfi eru ekki fyrir hendi.

f. (15. gr.)

Við myndun fasteignar í fjöleignarhúsi skal Fasteignamat ríkisins forskrá auðkenni hvers séreignarhluta í húsinu; fastanúmer svo og skilgreiningu og auðkenni þess rýmis í húsinu sem tilheyrir hverjum séreignarhluta.

Fasteignir í fjöleignarhúsum skulu afmarkaðar á grunnteikningum. Um skráningu fasteigna í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum um fjöleignarhús.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um skráningu mannvirkja.

g. (16. gr.)

Sveitarstjórn skal tilkynna Fasteignamati ríkisins um breytingar á heiti fasteignar. Fasteignamat ríkisins skal framsenda viðkomandi þinglýsingarstjóra tilkynningu sveitarfélags.

Breyting skv. 1. mgr. tekur gildi í Landskrá fasteigna þegar henni hefur verið þinglýst og skal Fasteignamat ríkisins tilkynna hana til Hagstofu Íslands, þjóðskrár, að þinglýsingu lokinni.

Í Landskrá fasteigna skal halda ferilskrá yfir breytingar á fasteignum þar sem upplýsingar um fyrri heiti og auðkenni og tengsl þeirra við gildandi heiti og auðkenni eru varðveitt.

h. (17. gr.)

Landeiganda er skylt að þinglýsa stofnskjali er ný landeign verður til við skiptingu lands.

Áður en heimild er veitt til veðsetningar eða mannvirkjagerðar á leigulóð eða landi í eigu sveitarfélags skal sveitarstjórn hlutast til um að fasteign verði skráð með þinglýsingu stofnskjals.

Áður en heimild er veitt til mannvirkjagerðar á eignarlóð skal sveitarstjórn hlutast til um að fasteign verði skráð með þinglýsingu stofnskjals.

8. gr.

Í stað orðsins „fasteignaskrá“ í 2. og 4. mgr. 11. gr. laganna, er verður 20. gr., kemur: fasteignamatshluta Landskrár fasteigna.

9. gr.

Í stað orðsins „fasteignaskrá“ í 1. mgr. 12. gr. laganna, er verður 21. gr., kemur: fasteignamatshluta Landskrár fasteigna.

10. gr.

14. gr. laganna, sem verður 23. gr., orðast svo:

Fasteignamat ríkisins aflar og lætur í té upplýsingar úr gagnasafninu og veitir þjónustu við úrvinnslu á þeim gegn gjaldi.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um aðgang notenda að upplýsingum í gagnasafninu, úrvinnslu upplýsinga í starfrænu formi og gjaldtöku m.a. fyrir útgáfu vottorða.

11. gr.

Í stað orðsins „fasteignaskrárinnar“ í 15. gr. laganna, er verður 24. gr., kemur: fasteignamatshluta Landskrár fasteigna.

12. gr.

Í stað „17. gr.“ í 1. mgr. 18. gr. laganna, er verður 27. gr., kemur: 26. gr.

13. gr.

Í stað „9. gr.“ í 1. mgr. 20. gr. laganna, er verður 29. gr., kemur: 18. gr.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna, er verður 30. gr.:

a. Í stað „19. og 20. gr.“ í 1. mgr. kemur: 28. og 29. gr.
b. Í stað orðsins „fasteignaskrá“ í 2. mgr. kemur: fasteignamatshluta Landskrár fasteigna.

c. Í stað „22. gr.“ í 2. mgr. kemur: 31. gr.

15. gr.

Í stað „21. gr.“ í 22. gr. laganna, er verður 31. gr., kemur: 30. gr.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna, er verður 33. gr.:

a. Í stað „21. gr.“ í 1. mgr. kemur: 30. gr.
b. Í stað orðsins „fasteignaskrá“ í 2. mgr. kemur: fasteignamatshluta Landskrár fasteigna.

17. gr.

Eftirfarandi breyitingar verða á 26. gr. laganna, er verður 35. gr.:

a. Í stað „13. gr.“ í 1. mgr. kemur: 22. gr.
b. Í stað orðsins „fasteignaskrá“ í 3. mgr. kemur: fasteignamatshluta Landskrár fasteigna.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1999.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum, og gefa þau út með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðuneytið annast yfirfærslu skráningarupplýsinga úr eldri skrám og bókum yfir í Landskrá fasteigna í samvinnu við Fasteignamat ríkisins. Yfirfærslunni skal lokið innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

Að myndun Landskrár fasteigna skal starfa framkvæmdanefnd fimm manna sem ráðherra skipar. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af fjármálaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn af dómsmálaráðherra, einn af Hagstofu Íslands, einn af umhverfisráðherra og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk nefndarinnar er að gera verkáætlanir um yfirfærslu fasteignaupplýsinga skv. 1. mgr. og vera viðkomandi aðilum til ráðgjafar um myndun og þróun Landskrár fasteigna og framkvæmd laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, sem flutt er samhliða frumvarpi um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, er stigið þýðingarmikið skref í átt að samræmingu helstu skráa um fasteignir í landinu, skráa Fasteignamats ríkisins og þinglýsingabóka sýslumanna.

Fyrsta skrefið í samræmingunni er myndun samhæfðs gagnasafns um allar fasteignir í landinu er nefnist Landskrá fasteigna. Gagnasafnið skal vera sameiginleg skrá um fasteignir, þinglýsingar fasteigna, mat fasteigna og húsaskrá Hagstofu Íslands, þjóðskrár.

Jafnframt myndun gagnasafnsins er tilgangur frumvarpsins að samræma verklag skráningaraðila við skráningu fasteigna í samhæfðri tölvuvinnslu. Í þessu tilliti er samræming réttindaskráningar sýslumanna og fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins mikilvægust. Í þriðja lagi er tilgangur frumvarpsins að leggja grunn að skráningu landeigna á tölvutæku formi er nýtist m.a. til rekstrar landupplýsingakerfis.

Með myndun Landskrár fasteigna verður til samhæfður upplýsingagrunnur um allar fasteignir sem nýtast mun öllum sem nú halda sérstakar fasteignaskrár. Hagræðið sem í þessu

felst fyrir notendur Landskrár er margvíslegt. Skráin skal þannig úr garði gerð að hagkvæmt verði fyrir notendur hennar að leggja af sjálfstætt skrárhald. Með því að hvert upplýsingaatriði er aðeins fært einu sinni í Landskrána sparast sú margskráning sem nú fer fram hjá ýmsum skráarhöldurum. Það leiðir af sér meiri áreiðanleika upplýsinga og eykur þar með öryggi í viðskiptum.

Grunnurinn að lagafrumvarpi þessu er samstarfsverkefnið Landskrá fasteigna sem á rætur sínar að rekja til endurnýjunar kerfishugbúnaðar hjá Fasteignamati ríkisins árið 1992. Athugun samfara endurgerð tölvukerfis Fasteignamatsins leiddi þá í ljós að sjálfstæðir skrárhaldarar fasteignaupplýsinga voru auk Fasteignamatsins, þinglýsingarstjórar, byggingarfulltrúar, álagningardeildir sveitarfélaga, Hagstofa Íslands, þjóðskrá, tryggingafélög og fleiri aðilar.

Byggingarfulltrúar, Fasteignamat ríkisins og þinglýsingarstjórar skrá upplýsingar um fasteignir eftir mismunandi lögum sem ekki hafa að geyma samræmd ákvæði um skráningu fasteigna og hefur það leitt til misræmis í skráningu sömu fasteigna í einstökum skrám. Sérstaklega hefur skort samræmdar reglur um hvernig ný fasteign verði stofnuð í einstökum skrám. Misræmi í þeim upplýsingum sem skrárnar geyma hefur valdið því að ekki er unnt að tengja þær saman og þannig hefur verið viðhaldið tvíverknaði sem fylgir skrárhaldi margra aðila um sömu upplýsingaatriði. Auk mismunandi skráningarreglna má skýra misræmi í fasteignaskráningu með því að skrárhaldarar safna fasteignaupplýsingum hver með sínum hætti og í misjöfnum tilgangi. Fasteignamat ríkisins heldur fasteignaskrá er geymir upplýsingar um fasteignir, eigendur þeirra og matsverð, auk númerakerfis um fasteignir er gerir myndun Landskrár fasteigna samkvæmt frumvörpunum mögulega. Þinglýsingabók geymir þinglýstar upplýsingar um fasteignir, eigendur þeirra og áhvílandi veðskuldir. Skráningarkerfi þeirra byggingarfulltrúa sem hafa tölvuvæðst geyma upplýsingar um fasteignir og eigendur þeirra, auk ýmissa tæknilegra upplýsinga um mannvirki. Álagningarskrár sveitarfélaga geyma upplýsingar um fasteignir, eigendur og álagningarforsendur. Þjóðskrá Hagstofu Íslands geymir upplýsingar um heiti húsa og númer.

Vart þarf að rökstyðja það hagræði sem leiða mun af samræmingu skránna í eitt gagnasafn, en auk hagræðis af einskráningu upplýsinga í samhæfðum grunni, leiðir sameiginleg gagnavinnsla til betri miðlunar upplýsinga milli einstakra skráningaraðila.

Innan stjórnarráðsins var myndaður svokallaður stýrihópur um verkefnið Landskrá fasteigna. Í honum eiga sæti ráðuneytisstjórar fjármálaráðuneytis, Hagstofu Íslands, dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis auk formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa Reykjavíkurborgar. Á upphafsfundi hópsins 4. nóvember 1992 voru sett þau markmið að með gerð Landskrár fasteigna yrði komið á laggirnar einskráningu upplýsinga í skilvirku skráningarferli með skýra hlutverkaskiptingu skráningaraðila og hagkvæmni heildarinnar að leiðarljósi. Meginmarkmiðið með gerð Landskrár fasteigna væri að uppfylla þörf fyrir einhlíta og varanlega skrá um lönd, lóðir og fasteignir þeim tengdar, sem komi að almennum notum fyrir þá sem þurfa á henni að halda, hliðstætt og þjóðskrá Hagstofu Íslands.

Á vegum verkefnahóps um Landskrá fasteigna hefur nú í fjögur ár staðið yfir tilraunaverkefni hjá sýslumannsembættinu í Kópavogi sem hefur haft það að markmiði að koma á samtengdri gagnavinnslu byggingarfulltrúa, Fasteignamats ríkisins og þinglýsingarstjóra. Hefur þessi tilraun farið saman við tölvuvæðingu þinglýsingabóka hjá sýslumannsembættinu í nýju tölvukerfi þinglýsinga sem samhæft hefur verið við skráningarkerfi Fasteignamats ríkisins Þróun nýs tölvukerfis fyrir þinglýsingar hefur reynst nauðsynleg vegna annmarka á eldra kerfi sem hannað var fyrir ríflega tíu árum af Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkur-

borgar (Skýrr) til þinglýsinga við embætti borgarfógeta í Reykjavík. Skýrr-kerfið var síðar einnig tekið í notkun í Hafnarfirði og á Ísafirði. Þrátt fyrir að skráning í þetta tölvukerfi hafi í upphafi verið byggð á upplýsingum úr fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins, þróuðust mál svo að misræmi fór vaxandi milli skránna. Tvær ástæður lágu til þess. Önnur var sú að við hönnun þess var í sparnaðarskyni sleppt tveimur tölusætum úr tilvísun til númerakerfis Fasteignamats ríkisins. Jafnframt láðist að gera ráð fyrir skráningu lóða og tengingu fasteigna í húsum við þær. Afleiðingin varð sú að tilvísun til númerakerfis Fasteignamats ríkisins nýttist ekki sem skyldi við skráningu eigna í þinglýsingarkerfið. Við þetta öðlaðist þinglýsingarkerfi Skýrr sjálfstætt líf, ef svo má segja og samræming milli kerfanna varð sífellt erfiðari. Aðalforsendan við hönnun nýs þinglýsingakerfis hefur af þessum sökum verið sú að skrá Fasteignamats ríkisins og þinglýsingabók notuðu sömu upplýsingar, því aðeins að þannig væri tryggt að skrárnar væru einhlítar og tryggðu þau réttindi borgaranna sem þær lýsa. Nokkur hluti af vinnu við landskrárverkefnið hefur farið í að skilgreina að nýju verkaskiptingu milli skráningaraðila til að tryggja að hvert upplýsingaatriði verði aðeins skráð einu sinni, að hver aðili sé ábyrgur fyrir áreiðanleika sinnar skráningar og að henni verði ekki breytt að hálfu annarra skráningaraðila. Reynsla hefur þegar fengist af samanburði og samræmingu skráa í tilraunaverkefni Landskrár fasteigna í Kópavogi og er efni frumvarpsins að nokkru byggt á henni.

Landskrá fasteigna er skilgreind sem dreift gagnasafn þar sem gert er ráð fyrir að aðskilja megi vistun einstakra skrárhluta eftir því sem ástæða þykir til. Meginatriðið er að skráningaraðilum hafa verið sett skýr hlutverk í sameiginlegri gagnavinnslu þar sem stefnt er að því að hvert upplýsingaatriði sé aðeins skráð einu sinni og gagnkvæmt flæði upplýsinga milli skráningaraðila skapi hagræði og veiti yfirsýn.

Hugtakið Landskrá fasteigna er skilgreint í lögunum sem gagnasafn sem myndað er af nokkrum skrárhlutum um fasteignir. Gagnvart notendum mynda skrárhlutarnir í raun eina skrá, Landskrá fasteigna sem skiptist upp í nokkra hluta með mismunandi reglum um aðgengi.

Undir stofnhluta Landskrár falla allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að skilgreina og afmarka fasteignir. Aðrir skrárhlutar munu sækja í stofnhluta grunnupplýsingar um heiti, auðkenni og afmörkun fasteigna. Að þessu leyti má bera stofnhluta saman við kennitöluskrá Hagstofu Íslands, þjóðskrár.

Í mannvirkjahluta Landskrár eru geymdar ýmsar byggingafræðilegar upplýsingar, svo sem um byggingarefni og fleira er viðkemur tæknilegri lýsingu mannvirkja. Fasteignamatshluti landskrár geymir matsforsendur og matsverð. Þinglýsingahluti Landskrár hefur í þessu tilliti nokkra sérstöðu þar sem um hann gilda sérstök lög, þinglýsingalög. Þinglýsingabók er réttindaskrá sem geymir m.a. upplýsingar um heiti, auðkenni og afmörkun fasteigna, auk eigenda- og veðhafaskrár fasteigna. Því er mikilvægt að tengja núverandi þinglýsingarbók við Landskrá til að tryggja að stofnhluti hennar hvíli ávallt á þinglýstum heimildum. Ekki er í frumvarpinu tekin afstaða til þess hvar þinglýsingahluti Landskrár fasteigna skuli geymdur en fyrst um sinn þar til annað verður ákveðið, er af hagkvæmnisástæðum gert ráð fyrir að hann verði geymdur í aðalgagnasafni Landskrár fasteigna.

Gert er ráð fyrir að myndun Landskrár fasteigna taki nokkurn tíma. Verkefni þessu má skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða undirbúningsvinnu og yfirfærslu núverandi skráningarupplýsinga í gagnasafnið og hins vegar endurgerð ófullkominna upplýsinga. Áður en yfirfærsla skráningarupplýsinga getur farið fram verður að tölvufæra allar handfærðar þinglýsingabækur og uppfæra gögn úr núverandi þinglýsingarkerfi sem notað er við sýslumannsembættin í Reykjavík, á Ísafirði og í Hafnarfirði. Undirbúa þarf þau sveitarfélög sem

öðlast forskráningarhlutverk í Landskrá fasteigna. Þau munu þurfa að tengjast tölvukerfi Landskrár með sama hætti og þinglýsingarstjórar. Hagfellt kann að vera fyrir tvö eða fleiri fámenn sveitarfélög að sameinast um skráningu í Landskrá fasteigna með rekstri sameiginlegra skráningarstofa. Að þessum undirbúningi loknum þarf að yfirfæra upplýsingar, leiðrétta misræmi í skráningu og leggja mat á núverandi skráningarupplýsingar. Í öðru frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi um breytingar á þinglýsingalögum, er að finna nánari ákvæði um hvernig bregðast skuli við misræmi í skráningu.

Fyrst um sinn er einungis gert ráð fyrir skráningu upplýsinga um fasteignir í Landskrá sem áreiðanlegar þykja, svo og skráningu upplýsinga um nýjar fasteignir. Ekki er í frumvarpi þessu gerð tilraun til að taka á óvissu sem fyrir hendi er í núverandi skrám um afmörkun fasteigna. Frumvarpið er fyrst og fremst hugsað sem skref í átt að framtíðarskipulagi fasteignaskráningar í landinu. Næstu skref áleiðis að því markmiði felast m.a. í hnitasetningu eignamarka á landi sem er nauðsynleg forsenda fyrir gerð landeignaskrár fyrir landið allt, en nú er engin slík skrá fyrir hendi. Brýn þörf er á myndun slíkrar skrár á næstu árum til að eyða óvissu um eignamörk á landi og auðvelda gerð korta af landi með eignamörkum á stafrænu formi. Upplýsingar í landeignaskrá munu jafnframt nýtast sem stoðgögn í landupplýsingakerfum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram að Fasteignamat ríkisins fari með yfirstjórn fasteignaskráningar og annist daglegan rekstur gagnasafns þar að lútandi. Gagnasafninu er gefið heitið Landskrá fasteigna. Áskilið er að gagnasafnið skuli vera á tölvutæku formi sem gerir mögulega frekari úrvinnslu þeirra upplýsinga sem þar eru geymdar. Meginbreytingin frá gildandi lögum er að jafnframt er tekið fram að skráin skuli vera grundvöllur annarra opinberra skráa um fasteignir, þ.e. þinglýsingabókar, matsskrár fasteigna og húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár. Loks er þess getið að Landskrá fasteigna skuli nýtast sem stoðgögn í landupplýsingakerfum. Með því er átt við að stafræn kort um eignamörk lands og önnur atriði skuli hafa tilvísun í afmörkun fasteigna samkvæmt Landskrá fasteigna.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta var áður í 2. málsl. 1. gr. laganna. Hér er því ekki um nýmæli að ræða heldur er með breytingunni lögð aukin áhersla á skráningarhlutverk Fasteignamats ríkisins þar sem mat fasteigna er fremur úrvinnsla upplýsinga sem áður hafa verið skráðar.

Um 3. gr.

Hér er lögð til breyting á skilgreiningu hugtaksins fasteign frá gildandi lögum. Fyrri skilgreining var óheppileg með tilliti til hefðbundinnar skilgreinar á fasteign samkvæmt eignarrétti og auðkenningar á einstökum skikum jarða með landnúmerum. Fasteignarhugtakið er nú í samræmi við skilgreiningu í eignarrétti, þ.e. að fasteign sé afmarkaður hluti lands, ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt. Auk þess felst í skilgreiningunni að unnt sé að veðsetja í einu lagi þessa hluta. Með þessari viðbót er fasteign jafnframt skilgreind sem veðandlag. Af því má draga þá ályktun að þeir hlutar stærri fasteignar sem unnt er að veðsetja, teljast vera sérstakar fasteignir samkvæmt lögunum. Sem dæmi um þetta má nefna séreignarhluta í fjöleignarhúsi og mörg hús atvinnufyrirtækis sem standa á sömu lóð.

Jafnframt eru hér skilgreindar svonefndar skráningareiningar í skrá Fasteignamats ríkisins sem mynda eina fasteign eða mannvirki. Slíkar skráningareiningar eru land, mannvirki, séreignarhlutar fjöleignarhúsa, hlutar mannvirkja, ræktun, hlunnindi og önnur réttindi. Heimilt er með reglugerð að bæta við fleiri skráningareiningum fyrir einstakar hluta fasteigna.

Um 4.–6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Meginbreyting á efni laganna felst í því að á eftir II. kafla er bætt við nýjum kafla sem skiptist í átta greinar er fjalla um Landskrá fasteigna.

Í a-lið er mælt fyrir um samsetningu gagnasafnsins Landskrár fasteigna. Skipting Landskrárinnar í einstaka hluta þjónar bæði þeim tilgangi að greina á milli þess hvers eðlis upplýsingarnar eru og jafnframt er með skiptingunni gert ráð fyrir að um dreift gagnasafn geti verið að ræða. Með dreifðu gagnasafni er átt við gagnasafn sem samsett er af ýmsum skrárhlutum sem samþættir eru yfir tölvunet. Gagnvart notendum Landskrár skiptir hins vegar engu máli hvort um miðlægt eða dreift gagnasafn er að ræða þar sem upplýsingar úr Landskrá munu birtast sem ein heild hjá notendum.

Í stofnhluta Landskrár eru geymdar grunnupplýsingar er varða auðkenni og afmörkun fasteigna. Með afmörkun er átt við afmörkun fasteigna með hnitum. Þessi hluti Landskrárinnar er sameiginlegur kjarni hennar þar sem fasteignir eru skilgreindar. Aðrir hlutar Landskrár sækja í stofnhlutann grunnupplýsingar um fasteignir. Að þessu leyti má líkja stofnhlutanum við fyrirtækjaskrá og þjóðskrá Hagstofu Íslands sem skilgreina lögpersónur og einstaklinga. Við upplýsingum í stofnhluta verða einungis hreyft með þinglýsingu nýrra upplýsinga. Í þessu felst helsta nýmæli Landskrár fasteigna fyrir fasteignaskráningu, þ.e. að grunnupplýsingum er ekki unnt að breyta nema með lögformlegum hætti. Einstakir skráningaraðilar hafa því ekki sjálfdæmi um þær upplýsingar sem geymdar eru í stofnhluta. Undir stofnhluta Landskrár fellur einnig væntanleg landeignaskrá sem fjallað er um í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, þar sem mörk landa og lóða verða skilgreind með hnitum. Hugtakið landeignaskrá er hér notað yfir skrá er geymir framsetningu eignamarka lands með hnitum. Slík skrá skal grundvölluð á afmörkun landa og lóða samkvæmt upplýsingum úr þinglýstum heimildarskjölum þar sem þess er kostur. Ekki er í þessu frumvarpi tekin afstaða til þess hvernig staðið skuli að gerð landeignaskrár. Hins vegar er ljóst að mikilvæg forsenda fyrir gerð hennar er myndun Landskrár fasteigna með samruna skrár Fasteignamats ríkisins og þinglýsingabóka. Önnur forsenda fyrir gerð landeignaskrár er að til sé nægilega þéttriðið net grunnmælipunkta í samræmdu landshnitakerfi svo mæla megi mörk jarða með nauðsynlegri nákvæmni. Þriðja forsendan fyrir gerð landeignaskrár er að til verði stétt löggiltra landmælingamanna sem hafi til að bera nauðsynlega þekkingu. Þetta er ekki síst nauðsynlegt þar sem hnitasetning jarðamarka felur í sér ákvörðun um afmörkun lands í stofnhluta Landskrár fasteigna. Þar sem landeignaskrá kemur til með að leysa af hólmi landamerkjaskrár jarða samkvæmt lögum nr. 41/1919, um landamerki, er nauðsynlegt að dómsmálaráðuneyti taki þátt í setningu reglna um gerð landamerkjaskrár og löggildingu landmælingamanna. Jafnframt verði samráð haft við umhverfisráðuneyti vegna Landmælinga Íslands um setningu slíkra reglna. Með afmörkun landa og lóða með hnitum í viðurkenndu hnitakerfi er átt við þau hnitakerfi sem nú eru notuð hjá þéttbýlissveitarfélögum, þ.e. sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og stærri bæjarfélögum úti um land, eða hið nýja landshnitakerfi, ISN-93 (Íslandsnet 1993).

Til mannvirkjahluta heyra ýmsar byggingarfræðilegar upplýsingar um mannvirki svo sem skráningartöflur, flatarmál og stærðir ýmiss konar, byggingarefni og samþykktar byggingarnefndarteikningar. Um skráningartöflur mannvirkja er nánar fjallað í reglugerð nr. 471/1997, um eignaskiptayfirlýsingar, útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum.

Með álagningarupplýsingum er átt við skattflokk fasteignaskatts og aðrar upplýsingar er máli skipta við álagningu fasteignagjalda. Fasteignamatshluti geymir ýmsar forsendur fyrir virðingu fasteigna ásamt upplýsingum um matsverð. Undir þinglýsingahluta falla áður taldar upplýsingar úr stofnhluta auk annarra upplýsinga er þinglýsingabók geymir. Loks eru í ákvæðinu tekin af öll tvímæli um að þinglýsingarhluti Landskrár lúti ákvæðum þinglýsingalaga. Í því felst að dómsmálaráðuneyti hefur forræði þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna og upplýsinga er hann geymir.

Í b-lið er mælt fyrir um að Fasteignamat ríkisins forskrái grunnupplýsingar í stofnhluta Landskrár fasteigna. Mikilvægur hluti af hagræði því sem felst í sameiginlegri gagnavinnslu skráningaraðila er að stefnt er að því að hvert upplýsingaatriði verði aðeins fært einu sinni í gagnasafnið. Í þessu skyni verða upplýsingar um myndun eða breytingu fasteignar fyrst forskráðar hjá Fasteignamati ríkisins, eða byggingarfulltrúa eftir atvikum, og að lokum staðfestar með þinglýsingu. Með forskráningu er átt við að efni skjals sé fært til bráðabirgða á svokallaða biðskrá. Þýðingarmikið atriði er að forskráning er einungis til bráðabirgða og eru réttaráhrif skráningarinnar því bundin við þá staðfestingu sem felst í þinglýsingunni.

Í c-lið er fjallað landnúmer sem er skráningarlegt auðkenni landskika í Landskrá fasteigna. Sé fasteign, t.d. jörð, mynduð af fleiri en einum landskika fær hver skiki sérstakt landnúmer. Slíkt auðkenni ásamt afmörkun lands er ein meginforsenda þess að til verði landupplýsingakerfi er sýni eignamörk lands. Til þess að fullgera megi væntanlega landeignaskrá er ráð fyrir því gert að opin svæði og götur í þéttbýli sem falla utan afmarkaðra lóða og landsvæði fái sérstakt landnúmer. Slík svæði má færa undir einu landnúmeri eða fleiri í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Á sama hátt er gert ráð fyrir að þjóðlendur og afréttarlönd sem liggja utan marka lögbýla beri landnúmer. Gert er ráð fyrir að þörfin fyrir útgáfu landnúmera fyrir opin svæði og götur í þéttbýli annars vegar, og þjóðlendur og afréttarlönd í dreifbýli hins vegar, verði ekki að fullu ljós fyrr en hafist verður handa við gerð landeignaskrár. Úthlutun landnúmera er í höndum Fasteignamats ríkisins. Í framkvæmd verður það tölvukerfi Landskrár fasteigna sem úthlutar númerunum þegar ný landeign er mynduð, en gert er ráð fyrir að grunnkortagerð Landmælinga Íslands sé ein af forsendum fyrir gerð landeignaskrár.

Í d-lið er lagt til að allar fasteignir beri skráningarlegt auðkenni, fastanúmer. Í tölvukerfi Fasteignamats ríkisins hafa þessi númer þegar verið tekin upp sem auðkenni fasteignar. Auk fastanúmers skal hver fasteign bera heiti samkvæmt ákvörðun sveitarfélags eða samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl. Með heiti er hér átt við götuheiti, húsnúmer og heiti séreignarhluta í fjöleignarhúsi. Fasteignamat ríkisins úthlutar fastanúmerum við forskráningu fasteignar. Hér er veitt heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um heiti fasteigna annarra en þeirra sem falla undir lög um bæjanöfn o.fl. Í 29. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er ráð fyrir því gert að öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélagi verði gefin nöfn og númer sem skuli þinglýsa. Rétt þykir að ráðherra setji um þetta reglur og hafi um það samráð við umhverfisráðherra vegna áðurnefndrar 29. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Í e-lið eru í fyrsta sinn sett ákvæði í lög um það hvernig fasteign verði mynduð í fasteignaskrá. Nýmæli er að til grundvallar myndun nýrrar fasteignar skuli liggja svonefnt stofnskjal. Í stofnskjali sem landeigandi gefur út skal tilgreina heiti landeignar samkvæmt ákvörðun sveitarfélags, landnúmer lands sem lóð er tekin úr og landnúmer þeirrar lóðar sem mynduð er, afmörkun lands og lóðar á uppdrætti sem skipulagsyfirvöld hafa staðfest, fastanúmer

hverrar fasteignar sem mynduð er og nafn og kennitölu eiganda fasteignar. Fasteignamat ríkisins forskráir stofnskjal fasteignar í Landskrá fasteigna. Við þinglýsingu stofnskjals færist efni þess í stofnhluta Landskrár fasteigna og telst þá ný fasteign mynduð í skránni.

Í 2. mgr. e-liðar er gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að ákveða í reglugerð að í skjali er varðar landamerki eða lóðamörk skuli tilgreina hnit skurðpunkta markalína í viðurkenndu hnitakerfi. Nú þegar er unnt að taka upp skyldu til hnitasetningar nýrra lóða í svokölluðum þéttbýlissveitarfélögum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu og í stærri bæjarfélögum úti um land. Mæliblöð með lóðarleigusamningum sem þessi sveitarfélög gefa út tilgreina að jafnaði afmörkun lóða með hnitum en í mismunandi hnitakerfum þó. Sveitarfélög í dreifbýli eru misjafnlega í stakk búin til þess að afmarka nýjar lóðir með hnitum. Helsta hindrunin í því sambandi hefur verið skortur á samræmdu landshnitakerfi. Hafinn er undirbúningur að notkun slíks kerfis sem hlotið hefur nafnið ISN-93 (Íslandsnet 1993) og kemur það í stað eldra kerfis sem ber heitið Hjörsey-1955. Um þessar mundir stendur yfir undirbúningur að setningu reglugerðar um ISN-93 á vegum umhverfisráðuneytis. Með vísun til viðurkenndra hnitakerfa er átt við hnitakerfi þau sem eru í notkun hjá þéttbýlissveitarfélögum og nýtt landshnitakerfi, ISN-93. Rétt þykir að fjármálaráðuneytið hafi samráð við umhverfisráðuneyti og Landmælingar Íslands þegar kemur að setningu reglugerða um afmörkun lóða með hnitum.

Í f-lið. er fjallað um skráningu mannvirkja. Ekki er hér um nýmæli að ræða. Um myndun séreignarhluta í fjöleignarhúsi gilda sérstakar reglur samkvæmt lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Á grundvelli þeirra hafa verið settar reglur sem fjalla um skráningarskyld atriði fjöleignarhúsa og annarra mannvirkja. Hér segir að ráðherra megi mæla nánar fyrir um skráningarreglur mannvirkja og skyldur hönnuða í því sambandi. Um skráningu mannvirkja gildir nú reglugerð nr. 458/1998, um breytingu á reglugerð nr. 406/1978, um fasteignaskráningu og fasteignamat, að því er varðar skráningu annarra fasteigna en fjöleignarhúsa. Með reglugerðarheimildinni er því skotið styrkari stoðum undir áðurnefndar skráningarreglur.

Í g-lið er mælt fyrir um hvernig fara skuli með skráningu þegar breytingar verða á fasteign, heiti hennar eða auðkenni að öðru leyti. Lögð er sú skylda á hendur sveitarstjórnar að tilkynna Fasteignamati ríkisins verði breytingar á heiti fasteignar, götuheiti eða húsnúmeri. Fasteignamat ríkisins tilkynnir svo viðkomandi þing-lýsingar-stjóra um ráðgerða breytingu sem öðlast gildi við þinglýsingu. Jafnframt er kveðið á um að Fasteignamat ríkisins skuli tilkynna breytinguna til Hagstofu Íslands, þjóðskrár. Í tölvukerfi Landskrár fasteigna skal vera mögulegt að fletta upp fasteign eftir fyrra auðkenni hennar.

Í h-lið er fjallað um skyldu landeiganda og sveitarfélags til að hlutast til um að ný landeign eða lóð verði mynduð með formlegum hætti í Landskrá fasteigna áður en til mannvirkjagerðar eða veðsetningar hennar kemur. Rökin fyrir að taka upp þessa skyldu eru þau helst að brýnt er að allar fasteignir verði skráðar í hið samhæfða gagnasafn, Landskrá fasteigna, enda er það forsenda fyrir frekari þinglýsingu skjala á hina nýju fasteign. Jafnframt er brýnt vegna gerðar landeignaskrár að haldnar verði upplýsingar um eignarhald á landi. Í mörgum tilvikum er landeigandi og sveitarfélag einn og sami aðili. Stendur þá sveitarfélagi, sem skipulagsyfirvaldi, næst að tryggja að ný lóð verði mynduð í Landskrá fasteigna með þinglýsingu stofnskjals. Þegar um eignarlönd annarra er að ræða er hér veitt heimild til að binda leyfi til mannvirkjagerðar á lóð því skilyrði að fasteign hafi áður verið mynduð með þinglýsingu stofnskjals.

Um 8. og 9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um gjaldtöku fyrir aðgang að gagnasafninu. Gert er ráð fyrir að Fasteignamat ríkisins afli og láti í té upplýsingar úr gagnasafninu og veiti notendum þess þjónustu við úrvinnslu á þeim gegn gjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um aðgang almennings að gagnasafninu, úrvinnslu þeirra upplýsinga og gjaldtöku m.a. fyrir útgáfu vottorða.

Um 11. – 17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið annist yfirfærslu skráningarupplýsinga úr eldri skrám og bókum yfir í Landskrá fasteigna í samvinnu við Fasteiknamat ríkisins. Gert er ráð fyrir að sérstök framkvæmdanefnd verði aðilum til ráðgjafar og eftirlits við yfirfærslu fasteignaupplýsinga úr eldri skrám yfir í viðeigandi skrárhluta Landskrár fasteigna. Lagt er til að í nefndinni sitji fimm menn sem fjármálaráðherra skipar. Einn nefndarmaður verði tilnefndur af fjármálaráðherra sem verði formaður nefndarinnar, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra, einn af umhverfisráðherra, einn af Hagstofu Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að yfirfærslunni verði lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á þinglýsingarlögum, nr. 39/1978. Með frumvörpunum er stefnt að myndun samhæfðs gagnagrunns um fasteignir og réttindi er tengjast þeim sem beri heitið Landskrá fasteigna. Hér er fjallað um áætluð áhrif beggja frumvarpanna á útgjöld ríkissjóðs og eru umsagnir fjárlagaskrifstofu með þeim báðum samhljóða.

Samkvæmt frumvörpunum mun Landskrá fasteigna skiptast í stofnhluta fyrir skilgreiningar og upplýsingar um afmörkun fasteigna, mannvirkjahluta fyrir byggingafræðilegar upplýsingar, fasteignamatshluta fyrir upplýsingar um matsforsendur og niðurstöður og þinglýsingarhluta fyrir upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og önnur atriði sem þinglýsingabók inniheldur. Frumvörpin miða að því að samræma þinglýsingabækur og fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins en forsenda fyrir því er að þinglýsingabækur sýslumannsembætta verði á tölvutæku formi sem samhæft verði við skrá Fasteignamats ríkisins.

Stofnkostnaður.

Smíði hugbúnaðarkerfis fyrir Landskrána hefur staðið yfir undanfarin ár og er að mestu lokið. Sú uppbygging hefur að hluta verið fjármögnuð með tekjum fyrir afnot af núverandi skrá Fasteignamats ríkisins. Einnig hafa verið veitt sérstök framlög til verkefnisins í fjárlögum. Frá árinu 1993 til yfirstandandi árs hafa verið veittar alls um 50 m.kr. til Fasteignamats ríkisins en því fé hefur að stórum hluta verið varið til hönnunar kerfisins og til skilgreiningar á verklagsreglum við skráningu fasteigna. Dómsmálaráðuneytið hefur einnig varið um 12 m.kr. af sameiginlegum fjárlagalið sýslumanna til uppbyggingar á nýja þinglýsingarkerfinu undanfarin þrjú ár. Því til viðbótar voru veittar 8 m.kr. í fjáraukalögum ársins 1998 til tilrauna, hugbúnaðarsmíði og gangsetningar á þinglýsingarhluta kerfisins hjá þremur sýslumannsembættum og aðrar 8 m.kr. í fjárlögum þessa árs.

Sá stofnkostnaður sem eftir er að fjármagna felst að stærstum hluta í færslu upplýsinga í nýjan þinglýsingarhluta Landskrárinnar. Annars vegar er þar um að ræða skráningu upplýsinga úr þinglýsingabókum. Hins vegar er um að ræða yfirfærslu gagna úr eldra þinglýsingarkerfi, sem nú er starfrækt hjá Skýrr hf. fyrir sýslumannsembættin í Reykjavík, Hafnarfirði og Ísafirði. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir sérstakri yfirferð til að sannreyna færslurnar en þá þarf lögfræðingur að bera saman innslátt í tölvukerfi, þinglýsingabækur og skjöl og að því loknu að staðfesta færsluna. Ekki er gert ráð fyrir að starfsmenn viðkomandi embætta vinni að innslættinum ásamt öðrum störfum heldur þurfi að koma til viðbótarvinnuframlag sem greiða þarf sérstaklega fyrir. Til álita kemur að valinn hópur fari um landið til að annast verkið og er stefnt er því að yfirfærslu upplýsinganna verði lokið á fimm árum. Þá fellur til kostnaður í tengslum við uppsetningu og gangsetningu á þessum hluta kerfisins.

Kostnaður við yfirfærslu gagnanna hefur verið metinn á 700 kr. fyrir hverja fasteign með hliðsjón af tilraunaverkefni sem staðið hefur yfir hjá embætti sýslumannsins í Kópavogi. Er þá miðað við að 35 mínútur þurfi til að tölvuskrá og staðfesta hverja eign og að sá tími skiptist jafnt á milli skrifstofumanns og lögfræðings. Heildarfjöldi þinglýstra fasteigna og jarða er áætlaður um 133 þúsund í lok ársins 1998. Þar af eru um 54 þúsund eignir skráðar í eldra tölvukerfi fyrir þinglýsingar hjá Skýrr hf. Afganginn, um 79 þúsund eignir, þarf að yfirfæra úr þinglýsingabókum og er kostnaður við það áætlaður 55 m.kr. Gert er ráð fyrir að um 5 m.kr. af fjárveitingu dómsmálaráðuneytisins í gildandi fjárlögum nýtist til að mæta þeim útgjöldum.

Kostnaður í tengslum við flutning og umbreytingar á gögnum sem nú eru vistuð í eldra þinglýsingarkerfi hjá Skýrr hf. er lauslega áætlaður um 2 m.kr. Einnig er talið að u.þ.b. 10% misræmi sé á milli skráninga sýslumanna í því kerfi og í kerfi Fasteignamats ríkisins sem þurfi að leiðrétta við yfirfærsluna. Miðað er við að það taki 15 mínútur að meðaltali fyrir hverja eign og að vinna við þennan verkþátt kosti um 2 m.kr.

Þá er gert ráð fyrir um 6 m.kr. útgjöldum vegna vinnu tölvuþjónustuaðila við uppsetningu tölvukerfisins hjá hverju sýslumannsembætti og kennslu á það. Útgjöld vegna frekari þróunar á hugbúnaðinum næstu árin og tengingu kerfisins við tekjubókhaldskerfi ríkisins eru talin nema um 5 m.kr. Loks eru ráðgerð kaup á tölvubúnaði, bæði fyrir skráningarstarfsmenn og lögfræðinga að fjárhæð 1 m.kr.

Þegar allt er talið er stofnkostnaður dómsmálaráðuneytisins áætlaður eftirfarandi:

	M.kr.
Yfirfærsla úr þinglýsingabókum og staðfesting	50
Flutningur gagna úr eldra kerfi hjá Skýrr hf. og leiðrétting	4
Uppsetning á þinglýsingarkerfi, búnaður og kennsla	7
Þróun hugbúnaðar	5
Samtals	**66**

Rekstrarkostnaður.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður þinglýsingarkerfisins verði fjármagnaður af núverandi fjárveitingum til safnliða dómsmálaráðuneytis og sýslumannsembætta og er raunar talið að kerfið muni leiða til margvíslegs vinnuhagræðis og sparnaðar í rekstri embættanna. Árlegur kostnaður við rekstur eldra þinglýsingakerfis hjá Skýrr hf. hefur verið innan við 1 m.kr. og reiknað er með því að hann falli smám saman niður en þar verða fyrst um sinn vistaðar áfram upplýsingar um þinglýsingar bifreiða. Hins vegar er gert ráð fyrir aukinni fjárþörf hjá dómsmálaráðuneytinu vegna 1,4 m.kr. kostnaðar við þjónustusamning fyrir nýja þinglýsingarkerfið.

Þá er áætlað að rekstrarkostnaður tölvukerfa hjá Fasteignamati ríkisins aukist um 15 m.kr. ári vegna aukins umfangs kerfisins og aukinnar þjónustu í tengslum við það.

Í athugasemdum með frumvarpi til breytingar á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, kemur fram að fyrirhugað er að koma á fót fimm manna framkvæmdanefnd til að hafa eftirlit með yfirfærslu upplýsinga úr eldri skrám í nýtt kerfi næstu fimm árin. Reiknað er með að útgjöld vegna nefndarinnar verði um 0,5 m.kr. á ári.

Fyrirhugað er að við myndun Landskrár fasteigna falli niður afnotagjöld sem sýslumannsembætti og ríkisskattstjóri hafa greitt fyrir aðgang að fasteignamatsskrám. Miðað er við að fjárveitingar í fjárlögum lækki vegna þessa um 9,5 m.kr. hjá sýslumannsembættum og um 5,5 m.kr. hjá ríkisskattstjóra en færist í staðinn sem framlag til Fasteignamats ríkisins. Gjaldskrá fyrir sölu upplýsinga úr Landskránni hefur að öðru leyti ekki verið útfærð á þessu stigi að því marki að unnt sé að setja fram áætlanir um breytta tekjuöflun en líklegt þykir að auka megi tekjur nokkuð frá því sem nú er.

890. Fyrirspurn [551. mál]

til umhverfisráðherra um áhrif Nesjavallavirkjunar á lífríki Þingvallavatns.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hversu miklu affallsvatni er veitt frá Nesjavallavirkjun til Þingvallavatns eða í grunnvatn sem streymir til Þingvallavatns?
2. Hvaða skaðleg efni og efnasambönd eru í affallsvatninu og hver verður styrkur þeirra þegar þau berast í Þingvallavatn?
3. Hvaða áhrif munu þessi efni hafa á lífríki Þingvallavatns og hversu vel hefur það verið kannað?

4. Hvaða áhrif munu efnin í affallsvatninu hafa á nýtingarhæfni hitaveituvatnsins sem sent er frá Nesjavallavirkjun til höfuðborgarsvæðisins?
5. Hversu mikið af næringarefnum er áætlað að berist til Þingvallavatns frá Nesjavallavirkjun, sumarbústöðum, ferðamönnum og af völdum annarrar landnýtingar og hvaða áhrif munu efnin hafa á lífríki vatnsins og útlit þess?

Skriflegt svar óskast.

891. Fyrirspurn [552. mál]

til dómsmálaráðherra um áfengiskaupaaldur.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað líður störfum nefndar sem skipa átti samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í áfengislögum, nr. 75/1998, sem samþykkt voru 5. júní 1998, og skila átti niðurstöðu sl. haust, en verkefni hennar var að kanna hvort æskilegt væri að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi?
2. Hverjar eru helstu niðurstöður nefndarinnar?

892. Fyrirspurn [553. mál]

til heilbrigðisráðherra um stefnumótun í málefnum langveikra barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað líður undirbúningi að heildstæðri og samræmdri stefnu í málefnum langveikra barna en niðurstöður stjórnskipaðrar nefndar og nauðsynlegar lagabreytingar átti að leggja fyrir Alþingi í upphafi árs 1999?

893. Fyrirspurn [554. mál]

til viðskiptaráðherra um viðbrögð Landsbanka og Búnaðarbanka við úrskurði kærunefndar jafnréttismála frá 30. desember 1998.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað hafa stjórnendur Landsbanka og Búnaðarbanka gert til að framfylgja úrskurði kærunefndar jafnréttismála frá 30. desember sl. þess efnis að sá afgerandi munur sem

væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan bankanna bryti í bága við jafnréttislög og þeim tilmælum að viðunandi lausn yrði fundin á málinu?
2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að þessi launamismunur verði leiðréttur, sbr. 5. og 6. gr. jafnréttislaga?
3. Telur ráðherra í ljósi fyrrgreindrar niðurstöðu að þörf sé á að mótaðar verði reglur í bönkum og öðrum innlánsstofnunum sem tryggi að ákvarðanir um bílastyrki og önnur hlunnindi byggist á hlutlausum og gegnsæjum viðmiðunum og komi þannig í veg fyrir að starfsmönnum sé mismunað eftir kynferði?

894. Fyrirspurn [555. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjúkraflug.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hver er staða samninga við flugrekstraraðila um sjúkraflutninga?
2. Er fyrirhugað útboð á þessum flutningum? Ef svo er, með hvaða skilmálum?

895. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Birgi Má Ragnarsson frá viðskiptaráðuneyti og Margeir Pétursson héraðsdómslögmann. Umsagnir um málið bárust frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Kaupþingi hf., Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Verðbréfaþingi Íslands og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að unnt verði að stofna verðbréfasjóði sem eingöngu verði markaðssettir hér á landi og hafi meira svigrúm til fjárfestinga en felast í hinum ströngu ákvæðum verðbréfasjóðatilskipunar ESB. Flest EES-ríki hafa sambærilega heimild í löggjöf sinni. Í gildandi lögum um verðbréfasjóði er íslenskum verðbréfasjóðum að þessu leyti sniðinn þrengri stakkur en víðast hvar erlendis og er í frumvarpinu lagt til að tekið verði á því.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Lögð er til breyting á 5. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins. Venjan sú að verðbréfasjóðir geri ekki afleiðusamninga heldur eigi viðskipti með þá og er orðalag frumvarpsins lagfært með tilliti til þess. Þá er lagt til, eftir ábendingu verðbréfafyrirtækja, að ákvæði lokamálsliðar málsgreinarinnar verði víkkað út þannig að Fjármálaeftirlitinu verði falið að setja reglur um þessi viðskipti í stað þeirrar takmörkunar sem nú kemur fram í málsliðnum.

Heimildin verði ekki bundin við að verðbréfasjóður megi aðeins skuldbinda sig til að afhenda verðbréf og gjaldmiðla sem eru í eigu sjóðsins allan samningstíma afleiðusamnings heldur að verðbréfasjóður verði ætíð að eiga eignir af réttri gerð og nægjanlega verðmætar til að standa á móti afleiðusamningum.

Alþingi, 22. febr. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar Oddur Kristjánsson.	Árni R. Árnason.	Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.

896. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 4. gr.

a. Í stað orðanna „að gera“ í 1. málsl. 5. efnismgr. komi: að eiga viðskipti með.
b. Í stað lokamálsliðar 5. efnismgr. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur þar sem kveðið er á um heimild verðbréfasjóðs skv. 1. mgr., eða einstakra deilda hans, til að gera eða eiga viðskipti með fjármálalega framvirka samninga og valréttarsamninga sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði. Í þeim skal m.a. kveðið nánar á um hvers konar samninga um getur verið að ræða og hvaða skilyrði samningsaðilar þurfa að uppfylla. Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti hugsanlegu hámarkstapi af samningi sem gerður er samkvæmt þessari málsgrein allan þann tíma sem hann er í gildi.

897. Nefndarálit [537. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Ekki þótti tilefni til að senda frumvarpið út til umsagnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 22. febr. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Valgerður Sverrisdóttir.
Árni R. Árnason.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Ágúst Einarsson.

898. Nefndarálit [323. mál]

um frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson og Áslaugu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Sigurbjörgu Björnsdóttur frá Lífeyrissjóði bænda, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands og Guðríði Þorsteinsdóttur og Guðmund Þorsteinsson úr stjórn Lífeyrissjóðs bænda. Umsagnir um málið bárust frá Bændasamtökum Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Lífeyrissjóði bænda, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Verðbréfaþingi Íslands og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heildarlög um starfsemi Lífeyrissjóðs bænda. Er þeim að meginefni ætlað að laga starfsemi sjóðsins að ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 2. gr. frumvarpsins um að sjóðstjórn sé skylt að veita maka bónda sem er ekki aðili að búrekstri undanþágu frá sjóðsaðild að Lífeyrissjóði bænda enda sé viðkomandi með fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði. Nefndin taldi rétt að kveða afdráttarlaust á um þetta atriði þannig að ekki þurfi að koma upp vafi við túlkun ákvæðisins um hvenær veita skuli slíka undanþágu og hvenær ekki.
2. Lagðar eru til lagfæringar á frumvarpinu varðandi hugtakanotkun þannig að hugtakið maki verði skilið í þessum lögum eins og skv. 3. mgr. 16. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þessar breytingar miða að því að tryggja að einstaklingar í óvígðri sambúð og staðfestri samvist njóti sambærilegra réttinda og fólk í hjónabandi. Þessar breytingar er að finna í eftirfarandi breytingartillögum: b-lið 1. tölul., c-lið 7. tölul., b-lið 8. tölul. og 9. tölul.

3. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á ýmsum ákvæðum til samræmingar eða einföldunar frumvarpstextans og til að gera hann skýrari. Hér er um að ræða a- og c-lið 2. tölul., a- og b-lið 3. tölul., 5. tölul., a- og b-lið 7. tölul. og a- og c-lið 8. tölul. breytingartillagna.
4. Lagt er til að við 4. mgr. 3. gr. bætist nýr málsliður sem heimili sjóðnum að annast sjálfur innheimtu iðgjalda og framlaga samkvæmt greininni enda kom fram við meðferð málsins að ekki er unnt að innheimta iðgjald vegna allra bænda á þá leið sem greinin gerir almennt ráð fyrir og er þessi heimild því nauðsynleg. Þá er lagt til að efni 6. mgr. 3. gr. verði fært í 4. mgr. til einföldunar frumvarpstextans og þannig að skýrt komi fram til hvaða dags eigi að reikna dráttarvexti.
5. Lagt er til að orðað verði skýrar við hvaða mánuð er átt með orðunum „næsta mánaðar“ í 4. mgr. 4. gr., þ.e. að þar sé átt við næsta mánuð eftir launatímabil.
6. Lagt er til að viðmiðunarfjárhæðir í 6. og 13. gr. frumvarpsins hækki til samræmis við þá breytingu sem varð hjá almennu lífeyrissjóðunum þegar þeir breyttu viðmiðun sinni úr lánskjaravísitölu í vísitölu neysluverðs.
7. Lagt er til að 21. gr. verði umorðuð þannig að í stað þess að kveðið sé á um að stjórnin skuli lækka lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur verði sú skylda lögð á stjórnina að beita sér fyrir viðeigandi breytingum á lögum og/eða samþykktum sjóðsins. Breytingin á textanum miðar að því að færa ákvæðið til samræmis við þau úrræði sem stjórnin hefur. Réttindi þau sem tilgreind eru í frumvarpinu eru í sumum tilvikum lágmarksréttindi og er unnt að veita betri réttindi í samþykktum, sbr. t.d. 2. mgr. 13. gr. þar sem tilgreindur er lágmarksstuðull vegna útreiknings elli- og örorkulífeyris. Í öðrum tilvikum eru skilyrðin bundin í lögum, sbr. t.d. skilyrðin til þess að öðlast rétt til makalífeyris. Stjórnin getur eingöngu breytt lífeyrisgreiðslum með því móti að fara niður í lágmarksréttindi samkvæmt lögunum en ef gera þarf frekari breytingar er nauðsynlegt að það verði gert með lagasetningu.
8. Lögð er til breyting á 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða. Í ljós kom nú um áramótin að lífeyrir lækkaði vegna lækkunar vísitölu frá júlí 1998 til janúar 1999 og því þykir rétt að breyta orðalagi málsgreinarinnar til að réttindi eldri sjóðfélaga yrðu ekki skert.
9. Þá er lagt til að gildistökuákvæði verði breytt þannig að lögin taki gildi 1. júlí 1999 í stað 1. janúar 1999.
10. Af breyttri gildistöku leiðir að bæta þarf tveimur málsgreinum við ákvæði til bráðabirgða sem hafa að geyma lagaskilareglur.

Gunnlaugur M. Sigmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. febr. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Svavar Gestsson.		Einar Oddur Kristjánsson.

899. Breytingartillögur [323. mál]

við frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði er sjóðstjórn skylt að veita undanþágu frá sjóðsaðild að Lífeyrissjóði bænda óski viðkomandi þess.
   b. Lokamálsliður 1. mgr. falli brott.
2. Við 3. gr.
   a. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir það tímabil og skila því til sjóðsins.
   b. Við 4. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er sjóðnum að annast sjálfur innheimtu iðgjalda og framlaga skv. 2. mgr., sbr. 3. málsl. 1. mgr., og skal gjalddagi vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil. Greiði sjóðfélagi ekki iðgjald innan 30 daga frá gjalddaga eða sé það vangreitt skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga til greiðsludags.
   c. Í stað orðanna „skv. 3. mgr., sbr. 4. mgr.“ í 5. mgr. komi: skv. 3. mgr.
   d. 6. mgr. falli brott.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „en 6%“ í 1. og 2. mgr. komi: og 6%.
   b. Orðin „laga þessara“ í 2. mgr. falli brott.
   c. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo: Gjalddagi iðgjalda og framlaga skv. 1. og 2. mgr. er tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil og eindagi 30 dögum síðar.
4. Við 6. gr. Í stað fjárhæðarinnar „51.110“ í 3. mgr. komi: 51.113.
5. Við 10. gr. Í stað orðanna „svo og áliti“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: svo og að fengnu áliti.
6. Við 13. gr. Í stað fjárhæðarinnar „51.110“ í 1. mgr. komi: 51.113.
7. Við 15. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:

      Þeim sem fæddir eru 1914 eða fyrr og hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 16. gr., enda eigi þeir að baki a.m.k. tíu ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann sem látið hefur af búskap á árunum 1964–69 brot úr ári til að ná fullum tíu árum veldur það þó ekki réttindamissi ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum tíu árum.
   b. Tilvísunin „c-liðar“ í 1. málsl. 2. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðsins „Sambúð“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: Óvígð sambúð eða staðfest samvist.

8. Við 16. gr.
   a. Í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 14. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 1. mgr. 13. gr.
   b. Í stað orðanna „eða sambúð“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: óvígða sambúð eða staðfesta samvist.
   c. Í stað orðanna „Lífeyrir samkvæmt þessari grein skerðist“ í upphafi 6. mgr. komi: Makalífeyrir samkvæmt þessari grein til þeirra sem ekki hafa náð 75 ára aldri skerðist.
9. Við 18. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þeim er nýtur lífeyris skv. 16. gr. og uppfyllir skilyrði 2. mgr. 15. gr. um hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist er skylt að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðaraðili fellur frá ellegar hjúskap, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist er slitið.
10. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
    Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir heildarskuldbindingum skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, beita sér fyrir viðeigandi breytingum á lögum og/eða samþykktum sjóðsins, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta hag sjóðsins.
11. Við 23. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1999“ komi: 1. júlí 1999.
12. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. 3. mgr. orðist svo:
       Lífeyrir samkvæmt eldri lögum skal eigi verða lægri en hann hefði orðið samkvæmt lögum nr. 50/1984.
    b. Við bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
       Ákvæði 1. málsl. 4. mgr. 6. gr. um 25-föld ársiðgjöld sjóðfélaga skal taka gildi 1. janúar 2000. Fyrir árið 1999 skal miða við 24-föld iðgjöld sjóðfélaga.
       Örorkulífeyrir þeirra örorkulífeyrisþega sjóðsins sem ná 67 ára aldri á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1999 fellur niður 1. júlí 1999. Ellilífeyrir þeirra skal úrskurðaður frá 1. júlí 1999 en að öðru leyti í samræmi við ákvæði 10. mgr. 10. gr.

900. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Nordal frá samgönguráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir frá Félagi hópferðaleyfishafa, Félagi sérleyfishafa, Bifreiðastjórafélaginu Frama, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Vegagerðinni.

Frumvarpið felur í sér endurskoðun gildandi laga um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, með síðari breytingum. Meginbreytingin sem í frumvarpinu felst snýr að útgáfu leyfa en gert er ráð fyrir því að Vegagerðin annist útgáfu leyfa til fólksflutninga með hópferðabifreiðum í stað samgönguráðuneytis. Á þann hátt er umsækjanda tryggður réttur til málskots til æðra stjórnvalds ef hann sættir sig ekki við afgreiðslu umsóknar. Þá er gert ráð fyrir að Vegagerðin annist eftirlit með fólksflutningum. Jafnframt er gert

ráð fyrir að nú þurfi leyfi Vegagerðarinnar til allra fólksflutninga með hópferðabifreiðum ef gjald kemur fyrir aksturinn. Til viðbótar því leyfi þarf svo að sækja sérstaklega um önnur leyfi, t.d. sérleyfi, einkaleyfi eða leyfi til fólksflutninga með sérútbúnum bifreiðum.

Vegna fram kominna athugasemda við 5. gr. frumvarpsins telur samgöngunefnd rétt að ítreka að gildissvið frumvarpsins tekur ekki til leigubifreiða í kaupstöðum og mun því ekki hafa áhrif á starfsemi þeirra. Jafnframt telur nefndin rétt að árétta að 9. gr. frumvarpsins, sem geymir ákvæði um sérstakt leyfi til aksturs sérútbúinna bifreiða, felur ekki í sér heimild til hefðbundins aksturs leigubifreiða. Það nýmæli felst í 9. gr. að eftir gildistöku laganna verður öllum sem flytja ferðamenn um óbyggðir landsins skylt að hafa almennt leyfi til fólksflutninga skv. 3. gr. auk þess sérstaka leyfis sem mælt er fyrir um í 9. gr.

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ekkert leyfi þurfi til flutnings í eigin þágu. Ákvæði þetta var sett inn í frumvarpið til áréttingar um að ekkert leyfi þurfi til slíks aksturs þótt hann falli að jafnaði utan við gildissvið laganna, sbr. 1. gr. Nefndin leggur til að ákvæði 2. mgr. 6. gr. verði flutt í 3. gr. sem fjallar um útgáfu leyfa.

Eitt af skilyrðum fyrir útgáfu leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins er að umsækjandi þarf að fullnægja skilyrðum um starfshæfni. Til skýringar vill nefndin taka fram að með því er m.a. átt við að umsækjendur geta þurft að sækja námskeið og uppfylla önnur skilyrði um kunnáttu áður en þeir fá leyfi úthlutað.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingartillögur nefndarinnar fela ekki í sér verulegar efnisbreytingar heldur er orðalag víða fært til betri vegar, skipulag texta lagfært, kaflaheiti tekin út og fyrirsagnir lagfærðar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að hugtakið fólksflutningar verði notað eingöngu í stað þess að nota orðið flutningar eða fólksflutningar á víxl.
2. Við 1. gr. er lagt til að bætt verði tilvísun til 4. mgr. 4. gr. og 9. gr. sem geyma undanþágur frá notkun bifreiða fyrir níu farþega eða fleiri.
3. Lagt er til að 2. gr. verði umorðuð og skilgreining á hugtakinu sérleyfi bætt við 2. mgr. en hugtakið kemur fyrir í 1. mgr. 4. gr.
4. Þá er lagt til að orðalag 1. mgr. 6. gr. verði fært til betri vegar og að ákvæði 2. mgr. 6. gr. verði flutt í 3. gr. og verði 3. mgr. hennar.
5. Jafnframt er lagt til að orðið „(hópferðir)“ í 1. mgr. 8. gr. falli brott enda er það hugtak ekki notað í frumvarpinu.
6. Við 10. gr. eru lagðar til breytingar á fyrri málslið 3. tölul. Í stað orðanna „starfsskilyrði greinarinnar“ er lagt til að komi: lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda.
7. Lagt er til að í 1. og 2. mgr. 11. gr. verði tilvísun til 10. gr. gerð nákvæmari.
8. Lagt er til að 1. mgr. 13. gr. verði flutt til og gerð að 3. mgr. hennar vegna rökræns samhengis textans.
9. Lagt er til að orðalag 2. mgr. 16. gr. um reglugerðarheimild ráðherra verði þrengt og að það takmarkist við skipulag fólksflutninga með hópferðabifreiðum. Orðalag frumvarpsins er of rúmt að þessu leyti.
10. Lagt er til að gildistökudagur verði færður til 1. júní 1999.
11. Loks er lagt til að kaflaheiti verði felld brott en í stað þess komi fyrirsögn við hverja grein.

Guðmundur Árni Stefánsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 1999.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Egill Jónsson.
Ragnar Arnalds.	Magnús Stefánsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

Kristján Pálsson.

901. Breytingartillögur [282. mál]

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Lög þessi gilda um fólksflutninga á landi gegn gjaldi með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri, sbr. þó 4. mgr. 4. gr. og 9. gr.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Gildissvið.*
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Reglubundnir fólksflutningar eru fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun einu sinni eða oftar í viku allt árið eða hluta þess og þjónustan er öllum opin.
   Til reglubundinna flutninga telst:
   1. Sérleyfi sem er leyfi til reglubundinna fólksflutninga þar sem heimilt er að taka upp og setja af farþega hvar sem er á leiðinni.
   2. Einkaleyfi sem er sérleyfi sveitarfélags til reglubundinna fólksflutninga innan lögsagnarumdæmis þess.
   3. Sérstakir reglubundnir fólksflutningar sem eru flutningar á ákveðnum hópi farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir.
   4. Aðrir reglubundnir fólksflutningar sem eru fólksflutningar sem hvorki eru sérleyfi né sérstakir reglubundnir fólksflutningar.

   Óreglubundnir fólksflutningar eru aðrir fólksflutningar en reglubundnir.
3. Kaflaheiti I. kafla falli brott, svo og önnur kaflaheiti frumvarpsins.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „flutninga“ í 1. málsl. 1. mgr. og sama orðs í 2. mgr. 5. gr., 7. gr. og 8. gr. komi (í viðeigandi beygingarmynd): fólksflutningar.
   b. Í stað orðsins „leyfi“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: sérleyfi.

c. Orðið „aðilar“ í 2. mgr. falli brott.
d. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Sérleyfi.*

5. Við 6. gr.
a. 1. mgr. orðist svo:

Með sérstökum reglubundnum fólksflutningum er átt við flutninga á ákveðnum hópi farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir. Til sérstakra reglubundinna fólksflutninga teljast flutningar starfsfólks að og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda og akstur skólanemenda. Ekki þarf annað leyfi til sérstakra reglubundinna fólksflutninga en um getur í 3. gr.

b. 2. mgr. flytjist í 3. gr. og verði 3. mgr. hennar.
c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Sérstakir reglubundnir fólksflutningar.*

6. Við 7. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Aðrir reglubundnir fólksflutningar.*
7. Við 8. gr.
a. Orðið „(hópferðir)“ í 1. mgr. falli brott.
b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Óreglubundnir fólksflutningar.*
8. Við 10. gr.
a. Fyrri málsliður 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda.
b. Í stað orðsins „greininni“ í 2. mgr. komi: 1. mgr.
c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Skilyrði leyfis.*
9. Við 11. gr.
a. Á eftir orðunum „1. tölul.“ í 1. mgr. komi: 1. mgr.
b. Á eftir orðunum „3. tölul.“ í 2. mgr. komi: 1. mgr.
c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Almenn ákvæði um leyfishafa.*
10. Við 12. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Almenn ákvæði um bifreiðar til fólksflutninga.*
11. Við 13. gr.
a. 1. mgr. flytjist og verði 3. mgr.
b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Eftirlit og leyfisgjöld.*
12. Við 14. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Kyrrsetning bifreiðar.*
13. Við 15. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Refsingar. Svipting leyfis.*
14. Við 16. gr.
a. 2. mgr. orðist svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Reglugerðarheimild.*

15. Við 18. gr. er verði 17. gr.
a. Í stað orðanna „1. janúar“ í fyrri málslið greinarinnar komi: 1. júní.
b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Gildistaka. Brottfallin lög.*

902. Fyrirspurn [556. mál]

til umhverfisráðherra um íslenska hrafnastofninn.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um ástand íslenska hrafnastofnsins?
2. Er það mat sérfræðinga að hann sé í hættu?
3. Ef svo er, til hvaða aðgerða er áformað að grípa?

903. Fyrirspurn [557. mál]

til utanríkisráðherra um viðbrögð við hermdarverkum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Eru til ítarlegar áætlanir um samræmdar aðgerðir varnarliðsins, lögreglu í Leifsstöð og annarra lögreglusveita um viðbrögð ef hermdarverkamenn freista yfirtöku Leifsstöðvar með vopnavaldi?
2. Hver hefur forustu um gerð slíkra áætlana?
3. Hafa slík viðbrögð verið æfð?
4. Eru áætlanir til um viðbrögð við flugráni á flugstjórnarsvæði Keflavíkurflugvallar?
5. Hafa viðbrögð við flugráni verið æfð?

904. Fyrirspurn [558. mál]

til forsætisráðherra um fjölgun nýrra starfa á vegum ríkisins á landsbyggðinni.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hyggst ráðherra grípa til aðgerða í ljósi nýrra upplýsinga um að markmið um að fjölga störfum og auka umsvif í opinberri þjónustu og á vegum opinberra stofnana á landsbyggðinni, sbr. byggðaáætlun frá í maí 1994, hafa ekki náðst?
2. Hvernig metur ráðherra stöðu byggðamála í ljósi upplýsinga um vaxandi byggðaröskun ár frá ári síðan 1993 og upplýsinga um mikinn kostnað sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu af fólksflutningum þangað og þjóðhagslegt óhagræði af þeim, svo og í ljósi fyrrnefndra upplýsinga um að störfum á vegum ríkisins hafi ekki fjölgað á landsbyggðinni?

Skriflegt svar óskast.

905. Skýrsla [559. mál]

félagsmálaráðherra um framkvæmd verkefnis um reynslusveitarfélög 1997–98.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Í 6. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, segir að félagsmálaráðherra skuli hlutast til um að lagðar verði fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga um framkvæmd verkefnisins. Hér á eftir birtist fjórða skýrsla verkefnisstjórnarinnar.

Skýrsla verkefnisstjórmar reynslusveitarfélaga um framkvæmd verkefnisins árin 1997–98.

Verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga hefur samkvæmt lögum nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins um reynslusveitarfélög. Henni ber jafnframt, sbr. 3. gr. laganna, að leiðbeina og aðstoða reynslusveitarfélög við undirbúning tilrauna og að vera tengiliður þeirra við einstök ráðuneyti auk þess að veita viðkomandi ráðuneytum umsagnir um óskir reynslusveitarfélaga.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því helsta sem verkefnisstjórnin hefur unnið að á frá 1. júní 1997 til 31. desember 1998. Skýrslan skiptist í eftirfarandi kafla: 1. Skipan verkefnisstjórnar; 2. Áherslur verkefnisstjórnarinnar á tímabilinu; 3. Fundir í verkefnisstjórninni og helstu umfjöllunarefni; 4. Staða verkefna; 5. Mat á verkefnum; 6. Heimsóknir í reynslusveitarfélög; 7. Tvær ráðstefnur um reynslusveitarfélagaverkefni; 8. Verkefnin fram undan; 9. Lokaorð.

1. Skipan verkefnisstjórnar.

Í verkefnisstjórn sitja nú Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri og Sigríður Stefánsdóttir sviðsstjóri, skipuð af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Hilmarsson, framkvæmdastjóri, sem er formaður verkefnisstjórnarinnar, og Hermann Sæmundsson deildarsérfræðingur, skipaðir af félagsmálaráðherra, en Hermann tók við sæti í nefndinni af Húnboga Þorsteinssyni ráðuneytissstjóra á síðari hluta árs 1997. Starfsmaður verkefnisstjórnarinnar er Elín Blöndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu.

2. Áherslur verkefnisstjórnarinnar á tímabilinu.

Fram á árið 1997 beindist starf verkefnisstjórnarinnar að miklu leyti að því að skýra stöðu og markmið verkefna sem mörg voru skammt komin á veg. Um og eftir mitt árið má segja að vinnan hafi breyst í eiginlega umsjón og eftirlit með verkefnunum. Í upphafi árs 1998 setti verkefnisstjórnin sér sérstaklega þau markmið að beina sjónum sínum að (1) málefum fatlaðra og (2) stjórnsýslutilraunum (á síðari hluta ársins). Þá var ákveðið að (3) mat og úttektir á reynslusveitarfélagaverkefnum yrði sérstaklega tekið til athugunar og að mikilvægt verkefni væri (4) að hyggja sérstaklega að framhaldinu þar sem að gildistími laga um reynslusveitarfélög rennur út 1. janúar árið 2000. Verkefnin afmörkuðust að öðru leyti af þeim málefnum sem fyrir lágu hverju sinni og því umsjónarhlutverki sem verkefnisstjórnin sinnir á grundvelli laga um reynslusveitarfélög.

3. Fundir í verkefnisstjórninni og helstu umfjöllunarefni.

Á því tímabili sem skýrslan tekur til hélt verkefnisstjórnin 12 reglulega fundi og eru þá ótaldir þeir fundir sem gerð er grein fyrir í köflum 6 og 7. Fulltrúar ráðuneyta og undirstofnana sem fara með reynslusveitarfélagaverkefni voru kallaðir á fund nefndarinnar og gerðu þeir grein fyrir verkefnunum fyrir hönd ráðuneytanna. Voru þar m.a. sérstaklega rædd þau verkefni sem enn voru í undirbúningi, þ.e. skógrækt í Dalabyggð og menningarmál á Akureyri.

Í maí 1998 hélt verkefnisstjórnin fund um vinnumál og kallaði til sín fulltrúa reynslusveitarfélaga sem enn höfðu slík verkefni með höndum, þ.e. Reykjanesbæjar og Hafnarfjarðar, ásamt forstjóra Vinnumálastofnunar. Eins og fram kemur í 4. kafla var einu verkefni á sviði vinnumála þá þegar lokið, þ.e. hjá Reykjavíkurborg.

Umræður um mat á verkefnum, einkum af hálfu Hagvangs hf., tóku drjúgan tíma hjá verkefnisstjórninni á tímabilinu, sbr. nánar 5. kafla.

Um önnur verkefni verkefnisstjórnarinnar vísast til eftirfarandi kafla skýrslunnar.

4. Staða reynslusveitarfélagaverkefna.

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum verkefnisstjórnar til félagsmálaráðherra sóttu þau 12 reynslusveitarfélög sem félagsmálaráðherra valdi árið 1994 um fjölmörg verkefni, eða alls 56.

Í síðustu skýrslu verkefnisstjórnarinnar, frá maí 1997, kom fram að í upphafi árs 1997 lá fyrir að verkefnum reynslusveitarfélaga hafði fækkað verulega, úr 56 í 25. Þá var eitt verkefni enn í athugun, skógrækt í Dalabyggð, og að auki fjögur verkefni á sviði heilsugæslu og málefna aldraða sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafði hafnað en var tilbúið að taka til endurskoðunar á árinu 1997. Enn fremur lá þá fyrir að þrjú sveitarfélög af þeim 12 sem félagsmálaráðherra valdi árið 1994 eru ekki lengur þátttakendur þar sem ekki náðist samkomulag um reynslusveitarfélagaverkefni hjá Borgarbyggð, Snæfellsbæ og Vesturbyggð.

Yfirlit yfir reynslusveitarfélagaverkefni, dags. 1. nóvember 1998, birtist sem fylgiskjal með skýrslu þessari. Eins og þar kemur fram hefur reynslusveitarfélagaverkefnum enn fækkað um tvö og eru þau nú 23 talsins sem samningar hafa tekist um. Verkefnin sem féllu niður á tímabilinu eru annars vegar stjórnsýslutilraunir í Dalabyggð og hins vegar vinnumál í Hafnarfirði, þrátt fyrir að m.a. verkefnisstjórnin hefði beitt sér fyrir því að að þau mættu komast til framkvæmda. Þar sem verkefnið skógrækt í Dalabyggð komst heldur ekki á laggirnar telst Dalabyggð ekki lengur vera meðal reynslusveitarfélaga.

Einu verkefni lauk á árinu 1997, þ.e. vinnumálum í Reykjavík, en því verkefni var afmarkaður tími fram til gildistöku nýrra laga um vinnumarkaðsaðgerðir, 1. júlí 1997. Þá hefur eitt þeirra verkefna sem samningar hafa náðst um, félagsleg húsnæðismál hjá Hornafjarðarbæ, ekki enn komið til framkvæmda. Stafar það einkum af því að ný lög um húsnæðismál, nr. 44/1998, voru samþykkt á tímabilinu en þau breyta að miklu leyti forsendum Hornfirðinga. Gert er ráð fyrir að fljótlega liggi fyrir hvort verkefnið kemur til framkvæmda.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafði lýst því yfir að það væri tilbúið að taka til athugunar möguleika á nýjum verkefnum á sviði öldrunarmála og heilsugæslu í þremur sveitarfélögum (Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Dalabyggð) á árinu 1997. Á tímabilinu kom í ljós að ekki voru forsendur fyrir samningum af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Um mitt ár 1998 áttu sér þó stað viðræður milli Hafnarfjarðarbæjar og ráðuneytisins um að koma af stað nýju verkefni í heilsugæslu. Af hálfu verkefnisstjórnar var því lýst yfir að hún væri samþykk því að verkefnið yrði fært til bæjarins enda næðust um það

samningar við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Búist er við að niðurstaða liggi fyrir í málinu snemma á þessu ári.

5. Mat á verkefnum.

Við upphaf verkefnisins um reynslusveitarfélög samdi félagsmálaráðuneytið við Hagvang hf. (nú Pricewaterhouse Coopers ehf.) um að vera sá óháði aðili sem tekur út reynslusveitarfélagaverkefni og metur árangur þeirra, sbr. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög.

Á tímabilinu komu fram ýmsar athugasemdir, ekki aðeins hjá verkefnisstjórninni sjálfri heldur einnig hjá reynslusveitarfélögunum, varðandi framkvæmd Hagvangs á úttektum og mati verkefna. Eftir viðræður við fulltrúa fyrirtækisins og að fenginni skýrslu þeirra frá júní 1998, sbr. einnig þær áætlanir sem Hagvangur hefur nú lagt fram um framhald verksins, er það mat verkefnisstjórnarinnar að málið sé komið í betri farveg.

Verkefnisstjórnin hefur ávallt lagt áherslu á að ekki verði unnt að byggja niðurstöður um árangur verkefna á mati Hagvangs eingöngu heldur verði meira að koma til. Þannig hefur verkefnisstjórnin ítrekað komið því á framfæri að reynslusveitarfélögin sjálf og hlutaðeigandi ráðuneyti verða einnig að leggja mat á verkefnin og árangur þeirra.

6. Heimsóknir í reynslusveitarfélög.

Á síðari hluta árs 1997 heimsótti verkefnisstjórnin flest reynslusveitarfélögin. Markmiðið var einkum að kynnast framkvæmd verkefna hjá viðkomandi sveitarfélögum og að ræða við heimafólk. Eftirfarandi sveitarfélög voru heimsótt: Akureyri, Neskaupstaður, Hornafjörður, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Reykjavíkurborg og Garðabær. Ekki náðist að fara til Vestmannaeyja og til Dalabyggðar, en fulltrúar þeirra komu á fund nefndarinnar í Reykjavík til að ræða verkefnin sem þar eru.

7. Tvær ráðstefnur um reynslusveitarfélagaverkefni.

Á tímabilinu hélt verkefnisstjórnin tvær ráðstefnur og boðaði til þeirra fulltrúa reynslusveitarfélaga, ráðuneyta sem fara með reynslusveitarfélagaverkefni, Hagvangs og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá var félagsmálanefnd Alþingis boðið að sitja fundina.

Hinn 28. nóvember 1997 hélt verkefnisstjórnin fund í Borgartúni 6 þar sem fulltrúar sveitarfélaga gerðu grein fyrir stöðu mála í sveitarfélögunum og fulltrúar ráðuneyta skýrðu frá framkvæmd hvers málaflokks fyrir sig. Þá gerði fulltrúi Hagvangs grein fyrir úttekt og mati fyrirtækisins á verkefninu. Ýmis áhugaverð atriði komu fram á fundinum, svo sem eftirfarandi:

— Almenn ánægja virtist vera meðal sveitarfélaga með þau verkefni sem komist höfðu af stað.
— Sveitarfélög kvörtuðu yfir seinagangi hjá ríkisvaldinu og áhugaleysi á að koma af stað verkefnum.
— Mörg sveitarfélög voru óánægð með að hafa ekki fengið að koma á verkefnum.
— Málefni fatlaðra virðast í góðum höndum hjá sveitarfélögunum, sem og öldrunar- og heilbrigðisþjónusta. Sveitarfélögin leitast við að ná fram hagkvæmari og markvissari þjónustu, m.a. með því að samtvinna verkþætti.
— Þegar liggur fyrir að tekist hefur vel til með verkefnið byggingarmál sem mörg reynslusveitarfélög fara með. Verkefnin felast í að byggingarfulltrúi fer með auknar heimildir

til að afgreiða mál í stað byggingarnefndar. Í þessu felst einfaldari stjórnsýsla og hraðari afgreiðsla mála.

— Stjórnsýslutilraunir á ákveðnum sviðum sveitarfélagamála hafa almennt tekist vel í sveitarfélögunum og einhver þeirra hafa farið út í almenna endurskipulagningu á stjórnsýslu á grundvelli þess að vera reynslusveitarfélög án þess að beinlínis sé um reynslusveitarfélagaverkefni að ræða. Reykjavíkurborg fer með stórt verkefni sem er tilraun um hverfismiðstöð í Grafarvogi, en ákveðnir þættir í þjónustu borgarinnar hafa verið og munu verða færðir þangað fyrir hverfisbúa.
— Nokkur óánægja kom fram hjá því sveitarfélagi (Akureyri) sem hefur tekið að sér tilraunir á sviði menningarmála, einkum með þröngan fjárveitingarramma ráðuneytis.
— Athugasemdir voru gerðar við vinnu Hagvangs varðandi mat og úttektir verkefna, m.a. að verkefnin hefðu ekki verið metin þegar í upphafi, árangursmælikvarðar væru óljósir og að fyrirtækið væri í takmörkuðu sambandi við sveitarfélögin og ráðuneyti.

Almennt var mat manna að slíkir fundir þar sem farið væri yfir stöðu mála og reynsluna væru til gagns fyrir alla aðila. Í lok fundarins bauðst bæjarstjórinn á Akureyri til að halda næsta fund á Akureyri að ári.

Hinn 6. nóvember 1998 var haldinn fundur á Akureyri í samvinnu við Akureyrarbæ. Fyrri hluta dags var farið yfir stöðu og framgang verkefna, en síðdegis var fundurinn helgaður verkefnum á sviði málefna fatlaðra. Fulltrúar reynslusveitarfélaga og ráðuneyta gerðu grein fyrir stöðu mála og fulltrúi Hagvangs fjallaði um verkefnaáætlun og nýja árangursmælikvarða fyrirtækisins. Þá gerðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins grein fyrir fjármálahlið verkefnanna og var sá þáttur ræddur. Á fundinum voru rædd margvísleg efni tengd verkefnunum og kom m.a. eftirfarandi fram:

— Ábendingar frá sveitarfélögunum um erfiðleika vegna yfirtöku á fjársveltum stofnunum.
— Almennur vilji sveitarfélaga til að halda áfram reynslusveitarfélagaverkefnum. Í mörgum tilvikum komu fram ábendingar um að forsendur áframhalds væru að verkefnunum fylgdi aukið fé frá ríkisvaldinu.
— Hugmynd um að verkefnisstjórnin standi fyrir fundi með byggingarfulltrúum til að fjalla um mögulegt framhald verkefna á sviði byggingarmála, eða nauðsynlegar laga- eða reglugerðarbreytingar.
— Að verkefnið í Grafarvogi gæti hugsanlega orðið fyrirmynd að hverfisstjórnun í stærri sveitarfélögum.
— Eins og á fundinum í Borgartúni kom fram að sveitarfélög telja að það að vera reynslusveitarfélag hafi gjarnan í för með sér ákveðna „innri tiltekt“ þannig að fleiri þættir í stjórnsýslu þeirra eru teknir til endurmats og skoðunar en sjálf verkefnin.
— Fram kom almenn ánægja með breytingar á áherslum Hagvangs varðandi mat á verkefnum og virtust fundarmenn vongóðir um framhaldið.
— Nauðsynlegt er að hyggja sem fyrst að lagabreytingum ef halda á einhverjum reynslusveitarfélagaverkefnum áfram.

Á síðari hluta fundarins fluttu erindi annars vegar fulltrúi félagsmálaráðuneytis og hins vegar fulltrúar þeirra reynslusveitarfélaga sem fara með málefni fatlaðra sem reynsluverkefni.

Mat félagsmálaráðuneytis á framgangi verkefnisins er í stórum dráttum eftirfarandi:

— Almennt er góð reynsla af yfirfærslunni. Reynslusveitarfélögin hafa lagt sig mjög fram um að veita góða þjónustu og vel hefur tekist að fella þetta verkefni að félagsþjónustu sveitarfélaganna. Fjárhagslega hefur verkefnið einnig staðist væntingar þótt vissulega séu nokkur atriði sem verður að skoða í framhaldi af frekari færslu þessa málaflokks frá ríki til sveitarfélaga.
— Reynslan sýnir að sveitarfélögin geta rekið málefni fatlaðra ekki síður en ríkisvaldið.

Sjónarmið reynslusveitarfélaganna (Akureyrar og Vestmannaeyja) voru í meginatriðum eftirfarandi:

— Vel hefur gengið að tengja þjónustuna við aðra þætti í félagsþjónustu bæjanna. Málefni fatlaðra falla vel að annarri félagsþjónustu sem sveitarfélögin veita. Færslan gefur kost á möguleikum sem ekki eru fyrir hendi þegar málefni fatlaðra eru aðskilin frá annarri félagsþjónustu, bæði samnýtingu og nýjungum í þjónustu. Fyrirkomulag þetta er í alla staði hagkvæmara.
— Þarna er að skapast mikil reynsla og lærdómur sem er mikilvægur fyrir ríki og sveitarfélög ekki síst þegar horft er til mögulegrar færslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga.
— Nauðsynlegt er að tryggja sterkar rekstrareiningar sem eru nægilega stórar til að valda þeim verkefnum sem felast í verkefnaflutningnum.
— Nægt fé verður að fylgja þeirri þjónustu sem flutt er. Það að nýr aðili tekur við málefnum fatlaðra krefst ákveðins upphafskostnaðar sem ekki verður litið fram hjá. Þá þarf viss sveigjanleiki að vera fyrir hendi þannig að sveitarfélögin geti haft ákveðið svigrúm um ráðstöfun þess fjármagns sem þau fá til verkefna.

Bent var á að þegar komi að frekari verkefnatilfærslu á þessu sviði valdi starfsmannamál ákveðnum vandkvæðum. Í þessu sambandi var talið afar óheppilegt að starfsmenn nytu ólíkra kjara vegna mismunandi stéttarfélagsaðildar. Þetta stafar af því að skv. 17. gr. laga um reynslusveitarfélög skal réttarstaða hlutaðeigandi starfsmanna haldast óbreytt, svo sem stéttarfélagsaðild.

Á fundinn voru einnig mættir fulltrúi frá verkefnisstjórn um yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tóku þeir þátt í umræðunum og lýstu sjónarmiðum sínum.

8. Verkefnin fram undan.

Eins og áður hefur komið fram hefur verkefnisstjórnin einsett sér að skoða sérstaklega framkvæmd stjórnsýslutilrauna í sveitarfélögunum og hyggst m.a. af því tilefni boða til fundar á fyrri hluta árs 1999 þar sem þau mál verða rædd.

Nú brennur helst á verkefnisstjórninni að meta og gera sér grein fyrir hvernig fara skuli með reynslusveitarfélagaverkefni eftir lok árs 1999. Lög um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, gilda til 1. janúar 2000 og að þeim óbreyttum falla öll verkefnin þá úr gildi.

Af þessu tilefni ritaði verkefnisstjórnin reynslusveitarfélögunum bréf á haustdögum 1998 og fór fram á að þau gerðu henni grein fyrir því hvort þau óskuðu eftir að halda verkefnunum áfram eftir lok ársins 1999 og ef svo væri var farið fram á rökstuðning fyrir því. Í svörum sveitarfélaganna kom fram að þau óska þess flest að halda áfram verkefnunum, ýmist á grundvelli laga um reynslusveitarfélög eða á grundvelli annarra laga- eða reglugerðarbreytinga. Þó er ljóst að framhald nokkurra verkefna hvílir á því hvort um semst milli ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fjármagn með verkefnunum.

9. Lokaorð.

Mat verkefnisstjórnarinnar er að verkefni reynslusveitarfélaga gangi yfirleitt vel og séu í góðum höndum hjá viðkomandi sveitarfélögum. Sérstaklega er áberandi hve reynslusveitarfélögin eru metnaðarfull varðandi það að vel takist til.

Eins og fram hefur komið hefur verkefnisstjórnin tekist ýmis verkefni á hendur á tímabilinu. Fyrir utan önnur verkefni hefur verið leitast við að bæta úr þeim hnökrum sem eðlilega hafa komið upp í samskiptum ríkisstofnana og sveitarfélaga. Rétt þykir að benda enn einu sinni á mikilvægi þess að verkefnisstjórnin sé upplýst um framgang mála og samskipti stofnana, m.a. með því að fá afrit bréfaskipta þeirra á milli, öðruvísi reynist henni erfitt að rækja umsjónarhlutverk sitt svo vel sé.

Ástæða er til að árétta mikilvægi þess að stjórnvöld og löggjafi taki tillit til laga um reynslusveitarfélög við ákvarðanatöku og lagasetningu er varðar málaflokka sem eru reynslusveitarfélagaverkefni, en á það hefur skort í framkvæmd. Í því sambandi má benda á að ný löggjöf hefur í nokkrum tilvikum ýmist beinlínis byggst á markmiðum gagnstæðum við lög um reynslusveitarfélög, sbr. ný lög nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, þar sem vinnumiðlun var flutt til ríkisvaldsins, og ákvæði nýrra skipulags- og byggingarlaga varðandi hlutverk byggingarfulltrúa annars vegar og byggingarnefnda sveitarfélaga hins vegar. Í öðrum tilvikum hafa ákvarðanir um flutning verkefna verið teknar án tillits til laga um reynslusveitarfélög, sbr. ákvörðun ríkisvaldsins um flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Í 1. gr. laga um reynslusveitarfélög segir að markmið laganna sé „að gera sveitarfélögum kleift að gera tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna þeirra, tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga". Verkefnisstjórnin lítur svo á að á grundvelli þessa skýra markmiðs sé mikilvægt að gera sér grein fyrir hvernig eigi að fara með þau reynslusveitarfélagaverkefni sem nú eru í gangi. Þannig verður nú, þegar styttist í að gildistími laganna renni út, að skoða hvert verkefni fyrir sig og meta: (1) hvort reynslan hafi þegar sýnt fram á að rétt sé að flytja verkefni varanlega frá ríki til sveitarfélags eða ekki eða (2), svo sem í tilviki byggingarmála, hvort ástæða sé til varanlegra breytinga innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Telja verður eðlilegast að í þeim tilvikum þar sem nægileg reynsla hefur skapast verði hlutaðeigandi löggjöf eða reglum breytt sem fyrst eða eftir atvikum viðkomandi verkefni látin falla niður, fremur en að verkefnin verði framlengd á grundvelli laga um reynslusveitarfélög. Í öðrum tilvikum, einkum þar sem um er að ræða stór verkefni sem komust seint af stað, kann að vera eðlilegt að framlengja gildistíma þeirra á grundvelli laga um reynslusveitarfélög. Í þeim tilvikum þarf að hyggja að fleiri atriðum, svo sem að framlengingu samþykkta og samninga varðandi hlutaðeigandi verkefni.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir verkefni sem samningar hafa náðst um eða voru enn í skoðun 1. nóvember 1998.

I. Reykjavík.

1. Tilraun, Grafarvogur (innra skipulag Reykjavíkurborgar). Samþykkt nr. 435/1997.
2. Byggingarmál (umhverfisráðuneyti). Samþykkt nr. 614/1995.
3. Félagsleg húsnæðismál (félagsmálaráðuneyti). Samþykkt nr. 611/1996.
4. Vinnumál (félagsmálaráðuneyti). Samþykkt nr. 531/1996. Lokið.
5. Stjórnsýslutilraunir.

II. Akureyri.

1. Öldrunarmál og heilsugæsla (heilbrigðisráðuneyti). Samningur 27. desember 1996.
2. Byggingarmál (umhverfisráðuneyti). Samþykkt nr. 229/1996.
3. Menningarmál (menntamálaráðuneyti). Samningi við ráðuneyti lokið.
4. Mál fatlaðra (félagsmálaráðuneyti). Samþykkt nr. 331/1996.
5. Stjórnsýslutilraunir.

III. Hornafjörður.

1. Öldrunarmál og heilsugæsla (heilbrigðisráðuneyti). Samþykkt nr. 680/1996.
2. Félagsleg húsnæðismál (félagsmálaráðueyti). Samþykkt nr. 193/1997.*
3. Stjórnsýslutilraunir.

IV. Neskaupsstaður.

1. Byggingarmál (umhverfisráðuneyti). Samþykkt nr. 617/1995.
2. Félagsleg húsnæðismál (félagsmálaráðuneyti). Samþykkt nr. 115/1996.
3. Stjórnsýslutilraunir. Samþykkt nr. 115/1996.

V. Vestmannaeyjar.

1. Byggingarmál (umhverfisráðuneyti). Samþykkt nr. 14/1996.
2. Mál fatlaðra (félagsmálaráðuneyti). Samþykkt nr. 268/1997.

VI. Hafnarfjörður.

1. Byggingarmál (umhverfisráðuneyti). Samþykkt nr. 686/1995.
2. Félagsleg húsnæðismál (félagsmálaráðuneyti). Samþykkt nr. 424/1996.
3. Stjórnsýslutilraunir.

Heilsugæsla: Til athugunar.

VII. Garðabær.

Byggingarmál (umhverfisráðuneyti). Samþykkt nr. 427/1996.

VIII. Reykjanesbær.
Vinnumál (félagsmálaráðuneyti). Samþykkt nr. 671/1996.

* Ekki komið til framkvæmda.

Fjöldi reynslusveitarfélaga: 8.
Fjöldi verkefna sem samningar hafa náðst um: 23, þar af eitt ekki komið til framkvæmda.
Fjöldi verkefna í athugun: 1.
Verkefnum lokið: 1.

906. Frumvarp til laga [560. mál]

um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Þingvellir við Öxará og grenndin þar skal vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga sem þjóðgarður undir vernd Alþingis.

Mörk þjóðgarðsins á Þingvöllum og hins friðhelga lands skulu vera: Að sunnan eru mörkin um línu sem dregin er úr landamerkjum jarðanna Arnarfells og Mjóaness á Langatanga vestur yfir vatnið og í Grjótnes sem er á landamerkjum jarðanna Skálabrekku og Kárastaða. Þaðan ráða landamerki þeirra jarða að landamerkjum Selkots og síðan landamerki Selkots og Kárastaða að sýslumörkum Árnessýslu og Kjósarsýslu. Þaðan ráða sýslumörk til norðausturs í hátind Háusúlu og þaðan bein stefna til austurs í efsta tind Gatfells. Þaðan liggja mörkin til suðurs í Hrafnabjörg og með austur- og suðurmörkum jarðarinnar Gjábakka og með austurmörkum jarðarinnar Arnarfells í Langatanga.

Hið friðhelga land skal vera eign íslensku þjóðarinnar og er óheimilt að selja það eða veðsetja.

2. gr.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum skal vera undir stjórn Þingvallanefndar.

Þingvallanefnd skal skipuð þremur alþingismönnum sem kjörnir eru hverju sinni að loknum kosningum til Alþingis. Nefndin kýs formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

Forsætisráðuneytið fer með stjórnsýsluleg málefni þjóðgarðsins á Þingvöllum, þar með talið úrskurðarvald í stjórnsýslukærum vegna ákvarðana Þingvallanefndar.

3. gr.

Land þjóðgarðsins skal vera friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. Almenningur skal eiga kost á að njóta svæðisins samkvæmt þeim reglum sem Þingvallanefnd setur. Gróður

og villidýralíf á svæðinu skal vera friðað en Þingvallanefnd er þó heimilt að gera ráðstafanir til eyðingar á þeim dýrum sem ekki samrýmast markmiðum friðunarinnar. Þjóðgarðurinn skal, eftir því sem Þingvallanefnd ákveður, varinn fyrir lausagöngu búfjár og nefndin skal setja sérstakar reglur um búskap á þeim bújörðum sem eru í byggð innan þjóðgarðsins.

4. gr.

Innan þjóðgarðsins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt eða mengað vatn þar, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn.

Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.

Þingvallanefnd er heimilt að setja sérstakar reglur til að framfylgja þessum ákvæðum um vatnsvernd innan þjóðgarðsins.

5. gr.

Óheimilt er að gera nokkurt jarðrask eða reisa mannvirki innan þjóðgarðsins á Þingvöllum nema að fengnu samþykki Þingvallanefndar og tekur bann þetta m.a. til húsabygginga, vegagerðar, lagningar raf- og símalína, borunar eftir vatni, töku jarðefna og vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda. Þingvallanefnd er heimilt að binda samþykki á framkvæmdum innan þjóðgarðsins þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg vegna friðunar samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Þingvallanefnd er heimilt, eftir því sem fjárveitingar á fjárlögum leyfa, að kaupa einstakar fasteignir, mannvirki og nytjaréttindi sem eru innan þjóðgarðsins og ekki eru í eigu íslenska ríkisins.

Þingvallanefnd er heimilt, að fengnu samþykki forsætisráðherra, að taka eignarnámi einstakar fasteignir, mannvirki og nytjaréttindi innan þjóðgarðsins til þess að framkvæma friðun sem lög þessi mæla fyrir um. Um mat á bótum fer eftir lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Hver sá er fyrir fjártjóni verður vegna friðunar samkvæmt lögum þessum á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar í samræmi við ákvæði laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um þjóðgarðinn, verndun og meðferð hans, en forsætisráðherra staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu og dvöl þar til að mæta kostnaði við þjónustuna og eftirlit með dvalargestum.

Þingvallanefnd getur einnig sett sérstakar tímabundnar reglur um umferð innan þjóðgarðsins, þar með talið bann við akstri utan vega og dvöl á ákveðnum svæðum, og sama gildir um veiðar dýra og fugla innan hans. Þá getur Þingvallanefnd sett reglur um meðferð spilliefna, frárennslis og annars sem hætta er á að mengi jarðveg og/eða vatn innan þjóðgarðsins, þar með talið Þingvallavatn, og flutning hættulegra efna og mengandi efna innan þjóðgarðsins.

8. gr.

Þingvallanefnd ræður framkvæmdastjóra fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum sem jafnframt er þjóðgarðsvörður. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1999 og þá falla jafnframt úr gildi lög um friðun Þingvalla, nr. 59/1928.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þingvallanefnd sem nú situr skal halda umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið kjörin í samræmi við ákvæði 2. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um friðun Þingvalla eru síðan 1928. Frá því að lögin voru sett hafa öll viðhorf til náttúruverndar gjörbreyst auk þess sem umferð um þjóðgarðinn og næsta nágrenni hans er miklu meiri en áður. Jafnframt hafa kröfur um verndun Þingvallavatns aukist. Þingvellir hafa ómetanlegt gildi fyrir Íslendinga frá menningarlegum sjónarhóli og vegna náttúruverndar.

Endurskoðun laganna hefur verið unnin undir forsjá Þingvallanefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að hið friðhelga land á Þingvöllum verði stækkað. Með því er stigið mikilvægt skref til að tryggja vernd hinnar sérstöku náttúru á svæðinu en jafnframt væri með samþykkt frumvarpsins lagður grunnur að mikilfenglegu útivistarsvæði fyrir landsmenn í næsta nágrenni við stærstu þéttbýlissvæði landsins.

Helgistaðurinn á Þingvöllum er elsti en jafnframt minnsti þjóðgarður Íslendinga eða 40 km^2 að stærð. Ef frumvarp þetta verður að lögum mun hið friðhelga land verða 237 km^2 að stærð. Frá setningu laganna 1928 hefur þjóðinni fjölgað úr 110 þús. manns og búast má við að hún verði um 280 þús. árið 2000. Um 70% þjóðarinnar búa í rúmlega klukkustundar fjarlægð frá Þingvöllum. Telja má einstakt að hafa slíka náttúruperlu svo stutt frá þéttbýlasta svæði landsins enda er svæðið þegar vinsælt útivistarsvæði.

Frumvarpinu fylgja eftirfarandi fylgiskjöl:

Nr. I. Yfirlitsmynd af Þingvallasvæðinu sem sýnir mörk þjóðgarðsins.

Nr. II. Greinargerð um Þingvelli, Þingvallavatn og vatnasvið þess eftir dr. Pétur M. Jónasson prófessor.

Nr. III. Kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um, eins og í 1. gr. núgildandi laga um friðun Þingvalla, að Þingvellir við Öxará og grenndin þar skuli vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Í núgildandi lögum er hins vegar hvergi sagt að hið friðaða svæði sé þjóðgarður, en Þingvellir höfðu

löngu áður en það hugtak kom inn í náttúruverndarlög öðlast þann sess meðal þjóðarinnar að vera þjóðgarður og svæðið hefur lengi verið nefnt þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Ákvæði núverandi 4. gr. laga nr. 59/1928 um að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis er flutt í 1. gr. frumvarpsins og með því er undirstrikuð sú sérstaða sem svæðinu og allri stjórnsýslu þar er búin í lögum. Þó að tekið sé fram í 2. gr. frumvarpsins að stjórnsýsluleg málefni þjóðgarðsins heyri undir forsætisráðuneytið er stjórn og ábyrgð á málefnum þjóðgarðsins falin sérstakri nefnd sem í eiga sæti sem fyrr þrír alþingismenn kjörnir af Alþingi. Alþingi setur síðan með ákvörðunum sínum um fjárveitingar til þjóðgarðsins ramma um þær framkvæmdir sem hverju sinni er ráðist í innan hans til að treysta framgang friðunarinnar og bæta og auka tækifæri fólks til umferðar og dvalar innan þjóðgarðsins.

Í gildandi lögum um friðun Þingvalla er land það sem friðunin tekur til afmarkað annars vegar sem hið friðhelga land og er mörkum þess lýst svo í 1. gr. laganna:

a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.
c. Að norðan: Frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hlíðargjá.
d. Að austan: Eystri bakki Hlíðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Hins vegar segir að ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki megi gera í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka nema með leyfi Þingvallanefndar. Ekki er í lögunum fjallað um annað land jarðarinnar Þingvalla, þar með talið land það sem liggur ofan við landamerki áðurnefndra jarða og hið friðhelga land í áttina að Skjaldbreið.

Þingvallanefnd hefur talið rétt að stækka hið friðhelga land á Þingvöllum. Við þá breytingu á mörkum hins friðhelga lands sem lögð er til í frumvarpinu fellur allt land jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka innan hins friðhelga lands, en eins og áður sagði er í gildandi lögum mælt fyrir um ákveðnar takmarkanir á framkvæmdum innan lands þessara jarða. Hluti af landi jarðarinnar Arnarfells er innan hins friðlýsta svæðis samkvæmt lögum nr. 59/1928 og hefur landbúnaðarráðuneytið bréflega falið Þingvallanefnd forræði jarðarinnar. Í samræmi við það er í frumvarpinu lagt til að allt land jarðarinnar verði hluti af hinu friðhelga svæði.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er með sama hætti og í 4. gr. laga nr. 59/1928 kveðið á um að hið friðhelga land skuli vera eign íslensku þjóðarinnar og að óheimilt sé að selja það eða veðsetja.

Um 2. gr.

1. og 2. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða 5. gr. laga nr. 59/1928, en bætt er við 2. mgr. ákvæðum um að nefndin kjósi formann úr sínum hópi og skipti að öðru leyti sjálf með sér verkum. Miðað er við að ný nefnd taki jafnan til starfa þegar eftir að hún hefur verið kjörin á Alþingi.

Þegar stofnað var til friðunar Þingvalla með lögum nr. 59/1928 var valin sú leið að fela nefnd þriggja þingmanna að fara með fyrir hönd Alþingis, eins og segir í 5. gr. laganna, yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign sem nefndar eru í 2. gr. laganna.

Þó að Þingvallanefnd sé kjörin af Alþingi og starfi því sem slík á ábyrgð þess er ljóst að með breyttri skipan á stjórnsýslu íslenska ríkisins hefur í vaxandi mæli komið til afskipta og

samskipta við stjórnarráðið vegna framkvæmdar á einstökum málum sem Þingvallanefnd hefur þurft að fjalla um og lúta beint að daglegri umsjón þjóðgarðsins. Á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, var með auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, ákveðið að forsætisráðuneytið færi með mál er vörðuðu m.a. Þingvelli og Þingvallaþjóðgarð. Til marks um þetta má nefna að fjárveitingum til þjóðgarðsins á Þingvöllum hefur í fjárlögum verið skipað undir forsætisráðuneytið.

Í tíð gildandi laga um friðun Þingvalla hefur verkefni Þingvallanefndar og starfsmanna hennar einkum verið umsýsla með eignir ríkisins á Þingvöllum og nálægum jörðum og þá framkvæmdir innan þjóðgarðsins til að auðvelda fólki umferð og dvöl innan þjóðgarðsins. Ákvarðanir nefndarinnar hafa því fyrst og fremst lotið að eignaumsýslu og verklegum framkvæmdum en ekki hreinum stjórnsýsluákvörðunum.

Viðfangsefni Þingvallanefndar eru í eðli sínu hluti af framkvæmdarvaldsverkefnum ríkisins þó að þremur þingmönnum sé þar falið að fara með stjórnina. Kveða ber skýrt á um það í lögum hver séu tengsl nefndarinnar við hefðbundna stjórnsýslu ríkisins og þar með hvernig fari um hugsanlegt kærusamband. Eðlilegt er, m.a. í sögulegu ljósi og með tilliti til hefðar, að fela forsætisráðuneytinu að fara með stjórnsýsluleg málefni þjóðgarðsins á Þingvöllum, þar með talið úrskurðarvald í tilefni af stjórnsýslukærum vegna ákvarðana nefndarinnar. Forsætisráðuneytið er þá einnig sá bakhjarl sem Þingvallanefnd getur leitað til þurfi hún stuðning við viðfangsefni sín innan stjórnkerfisins, enda fjallar hún um málefni, sem í sumum tilvikum snerta fleiri en eitt ráðuneyti.

Um 3. gr.

Efni greinarinnar er að mestu samhljóða 2. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928 en þó er í texta hennar lögð áhersla á að hið friðhelga land sé friðað í því skyni að viðhalda eftir því sem kostur er upprunalegu náttúrufari svæðisins og ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar. Þar sem hið friðhelga land er stækkað og tekur nú til lands sem nýtt hefur verið til landbúnaðar er lagt til að Þingvallanefnd leggi mat á það hvernig hið friðhelga land skuli varið fyrir lausagangi búfjár og þá geti nefndin sett sérstakar reglur um búskap á bújörðum sem eru í byggð innan hins friðhelga lands. Núverandi leigutakar ríkisjarða, sem verða innan hins friðhelga lands, hafa samkvæmt ábúðarskilmálum sínum ákveðnar heimildir til að nýta jarðirnar til búskapar og reglur um búskap á jörðunum verða að taka mið af þessum heimildum og verði farið yfir þau mörk getur reynt á bótaákvæði 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Efni þessarar greinar er nýmæli en sambærilegt ákvæði er ekki í lögum nr. 59/1928. Ákvæði greinarinnar taka mið af þeim markmiðum sem eðlilegt er að setja um vatnsvernd Þingvallavatns innan þjóðgarðsins. Þingvallanefnd er heimilað að setja sérstakar reglur, séu þær taldar nauðsynlegar, til að markmiðum greinarinnar sé náð.

Um 5. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, segir að ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki megi gera á hinu friðlýsta svæði eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar. Í frumvarpsgreininni er lagt til að þessi regla gildi áfram en þó þannig að hún taki til stærra landsvæðis.

Rétt þykir að taka fram með ótvíræðum hætti að Þingvallanefnd er heimilt að binda samþykki á framkvæmdum innan þjóðgarðsins þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg vegna friðunarinnar, en þarna gæti t.d. verið um að ræða ákveðinn frágang mannvirkja til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá mannvirkinu.

Um 6. gr.

Þó að allt land innan hins friðhelga lands skv. 1. gr. frumvarpsins sé í eigu ríkisins eru dæmi um að einstök hús innan svæðisins séu í eigu annarra en ríkisins, t.d. sumarbústaðir og Hótel Valhöll. Talið er rétt að hafa í frumvarpinu annars vegar heimild fyrir Þingvallanefnd til að semja um kaup á fasteignum, mannvirkjum og nytjaréttindum innan þjóðgarðsins og þá eftir því sem fjárveitingar á fjárlögum leyfa hverju sinni og hins vegar eignarnámsheimild sem þó verði ekki beitt af hálfu nefndarinnar nema að fengnu samþykki forsætisráðherra.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um almenna bótareglu ef aðili verður fyrir fjártjóni vegna friðunar samkvæmt lögunum. Í samræmi við almennar reglur er talið að skerðingar á eignarréttindum umfram hinar svonefndu almennu takmarkanir á eignarráðum fasteignareiganda leiði til bótaskyldu og við beitingu þeirrar bótareglu sem hér er gerð tillaga um reynir á þessi sömu skil. Um bótaskyldu á því ekki að vera að ræða nema farið sé fram yfir hinar almennu takmarkanir.

Um 7. gr.

Talið er rétt að hafa í frumvarpinu almenna reglugerðarheimild og að á grundvelli hennar sé hægt að setja nánari reglur um verndun og meðferð þess lands sem fellur undir þjóðgarðinn. Þá er lagt til að ákveða megi í reglugerð að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu og dvöl þar. Þarna er eingöngu gert ráð fyrir að um þjónustugjöld sé að ræða, svo sem fyrir tjaldstæði, leiðsögn og aðgang að ákveðnum stöðum, og þessi gjöld má því ekki ákveða hærri en svo að þau mæti kostnaði við hina veittu þjónustu og þá aðstöðu sem komið hefur verið upp til að veita hana. Heimild til töku gestagjalda á Þingvöllum er í núgildandi lögum um friðun Þingvalla, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, en sú gjaldtökuheimild er þó rýmri en hér er lagt til. Lagt er til að það verði verkefni forsætisráðherra að staðfesta reglugerðina og þar með að hún verði birt í Stjórnartíðindum.

Nauðsynlegt getur verið að setja tímabundnar reglur um tiltekin atriði sem lúta að umferð innan þjóðgarðsins og meðferð hans að öðru leyti. Er lagt til að Þingvallanefnd hafi heimild til að setja slíkar reglur og hún geti þá sjálf staðið að birtingu þeirra. Það þurfi ekki að gera á sama hátt og á við um reglugerð en vitanlega þurfi jafnan að sjá til þess að slíkar tilkynningar séu birtar með sannanlegum hætti þannig að almenningur og þeir sem leið eiga um þjóðgarðinn geti haft vitneskju um þær.

Um 8. gr.

Með lögum nr. 150/1996 var 2. mgr. 6. gr. laga nr. 59/1928 breytt og í stað þess að Þingvallanefnd hefði heimild til að ráða umsjónarmann á Þingvöllum til fimm ára í senn var ákveðið að nefndin réði framkvæmdastjóra og hann réði annað starfsfólk. Eðlilegt er að framkvæmdastjóri beri starfsheitið þjóðgarðsvörður.

Um skipan Þingvallaprests er fjallað í 7. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma o.fl. eins og henni var breytt með lögum nr. 150/1996 um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 2. gr. Þingvallanefnd hefur

samið við sóknarprest um að hann gegni jafnframt starfi staðarhaldara og raskar þetta frumvarp ekki þeirri skipan.


Um 9. og 10. gr.


Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þingvallanefnd skal hverju sinni kjörin að loknum alþingiskosningum. Rétt þykir því að sú nefnd sem nú situr haldi umboði sínu þar til ný nefnd verður kjörin í samræmi við ákvæði 2. gr. frumvarpsins að loknum næstu alþingiskosningum.

Fylgiskjal I.





ÞJÓÐGARÐURINN Á ÞINGVÖLLUM

- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Friðl. skv. lögum 59/1928
- Ný mörk; Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Friðlýstur helgistaður allra Íslendinga
- Laugarvatnsjörð, stefnumörkun um nýtingu jarðarinnar skv. samningi frá 5. janúar 1996
- Svæði á náttúruminjaskrá og áhrifasvæði Þingvallanefndar skv. lögum 59/1928
- Mörk vatnasviðs Þingvallavatns
- Sýslumörk
- Hreppamörk
- Bær / bygging
- Eyðibýli

Unnið fyrir Þingvallanefnd

Unnið á kortagrunni frá Landmælingum Íslands skv. samningi

Kortagerð : át, cács, Landmótun ehf 11. 12. 1998

Þingskjal 906

3781

Fylgiskjal II með frumvarpinu var greinargerð dr. Péturs M. Jónassonar: Um Þingvelli, Þingvallavatn og vatnasvið þess. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 1229 (699. mál 122. löggjafarþings) A-deild Alþt. 1997–98, bls. 5314–5326.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að núgildandi lög um friðun Þingvalla, nr. 59/1928, verði endurskoðuð. Helsta breytingin er sú að þjóðgarðurinn á Þingvöllum mun stækka verulega. Gera má ráð fyrir að þetta auki rekstrarkostnað þjóðgarðsins en ekki eru forsendur til að meta fjárhæðir.

Í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild, eftir því sem fjárveitingar á fjárlögum leyfa, til að kaupa ef um semst eða taka eignarnámi einstakar fasteignir, mannvirki og nytjaréttindi sem eru innan þjóðgarðsins og ekki eru í eigu íslenska ríkisins. Sambærileg heimild er í gildandi lögum. Með tímanum kann það að koma til að ríkið verði að leysa til sín jarðir eða eignir innan svæðisins. Ekki er búist við auknum kostnaði strax vegna þessara heimilda.

Gert er ráð fyrir að í stað umsjónarmanns verði ráðinn framkvæmdastjóri fyrir þjóðgarðinn sem jafnframt yrði þjóðgarðsvörður, en það á ekki að hafa áhrif á kostnað.

Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð, en fjárhæðir eru óvissar.

907. Nefndarálit [414. mál]

um frv. til l. um alþjóðleg viðskiptafélög.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hluti efnahags og viðskiptanefndar getur ekki mælt með samþykkt þessa frumvarps og tengds frumvarps um skattamál alþjóðlegra viðskiptafélaga, að svo stöddu.

Allt of lítill tími hefur gefist til að skoða málið og álitamál sem því eru tengd. Má þar m.a. nefna eftirfarandi:

1. Skoða þyrfti samhengi þessa máls við skattalöggjöfina að öðru leyti, möguleg áhrif af upptöku slíkra vildarskattakjara fyrir alþjóðleg viðskiptafélög á tvísköttunarsamninga o.fl., sbr. umsögn ríkisskattstjóra sem fylgir áliti þessu. Einnig kynni að vera rétt að gera breytingar á íslensku skattareglunum, samhliða lögfestingu frumvarpsins um alþjóðleg viðskiptafélög, t.d. að taka upp hér sérstakar reglur um „samstæðuskattlagningu“ innlendra móðurfyrirtækja og erlendra dótturfyrirtækja, svonefndra CFC-skatta. Loks telja skattyfirvöld sig illa undir það búin að fást við þau mál sem upp kunna að koma í tengslum við slíka lagasetningu sem hér er fyrirhuguð.
2. Þróunin á alþjóðavettvangi, innan OECD og víðar, er í átt til að útrýma „vildakjarasvæðum“ og „lágskattahimnaríkjum“. Samkeppni milli ríkja eða svæða sem beinist að því að lokka til sín alþjóðafyrirtæki með skattafslætti hefur ýmsar neikvæðar hliðar. Skattbyrðinni er þá velt yfir á aðra aðila eða þætti, yfirleitt launafólk, eða launatengd útgjöld, í stað skattlagningar á fyrirtækin sjálf. (Sjá umsögn samtaka iðnaðarins, fylgiskjal III, og fylgiskjöl með henni í ljósriti.)
3. Ekki verður horft fram hjá þeim möguleika að á Ísland falli neikvætt kastljós umfjöllunar um lágskattaparadís og vildakjör fyrir ýmiss konar starfsemi sem ekki yrði vel séð af ýmsum í kringum okkur. Í öllu falli væri heppilegra að undirbúa slíkar breytingar vel og kynna með jákvæðum formerkjum og góðum fyrirvara, áður en þær væru lögfestar.
4. Ástæða væri til að skoða þessar breytingar í samhengi við alþjóðlegar samningsskuldbindingar okkar, ekki síst EES-samninginn. Ekki er hægt að útiloka að til árekstra og klögumála kunni að koma á gráum svæðum sem samkeppnis- og jafnræðissviðum þess samnings tengjast.
5. Huga þarf að alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslendinga á sviði hugverksréttinda, sbr. umsögn Einkaleyfastofunar.
6. Loks má nefna að sá mikli munur sem verður á skattgreiðslum alþjóðlegra viðskiptafélaga hér á landi samkvæmt frumvarpinu og skattgreiðslum innlendra fyrirtækja er líklegur til að valda óánægju, þrýstingi á að skattar á innlend fyrirtæki verði lækkaðir enn frekar en orðið er og jafnvel deilumálum.

Með vísan til framanritaðs og upplýsinga sem fram koma í fylgiskjölum með nefndaráliti þessu telur minni hluti nefndarinnar óhjákvæmilegt að skoða þetta mál betur. Minni hlutinn útilokar ekki að eitthvert fyrirkomulag af því tagi sem frumvörpin gera ráð fyrir geti komið til greina og nýst t.d. innlendum fyrirtækjum á sviði sjávarútvegs til að staðsetja hér fyrirtæki á sínum vegum í alþjóðlegum viðskiptum. Ýmsar aðrar breytingar en þær sem hér eru lagðar til gætu hins vegar komið að sama gagni ef það væri megintilgangurinn. Allt of mörgum spurningum er hins vegar ósvarað til þess að réttlætanlegt sé að ákveða að halda út á þessa braut með almennri lagasetningu um vildarkjör fyrir alþjóðleg viðskiptafélög. Reyndar hlýtur að teljast mikið álitamál, í ljósi þróunar á alþjóðavettvangi, hvort það er skynsamlegt yfir höfuð.

Víða erlendis er nú mikil umræða um þær hættur sem óheft hnattrænt fjármagnsflæði hefur í för með sér fyrir efnahag einstakra ríkja og fyrir efnahagslegan stöðugleika í einstökum ríkjum, heilum heimshlutum og jafnvel heiminum öllum. Hnattrænu áhættufjármagni er víða í textum líkt við stjórnlausa ófreskju og reynsla margra ríkja, svo sem í Austur-Evrópu, Asíu og Mið- og Suður-Ameríku, af viðskiptum við það er vægast sagt misjöfn. Viðfangsefnið á komandi árum ætti því fremur að vera það að ná alþjóðlegri samstöðu um að stemma stigu

við spákaupmennsku og braski og sókn hins gráðuga hnattræna áhættufjármagns í skyndigróða á kostnað efnahagslegs stöðugleika og hagsældar einstakra þjóðríkja. Fyrirhuguð lagasetning um alþjóðleg viðskiptafélög vísar í öfuga átt.

Minni hlutinn leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 23. febr. 1999.

Steingrímur J. Sigfússon.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Skattar í paradís? (Vísbending, vikurit um viðskipti og efnahagsmál. 12. febrúar 1999, 6. tölublað, 17. árgangur.)
II. Umsögn Einkaleyfastofunnar (19. febrúar 1999).
III. Umsögn Samtaka iðnaðarins ásamt fylgiskjölum (18. febrúar 1999).
IV. Umsögn ríkisskattstjóra (17. febrúar 1999).

908. Frumvarp til laga [561. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Fyrir útgáfu leyfis til áfengisveitinga skal greiða til sveitarfélags sem hér segir:

a. leyfi til sex mánaða eða skemur 20.000 kr.,
b. leyfi til eins árs eða skemur 30.000 kr.,
c. leyfi til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára 50.000 kr.,
d. leyfi til lengri tíma en tveggja ára 100.000 kr.

2. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Um gjald fyrir leyfi samkvæmt grein þessari fer skv. 6. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 17. gr. eftir því sem við á.

3. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Fyrir útgáfu leyfis samkvæmt þessari grein skal greiða til sveitarfélags 5.000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla brott 20. og 21. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 140/1995.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gjaldheimta vegna leyfa til áfengisveitinga flytjist frá ríkissjóði til sveitarfélaga. Komið hefur í ljós að þau mistök voru gerð er áfengislögum var breytt á síðasta þingi að gjaldheimta vegna leyfisveitinga var ekki flutt frá ríki til sveitarfélaga um leið og leyfisveitingarnar voru fluttar til þeirra. Hefur þetta leitt til þess að gjaldheimtan hefur lagst niður, en slíkt vakti ekki fyrir löggjafanum er lögunum var breytt. Með frumvarpinu er stefnt að því að bæta úr þessu ástandi og þykir eðlilegt að leyfisveitingar verði háðar sömu gjaldtöku og áður var.

909. Frumvarp til laga [562. mál]

um breytingar á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 7. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama gildir ef slík vopn eru sérhönnuð og sannanlega ætluð til íþróttaiðkunar skv. 17. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi voru samþykkt vopnalög, heildarlög um öll tæki sem telja má til vopna. Í ljós hefur komið að í umræddum lögum er girt fyrir að tilteknar tegundir íþróttaskotvopna verði fluttar til landsins, en slíkt var ekki ætlun löggjafans er lögin voru samþykkt. Er frumvarpinu ætlað að bæta úr þessu ástandi.

910. Nefndarálit [230. mál]

um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Skarphéðin Berg Steinarsson frá forsætisráðuneyti, Sigurð Guðmundsson frá Þjóðhagsstofnun og Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra.

Umsagnir um málið hafa borist frá Landsvirkjun, Byggðastofnun, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Vinnumálasambandinu, Hagstofu Íslands, Landgræðslu ríkisins, Vegagerðinni, Vélstjórafélagi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sjómannasambandi Íslands, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Þjóðminjasafni Íslands, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Alþýðusambandi Íslands, húsfriðunarnefnd, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Rafmagnsveitum ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Háskólanum á Akureyri, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, héraðsnefnd Eyjafjarðar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, sveitarstjórn Skagafjarðar, Bændasamtökum Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðunesjum, héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Skógrækt ríkisins, Þjóðhagsstofnun, Eyþingi og Landssíma Íslands.

Tillagan á rót sína að rekja til bréfs forsætisráðherra til Byggðastofnunar 19. ágúst 1997 þar sem farið var fram á að gerð yrði áætlun um byggðamál, með vísan til 8. gr. laga um Byggðastofnun. Í kjölfarið unnu starfsmenn stofnunarinnar skýrslu um byggðamál sem stjórn stofnunarinnar lagði síðan til grundvallar við gerð tillagna sinna. Þingsályktunartillagan byggist að mestu leyti á tillögu stjórnar Byggðastofnunar. Er ljóst að mikið starf liggur að baki tillögunni og fylgir henni til skýringar fjöldi fylgiskjala.

Tillagan skiptist í fjóra meginþætti. Í fyrsta þætti hennar er fjallað um nýsköpun í atvinnulífinu, í öðrum þætti um menntun, þekkingu og menningu, í þriðja þætti um jöfnun lífskjara og bætta samkeppnisstöðu og loks er í fjórða þætti fjallað um bætta umgengni um landið. Tillögunni er ætlað að taka á þeirri byggðaröskun sem átt hefur sér stað undanfarin ár og kemur m.a. fram í henni það markmið að fólksfjölgun á landsbyggðinni verði ekki undir landsmeðaltali og nemi a.m.k. 10% til ársins 2010. Verði því markmiði náð með því að styðja við bakið á atvinnustarfsemi og menningu á landsbyggðinni, auk þess sem lífskjör verði jöfnuð milli landshluta, m.a. með lækkun á kostnaði við hitun íbúðarhúsnæðis og bættum samgöngum. Þá verði menntun á landsbyggðinni stórefld og sérstakt átak verði gert í umhverfismálum.

Nefndin fór ítarlega yfir þær fjölmörgu umsagnir sem bárust um málið og tók til skoðunar tillögur um breytingar sem þar koma fram. Fjallaði nefndin sérstaklega um þær hugmyndir sem fram komu um skattaívilnanir til íbúa á landsbyggðinni og tók til skoðunar skiptingu sjómannaafsláttar eftir landshlutum. Þá aflaði nefndin sér upplýsinga um vöruverð og kostnað við húshitun á landsbyggðinni.

Meiri hlutinn telur ljóst að það verður landsbyggðinni til verulegra hagsbóta ef vel tekst til með þær fjölþættu ráðstafanir sem tillagan felur í sér. Tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið og markmið sem fram koma í tillögunni og mælir með því að hún verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 23. febr. 1999.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Kristjánsson.
Árni R. Árnason.	Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.

911. Nefndarálit [350. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Þorstein A. Jónsson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Fangelsismálastofnun ríkisins, Vernd, ríkislögreglustjóra, Fangavarðafélagi Íslands, lögreglustjóraembættinu í Reykjavík og Dómarafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að forstjóri Fangelsismálastofnunar skipi fangaverði og að lögfest verði heimild til að ljúka afplánun refsingar utan fangelsis. Þá er lagt til að heimilt verði að fullnusta vararefsingu með samfélagsþjónustu. Er sú breyting lögð til þar sem óeðlilegt þykir að maður sem hlotið hefur óskilorðsbundinn dóm geti fullnustað refsingu sína utan fangelsa meðan sektarrefsing, sem er mildari refsing, leiðir til afplánunar vararefsinga í fangelsi ef sekt fæst ekki greidd.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali:

1. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein þar sem fram komi að Fangelsismálastofnun ríkisins geti ákveðið að klefar séu ólæstir í tilteknum fangelsum eða fangelsisdeildum eða í öðrum tilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram ósk stofnunarinnar um þessa breytingu. Kom m.a. fram að á Kvíabryggju hefur herbergjum ekki verið læst að kvöldi heldur einungis húsinu. Hefur það þótt gefast vel.
2. Þá er lagt er til að gildistöku þess ákvæðis laganna er fjallar um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu verði frestað til 1. janúar 2000. Verði Fangelsismálastofnun með því gefinn betri tími til að undirbúa umrædda breytingu sem er veigamikil.

Alþingi, 24. febr. 1999.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Kristjánsson.
Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.	Árni R. Árnason.
Ögmundur Jónasson.	Kristín Halldórsdóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir.

912. Breytingartillögur [350. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:
   Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það og skal klefinn vera læstur að næturlagi. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að klefar séu ólæstir í tilteknum fangelsum eða fangelsisdeildum eða í öðrum tilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með.
2. Við 5. gr., er verður 6. gr., bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal 5. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2000.

913. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (reynslulausn o.fl.).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Fangelsismálastofnun ríkisins, Vernd, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og lögreglustjóranum í Reykjavík.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum í V. og VI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þær helstu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að fellt verði úr lögum skilyrði um lágmarkseftirstöðvar refsitíma svo að reynslulausn verði veitt og hún verði því veitt þótt eftirstöðvar fangelsisvistar sé skemmri en 30 dagar. Með lögum nr. 82/1998 varð sú breyting á hegningarlögum að refsivist verður ekki dæmd til skemmri tíma en 30 daga, en fyrir gildistöku þeirra var unnt að dæma sakborning til refsivistar allt niður í fimm daga. Verður því, ef frumvarpið nær fram að ganga, ekki veitt reynslulausn fyrr en dómþoli hefur afplánað í það minnsta 15 daga refsivist. Þá verður bætt úr þeirri mismunun að fanga sem hlotið hefur tveggja mánaða fangelsisdóm sé heimilt að fá reynslulausn er hann hefur afplánað 30 daga í fangelsi, en reynslulausn verði ekki veitt þegar fangi hefur hlotið 45 daga fangelsisdóm.
2. Lögfest verði sú venjubundna framkvæmd að ekki verði veitt reynslulausn þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn.
3. Þá verði lögfest sú venjubundna framkvæmd að ekki verði veitt reynslulausn þegar vararefsing fésekta er afplánuð. Verði með því leyst úr réttaróvissu sem ríkt hefur um þetta efni í kjölfar tveggja álita umboðsmanns um þetta efni.

4. Felld verði úr lögunum heimild stjórnvalda til að ákveða að aðili taki út refsingu vegna brots á hegningarlögum á reynslutíma. Þess í stað verði lögfest að dómari taki tillit til óafplánaðrar fangelsisrefsingar er hann ákveður refsingu vegna síðara brotsins.
5. Þá er lagt til að eftirlit á skilorðstíma verði á vegum Fangelsismálastofnunar eða þess sem stofnunin felur umsjónina en það er nú í höndum ákæranda.

Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu, að 4. mgr. 56. gr. laganna verði breytt til samræmis við aðrar breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

4. mgr. 56. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 22/1955, orðast svo:

Mál aðila má taka upp að nýju ef rannsókn hefst hjá lögreglu gegn honum sem sakborningi áður en skilorðstíma lýkur út af nýju broti sem hann hefur framið á skilorðstímanum eða áður en máli var frestað, svo og ef hann rýfur ella í veigamiklum atriðum skilyrði þau sem honum voru sett.

Alþingi, 24. febr. 1999.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Kristjánsson.
Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.	Árni R. Árnason.
Ögmundur Jónasson.	Kristín Halldórsdóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir.

914. Nefndarálit [476. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1985, um ríkislögmann.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að yfirstjórn embættis ríkislögmanns verði flutt frá fjármálaráðherra til forsætisráðherra. Vistun embættisins hjá fjármálaráðuneyti á sér fyrst og fremst þær sögulegu skýringar að málarekstur æðstu stjórnar ríkisins í einkamálum var áður fyrr að stórum hluta í höndum sérstakra málflutningsmanna sem störfuðu innan fjármálaráðuneytis. Embættið er hins vegar í raun þjónustustofnun allra ráðuneytanna og því eðlilegt að það heyri undir forsætisráðherra og beri undir forsætisráðuneyti, sem fer með mál er varða Stjórnarráð Íslands í heild.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 23. febr. 1999.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Kristjánsson.
Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.	Árni R. Árnason.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Ögmundur Jónasson.	Kristín Halldórsdóttir.

915. Nefndarálit [512. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að forstjóri skipaður af ráðherra veiti Útlendingaeftirlitinu forstöðu, en stofnunin heyrir nú undir ríkislögreglustjóra. Þá er lagt til að stofnuninni verði falið að annast útgáfu vegabréfa. Helstu rökin fyrir þessari breytingu eru að þau málefni sem Útlendingaeftirlitið sinnir eru ekki í eðli sínu lögreglustörf og því óeðlilegt að ríkislögreglustjóri sé yfirmaður stofnunarinnar. Þá er ljóst að fleiri verkefni munu flytjast til stofnunarinnar á næstunni.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 24. febr. 1999.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Kristjánsson.
Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.	Árni R. Árnason.
Ögmundur Jónasson.	Kristín Halldórsdóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir.

916. Fyrirspurn [563. mál]

til umhverfisráðherra um PCB-mengun.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Eru áform um að skrá staði þar sem PCB-eiturefni eru urðuð eða geymd?
2. Eru áætlanir um eyðingu PCB-eiturefna?
3. Er einhver vöktun á stöðum þar sem eiturefni eru geymd eða hafa verið urðuð?
4. Eru ákvæði um bann við notkun eiturefna eða um vöktun slíkra efna komin til framkvæmda, sbr. alþjóðlegan samning sem undirritaður var í Árósum sl. sumar?

917. Nefndarálit [230. mál]

um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Markmið tillögunnar er að treysta búsetu á landsbyggðinni með það fyrir augum að fólksfjölgun verði þar ekki undir landsmeðaltali og verði 10% allt til ársins 2010. Með tilliti til þróunar síðustu ára eru engin líkindi til þess að þetta markmið náist nema ráðist verði í róttækar aðgerðir, vörn snúið í sókn eftir markvissri áætlun og varið til þess verulegum fjármunum. Þrátt fyrir fögur orð og fyrirheit í tillögunni er þar ekki að finna neitt sem tryggir slíka sókn heldur er þar eingöngu óljóst orðalag á borð við: „Unnið verði markvisst að ...“, „Tryggt verði að ...“, „Stefnt verði að því að ...“, „Sköpuð verði skilyrði til þess að ...“, „Sérstaklega verði hugað að ...“ o.s.frv. Engar upplýsingar er að finna um hvernig og hvenær eigi að ráðast í verkin þrátt fyrir að tímabilið sem tillagan er miðuð við sé þegar nær hálfnað. Tillögunni fylgir engin framkvæmdaáætlun, engin áætlun um fjárframlög og ekkert kostnaðarmat. Fullyrðingar í greinargerð um ný vinnubrögð og skýr markmið verka því sem öfugmæli.

Allt ber málið þess vott að stjórnarflokkarnir hafi vaknað upp við vondan draum og áttað sig á því að stefna þeirra í efnahags- og atvinnumálum annars vegar og stefnuleysi í byggðamálum hins vegar á stóran þátt í þeirri geigvænlegu byggðaröskun sem orðið hefur. Þeir vilja nú með þessum ómarkvissu fyrirheitum freista þess að slá ryki í augu kjósenda sem dæma munu verk þeirra í vor. Í því sambandi er rétt að minna á byggðaáætlun 1994–97 sem samþykkt var á Alþingi í maí 1994 en þar voru m.a. gefin fyrirheit um aukna opinbera þjónustu og starfsemi opinberra stofnana á landsbyggðinni á því tímabili. Árangur þeirrar stefnu hefur nýlega verið kynntur í skýrslu frá Byggðastofnun og þar kemur fram að þetta markmið hefur síður en svo náðst. Stöðugildum hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum hefur fjölgað um 225 í Reykjavík á tímabilinu og um 112 í Reykjaneskjördæmi en fækkað um 32 í öðrum kjördæmum. Af heildarfjölda stöðugilda hjá stofnunum og fyrirtækjum á vegum ríkisins eru 62,1% í Reykjavík, þar sem hlutfall íbúa er 39,2%. Í öðrum kjördæmum er hlutfall stöðugilda 37,9% og hlutfall íbúa 60,8% en allar þessar tölur eru miðaðar við árið 1997. Sérstaka athygli vekur reyndar rýr hlutur Reykjaneskjördæmis í þessu efni þar sem t.d. á Norðurlandi

vestra eru um tvöfalt fleiri stöðugildi á hverja 1.000 íbúa en í Reykjaneskjördæmi og í Reykjavík eru stöðugildin um fjórfalt fleiri en í Reykjaneskjördæmi. Í skýrslunni er bent á að nýjar stofnanir og fyrirtæki hafi verið sett á stofn á tímabilinu án opinberrar umræðu um staðsetningu þeirra. Þannig virðast fyrirheit í byggðaáætlun 1994–97 ekki hafa verið ráðamönnum ofarlega í huga lengi. Þessi niðurstaða er staðfest í greinargerð með tillögunni þar sem segir: „Ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun frá 1994, sem kveður meðal annars á um fjölgun starfa í þjónustustörfum á landsbyggðinni, hefur ekki skilað árangri nema síður sé.“ Rétt er enn fremur að minna á að í einkageiranum er þróunin svipuð, fjölgun starfa á þessu kjörtímabili hefur þar einnig orðið að mestum hluta á höfuðborgarsvæðinu.

Stórfelld röskun byggðar í landinu er mikið áhyggjuefni. Allar götur síðan 1979 hefur landsbyggðin misst fólk til höfuðborgarsvæðisins og síðastliðin tíu ár hafa brottfluttir af landsbyggðinni umfram aðflutta verið 12.541. Þessi þróun hefur á margan hátt haft neikvæð félagsleg og menningarleg áhrif á allt þjóðfélagið en nú fer einnig vaxandi skilningur á þjóðhagslegum kostnaði sem er samfara þessari röskun. Talið er að það kosti sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu a.m.k. 3–5 millj. kr. á hvern íbúa sem þangað flyst að byggja upp þá aðstöðu og þjónustu sem þarf og er þá rekstrarkostnaður ekki meðtalinn. Á móti verður fjárfesting og uppbygging á landsbyggðinni vannýtt. Skólar, heilbrigðisstofnanir og aðrar þjónustustofnanir standa hálftómar og tekjur sveitarfélaganna minnka, auk félagslegra erfiðleika sem skapast. Er þá ónefndur mikill kostnaður fjölskyldna og einstaklinga sem oftar en ekki yfirgefa eignir sínar verðlitlar eða verðlausar og þurfa að kosta miklu til að útvega sér húsnæði og koma sér fyrir á nýjum stað.

Miklar upplýsingar liggja fyrir um orsakir og undirrót þessarar óheillavænlegu byggðaröskunar. Þær eru m.a. í fylgiskjölum með tillögunni svo og í umsögnum sem allsherjarnefnd bárust þegar hún fjallaði um málið. Orsakirnar felast ekki síst í óhagstæðri atvinnuþróun og einhæfni atvinnulífs víða um land. Þar ber að hafa í huga að búseta ræðst ekki lengur aðeins af atvinnu heimilisföður heldur þarf að taka tillit til þess að konur eru einnig virkir þátttakendur í atvinnulífinu. Þær mennta sig ekki síður en karlar og eiga bæði þær sjálfar og þjóðfélagið rétt til þess að sú menntun og starfskraftar nýtist. Orsakir byggðaröskunar felast einnig í margháttuðum aðstöðumun eftir byggðarlögum hvað varðar samgöngur, verslun og vöruverð, orkukostnað, aðstöðu til menntunar, heilsugæslu og margvíslegrar félagslegrar þjónustu. Þá er ekki hægt að líta fram hjá því að fjölbreytni á sviði menningar og afþreyingar vegur þungt og skiptir nútímafólk æ meira máli. Fjölbreytni, jöfn lífsskilyrði og öryggi eru því lykilorðin við markmiðssetningu í byggðamálum. Síðast en ekki síst snýst málið um að efla tiltrú fólks á búsetu til framtíðar í byggðum utan höfuðborgarsvæðisins. Um vilja þess hefur verið spurt í skoðanakönnun sem staðfestir að fjölmargir kysu búsetu á landsbyggðinni ef öryggi og allar aðstæður væru þar í góðu lagi. Því liggur beint við að álykta að róttækar aðgerðir til úrbóta gætu snúið við þeirri öfugþróun sem verið hefur í flutningum fólks af landsbyggð til höfuðborgarsvæðis.

Fyrsti minni hluti telur að tillagan hefði þurft mun ítarlegri meðferð í allsherjarnefnd en raun varð á. Margar umsagnir bárust með hugmyndum og ábendingum sem meiri hlutinn hefur í engu tekið tillit til. Það er nokkuð sammerkt með umsögnunum að lögð er áhersla á nauðsyn þess að efndir fylgi orðum og fjármagn fyrirheitum. Vantrú umsagnaraðila á efndirnar er augljós. Ekkert hefur verið gert til að eyða óvissu í þessu efni.

Ljóst er að taka þarf miklu fastar á málum en gert er ráð fyrir í tillögunni. Orðin ein duga ekki. Setja þarf fram áætlun með tímasetningum og kostnaðarmati um aðgerðir í samgöngumálum og fjarskiptum, í menntamálum, heilbrigðisþjónustu og annarri félagslegri þjónustu,

jöfnun námskostnaðar, jöfnun orkukostnaðar o.fl. Styðja þarf markvisst við þróun fjölbreyttra atvinnukosta með hliðsjón af aðstæðum á hverjum stað og á forsendum sjálfbærrar þróunar. Fyrst og fremst þarf þó að sýna viljann til góðra hluta í verki. Það stoðar lítið að móta stefnu, gera áætlun og meta kostnað ef ákvörðun skortir um afl þeirra hluta sem gera skal. Fjármagn verður að fylgja.

Fyrsti minni hluti tekur undir margt af því sem fram kemur í tillögunni en gagnrýnir lausatök og skort á markvissri áætlanagerð. 1. minni hluti telur hér í besta falli um að ræða atrennu stjórnarflokkanna til að gera sér grein fyrir ástandinu og tilraun til að setja sér markmið. 1. minni hluti getur ekki fallist á að hér sé um trúverðuga úrlausn að ræða og mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. febr. 1999.

Kristín Halldórsdóttir, frsm. Ögmundur Jónasson.

918. Nefndarálit [414. mál]

um frv. til l. um alþjóðleg viðskiptafélög.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Birgi Má Ragnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Áslaugu Guðjónsdóttur og Eggert J. Hilmarsson frá fjármálaráðuneyti, Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmann, Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra og Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra. Umsagnir um málið bárust frá Eimskipafélagi Íslands hf., Einkaleyfastofu, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., Íslenskum sjávarafurðum hf., Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Samtökum verslunarinnar, Seðlabanka Íslands, Útflutningsráði Íslands, Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að stofna alþjóðleg viðskiptafélög á sviði sjávarútvegs, með viðskipti á milli þriðju landa með sjávarafurðir. Auk þess verði heimilt að stofna eignarhaldsfélög sem eingöngu eigi, fjárfesti og njóti arðs af eignarhlutum í atvinnufyrirtækjum erlendis eða í eignar- eða notkunarréttindum á óefnislegum (óhlutlægum) réttindum sem skráð eru opinberri skráningu erlendis og í útgáfuréttindum erlendis eða eigi eða hafi umráð yfir og skrái hér á landi flugvélar og skip, önnur en fiskiskip, enda séu slíkar flugvélar og skip einungis nýtt í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um breytingu á ýmsum skattalögum sem skapa lagalegan rekstrargrundvöll fyrir alþjóðleg viðskiptafélög, sbr. 359. mál.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til orðalagsbreyting á 2. mgr. 1. gr. þar sem um tvítekningu er að ræða, sbr. 3. mgr.

2. Lagt er til að starfsleyfisnefnd verði afmarkaður þriggja mánaða frestur til að taka afstöðu til fullbúinna umsókna, sbr. 4. mgr. 5. gr. Telja verður slíkt í samræmi við góða stjórnsýsluhætti.
3. Lagt er til að lokamálsliður 2. mgr. 11. gr. falli brott enda verður að telja að efni hans felist í því ákvæði greinarinnar að alþjóðlegu viðskiptafélagi sé heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt hér á landi yfir fasteign eða öðrum rekstrarfjármunum til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.
4. Lagt er til að lögin taki þegar gildi.
5. Þá er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um að viðskiptaráðherra skuli leggja fram skýrslu á Alþingi fyrir árslok 2001 um áhrif laganna á íslenskt efnahagslíf.

Svavar Gestsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.

Árni R. Árnason.

919. Breytingartillögur [414. mál]

við frv. til l. um alþjóðleg viðskiptafélög.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EOK, VS, GMS, ÁRÁ, ÁE, PHB).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „hefur starfsleyfi skv. II. kafla þessara laga og stundar viðskipti sem kveðið er á um í III. kafla“ komi: og hefur starfsleyfi skv. II. kafla þessara laga.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „svo fljótt sem unnt er“ í 3. mgr. komi: og eigi síðar en þremur mánuðum.
3. Við 11. gr. Lokamálsliður 2. mgr. falli brott.
4. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
5. Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Viðskiptaráðherra skal fyrir árslok 2001 leggja fram skýrslu á Alþingi um áhrif laganna á íslenskt efnahagslíf.

920. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Birgi Má Ragnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Áslaugu Guðjónsdóttur og Eggert J. Hilmarsson frá fjármálaráðuneyti, Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmann, Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra og Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra. Umsagnir um málið bárust frá Eimskipafélagi Íslands hf., Einkaleyfastofu, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., Íslenskum sjávarafurðum hf., ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Samtökum verslunarinnar, Seðlabanka Íslands, Útflutningsráði Íslands, Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Frumvarpið er fylgifrumvarp með frumvarpi um alþjóðleg viðskiptafélög, máli 414, og kveður á um breytingu á ýmsum skattalögum varðandi skattgreiðslur alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Svavar Gestsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.

Árni R. Árnason.

921. Nefndarálit [230. mál]

um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Búseta á sumum svæðum landsbyggðarinnar er nú í meiri hættu en verið hefur síðan á eftirstríðsárunum. Síðan þá hefur nettótap landsbyggðarinnar vegna búferlaflutninga til höfuðborgarsvæðisins aldrei verið meira en síðustu þrjú árin. Nýlega birtar tölur um búferlaflutninga til höfuðborgarsvæðisins á fyrstu átta mánuðum ársins 1998 sýna að tap landsbyggðarinnar var þá orðið yfir eitt þúsund og fimm hundruð íbúar. Þannig stefnir í að árið 1998 verði fjórða árið í röð sem landsbyggðin býr við gífurlega fækkun íbúa.

Byggðaáætlunin 1994–97.

Þetta gerist þrátt fyrir þá staðreynd að í gildi hefur verið stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 1994–97 sem Alþingi samþykkti.

Meginmarkmið þeirrar byggðaáætlunar var eftirfarandi:

— að treysta byggðina þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar yrðu nýttar með hagkvæmum hætti,
— að efla byggð á svæðum þar sem hægt yrði að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfum nútímasamfélags,
— að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýttust skynsamlega.

Ekki liggur fyrir nein heildstæð úttekt á reynslunni af þessari byggðaáætlun eða hvað náðist fram og hvað brást í þeirri áætlun og tillögum sem lagðar voru fram til að ná framangreindum markmiðum ef undan er skilin skýrsla Byggðastofnunar um skiptingu útgjalda og stöðugilda hjá ríkissjóði og fyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins 1994–97 sem gefur mjög takmarkaðar upplýsingar þar um.

Mikilvægt er að greina sérstaklega hvað það var sem brást, hver vandkvæðin voru á að framfylgja stefnumörkun Alþingis og hvað má af því læra. Til lítils er að samþykkja fallega orðaðar áætlanir ef ekkert er með þær gert og ekkert reynt að læra af reynslunni, en niðurstaðan eftir þetta tímabil er eins og að framan greinir aukin byggðaröskun eða sú mesta sem orðið hefur síðan á eftirstríðsárunum og það á tímum góðæris í landinu.

Byggðaröskunin mikill áfellisdómur fyrir ríkisstjórnina.

Mikilvægt er að þjóðarsátt verði um aðgerðir sem ná að snúa þróuninni við, enda má fullyrða að þjóðarvilji sé fyrir því að jafnvægi ríki í þróun byggðar í landinu. Hættan á hruni búsetu er víða veruleg, einkum í fámennum sjávarbyggðum, en ástæður þess eru margvíslegar. Nefna má:

— ófullnægjandi atvinnuskilyrði, einhæfni atvinnulífsins,
— vaxandi óöryggi vegna kvótakerfisins og auknar kröfur um fjölbreytni atvinnutækifæra,
— aukna sókn ungs fólks í menntun og ófullnægjandi tækifæri fyrir menntað vinnuafl í smærri byggðarlögum og reyndar almennt á landsbyggðinni,
— skort á fullnægjandi félags- og heilbrigðisþjónustu, m.a. vegna smæðar margra byggðarlaga sem hefur hamlað verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga,
— hærri framfærslukostnað sem fylgir búsetu víða á landsbyggðinni, eins og hærra vöruverð og húshitunarkostnað,
— kostnað við skólagöngu barna.

Stefnumótun á sviði byggðamála þarf því að endurspegla raunhæfar aðgerðir til að treysta búsetuskilyrði og lífsafkomu, aðgerðir sem í senn treysta atvinnulífið, bæta afkomumöguleika og styðja við jafnrétti í menntun og fjölbreytt menningarlíf, auk þess að tryggja jafnræði eins og kostur er í félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir hina ýmsu hópa í þjóðfélaginu.

Í samantekt Stefáns Ólafssonar, prófessors við Háskóla Íslands og forstöðumanns Félagsvísindastofnunar Háskólans, um byggðamál sem birst hefur opinberlega kemur fram að búseta á sumum svæðum landsbyggðarinnar er nú í meiri hættu en hún hefur verið síðan á eftirstríðsárunum. Þá hefur nettótap landsbyggðarinnar vegna búferlaflutninga til höfuðborgarsvæðisins aldrei verið meira frá þeim tíma en síðustu þrjú árin. Nýlega birtar tölur um búferlaflutninga til höfuðborgarsvæðisins á fyrstu átta mánuðum þessa árs sýna að tap landsbyggðarinnar var þá orðið 1.501 íbúi, en þá ályktun mætti draga að fækkunin gæti verið á bilinu 1500–2000 manns á þessu ári og þannig stefni í að árið 1998 verði fjórða árið í röð

sem landsbyggðin býr við gífurlega fækkun íbúa. Þetta hlýtur að vera mikill áfellisdómur fyrir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, ekki síst fyrir það að almennt hefur ríkt góðæri í landinu vegna hagstæðra ytri skilyrða.

Niðurstaða Stefáns Ólafssonar er að haldi landsbyggðin áfram að tapa jafnstórum hluta íbúa til höfuðborgarsvæðisins og verið hefur á síðustu árum megi búast við að þjóðfélagshópasamsetning íbúanna þar breytist. Hlutur ungs fólks og menntaðs fólks verði þá óeðlilega lítill úti á landi og komi það til með að grafa enn frekar undan byggðunum. Hætta á vítahring sívaxandi hnignunar geti þannig aukist.

Ófullnægjandi tillögur ríkisstjórnarinnar.

Markmið sem stefnt er að með tillögunni er að fólksfjölgun verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010. Megingalli stefnumótandi áætlunar í byggðamálum fram til ársins 2001 er að leiðir sem settar eru fram til að ná markmiðinu um að treysta búsetu á landsbyggðinni eru byggðar á veikum grunni og full ástæða til að óttast að það náist ekki, einkum í ljósi framkvæmdar fyrri áætlunar. Það hlýtur þó að ráðast að miklu leyti af vilja stjórnvalda í þessum efnum, en ýmislegt má nefna jákvætt í tillögunni eins og aukið fjármagn til nýsköpunarverkefna, áherslur í menntamálum og áform um lækkun kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis á næstu þremur árum. Flestar tillögurnar eru þó gamalkunnar og reynslan sýnir okkur að þær hafa litlu skilað til að sporna við byggðaröskun. Ljóst er að tillaga ríkisstjórnarinnar tekur því ekki nema að litlu leyti til þess sem bent hefur verið á sem meginorsakir fyrir vaxandi búferlaflutningi og byggðaröskun.

Í landshlutakönnun um búsetuskilyrði sem gerð var vorið 1997 kom fram að það sem ræður mestu um brottflutning eru slæmar atvinnuaðstæður sem tengjast einhæfni atvinnulífs og breytingum í sjávarútvegi og mjög ófullnægjandi möguleikum til menntunar á landsbyggðinni, einkum til framhaldsskólanáms. Einnig er mjög áberandi í viðhorfum íbúa á landsbyggðinni að þeir telja sig bera skarðan hlut frá borði í lífskjörum, en þar er einkum vísað til húshitunarkostnaðar og kostnaðar við daglegar nauðsynjar heimilisins, t.d. hærra vöruverðs, sem og mikinn kostnað við skólagöngu barna. Í skýrslu sem Hagfræðistofnun vann um framfærslukostnað og lögheimilisflutning íslenskra námsmanna og menntamálaráðherra skiladi á þessu þingi kemur fram að viðbótarkostnaður við að hafa nemanda í framhaldsskóla eða skóla á háskólastigi fjarri heimabyggð leiki á bilinu 130–375 þús. kr. að teknu tilliti til dreifbýlisstyrks. Þessi upphæð svarar til 4–14% af neysluútgjöldum 3–6 manna fjölskyldu. Þá er það skoðun Hagfræðistofnunar á grundvelli gagna sem hún hefur haft tök á að afla að líklegt sé að viðbótarkostnaður sem hlýst af dvöl nemenda sem stunda nám í grunn- og framhaldsskólum og búa á heimavistum eða í leiguhúsnæði fjarri heimabyggð sé á bilinu 190–475 þús. kr. á ári.

Í samantekt Stefáns Ólafssonar um byggðamál kemur fram að framfærslukostnaður sé hærri á sumum svæðum landsbyggðarinnar en á höfuðborgarsvæðinu og að tvöfalt fleiri þar séu með tekjur undir fátæktarmörkum. Í því sambandi er nefnt til sögunnar að tilefni lífskjarajöfnunar milli landshluta sé fyrir hendi en slíkum aðgerðum hafi í umtalsverðum mæli verið beitt bæði á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu.

Ljóst er að til skjótra aðgerða þarf að grípa sem skila sér í meiri lífskjarajöfnun milli landsbyggðar og þéttbýlis til að sporna við byggðaröskun. Aðgerðir sem tillaga ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir og tengjast nýsköpun í atvinnulífi, sem og auknir menntunarmöguleikar, skila sér til lengri tíma litið ef eftir tillögunni verður unnið, en þau hættumerki og viðvörunarbjöllur sem nú klingja á landsbyggðinni þola ekki slíka bið og óvissu. Þá er það áhyggjuefni hvernig staðið er að undirbúningi á landsbyggðinni vegna þeirrar samgöngubyltingar

sem felst í hinni nýju samskiptatækni. Enn er kvartað undan óréttlátri gjaldskrá Landssímans. Fjarlægðargjald kemur niður á fólki sem þarf að greiða eftir lengd línu í næstu símstöð og tæknilega er íbúum landsins mismunað hvað varðar þessar nýju samskiptaleiðir. Þessi mismunun veldur því að ekki sitja allir við sama borð þegar kemur að nýtingu þessarar nýju tækni sem gæti verið lyftistöng bæði fyrir menntun og atvinnu.

Sameining sveitarfélaga.

Verulegur árangur hefur orðið á sl. 10 árum við sameiningu sveitarfélaga, en samtals hefur sveitarfélögum fækkað um 58 á tímabilinu. Stækkun og efling sveitafélaganna stuðlar að því að treysta byggð í landinu og brjóta niður þær hindranir sem eru í atvinnuuppbyggingunni og ná fram betra og hagkvæmara skipulagi, sem og að skapa skilyrði fyrir meiri, betri og jafnari þjónustu við íbúana, en einhæfni atvinnulífs er eitt aðalvandamál margra byggðarlaga. Smæð margra sveitarfélaga hindrar að þau geti veitt íbúum sínum ýmsa þjónustu sem talin er sjálfsögð í nútímaþjóðfélagi. Skortur á þjónustu felur hins vegar í sér að ekki eru til störf í þjónustugreinum sem gætu laðað að fólk til búsetu í hinum dreifðu byggðum. Þannig hníga rök að því að einhæfni atvinnulífsins megi í einhverjum mæli rekja til þess að sveitarfélögin hafi verið of smá til að geta myndað sterkar þjónustuheildir. Þetta kemur víða fram, ekki síst á sviði félagslegrar þjónustu þar sem smæð sveitarfélaga kemur í veg fyrir að grundvöllur sé fyrir rekstri. Það kemur heim og saman við könnun búsetuskilyrðum á landsbyggðinni að óánægjan með lífskjörin og búsetuskilyrðin eru mest á minnstu þéttbýlisstöðunum á landsbyggðinni, stöðum með 200–1.000 íbúa. Víða um land er ekki að finna fullnægjandi félagsþjónustu sem veldur því að fólk hefur leitað í stærra þéttbýli eða til höfuðborgarsvæðisins til þess að fá þörfum sínum mætt. Á þetta ekki síst við um aldraða og unga fólkið sem verða að treysta á ýmsa félagslega þjónustu. Í ýmsum litlum sveitarfélögum hefur því einhæfni atvinnulífsins og minni félagsleg þjónusta leitt til þess að um langt árabil hefur verið stöðugur straumur fólks frá landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Hlutfall sveitarfélaganna í samneyslunni er líka langminnst hér á landi borið saman við önnur Norðurlönd, en hlutur ríkisvaldsins stærstur og ljóst að ríkisvaldið er með á sinni hendi ýmis verkefni sem sveitarfélögin ættu að sinna ef þau hefðu stærð og styrk til þess eins og þjónustu við fatlaða, heilsugæslu, sjúkrahús og framhaldsskóla. Mikilvægt er því í allri stefnumörkun í byggðamálum að leggja áherslu á stækkun og sameiningu sveitarfélaga og á flutning verkefna, valds og ákvarðana til sveitarfélaganna.

Afleiðing sjávarútvegsstefnunnar.

Ljóst er einnig að stefnan í sjávarútvegsmálum hefur átt verulegan þátt í byggðaröskun og hefði það átt að koma fram í stefnumarkandi áætlun til að treysta búsetu á landsbyggðinni á næstu árum, t.d. með það að markmiði að breyta stjórnkerfi fiskveiða fyrir tiltekinn tíma.

Um sjávarútvegsstefnuna segir Stefán Ólafsson í samantekt sinni um orsakir búferlaflutninga: „Eigendur kvótans hafa við núverandi skipan fengið vænlega útgönguleið úr greininni með því að selja frá sér kvótann, en með því er lífsbjörgin hins vegar seld frá landvinnslufólki, þ.e. fiskvinnslufólkinu og öðrum íbúum minni sjávarbyggðanna. Það fólk á um fátt annað að velja en að flytja brott þegar svo er komið og jafnvel skilja eftir afrakstur ævistarfsins í verðlausu húsnæði, ef fólkið þarf þá ekki að taka með sér skuldir af því að auki. Íbúar sjávarbyggðanna skynja þegar þetta aukna óöryggi um lífsbjörg í framtíðinni og eru farnir að bregðast við því með brottflutningi."

Ljóst er því að ríkisstjórnin kemur sér hjá að taka á veigamiklum þáttum í tillögum sínum sem eru m.a. ástæður hinnar miklu byggðaröskunar sem við stöndum frammi fyrir.

Niðurstaða.

Sú tillaga sem forsætisráðherra flytur rétt fyrir kosningar, eftir að hafa stjórnað á tímum góðæris með þá staðreynd á borðinu að undanfarin ár hafa verið ár mestu byggðaröskunar síðan á eftirstríðsárunum, ber merki sýndarmennsku. Þótt ýmsar tillögur í stefnumörkuninni miði í rétta átt, eins og áður er getið, vantar mikið á að brugðist sé við með nauðsynlegum aðgerðum sem þegar væri hægt að hrinda í framkvæmd til að jafna lífskjörin og treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Má þar nefna verulegt átak til að jafna nú þegar húshitunarkostnað og aðgerðir til að jafna námskostnað, m.a. til að draga úr þeirri mismunum sem felst í því að þurfa að sækja sér menntun á framhaldsskólastigi úr landsbyggðarumdæmum. Aðgerð sem skilar sér fljótt og vel er að almannatryggingakerfinu verði beitt til að jafna aðgang að heilbrigðisþjónustu, auk þess sem nú þegar þarf að grípa til ráðstafana sem tryggi meiri jöfnuð í framfærslukostnaði milli landshluta. Þá þarf að gera markvissa og skipulega áætlun um aukna tekjustofna og verkaefnaflutning til sveitarfélaga samhliða því að þau stækki og þeim fækkar. Mikilvægt er líka að skjóta styrkum stoðum undir atvinnulífið á landsbyggðinni með gerð samræmdra samgöngufjárlaga, þ.e. að fella framlög til vegamála, flugmála og hafna í eina heild með það að leiðarljósi að styrkja byggð um landið.

Þar sem verulega skortir á tafarlausar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar bæði til lengri og skemmri tíma til að sporna við því hættuástandi sem nú er á landsbyggðinni er rétt að ríkisstjórnin beri sjálf ábyrgð á því sem hér er lagt til um stefnu í byggðamálum fram til ársins 2001, enda hlýtur það að vera verk nýrrar ríkisstjórnar að marka skýrari og árangursríkari stefnu í byggðamálum en hér er lögð til.

Alþingi, 1. mars 1999.

Jóhanna Sigurðardóttir.

922. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson, Atla Frey Guðmundsson og Tryggva Axelsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Birgi Ármannsson og Guðjón Rúnarsson frá Verslunarráði Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Eir, hjúkrunarheimili, Félagi löggiltra endurskoðenda, Grund, elli- og hjúkrunarheimili, Lögmannafélagi Íslands, Samvinnuháskólanum, Verslunarráði Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heildarlöggjöf um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Slíkar stofnanir stunda þá starfsemi með líkum hætti og félög og önnur fyrirtæki. Því er eðlilegt að taka þurfi tillit til ýmissa viðskiptasjónarmiða líkt og hjá öðrum félögum og fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að orðið „(stofnana)“ í 1. mgr. 1. gr. falli brott. Hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða. Þá er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við 1. gr. þar sem kveðið er á um að lög um sjóði og stofnanir sem starfa eftir staðfestri skipulagsskrá taki til þeirra sjálfseignarstofnana sem frumvarpinu er ekki ætlað að ná til, meðal annars á grundvelli takmörkunar 3. og 4. gr. frumvarpsins, nema um þær gildi sérlög.
2. Lögð er til breyting á 3. gr. þannig að takmörkun 2. mgr. undanþiggi sjálfseignarstofnanir sem falla þar undir einungis ákvæðum þessa frumvarps en ekki annarra laga sem kunna að eiga við um atvinnurekstur sjálfseignarstofnana. Er þetta meðal annars gert með hliðsjón af 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt en skilgreining 3. gr. á ekki að breyta neinu um skattalega stöðu sjálfseignarstofnana.
3. Lögð er til orðalagsbreyting á a-lið 1. mgr. 4. gr. þannig að tekin séu af tvímæli um að sparisjóðir og fleiri stofnanir sem hafa ýmis einkenni sjálfseignarstofnana en starfa á grundvelli sérlaga falli utan gildissviðs frumvarpsins. Þá er lagt til að einungis þær sjálfseignarstofnanir sem sveitarfélög stofna alfarið verði teknar undan ákvæðum frumvarpsins, sbr. breytingar á b-lið 1. mgr. 4. gr. Að lokum er lagt til að öldrunarstofnanir verði undanþegnar ákvæðum frumvarpsins.
4. Við 6. gr. er lagt til að bætist nýr málsliður þar sem hnykkt er á því að ákvæði firmalaga gildi um heiti sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur eftir því sem við á.
5. Lögð er til orðalagsbreyting á 1. mgr. 7. gr. til að gera hana skýrari.
6. Lögð er til breyting á 3. mgr. 8. gr. Í málsgreininni er kveðið á um að þeir sem gera löggerninga fyrir hönd sjálfseignarstofnunar beri persónulega ábyrgð á þeim skuldbindingum fram að skráningu hennar. Lagt er til að ekki verði miðað við skráningu sjálfseignarstofnunar heldur tilkynningu um skráningu í Lögbirtingablaði skv. 42. gr. frumvarpsins varðandi flutning á skuldbindingum yfir á sjálfseignarstofnunina.
7. Til samræmis við ákvæði laga um einkahlutafélög og laga um hlutafélög er lagt til að áskilnaður um tilgreiningu á heimili og tilgangi í samþykktum í 9. gr. komi í beinu framhaldi af heiti stofnunar. Jafnframt er lagt til að getið verði um endurskoðunarfélög í h-lið 9. gr., sbr. heimild í 31. gr., ef um slíkt er að ræða. Þá er lagt til að í stað orðsins „tapi“ í j-lið 9. gr. komi „eða fara með ef tap verður á rekstri sjálfseignarstofnunar“. Einnig er lagt til að skylt verði að kveða á um það í samþykktum sjálfseignarstofnunar hvernig staðið skuli að ráðstöfun eigna við slit hennar, sbr. breytingar á k-lið 9. gr.
8. Lögð er til breyting á lágmarksstofnfé sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur, sbr. 10. gr. Er það mat nefndarinnar að 2.000.000 kr. sé of há fjárhæð, sérstaklega með hliðsjón af lágmarkshlutafé einkahlutafélaga. Jafnframt er lagt til að bætt verði við greinina ákvæði um að sjálfseignarstofnun sem fullnægir kröfu um lágmarksstofnfé við stofnun þurfi ekki að hækka það þótt lágmarksfjárhæð samkvæmt greininni verði hækkuð. Er þetta gert til samræmis við ákvæði laga um einkahlutafélög og laga um hlutafélög.
9. Lagt er til að síðari málsliður 3. mgr. 12. gr. falli brott þar sem ákvæðið er óþarft. Fé skv. b-lið 1. mgr. 12. gr. getur ekki runnið til annars en hækkunar á stofnfé, sbr. ákvæðið. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 5. mgr. 12. gr. þar sem kveðið er afdráttarlausar á um að hækkun stofnfjár teljist ógild ef hún hefur ekki verið tilkynnt innan árs.
10. Á 13. gr. eru lagðar til nokkrar orðalagsbreytingar til að gera greinina skýrari. Lagt er til að skotið verði inn orðunum „t.d. til að jafna tap fyrri ára“ inn í 1. mgr. á eftir orðunum „lækka stofnfé“. Lagt er til að kveðið verði á um að fullnægja kröfum en ekki kröfu-

höfum í lokamálslið 1. mgr. og að í stað orðanna „frá endanlegu samþykki til lækkunar“ í 2. mgr. komi: frá því að hún var samþykkt. Þá er lagt til að í 2. málsl. 2. mgr. verði kveðið afdráttarlaust á um að lækkun stofnfjár teljist ógild ef hún hefur ekki verið tilkynnt innan árs, sbr. sams konar ákvæði um hækkun stofnfjár. Einnig er lagt til að kveðið verði á um að lækkun verði auglýst í Lögbirtingablaði í stað þess að kröfuhöfum verði tilkynnt um lækkun með auglýsingu.

11. Lögð er til breyting á 2. mgr. 14. gr. sem kveður á um val stjórnarmanna í sjálfseignarstofnanir. Er gengið út frá því að ráðherra eigi ekki að skipta sér af stjórnun eða rekstri sjálfseignastofnana af þessum toga nema brýna nauðsyn beri til og ekki séu fyrir hendi aðrir kostir. Lagt er til að val á stjórnarmönnum fari fram á vegum fulltrúaráðs séu ekki önnur ákvæði þar um í samþykktum. Ef fulltrúaráði er ekki fyrir að fara skal stjórn sjálfseignarstofnunar velja nýja menn til setu í stjórninni og ráðherra velur einungis stjórnarmenn sinni stjórnin ekki því hlutverki sínu.
12. Þá er lögð til breyting á hæfisskilyrðum stjórnarmanna skv. 15. gr. þannig að sömu kröfur verði gerðar til almenns hæfis stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sjálfseignarstofnunar og gert er ráð fyrir í hlutafélagalöggjöfinni varðandi stjórnendur hlutafélaga.
13. Lagt er til að í stað 2. og 3. mgr. 16. gr. komi ný málsgrein sem taki einungis til þess að stjórnarmanni beri að víkja vegna veikinda eða annarra forfalla. Ákvæði frumvarpsgreinarinnar er um of matskennt og því erfitt í framkvæmd. Nefndin telur ákvæðið auk þess vera of íþyngjandi og ekki í samræmi við ákvæði sem gilda um félög sem stunda atvinnurekstur, t.d. hlutafélög og samvinnufélög.
14. Þá er lögð til efnisbreyting á 17. gr. og gilda um þá breytingu sömu röksemdir og varðandi 2. mgr. 14. gr. þannig að afskipti ráðherra af stjórnun sjálfseignarstofnana verði einungis öryggisventill ef önnur úrræði duga ekki. Telja verður hæfilegt að veita stjórn eða fulltrúaráði tveggja mánaða frest til að hlutast til um val á nýjum stjórnarmönnum í stað þeirra er missa hæfisskilyrði eða láta af störfum af öðrum ástæðum, áður en ráðherra grípur inn í, fyrst með áskorun og síðan með vali á nýjum stjórnarmanni ef áskorun er ekki sinnt.
15. Lagt er til að 18. gr. falli brott enda ákvæðið óþarft ef breytingar á 17. gr. ná fram að ganga.
16. Lagðar eru til breytingar á 19. gr. Lagt er til að ekki þurfi leyfi ráðherra til að skyldir eða tengdir aðilar geti myndað meiri hluta í stjórn félags heldur þurfi einungis að tilkynna það. Sú tilkynningarskylda nær þó einungis til þess ef stofnandi, maki hans eða þeir sem eru skyldir stofnanda eða maka hans í beinan legg mynda meiri hluta stjórnar. Sams konar regla gildir ef stofnandi er félag.
17. Lögð er til breyting á 21. gr. varðandi ákvörðun þóknunar stjórnarmanna. Með vísan til þess sem fyrr er fram komið þykir ekki rétt að ráðherra hafi afskipti af ákvörðun þóknunar heldur verði meginreglan að fulltrúaráðið ákveði það. Ef því er ekki til að dreifa ákveði stjórnin sjálf þóknun sína þó þannig að hún má ekki vera hærri en venjulegt er, miðað við eðli og umfang starfanna. Tekið skal fram að ákvarði stjórnin sér óhóflega þóknun kann að koma til skaðabóta- eða refsiábyrgðar stjórnarmanna.
18. Lögð er til lagfæring á orðalagi 22. gr.
19. Lagðar eru til breytingar á 23. gr. þannig að ákvæði um fulltrúaráð eru gerð fyllri. Meðal starfsskyldna fulltrúaráðs verður að velja stjórn í samræmi við ákvæði samþykkta. Þá er lagt til að framkvæmdastjórum og stjórnarmönnum verði heimilað að sitja í fulltrúaráðinu en ekki mynda meiri hluta þess.

20. Lagt er til að kveðið verði á um í 1. mgr. 24. gr. að stjórn sjálfseignarstofnunar kjósi sér formann, ritara, sem er jafnframt varaformaður, og gjaldkera nema kveðið sé á um annað í samþykktum. Rétt þykir að stjórn sjálfseignarstofnana sé skipuð mönnum sem gegni hefðbundnum trúnaðarstörfum stjórnarmanna. Einkum er þetta brýnt í þeim tilvikum þar sem ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri til þess að annast fjármál og færa bækur félagsins. Föst regla um það hver gegni hlutverki varaformanns er einnig heppileg þegar formaður lætur af störfum á miðju kjörtímabili af einhverjum ástæðum. Með þessari reglu er lögð frumkvæðisskylda á varaformann til að gera ráðstafanir til þess að unnt sé að tilnefnda nýjan stjórnarmann í stað formanns. Þá er lögð til orðlagsbreyting á 2. mgr. 24. gr. þannig að í stað orðanna „fundum stofnunarinnar“ komi „stjórnarfundum“, enda bersýnilega átt við slíka fundi í ákvæðinu.
21. Lögð er til orðalagsbreyting á 3. mgr. 25. gr. sem gerir ákvæðið skýrara. Jafnframt er lagt til að bætt verði við 3. mgr. nýjum málslið um að samþykki ráðherra skerði ekki rétt sem grandlaus viðsemjandi getur öðlast á grundvelli 28. gr. (verður 27. gr.). Er þetta gert til að tryggja að grandlaus þriðji maður missi ekki bótarétt sinn á hendur stjórnarmönnum á grundvelli 28. gr. við samþykki ráðherra skv. 3. mgr.
22. Lögð er til lagfæring á orðalagi 26. og 29. gr.
23. Lögð er til breyting á 31. gr. um val á skoðunarmönnum, endurskoðendum eða endurskoðunarfélögum. Þar sem endurskoðendur og skoðunarmenn hafa það hlutverk að fara yfir og hafa eftirlit með gerðum stjórnar og framkvæmdastjóra er ekki eðlilegt að stjórnin tilnefni eftirlitsaðilann nema ekki sé öðrum tilnefningaraðila til að dreifa og að ráðherra grípi ekki inn í nema sjálfseignarstofnun sé án slíkra eftirlitsaðila.
24. Lagt er til að fyrirsögn VI. kafla verði breytt með hliðsjón af efni kaflans.
25. Lagt er til að við 1. mgr. 33. gr. bætist nýr málsliður um að úthlutun fjármuna skuli vera eðlileg með hliðsjón af tilgangi og eignarstöðu stofnunar. Ákvæði þetta var áður í 35. gr. en á betur við þarna þar sem 35. gr. fjallar að öðru leyti um samskipti sjálfseignarstofnunar og stjórnar og starfsmanna hennar.
26. Til samræmis við breytingar á 33. gr. er lagt til að 1. mgr. 35. gr. falli brott. Þá er lögð til breyting á tilvísun í 4. mgr. 35. gr.
27. Lögð er til breyting á 36. gr. þannig að mál gegn stofnendum skv. 1. mgr. 36. gr. skal höfða innan tveggja ára frá töku ákvörðunar um stofnun.
28. Lögð er til breyting á 37. gr. um hvernig breyting á samþykktum verði gerð og er þar höfð í heiðri sú regla að ráðherra skuli aðeins koma að breytingum á samþykktum í undantekningartilvikum. Jafnframt er afnumin heimild ráðherra til að leysa upp stofnun eða sameina hana annarri.
29. Lögð er til lagfæring á orðalagi 39. gr.
30. Á 44. gr. er lögð til breyting til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á síðasta þingi um afnám varðhalds sem refsitegundar. Hugtakið varðhald hefur verið fellt brott úr íslenskum lögum.
31. Lagt er til að gildistökuákvæði verði breytt þannig að lögin taki gildi 1. nóvember 1999 í stað 1. júlí 1999. Er það gert til að hæfilegur tími gefist til undirbúnings bæði fyrir stjórnsýsluna, svo og þær stofnanir sem koma til með að falla undir ákvæði laganna.

Gunnlaugur M. Sigmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. febr. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.	

923. Breytingartillögur [135. mál]

við frv. til l. um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Orðið „(stofnana)“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Um aðrar sjálfseignarstofnanir en þær sem lög þessi taka til fer eftir lögum um sjóði og stofnanir sem starfa eftir staðfestri skipulagsskrá eða öðrum lögum eftir því sem við á.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „Sjálfseignarstofnun telst þó ekki stunda atvinnurekstur“ í 2. mgr. komi: Sjálfseignarstofnun telst þó ekki stunda atvinnurekstur í skilningi laga þessara.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi taka ekki til:
   a. sjálfseignarstofnana sem starfa á grundvelli sérlaga eða eru stofnaðar með lögum eða ákvörðun Alþingis eða heimild í þjóðréttarsamningi og háðar eru eftirliti íslenska ríkisins eða annars ríkis;
   b. sjálfseignarstofnana sem sveitarfélög stofna alfarið eða leggja fé í til að fullnægja beinum lagalegum skyldum sínum;
   c. öldrunarstofnana.
4. Við 6. gr. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Að öðru leyti fer um heiti sjálfseignarstofnunar eftir ákvæðum firmalaga eftir því sem við á.
5. Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Stjórn sjálfseignarstofnunar sem ætlað er að stunda atvinnurekstur skv. 3. gr. skal tilkynna hana til skráningar hjá sjálfeignarstofnanaskrá áður en atvinnurekstur hefst, þó eigi síðar en sex mánuðum frá dagsetningu stofnskjals.
6. Við 8. gr. Síðari málsliður 3. mgr. orðist svo: Við tilkynningu um skráningu skv. 41. gr. færast skuldbindingar þó yfir á sjálfseignarstofnunina.

7. Við 9. gr.
   a. b-liður verði d-liður.
   b. c-liður verði b-liður.
   c. d-liður verði c-liður.
   d. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í h-lið komi: endurskoðenda (eða endurskoðunarfélaga).
   e. Í stað orðanna „og tapi“ í j-lið komi: eða fara með ef tap verður á rekstri sjálfseignarstofnunar.
   f. Í stað orðsins „annarri“ í k-lið komi: annarri, svo og hvernig standa skuli að ráðstöfun eigna við slit hennar.
8. Við 10. gr.
   a. 1. málsl. orðist svo: Stofnfé sjálfseignarstofnunar sem stundar atvinnurekstur skal vera minnst 1.000.000 kr.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Nú uppfyllir sjálfseignarstofnun kröfu um lágmarksfjárhæð þegar hún er stofnuð og er henni þá ekki skylt að hækka síðar stofnfé í samræmi við endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari grein.
9. Við 12. gr.
   a. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.
   b. 2. og 3. málsliður 5. mgr. orðist svo: Hækkun stofnfjár skal framkvæmd áður en tilkynnt er og öðlast hún ekki gildi fyrr en við tilkynningu. Ef ákvörðun um hækkun hefur ekki verið tilkynnt innan árs fellur hún úr gildi.
10. Við 13. gr.
   a. Í stað orðanna „lækka stofnfé nema“ í 1. mgr. komi: lækka stofnfé, t.d. til að jafna tap fyrri ára, nema.
   b. Í stað orðanna „fullnægja öllum kröfuhöfum“ í 1. mgr. komi: fullnægja öllum kröfum.
   c. Í stað orðanna „frá endanlegu samþykki til lækkunar“ í 2. mgr. komi: frá því að hún var samþykkt.
   d. Í stað síðari málsliðar 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Lækkun öðlast ekki gildi fyrr en við tilkynningu. Hafi ákvörðun um lækkun ekki verið tilkynnt innan árs fellur hún úr gildi.
   e. 3. mgr. orðist svo:
      Lækkun stofnfjár skal auglýst í Lögbirtingablaði.
11. Við 14. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Ef ekki eru tilskilin ákvæði um það í samþykktum hvernig standa skuli að vali stjórnar skal fulltrúaráð velja stjórn ef slík stjórnareining er fyrir hendi en ella skulu stjórnarmenn velja nýja menn til setu í stjórninni. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meiri hluti ráða nema á annan veg sé mælt í samþykktum. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða. Sé ekki valinn stjórnarmaður í stað þess sem lætur af störfum innan árs skal ráðherra velja hann. Ráðherra skal að jafnaði velja menn til stjórnarsetu sem hafa þekkingu eða tengsl við starfssvið sjálfseignarstofnunar.
12. Við 15. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um sjálfs-

eignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

b. Orðið „þó“ í 2. mgr. falli brott.

13. Við 16. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi ein málsgrein, svohljóðandi:
Geti stjórnarmaður ekki vegna langvarandi veikinda eða annarra forfalla sinnt starfi sínu sem skyldi skal hann víkja úr stjórninni.

14. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Fullnægi stjórnarmaður ekki skilyrðum til setu í stjórn skv. 15. eða 16. gr. skulu aðrir stjórnarmenn svo fljótt sem verða má gera ráðstafanir til þess að valinn verði nýr stjórnarmaður til setu þann tíma sem eftir er af starfstíma stjórnar. Sama gildir ef stjórnarmaður fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er samkvæmt samþykktum.
Hlutist stjórn eða fulltrúaráð ekki til um val stjórnarmanna innan tveggja mánaða frá því að aðili missir hæfisskilyrði eða lætur af störfum af öðrum ástæðum skal ráðherra skora á stjórn eða fulltrúaráð að bæta úr því innan mánaðar. Verði ekki orðið við þeim tilmælum er ráðherra heimilt að velja nýjan stjórnarmann.

15. 18. gr. falli brott.

16. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
Myndi stofnandi (stjórnarmenn lögaðila), maki hans eða þeir sem tengdir eru stofnanda eða maka í beinan legg meiri hluta stjórnar skal tilkynna það ráðherra.
Sé stofnandi sjálfseignarstofnunar félag og maður, sem beint eða óbeint ræður helmingi atkvæða eða meira í félaginu, myndar meiri hluta stjórnar í stofnuninni með þeim sem eru honum jafnnánir og þeir er greinir í 1. mgr. skal slíkt tilkynnt ráðherra. Myndi síðastnefndir menn meiri hluta stjórnar skal það einnig tilkynnt ráðherra.

17. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna. Ef fulltrúaráð er ekki í stofnun ákveður stjórnin sjálf þóknun sína. Þóknun stjórnarmanna má ekki vera hærri en venjulegt er miðað við eðli og umfang starfanna.

18. Við 22. gr. Í stað orðsins „mega“ í 1. málsl. komi: má.

19. Við 23. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:
Í samþykktum má ákveða að auk stjórnar skuli vera fulltrúaráð í stofnuninni. Sé svo skal í þeim kveða á um val og starfstíma fulltrúaráðsins og hlutverk eða starfssvið þess sem skal meðal annars velja í stjórn í samræmi við ákvæði samþykkta, vera tengiliður milli stofnenda og stjórnar eftir því sem við á, fylgjast með rekstri stofnunarinnar og hafa þá eftirlit með því hvernig stjórn og framkvæmdastjóri, ef til er, ráða málum hennar, þar með töldum fjármálum, og setja stofnuninni nauðsynlegar starfsreglur.

b. Í stað orðanna „vera í fulltrúaráði“ í 2. mgr. komi: skipa meiri hluta fulltrúaráðs.

20. Við 24. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:
Stjórn sjálfseignarstofnunar kýs sér formann, ritara, sem jafnframt skal vera varaformaður, og gjaldkera nema kveðið sé á um annað í samþykktum.

b. Í stað orðanna „fundum stofnunarinnar“ í 3. mgr. komi: stjórnarfundum.

21. Við 25. gr.

a. Í stað orðanna „óvenjulegum ráðstöfunum sem“ í 3. mgr. komi: þeim óvenjulegu ráðstöfunum sem.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samþykki ráðherra skerðir ekki rétt sem grandlaus viðsemjandi getur öðlast á grundvelli 27. gr.

22. Við 26. gr. Í stað orðanna „Hinn daglegi“ í 2. mgr. komi: Daglegur.
23. Við 29. gr. Í stað orðanna „laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum“ komi: laga um ársreikninga.
24. Við 31. gr. Greinin orðist svo:

Fulltrúaráð skal velja einn eða fleiri endurskoðendur (eða endurskoðunarfélög) eða skoðunarmenn og varamenn þeirra í samræmi við ákvæði samþykkta. Sé ekki gert ráð fyrir fulltrúaráði í sjálfseignarstofnun skal endurskoðandi endurskoða reikninga stofnunar og velur stjórn félagsins hann. Sé sjálfseignarstofnun án endurskoðanda eða skoðunarmanns skal ráðherra velja hann eða þá.

25. Við VI. kafla. Fyrirsögn kaflans orðist svo: **Úthlutun fjár o.fl.**
26. Við 33. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Úthlutun fjármuna skal vera eðlileg með hliðsjón af tilgangi og eignarstöðu stofnunar.
27. Við 35. gr.
    a. 1. mgr. falli brott.
    b. 4. mgr., sem verður 3. mgr., orðist svo:

Stjórnvald það er tekur við ársreikningi félaga hefur eftirlit með ársreikningum og tilkynnir ráðherra, m.a. á grundvelli úrtakskannana, ef telja má að ákvæði 1.–2. mgr. hafi verið brotin.

28. Við 36. gr. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Mál skv. 1. mgr. skal höfða gegn stofnendum innan tveggja ára frá töku ákvörðunar um stofnun og gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð.
29. Við 37. gr. Greinin orðist svo:

Samþykktum sjálfseignarstofnana verður ekki breytt nema með heimild í þeim. Til breytinga á samþykktum þarf samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst ⅔ hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

Þó er fulltrúaráði, eða stjórn ef ekki er gert ráð fyrir fulltrúaráði í stofnuninni, heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum ef sýnt er að samþykktirnar séu ekki framkvæmanlegar eða andstæðar tilgangi stofnunarinnar. Láti fulltrúaráðið eða stjórnin undir höfuð leggjast að gera breytingar í slíkum tilvikum eftir að ráðherra hefur veitt hæfilegan frest til þess er honum heimilt að breyta samþykktum.

Sé stofnun leyst upp eða hún sameinuð annarri stofnun skal farið eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, sbr. einnig XIV. kafla sömu laga, eftir því sem við getur átt.

30. Við 39. gr. Í stað orðanna „Tilkynning um stofnun“ í 1. mgr. komi: Í tilkynningu.
31. Við 44. gr. Í stað orðanna „sektum, varðhaldi eða fangelsi“ komi: sektum eða fangelsi.
32. Við 50. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1999.

924. Frumvarp til laga [564. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Meðan á tímabundnum samningi skv. 13. gr. stendur teljast hlutaðeigandi starfsmenn svæðisskrifstofu, sem eru í starfi þegar samningurinn tekur gildi, vera í þjónustu viðkomandi sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar. Í slíkum samningi er félagsmálaráðherra heimilt að framselja viðkomandi sveitarfélagi, byggðasamlagi eða héraðsnefnd allar þær valdheimildir sem framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa fara með samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo fremi að starfsmönnum sé tilkynnt hver fari með það vald. Engin formbreyting verður á ráðningarstöðu starfsmanna, þeir eru áfram ríkisstarfsmenn og um laun þeirra og önnur starfskjör fer eftir sömu kjarasamningum og fyrr.

Nýir starfsmenn, sem ráðnir verða til verkefna er samningur aðila tekur til, skulu ráðnir sem starfsmenn viðkomandi sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar.

Félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og sveitarfélag, byggðasamlag eða héraðsnefnd hins vegar skulu semja um ábyrgðir sínar og greiðslur varðandi réttindi og kjör starfsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingu á lögum um málefni fatlaðra sem hér er lögð til er stefnt að því að auðvelda yfirtöku sveitarfélaga á þjónustu við fatlaða á grundvelli 13. gr. laganna. Á undanförnum árum hafa nokkur sveitarfélög sýnt því áhuga að yfirtaka þjónustu við fatlaða á grundvelli þeirrar greinar. Þar sem skort hefur lagaákvæði um réttarstöðu starfsmanna svæðisskrifstofa málefna fatlaðra við yfirtöku sveitarfélaga á þjónustunni hefur reynst örðugt að ganga til slíkra samninga. Tveir tímabundnir þjónustusamningar hafa eigi að síður verið gerðir á grundvelli greinarinnar, annars vegar við Húsavíkurkaupstað og hins vegar Sveitarfélagið Hornafjörð. Í þeim samningum tókst ekki að leysa starfsmannamálin á þann hátt sem hér er stefnt að þar sem lagaákvæði skorti.

Frá miðju ári 1998 hefur félagsmálaráðuneytið átt í viðræðum við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um samning sem byggist á 13. gr. laga um málefni fatlaðra. Sú breyting sem hér er lögð til á lögunum er ein af forsendum þess að samningurinn nái fram að ganga.

Drög að frumvarpinu voru kynnt stjórn Starfsmannafélags ríkisstofnana enda varðar frumvarpið fyrst og fremst félaga í því stéttarfélagi.

Ákvæði 1. gr. er sambærilegt ákvæði 17. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, hvað varðar stöðu starfsmanna ríkisins þegar verkefni voru flutt til sveitarfélaga í tilraunaskyni.

Í greininni er gert ráð fyrir því að þeir starfsmenn svæðisskrifstofu, sem sinna verkefnum er tímabundinn þjónustusamningur skv. 13. gr. laganna tekur til, haldi störfum sínum meðan á samningi stendur undir verkstjórn viðkomandi sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar. Þá er veitt heimild til að framselja sveitarfélagi, byggðasamlagi eða héraðsnefnd

meðan á samningstíma stendur allar þær valdheimildir sem framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa fara með samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hér er m.a. átt við heimildir til að breyta störfum og verksviði starfsmanna, til að áminna starfsmenn verði þeir uppvísir að ámælisverðri háttsemi og til að segja þeim upp störfum. Í þessu sambandi er einkum höfð hliðsjón af 50. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar er forstöðumönnum veitt heimild til að framselja vald, sem fyrrnefnd lög veita þeim, til annarra stjórnenda í stofnun, enda sé það gert skriflega og starfsmönnum tilkynnt um það. Þrátt fyrir að stjórnunarheimildir gagnvart starfsmönnum kunni þannig að vera framseldar tímabundið til sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar er engu síður miðað við að ráðningarsamband ríkisins við starfsmennina sé í sjálfu sér óbreytt og þeir starfi því áfram sem ríkisstarfsmenn. Starfsmennirnir munu taka laun samkvæmt sömu kjarasamningum og fyrr og réttur þeirra til aðildar að lífeyrissjóðum verður óbreyttur.

Skv. 2. mgr. 1. gr. er gert ráð fyrir að nýir starfsmenn, sem ráðnir verða á samningstímanum í störf starfsmanna er látið hafa af störfum, verði ráðnir af sveitarfélagi, byggðasamlagi eða héraðsnefnd. Sama gildir um ráðningar í ný störf sem verða til á samningstímanum. Af framangreindu leiðir að sveitarfélag, byggðasamlag eða héraðsnefnd fer jafnframt með allar aðrar stjórnunarheimildir vinnuveitanda gagnvart þeim. Nýir starfsmenn munu ekki heyra undir lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í niðurlagi 1. gr. er lagt til að félagsmálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið semji við sveitarfélag, byggðasamlag eða héraðsnefnd um ábyrgðir og greiðslur vegna réttinda og kjara starfsmanna. Hér er einkum átt við ábyrgð á greiðslu biðlauna ef staða er lögð niður, ábyrgðir vegna tjóns sem starfsmaður veldur í starfi sínu, fyrirkomulagi launagreiðslna o.s.frv.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að starfsmenn svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, er sinna þeim störfum sem tímabundnir þjónustusamningar skv. 13. gr. laganna taka til, haldi störfum sínum og stöðu sem ríkisstarfsmenn en að samningsaðili fari með verkstjórnarvald gagnvart þeim. Ákvæðið er að þessu leyti sambærilegt heimild í 17. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög.

Þá er félagsmálaráðherra veitt sérstök heimild til að framselja í slíkum samningi allar þær valdheimildir til samningsaðila sem framkvæmdastjórar svæðisskrifstofu fara með samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þ.e. gagnvart hlutaðeigandi starfsmönnum. Ekki verður séð að frumvarpið sjálft leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð en það veitir hins vegar félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra heimild til samninga við sveitarfélög og byggðasamlög sem taki m.a. til réttinda og kjara starfsmanna og hver fullnusti lífeyrisskuldbindingar ríkisstarfsmanna sem fylgja verkefninu. Um samninga um rekstrarverkefni sem gerðir eru til lengri tíma en eins árs gilda einnig ákvæði 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

925. Fyrirspurn [565. mál]

til forsætisráðherra um lagabreytingar vegna hækkunar sjálfræðisaldurs.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða efnisbreytingar þarf að gera á lögum í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs og hvaða áhrif munu þær hafa á kjör og aðbúnað barna á aldrinum 16–18 ára og aðstandenda þeirra?
2. Hvenær stendur til að leggja nauðsynlegar lagabreytingar fyrir Alþingi, sbr. 1. lið, og hvaða útgjöld munu þær hafa í för með sér?

Skriflegt svar óskast.

926. Fyrirspurn [566. mál]

til sjávarútvegsráðherra um stöðu sjávarútvegsbyggða sem misst hafa veiðiheimildir og kvótalítilla útgerða.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hefur sjávarútvegsráðuneytið að undanförnu skoðað sérstaklega stöðu sjávarútvegsbyggða sem misst hafa frá sér veiðiheimildir þannig að grundvöllur útgerðar og fiskvinnslu er brostinn?
2. Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar á þessu sviði sem falið gætu í sér úrlausn fyrir sjávarútvegsbyggðir í vanda og jafnframt nýst kvótalitlum útgerðum og auðveldað öðrum að hefja útgerð?

Skriflegt svar óskast.

927. Fyrirspurn [567. mál]

til utanríkisráðherra um aðild að alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum frá síðustu árum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað á Ísland aðild að mörgum alþjóðlegum og fjölþjóðlegum stofnunum og samtökum? Hve margar stofnanir og samtök hafa bæst við eftir að utanríkisráðherra svaraði fyrirspurn um sama efni á 118. löggjafarþingi (þskj. 807), hverjar eru þær stofnanir eða samtök og hvenær varð Ísland aðili að þeim?
2. Hvað á Ísland aðild að mörgum fjölþjóðlegum samningum og tvíhliða samningum? Hve margir slíkir samningar hafa bæst við síðan á 118. löggjafarþingi, hverjir eru þeir og hvenær varð Ísland aðili að hverjum samningi fyrir sig?

3. Hve margir slíkir samningar hafa verið staðfestir, hve margir undirritaðir og hve margir undirritaðir en ekki staðfestir síðan á 118. löggjafarþingi?

Skriflegt svar óskast.

928. Svar [308. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um ráðstöfun fasteigna í eigu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Svör við fyrirspurn þessari eru byggð á upplýsingum frá Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Hefur ráðuneytið leitað staðfestingar ríkisendurskoðanda á upplýsingunum, en hann er endurskoðandi bankanna og hafði auk þess yfirumsjón með lokauppgjöri ríkisviðskiptabankanna. Það er álit ríkisendurskoðanda að upplýsingarnar séu áreiðanlegar og í samræmi við þær spurningar sem fyrir voru lagðar.

Það skal sérstaklega tekið fram að Búnaðarbanki Íslands hf. og Landsbanki Íslands hf. eru sjálfstæð fyrirtæki í eigu ríkisins og þúsunda einkaaðila og sem starfa á samkeppnisgrundvelli. Því er ekki unnt að krefjast þess að samráð sé þeirra á milli við öflun og úrvinnslu upplýsinga til að svara fyrirspurn þessari. Uppsetning og efni upplýsinganna frá hvorum aðila fyrir sig eru því ekki samræmd. Ráðuneytið reyndi þó að beita sér fyrir því eftir bestu getu að upplýsingarnar væru eins samræmdar og kostur var til að tryggja skýrleika þeirra.

Frá og með 1. janúar 1998 tóku bankarnir til starfa sem hlutafélög. Svör við umbeðnum upplýsingum ná því aðeins til ársloka 1997.

Þá skal tekið fram að fyrirspurn þessi lýtur að mjög viðamiklum og óaðgengilegum upplýsingum. Mikil og tímafrek vinna hefur af þeim sökum farið í að afla þeirra, m.a. í útibúum bankanna, ýmsum deildum þeirra, lögmannsstofum og sýslumannsembættum. Sá dráttur sem orðið hefur á svari skýrist af því.

Með hliðsjón af framangreindu eru eftirfarandi svör veitt við einstökum liðum fyrirspurnarinnar.

1. *Hve margar fasteignir hafa Landsbanki annars vegar og Búnaðarbanki hins vegar eignast árlega á uppboðum vegna vangoldinna krafna á einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar og hvert er sundurliðað verðmæti þeirra, skipt eftir síðustu átta árum?*

Landsbanki Íslands hf.

Á meðfylgjandi töflu eru umbeðnar upplýsingar fyrir árin 1991–97. Árið 1991 var af hálfu bankans skilið sem fyrsta árið sem upplýsinga var óskað um. Bent skal á að þær tölur sem hér eru gefnar eru raunverulegt söluverð seldra eigna en matsverð á þeim eignum sem enn eru í eigu bankans. Jafnframt skal tekið fram að upplýsingarnar eru einskorðaðar við eignir sem bankinn hefur eignast á uppboðum en ekki eru taldar til eignir sem bankinn hefur leyst til sín t.d. með samkomulagi við skuldara.

Tafla 1.

Ár	Tegund	Fjöldi	Fjárhæð, þús. kr.
1991	Einstaklingar og sjálfstæðir atvinnurekendur	33	195.420
	Fyrirtæki	30	210.600
1992	Einstaklingar og sjálfstæðir atvinnurekendur	37	264.858
	Fyrirtæki	30	262.035
1993	Einstaklingar og sjálfstæðir atvinnurekendur	48	421.586
	Fyrirtæki	29	245.324
1994	Einstaklingar og sjálfstæðir atvinnurekendur	39	275.080
	Fyrirtæki	22	192.698
1995	Einstaklingar og sjálfstæðir atvinnurekendur	36	221.250
	Fyrirtæki	21	176.506
1996	Einstaklingar og sjálfstæðir atvinnurekendur	33	215.350
	Fyrirtæki	28	152.337
1997	Einstaklingar og sjálfstæðir atvinnurekendur	20	87.800
	Fyrirtæki	14	195.140
Samandregið	Einstaklingar og sjálfstæðir atvinnurekendur	**246**	**1.681.344**
	Fyrirtæki	**174**	**1.434.640**
Heildin	.....	**420**	**3.115.984**

Búnaðarbanki Íslands hf.

Mat Búnaðarbanka Íslands hf. á verðmæti fasteigna er tvíþætt. Annars vegar er söluvirði þeirra eigna sem bankinn hefur þegar selt og hins vegar áætlað markaðsvirði óseldra eigna eins og það er fært í bókum bankans. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum heldur eignaumsýsla bankans utan um allar eignir, þar með taldar uppboðseignir. Unnt er að nálgast þessar upplýsingar í undirkerfi eignaumsýslunnar en ekki er bein tenging úr því í aðalbókhald bankans. Það setur áreiðanleika upplýsinganna ákveðnar skorður.

Tafla 2.

Ár	Tegund	Fjöldi	Fjárhæð, kr.
1991	Einstaklingar	12	66.565.000
	Lögaðilar	13	227.007.266
1992	Einstaklingar	21	258.670.000
	Lögaðilar	11	127.674.700
1993	Einstaklingar	29	239.045.000
	Lögaðilar	10	190.369.500
1994	Einstaklingar	23	157.931.500
	Lögaðilar	6	71.950.000
1995	Einstaklingar	21	157.480.919
	Lögaðilar	8	130.100.000
1996	Einstaklingar	22	157.500.000
	Lögaðilar	3	8.100.000
1997	Einstaklingar	13	89.005.296
	Lögaðilar	11	78.000.000
Samandregið	Einstaklingar	**141**	**1.126.197.715**
	Lögaðilar	**62**	**833.201.466**
Heildin	.....	**203**	**1.959.399.181**

2. *Hvaða reglur gilda um endursölu fasteigna, sbr. 1. lið, eða leigu þeirra sé um það að ræða og eru þær auglýstar sérstaklega þegar um er að ræða sölu eða leigu?*

Landsbanki Íslands hf.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands hf. var sú regla sett 14. mars 1996 innan bankans að allar uppboðseignir skyldu fengnar eignarhaldsfélögum bankans til sölumeðferðar. Fasteignir voru þannig yfirteknar af eignarhaldsfélagi sem bar heitið Rekstrarfélagið hf. og gerði útlánastýring bankans samning við það um yfirtöku eignanna. Yfirtökuverð var miðað við staðgreiðsluverð sem nam 85% af áætluðu markaðsvirði. Markaðsvirði var metið af löggiltum fasteignasala. Þegar ástæða þótti til var fengið álit tveggja löggiltra fasteignasala.

Almenna reglan af hálfu Rekstrarfélagsins hf. var sú að fasteignasölur voru fengnar til að annast sölu fasteigna og voru þær þá auglýstar eins og almennt tíðkast á fasteignamarkaði. Ef ekki náðist að selja eignir á viðunandi verði innan hæfilegs tíma var leitað eftir leigjendum en sölutilraunum jafnframt haldið áfram. Leigusamningar voru einnig gerðir tímabundið við uppboðsþola í vissum tilfellum, sem var í raun frestur til að rýma húsnæðið. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum eru eðlileg viðskiptasjónarmið látin ráða við mat á hvort og þá hvenær sala fer fram og hvort eign er leigð út. Í undantekningartilvikum hafa vanskilaeignir verið nýttar undir starfsemi Landsbankans ef þær hafa þótt henta til þess.

Búnaðarbanki Íslands hf.

Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarbankanum segir í reglum um umsjón uppboðseigna í eigu bankans frá 16. apríl 1993 svo orðrétt: „Eftir að Eignaumsýsla hefur móttekið greinargerð um að eign hafi verið slegin bankanum á uppboði er hún á ábyrgð Eignaumsýslu, sem hefur með sölu eða leigu eignarinnar að gera.“

Samkvæmt upplýsingum bankans er hann með þjónustusamning við eina fasteignasölu, sem veitir honum víðtæka upplýsingaþjónustu og sér um sölu fyrstu þrjá til fjóra sölumánuðina. Árlega selur á annan tug fasteignasala eignir fyrir bankann. Fasteignasölurnar sjá um að auglýsa eignirnar, að jafnaði tvisvar í mánuði. Eignirnar eru almennt ekki leigðar út og bankinn auglýsir ekki eftir leigjendum. Bankinn hefur í sumum tilfellum leigt fyrri eigendum tímabundið og einnig hefur komið til leiga ef fyrirsjáanlegir eru erfiðleikar með sölu eignarinnar. Hefur bankinn í slíkum tilvikum í huga ákvæði 45. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, en þar kemur fram að eignir skuli seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar.

3. *Hver hefur verið mismunur á uppboðsverði og söluverði fasteigna í eigu hvors banka um sig á árunum 1995–97 og til 1. desember 1998, sundurliðað eftir eignum, lögaðilum og einstaklingum, og hverjar hafa leigutekjur verið, sundurliðað á sama hátt?*

Landsbanki Íslands hf.

Í svari Landsbanka Íslands hf. til ráðuneytisins kemur fram að bankinn telji sér ekki heimilt að veita upplýsingar undir þessum lið sundurliðaðar eftir eignum, með vísan til þess að með slíkri sundurliðun væru gefnar upplýsingar sem varða fjárhagsmálefni einstakra viðskiptavina bankans þar sem auðvelt væri að komast að því hver hefði átt viðkomandi eign. Landsbankanum sé því á grundvelli 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, óheimilt að svara þessari spurningu. Þar að auki séu slíkar sundurliðaðar upplýsingar viðkvæmar með tilliti til viðskiptasjónarmiða.

Meðfylgjandi eru heildartölur frá Landsbankanum um mismun á kaup- og söluverði eigna fyrir hvert umbeðið ár, sundurliðaðar eftir einstaklingum og lögaðilum. Kaupverð eigna er hér almennt uppboðsverð að viðbættum eftirstöðvum þeirrar kröfu sem hvíldi á viðkomandi eign og ekki greiddist af uppboðsverði. Inni í tölunni er þó einnig kaupverð eigna sem fengist hafa í makaskiptasamningum og þeirra eigna sem bankinn hefur leyst til sín með samningum við skuldara. Bent er á að eftirfarandi tafla hefur að geyma heildarsöluverð eigna sem seldar eru á viðkomandi ári og kaupverð sömu eigna, en eðlilega þarf ekki að vera um það að ræða að viðkomandi eign hafi verið keypt sama ár og hún var seld.

Tafla 3.

Landsbanki Íslands hf.

Eignir keyptar á uppboðum 1995–97 og mismunur á kaupverði og söluverði.

	Árið 1995		Árið 1996		Árið 1997		Samtals	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Einstaklingar	36	-63.659	33	-62.253	20	-6.716	89	-132.628
Fyrirtæki	21	-143.090	28	-108.752	14	-129.599	63	-381.440
Samtals	**57**	**-206.748**	**61**	**-171.005**	**34**	**-136.315**	**152**	**-514.068**

Í svari bankans til ráðuneytisins kemur fram að upplýsingar um heildarleigutekjur séu ekki aðgengilegar fyrir það tímabil sem spurt er um. Þessar upplýsingar hafi einungis að litlum hluta verið færðar miðlægt og umtalsverða vinnu þyrfti til að taka þær saman nákvæmlega.

Búnaðarbanki Íslands hf.

Bankinn fór yfir uppboðseignir sem seldar voru á árunum 1995–97. Með uppboðsverði eða kaupverði bankans er átt við samtölu þeirra krafna sem bankinn þarf að standa skil á og hvíla á eigninni, bæði til annarra kröfuhafa og krafna bankans er lenda aftan við þann veðrétt sem bankanum er slegin eignin á. Við sölu eignarinnar er síðan bókfært endanlegt tap eða hagnaður á afskriftarreikning.

Tafla 4.

Ár	Hagnaður/tap	Leigutekjur	Einstaklingar/ lögaðilar	Fjöldi eigna	Tegund eigna	
1995	-14.043.936	606.067	Einstaklingar	21	Íbúðarhúsnæði	14
					Býli	3
					Atvinnuhúsnæði	4
	-10.276.653	920.294	Lögaðilar	11	Íbúðarhúsnæði	3
					Býli	2
					Atvinnuhúsnæði	6
1996	-15.328.000	312.875	Einstaklingar	24	Íbúðarhúsnæði	20
					Býli	2
					Atvinnuhúsnæði	2
	-7.788.354	429.875	Lögaðilar	6	Íbúðarhúsnæði	2
					Atvinnuhúsnæði	4
1997	-10.044.883	862.869	Einstaklingar	23	Íbúðarhúsnæði	19
					Býli	4
	-33.260.843	317.409	Lögaðilar	9	Íbúðarhúsnæði	4
					Atvinnuhúsnæði	5
Heildin	**-90.742.669**	**3.449.389**		**94**		

4. *Hve oft var um að ræða fjárnámsaðgerðir vegna vanskila síðastliðin þrjú ár, annars vegar hjá einstaklingum og hins vegar lögaðilum?*

Landsbanki Íslands hf.

Í Landsbankanum eru ekki aðgengilegar upplýsingar um þetta. Hér er því eingöngu um að ræða fjölda fjárnámsbeiðna sem ritaðar hafa verið af lögfræðideild Landsbankans en ekki liggja fyrir upplýsingar frá einstökum lögmannsstofum sem önnuðust innheimtur fyrir bankann eða einstök útibú hans á þessu tímabili. Þann fyrirvara verður þó að setja við þessar tölur að hér er um að ræða fjölda fjárnámsbeiðna sem sendar hafa verið en tölur liggja ekki fyrir um fjölda fjárnámsaðgerða sem gerðar voru á grundvelli beiðnanna.

Í meðfylgjandi töflu eru umbeðnar upplýsingar. Tekið skal fram að einstaklingar með sjálfstæðan rekstur eru hér taldir með einstaklingum líkt og að framan.

Tafla 5.

Ár	Einstaklingar/lögaðilar	Fjöldi
1995	Einstaklingar	286
	Lögaðilar	117
1996	Einstaklingar	278
	Lögaðilar	103
1997	Einstaklingar	291
	Lögaðilar	45

Búnaðarbanki Íslands hf.

Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarbankanum sér lögfræðideild bankans ásamt sjö lögmannsstofum um lögfræðiinnheimtu fyrir bankann. Í svari bankans kemur fram að mjög erfitt sé að nálgast upplýsingar um þennan lið nema með mikilli vinnu og tilkostnaði. Upplýsingar um þetta atriði séu með öðrum orðum ekki aðgengilegar í bankanum. Af þeim sökum var ekki mögulegt að taka saman tölulegar upplýsingar fyrir önnur ár en 1997. Þá skal tekið fram að bankanum bárust ekki svör frá hluta þeirra lögmanna sem vinna fyrir bankann við innheimtu (þremur lögmannsstofum). Í töflu nr. 6 eru upplýsingar frá lögfræðideild bankans, en í töflum nr. 7–10 frá lögmannsstofum sem innheimta fyrir bankann.

Tafla 6.

1997	Einstaklingar/lögaðilar	Fjöldi
Fjöldi beiðna	Einstaklingar	454
	Lögaðilar	72
Lokið með fjárnámi í eign	Einstaklingar	71
	Lögaðilar	11
Lokið með árangurslausu fjárnámi	Einstaklingar	149
	Lögaðilar	36
Annað (afturkallað)	Einstaklingar	234
	Lögaðilar	25

Töflur 7–10.

	1995	1996	1997
Fjöldi beiðna	72	19	14
Lokið með fjárnámi í eign	17	6	3
Lokið með árangurslausu fjárnámi	27	10	4
Annað (afturkallað)	28	3	7

	1995		1996		1997	
	Einstakl.	Lögaðilar	Einstakl.	Lögaðilar	Einstakl.	Lögaðilar
Fjöldi beiðna	9		10		4	1
Lokið með fjárnámi í eign	8		8		3	1
Lokið með árangurslausu fjárnámi	1		2		1	
Annað (afturkallað)						

	1995–97
Fjöldi beiðna	
Lokið með fjárnámi í eign	65
Lokið með árangurslausu fjárnámi	29
Annað (afturkallað)	

	1996–97
Fjöldi beiðna	
Lokið með fjárnámi í eign	6
Lokið með árangurslausu fjárnámi	5
Annað (afturkallað)	

929. Fyrirspurn [568. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um meðferð sjúklinga með átröskun.

Frá Katrínu Fjeldsted.

Eru fyrir hendi sértæk meðferðarúrræði fyrir sjúklinga með svokallaða átröskun, þ.e. lyst-arstol eða lotugræðgi?

930. Fyrirspurn [569. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um beinþéttnimælingar.

Frá Katrínu Fjeldsted.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins taki þátt í kostnaði við beinþéttnimælingar til jafns við aðrar rannsóknir?

931. Frumvarp til laga [224. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 1. mars.)

1. gr.

1. tölul. 1. gr. laganna hljóðar svo: að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum skv. 27. gr. á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu og.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í starfsleyfi skal koma fram hvort verðbréfasjóður hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar hér á landi skv. 27. gr. Verðbréfasjóðir, sem eingöngu er heimilt að markaðssetja hér á landi skv. 27. gr., skulu sækja um nýtt starfsleyfi breyti þeir samþykktum og hyggist markaðssetja sig innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sama gildir um sjóði sem heimild hafa til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu en breyta samþykktum sínum til að nýta sér heimildir 27. gr.

3. gr.

3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna hljóðar svo: Jafnframt skulu koma fram helstu upplýsingar um rekstrarfélag og vörslufyrirtæki verðbréfasjóðsins og hvort sjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar hér á landi skv. 27. gr.

4. gr.

Á eftir 26. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist röð annarra greina samkvæmt því:

Heimilt er að stofna verðbréfasjóð sem eingöngu verði markaðssettur hér á landi.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, enda kveði fjárfestingarstefna sjóðsins eða viðkomandi deildar hans á um að eignasamsetning hans skuli endurspegla ákveðna verðbréfavísitölu samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að ávaxta allar eignir sínar í verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara, þó ekki nema 35% í einstökum

verðbréfasjóðum. Sé þessi heimild nýtt skulu a.m.k. 90% af eignum sjóðsins ávöxtuð í verðbréfasjóðum og dreifast á a.m.k. fimm verðbréfasjóði. Verðbréfasjóður getur þó ekki fjárfest í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að ávaxta allar eignir sínar í innlánum innlánsstofnana, þó ekki nema 35% í innlánum einstakra innlánsstofnana. Sé þessi heimild nýtt skulu a.m.k. 90% af eignum sjóðsins ávöxtuð í innlánum og dreifast á a.m.k. fimm innlánsstofnanir. Innlánsstofnanir innan sömu samstæðu teljast ein innlánsstofnun í þessu tilliti. Óheimilt er verðbréfasjóði að fjárfesta í innlánum innlánsstofnunar sem er vörslufyrirtæki sjóðsins, sbr. 2. mgr. 14. gr.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að eiga viðskipti með staðlaða fjármálalega framvirka samninga og valréttarsamninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sé markaðurinn staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins skal hann vera viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur þar sem kveðið er á um heimild verðbréfasjóðs skv. 1. mgr., eða einstakra deilda hans, til að gera eða eiga viðskipti með fjármálalega framvirka samninga og valréttarsamninga sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði. Í þeim skal m.a. kveðið nánar á um hvers konar samninga um getur verið að ræða og hvaða skilyrði samningsaðilar þurfa að uppfylla. Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti hugsanlegu hámarkstapi af samningi sem gerður er samkvæmt þessari málsgrein allan þann tíma sem hann er í gildi.

Ákvæði laga þessara eiga að öðru leyti við um verðbréfasjóði samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Á eftir 38. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist röð annarra greina samkvæmt því:

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi verðbréfasjóðsins. Þess skal gætt að skýrt komi fram hvort sjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar skv. 27. gr.

Fjárfesti verðbréfasjóður í framvirkum samningum og valréttarsamningum skv. 27. gr. skal getið um það sérstaklega í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi. Jafnframt skal koma fram viðvörun til fjárfesta um að fjárfesting í slíkum sjóði sé áhættusöm.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

932. Frumvarp til laga [323. mál]

um Lífeyrissjóð bænda.

(Eftir 2. umr., 1. mars.)

I. KAFLI
Heiti, hlutverk, aðild, iðgjöld og stjórn.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður bænda. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Sjóðurinn starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum þessum og samþykktum sjóðsins.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga og samþykkta sjóðsins.

2. gr.

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði er sjóðstjórn skylt að veita undanþágu frá sjóðsaðild að Lífeyrissjóði bænda óski viðkomandi þess. Bóndi í þessu sambandi, þar með talinn aðili að félagsbúi, einkahlutafélagi eða öðru lögformlegu búrekstrarformi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02, enda hafi hann náð sextán ára aldri.

Launþegar er starfa við landbúnað skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð sextán ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum sem stunda búrekstur utan lögbýla, svo og bændum sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda sé um að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum og sambúðaraðilum, sbr. 1. mgr., þeirra aðila sem um ræðir í þessari málsgrein.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Iðgjaldsstofn bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun heldur þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa vegna búrekstrar.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal vera 50% hærra en iðgjald skv. 1. málsl. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir það tímabil og skila því til sjóðsins. Nú nýtur bóndi ekki beingreiðslna og skal þá iðgjald innheimt samtímis og með búnaðargjaldi. Stofn til greiðslu upp í iðgjald skal vera reiknuð laun samkvæmt greinargerð um reiknað endurgjald í ársbyrjun eða áætlun um greidd laun yfirstandandi árs vegna búrekstrar. Liggi ekki fyrir upplýsingar um reiknuð laun eða áætlun um greidd laun yfirstandandi árs skal miðað við laun næstliðins tekjuárs. Iðgjöldum sem innheimt eru skv. 1. og 2. málsl. skal skilað til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að þau eru greidd og skulu þau sundurliðuð eftir sjóðfélögum.

Greiðsla upp í iðgjald skv. 2. málsl. 3. mgr. skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum, mánuðina ágúst til desember á tekjuárinu. Gjalddagar iðgjaldagreiðslna skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Heimilt er sjóðnum að annast sjálfur innheimtu iðgjalda og framlaga skv. 2. mgr., sbr. 3. málsl. 1. mgr., og skal gjalddagi vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil. Greiði sjóðfélagi ekki iðgjald innan 30 daga frá gjalddaga eða sé það vangreitt skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga til greiðsludags.

Frá greiðsluskyldu iðgjaldi skv. 2. mgr. skal draga þá fjárhæð sem greidd hefur verið upp í iðgjald skv. 3. mgr. Ef iðgjald er hærra en greiðsla upp í iðgjald skal því sem á vantar haldið eftir af beingreiðslu eða innheimt samhliða búnaðargjaldi, eftir því sem við á, og skal innheimtunni dreift á þá fimm gjalddaga sem eftir eru af tekjuárinu, sbr. 4. mgr. Sé iðgjaldið lægra en greitt hefur verið upp í iðgjald skulu vextir reiknaðir á endurgreiðslu samkvæmt vaxtalögum.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtuþóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

4. gr.

Nú hefur sjóðfélagi sem greiðir iðgjald skv. 1. mgr. 3. gr. atvinnutekjur af öðru en búrekstri og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og er honum þá heimilt að greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum eða greiddum launum, þ.e. 4% iðgjald sjóðfélaga og 6% mótframlag vinnuveitanda.

Iðgjöld launþega sem eru sjóðfélagar skv. 2. mgr. 2. gr. skulu vera 10% af heildarlaunum, þ.e. 4% iðgjald sjóðfélaga og 6% mótframlag vinnuveitanda.

Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin mótframlagi.

Gjalddagi iðgjalda og framlaga skv. 1. og 2. mgr. er tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil og eindagi 30 dögum síðar. Dragist greiðsla fram yfir eindaga skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga til greiðsludags.

Launagreiðanda og sjálfstæðum atvinnurekanda ber að tilkynna sjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á iðgjöldum og framlögum til sjóðsins þar sem þeir hafi hætt starfsemi eða launþegar þeirra látið af störfum.

5. gr.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til 70 ára aldurs.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

6. gr.

Iðgjöld bónda og maka hans eða sambúðaraðila vegna búrekstrar, sbr. 3. gr., skulu skiptast jafnt milli þeirra. Hafi annað hvort þeirra atvinnutekjur af öðru en búrekstri, sem skapa ótvíræðan rétt til lífeyris í öðrum lífeyrissjóði, getur sjóðstjórn fallist á skriflega umsókn aðila um aðra skiptingu iðgjalda. Ef annar aðilinn er undanþeginn sjóðsaðild, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 2. gr., skal iðgjöldum ekki skipt.

Iðgjöld skv. 3. og 4. gr. skulu hvert almanaksár umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda.

Til grundvallar stigaútreikningi er tiltekin fjárhæð fyrir hvern almanaksmánuð, í janúar 1998 51.113 kr., og skal hún breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 181,4 stigum miðað við janúar 1998.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í 25-föld ársiðgjöld sjóðfélaga með grundvallarlaunum ársins skv. 3. mgr. og skulu stig reiknast með þremur aukastöfum. Ekki skal reikna stig lengur en til loka þess mánaðar er 70 ára aldri er náð. Séu iðgjaldaár fleiri en 30 skal við framreikning vegna örorku- og makalífeyris reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða.

7. gr.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt er umfram iðgjald skv. 3. og 4. gr. og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá sjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum.

8. gr.

Fjármálaráðherra skal skipa stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórnin skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af landbúnaðarráðherra, tveir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

II. KAFLI
Lífeyrisréttindi.

9. gr.

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 67 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris, sbr. 1. mgr., um tiltekið hlutfall, í samræmi við tryggingafræðilegt mat, fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt, ef forsendur skapast, að undangenginni tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðsins, að setja í samþykktir ákvæði um heimild til sjóðfélaga til að hefja töku lífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um tiltekið hlutfall, í samræmi við tryggingafræðilegt mat, fyrir hvern mánuð sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst.

10. gr.

Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 50% eða meira og hefur greitt til sjóðsins í a.m.k. tvö ár á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Heimilt er að fela tryggingayfirlækni mat á örorku fyrir sjóðinn og skal það nánar ákveðið í samþykktum sjóðsins.

Örorkulífeyrir skal framreiknaður skv. 5. mgr., enda uppfylli sjóðfélaginn öll eftirtalin skilyrði:

a. hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum fyrir orkutap og áunnið sér a.m.k. 0,4 stig hvert þessara þriggja ára,
b. hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanförnum tólf mánuðum fyrir orkutap,
c. hafi ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til notkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

Hundraðshluta orkutaps og upphaf þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda, svo og að fengnu áliti trúnaðarlæknis sjóðsins, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. Örorkumat skal fyrstu þrjú árin miðast við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur óskertum þeim tekjum er hann hafði áður og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 12. gr. verða hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Hafi sjóðfélagi verið öryrki áður en hann hóf greiðslur í sjóðinn er ekki um örorkulífeyrisrétt úr þessum sjóði að ræða vegna þeirrar örorku.

Þegar skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma skv. 2. mgr. eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt að viðbættum lífeyri er svarar til þeirra réttinda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess mánaðar er hann nær 67 ára aldri, sbr. þó 3. málsl. 4. mgr. 6. gr., samkvæmt reglum sem nánar skal kveðið á um í samþykktum. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Eigi sjóðfélagi ekki rétt á framreikningi miðast hámark örorkulífeyris við áunnin stig.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Sé um tímabundna örorku að ræða í skemmri tíma en sex mánuði skal ekki greiða örorkulífeyri.

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að meta rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði á þeim tíma er örorkan óx.

Örorkulífeyrir fellur niður við lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 67 ára aldri. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn í samræmi við áunnin réttindi. Sé um framreikningsrétt skv. 5. mgr. að ræða skal ellilífeyrir ákveðinn þannig að áætluðum réttindum skv. 5. mgr. skal bætt við áunnin réttindi. Hafi örorkulífeyrisþegi verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í þessum eða öðrum sjóði eftir að honum var úrskurðaður örorkulífeyrir í þessum sjóði skulu þau lífeyrisréttindi koma til frádráttar áætluðum réttindum við framreikning.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjöld til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanförnum 36 mánuðum eða öðlast rétt til framreiknings skv. 2. og 5. mgr. 10. gr. og á þá eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum í a.m.k. 24 mánuði eftir andlátið. Hafi makinn barn yngra en átján ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Nú andast sjóðfélagi sem orðinn var sjóðfélagi fyrir árslok 1983 og skipti ekki réttindum sínum í árslok 1983 með maka sínum og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum að loknum þeim greiðslutíma sem kveðið er á um í 1. mgr. til æviloka. Slíkur réttur miðast þó einungis við áunnin réttindi í sjóðnum í árslok 1983 án framreiknings.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1. og 2. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um árabil.

Hámark makalífeyris miðast við 50% af hámarksörorkulífeyri, sbr. 5. mgr. 10. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til loka þess mánaðar er hann hefði náð 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 10. mgr. 10. gr. Veiti dauðsfall eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði, vegna ókomins tíma, að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar en gengur aftur í gildi ef hjúskapnum, sambúðinni eða staðfestu samvistinni er slitið án réttar til lífeyris.

12. gr.

Andist sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreiknings skv. 2. og 5. mgr. 10. gr. skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en átján ára eiga rétt á lífeyri til átján ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris skv. 2. og 5. mgr. 10. gr. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 5. mgr. 10. gr., eru a.m.k. eitt stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5 stig. Heimilt er að setja nánari ákvæði um upphæðir barnalífeyris í samþykktir sjóðsins.

Fósturbörn og stjúpbörn sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti skulu eiga sama rétt og börn eða kjörbörn sjóðfélaga til barnalífeyris. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera þær sömu og ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13. gr.

Grundvallarlaun lífeyris skv. 9., 10. og 11. gr. eru 51.113 kr. í janúar 1998, sbr. 3. mgr. 6. gr. Fjárhæðin breytist 1. janúar og 1. júlí ár hvert í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 181,4 stig.

Upphæðir elli- og örorkulífeyris skv. 9. og 10. gr. eru hundraðshluti af grundvallarlaunum, sbr. 1. mgr., og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með margföldunarstuðli að lágmarki 1,4, samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Upphæðir makalífeyris skv. 11. gr. skulu reiknaðar á sama hátt en með margföldunarstuðli sem er 50% lægri.

14. gr.

Verði breytingar gerðar á útreikningi lífeyrishlutfalls í samþykktum skal hlutfall lífeyris sem úrskurðaður hefur verið samkvæmt þessum lögum og I. kafla eldri laga breytast að sama skapi.

III. KAFLI
Eftirlaun til aldraðra í Lífeyrissjóði bænda.

15. gr.

Þeim sem fæddir eru 1914 eða fyrr og hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 16. gr., enda eigi þeir að baki a.m.k. tíu ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann sem látið hefur af búskap á árunum 1964–69 brot úr ári til að ná fullum tíu árum veldur það þó ekki réttindamissi ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum tíu árum.

Nú andast maður sem öðlast hafði rétt til lífeyris skv. 1. mgr. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði 1. mgr. með áframhaldandi réttindavinnslu og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris skv. 16. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a.m.k. fimm ára réttindi, sbr. 3. mgr. Það er enn fremur skilyrði að hjónabandið hafi staðið a.m.k. í fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Óvígð sambúð eða staðfest samvist veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi hún verið tilkynnt sjóðnum skriflega fyrir andlátið. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita aðila sem sannanlega annaðist heimili bónda hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954 reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum en aldrei skal hann reiknast lengri en 20 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum 1. mgr. um lögheimili ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðinu um lögbýli ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbýlis er afgreidd skal leita álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á því hvaða býlum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbýla.

16. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris sem veittur er skv. 15. gr. miðast við réttindatíma, sbr. 3. mgr. 15. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við 100% grundvallarlaun skv. 1. mgr. 13.

gr. og sama gildir um ellilífeyri ef skilyrðum 2. mgr. 15. gr. um hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist er fullnægt, en að öðrum kosti skal lífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,923% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5,341%, að viðbættu 1,068% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum eldri laga um Lífeyrissjóð bænda einstök réttindaár skal þó miðað við þann rétt þau ár og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu áranna ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins lauk.

Hafi bóndi stundað búskap þar til hann lést og verið yngri en 67 ára skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris, auk réttindatíma skv. 3. mgr. 15. gr., taka tillit til þess tíma sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Lífeyrir skv. 9.–11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein. Verði lífeyrir hærri skv. 9. og 11. gr. en elli- og makalífeyrir samkvæmt þessari grein verður ekki um lífeyrisgreiðslur að ræða samkvæmt þessari grein.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt þessari grein. Hafi hlutaðeigandi gengið úr lífeyrissjóði eftir árslok 1969 og afsalað sér réttindum sínum þar skal sá lífeyrir sem hann ella hefði átt rétt á dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignarskipulagi skuli metin til frádráttar.

Eigi maður, auk réttindatíma sem bóndi, jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð sem hvor aðili hefði greitt ef réttindatími hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurð og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

Makalífeyrir samkvæmt þessari grein til þeirra sem ekki hafa náð 75 ára aldri skerðist ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu sem nemur ¼ af grundvallarlaunum eða meira á almanaksári, sbr. 3. mgr. 6. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um 1/12 fyrir hvern 1/12 hluta viðmiðunarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en ¾ skal hann felldur niður með öllu.

17. gr.

Útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum 15. og 16. gr. skulu borin af ríkissjóði.

18. gr.

Þeir bændur sem telja sig eiga rétt til lífeyris skv. 16. gr. skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar sem sjóðstjórnin telur sig þurfa að fá. Stjórn sjóðsins úrskurðar lífeyri skv. 16. gr.

Þeim er nýtur lífeyris skv. 16. gr. og uppfyllir skilyrði 2. mgr. 15. gr. um hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist er skylt að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðaraðili fellur frá ellegar hjúskap, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist er slitið. Í síðarnefnda tilvikinu skal ellilífeyri skipt að jöfnu.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi.

Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

20. gr.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar sem tilkynnt var til sjóðsins samkvæmt eldri lögum skal áunnum stigum sjóðfélaga, þau ár sem hjónabandið eða sambúðin stóð fram til ársloka 1983, skipt að jöfnu hafi þeim ekki áður verið skipt samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1984.

21. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir heildarskuldbindingum skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, beita sér fyrir viðeigandi breytingum á lögum og/eða samþykktum sjóðsins, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta hag sjóðsins.

22. gr.

Setja skal nánari reglur um skipulag sjóðsins og starfsemi auk frekari ákvæða um lífeyri, svo sem fjárhæðir og útreikning lífeyris og skilyrði fyrir greiðslum, í samþykktir sem fjármálaráðherra staðfestir að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

23. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1999 og frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Grundvallarlaun lífeyris sem úrskurðaður hefur verið skv. I. kafla laga nr. 50/1984 skulu frá 1. janúar 1999 breytast í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr. Hlutfall þess lífeyris skal frá 1. janúar 1999 lækkað hlutfallslega í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr. og nánari ákvæði í samþykktum sjóðsins.

Grundvallarlaun lífeyris sem úrskurðaður hefur verið skv. II. kafla laga nr. 50/1984 skulu frá 1. janúar 1999 breytast í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr. Hlutfall þess lífeyris skal frá 1. janúar 1999 lækkað um 19,88%.

Lífeyrir samkvæmt eldri lögum skal eigi verða lægri en hann hefði orðið samkvæmt lögum nr. 50/1984.

Ákvæði 1. málsl. 4. mgr. 6. gr. um 25-föld ársiðgjöld sjóðfélaga skal taka gildi 1. janúar 2000. Fyrir árið 1999 skal miða við 24-föld iðgjöld sjóðfélaga.

Örorkulífeyrir þeirra örorkulífeyrisþega sjóðsins sem ná 67 ára aldri á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1999 fellur niður 1. júlí 1999. Ellilífeyrir þeirra skal úrskurðaður frá 1. júlí 1999 en að öðru leyti í samræmi við ákvæði 10. mgr. 10. gr.

933. Frumvarp til laga [282. mál]

um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum.

(Eftir 2. umr., 1. mars.)

I. KAFLI

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um fólksflutninga á landi gegn gjaldi með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri, sbr. þó 4. mgr. 4. gr. og 9. gr.

2. gr.

Orðskýringar.

Reglubundnir fólksflutningar eru fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun einu sinni eða oftar í viku allt árið eða hluta þess og þjónustan er öllum opin.

Til reglubundinna fólksflutninga telst:

1. Sérleyfi sem er leyfi til reglubundinna fólksflutninga þar sem heimilt er að taka upp og setja af farþega hvar sem er á leiðinni.
2. Einkaleyfi sem er sérleyfi sveitarfélags til reglubundinna fólksflutninga innan lögsagnarumdæmis þess.
3. Sérstakir reglubundnir fólksflutningar sem eru flutningar á ákveðnum hópi farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir.
4. Aðrir reglubundnir fólksflutningar sem eru fólksflutningar sem hvorki eru sérleyfi né sérstakir reglubundnir fólksflutningar.

Óreglubundnir fólksflutningar eru aðrir fólksflutningar en reglubundnir.

3. gr.

Útgáfa leyfa.

Leyfi Vegagerðarinnar þarf til að stunda fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum. Leyfið skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum til samgönguráðuneytis.

Ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu.

II. KAFLI

4. gr.

Sérleyfi.

Sérleyfi er leyfi til reglubundinna fólksflutninga þar sem heimilt er að taka upp og setja af farþega hvar sem er á leiðinni. Vegagerðin gefur út sérleyfi, enda hefur umsækjandi leyfi skv. 3. gr. Sérleyfi skal alla jafna gilda til fimm ára og vera óframseljanlegt. Veita má umsækjanda fleiri en eitt sérleyfi. Við útgáfu sérleyfa skal leita umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Heimilt er að setja nánari skilyrði, t.d. um ferðatíðni, í reglugerð.

Þeir sérleyfishafar, sem hafa haft sérleyfi áður, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum ef þeir sækja um þau og fá meðmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Vegagerðin getur sagt upp sérleyfi á leyfistímanum vegna skipulagsbreytinga innan ákveðinna svæða sem viðkomandi sveitarfélög standa sameiginlega að. Slíkur uppsagnarfrestur skal ekki vera skemmri en tvö ár.

Í sérleyfisakstri er sérleyfishafa heimilt að nota bifreiðar sem rúma 3–8 farþega.

5. gr.

Einkaleyfi.

Sveitarfélögum er heimilt að taka að sér reglubundna fólksflutninga, þ.e. sérleyfi, innan síns lögsagnarumdæmis. Slíkt sérleyfi er einkaleyfi og er ótímabundið.

Nú ákveður sveitarstjórn að taka í sínar hendur rekstur reglubundinna fólksflutninga innan síns lögsagnarumdæmis þar sem áður hefur verið sérleyfi og er þá skylt að veita sveitarstjórn einkaleyfi þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi sveitarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi, sbr. þó 3. mgr. 4. gr.

Við veitingu einkaleyfis er Vegagerðinni heimilt að binda leyfið því skilyrði að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn til að kaupa þær fasteignir og bifreiðar sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar á verði sem samkomulag næst um á milli aðila. Ef ekki næst samkomulag um verð skal það ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Öðrum en einkaleyfishafanum er óheimilt nema með samþykki hans að flytja um einkaleyfissvæðið aðra farþega en þá sem teknir eru upp utan þess og þá sem teknir eru upp innan svæðisins til flutnings út fyrir það.

6. gr.

Sérstakir reglubundnir fólksflutningar.

Með sérstökum reglubundnum fólksflutningum er átt við flutninga á ákveðnum hópi farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir. Til sérstakra reglubundinna fólksflutninga teljast flutningar starfsfólks að og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda og akstur skólanemenda. Ekki þarf annað leyfi til sérstakra reglubundinna fólksflutninga en um getur í 3. gr.

7. gr.

Aðrir reglubundnir fólksflutningar.

Aðrir reglubundnir fólksflutningar eru fólksflutningar sem hvorki eru sérleyfi né sérstakir reglubundnir fólksflutningar, sbr. 4. og 6. gr. Vegagerðin gefur út leyfi til annarra reglubundinna fólksflutninga, enda hafi umsækjandi leyfi skv. 3. gr., og skal það gilda í eitt ár og vera óframseljanlegt. Veita má umsækjanda fleiri en eitt leyfi.

III. KAFLI

8. gr.

Óreglubundnir fólksflutningar.

Óreglubundnir fólksflutningar teljast í lögum þessum aðrir fólksflutningar en reglubundnir, sbr. 4., 6. og 7. gr.

Ekki þarf annað leyfi til óreglubundinna fólksflutninga en um getur í 3. gr.

Ekki er heimilt að skipuleggja fólksflutninga sem eru samsvarandi þeim reglubundnu fólksflutningum sem fyrir eru og um getur í 4. og 7. gr., þótt tímabundnir séu.

9. gr.

Akstur sérútbúinna bifreiða.

Vegagerðin skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi leyfi skv. 3. gr. Leyfi þetta skal í fyrsta sinn gilda í eitt ár en síðan í tvö ár í senn og vera óframseljanlegt.

IV. KAFLI

10. gr.

Skilyrði leyfis.

Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum geta öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum:

1. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
2. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
3. Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögunum.

Skilyrðum skv. 1. mgr. verður leyfishafi einnig að fullnægja á leyfistímanum.

V. KAFLI

11. gr.

Almenn ákvæði um leyfishafa.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita hlutafélögum, einkahlutafélögum eða sameignarfélögum, enda uppfylli þau skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 10. gr.

Hjá félaginu skal starfa forsvarsmaður sem ber ábyrgð á rekstrinum. Hann skal uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 10. gr.

12. gr.

Almenn ákvæði um bifreiðar til fólksflutninga.

Bifreið, sem notuð er til fólksflutninga samkvæmt lögum þessum og uppfyllir gæða- og tæknikröfur Vegagerðarinnar, má eingöngu nota til slíkra flutninga meðan leyfið gildir, sbr. þó 9. gr.

Þó er heimilt að flytja frakt í þar til gerðu rými, enda uppfylli bifreiðin að öðru leyti skilyrði fólksflutningabifreiðar.

VI. KAFLI

13. gr.

Eftirlit og leyfisgjöld.

Greiða skal fyrir útgáfu leyfa. Enn fremur skal árlega greiða gjald vegna hverrar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar. Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar og standa undir eftirliti og leyfisveitingum samkvæmt lögum þessum.

Vegagerðinni er heimilt að fela þriðja aðila að sjá um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

Samgönguráðherra ákvarðar með reglugerð að fengnum tillögum Vegagerðarinnar gjöld fyrir veitingu leyfa og eftirlit samkvæmt lögum þessum.

VII. KAFLI

14. gr.

Kyrrsetning bifreiðar.

Verði aðili uppvís að því að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum án þess að hafa til þess tilskilin leyfi er Vegagerðinni heimilt að stöðva hana þegar í stað og kyrrsetja bifreiðar hans þar til leyfi hefur verið fengið til starfseminnar.

15. gr.

Refsingar. Svipting leyfis.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

Við alvarleg eða ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi leyfum er honum hafa verið veitt samkvæmt lögum þessum. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þar til úrlausn hefur fengist í málinu skv. 1. mgr.

Sama gildir um skilyrði leyfis eins og þau eru tilgreind í leyfisbréfi.

16. gr.

Reglugerðarheimild.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök ákvæði í lögum þessum.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

17. gr.

Gildistaka. Brottfallin lög.

Lög þessi taka gildi 1. júní 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, með síðari breytingum.

934. Breytingartillögur [323. mál]

við frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda.

Frá Pétri H. Blöndal og Gunnlaugi M. Sigmundssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sjóðurinn er eign sjóðfélaga og lífeyrisþega. Innstæða eða réttindi skv. 7. gr. eru eign rétthafa.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins. Heimild til að sitja félagsfund hafa sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra. Stjórn lífeyrissjóðs boðar til félagsfundar. Henni ber að boða félagsfund innan viku ef sjóðfélagar með $^1/_{10}$ atkvæðavægis eða endurskoðendur sjóðsins krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Til félagsfundar skal boðað með dagskrá í auglýsingu í fjölmiðlum með minnst fjögurra vikna og mest sjö vikna fyrirvara.

Atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fer eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum þeirra eftir nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins skv. 22. gr. Sjóðfélagi getur veitt öðrum skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði sitt á félagsfundi. Slíkt umboð gildir aldrei lengur í en tvö ár og það má afturkalla hvenær sem er.

Árlega skal halda félagsfund, ársfund, í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Í fundarboði skal auglýst eftir framboðum til stjórnar og gefa tveggja vikna framboðsfrest. Á ársfundi skal taka fyrir skýrslu stjórnar, ársreikninga, tryggingafræðilega úttekt, fjárfestingarstefnu, laun stjórnar og tillögu stjórnar eða félagsmanna um breytingar á samþykktum sjóðsins. Til breytinga á samþykktum sjóðsins þarf ⅔ hluta atkvæða.

Stjórn sjóðsins og endurskoðanda skal kjósa beint á ársfundi eða með almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu fyrir ársfund.

3. Við 22. gr. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þar komi m.a. fram að hver sjóðfélagi verði reglulega upplýstur um réttindi sín og eign sína í sjóðnum sem er verðmæti réttinda hans í sjóðnum, þ.e. hlutdeild hans í hreinni eign til greiðslu lífeyris.
4. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins sem situr við gildistöku laga þessara skal sitja þar til ný stjórn hefur verið kjörin á fyrsta ársfundi eftir gildistöku laga þessara, sbr. 8. gr.

Ákvæði laga nr. 50/1984 um skipulag og starfsemi sjóðsins skulu gilda eftir því sem við á þar til nýjar reglur hafa verið settar á fyrsta ársfundi, sbr. 22. gr.

935. Tillaga til þingsályktunar [570. mál]

um langtímaáætlun um jarðgangagerð.

Flm.: Magnús Stefánsson, Jón Kristjánsson, Árni Johnsen, Einar Oddur Kristjánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristinn H. Gunnarsson, Sturla Böðvarsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Áætlunin feli í sér úttekt á kostum sem taldir eru á jarðgangagerð í landinu, kostnaðarmat og arðsemismat einstakra framkvæmda og forgangsröðun verkefna.

Áætlunin liggi fyrir áður en lokið verður við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar.

Greinargerð.

Góð reynsla er af jarðgöngum á Íslandi og hefur tilkoma þeirra valdið byltingu í samgöngum á viðkomandi svæðum. Fyrstu göngin voru á leiðinni milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Síðan komu til Strákagöng á leið til Siglufjarðar, göng um Oddsskarð á leið til Neskaupstaðar, Ólafsfjarðargöng, Vestfjarðagöng og á síðasta ári voru Hvalfjarðargöng opnuð fyrir umferð. Með öllum þessum jarðgöngum hafa verið reistar styrkari stoðir undir byggð í landinu, enda eru góðar samgöngur ein af forsendum þess að viðhalda megi og styrkja byggð úti um landið.

Framkvæmdir við Hvalfjarðargöng voru ekki fjármagnaðar á vegáætlun heldur unnar af einkaaðilum og fjármagnaðar með innheimtu veggjalds. Síðustu jarðgangaframkvæmdir sem fjármagnaðar voru í vegáætlun voru Vestfjarðagöng. Í vegáætlun fyrir árin 1991–1994 var gert ráð fyrir rannsóknarfé til Austfjarðaganga, sem þá voru í umræðunni í framhaldi af

Vestfjarðagöngum. Í vegáætlun og langtímaáætlun um stórverkefni sem samþykktar voru á Alþingi vorið 1998 er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við jarðgöng og því liggja ekki fyrir ákvarðanir í þeim efnum. Hins vegar gerir vegáætlun ráð fyrir fjárveitingum til rannsókna á kostum jarðgangagerðar.

Ýmsar hugmyndir og tillögur hafa komið fram um gerð jarðganga í landinu. Á Austurlandi hafa komið fram hugmyndir um jarðgöng undir Hellisheiði eystri, settar hafa verið fram hugmyndir um jarðgöng til að tengja Seyðisfjörð og Neskaupstað með jarðgöngum til Mjóafjarðar og undir Mjóafjarðarheiði til Héraðs og fyrir Alþingi liggur tillaga um gerð jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Hugmyndir og tillögur eru um gerð jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, annaðhvort um Héðinsfjörð eða Fljót. Á Vestfjörðum hafa komið fram tillögur um að tryggja vegasamgöngur milli suður- og norðurhluta Vestfjarða með jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar svo dæmi sé tekið. Þá má nefna tillögu um jarðgöng um Bröttubrekku og gegnum Snæfellsnesfjallgarðinn á Vesturlandi. Loks hafa komið fram tillögur um jarðgöng undir Hellisheiði syðri og milli lands og Vestmannaeyja. Allar þessar hugmyndir og tillögur byggjast á góðum og gildum rökum en ekki hefur verið markvisst fjallað um þessa kosti í heild sinni þannig að fyrir liggi hvaða möguleikar eru raunhæfir og í umræðunni hefur verið tekist á um hvar næstu jarðgöng skulu gerð. Það er álit flutningsmanna að fjalla þurfi um málið í heild sinni og leitast við að vinna áætlun um jarðgangagerð í landinu til lengri tíma.

Jarðgöng eru vel til þess fallin að bæta samgöngur á tilgreindum leiðum og stytta þær, rjúfa vetrareinangrun og auka umferðaröryggi. Reynslan af jarðgöngum hér á landi sýnir fram á það. Landfræðilegar aðstæður eru víða þannig að samgönguleiðir verða varla öruggar og greiðfærar nema um jarðgöng. Hins vegar eru framkvæmdir við gerð jarðganga mjög kostnaðarsamar. Á landinu öllu eru margar og dýrar vegaframkvæmdir óunnar og því hefur svigrúm til fjármögnunar vinnu við jarðgöng verið mjög takmarkað samkvæmt vegáætlun. Það er því ljóst að samhliða gerð langtímaáætlunar um jarðgangagerð þarf að fjalla um alla hugsanlega möguleika á fjármögnun þeirra verkefna.

936. Nefndarálit [9. mál]

um till. til þál. um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Um áratuga skeið hefur ágreiningur ríkt hér á landi um öryggis- og varnarmál, sem klofið hefur þjóðina í andstæðar fylkingar. Eftir lok kalda stríðsins og með gjörbreyttum aðstæðum í heiminum er þörf á að fjallað sé um þessi mál á nýjan hátt miðað við breyttar forsendur.

Eftir fall Berlínarmúrsins árið 1989 og endalok kalda stríðsins hafa umræðurnar um öryggis- og varnarmálin tekið á sig aðra mynd. Hlutverk NATO hefur gerbreyst og er enn að breytast. Verulegar breytingar hafa orðið á viðbúnaði stöðvarinnar í Keflavík. Hermönnum hefur fækkað um rúmlega þriðjung, kafbátaleitarflugvélum um meira en helming, ratsjárflugvélar hafa horfið á braut og herþotum fækkað úr átján í fjórar. Þátttaka Íslendinga í vörnum landsins hefur stóraukist. Daglegur rekstur og viðhald ratsjárloftvarnakerfisins er komið í hendur landsmanna sjálfra.

Þessi þróun mun halda áfram. Í fylgiskjali með ræðu utanríkisráðherra um utanríkismál á Alþingi sem fram fór 25. febrúar sl. er m.a. vakin athygli á því að þíðan í alþjóðamálum hefur dregið úr mikilvægi beinna hervarna undanfarin ár og hugtakið öryggi fengið dýpri og margþættari merkingu. Verndun öryggis ríkja er nú í auknum mæli samþætt utanríkismálum. Samstarf um frið og stöðugleika er nauðsynlegt til þess að komast fyrir rætur ófriðar. Efnahagsmál og viðskipti, stjórnmál, mannréttindi, tæknisamstarf og afvopnun eru nú stór þáttur öryggismála. Þess vegna hefur virk þátttaka ríkja í störfum fjölþjóðlegra og alþjóðlegra stofnana fengið meira vægi en áður. „Síðast en ekki síst gefur dvínandi hernaðarógn við landið Íslendingum færi á að takast á hendur stærra hlutverk í vörnum landsins en áður“, segir orðrétt í fylgiskjalinu.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum nauðsynlegt að fram fari ítarleg og hreinskiptin umræða um stöðu Íslands hvað varðar öryggis- og friðarmál. Við teljum ekki rétt að breytingar verði gerðar á aðild Íslands að NATO á næsta kjörtímabili en viljum stuðla að þeirri þróun, að bandalagið eigi sem mesta samleið með stofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum og ÖSE.

Þau viðhorf sem hér er lýst eru í samræmi við þann farveg sem umræða og aðgerðir hafa verið í. Nefndarálit meiri hluta utanríkismálanefndar er hins vegar af allt öðrum toga. Þar eru kaldastríðsviðhorfin enn þá efst á baugi og umræðan fer fram eins og engar breytingar hafi orðið í heiminum frá sjötta og sjöunda áratugnum.

Um dvöl varnarliðsins og framtíð herstöðvarinnar er ágreiningur sem teygir sig inn í alla stjórnmálaflokka og á það einnig við um þá aðila sem að Samfylkingunni standa. Áður en viðræður verða teknar upp við Bandaríkjastjórn árið 2000 um framkvæmd varnarsamningsins, en bókun þar að lútandi fellur úr gildi árið 2001, er brýnt að fram fari ítarleg úttekt á öryggismálum landsins og framtíð alþjóðaflugvallarins í Keflavík. Samfylkingin telur að slíkt eigi að gera í samvinnu ríkisstjórnar og Alþingis og mun beita sér fyrir því að svo verði. Þá fyrst þegar úttekt þessi hefur farið fram er tímabært að marka framtíðarstefnu um tilhögun öryggismála hér á landi eins og segir í skýrslu utanríkisráðherra um öryggis- og varnarmál Íslands um næstu aldamót. Í skýrslunni kemur fram ný sýn sem kallar á að samstarfið verði metið í nýju ljósi.

Hér hefur verið lýst nauðsyn þess að marka stefnu um framtíðarskipan öryggis- og varnarmála í samræmi við gerbreyttar aðstæður í heiminum. Tillaga sú um brottför hersins sem hér liggur fyrir er ekki í samræmi við þau sjónarmið og munu undirritaðir nefndarmenn því ekki styðja hana.

Alþingi, 28. febr. 1999.

Össur Skarphéðinsson, frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.

937. Frumvarp til laga [571. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á fiskveiðiárinu 1998/1999 skal úthlutað til viðbótar við leyfðan heildarafla skv. 3. gr. laganna 15.000 lestum af þorski. Aflaheimildir þessar skulu boðnar til leigu á markaði. Rétt til þessara aflaheimilda skulu einungis hafa bátar undir 10 brl., svo og dagróðrarbátar sem róa með línu eða net. Framsal þessara aflaheimilda er óheimilt en heimilt er að flytja þær yfir á næsta fiskveiðiár á grundvelli 10. gr. laganna.

Tekjur ríkissjóðs af leigu þessara aflaheimilda skal ráðstafað þannig að þriðjungur gangi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til aðstoðar við þau sveitarfélög sem eiga í alvarlegum fjárhagserfiðleikum vegna missis aflaheimilda úr byggðarlaginu, þriðjungur til Byggðastofnunar til að greiða fyrir nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni og þriðjungur í ríkissjóð.

Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd úthlutunar aflaheimilda og skil á þeim á grundvelli þessa bráðabirgðaákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hrun stórs hluta strandveiðiflotans. Mörg skipa hans hafa yfir mjög litlum aflaheimildum að ráða en hafa getað bjargað sér á undanförnum árum með því að leigja til sín heimildir frá öðrum útgerðum. Eftir tilkomu Kvótaþings hefur framboð á aflaheimildum til leigu stórlega dregist saman og með minnkandi framboði hefur leiguverð jafnframt hækkað svo mjög, að nær útilokað er að veiðarnar geti staðið undir sér. Útgerðir margra þessara skipa eru því komnar á heljarþröm.

Strandveiðiflotinn gegnir þvi mikilvæga hlutverki umfram önnur veiðiskip að sjá landvinnslunni fyrir hráefni. Samkeppnisstaða landvinnslunnar við verkun á hafi úti er af ýmsum ástæðum erfið og því hefur hún dregist mjög saman. Þessu til viðbótar berst nú stöðugt minni afli að landi vegna erfiðrar kvótastöðu strandveiðiflotans með þeim afleiðingum að hefðbundin landvinnsla á fiski dregst stöðugt saman; fyrirtæki neyðast ýmist til þess að loka vegna hráefnisskorts eða draga mjög saman seglin og segja upp fiskverkafólki. Nýjustu dæmin frá Breiðdalsvík og Ísafirði sýna svo ekki verður um villst hve ört sígur nú á ógæfuhliðina.

Á sama tíma og þessi öfugþróun á sér stað er einstök fiskigengd, einkum af þorski, á grunnslóð, hinni hefðbundnu veiðislóð strandveiðiflotans. Stofnar innfjarðarrækju minnka ört t.d. í Húnaflóa og í Ísafjarðardjúpi, enda er rækjan mikilvæg fæða þorksins sem eltir hana nú inn í fjarðarbotna. Mjög margir, þar á meðal fiskifræðingar, eru þeirrar skoðunar að rétt sé og skynsamlegt að auka nú sóknina í þorsk á grunnslóðinni, m.a. til þess að gæta jafnvægis í lífríkinu. Þau veiðarfæri sem þar eru fyrst og fremst notuð, ekki síst við veiðar á handfæri og línu, eru ekki stórvirk veiðarfæri eins og t.d. botnvarpa og geta ekki talist ógnun við nokkurn fiskstofn. Ótti við að auknar veiðiheimildir til strandveiðiflotans ógni þorskstofninum við Ísland er að mati flutningsmanna ástæðulaus. Löngu áður en slíkt gerðist væru

veiðar með slíkum veiðarfærum hættar að standa undir sér og veiðiskipum mundi því fækka af sjálfu sér.

Eins og áður segir hefur strandveiðiflotinn löngum þurft að leigja til sín umtalsverðar veiðiheimildir. Flestir útgerðarmenn sem þar koma við sögu eru því ekki óvanir að greiða gjald fyrir veiðiheimildirnar. Margir þeirra hafa lýst því yfir að þeir séu ekki andsnúnir því að greiða einhverja leigu fyrir þær viðbótaraflaheimildir sem þeir þurfa sér til viðurværis, eins og þeir hafa raunar lengi gert. Nú eru hins vegar engar slíkar heimildir í boði á markaðnum og þá sjaldan eitthvað fæst er verðið ævintýralega hátt vegna lítils framboðs en mikillar eftirspurnar.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja nauðsynlegt vegna atvinnuhagsmuna og að teknu tilliti til óvenjumikillar þorskgengdar á grunnslóð að bregðast við vanda strandveiðiflotans og landvinnslunnar. Þess vegna leggja þeir til að á yfirstandandi fiskveiðiári verði aflaheimildir í þorski auknar um 15 þús. tonn og þeirri aukningu ráðstafað á markaði til strandveiðiflotans einvörðungu. Öðrum útgerðum verði ekki heimilað að leigja sér fiskveiðikvóta af þeim aflaheimildum. Jafnframt verði lagt bann við að umræddar aflaheimildir, sem þannig verði leigðar, verði framseljanlegar. Þanni gæti sá, sem hefur leigt til sín heimildir en nýtir þær ekki sjálfur, ekki framleigt þær öðrum. Hins vegar gæti hann geymt þær eða hluta þeirra til næsta fiskveiðiárs.

Í frumvarpinu er lagt til að þau 15 þús. tonn, sem aflaheimildirnar verði auknar um á yfirstandandi fiskveiðiári, verði boðin strandveiðiflotanum til leigu á markaði. Eðlilegt er að settar verði sérstakar reglur um þessi viðskipti, m.a. á þá lund að enginn einn aðili geti leigt til sín þorra kvótans. Er í frumvarpinu lagt til að sjávarútvegsráðherra setji slíkar reglur.

Ómögulegt að að segja fyrir um hvert yrði líklegt leiguverð á þeim aflaheimildum sem hér er um rætt. Því ræður að sjálfsögðu markaðurinn sjálfur. Hins vegar má búast við að leiguverð lækki langt niður fyrir það sem leiguverðið á þorskveiðiheimildum hefur verið á síðustu missirum þar sem í fyrsta lagi er um að ræða stóraukið framboð, verði frumvarpið samþykkt, og í öðru lagi eru leiguheimildirnar bundnar við strandveiðiflotann einan og hann því ekki í samkeppni um leigutökuna við t.d. öflugar útgerðir frystitogara.

Þá er í frumvarpinu lagt til að tekjum af leigu umræddra aflaheimilda verði skipt þannig að þriðjungur þeirra renni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að veita aðstoð þeim sveitarfélögum, sem eiga í fjárhagserfiðleikum eftir að hafa misst aflaheimildir úr byggðarlaginu, þriðjungur renni til Byggðastofnunar til þess að standa straum af kostnaði við átaksverkefni til þess að greiða fyrir nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni og loks renni þriðjungur í ríkissjóð. Þó að leiguverð fyrir þessar aflaheimildir verði mun lægra en tíðkast hefur við miklu minna framboð á undanförnum missirum má þó ætla að samanlagðar leigutekjur geti orðið umtalsverð fjárhæð. Verður þeim fjármunum ekki betur varið en með því að greiða úr fjárhagsvanda sveitarfélaga, sem orðið hafa fyrir miklu fjárhagslegu áfalli sakir taps á kvóta úr byggðarlaginu, svo og til þess að greiða fyrir átaksverkefnum til nýsköpunar á landsbyggðinni.

938. Svar [443. mál]

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

1. *Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir skýrslu nefndar um atvinnurekstur kvenna frá nóvember 1998, sbr. lið 7.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?*

Helstu tillögur nefndarinnar voru annars vegar að komið yrði á fót miðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki þar sem hlut kvenna væri sérstakur gaumur gefinn og hins vegar að til kæmi stuðningur stjórnvalda við félag eða tengslanet kvenatvinnurekenda sem hefði að meginmarkmiði að efla samvinnu og samstöðu þeirra.

Um mánaðamótin febrúar–mars tekur til starfa innan Iðntæknistofnunar Þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja sem veita á aðstoð litlum og meðalstórum fyrirtækjum og frumkvöðlum. Þjónustumiðstöðin er vettvangur þeirra sem vilja eiga samstarf um að veita þjónustu á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar. Gert er ráð fyrir sérstökum stuðningi við atvinnurekstur kvenna innan miðstöðvarinnar og að hún safni upplýsingum um atvinnurekstur kvenna og greini þarfir atvinnurekenda fyrir leiðsögn og upplýsingar. Þá munu starfsmenn sérhæfa sig í atvinnurekstri kvenna og ráðgjöf til þeirra. Unnið verður að því að hvetja konur til að hasla sér völl sem atvinnurekendur og veita þeim aðstoð við stofnun og uppbyggingu fyrirtækja sinna. Á rekstraráætlun Iðntæknistofnunar fyrir árið 1999 eru eftirfarandi verkefni sem sérstaklega beinast að konum: Brautargengi, Norrænt samstarf (Kvinders rolle i værdiskabningen í Norden) og Reynslunni ríkari. Þessi verkefni eru ýmist hafin eða í bígerð.

Í ljósi niðurstaðna og tillagna nefndarinnar um að komið verði á fót tengslaneti eða félagi fyrir konur í atvinnurekstri skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra starfshóp í byrjun janúar 1999 sem hafa skyldi forgöngu um stofnun félags fyrir konur í atvinnurekstri. Félagið yrði stutt af stjórnvöldum fyrstu árin. Markmið og tilgangur þess væri að stuðla að samstarfi kvenna í atvinnurekstri innbyrðis og að mynda markhóp í viðskiptum við banka og lánastofnanir. Þá starfaði tengslanet á vegum félagsins. Ráðgert er að halda stofnfund um miðjan apríl.

2. *Hvað líður könnun á stöðu kvenna í iðnaði, sbr. lið 7.2 í framkvæmdaáætluninni? Hvenær er niðurstaðna að vænta?*

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti vinnur að könnun á stöðu kvenna í iðnaði en kyngreindar upplýsingar á því sviði eru mikilvæg forsenda þess að hægt sé að byggja á staðreyndum við ákvarðanatöku um stuðningsaðgerðir. Það á einnig við um mælingar á árangri þeirra. Niðurstöðurnar verða bornar saman við þróun mála erlendis.

3. *Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir niðurstöðum nefndar og starfshópa sem fjölluðu um upplýsingasamfélagið, með sérstöku tilliti til stöðu kynjanna, sbr. lið 7.4 í framkvæmdaáætluninni?*

Eins og fram kemur í lið 7.4 í framkvæmdaáætluninni var eitt af meginmarkmiðum nefndarinnar og starfshópsins að nýta möguleika upplýsingatækninnar til að vinna gegn misrétti og tryggja jafnrétti óháð kyni, aldri og búsetu. Í þessu felst m.a. að auka fjarmenntun og atvinnuþátttöku fólks með fjarvinnslu og hefur ráðuneytið beitt sér fyrir því.

4. *Hvaða reynsla er fengin af störfum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hvað varðar sérstakan stuðning við atvinnusköpun kvenna og hvernig hyggst ráðherra beita sér til að efla þann stuðning, sbr. lið 7.7 í framkvæmdaáætluninni?*

Reynsla Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins af slíkum stuðningi við atvinnusköpun kvenna hefur verið góð þótt hafa verði í huga að sjóðurinn hefur einungis starfað í eitt ár og starfsemi og starfshættir eru enn í mótun. Í flestum tilfellum eru formlegir viðskiptavinir sjóðsins fyrirtæki eða félagsform í einhverri mynd, en oft eru konur eigendur, stjórnarformenn og/eða forsvarsmenn þeirra. Eftirtektarvert er að konum fjölgar í hópi þeirra forsvarsmanna fyrirtækja sem leita til Nýsköpunarsjóðs eftir styrk til verkefna, ýmist beint eða í gegnum vöruþróunar- og markaðsdeild. Þar er miðað að því að greiða veg nýrra hugmynda og styrkja atvinnustarfsemi í landinu. Hins vegar er athyglisvert að í samkeppni sem nú stendur yfir á vegum Nýsköpunarsjóðs um gerð viðskiptaáætlana, Nýsköpun '99, eru konur einungis 20% skráðra þátttakenda en hlutur karla er 71% og fyrirtækja 9%.

Það er stefna iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis að sameina stuðningsaðgerðir þess við atvinnulífið undir yfirstjórn „Átaks til atvinnusköpunar" með fjárstuðningi frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Lítil og meðalstór fyrirtæki njóta því samhæfðra aðgerða ráðuneytisins og undirstofnana þess. Markmið átaksins er m.a. að stuðla að atvinnusköpun og aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins, að samræma verkefni til hvatningar og stuðnings lítilla og meðalstórra fyrirtækja, svo og einstaklinga á sviði atvinnu- og nýsköpunar. Þá verður undir merkjum átaksins hvatt til aukins alþjóðasamstarfs fyrirtækja og útrásar þeirra á alþjóðamarkaði. Átak til atvinnusköpunar er ætlað konum jafnt sem körlum. Konur lögðu fram 16% umsókna í verkefnið „Frumkvöðlastuðning" á árunum 1996–98 og fengu 18% úthlutana. Sambærilegar tölur fyrir verkefnið „Snjallræði" árin 1996–97 eru 16% umsókna og 5% úthlutana.

5. *Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála innan ráðuneytisins og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 7.9 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?*

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hefur ekki hafið könnun á sviði jafnréttismála innan ráðuneytisins. Hins vegar hafa slíkar kannanir verið gerðar hjá Iðntæknistofnun og Löggildingarstofu. Iðntæknistofnun hefur reglulega gert úttekt á jafnréttismálum hjá stofnuninni. Jafnréttiskannanir voru gerðar árin 1989, 1993 og 1995. Staða jafnréttismála var könnuð hjá Löggildingarstofu sumarið 1998 og var hún talin góð.

6. *Hvað líður gerð jafnréttisáætlana hjá ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 7.9 í framkvæmdaáætluninni?*

Jafnréttisáætlun innan iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis er í undirbúningi. Af undirstofnunum ráðuneytisins er Iðntæknistofnun eina stofnunin sem hefur gert jafnréttisáætlun. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því eftir sem áður að stofnanir sem undir það heyra geri einnig slíkar jafnréttisáætlanir.

939. Tillaga til þingsályktunar [572. mál]

um aðild að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa sem gerður var í Haag 29. maí 1993.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa sem gerður var í Haag 29. maí 1993. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögunni.

Vinna við gerð samnings þessa hófst árið 1988 á vegum Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt. Markmiðið var að hrinda í framkvæmd ákvæði e-liðar 21. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 þar sem ríki eru hvött til að koma á tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi varðandi ættleiðingu milli landa.

Haagsamningnum er ætlað að samræma þau skilyrði sem sett eru af hálfu stjórnvalda samningsríkja svo að ættleiðing milli landa megi fara fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi. Tilgangur samningsins er að við ættleiðingu milli landa séu grundvallarréttindi barnsins virt og komið í veg fyrir brottnám barna og verslun með þau, svo og að tryggja að samningsríki viðurkenni ættleiðingar sem fara fram í samræmi við samninginn. Tekið er tillit til meginatriða sem kveðið er á um í áðurnefndum samningi um réttindi barnsins og yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 3. desember 1986 um félagsleg og lagaleg meginatriði varðandi vernd og velferð barna, með sérstöku tilliti til fósturs og ættleiðingar innan lands og milli landa.

Samningurinn byggist á því að samvinna sé á milli þess ríkis þar sem barn á búsetu (upprunaríkis) og þess ríkis þar sem umsækjendur um ættleiðingu eiga búsetu (móttökuríkis) við meðferð ættleiðingarmála. Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli ríkja til að markmiðum samningsins verði náð. Samningurinn kveður á um að samningsríki tilnefni miðstjórnvald. Samkvæmt frumvarpi til ættleiðingarlaga sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi löggjafarþingi er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið verði miðstjórnvald hér á landi, enda er miðað við að umsjón ættleiðingarmála og útgáfa ættleiðingarleyfa verði áfram í höndum þess. Miðstjórnvald á að hafa umsjón með því að þeim skyldum sem samningsríki taka á sig sé fullnægt. Það skal hafa eftirlit og viðurkenna formlega ættleiðingarfélög sem hafa milligöngu um ættleiðingar milli landa. Enn fremur hefur það upplýsingaskyldu gagnvart miðstjórnvöldum annarra samningsríkja.

Samkvæmt 40. gr. samningsins er ekki heimilt að gera fyrirvara við hann.

Haagsamningurinn öðlaðist gildi 1. maí 1995 og voru samningsríkin 29 talsins 5. febrúar 1999. Ísland er ekki aðili að Haagráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt, en getur engu að síður gerst aðili að samningnum, sbr. 44. gr. hans. Það er skilyrði fyrir gildistöku gagnvart einstökum samningsríkjum að þau hafi ekki andmælt aðild Íslands innan sex mánaða frá viðtöku tilkynningar um aðildina.

Samkvæmt áðurnefndu frumvarpi til ættleiðingarlaga eru sköpuð skilyrði til þess að unnt sé að standa við skuldbindingar sem samningsríki gangast undir samkvæmt samningnum.

Fylgiskjal.

HAAGSAMNINGUR um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa.

Ríki þau sem undirritað hafa samning þennan

gera sér ljóst að til að barn nái fullum þroska sem heilsteypt persóna er æskilegast að það vaxi úr grasi innan fjölskyldu og við hamingju, ástúð og skilning,

minnast þess að hverju ríki ber að veita því forgang að gera viðeigandi ráðstafanir til að barn geti notið umsjár upprunalegrar fjölskyldu sinnar,

gera sér ljóst að ættleiðing milli landa getur veitt barni, sem á ekki kost á hentugri fjölskyldu í upprunalandi sínu, fjölskyldu til frambúðar,

eru sannfærð um nauðsyn þess að tryggja að ættleiðing milli landa fari fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og þannig að grundvallarréttindi þess séu virt, og að komið sé í veg fyrir brottnám barna, sölu þeirra og verslun með þau,

vilja koma á sameiginlegum reglum í þessu skyni þar sem tekið er tillit til þeirra meginatriða sem kveðið er á um í alþjóðlegum gerningum, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989, og yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna um félagsleg og lagaleg meginatriði varðandi vernd og velferð barna með sérstöku tilliti til fósturs og ættleiðingar innanlands og milli landa (ályktun allsherjarþingsins nr. 41/85 frá 3. desember 1986),

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI
Gildissvið samningsins.

1. gr.

Tilgangur samnings þessa er:

a. að koma á öryggisreglum er tryggi að ættleiðing milli landa fari fram í þágu hagsmuna barnsins og þannig að grundvallarréttindi þess, eins og þau eru viðurkennd að þjóðarétti, séu virt;

THE HAGUE CONVENTION on the Protection of Children and Co-operation in Respect of Intercountry Adoption

The States signatory to the present Convention,

Recognizing that the child, for the full and harmonious development of his or her personality, should grow up in a family environment, in an atmosphere of happiness, love and understanding,

Recalling that each State should take, as a matter of priority, appropriate measures to enable the child to remain in the care of his or her family of origin,

Recognizing that intercountry adoption may offer the advantage of a permanent family to a child for whom a suitable family cannot be found in his or her State of origin,

Convinced of the necessity to take measures to ensure that intercountry adoptions are made in the best interests of the child and with respect for his or her fundamental rights, and to prevent the abduction, the sale of, or traffic in children,

Desiring to establish common provisions to this effect, taking into account the principles set forth in international instruments, in particular the United Nations Convention on the Rights of the Child, of 20 November 1989, and the United Nations Declaration on Social and Legal Principles relating to the Protection and Welfare of Children, with Special Reference to Foster Placement and Adoption Nationally and Internationally (General Assembly Resolution 41/85, 3 December 1986)

Have agreed upon the following provisions:

CHAPTER 1
Scope of the Convention

Article 1

The objects of the present Convention are:

a) to establish safeguards to ensure that intercountry adoptions take place in the best interests of the child and with respect for his or her fundamental rights as recognized in international law;

b. að koma á tilhögun um samvinnu meðal samningsríkja til að tryggja að þær öryggisreglur séu virtar og koma þannig í veg fyrir brottnám barna, sölu þeirra og verslun með þau;
c. að tryggja að samningsríki viðurkenni ættleiðingar sem fram fara í samræmi við samninginn.

2. gr.

1. Samningur þessi gildir þegar barn sem á búsetu í einu samningsríki („upprunaríki") hefur verið, er eða skal flutt til annars samningsríkis („móttökuríkis"), annaðhvort eftir ættleiðingu þess í upprunaríkinu af hjónum eða einstaklingi sem eiga búsetu í móttökuríkinu, eða til þess að slík ættleiðing geti farið fram í móttökuríkinu eða upprunaríkinu.

2. Samningur þessi tekur aðeins til ættleiðinga sem stofna til varanlegra sifjatengsla milli kjörforeldra og kjörbarna.

3. gr.

Samningur þessi á ekki lengur við ef samþykki það sem greinir í c-lið 17 gr. hefur ekki verið veitt áður en barn hefur náð 18 ára aldri.

II. KAFLI

Skilyrði fyrir ættleiðingum milli landa.

4. gr.

Ættleiðing sem samningur þessi tekur til má aðeins fara fram ef bær stjórnvöld upprunaríkis:

a. hafa gengið úr skugga um að ættleiða megi barnið;
b. hafa komist að þeirri niðurstöðu, eftir að athugaðir hafa verið möguleikar á að koma barni fyrir í upprunaríkinu, að ættleiðing milli landa þjóni best hagsmunum þess;
c. hafa gengið úr skugga um
   1. að þeir einstaklingar, stofnanir og stjórnvöld, sem veita þurfa samþykki fyrir ættleiðingu, hafi fengið þá ráðgjöf sem þörf er á og að þeim hafi verið skýrt frá áhrifum samþykkis síns, einkum að því er varðar hvort ættleiðingin mundi hafa í för með sér slit lagalegra tengsla milli barnsins og upprunafjölskyldu þess,
   2. að þessir einstaklingar, stofnanir og stjórnvöld hafi veitt samþykki sitt af fúsum og frjálsum vilja, í tilskildu lagalegu formi og annaðhvort skriflega eða þannig að sýnt sé fram á það skriflega,

b) to establish a system of co-operation amongst Contracting States to ensure that those safeguards are respected and thereby prevent the abduction, the sale of, or traffic in children;
c) to secure the recognition in Contracting States of adoptions made in accordance with the Convention.

Article 2

1. The Convention shall apply where a child habitually resident in one Contracting State ("the State of origin") has been, is being, or is to be moved to another Contracting State ("the receiving State") either after his or her adoption in the State of origin by spouses or a person habitually resident in the receiving State, or for the purposes of such an adoption in the receiving State or in the State of origin.

2. The Convention covers only adoptions which create a permanent parent-child relationship.

Article 3

The Convention ceases to apply if the agreements mentioned in Article 17, sub-paragraph c), have not been given before the child attains the age of eighteen years.

CHAPTER II

Requirements for Intercountry Adoptions

Article 4

An adoption within the scope of the Convention shall take place only if the competent authorities of the State of origin:

a) have established that the child is adoptable;

b) have determined, after possibilities for placement of the child within the State of origin have been given due consideration, that an intercountry adoption is in the child's best interests;
c) have ensured that
   1. the persons, institutions and authorities whose consent is necessary for adoption, have been counselled as may be necessary and duly informed of the effects of their consent, in particular whether or not an adoption will result in the termination of the legal relationship between the child and his or her family of origin,

   2. such persons, institutions and authorities have given their consent freely, in the required legal form, and expressed or evidenced in writing,

3. að hvorki fjárgreiðslur né endurgjald af nokkru tagi hafi haft áhrif á samþykki og að samþykki hafi ekki verið afturkallað, og
4. að samþykki móður, sé þess krafist, hafi aðeins verið veitt eftir fæðingu barnsins; og

d. hafa gengið úr skugga um, að teknu tilliti til aldurs og þroska barnsins,
1. að því hafi verið veitt ráðgjöf og skýrt frá áhrifum ættleiðingarinnar og samþykkis síns fyrir henni í þeim tilvikum þar sem samþykkis þess er þörf,
2. að hugað hafi verið að óskum þess og skoðunum,
3. að barnið hafi, í þeim tilvikum þar sem samþykkis þess er þörf, veitt samþykki sitt fyrir ættleiðingunni af fúsum og frjálsum vilja, í tilskildu lagalegu formi og annaðhvort skriflega eða þannig að sýnt sé fram á það skriflega, og
4. að hvorki fjárgreiðslur né endurgjald af nokkru tagi hafi haft áhrif á samþykkið.

3. the consents have not been induced by payment or compensation of any kind and have not been withdrawn, and
4. the consent of the mother, where required, has been given only after the birth of the child; and

d) have ensured, having regard to the age and degree of maturity of the child, that
1. he or she has been counselled and duly informed of the effects of the adoption and of his or her consent to the adoption, where such consent is required,
2. consideration has been given to the child's wishes and opinions,
3. the child's consent to the adoption, where such consent is required, has been given freely, in the required legal form, and expressed or evidenced in writing, and
4. such consent has not been induced by payment or compensation of any kind.

5. gr.

Ættleiðing sem samningur þessi tekur til má aðeins fara fram ef bær stjórnvöld móttökuríkis:

a. hafa komist að þeirri niðurstöðu að væntanlegir kjörforeldrar séu hæfir og til þess fallnir að ættleiða;
b. hafa gengið úr skugga um að væntanlegir kjörforeldrar hafi fengið alla nauðsynlega ráðgjöf; og
c. hafa gengið úr skugga um að barninu sé heimilt eða verði heimilað að koma til þess ríkis og búa þar til frambúðar.

Article 5

An adoption within the scope of the Convention shall take place only if the competent authorities of the receiving State:

a) have determined that the prospective adoptive parents are eligible and suited to adopt;
b) have ensured that the prospective adoptive parents have been counselled as may be necessary; and
c) have determined that the child is or will be authorized to enter and reside permanently in that State.

III. KAFLI
Miðstjórnvöld og viðurkenndar stofnanir.

6. gr.

1. Samningsríki skal tilnefna miðstjórnvald til að annast skyldur þær sem samningur þessi leggur slíkum stjórnvöldum á herðar.

2. Sambandsríkjum, ríkjum þar sem réttarkerfi eru fleiri en eitt og ríkjum með sjálfstjórnarsvæði skal frjálst að tilnefna fleiri en eitt miðstjórnvald og tilgreina til hvaða landsvæða eða einstaklinga verksvið þeirra nær. Hafi ríki tilnefnt fleiri en eitt miðstjórnvald skal það tilgreina til hvaða miðstjórnvalds erindum skuli beint svo að þau verði framsend viðeigandi miðstjórnvaldi innan þess ríkis.

CHAPTER III
Central Authorities and Accredited Bodies

Article 6

1. A Contracting State shall designate a Central Authority to discharge the duties which are imposed by the Convention upon such authorities.

2. Federal States, States with more than one system of law or States having autonomous territorial units shall be free to appoint more than one Central Authority and to specify the territorial or personal extent of their functions. Where a State has appointed more than one Central Authority, it shall designate the Central Authority to which any communication may be addressed for transmission to the appropriate Central Authority within that State.

7. gr.

1. Miðstjórnvöld skulu hafa samvinnu sín á milli og stuðla að samvinnu meðal bærra stjórnvalda ríkja sinna til verndar börnum og til að ná öðrum markmiðum samnings þessa.

2. Þau skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að:

a. veita upplýsingar um lög ríkja sinna varðandi ættleiðingu, svo og aðrar almennar upplýsingar, svo sem tölfræðileg gögn og upplýsingar um stöðluð eyðublöð;

b. upplýsa hvert annað um framkvæmd samningsins og, eftir því sem unnt er, ryðja úr vegi öllum hindrunum fyrir beitingu hans.

8. gr.

Miðstjórnvöld skulu, annaðhvort beint eða fyrir tilstilli almennra stjórnvalda, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir óeðlilegan ávinning, fjárhagslegan eða annan, í tengslum við ættleiðingu og til að hindra að nokkrir þeir starfshættir séu teknir upp sem fara í bága við markmið samningsins.

9. gr.

Miðstjórnvöld skulu, annaðhvort beint eða fyrir tilstilli almennra stjórnvalda eða annarra stofnana sem til þess hafa hlotið viðurkenningu í viðkomandi ríki, gera allar viðeigandi ráðstafanir, einkum til að:

a. safna saman, geyma og skiptast á upplýsingum um aðstæður barns og væntanlegra kjörforeldra, að því marki sem nauðsyn krefur til að ættleiðing geti farið fram;

b. auðvelda, fylgja eftir og flýta fyrir málsmeðferð til þess að af ættleiðingu verði;

c. stuðla að þróun ráðgjafarþjónustu um ættleiðingar og því að veitt sé þjónusta að aflokinni ættleiðingu í ríkjum þeirra;

d. veita hvert öðru skýrslur um almennt mat og reynslu hvað snertir ættleiðingar milli landa;

e. svara, að því marki sem landslög þeirra leyfa, réttmætum beiðnum annarra miðstjórnvalda eða almennra stjórnvalda um upplýsingar varðandi aðstæður í ákveðnum ættleiðingartilvikum.

10. gr.

Aðeins þær stofnanir skulu fá og halda viðurkenningu sem sýna fram á getu sína til að leysa vel af hendi þau verkefni sem þeim kunna að verða falin.

Article 7

1. Central Authorities shall co-operate with each other and promote co-operation amongst the competent authorities in their States to protect children and to achieve the other objects of the Convention.

2. They shall take directly all appropriate measures to:

a) provide information as to the laws of their States concerning adoption and other general information, such as statistics and standard forms;

b) keep one another informed about the operation of the Convention and, as far as possible, eliminate any obstacles to its application.

Article 8

Central Authorities shall take, directly or through public authorities, all appropriate measures to prevent improper financial or other gain in connection with an adoption and to deter all practices contrary to the objects of the Convention.

Article 9

Central Authorities shall take, directly or through public authorities or other bodies duly accredited in their State, all appropriate measures, in particular to:

a) collect, preserve and exchange information about the situation of the child and the prospective adoptive parents, so far as is necessary to complete the adoption;

b) facilitate, follow and expedite proceedings with a view to obtaining the adoption;

c) promote the development of adoption counselling and post-adoption services in their States;

d) provide each other with general evaluation reports about experience with intercountry adoption;

e) reply, in so far as is permitted by the law of their State, to justified requests from other Central Authorities or public authorities for information about a particular adoption situation.

Article 10

Accreditation shall only be granted to and maintained by bodies demonstrating their competence to carry out properly the tasks with which they may be entrusted.

11. gr.

Viðurkennd stofnun skal:

a. einungis vinna að ófjárhagslegum markmiðum samkvæmt þeim skilmálum og innan þeirra marka sem kveðið er á um af bærum stjórnvöldum viðurkenningarríkisins;
b. hafa stjórnendur og starfsmenn sem eru hæfir hvað siðferðiskröfur og menntun eða reynslu varðar til starfa á sviði ættleiðingar milli landa; og
c. lúta eftirliti bærra stjórnvalda þess ríkis hvað varðar skipulag, rekstur og fjárhag.

12. gr.

Stofnun sem hlotið hefur viðurkenningu í einu samningsríki má aðeins starfa í öðru samningsríki ef stjórnvöld beggja ríkjanna hafa heimilað henni það.

13. gr.

Tilnefning samningsríkis á miðstjórnvaldi og, þar sem við á, á umfangi starfssviðs þeirra, svo og upplýsingar um nöfn og heimilisföng viðurkenndra stofnana, skulu send fastaskrifstofu Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

IV. KAFLI
Kröfur um málsmeðferð við ættleiðingu milli landa.

14. gr.

Einstaklingar sem eiga búsetu í samningsríki og vilja ættleiða barn sem á búsetu í öðru samningsríki skulu senda umsókn til miðstjórnvalds þess ríkis þar sem þeir eiga búsetu.

15. gr.

1. Ef miðstjórnvald móttökuríkisins telur ekki vafa leika á um að umsækjendur séu hæfir og fallnir til þess að ættleiða skal það taka saman greinargerð þar sem fram skulu koma upplýsingar um hverjir þeir eru, um hæfni þeirra og hæfi til ættleiðingar, um uppruna og æviferil, fjölskyldu, heilsufarssögu, félagslegar aðstæður, ástæður fyrir ættleiðingu, möguleikum til að ættleiða milli landa og einkenni þeirra barna sem þeir myndu teljast hæfir til að annast.

2. Miðstjórnvaldið skal senda greinargerðina miðstjórnvaldi upprunaríkisins.

16. gr.

1. Hafi miðstjórnvald upprunaríkisins komist að þeirri niðurstöðu að ættleiða megi barnið skal það:

a. taka saman greinargerð þar sem fram skulu koma

Article 11

An accredited body shall:

a) pursue only non-profit objectives according to such conditions and within such limits as may be established by the competent authorities of the State of accreditation;
b) be directed and staffed by persons qualified by their ethical standards and by training or experience to work in the field of intercountry adoption; and
c) be subject to supervision by competent authorities of that State as to its composition, operation and financial situation.

Article 12

A body accredited in one Contracting State may act in another Contracting State only if the competent authorities of both States have authorized it to do so.

Article 13

The designation of the Central Authorities and, where appropriate, the extent of their functions, as well as the names and addresses of the accredited bodies shall be communicated by each Contracting State to the Permanent Bureau of the Hague Conference on Private International Law.

CHAPTER IV
Procedural Requirements in Intercountry Adoption

Article 14

Persons habitually resident in a Contracting State, who wish to adopt a child habitually resident in another Contracting State, shall apply to the Central Authority in the State of their habitual residence.

Article 15

1. If the Central Authority of the receiving State is satisfied that the applicants are eligible and suited to adopt, it shall prepare a report including information about their identity, eligibility and suitability to adopt, background, family and medical history, social environment, reasons for adoption, ability to undertake an intercountry adoption, as well as the characteristics of the children for whom they would be qualified to care.

2. It shall transmit the report to the Central Authority of the State of origin.

Article 16

1. If the Central Authority of the State of origin is satisfied that the child is adoptable, it shall:

a) prepare a report including information about his

upplýsingar um hvert barnið er, um aðlögunarhæfni þess, uppruna og æviferil, félagslegar aðstæður, fjölskyldu þess, heilsufarssögu bæði þess og ættingja þess, og um allar sérstakar þarfir sem barnið kann að hafa;

b. taka fullt tillit til uppeldis barnsins og þjóðernis, trúar og menningarlegs uppruna þess;

c. ganga úr skugga um að samþykkis hafi verið aflað skv. 4. gr.; og

d. ákveða, einkum á grundvelli greinargerðanna um barnið og væntanlega kjörforeldra, hvort hin fyrirhugaða ráðstöfun teljist þjóna best hagsmunum barnsins.

2. Það skal senda miðstjórnvaldi móttökuríkisins greinargerð sína um barnið, sannanir fyrir því að nauðsynlegs samþykkis hafi verið aflað og rök fyrir ákvörðun sinni um ráðstöfuninni, en gæta þess að láta ekki uppi hver móðir og faðir eru ef ekki er heimilt í upprunaríkinu að skýra frá því.

17. gr.

Í upprunaríkinu má aðeins taka ákvörðun um að barn skuli sett í umsjá væntanlegra kjörforeldra ef:

a. miðstjórnvald þess ríkis hefur gengið úr skugga um að væntanlegir kjörforeldrar séu því samþykkir;

b. miðstjórnvald móttökuríkisins hefur samþykkt þá ákvörðun, sé slíks samþykkis krafist í lögum þess ríkis eða af miðstjórnvaldi upprunaríkisins;

c. miðstjórnvöld beggja ríkja hafa samþykkt að ættleiðingin megi fara fram; og

d. fyrir liggur, sbr. 5. gr., að væntanlegir kjörforeldrar séu hæfir og til þess fallnir að ættleiða, og að barninu sé heimilt eða verði heimilað að koma til móttökuríkisins og dvelja þar til frambúðar.

18. gr.

Miðstjórnvöld beggja ríkja skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að afla barninu leyfis til að yfirgefa upprunaríki sitt og koma til móttökuríkisins og búa þar til frambúðar.

19. gr.

1. Aðeins má flytja barn til móttökuríkisins ef þeim skilyrðum hefur verið fullnægt sem í 17. gr. segir.

2. Miðstjórnvöld beggja ríkja skulu sjá til þess að flutningur fari fram við öruggar og viðeigandi aðor her identity, adoptability, background, social environment, family history, medical history including that of the child's family, and any special needs of the child;

b) give due consideration to the child's upbringing and to his or her ethnic, religious and cultural background;

c) ensure that consents have been obtained in accordance with Article 4; and

d) determine, on the basis in particular of the reports relating to the child and the prospective adoptive parents, whether the envisaged placement is in the best interests of the child.

2. It shall transmit to the Central Authority of the receiving State its report on the child, proof that the necessary consents have been obtained and the reasons for its determination on the placement, taking care not to reveal the identity of the mother and the father if, in the State of origin, these identities may not be disclosed.

Article 17

Any decision in the State of origin that a child should be entrusted to prospective adoptive parents may only be made if:

a) the Central Authority of that State has ensured that the prospective adoptive parents agree;

b) the Central Authority of the receiving State has approved such decision, where such approval is required by the law of that State or by the Central Authority of the State of origin;

c) the Central Authorities of both States have agreed that the adoption may proceed; and

d) it has been determined, in accordance with Article 5, that the prospective adoptive parents are eligible and suited to adopt and that the child is or will be authorized to enter and reside permanently in the receiving State.

Article 18

The Central Authorities of both States shall take all necessary steps to obtain permission for the child to leave the State of origin and to enter and reside permanently in the receiving State.

Article 19

1. The transfer of the child to the receiving State may only be carried out if the requirements of Article 17 have been satisfied.

2. The Central Authorities of both States shall ensure that this transfer takes place in secure and ap-

stæður og, ef unnt er, að kjörforeldrum eða væntanlegum kjörforeldrum viðstöddum.

3. Fari flutningur barnsins ekki fram skal endursenda greinargerðir skv. 15. og 16. gr. til þeirra stjórnvalda sem framsendu þær.

20. gr.

Miðstjórnvöld skulu upplýsa hvert annað um framvindu ættleiðingar og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að ljúka henni, svo og um framvindu vistunar ef reynslutíma er krafist.

21. gr.

1. Eigi ættleiðing að fara fram eftir að barn hefur verið flutt til móttökuríkisins og miðstjórnvaldi þess ríkis virðist að áframhaldandi vistun barnsins hjá væntanlegum kjörforeldrum þjóni ekki best hagsmunum þess skal miðstjórnvaldið gera þær ráðstafanir sem þörf krefur til verndar barninu, einkum:

a. sjá til þess að barnið sé tekið frá væntanlegum kjörforeldrum og útvega því umönnun til bráðabirgða;
b. sjá án tafar, í samráði við miðstjórnvald upprunaríkisins, fyrir vistun barnsins að nýju með það að markmiði að ættleiða, eða, ef það á ekki við, sjá fyrir annarri umönnun til frambúðar; ættleiðing skal ekki fara fram fyrr en upplýsingar um hina nýju væntanlegu kjörforeldra hafa verið veittar miðstjórnvaldi upprunaríkisins;

c. ef annað er ekki unnt, sjá til þess að barnið verði endursent ef hagsmunir þess krefjast þess.

2. Með hliðsjón einkum af aldri barns og þroska skal leita álits þess og eftir atvikum afla samþykkis þess varðandi ráðstafanir er gera skal samkvæmt þessari grein.

22. gr.

1. Almenn stjórnvöld eða stofnanir viðurkenndar samkvæmt III. kafla mega vinna þau störf sem miðstjórnvöldum eru falin í þessum kafla, að því marki sem lög viðkomandi ríkis heimila.

2. Sérhvert samningsríki getur tilkynnt vörsluaðila samningsins að störf miðstjórnvalds skv. 15.–21. gr. megi einnig vinna í því ríki, að því marki sem lög leyfa og undir eftirliti bærra stjórnvalda þess ríkis, af stofnunum eða einstaklingum sem:

propriate circumstances and, if possible, in the company of the adoptive or prospective adoptive parents.

3. If the transfer of the child does not take place, the reports referred to in Articles 15 and 16 are to be sent back to the authorities who forwarded them.

Article 20

The Central Authorities shall keep each other informed about the adoption process and the measures taken to complete it, as well as about the progress of the placement if a probationary period is required.

Article 21

1. Where the adoption is to take place after the transfer of the child to the receiving State and it appears to the Central Authority of that State that the continued placement of the child with the prospective adoptive parents is not in the child's best interests, such Central Authority shall take the measures necessary to protect the child, in particular:

a) to cause the child to be withdrawn from the prospective adoptive parents and to arrange temporary care;
b) in consultation with the Central Authority of the State of origin, to arrange without delay a new placement of the child with a view to adoption or, if this is not appropriate, to arrange alternative long-term care; an adoption shall not take place until the Central Authority of the State of origin has been duly informed concerning the new prospective adoptive parents;
c) as a last resort, to arrange the return of the child, if his or her interests so require.

2. Having regard in particular to the age and degree of maturity of the child, he or she shall be consulted and, where appropriate, his or her consent obtained in relation to measures to be taken under this Article.

Article 22

1. The functions of a Central Authority under this Chapter may be performed by public authorities or by bodies accredited under Chapter III, to the extent permitted by the law of its State.

2. Any Contracting State may declare to the depositary of the Convention that the functions of the Central Authority under Articles 15 to 21 may be performed in that State, to the extent permitted by the law and subject to the supervision of the competent authorities of that State, also by bodies or persons who:

a. fullnægja kröfum þess ríkis um heiðarleika, faglega hæfni, reynslu og áreiðanleika; og

b. eru hæfir hvað siðferðiskröfur og þjálfun eða reynslu varðar til starfa á sviði ættleiðingar milli landa.

3. Samningsríki sem gefur yfirlýsingu skv. 2. tölul. skal upplýsa fastaskrifstofu Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt um nöfn og heimilisföng þessara stofnana og einstaklinga.

4. Sérhvert samningsríki getur tilkynnt vörsluaðila samningsins að ættleiðing barna sem eiga búsetu á landsvæði þess megi einungis fara fram ef störf miðstjórnvaldsins eru unnin skv. 1. tölul.

5. Þrátt fyrir yfirlýsingar sem gefnar kunna að vera skv. 2. tölul. skulu greinargerðir, sem kveðið er á um í 15. og 16. gr., ávallt unnar á ábyrgð miðstjórnvalds eða annarra stjórnvalda eða stofnana skv. 1. tölul.

a) meet the requirements of integrity, professional competence, experience and accountability of that State; and

b) are qualified by their ethical standards and by training or experience to work in the field of intercountry adoption.

3. A Contracting State which makes the declaration provided for in paragraph 2 shall keep the Permanent Bureau of the Hague Conference on Private International Law informed of the names and addresses of these bodies and persons.

4. Any Contracting State may declare to the depositary of the Convention that adoptions of children habitually resident in its territory may only take place if the functions of the Central Authorities are performed in accordance with paragraph 1.

5. Notwithstanding any declaration made under paragraph 2, the reports provided for in Articles 15 and 16 shall, in every case, be prepared under the responsibility of the Central Authority or other authorities or bodies in accordance with paragraph 1.

V. KAFLI
Viðurkenning og áhrif ættleiðingar.

23. gr.

1. Ættleiðing sem bært stjórnvald ættleiðingarríkisins hefur staðfest að hafi farið fram samkvæmt samningi þessum skal viðurkennd í lagaframkvæmd annarra samningsríkja. Í staðfestingunni skal tilgreint hvenær samþykki skv. c-lið 17. gr. var veitt og af hverjum.

2. Sérhvert samningsríki skal við undirritun, fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt samnings þessa, eða aðild að honum, tilkynna vörsluaðila samningsins hvaða stjórnvald eða stjórnvöld séu bær til að veita staðfestingu í því ríki, svo og hvert verksvið þeirra er. Skal það einnig tilkynna vörsluaðila um allar breytingar á tilnefningu þessara stjórnvalda.

24. gr.

Aðeins má synja um viðurkenningu ættleiðingar í samningsríki ef hún fer augljóslega í bága við allsherjarreglu í því ríki, að teknu tilliti til þess sem best þjónar hagsmunum barnsins.

25. gr.

Sérhvert samningsríki getur lýst því yfir við vörsluaðila samningsins að það muni ekki vera bundið samkvæmt samningnum til að viðurkenna

CHAPTER V
Recognition and Effects of the Adoption

Article 23

1. An adoption certified by the competent authority of the State of the adoption as having been made in accordance with the Convention shall be recognized by operation of law in the other Contracting States. The certificate shall specify when and by whom the agreements under Article 17, sub-paragraph c), were given.

2. Each Contracting State shall, at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession, notify the depositary of the Convention of the identity and the functions of the authority or the authorities which, in that State, are competent to make the certification. It shall also notify the depositary of any modification in the designation of these authorities.

Article 24

The recognition of an adoption may be refused in a Contracting State only if the adoption is manifestly contrary to its public policy, taking into account the best interests of the child.

Article 25

Any Contracting State may declare to the depositary of the Convention that it will not be bound under this Convention to recognize adoptions made in

ættleiðingar sem fram fara í samræmi við samning er gerður hefur verið skv. 2. tölul. 39. gr.

26. gr.

1. Í viðurkenningu á ættleiðingu felst viðurkenning á:

a. lagalegum tengslum foreldra og barns á milli barnsins og kjörforeldra þess;
b. foreldraskyldum kjörforeldra gagnvart barninu;
c. niðurfellingu lagalegra tengsla barnsins og kynforeldra þess, ef ættleiðingin hefur þau réttaráhrif í því samningsríki þar sem hún fór fram.

2. Hafi ættleiðing þau réttaráhrif að lagaleg tengsl barns og kynforeldra þess falli niður skal barnið njóta í móttökuríkinu og í hverju því samningsríki öðru þar sem ættleiðingin er viðurkennd samsvarandi réttinda og leiða af ættleiðingu með þeim áhrifum í hverju slíku samningsríki.

3. Undanfarandi töluliðir koma ekki í veg fyrir að beitt sé reglum sem eru barninu hagstæðari og í gildi eru í samningsríki sem viðurkennir ættleiðinguna.

27. gr.

1. Hafi ættleiðing sem heimiluð hefur verið veitt í upprunaríkinu ekki þau áhrif að fella niður lagaleg tengsl barns og kynforeldra þess má í því móttökuríki sem viðurkennir ættleiðinguna samkvæmt samningi þessum breyta henni í ættleiðingu sem hefur slík áhrif:

a. ef lög móttökuríkisins leyfa það; og
b. ef samþykki það, sem vísað er til í c- og d-liðum 4. gr., hefur verið eða er veitt vegna slíkrar ættleiðingar.

2. Ákvæði 23. gr. gildir um þá ákvörðun sem breytir ættleiðingunni.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

28. gr.

Samningur þessi hefur engin áhrif á lög upprunaríkis sem mæla svo fyrir að ættleiðing barns sem á búsetu í því ríki fari fram þar eða sem banna að barni sé komið fyrir í eða það flutt til móttökuríkisins áður en ættleiðing fer fram.

29. gr.

Væntanlegir kjörforeldrar og kynforeldrar barns eða aðrir sem hafa umsjá barns með höndum skulu ekki hafa neitt samband sín á milli þar til skilyrðum a- til c-liða 4. gr. og a-liðar 5. gr. hefur verið full-

accordance with an agreement concluded by application of Article 39, paragraph 2.

Article 26

1. The recognition of an adoption includes recognition of:

a) the legal parent-child relationship between the child and his or her adoptive parents;
b) parental responsibility of the adoptive parents for the child;
c) the termination of a pre-existing legal relationship between the child and his or her mother and father, if the adoption has this effect in the Contracting State where it was made.

2. In the case of an adoption having the effect of terminating a pre-existing legal parent-child relationship, the child shall enjoy in the receiving State, and in any other Contracting State where the adoption is recognized, rights equivalent to those resulting from adoptions having this effect in each such State.

3. The preceding paragraphs shall not prejudice the application of any provision more favourable for the child, in force in the Contracting State which recognizes the adoption.

Article 27

1. Where an adoption granted in the State of origin does not have the effect of terminating a pre-existing legal parent-child relationship, it may, in the receiving State which recognizes the adoption under the Convention, be converted into an adoption having such an effect:

a) if the law of the receiving State so permits; and
b) if the consents referred to in Article 4, sub-paragraphs c) and d), have been or are given for the purpose of such an adoption.

2. Article 23 applies to the decision converting the adoption.

CHAPTER VI
General Provisions

Article 28

The Convention does not affect any law of a State of origin which requires that the adoption of a child habitually resident within that State take place in that State or which prohibits the child's placement in, or transfer to, the receiving State prior to adoption.

Article 29

There shall be no contact between the prospective adoptive parents and the child's parents or any other person who has care of the child until the requirements of Article 4, sub-paragraphs a) to c), and Arti-

nægt, nema ættleiðing eigi sér stað innan ættar eða sambandið sé í samræmi við þau skilyrði sem bært stjórnvald upprunaríkisins ákveður.

30. gr.

1. Bær stjórnvöld samningsríkis skulu tryggja að upplýsingar um uppruna barns, einkum upplýsingar um hverjir foreldrar þess eru, svo og upplýsingar um heilsufar, séu varðveittar.

2. Þau skulu sjá til þess að barnið eða umboðsmaður þess hafi, með viðeigandi leiðsögn, aðgang að slíkum upplýsingum, að því marki sem lög viðkomandi ríkis leyfa.

31. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 30. gr. skulu upplýsingar um einkamálefni sem safnað er eða sendar eru samkvæmt samningi þessum, einkum þær sem fjallað er um í 15. og 16. gr., aðeins notaðar í þeim tilgangi sem söfnun þeirra eða sending beindist að.

32. gr.

1. Starfsemi sem varðar ættleiðingu milli landa má ekki verða neinum til óhæfilegs ávinnings, fjárhagslega eða á annan hátt.

2. Aðeins má krefja um og greiða kostnað og útgjöld, þar með talið sanngjarna sérfræðilega þóknun þeirra sem við ættleiðinguna fást.

3. Ekki má greiða forstöðumönnum, stjórnendum eða starfsmönnum stofnana sem við ættleiðingar fást þóknun sem er óhæfilega há miðað við þau störf sem unnin eru.

33. gr.

Verði bært stjórnvald þess vart að eitthvert ákvæði samnings þessa hefur ekki verið virt eða að veruleg hætta sé á að það verði ekki virt skal það þegar í stað tilkynna miðstjórnvaldi ríkis síns um það. Skal miðstjórnvaldið sjá um að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar.

34. gr.

Óski bært stjórnvald þess ríkis þar sem skjal er móttekið þess skal leggja fram þýðingu sem staðfest er að sé í samræmi við frumritið. Sé ekki mælt fyrir um annað skulu væntanlegir kjörforeldrar bera kostnað af slíkri þýðingu.

cle 5, sub-paragraph a), have been met, unless the adoption takes place within a family or unless the contact is in compliance with the conditions established by the competent authority of the State of origin.

Article 30

1. The competent authorities of a Contracting State shall ensure that information held by them concerning the child's origin, in particular information concerning the identity of his or her parents, as well as the medical history, is preserved.

2. They shall ensure that the child or his or her representative has access to such information, under appropriate guidance, in so far as is permitted by the law of that State.

Article 31

Without prejudice to Article 30, personal data gathered or transmitted under the Convention, especially data referred to in Articles 15 and 16, shall be used only for the purposes for which they were gathered or transmitted.

Article 32

1. No one shall derive improper financial or other gain from an activity related to an intercountry adoption.

2. Only costs and expenses, including reasonable professional fees of persons involved in the adoption, may be charged or paid.

3. The directors, administrators and employees of bodies involved in an adoption shall not receive remuneration which is unreasonably high in relation to services rendered.

Article 33

A competent authority which finds that any provision of the Convention has not been respected or that there is a serious risk that it may not be respected, shall immediately inform the Central Authority of its State. This Central Authority shall be responsible for ensuring that appropriate measures are taken.

Article 34

If the competent authority of the State of destination of a document so requests, a translation certified as being in conformity with the original must be furnished. Unless otherwise provided, the costs of such translation are to be borne by the prospective adoptive parents.

35. gr.

Bær stjórnvöld samningsríkja skulu flýta meðferð ættleiðingarmála.

36. gr.

Að því er varðar ríki sem hefur tvö eða fleiri réttarkerfi að því er ættleiðingar varðar sem gilda á mismunandi svæðum:

a. skal litið svo á að með tilvísun til búsetu í því ríki sé vísað til búsetu á svæði í því ríki;

b. skal litið svo á að með tilvísun til laga þess ríkis sé vísað til þeirra laga sem eru í gildi á viðkomandi svæði;

c. skal litið svo á að með tilvísun til bærra stjórnvalda eða til almennra stjórnvalda þess ríkis sé vísað til þeirra sem bær eru til aðgerða á viðkomandi svæði;

d. skal litið svo á að með tilvísun til viðurkenndra stofnana þess ríkis sé vísað til stofnana sem viðurkenndar eru innan viðkomandi svæðis.

37. gr.

Að því er varðar ríki sem hefur tvö eða fleiri réttarkerfi að því er ættleiðingar varðar sem taka til mismunandi hópa manna skal litið svo á að með tilvísun til laga þess ríkis sé vísað til þess réttarkerfis sem lög þess tilgreina.

38. gr.

Ríki þar sem mismunandi svæði hafa sín eigin lög að því er ættleiðingar varðar skal ekki bundið af ákvæðum samningsins í þeim tilvikum þegar ríki með eitt réttarkerfi væri ekki bundið.

39. gr.

1. Samningur þessi hefur engin áhrif á alþjóðlega gerninga sem samningsríki eru aðilar að og hafa að geyma ákvæði um málefni sem skipað er með samningi þessum, nema aðilar að slíkum gerningum gefi yfirlýsingu um hið gagnstæða.

2. Samningsríki getur gert samninga við eitt eða fleiri samningsríki í því skyni að bæta framkvæmd samnings þessa í gagnkvæmum samskiptum þeirra. Með slíkum samningum má ekki víkja frá öðrum ákvæðum en þeim sem eru í 14.–16. gr. og 18.–21. gr. Ríki sem hafa gert slíkan samning skulu senda afrit af honum til vörsluaðila samnings þessa.

Article 35

The competent authorities of the Contracting States shall act expeditiously in the process of adoption.

Article 36

In relation to a State which has two or more systems of law with regard to adoption applicable in different territorial units:

a) any reference to habitual residence in that State shall be construed as referring to habitual residence in a territorial unit of that State;

b) any reference to the law of that State shall be construed as referring to the law in force in the relevant territorial unit;

c) any reference to the competent authorities or to the public authorities of that State shall be construed as referring to those authorized to act in the relevant territorial unit;

d) any reference to the accredited bodies of that State shall be construed as referring to bodies accredited in the relevant territorial unit.

Article 37

In relation to a State which with regard to adoption has two or more systems of law applicable to different categories of persons, any reference to the law of that State shall be construed as referring to the legal system specified by the law of that State.

Article 38

A State within which different territorial units have their own rules of law in respect of adoption shall not be bound to apply the Convention where a State with a unified system of law would not be bound to do so.

Article 39

1. The Convention does not affect any international instrument to which Contracting States are Parties and which contains provisions on matters governed by the Convention, unless a contrary declaration is made by the States Parties to such instrument.

2. Any Contracting State may enter into agreements with one or more other Contracting States, with a view to improving the application of the Convention in their mutual relations. These agreements may derogate only from the provisions of Articles 14 to 16 and 18 to 21. The States which have concluded such an agreement shall transmit a copy to the depositary of the Convention.

40. gr.
Ekki má gera fyrirvara við samning þennan.

41. gr.
Samningur þessi skal gilda um sérhvert tilvik þar sem tekið hefur verið við umsókn skv. 14. gr. eftir að samningurinn hefur öðlast gildi að því er móttökuríkið og upprunaríkið varðar.

42. gr.
Aðalframkvæmdastjóri Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt skal með reglulegu millibili kveðja saman sérnefnd til að fara yfir framkvæmd samnings þessa.

VII. KAFLI
Lokaákvæði.

43. gr.
1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem aðild áttu að Haagráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt á þeim tíma er 17. fundur hennar var haldinn, og þeirra ríkja annarra sem þátt tóku í þeim fundi.
2. Hann skal fullgiltur, staðfestur eða samþykktur og skal skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki komið til vörslu hjá utanríkisráðuneyti konungsríkisins Hollands, vörsluaðila samningsins.

44. gr.
1. Sérhvert annað ríki getur gerst aðili að samningnum eftir að hann hefur öðlast gildi skv. 1. tölul. 46. gr.
2. Aðildarskjali skal komið til vörslu hjá vörsluaðila.
3. Slík aðild hefur einungis gildi að því er varðar samskipti ríkis sem gerist aðili og þeirra samningsríkja sem ekki hafa andmælt aðild þess innan sex mánaða eftir að tilkynningu skv. b-lið 48. gr. er veitt viðtaka. Slík andmæli mega ríki einnig hafa uppi er þau fullgilda, staðfesta eða samþykkja samninginn eftir aðild. Öll slík andmæli skulu tilkynnt vörsluaðila.

45. gr.
1. Ef í ríki eru tvö eða fleiri svæði þar sem mismunandi réttarkerfi gilda um atriði er samningur þessi fjallar um getur það við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild lýst því yfir að samningur þessi skuli taka til allra svæða þess eða einungis til eins þeirra eða fleiri, og getur það

Article 40
No reservation to the Convention shall be permitted.

Article 41
The Convention shall apply in every case where an application pursuant to Article 14 has been received after the Convention has entered into force in the receiving State and the State of origin.

Article 42
The Secretary General of the Hague Conference on Private International Law shall at regular intervals convene a Special Commission in order to review the practical operation of the Convention.

CHAPTER VII
Final Clauses

Article 43
1. The Convention shall be open for signature by the States which were Members of the Hague Conference on Private International Law at the time of its Seventeenth Session and by the other States which participated in that Session.
2. It shall be ratified, accepted or approved and the instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Ministry of Foreign Affairs of the Kingdom of the Netherlands, depositary of the Convention.

Article 44
1. Any other State may accede to the Convention after it has entered into force in accordance with Article 46, paragraph 1.
2. The instrument of accession shall be deposited with the depositary.
3. Such accession shall have effect only as regards the relations between the acceding State and those Contracting States which have not raised an objection to its accession in the six months after the receipt of the notification referred to in sub-paragraph b) of Article 48. Such an objection may also be raised by States at the time when they ratify, accept or approve the Convention after an accession. Any such objection shall be notified to the depositary.

Article 45
1. If a State has two or more territorial units in which different systems of law are applicable in relation to matters dealt with in the Convention, it may at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession declare that this Convention shall extend to all its territorial units or only to one or

hvenær sem er breytt þeirri yfirlýsingu með því að gefa aðra yfirlýsingu.

2. Sérhver slík yfirlýsing skal tilkynnt vörsluaðila og skal þar tilgreina skýrt þau svæði sem samningurinn tekur til.

3. Gefi ríki ekki neina yfirlýsingu samkvæmt þessari grein skal samningurinn taka til allra svæða þess ríkis.

46. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá afhendingu þriðja skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skv. 43. gr.

2. Eftir það skal samningurinn öðlast gildi:

a. að því varðar sérhvert ríki sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir hann síðar eða gerist aðili að honum, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá afhendingu skjals þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;

b. að því varðar svæði sem samningurinn hefur verið látinn ná til skv. 45. gr., á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá tilkynningu þeirri sem vísað er til í þeirri grein.

47. gr.

1. Samningsríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.

2. Uppsögn öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru tólf mánuðir frá því að vörsluaðili tók við tilkynningu. Sé lengri uppsagnarfrestur tilgreindur í tilkynningunni öðlast uppsögnin gildi þegar sá frestur er liðinn frá því að vörsluaðili veitti tilkynningunni viðtöku.

48. gr.

Vörsluaðili skal tilkynna aðildarríkjum Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt, öðrum ríkjum sem tóku þátt í 17. fundi hennar og þeim ríkjum sem hafa gerst aðilar skv. 44. gr. um eftirfarandi:

a. undirritanir, fullgildingar, staðfestingar og samþykki skv. 43. gr.;

b. aðild og andmæli gegn aðild skv. 44. gr.;

c. þann dag er samningurinn öðlast gildi skv. 46. gr.;

more of them and may modify this declaration by submitting another declaration at any time.

2. Any such declaration shall be notified to the depositary and shall state expressly the territorial units to which the Convention applies.

3. If a State makes no declaration under this Article, the Convention is to extend to all territorial units of that State.

Article 46

1. The Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of three months after the deposit of the third instrument of ratification, acceptance or approval referred to in Article 43.

2. Thereafter the Convention shall enter into force:

a) for each State ratifying, accepting or approving it subsequently, or acceding to it, on the first day of the month following the expiration of three months after the deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

b) for a territorial unit to which the Convention has been extended in conformity with Article 45, on the first day of the month following the expiration of three months after the notification referred to in that Article.

Article 47

1. A State Party to the Convention may denounce it by a notification in writing addressed to the depositary.

2. The denunciation takes effect on the first day of the month following the expiration of twelve months after the notification is received by the depositary. Where a longer period for the denunciation to take effect is specified in the notification, the denunciation takes effect upon the expiration of such longer period after the notification is received by the depositary.

Article 48

The depositary shall notify the States Members of the Hague Conference on Private International Law, the other States which participated in the Seventeenth Session and the States which have acceded in accordance with Article 44, of the following:

a) the signatures, ratifications, acceptances and approvals referred to in Article 43;

b) the accessions and objections raised to accessions referred to in Article 44;

c) the date on which the Convention enters into force in accordance with Article 46;

d. yfirlýsingar og tilnefningar sem vísað er til í 22., 23., 25. og 45. gr.;
e. samninga skv. 39. gr.;
f. uppsagnir skv. 47. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað nafn sitt undir samning þennan.

Gjört í Haag 29. maí 1993, á ensku og frönsku, og eru báðir textarnir jafngildir, í einu eintaki sem skal varðveitt í skjalasafni ríkisstjórnar konungsríkisins Hollands, og skal senda staðfest eftirrit eftir diplómatískum leiðum til sérhvers aðildarríkja Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt á þeim tíma er hún hélt 17. fund sinn og til sérhverra annarra ríkja sem tóku þátt í þeim fundi.

d) the declarations and designations referred to in Articles 22, 23, 25 and 45;
e) the agreements referred to in Article 39;
f) the denunciations referred to in Article 47.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

Done at The Hague, on the 29th of May 1993, in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Government of the Kingdom of the Netherlands, and of which a certified copy shall be sent, through diplomatic channels, to each of the States Members of the Hague Conference on Private International Law at the date of its Seventeenth Session and to each of the other States which participated in that Session.

940. Tillaga til þingsályktunar [573. mál]

um staðfestingu samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem gerðir voru í Reykjavík 18. júní 1998:

1. Samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.
2. Samning um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands.
3. Tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að staðfesta eftirtalda samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem gerðir voru í Reykjavík 18. júní 1998: 1. Samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. 2. Samning milli Íslands og Grænlands/Danmerkur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands. 3. Tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs. Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl I–III með þingsályktunartillögu þessari.

Loðnuveiðar á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen hafa á undanförnum árum farið fram á grundvelli samnings milli Íslands, Grænlands/ Danmerkur og Noregs frá 29. júní 1994, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1995 þar sem samningurinn

er birtur. Sá samningur tók við af samningi milli landanna frá 25. júní 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 27/1992. Sá samningur tók við af samningi landanna frá 12. júní 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1989. Fram að gildistöku þess samnings höfðu loðnuveiðar farið fram á grundvelli samkomulags milli Íslands og Noregs frá 28. maí 1980, en sá samningur tók ekki til veiða innan grænlenskrar lögsögu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1980.

Í fyrri þríhliða samningum um stjórnun veiða úr loðnustofninum hefur leyfilegum hámarksafla verið skipt þannig milli aðila að 78% hafa komið í hlut Íslands og 11% í hlut Grænlands og Noregs hvors um sig. Byggt hefur verið á formi eins heildarsamnings þar sem kveðið hefur verið á um skiptingu heildaraflans, fyrirkomulag kvótaúthlutunar og aðgang til veiða í lögsögu landanna.

Samningnum frá 29. júní 1994 var sagt upp af hálfu Grænlands og Íslands og féll hann úr gildi samkvæmt ákvæðum sínum 1. maí 1998. Í viðræðum landanna þriggja um gerð nýs loðnusamnings var af hálfu Íslands lögð áhersla á að hlutur þess af leyfilegum hámarksafla yrði í samræmi við dreifingu loðnustofnsins og raunverulegan hlut í veiðunum undanfarin ár. Enn fremur var það afstaða Íslands að ekki ætti að kveða á um veiðiheimildir aðila í lögsögu hvers annars í þríhliða samningi heldur ættu aðilar að semja um þær í tvíhliða samningum. Loks var af Íslands hálfu talið brýnt að bæta skýrslugjöf um afla.

Á viðræðufundi íslenskra, grænlenskra og norskra embættismanna í Reykjavík dagana 18.–20. maí 1998 náðist samkomulag um nýjan þríhliða samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um skiptingu leyfilegs hámarksafla og fyrirkomulag kvótaúthlutunar. Enn fremur tókst samkomulag um þrjá tvíhliða samninga um gagnkvæmar veiðiheimildir í fiskveiðilögsögu landanna. Samningarnir voru undirritaðir í Reykjavík 18. júní 1998.

Í þríhliða samningnum felst að hlutur Íslands í heildaraflanum eykst úr 78% í 81%, hlutur Grænlands er 11% eða óbreyttur, en hlutur Noregs minnkar úr 11% í 8%. Hinn nýi samningur gerir ekki ráð fyrir öðrum breytingum á skiptingu heildaraflans eða fyrirkomulagi kvótaúthlutunar. Íslandi er því t.d. áfram heimilt, komi í ljós að hlutur Grænlands eða Noregs veiðist ekki að fullu, að veiða það magn sem óveitt er. Samningurinn hefur að geyma skýrara ákvæði um skýrslugjöf aðila en áður var.

Í tvíhliða samningunum um gagnkvæmar veiðiheimildir felast verulegar breytingar frá ákvæðum þríhliða samningsins frá 1994. Í samkomulagi Íslands og Noregs er kveðið á um að norskum skipum sé heimilt að veiða allt að 35% af veiðiheimildum sínum í íslenskri lögsögu, norðan 64°30'N, fyrir 15. febrúar. Íslenskum skipum er heimilt að veiða sama hlutfall veiðiheimilda sinna innan lögsögu Jan Mayen. Samkvæmt samningnum frá 1994 var miðað við 60% af veiðiheimildum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að veiðimöguleikar hafa um langan tíma verið litlir sem engir innan lögsögu Jan Mayen gagnstætt því sem er í íslenskri lögsögu.

Samningur Íslands og Grænlands/Danmerkur gerir ráð fyrir að íslensk skip geti áfram stundað loðnuveiðar í grænlenskri lögsögu. Grænlenskum skipum eru heimilaðar veiðar í íslenskri lögsögu, með þeirri takmörkun þó að eftir 15. febrúar og sunnan 64°30'N er þeim aðeins heimilt að veiða 23 þúsund lestir af loðnu. Samkvæmt samningnum frá 1994 var grænlenskum skipum ekki heimilt að stunda loðnuveiðar í íslenskri lögsögu eftir 15. febrúar eða sunnan 64°30'N, en hins vegar hefur verið vikið frá því með sérstökum samningum milli Íslands og Grænlands árin 1997 og 1998. Í tvíhliða samningi Íslands og Grænlands/Danmerkur eru loks ákvæði sem heimila hvorum aðila veiðar á allt að 50% af úthlutuðum veiðiheimildum sínum í úthafskarfa innan lögsögu hins aðilans. Ákvæði þessi eru nýmæli og geta reynst mjög þýðingarmikil vegna göngu úthafskarfastofnsins.

Samningunum skal beitt til bráðabirgða frá og með upphafi loðnuvertíðar 20. júní 1998 og öðlast þeir gildi þegar aðilar hafa tilkynnt hver öðrum að stjórnskipulegum skilyrðum fyrir gildistöku sé fullnægt. Samningarnir gilda til og með 30. apríl 2001 og framlengjast um tvö ár í senn nema einhver aðilanna segi þeim upp innan sex mánaða fyrir lok upprunalegs gildistíma samninganna eða framlengds gildistíma.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Ísland og Jan Mayen.

1. gr.

Aðilar skulu eiga samvinnu um verndun og nýtingu loðnustofnsins á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

2. gr.

Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla á loðnu fyrir hverja vertíð. Náist ekki samkomulag mun Ísland, sem sá aðili sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi loðnustofninn, ákveða leyfilegan hámarksafla. Noregur og Grænland skulu þó ekki bundin af þeirri ákvörðun sé hún bersýnilega ósanngjörn. Leitast skal við að ákveða fyrir 1. júní ár hvert leyfilegan hámarksafla til bráðabirgða og fyrir 1. desember endanlegan leyfilegan hámarksafla fyrir vertíðina sem hefst 20. júní og stendur til 30. apríl árið eftir.

3. gr.

Leyfilegur hámarksafli skiptist milli aðila þannig:

Grænland	11	af hundraði,
Ísland	81	af hundraði,
Noregur	8	af hundraði.

4. gr.

1. Eftir að vertíð hefst geta Grænland og Noregur hvort veitt sinn hlut af þeim leyfilega hámarksafla sem búist er við að verði ákveðinn fyrir vertíðina („væntanlegum leyfilegum hámarksafla"). Við mat á því munu aðilar taka mið af vinnureglum Alþjóðahafrannsóknaráðsins um að leyfilegur hámarksafli, sem ákveðinn er til bráðabigða fyrir sumar- og haustvertíðina, nemi að jafnaði tveimur þriðju hlutum af endanlegum leyfilegum hámarksafla á vertíðinni.

AVTALE
mellom Island, Grønland/Danmark og Norge om loddebestanden i farvannene mellom Grønland, Island og Jan Mayen

Artikkel 1

Partene skal samarbeide om bevaring og forvaltning av loddebestanden i farvannene mellom Grønland, Island og Jan Mayen.

Artikkel 2

Partene skal søke å bli enige om den største tillatte totalfangst (TAC) for lodde for hver enkelt sesong. Hvis det ikke oppnås enighet, skal Island som den Part som har den største interesse i loddebestanden, fastsette den største tillatte fangstmengde. Norge og Grønland skal imidlertid ikke være bundet av denne fastsettelse dersom den er åpenbart urimelig. Man skal innen 1. juni og 1. desember hvert år, forsøke å fastsette henholdvis den foreløpige og den endelige TAC for den sesong som begynner 20. juni og varer til 30. april påfølgende år.

Artikkel 3

Den største tillatte totalfangst skal fordeles mellom Partene som følger:

Grønland:	11	prosent,
Island:	81	prosent,
Norge:	8	prosent.

Artikkel 4

1. Etter sesongstart har Grønland og Norge adgang til å fiske sine respektive andeler av den TAC som antas å ville bli fastsatt for hele sesongen (den forventede TAC). Ved vurderingen legger Partene til grunn de retningslinjer som er vedtatt av ICES, om at den foreløpige TAC for sommer og høstperioden som regel skal utgjøre 2/3 av den endelig TAC for hele sesongen.

2. Ef í ljós kemur að hlutur Noregs eða Grænlands veiðist ekki skal Íslandi heimilt að veiða það magn sem óveitt er.

5. gr.

Ef í ljós kemur að Grænland og/eða Noregur hafa samkvæmt ákvæðum 4. gr. veitt stærri hlut en þann sem þeir hafa til ráðstöfunar skal draga það magn sem umfram er frá hlut þeirra á næstu vertíð og úthluta því til Íslands.

6. gr.

1. Verði endanlegur leyfilegur hámarksafli ákveðinn hærri en væntanlegur leyfilegur hámarksafli og veiði Grænland og/eða Noregur ekki sinn hlut af því sem kemur til viðbótar og úthlutað er til þeirra skal Íslandi heimilt að veiða það magn sem óveitt er. Fari svo skal Grænland og/eða Noregur fá bætur frá Íslandi á næstu vertíð sem nema 11 af hundraði og 8 af hundraði af afla Íslands úr viðbótaraflanum, eftir því sem við á.

2. Bætur skv. 1. mgr. skulu minnka að því marki sem Grænland og/eða Noregur veiðir úr sínum viðbótarhlut.

3. Hafi Ísland, beint eða óbeint, fengið framseldan hlut frá Grænlandi og/eða Noregi skal ekki reikna með því magni við bótaútreikning.

4. Leiði bætur samkvæmt þessari grein til þess á einhverri vertíð að skiptingin verði bersýnilega ósanngjörn skulu aðilar reyna að ná samkomulagi um það hvernig bótum skuli háttað.

7. gr.

1. Ákveði aðili að framselja sinn hlut að fullu eða að hluta skal hann tilkynna það hinum aðilunum.

2. Framseldur hlutur skal dreginn frá hlut þess aðila er framselur. Afli skal dreginn frá heildarkvóta þess aðila er fær hlut framseldan til sín.

8. gr.

Aðilar skulu heimila löndun loðnuafla í höfnum sínum.

9. gr.

Aðilar skulu eigi síðar en 15. hvers mánaðar upplýsa hver annan um veiðar undanfarandi mánaðar, skipt eftir lögsögu.

2. Hvis det viser seg, at de norske og grønlandske kvotene ikke oppfiskes, tillates Island å fiske det resterende kvantum.

Artikkel 5

Hvis det viser seg, at Grønland og/eller Norge i henhold til bestemmelsene i artikkel 4 har fisket et større kvantum enn disse Parters disponible kvoter, skal det overskytende kvantum komme til fradrag på disse Parters kvote i den påfølgende sesong, og overføres til Island.

Artikkel 6

1. Hvis den endelige TAC fastsettes høyere enn den forventede TAC, og Grønland og/eller Norge ikke fisker sin andel av tilleggskvoten, som dermed er til disposisjon for dem, tillates Island å fiske det resterende kvantum. I så tilfelle skal Grønland og/eller Norge få kompensasjon fra Island i den påfølgende sesong, som tilsvarer henholdsvis 11 prosent og 8 prosent av Islands fangst av tilleggskvoten.

2. En eventuell kompensasjon i henhold til punkt 1 reduseres i det omfang Grønland og/eller Norge har fisket av sin tilleggskvote.

3. Hvis Island, direkte eller indirekte, har fått overført kvote fra Grønland og/eller Norge, medregnes ikke dette kvantum ved beregning av kompensasjonen.

4. Hvis kompensasjon i henhold til denne artikkel i en sesong fører til en fordeling som er klart urimelig, skal Partene søke å bli enige om på hvilken måte kompensasjonen skal gjennomføres.

Artikkel 7

1. Hvis en av Partene beslutter å overføre sin kvote, helt eller delvis, skal de øvrige Parter informeres om dette.

2. Overførte kvoter fratrekkes den overførende Parts kvote. Fangster fratrekkes de samlede kvoter som den mottakende Parten har til disposisjon.

Artikkel 8

Partene skal tillate landing av loddefangster i de respektive Parters havner.

Artikkel 9

Partene skal, senest den 15. i hver måned informere de øvrige Parter om fiskeriet i forrige måned, fordelt på soner.

10. gr.

Í ljósi umræðu um gervihnattaeftirlit innan NEAFC skulu aðilar hafa samráð varðandi gagnkvæmt eftirlit með fiskiskipum í lögsögu aðila, með það að markmiði að taka slíkt kerfi í notkun 1. janúar 2000.

11. gr.

Aðilar skulu m.a. vinna saman að vísindalegum rannsóknum á loðnustofninum. Þeir skulu enn fremur upplýsa um þær aðgerðir sem þeir grípa til innan eigin lögsögu til verndunar smáloðnu og aðrar verndunaraðgerðir.

12. gr.

1. Aðilar skulu hafa gagnkvæmar heimildir til að veiða í lögsögu hver annars eftir því sem þeir ná samkomulagi um. Hafi aðilar ekki ákveðið annað í tvíhliða samningi eða samkomulagi skulu heimildir til veiða í lögsögu hinna aðilanna nema 35 af hundraði af þeim hlut sem aðilar hafa fengið, sbr. 3. gr., auk framseldra hluta frá öðrum aðila.

2. Semja má um frekari ákvæði um veiðiheimildir og önnur skilyrði varðandi veiðar skv. 1. mgr. í tvíhliða samningi eða samkomulagi milli aðila.

13. gr.

Aðilar skulu halda fund a.m.k. einu sinni á ári, til skiptis í löndunum þremur, til að ræða framkvæmd samningsins.

14. gr.

Samningnum skal beitt til bráðabirgða frá og með 20. júní 1998. Samningurinn öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum skriflega eftir diplómatískum leiðum að nauðsynlegum stjórnskipulegum skilyrðum fyrir gildistöku sé fullnægt. Samningurinn skal gilda til og með 30. apríl 2001 og framlengist um tvö ár í senn nema einhver aðilanna segi honum upp innan sex mánaða fyrir lok upprunalegs gildistíma samningsins eða framlengds gildistíma.

Reykjavík, 18. júní 1998.

Fyrir Ísland
Jóhann Sigurjónsson

Fyrir Grænland/Danmörku
Klaus Otto Kappel

Fyrir Noreg
Knut Taraldset

Artikkel 10

Partene skal i lys av behandlingen av satelittsporing innenfor NEAFC, konsultere vedrørende gjensidig sporing av fiskefartøy i Partenes respektive fiskerisoner, med sikte på implementering av et slikt system fra 1. januar år 2000.

Artikkel 11

Partene skal bl. a. samarbeide om gjennomføring av vitenskapelig forskning vedrørende loddebestanden. Videre skal Partene informere om de tiltak som de iverksetter innenfor egne soner for å verne om smålodde og andre bevaringstiltak.

Artikkel 12

1. Partene skal ha gjensidig adgang til å fiske i hverandres fiskerisoner i slikt omfang som Partene måtte ble enige om. Fiskeadgangen i de andre Partenes respektive fiskerisoner skal utgjøre 35 prosent av de respektive kvoter Partene har fått tildelt jfr. artikkel 3, samt overføringer fra en av Partene, dersom Partene ikke har bestemt annet i bilaterale avtaler eller arrangementer.

2. Supplerende bestemmelser om fiskeadgang og andre betingelser for utøvelse av fisket i henhold til punkt 1, vil kunne avtales etter bilaterale avtaler eller arrangementer mellom Partene.

Artikkel 13

Partene skal møtes minst en gang i året, vekselvis i hvert av de tre land, for å drøfte gjennomføringen av Avtalen.

Artikkel 14

Avtalen skal anvendes midlertidig fra og med 20. juni 1998. Avtalen trer i kraft når alle Parter skriftlig har meddelt hverandre gjennom diplomatiske kanaler at de nødvendige konstitusjonelle krav for ikrafttredelse er oppfylt. Avtalen skal gjelde til og med 30. april 2001, og forlenges med 2 år om gangen, med mindre en av Partene sier opp Avtalen senest 6 måneder før utløpet av Avtalens opprinnelige periode, eller en tilleggsperiode.

Reykjavik, den 18. juni 1998.

For Island
Jóhann Sigurjónsson

For Grønland/Danmark
Klaus Otto Kappel

For Norge
Knut Taraldset

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands.

1. gr.

Samningur þessi nær til veiða grænlenskra skipa á loðnu og karfa í fiskveiðilögsögu Íslands og veiða íslenskra skipa á loðnu og karfa í fiskveiðilögsögu Grænlands.

2. gr.

Skipum sem skráð eru í Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild er heimilt að stunda loðnuveiðar úr kvóta Grænlands í fiskveiðilögsögu Íslands til 15. febrúar, norðan 64°30'N. Eftir 15. febrúar og sunnan 64°30'N nær þessi heimild einungis til veiða á 23.000 lestum.

Skipum sem skráð eru á Íslandi og fullnægja skilyrðum íslenskra fiskveiðilaga um eignaraðild er heimilt að stunda loðnuveiðar úr kvóta Íslands í fiskveiðilögsögu Grænlands, austan Hvarfs og norðan 64°30'N.

3. gr.

Skipum sem skráð eru á Íslandi og fullnægja skilyrðum íslenskra fiskveiðilaga um eignaraðild er heimilt að veiða allt að 50 af hundraði af úthafskarfakvóta Íslands í fiskveiðilögsögu Grænlands, austan Hvarfs.

Skipum sem skráð eru í Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild er heimilt að veiða allt að 50 af hundraði af úthafskarfakvóta Grænlands í fiskveiðilögsögu Íslands.

4. gr.

Fiskistofa í Reykjavík og Fiskistofa í Nuuk annast umsóknir um veiðileyfi og útgáfu þeirra.

5. gr.

Grænlensk skip er stunda veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands og íslensk skip er stunda veiðar innan fiskveiðilögsögu Grænlands skulu, auk gildandi löggjafar fyrir viðkomandi lögsögu, fylgja eftirfarandi reglum:

1. Tilkynna skal fyrir fram um komu inn í fiskveiðilögsögu með staðarákvörðun við sendingu tilkynningar og við væntanlega komu í lögsöguna, auk upplýsinga um afla um borð.

AFTALE
om gensidigt fiskeri i Islands og Grønlands fiskerizoner

Art. 1

Denne aftale omfatter grønlandske fartøjers loddefiskeri og fiskeri efter rødfisk i Islands fiskerizone og islandske fartøjers loddefiskeri og fiskeri efter rødfisk i Grønlands fiskerizone.

Art. 2

Fartøjer, som er registrerede i Grønland, og som opfylder den grønlandske fiskerilovs krav til ejerskab, tillades at fiske lodde på grønlandsk kvote i islandsk fiskerizone ind til 15. februar, nord for 64°30'N. Efter 15. februar og syd for 64°30'N gælder denne adgang kun for 23.000 tons.

Fartøjer, som er registrerede i Island, og som opfylder den islandske fiskerilovs krav til ejerskab, tillades at fiske lodde på islandsk kvote i Grønlands fiskerizone øst for Kap Farvel og nord for 64°30' N.

Art. 3

Fartøjer, som er registrerede i Island, og som opfylder den islandske fiskerilovs krav til ejerskab, tillades at fiske pelagisk rødfisk i Grønlands fiskerizone øst for Kap Farvel inden for 50% af den islandske kvote.

Fartøjer, som er registrerede i Grønland, og som opfylder den grønlandske fiskerilovs krav til ejerskab, tillades at fiske pelagisk rødfisk i islandsk fiskerizone inden for 50% af den grønlandske kvote.

Art. 4

Fiskistofa i Reykjavik og Grønlands Fiskeri Licens Kontrol i Nuuk behandler ansøgninger og udstedelser af licenser.

Art. 5

Et grønlandsk fartøj, der fisker inden for Islands fiskerizone, og et islandsk fartøj, der fisker inden for Grønlands fiskerizone, skal ud over eksisterende lovgivning for den pågældende zone overholde følgende:

1: Melding sendes på forhånd om ankomst til fiskerizonen med angivelse af position for meldingens afsending og forventet position for indsejling i zonen samt med angivelse af fangst om bord.

2. Tilkynna skal daglega milli kl. 10.00 og 12.00 UTC um staðarákvörðun og afla undanfarandi sólarhrings.
3. Þegar farið er út úr fiskveiðilögsögu skal tilkynna um heildarafla um borð.

6. gr.

Hvor aðili skal senda hinum aðilanum allar reglur sem gilda um veiðar á loðnu og karfa í fiskveiðilögsögu sinni. Enn fremur skal senda yfirlit þar sem gildandi reglum er lýst. Aðilar skulu auk þess leitast við að samræma viðkomandi reglur svo sem kostur er.

7. gr.

Samningnum skal beitt til bráðabirgða frá og með 20. júní 1998. Samningurinn öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum skriflega eftir diplómatískum leiðum að nauðsynlegum stjórnskipulegum skilyrðum fyrir gildistöku sé fullnægt. Samningurinn skal gilda til og með 30. apríl 2001 og framlengist um tvö ár í senn nema einhver aðilanna segi honum upp innan sex mánaða fyrir lok upprunalegs gildistíma samningsins eða framlengds gildistíma.

Reykjavík, 18. júní 1998.

Fyrir Ísland
Jóhann Sigurjónsson

Fyrir Grænland/Danmörku
Klaus Otto Kappel

2: På daglig basis informeres mellem kl. 10:00 og 12:00 UTC om aktuel position og foregående døgns fangst.
3: Ved udsejling af fiskerizonen informeres om den totale fangst om bord.

Art. 6

Hver af Parterne udleverer til den anden Part alle de regler, som er relevante for fiskeri efter lodde og rødfisk i sin fiskerizone. Videre udleveres en oversigt, som beskriver de gældende regler. Parterne skal herudover søge at samordne relevante regler i så høj grad som muligt.

Art. 7

Aftalen skal anvendes midlertidigt fra og med 20. juni 1998. Aftalen træder i kraft når Parterne skriftligt har meddelt hinanden gennem diplomatiske kanaler at de nødvendige konstitutionelle krav for ikrafttrædelse er opfyldt. Avtalen skal gælde til og med 30. april 2001 og forlænges med 2 år ad gangen, med mindre en af Parterne opsiger aftalen, senest 6 måneder før udløbet af aftalens oprindelige periode, eller en tillægsperiode.

Reykjavik, den 18. juni 1998.

For Island
Jóhann Sigurjónsson

For Grønland/Danmark
Klaus Otto Kappel

Fylgiskjal III.

TVÍHLIÐA SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs.

Í tengslum við samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Ísland og Jan Mayen, sem gerður er í Reykjavík 18. júní 1998, hafa Ísland og Noregur gert eftirfarandi tvíhliða samkomulag fyrir tímabilið sem áðurnefndur samningur er í gildi:

1. Ísland heimilar norskum skipum að veiða 35 af hundraði af þeim hlut í loðnu sem Noregur fær skv. 3. gr. í áðurnefndum samningi, auk framseldra hluta frá öðrum aðila, í efnahagslögsögu Íslands norðan 64°30'N til 15. febrúar á hverri vertíð.
2. Við veiðar í efnahagslögsögu Íslands takmarkast fjöldi norskra skipa, sem fá leyfi til að veiða samtímis, við 30 þar til 1. desember. Eftir þann tíma takmarkast fjöldi þeirra við 20.
3. Noregur heimilar íslenskum skipum að veiða 35 af hundraði af þeim hlut í loðnu sem Ísland fær skv. 3. gr. í áðurnefndum samningi, auk framseldra hluta frá öðrum aðila, í fiskveiðilögsögu Jan Mayen til 15. febrúar á hverri vertíð.
4. Umsóknir um leyfi má senda saman fyrir öll skip sem til greina koma og skal fjallað um þær í Fiskistofu í Reykjavík og Fiskistofu í Björgvin, eftir því sem við á.
5. Veiðarnar skulu stundaðar samkvæmt reglum sem gilda um veiðar erlendra skipa í lögsögu landanna eða samkvæmt reglum sem aðilar koma sér saman um.
6. Hvor aðili skal senda hinum aðilanum allar reglur sem gilda um loðnuveiðar í fiskveiðilögsögu sinni. Enn fremur skal senda yfirlit þar sem gildandi reglum er lýst. Aðilar skulu leitast við að samræma reglurnar svo sem kostur er.

Reykjavík, 18. júní 1998.

Fyrir Ísland
Jóhann Sigurjónsson

Fyrir Noreg
Knut Taraldset

BILATERALT ARRANGEMENT
mellom Island og Norge

I tilknytning til Avtale mellom Island, Grønland/Danmark og Norge om loddebestanden i farvannene mellom Grønland, Island og Jan Mayen, inngått i Reykjavik 18. juni 1998, er Island og Norge blitt enige om følgende bilaterale arrangement for den periode nevnte Avtale er gyldig:

1. Island tillater norske fartøy å fiske 35% av den andel som tilfaller Norge i henhold til artikkel 3 i nevnte Avtale, samt overføringer fra en av Partene, av lodde i Islands økonomiske sone nord for 64°30'N, i hver sesong inntil 15. februar.
2. Ved fiske i Islands økonomiske sone, begrenses det antall norske fartøy som får tillatelse til å fiske samtidig i sonen til 30 inntil 1. desember. Etter den tid begrenses antall fartøy til 20.
3. Norge tillater islandske fartøy å fiske 35% av den andel som tilfaller Island i henhold til artikkel 3 i nevnte Avtale, samt overføringer fra en av Partene, av lodde i fiskerisonen ved Jan Mayen i hver sesong inntil 15. februar.
4. Søknader om lisenser kan sendes samlet for alle aktuelle fartøyer og skal behandles av henholdsvis Fiskistofa i Reykjavik og Fiskeridirektoratet i Bergen.
5. Fisket skal foregå i henhold til de regler som gjelder for utenlandske fartøyers fiske i landenes soner, eller i henhold til de regler som Partene blir enige om.
6. Hver av Partene skal sende den andre Parten, alle regler som er relevante for loddefisket i sin sone. Videre skal følge en oversikt som beskriver de gjeldende regler. Partene skal forsøke å samordne reglene i så stor grad som mulig.

Reykjavik, den 18. juni 1998.

For Island
Jóhann Sigurjónsson

For Norge
Knut Taraldset

941. Fyrirspurn [574. mál]

til iðnaðarráðherra um álver á Keilisnesi og virkjanir vegna þess.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvenær og í tíð hvaða ráðherra var gefið út virkjanaleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun?
2. Hvaða áform voru uppi um álver á Keilisnesi? Lá fyrir mat á því hver hefði orðið losun svokallaðra gróðurhúsalofttegunda frá slíkri verksmiðju?
3. Hvaða virkjanir var fyrirhugað að reisa í tengslum við álver á Keilisnesi? Hversu stór hefðu uppistöðulónin orðið og hver hefðu umhverfisáhrif slíkra virkjana orðið að öðru leyti?

Skriflegt svar óskast.

942. Fyrirspurn [575. mál]

til forsætisráðherra um jörðina Skriðuklaustur í Fljótsdal.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að jörðin Skriðuklaustur í Fljótsdal verði í heild sinni sett undir menntamálaráðuneytið og umsjá hennar falin stjórn Gunnarsstofnunar?

Skriflegt svar óskast.

943. Frumvarp til laga [350. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. mars.)

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 24. gr. laga nr. 83/1997, orðast svo:

Í fangelsum skal starfa hæfilegur fjöldi fangavarða og annars starfsliðs. Ráðherra skipar yfirfangaverði til fimm ára í senn. Forstjóri fangelsismálastofnunar skipar fangaverði til fimm ára í senn. Áður en fangavörður er skipaður til starfa skal hann hafa lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins. Forstöðumaður fangelsis ræður aðra starfsmenn.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Einnig getur fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis enda stundi hann vinnu eða nám sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt, búi á sérstakri stofnun eða heimili þar sem hann er undir eftirliti og vinnan eða námið er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný. Fangi skal greiða gjöld sem slíkar stofnanir eða heimili innheimta hjá vistmönnum.

3. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það og skal klefinn vera læstur að næturlagi. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að klefar séu ólæstir í tilteknum fangelsum eða fangelsisdeildum eða í öðrum tilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með.

4. gr.

2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá 1. og 2. tölul. 1. mgr. 23. gr.

5. gr.

Á eftir IV. kafla laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur nýr kafli, IV. kafli A, **Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu,** með tveimur nýjum greinum, 26. gr. a og 26. gr. b, svohljóðandi:

a. (26. gr. a.)

Nú innheimtist fésekt ekki og lögreglustjóri hefur ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu hennar og er þá heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 20 klukkustundir og mest 480 klukkustundir.

Hafi dómþoli í einni eða fleiri refsiákvörðun verið dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi og gert að greiða fésekt verður vararefsing ekki fullnustuð með samfélagsþjónustu ef samanlögð fangelsisrefsing og vararefsing er lengri en eitt ár. Sama gildir ef fullnusta á í einu lagi vararefsingu samkvæmt fleiri en einni sektarákvörðun.

b. (26. gr. b.)

Ákvæði 23.–26. gr. laganna gilda um fullnustu vararefsingar samkvæmt þessum kafla að öðru leyti en því að í stað þess að umsókn um afplánun vararefsingar með samfélagsþjónustu sé send fangelsismálastofnun skal sektarþoli senda lögreglustjóra slíka beiðni skriflega eigi síðar en sjö dögum eftir að honum barst tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar.

Þegar lögreglustjóra berst beiðni um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu skal hann framsenda fangelsismálastofnun beiðnina til ákvörðunar ásamt gögnum máls og umsögn sinni.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Þó skal 5. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2000.

944. Frumvarp til laga [351. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (reynslulausn o.fl.).

(Eftir 2. umr., 2. mars.)

1. gr.

40. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 16/1976 og 4. gr. laga nr. 42/1985, orðast svo:

Þegar fangi hefur afplánað ⅔ hluta refsitímans getur Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

Reynslulausn má þó veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans.

Reynslulausn verður ekki veitt ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör sem nægja honum til framfærslu. Yfirlýsing hans skal og fengin um að hann vilji hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fyrir reynslulausn.

Þegar fangi fær lausn til reynslu skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn verður reynslulausn ekki veitt. Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar.

2. gr.

41. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 16/1976 og 5. gr. laga nr. 82/1998, orðast svo:

Reynslutími skal vera allt að 3 árum. Nú er óafplánað fangelsi lengra en 3 ár, og má þá ákveða reynslutíma allt að 5 árum.

Það er skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Ákveða má að reynslulausn skuli vera bundin því skilyrði að aðili sé háður umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar ríkisins eða annars aðila sem hún ákveður, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans. Enn fremur má binda reynslulausn þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 3. mgr. 57. gr. Skilyrði um vistun á hæli getur þó eigi staðið lengur en til loka refsitímans.

Fangelsismálastofnun ríkisins tekur ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.

3. gr.

42. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, 5. gr. laga nr. 42/1985 og 6. gr. laga nr. 82/1998, orðast svo:

Nú fremur aðili nýtt brot eftir að hann hlýtur reynslulausn og rannsókn hefst hjá lögreglu gegn honum sem sakborningi fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll sem fjallar um mál þetta refsingu í einu lagi fyrir brot það sem nú er dæmt um og svo með hliðsjón af fangelsisrefsingu sem óafplánuð er samkvæmt reglum 60. gr. þannig að fangelsi samkvæmt eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

Rjúfi aðili skilorð að öðru leyti getur Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðið hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmæltu hámarki hans eða að aðili taki út refsingu sem eftir stendur.

Nú er ekki tekin ákvörðun um að aðili afpláni fangelsisrefsingu sem hann átti ólokið, sbr. 1. og 2. mgr., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki sem aðili fékk reynslulausn.

Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sbr. 2. mgr., og má þá veita reynslulausn á ný þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 40. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 41. gr. um reynslutíma en þó þannig að dreginn skal frá sá tími sem hann hefur notið reynslulausnar áður.

Nú er aðili sem sætt hefur nokkrum hluta fangelsisrefsingar náðaður skilorðsbundið, og er þá heimilt að setja honum þau skilyrði að hann hlíti ákvæðum 1.–4. mgr.

4. gr.

4. mgr. 56. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 22/1955, orðast svo:

Mál aðila má taka upp að nýju ef rannsókn hefst hjá lögreglu gegn honum sem sakborningi áður en skilorðstíma lýkur út af nýju broti sem hann hefur framið á skilorðstímanum eða áður en máli var frestað, svo og ef hann rýfur ella í veigamiklum atriðum skilyrði þau sem honum voru sett.

5. gr.

58. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 22/1955 og 12. gr. laga nr. 84/1996, orðast svo:

Þegar umsjón er gerð að skilyrði fer Fangelsismálastofnun ríkisins með hana eða felur umsjónina öðrum aðila. Fangelsismálastofnun getur af sjálfsdáðum eða eftir tilmælum aðila breytt fyrirmælum sem aðila hafa verið sett skv. 2., 5. og 6. tölul. 3. mgr. 57. gr.

Nú hefur aðila verið sett skilyrði um dvöl á hæli skv. 4. tölul. 3. mgr. 57. gr., og getur Fangelsismálastofnun þá vegna breyttra ástæðna fellt skilyrðið niður að nokkru leyti eða öllu, að fengnum tillögum forstöðumanns hælis, ef því er að skipta.

6. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1981 og 12. gr. laga nr. 84/1996, orðast svo:

Ef aðili rýfur í verulegum atriðum skilyrði þau eða fyrirmæli sem honum hafa verið sett skv. 1.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. getur ákærandi krafist þess að dómari taki málið fyrir að nýju, enda sé skilorðstími ekki liðinn þegar rannsókn á skilorðsrofi hefst hjá lögreglu gegn viðkomandi manni.

7. gr.

1. málsl. 60. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1981, orðast svo: Nú hefst rannsókn hjá lögreglu gegn manni sem sakborningi fyrir lok skilorðstíma, og er dómstólum þá heimilt að dæma refsingu fyrir það brot sér í lagi án skilorðs, en láta skilorðsdóm haldast.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

945. Frumvarp til laga [346. mál]

um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 161/1994, sbr. lög nr. 73/1996.

(Eftir 2. umr., 2. mars.)

1. gr.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Gjaldið skal vera 6.800 kr. og greiðist í sérstakan útflutningssjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Er því ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorðs en 5% gjaldsins skal greiða í stofnverndarsjóð sem starfar skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim sem greitt hafa útflutningsgjald skv. 5. gr. frá gildistöku laga nr. 84/1997, um búnaðargjald, þar til lög þessi öðlast gildi skal endurgreiddur sá hluti gjaldsins sem runnið hefur til Búnaðarmálasjóðs.

946. Frumvarp til laga [576. mál]

um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

2. gr.

Landsvæði innan neðangreindra marka og Þingvallavatn skulu vera sérstakt vatnsverndarsvæði: Að sunnan eru mörkin úr Stapa við Úlfljótsvatn (markapunktur milli Kaldárhöfða og Efribrúar í Grímsneshreppi) þvert yfir vatnið í Sauðatanga, þaðan bein lína í hornpunkt jarðanna Úfljótsvatns og Hlíðar efst í Baulugili (við Þrívörðuflatir). Þaðan ráða mörk þeirra jarða að hreppamörkum Grímsnes/Grafningshrepps og Ölfushrepps. Þaðan ráða hreppamörk í hápunkt Skeggja (markapunktur jarðanna Nesjavalla og Nesja) og þaðan bein lína í markapunkt við Sæluhúsatótt (á sýslumörkum Kjósarsýslu og Árnessýslu). Þaðan ræður lína í eystri enda Mjóavatns og áfram í markapunkt jarðarinnar Skálabrekku við Hádegisholt. Síðan ráða mörk jarðanna Skálabrekku og Kárastaða í sýslumörk Árnessýslu og Kjósarsýslu. Sýslumörk ráða allt norður að mörkum Biskupstungnahrepps á Langjökli. Þaðan ráða mörk Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps í hornpunkt (vestan Brúarárskarða) á hreppamörkum á Rótarsandi, þaðan ræður bein lína í eystri Hrútatind (norðan Miðfjalls), síðan í hæsta punkt Ása og þaðan bein lína í há-Fagradalsfjall á mörkum jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns. Þaðan ræður bein lína í hornpunkt jarðar Laugarvatns sunnan megin (á Markahryggjum) og síðan ráða mörk þeirrar jarðar og hreppamörk Laugardalshrepps og Grímsnes/

Grafningshrepps á Biskupsbrekkum. Þaðan liggja mörkin í há-Þrasaborg. Þaðan ráða mörk jarðarinnar Kaldárhöfða í Stapa við Úlfljótsvatn.

Um vatnsverndun innan þjóðgarðsins á Þingvöllum eins og mörk hans eru ákveðin í lögum gilda ákvæði laga um þjóðgarðinn.

3. gr.

Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Umhverfisráðherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Þingvallanefnd nánari reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar og getur ákveðið að jarðrask, bygging mannvirkja, borun eftir vatni, taka jarðefna og vinnsla auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir séu háðar sérstöku leyfi hans. Ráðherra er einnig heimilt að binda samþykki á framkvæmdum innan verndarsvæðisins þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg vegna verndunar samkvæmt lögum þessum.

Vatnsverndun á landinu skal ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema umhverfisráðherra telji að sú notkun leiði til þess að vatni á svæðinu verði spillt. Getur ráðherra þá ákveðið takmarkanir á beit og öðrum nytjarétti innan verndarsvæðisins.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skal birta í Stjórnartíðindum.

4. gr.

Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.

Umhverfisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd verndunarinnar, þar með talið um breytingar á vatnshæð og takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið. Telji ráðherra að slík losun í Þingvallavatn samrýmist ekki verndun vatnsins getur hann bannað hana. Ákvarðanir þessar skal ráðherra taka að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Þingvallanefnd.

Þrátt fyrir ákvæði laga um lax- og silungsveiði er óheimilt án leyfis umhverfisráðherra að stunda fiskirækt eða fiskeldi í eða við Þingvallavatn.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum sem renna í ríkissjóð, að lágmarki 10.000 kr. og að hámarki 50.000 kr., til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum eða til þess að láta af atferli sem er ólögmætt.

6. gr.

Um verndarsvæði samkvæmt lögum þessum fer eftir 36.–38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 93/1996.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við umræður um endurskoðun laga um friðun Þingvalla sem eru frá 1928 og stækkun þess landsvæðis var vakin athygli á nauðsyn þess að tryggja verndun vatnasviðs Þingvallavatns

og vatnsins sjálfs, en vatnasvið þess er stærsta grunnvatnsauðlind á Íslandi. Þar sem hér á landi hafa ekki enn verið sett almenn lög um verndun grunnvatns eða annars nytjavatns voru settar fram hugmyndir um að ný lög um friðun Þingvalla mundu einnig mæla fyrir um friðun eða verndun stærra svæðis en næsta nágrennis Þingvalla. Hér er hins vegar sú leið farin að kveða á um verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess í sérstökum lögum. Slík lagasetning, þar sem kveðið er sérstaklega á um vernd tiltekinna vatna, vatnasviða þeirra og lífríkis, er ekki einsdæmi hér á landi, sbr. t.d. lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, og lög nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar.

Í þessu frumvarpi er lagt til að allt svæðið frá vatnaskilum í Hengli inn í Langjökul verði sérstakt vatnsverndarsvæði og fellur þannig Þingvallavatn og mestur hluti vatnasviðs þess saman í órofa heild með hinum menningarlegu og náttúrufræðilegu minjum. Frumvarpið var samið undir forsjá Þingvallanefndar og er með því og frumvarpi til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum leitast við að móta verndarstefnu á þessu svæði til frambúðar.

Rannsóknir vísindamanna á Þingvallasvæðinu og sérstaklega Þingvallavatni og lífríki þess hafa orðið til að beina sjónum manna að mikilvægi þess að friða og vernda þetta landsvæði. Auk náttúrunnar eru orku- og neysluvatnsauðlindir svæðisins mikilvægar fyrir þjóðina. Talið er að á Þingvalla- og Brúarársvæðinu ofan við Brúarfoss, sem alls er um 1.260 ferkílómetrar, sé um þriðjungur af öllu lindarvatni í byggð á Íslandi. Þessi aðstaða auk hins sérstaka lífríkis Þingvallavatns hefur leitt til þess að talið hefur verið nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að friða og vernda vatnasvið Þingvallavatns og vatnið sjálft. Þessi friðun kæmi til viðbótar friðun á því landi sem lagt er undir helgistað þjóðarinnar á Þingvöllum. Eins og áður sagði hafa almenn lög um vatnsvernd ekki verið sett hér á landi enn sem komið er en talið er brýnt að setja þegar lög sem tryggi verndun vatnasviðs Þingvallavatns. Við setningu almennra laga um vatnsvernd væri kostur á að fella þær lagareglur sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir inn í almenn lög um vatnsvernd.

Með frumvarpinu eru birt eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Yfirlitsmynd af Þingvallasvæðinu sem sýnir mörk verndarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns.
II. Um Þingvelli, Þingvallavatn og vatnasvið þess, greinargerð unnin af dr. Pétri M. Jónassyni prófessor.
III. Kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um tilgang laganna sem er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Er það í samræmi við þá verndarhagsmuni sem búa að baki frumvarpinu, þ.e. að tryggja fyrst og fremst verndun vatns og þá einkum grunnvatns.

Um 2. gr.

Sú friðun sem hinu svonefnda verndarsvæði er búin í frumvarpinu tekur mið af því markmiði að tryggja verndun vatns, einkum grunnvatns. Mörk vatnsverndarsvæðisins eru dregin með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna á rennsli grunnvatns í Þingvallavatn og með það í huga að tryggja einnig verndun Þingvallavatns í heild. Þessar rannsóknir sýna að grunnvatn af svæðinu norðan Skjaldbreiðar milli hæstu tinda Þórisjökuls og Hlöðufells og inn á Langjökul hefur afrennsli í Þingvallavatn. Nær Þingvallavatni afmarkast aðrennslissvæðið að mestu af hæstu fjöllum og hryggjum milli þeirra. Sunnan Þingvallavatns liggur aðrennslissvæðið frá hæstu brúnum Hengilsins og tekur verndarsvæðið til þess.

Vatnsverndarsvæðið er afmarkað þannig að norðan Botnssúlna að vestan og Brúarárskarða að austan ráða sýslu- og hreppamörk, þ.e. annars vegar sýslumörk Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu og hins vegar mörk Laugardalshrepps og Biskupstungnahrepps. Frá Brúarárskörðum er dregin bein lína til suðurs í há-Fagradalsfjall á mörkum jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns.

Innan vatnsverndarsvæðisins, eins og það er afmarkað í frumvarpinu, falla lönd jarðanna Mjóaness, Miðfells, Skálabrekku, Nesja, Villingavatns, Króks og Hagavíkur sem allar eru í einkaeign, svo og lönd jarðanna Nesjavalla og Ölfusvatns, og hluti af landi jarðarinnar Úlfljótsvatns, sem eru í eigu Reykjavíkurborgar, enn fremur lönd jarðanna Kaldárhöfða og Heiðarbæjar, en þær eru eign ríkisins og leigðar ábúendum. Þá tekur verndarsvæðið jafnframt til hluta af landi jarðarinnar Laugarvatns.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er ekki hluti af vatnsverndarsvæðinu. Samkvæmt frumvarpi til laga um þjóðgarðinn er Þingvallanefnd ætlað að tryggja verndun vatns, þar á meðal Þingvallavatns, innan þjóðgarðsins og tryggir það að náð verði markmiðum þeirrar vatnsverndar sem felst í frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Óheimilt er að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það innan vatnsverndarsvæðisins, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn. Í samræmi við það skal umhverfisráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Þingvallanefnd setja nánari reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar. Þannig getur hann ákveðið að jarðrask og bygging mannvirkja á verndarsvæðinu sé háð leyfi ráðherra, sem gætir verndunarsjónarmiða, auk þess sem fá þyrfti hefðbundin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda, þ.m.t. leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Með sama hætti yrði óheimilt að reisa fjallaskála eða önnur mannvirki á verndarsvæðinu utan byggðarinnar nema með leyfi ráðherra en nokkuð hefur verið um að fjallaskálar hafi verið reistir á þessu svæði. Þá getur ráðherra sett reglur um flutning og meðferð mengandi efna á verndarsvæðinu, olíu og leysiefna.

Rétt þykir að taka skýrt fram að ráðherra er heimilt að binda samþykki á framkvæmdum innan verndarsvæðisins þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg vegna verndunarinnar, en þarna gæti t.d. verið um að ræða ákveðinn frágang mannvirkja til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá mannvirkinu.

Það land sem fellur undir verndarsvæðið er nú að stærstum hluta til nýtt sem upprekstrarland fyrir sauðfé úr Þingvallasveit, Grímsnesi/Grafningi og Laugardal auk þess sem innan svæðisins eru lönd einstakra jarða. Í greininni er tekið fram að friðun á verndarsvæðinu skuli ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema umhverfisráðherra telji að sú notkun leiði til þess að vatni á svæðinu verði spillt. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið takmarkanir á beit og öðrum nytjarétti innan verndarsvæðisins.

Um 4. gr.

Í frumvarpinu er mælt sérstaklega fyrir um verndun á lífríki Þingvallavatns og að þess skuli gætt að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikju og urriðastofna sem nú lifa í vatninu. Þingvallavatn er nú á náttúruminjaskrá samkvæmt lögum nr. 93/1996, um náttúruvernd, en sérstakar reglur hafa ekki verið settar á grundvelli þeirra laga til að tryggja frekari verndun vatnsins. Eins og lýst er í fyrsta kaflanum í fylgiskjali II með frumvarpinu er Þingvallavatn sérstakt m.a. fyrir þær sakir að það er talið eina þekkta vatnið í heiminum þar sem finnast fjögur afbrigði af bleikju. Urriðastofn sá sem þreifst til langs tíma í Þingvallavatni

og Efra-Sogi var einnig sérstakur. Mikilvægt er talið að gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að búsvæðum og hrygningarstöðvum þessara stofna verði ekki raskað. Í því efni og fyrir lífríki vatnsins að öðru leyti skiptir miklu að vatnshæð sé haldið stöðugri og höfð sé sérstök gát á því hvaða efni kunna að berast í vatnið með frárennsli og fráveitum. Því er lagt til að umhverfisráðherra verði fengnar valdheimildir, auk hinna almennu valdheimilda sem önnur stjórnvöld hafa, til að setja reglur um takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið. Þetta yrðu þá sérstakar og strangari reglur en almennt gilda um slík mál. Ákvarðanir um bann við losun í Þingvallavatn verður ráðherra að taka að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Þingvallanefnd.

Vegna þeirrar sérstöku mengunar- og sjúkdómahættu sem stafar af fiskirækt og fiskeldi er lagt til að bannað verði að stunda slíka starfsemi í eða við Þingvallavatn. Með orðunum „við Þingvallavatn“ er miðað við að slík starfsemi taki vatn, hafi frárennsli eða hafi önnur líffræðileg tengsl við Þingvallavatn.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.


Lagt er til að farið skuli eftir ákvæðum 36.–38. gr. laga nr. 93/1996, um náttúruvernd, um verndarsvæði samkvæmt frumvarpinu. Tilgreind ákvæði laganna mæla fyrir um hvaða reglur skuli gilda við sölu jarðar sem öll eða að hluta hefur verið sett á náttúruminjaskrá, heimild umhverfisráðherra til að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi og um bótareglur af þeim sökum.


Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Yfirlitsmynd af Þingvallasvæðinu sem sýnir mörk verndarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns.





VERNDUN VATNASVIÐS ÞINGVALLAVATNS

Mörk verdarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Skv. frumvarpi til laga

Jarðir í eigu Reykjavíkurborgar

Laugarvatnsjörð, stefnumörkun um nýtingu jarðarinnar skv. samningi frá 5. janúar 1996

Friðlýst svæði

Svæði á náttúruminjaskrá

Mörk vatnasviðs Þingvallavatns

Sýslumörk

Hreppamörk

Bær, bygging / eyðibýli

Fyrirvari er um nákvæmni staðsetninga stjórnsýslumarkalína á uppdrættinum, t.d. á há jöklum og fjöllum vegna mis nákvæmra stöfvakortagrunna

Unnið á kortagrunna frá Landmælingum Íslands skv. samningi

Kortagerð : út, cács, Landmótun ehf 11. 12. 1998

Fylgiskjal II með frumvarpinu var greinargerð dr. Péturs M. Jónassonar: Um Þingvelli, Þingvallavatn og vatnasvið þess. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 1229 (699. mál 122. löggjafarþings) A-deild Alþt. 1997–98, bls. 5314–5326.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Með frumvarpi þessu er stuðlað að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Lagt er til að allt svæðið frá vatnaskilum í Hengli inn í Langjökul verði sérstakt vatnsverndarsvæði og að óheimilt verði að gera nokkuð það sem getur spillt eða mengað vatn innan svæðisins.

Ekki verður séð að samþykkt laganna hafi veruleg áhrif á kostnað ríkissjóðs.

947. Lög [537. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars.)

Samhljóða þskj. 861.

948. Lög [282. mál]

um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars.)

Samhljóða þskj. 933.

949. Lög [361. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars.)

Samhljóða þskj. 497.

950. Frumvarp til laga [577. mál]

um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Upphæð lána má vera allt að 65% kostnaðarverðs eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Upphæð lána til kaupa á jörðum má vera allt að 70% af matsverði eignar. Lán er heimilt að veita í áföngum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. mgr. 8. gr. nr. 68/1997 er gert ráð fyrir upphæð lána megi vera allt að 60% kostnaðarverðs eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert.

Með bréfi dagsettu 29. janúar 1999 óskaði stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins eftir að landbúnaðarráðherra beitti sér fyrir því að lögum nr. 68/1997, sem sjóðurinn starfar eftir, yrði breytt í þá veru sem hér er lagt til. Rök stjórnarinnar voru þau að hækkun á almennu lánshlutfalli í 65% yrði til þess að sjóðurinn gæti veitt viðskiptamönnum sínum sambærilega þjónustu og aðrar fjármálastofnanir, sbr. Íbúðalánasjóð sem starfar eftir lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998. Þá telur stjórn sjóðsins mikilvægt til þess að greiða fyrir nauðsynlega nýliðun í landbúnaði að hafa mögulegt lánshlutfall til kaupa á jörðum 70% matsverði eignar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að hækka lán úr allt að 60% af kostnaðarverði framkvæmda í allt að 65% en í allt að 70% af virðingarverði eignar þegar um er að ræða lán til kaupa á jörðum.

Lánasjóðurinn telur að útlán hefðu orðið 25–30 m.kr. á árinu 1998 ef lánshlutföll hefðu verið samkvæmt frumvarpinu á því ári. Gert er ráð fyrir að hækkun lánshlutfalls létti greiðslubyrði lántakenda miðað við núverandi útlánsvexti og lánstíma. Ástæðan er sú að sjóðurinn býður hagkvæmari kjör en aðrir fjárfestingalánasjóðir hér á landi enda fær hann tekjur af búnaðargjaldi sem lagt er á búvöruframleiðslu. Hækki lánshlutfallið þarf lántaki ekki að leita eftir dýrara fjármagni hjá öðrum lánastofnunum til að fjármagna þann hluta heildarkostnaðar sem ekki greiðist af eigin fé og láni frá Lánasjóðnum. Hagkvæmari lánakjör ættu að stuðla að betri skilum og draga úr hættu á útlánatapi. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar sjóðsins og greiðir þær ef eignir og tekjur hans hrökkva ekki til.

Fjármálaráðuneytið telur að samþykkt frumvarpsins hafi ekki í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, enda verði þess gætt að taka ekki meiri áhættu við ákvörðun um útlán en hefur verið.

951. Fyrirspurn [578. mál]

til félagsmálaráðherra um afföll á húsbréfalánum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hver var heildarfjöldi húsbréfalána árin 1990–93?
2. Hve há voru afföll húsbréfalána í prósentum þennan tíma að meðaltali eftir mánuðum?
3. Hve háar upphæðir þurftu húsbréfakaupendur að greiða á þessum árum?
4. Hve hátt fóru afföllin á einn einstakling á þessum tíma?

Skriflegt svar óskast.

952. Nefndarálit [341. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Þráinsson frá umhverfisráðuneyti, Ólaf Nielsen og Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Sigmar B. Hauksson frá Skotvís.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að umhverfisráðherra verði falið að láta gera ítarlegar rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu hérlendis sem hafi að markmiði að stuðla að skynsamlegri nýtingu rjúpnastofnsins. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur fengið hafa rannsóknir á rjúpnastofninum alfarið verið fjármagnaðar úr veiðikortasjóði. Þann sjóð skal skv. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nota til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Engar reglur eru til um úthlutanir úr veiðikortasjóði og að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að slíkar reglur verði settar.

Fulltrúar Náttúrufræðistofnunar Íslands benda á að mikill skortur sé á upplýsingum um vetrarafföll rjúpu og mikilvægt sé að efla rannsóknir á þessu sviði. Nefndin leggur því til að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Tómas Ingi Olrich voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1999.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.
Jónas Hallgrímsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Kristján Pálsson.

Magnús Árni Magnússon.

953. Fyrirspurn [579. mál]

til landbúnaðarráðherra um verðlagningu sauðfjárafurða og kjör sauðfjárbænda.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert var skilaverð á dilkakjöti til bænda árin 1995–98?
2. Hvernig hefur verð á dilkakjöti til neytenda þróast árin 1995–98?
3. Hver var hlutur milliliða í verði dilkakjöts árin 1995–98 og hvernig skiptist sá hlutur milli þeirra innbyrðis, annars vegar á innanlandsmarkaði og hins vegar á erlendum markaði?

4. Hvaða áform liggja fyrir um fækkun sláturhúsa og mjólkursamlaga og hverjir eru eigendur þeirra, skipt eftir kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

954. Breytingartillögur [230. mál]

við till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001.

Frá Sólveigu Pétursdóttur.

1. Í stað „1998–2001“ í 1. mgr. komi: 1999–2001.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001.

955. Fyrirspurn [580. mál]

til félagsmálaráðherra um sérstakan stuðning við handverksfólk í dreifbýli.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hyggur félagsmálaráðherra á sérstakar aðgerðir til að styrkja framleiðslu íslenskra handverksmuna sem hefur skapað fólki í sveitum atvinnu? Ef svo er, hverjar eru þær?

Skriflegt svar óskast.

956. Lög [323. mál]

um Lífeyrissjóð bænda.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 932.

957. Þingsályktun [230. mál]

um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 257 með þessari breytingu:

1. mgr. tillögugreinarinnar hljóðar svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1999–2001 sem hafi að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010.

958. Lög [350. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 943.

959. Lög [351. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (reynslulausn o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 944.

960. Lög [476. mál]

um breytingu á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 781.

961. Lög [512. mál]

um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 824.

962. Lög [346. mál]

um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 161/1994, sbr. lög nr. 73/1996.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 945.

963. Lög [529. mál]

um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 849.

964. Tillaga til þingsályktunar [581. mál]

um fullgildingu samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra sem samþykktur var í Ósló 18. september 1997.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögunni.

Samningurinn var samþykktur á ráðstefnu um alþjóðlegt bann við jarðsprengjum sem beint er gegn liðsafla í Ósló 18. september 1997. Hann var lagður fram til undirritunar á ráðstefnu í Ottawa 3. og 4. desember 1997. Hinn 16. febrúar 1999 hafði 131 ríki undirritað samninginn og 64 ríki höfðu fullgilt hann. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd 4. desember 1997. Hann öðlast gildi á fyrsta degi sjötta mánaðar eftir þann mánuð þegar fertugasta fullgildingarskjalið hefur verið afhent, þ.e. 1. mars 1999. Að því er varðar ríki sem afhenda fullgildingarskjal sitt eftir afhendingardag fertugasta skjalsins öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi sjötta mánaðar eftir daginn sem það ríki afhendir fullgildingarskjal sitt.

Samningurinn bannar notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutning jarðsprengna sem beint er gegn liðsafla. Jafnframt skuldbindur samningurinn aðildarríki til að eyða slíkum sprengjum sem þau eiga eða hafa umráð yfir eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en fjórum árum eftir að samningurinn öðlast gildi að því er viðkomandi aðildarríki varðar. Hins vegar tekur samningurinn ekki til jarðsprengna sem beint er gegn skriðdrekum. Jarðsprengjusvæði skulu samkvæmt samningnum hreinsuð eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en tíu árum eftir að samningurinn öðlast gildi að því er viðkomandi aðildarríki varðar. Jafnframt er að finna í samningnum ýmis ákvæði um aukna samvinnu og gagnkvæma aðstoð hvað varðar leit að jarðsprengjum og hreinsun svæða þar sem þeim hefur verið komið fyrir, svo og um aðstoð við fórnarlömb jarðsprengna. Einnig eru ákvæði í samningnum um framkvæmd hans og upplýsingaskyldu aðildarríkja. Samningurinn, sem stundum er nefndur Ottawasamningurinn, er þriðji alþjóðasamningurinn sem lýtur að jarðsprengjum sem beint er gegn liðsafla. Fyrri samningar, sem gerðir voru árin 1980 og 1996, miða að því að takmarka notkun jarðsprengna gegn liðsafla en þeir skuldbinda aðildarríki ekki, líkt og Ottawasamningurinn, til að framleiða ekki jarðsprengjur og eyða birgðum.

Bakgrunnur samningsins er hin mikla dreifing og notkun jarðsprengna gegn liðsafla í heiminum og þær afleiðingar sem þetta hefur haft í för með sér. Þrátt fyrir víðtæka hreinsun á jarðsprengjum víða um heim á undanförnum árum er talið að a.m.k. 60–70 milljónir sprengna séu enn faldar í jörðu. Að líkindum er um helmingur sprengnanna á landsvæði tólf ríkja. Talið er að um 10 milljónir sprengna séu í Angóla og svipað magn í hinum kúrdíska hluta Írak. Í Afganistan er álitið að um sex milljónir sprengna liggi niðurgrafnar og um fimm milljónir í Kambódíu. Mikill fjöldi sprengna er og í Bosníu-Hersegóvínu, Króatíu, El Salvador, Eþíópíu, Mósambík og Súdan.

Gildi samningsins ber ekki síst að meta út frá mannúðarsjónarmiðum. Óhætt er að fullyrða að í ríkjum þar sem jarðsprengjum hefur verið komið fyrir í miklu magni eru áhrifin á þjóðlífið gífurleg. Vikulega deyða og limlesta jarðsprengjur yfir 500 manns um heim allan eða um 26.000 manns á ári og er stærstur hluti þeirra óbreyttir borgarar, þar á meðal fjölmörg börn. Stór landsvæði eru ónýtanleg til ræktar vegna jarðsprengna sem komið hefur verið fyrir á átakatímum. Samgöngu- og flutningaleiðir eru lokaðar þeirra vegna. Leiðir að vatnsbólum er lokaðar fyrir mönnum og dýrum. Flóttamenn geta ekki snúið til fyrri heimkynna. Hreinsun jarðsprengjusvæða er bæði hægfara og afar kostnaðarsöm.

Tilurð Ottawasamningsins má rekja til síðari hluta níunda áratugarins þegar læknar á vegum Rauða krossins og starfslið ýmissa frjálsra félagasamtaka hófu að vekja athygli á því hve gífurlegt vandamál hefði skapast vegna lagningar jarðsprengna. Árið 1992 stóðu sex frjáls félagasamtök að stofnun alþjóðlegrar hreyfingar til að banna jarðsprengjur (International Campaign to Ban Landmines) en þau fengu friðarverðlaun Nóbels 1997. Pólitískur stuðningur við jarðsprengjubann fór vaxandi þegar á leið en tilraunir til að ná samkomulagi árin 1995 og 1996 báru aðeins takmarkaðan árangur. Í október 1996 var haldin ráðstefna í Ottawa um bann við jarðsprengjum og tóku 50 ríki þátt í henni auk fjölda áheyrnarfulltrúa frá öðrum ríkjum og fulltrúa nokkurra tuga frjálsra félagasamtaka. Með þessu hófst hið svokallaða Ottawaferli sem lauk með samþykkt áðurnefnds samnings í Ósló 18. september 1997 og framlagningu hans til undirritunar í Ottawa 3. og 4. desember sama ár.

Með samningnum er stigið stórt skref til að uppræta jarðsprengjur sem beint er gegn liðsafla. Enn er þó langt í land að bægja frá hættunni sem stafar af þeim sprengjum sem fyrir eru víðs vegar um heim og skiptir miklu hvernig staðið verður að framkvæmd samningsins. Jafnframt ber að hafa í huga að allmörg ríki hafa ekki gerst aðilar að samningnum. Þar á meðal eru Kína, Rússland, Suður-Kórea og Indland. Bandaríkin hafa lýst sig fylgjandi banni við jarðsprengjum gegn liðsafla og stóðu m.a. fyrir ályktunartillögu þess efnis á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1996. Bandaríkin tóku þátt í samningaviðræðunum í Ósló en ákváðu að undirrita ekki samninginn eftir að þeim mistókst að fá samþykktar undanþágur að því er varðar jarðsprengjur í Kóreu og notkun „blandaðra“ jarðsprengna sem beint er gegn skriðdrekum en hafa einnig innbyggðar sprengjur gegn liðsafla.

Samningurinn er 22 greinar og er efni þeirra í stuttu máli eftirfarandi:

1. gr. er meginákvæði samningsins og er þar kveðið á um bann við notkun, framleiðslu, birgðasöfnun og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og aðildarríki skuldbundin til að eyða slíkum sprengjum. Einnig er bannað að veita aðstoð við aðgerðir sem óheimilar eru samkvæmt samningnum.

2. gr. felur í sér skilgreiningar á helstu hugtökum samningsins, þar á meðal jarðsprengjum gegn liðsafla, en þær eru skilgreindar sem jarðsprengjur sem ætlað er að springa sakir nærveru manns, nálægðar hans eða snertingar. Jarðsprengjur sem ætlað er að springa sakir nærveru ökutækis, nálægðar eða snertingar þess teljast ekki jarðsprengjur gegn liðsafla.

3. gr. kveður á um undanþágur frá banni við geymslu eða flutningi jarðsprengna gegn liðsafla. Undanþágur eiga við þegar um er að ræða t.d. jarðsprengjuhreinsun eða eyðingu.

4. gr. skuldbindur ríki til að eyða birgðum af jarðsprengjum gegn liðsafla í síðasta lagi fjórum árum eftir gildistöku samningsins að því er viðkomandi ríki varðar.

5. gr. skuldbindur ríki til eyðingar jarðsprengna gegn liðsafla á svæðum sem heyra undir lögsögu þess eða stjórn innan tíu ára frá gildistöku samningsins að því er viðkomandi ríki varðar. Einnig er kveðið á um að fundur aðildarríkja megi veita allt að tíu ára viðbótarfrest telji aðildarríki sig ekki getað staðið við skuldbindingu um eyðingu innan tilskilins frests. Einnig eru ákvæði um verndun íbúa gegn jarðsprengjum með tilteknum aðgerðum.

6. gr. fjallar um alþjóðlega samvinnu og aðstoð við að hreinsa jarðsprengjusvæði og eyða birgðum ásamt aðstoð við fórnarlömb jarðsprengna.

7. og 8. gr. kveða á um aðgerðir sem tryggja eiga framkvæmd samningsins. Í grundvallaratriðum er byggt á víðtækri upplýsingagjöf aðildarríkja til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, m.a. um ráðstafanir á landsvísu til að hrinda ákvæðum samningsins í framkvæmd, birgðir af jarðsprengjum og staðsetningu jarðsprengjusvæða. Skulu upplýsingar uppfærðar árlega. Komi upp vafi um hvort ákvæði samningsins séu virt er kveðið á um ákveðin skref sem aðildarríki geta stigið fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjórans í því skyni að fá úr honum skorið. Meðal annars er gert ráð fyrir skipun rannsóknarsendinefnda í þessu skyni.

9. gr. skuldbindur aðildarríki til að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu og á öðrum sviðum til þess að koma í veg fyrir brot á samningnum af hálfu einstaklinga eða á yfirráðasvæði sem heyrir undir lögsögu þess eða stjórn.

10. gr. fjallar um lausn deilumála sem upp kunna að koma og kveður á um samráð og samvinnu í slíkum tilfellum, m.a. með því að leggja þau fyrir fund aðildarríkja.

11. gr. kveður á um reglulega fundi aðildarríkja um mál er varða framkvæmd samningsins og skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna boða til fyrsta fundar innan árs frá því að samningurinn öðlast gildi. Fundir skulu síðan vera árlega þar til fyrsta endurskoðunarráðstefnan er haldin en skv. 12. gr. skal boða til hennar fimm árum eftir að samningurinn öðlast gildi.

13. gr. staðfestir rétt sérhvers aðildarríkis til að leggja til breytingar á samningnum og kveður á um meðferð slíkra tillagna. Breytingar eru háðar samþykki tveggja þriðju hluta greiddra atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa á ráðstefnu um breytingar.

14. gr. lýtur að kostnaði af fundum og ráðstefnum aðildarríkja.

15.–22. gr. fjalla m.a. um undirritun, fullgildingu, gildistöku, beitingu til bráðabirgða, fyrirvara, gildistíma, uppsögn og vörsluaðila, en hann er aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.

Dómsmálaráðuneytið hefur til athugunar setningu nýrra laga eða breytingu á núgildandi lögum til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem í samningnum felast.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.

Formálsorð.

Aðildarríkin,

sem hafa einsett sér að binda enda á þjáningar og manntjón af völdum jarðsprengna gegn liðsafla sem drepa eða limlesta hundruð manna í viku hverri, oftast saklausa og varnarlausa borgara, einkum börn,

CONVENTION
on the Prohibition of the Use, Stockpiling, Production and Transfer of Anti Personnel Mines and on Their Destruction

Preamble

The States Parties,

Determined to put an end to the suffering and casualties caused by anti personnel mines, that kill or maim hundreds of people every week, mostly innocent and defenceless civilians and especially chil-

hindra efnahagsþróun og endurreisn, koma í veg fyrir heimsendingu flóttamanna og uppflosnaðra manna innan lands og hafa í för með sér fleiri alvarlegar afleiðingar árum saman eftir að þeim er komið fyrir,

dren, obstruct economic development and reconstruction, inhibit the repatriation of refugees and internally displaced persons, and have other severe consequences for years after emplacement,

sem telja nauðsynlegt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að stuðla á skilvirkan og samræmdan hátt að því að tekist verði á við það örðuga verkefni að fjarlægja jarðsprengjur gegn liðsafla sem hefur verið komið fyrir um heim allan og tryggja að þeim verði eytt,

Believing it necessary to do their utmost to contribute in an efficient and coordinated manner to face the challenge of removing anti personnel mines placed throughout the world, and to assure their destruction,

sem hyggjast gera allt sem í þeirra valdi stendur til að aðstoða við umönnun og endurhæfingu fórnarlamba jarðsprengna, meðal annars félagslega og efnahagslega enduraðlögun þeirra,

Wishing to do their utmost in providing assistance for the care and rehabilitation, including the social and economic reintegration of mine victims,

sem viðurkenna að algert bann við jarðsprengjum gegn liðsafla yrði einnig mikilvægur liður í að vekja traust,

Recognizing that a total ban of anti personnel mines would also be an important confidence building measure,

sem fagna samþykkt bókunar um bann við eða takmarkanir á notkun jarðsprengna, sprengigildra og annars tækjabúnaðar, eins og henni var breytt 3. maí 1996, sem fylgir með samningnum um bann við eða takmarkanir á notkun tiltekinna hefðbundinna vopna sem telja má að séu háskaleg úr hófi fram eða hafi tilviljunarkennd áhrif og beina þeim tilmælum til allra ríkja, sem hafa enn ekki fullgilt fyrrnefnda bókun, að þau geri það hið fyrsta,

Welcoming the adoption of the Protocol on Prohibitions or Restrictions on the Use of Mines, Booby Traps and Other Devices, as amended on 3 May 1996, annexed to the Convention on Prohibitions or Restrictions on the Use of Certain Conventional Weapons Which May Be Deemed to Be Excessively Injurious or to Have Indiscriminate Effects, and calling for the early ratification of this Protocol by all States which have not yet done so,

sem fagna einnig ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 51/45 S frá 10. desember 1996 þar sem öll ríki eru hvött til þess að framfylgja í einu og öllu skilvirkum, lagalega skuldbindandi alþjóðasamningi sem bannar notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutning jarðsprengna gegn liðsafla,

Welcoming also United Nations General Assembly Resolution 51/45 S of 10 December 1996 urging all States to pursue vigorously an effective, legally binding international agreement to ban the use, stockpiling, production and transfer of anti personnel landmines,

sem fagna enn fremur ráðstöfunum sem hafa verið gerðar á undanförnum árum, bæði einhliða og marghliða, og miða að því að banna, takmarka eða hætta notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla,

Welcoming furthermore the measures taken over the past years, both unilaterally and multilaterally, aiming at prohibiting, restricting or suspending the use, stockpiling, production and transfer of anti personnel mines,

sem leggja áherslu á þann þátt sem vitund almennings á í því að þoka meginreglum mannúðar áleiðis, eins og hún birtist í kröfunni um algert bann við jarðsprengjum gegn liðsafla, og sem viðurkenna tilraunir Alþjóða rauða krossins og Rauða hálfmánans, alþjóðlegs átaks til að stuðla að banni við jarðsprengjum og fjölmargra annarra frjálsra félagasamtaka um heim allan í þá átt,

Stressing the role of public conscience in furthering the principles of humanity as evidenced by the call for a total ban of anti personnel mines and recognizing the efforts to that end undertaken by the International Red Cross and Red Crescent Movement, the International Campaign to Ban Landmines and numerous other non governmental organizations around the world,

sem hafa í huga Ottawayfirlýsinguna frá 5. október 1996 og Brusselyfirlýsinguna frá 27. júní 1997 þar sem þjóðir heims eru hvattar til að gera alþjóðlegan og lagalega bindandi samning sem bannar notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutning jarðsprengna gegn liðsafla,

Recalling the Ottawa Declaration of 5 October 1996 and the Brussels Declaration of 27 June 1997 urging the international community to negotiate an international and legally binding agreement prohibiting the use, stockpiling, production and transfer of anti personnel mines,

sem leggja áherslu á gildi þess að fá öll ríki til þess að gerast aðilar að þessum samningi og sem ásetja sér að vinna ötullega að því að hann öðlist almenna viðurkenningu á viðeigandi vettvangi, meðal annars hjá Sameinuðu þjóðunum, á afvopnunarráðstefnunni, meðal svæðisbundinna stofnana og hópa og á ráðstefnu um endurskoðun samningsins um bann við eða takmarkanir á notkun tiltekinna hefðbundinna vopna sem telja má að séu háskaleg úr hófi fram eða hafi tilviljunarkennd áhrif,

Emphasizing the desirability of attracting the adherence of all States to this Convention, and determined to work strenuously towards the promotion of its universalization in all relevant fora including, inter alia, the United Nations, the Conference on Disarmament, regional organizations, and groupings, and review conferences of the Convention on Prohibitions or Restrictions on the Use of Certain Conventional Weapons Which May Be Deemed to Be Excessively Injurious or to Have Indiscriminate Effects,

sem ganga út frá þeirri meginreglu alþjóðlegra mannúðarlaga að réttur aðila að hernaðarátökum til þess að velja aðferðir eða brögð í ófriði er ekki ótakmarkaður, þeirri meginreglu sem leggur bann við að í hernaðarátökum séu notuð vopn, skeyti og efni og stríðsaðferðum beitt sem valda meini eða þjáningum að óþörfu og þeirri meginreglu að gera beri greinarmun á borgurum og stríðsmönnum,

Basing themselves on the principle of international humanitarian law that the right of the parties to an armed conflict to choose methods or means of warfare is not unlimited, on the principle that prohibits the employment in armed conflicts of weapons, projectiles and materials and methods of warfare of a nature to cause superfluous injury or unnecessary suffering and on the principle that a distinction must be made between civilians and combatants,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

Have agreed as follows:

1. gr.
Almennar skuldbindingar.

1. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til þess að gera aldrei neitt af því sem hér fer á eftir:

a. að nota jarðsprengjur gegn liðsafla;
b. að þróa, framleiða, verða sér úti um með öðrum hætti, safna birgðum af, varðveita eða flytja til einhvers, beint eða óbeint, jarðsprengjur gegn liðsafla;
c. að aðstoða, hvetja eða ýta undir einhvern, á hvaða hátt sem er, til að taka þátt í einhverjum þeim aðgerðum sem aðildarríki eru óheimilar samkvæmt þessum samningi.

2. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að eyða öllum jarðsprengjum gegn liðsafla, eða tryggja að þeim verði eytt, í samræmi við ákvæði þessa samnings.

2. gr.
Skilgreiningar.

1. „Jarðsprengja gegn liðsafla" merkir jarðsprengju sem er ætlað að springa sakir nærveru manns, nálægðar hans eða snertingar og gerir einn

Article 1
General obligations

1. Each State Party undertakes never under any circumstances:

a) To use anti personnel mines;
b) To develop, produce, otherwise acquire, stockpile, retain or transfer to anyone, directly or indirectly, anti personnel mines;
c) To assist, encourage or induce, in any way, anyone to engage in any activity prohibited to a State Party under this Convention.

2. Each State Party undertakes to destroy or ensure the destruction of all anti personnel mines in accordance with the provisions of this Convention.

Article 2
Definitions

1. "Anti personnel mine" means a mine designed to be exploded by the presence, proximity or contact of a person and that will incapacitate, injure or kill

mann eða fleiri ófæra, særir þá eða drepur. Jarðsprengjur, sem er ætlað að springa sakir nærveru ökutækis, nálægðar eða snertingar þess, en ekki manns, og hafa meðhöndlunarvarnarbúnað, teljast ekki jarðsprengjur gegn liðsafla af þeirri ástæðu að þær eru með þeim búnaði.

2. „Jarðsprengja" merkir hergagn sem koma á fyrir undir yfirborði jarðar eða öðru yfirborði, leggja á það eða koma fyrir í námunda við það og er ætlað að springa sakir nærveru, nálægðar eða snertingar manns eða ökutækis.

3. „Meðhöndlunarvarnarbúnaður" merkir búnað sem er ætlað að verja jarðsprengjuna og er hluti af henni eða tengdur, festur við eða settur undir hana og fer í gang þegar tilraun er gerð til þess að meðhöndla jarðsprengjuna eða eiga við hana af ásetningi með öðrum hætti.

4. „Flutningur" merkir, auk eiginlegs flutnings jarðsprengna gegn liðsafla inn á innlent yfirráðasvæði eða út af því, flutning eignarréttar á og yfirráða yfir jarðsprengjunum, en ekki afsal yfirráðasvæðis þar sem jarðsprengjum gegn liðsafla hefur verið komið fyrir.

5. „Jarðsprengjusvæði" merkir svæði þar sem hætta er á ferðum vegna þess að þar eru jarðsprengjur eða grunur leikur á að svo sé.

3. gr.

Undanþágur.

1. Þrátt fyrir almennar skuldbindingar skv. 1. gr. er heimilt að geyma eða flytja jarðsprengjur gegn liðsafla til að þróa tækni og veita þjálfun í jarðsprengjuleit, jarðsprengjuhreinsun eða aðferðum til að eyða þeim. Fjölda slíkra jarðsprengna ber að takmarka við það lágmark sem er algerlega nauðsynlegt til að þjóna þeim markmiðum sem um getur hér að framan.

2. Heimilt er að flytja jarðsprengjur gegn liðsafla í þeim tilgangi að eyða þeim.

4. gr.

Eyðing birgða af jarðsprengjum gegn liðsafla.

Með fyrirvara um ákvæði 3. gr. skuldbindur sérhvert aðildarríki sig til að eyða öllum birgðum af jarðsprengjum gegn liðsafla sem það á eða hefur umráð yfir eða sem heyra undir lögsögu þess eða stjórn eða tryggja að þeim verði eytt eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en fjórum árum eftir að þessi samningur öðlast gildi að því er viðkomandi aðildarríki varðar.

one or more persons. Mines designed to be detonated by the presence, proximity or contact of a vehicle as opposed to a person, that are equipped with anti handling devices, are not considered anti personnel mines as a result of being so equipped.

2. "Mine" means a munition designed to be placed under, on or near the ground or other surface area and to be exploded by the presence, proximity or contact of a person or a vehicle.

3. "Anti handling device" means a device intended to protect a mine and which is part of, linked to, attached to or placed under the mine and which activates when an attempt is made to tamper with or otherwise intentionally disturb the mine.

4. "Transfer" involves, in addition to the physical movement of anti personnel mines into or from national territory, the transfer of title to and control over the mines, but does not involve the transfer of territory containing emplaced anti personnel mines.

5. "Mined area" means an area which is dangerous due to the presence or suspected presence of mines.

Article 3

Exceptions

1. Notwithstanding the general obligations under Article 1, the retention or transfer of a number of anti personnel mines for the development of and training in mine detection, mine clearance, or mine destruction techniques is permitted. The amount of such mines shall not exceed the minimum number absolutely necessary for the above mentioned purposes.

2. The transfer of anti personnel mines for the purpose of destruction is permitted.

Article 4

Destruction of stockpiled anti personnel mines

Except as provided for in Article 3, each State Party undertakes to destroy or ensure the destruction of all stockpiled anti personnel mines it owns or possesses, or that are under its jurisdiction or control, as soon as possible but not later than four years after the entry into force of this Convention for that State Party.

5. gr.

Eyðing jarðsprengna gegn liðsafla á jarðsprengjusvæðum.

1. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að eyða öllum jarðsprengjum gegn liðsafla á jarðsprengjusvæðum sem heyra undir lögsögu þess eða stjórn eða tryggja að þeim verði eytt eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en tíu árum eftir að þessi samningur öðlast gildi að því er viðkomandi aðildarríki varðar.

2. Sérhvert aðildarríki skal leitast við að finna öll svæði, sem heyra undir lögsögu þess eða stjórn, þar sem vitað er eða grunur leikur á að jarðsprengjum gegn liðsafla hafi verið komið fyrir og skulu tryggja eins fljótt og við verður komið að öll jarðsprengjusvæði sem heyra undir lögsögu þess eða stjórn, þar sem jarðsprengjur gegn liðsafla er að finna, séu afmörkuð, haft sé eftirlit með þeim og þau umgirt eða varin á annan hátt þannig að tryggt sé að borgarar fari ekki inn á þau þar til öllum jarðsprengjum gegn liðsafla á svæðinu hefur verið eytt. Merkingar skulu að minnsta kosti vera í samræmi við staðlana sem eru í bókun um bann við eða takmarkanir á notkun jarðsprengna, sprengigildra og annars tækjabúnaðar, eins og henni var breytt 3. maí 1996, sem fylgir með samningnum um bann við eða takmarkanir á notkun tiltekinna hefðbundinna vopna sem telja má að séu háskaleg úr hófi fram eða hafi tilviljunarkennd áhrif.

3. Telji aðildarríki sig ekki geta eytt öllum jarðsprengjum gegn liðsafla sem um getur í 1. gr. eða tryggt að þeim verði eytt innan tilskilins frests er því heimilt að leggja beiðni fyrir fund aðildarríkjanna eða endurskoðunarráðstefnu þess efnis að frestur til að ljúka eyðingu slíkra jarðsprengna verði framlengdur um allt að tíu ár.

4. Í beiðninni skal eftirfarandi koma fram:

a. gildistími fyrirhugaðrar framlengingar;
b. ítarlegur rökstuðningur fyrir fyrirhugaðri framlengingu, þar með talið eftirfarandi:
   i. undirbúningur og staða verkefna sem eru unnin samkvæmt innlendum áætlunum um eyðingu jarðsprengna;
   ii. fjármagn og tækniaðstaða sem aðildarríkið ræður yfir til þess að eyða öllum jarðsprengjum gegn liðsafla; og
   iii. aðstæður sem standa í vegi fyrir því að aðildarríkið geti eytt öllum jarðsprengjum gegn liðsafla á jarðsprengjusvæðum;
c. afleiðingar sem framlengingin hefur í för með sér í mannúðlegu, félagslegu, efnahagslegu og umhverfislegu tilliti; og

Article 5

Destruction of anti personnel mines in mined areas

1. Each State Party undertakes to destroy or ensure the destruction of all anti personnel mines in mined areas under its jurisdiction or control, as soon as possible but not later than ten years after the entry into force of this Convention for that State Party.

2. Each State Party shall make every effort to identify all areas under its jurisdiction or control in which anti personnel mines are known or suspected to be emplaced and shall ensure as soon as possible that all anti personnel mines in mined areas under its jurisdiction or control are perimeter marked, monitored and protected by fencing or other means, to ensure the effective exclusion of civilians, until all anti personnel mines contained therein have been destroyed. The marking shall at least be to the standards set out in the Protocol on Prohibitions or Restrictions on the Use of Mines, Booby Traps and Other Devices, as amended on 3 May 1996, annexed to the Convention on Prohibitions or Restrictions on the Use of Certain Conventional Weapons Which May Be Deemed to Be Excessively Injurious or to Have Indiscriminate Effects.

3. If a State Party believes that it will be unable to destroy or ensure the destruction of all anti personnel mines referred to in paragraph 1 within that time period, it may submit a request to a Meeting of the States Parties or a Review Conference for an extension of the deadline for completing the destruction of such anti personnel mines, for a period of up to ten years.

4. Each request shall contain:

a) The duration of the proposed extension;
b) A detailed explanation of the reasons for the proposed extension, including:
   (i) The preparation and status of work conducted under national demining programs;
   (ii) The financial and technical means available to the State Party for the destruction of all the anti personnel mines; and
   (iii) Circumstances which impede the ability of the State Party to destroy all the anti personnel mines in mined areas;
c) The humanitarian, social, economic, and environmental implications of the extension; and

d. allar aðrar upplýsingar sem varða beiðnina um fyrirhugaða framlengingu.

5. Fundur aðildarríkjanna eða endurskoðunarráðstefnan skal, að teknu tilliti til þeirra þátta sem um getur í 4. mgr., taka beiðnina til athugunar og ákveða með meiri hluta greiddra atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa á fundinum eða ráðstefnunni hvort orðið skuli við beiðninni um framlengingu.

6. Heimilt er að endurnýja framlenginguna sé ný beiðni lögð fram í samræmi við 3., 4. og 5. mgr. þessarar greinar. Samhliða beiðni um frekari framlengingu ber aðildarríki að leggja fram viðeigandi viðbótarupplýsingar um það sem unnist hefur á fyrra framlengingartímabili samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Alþjóðleg samvinna og aðstoð.

1. Í því skyni að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi ber sérhverju aðildarríki réttur til að leita eftir aðstoð annarra aðildarríkja og þiggja hana ef það er framkvæmanlegt og eftir því sem aðstæður leyfa.

2. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að greiða fyrir því að skipst sé á tækjabúnaði, efni og vísindalegum og tæknifræðilegum upplýsingum sem varða framkvæmd þessa samnings og á rétt á aðild að slíkum skiptum eftir því sem þeim verður komið við. Aðildarríkin skulu ekki takmarka á óréttmætan hátt aðgang að tækjabúnaði til jarðsprengjuhreinsunar og tæknifræðilegum upplýsingum tengdum honum sem notuð eru í mannúðarskyni.

3. Sérhvert aðildarríki sem hefur aðstöðu til skal aðstoða við að veita fórnarlömbum jarðsprengna umönnun, endurhæfa þau og enduraðlaga í félagslegu og efnahagslegu tilliti og enn fremur aðstoða við áætlanir um að skerpa vitund manna um þá ógn sem stafar af jarðsprengjum. Slíka aðstoð má meðal annars veita fyrir milligöngu stofnanakerfis Sameinuðu þjóðanna, alþjóðlegra, svæðisbundinna eða innlendra samtaka eða stofnana, alþjóðanefndar Rauða krossins, landssambanda Rauða krossins og Rauða hálfmánans og alþjóðlegra samtaka þeirra eða frjálsra félagasamtaka, eða með tvíhliða samstarfi.

4. Sérhvert aðildarríki sem hefur aðstöðu til skal aðstoða við að hreinsa burt jarðsprengjur og annað sem því tengist. Slíka aðstoð má meðal annars veita fyrir milligöngu stofnanakerfis Sameinuðu þjóðanna, alþjóðlegra eða svæðisbundinna samtaka eða stofnana, frjálsra félagasamtaka eða óháðra stofnana, eða á grundvelli tvíhliða samstarfs, eða með því að leggja í sjóð Sameinuðu þjóðanna fyrir frjáls framlög

d) Any other information relevant to the request for the proposed extension.

5. The Meeting of the States Parties or the Review Conference shall, taking into consideration the factors contained in paragraph 4, assess the request and decide by a majority of votes of States Parties present and voting whether to grant the request for an extension period.

6. Such an extension may be renewed upon the submission of a new request in accordance with paragraphs 3, 4 and 5 of this Article. In requesting a further extension period a State Party shall submit relevant additional information on what has been undertaken in the previous extension period pursuant to this Article.

Article 6

International cooperation and assistance

1. In fulfilling its obligations under this Convention each State Party has the right to seek and receive assistance, where feasible, from other States Parties to the extent possible.

2. Each State Party undertakes to facilitate and shall have the right to participate in the fullest possible exchange of equipment, material and scientific and technological information concerning the implementation of this Convention. The States Parties shall not impose undue restrictions on the provision of mine clearance equipment and related technological information for humanitarian purposes.

3. Each State Party in a position to do so shall provide assistance for the care and rehabilitation, and social and economic reintegration, of mine victims and for mine awareness programs. Such assistance may be provided, inter alia, through the United Nations system, international, regional or national organizations or institutions, the International Committee of the Red Cross, national Red Cross and Red Crescent societies and their International Federation, non governmental organizations, or on a bilateral basis.

4. Each State Party in a position to do so shall provide assistance for mine clearance and related activities. Such assistance may be provided, inter alia, through the United Nations system, international or regional organizations or institutions, non governmental organizations or institutions, or on a bilateral basis, or by contributing to the United Nations Voluntary Trust Fund for Assistance in Mine

til aðstoðar við jarðsprengjuhreinsun eða aðra svæðisbundna sjóði sem eru bundnir eyðingu jarðsprengna.

5. Sérhvert aðildarríki sem hefur aðstöðu til skal aðstoða við eyðingu birgða af jarðsprengjum gegn liðsafla.

6. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að láta í té upplýsingar fyrir gagnagrunn um hreinsun svæða af jarðsprengjum sem komið var á fót innan stofnanakerfis Sameinuðu þjóðanna, einkum upplýsingar um ólíkar aðferðir og tækni sem beita má við jarðsprengjuhreinsun og skrár yfir sérfræðinga, sérhæfðar stofnanir eða innlendar miðstöðvar á því sviði.

7. Aðildarríkjum er heimilt að fara fram á að Sameinuðu þjóðirnar, svæðisbundnar stofnanir, önnur aðildarríki eða aðrar til þess bærar milliríkjastofnanir eða frjáls félagasamtök aðstoði yfirvöld í hlutaðeigandi ríki við að gera landsáætlun um eyðingu jarðsprengna til þess að ákvarða meðal annars:

a. umfang og útbreiðslu vandans sem jarðsprengjur gegn liðsafla skapa;
b. nauðsynlegt fjármagn, tækni og mannafla til þess að hrinda áætluninni í framkvæmd;
c. þann árafjölda sem ætla má að þurfi til að eyða öllum jarðsprengjum gegn liðsafla á jarðsprengjusvæðum sem heyra undir lögsögu eða stjórn hlutaðeigandi aðildarríkis;
d. aðgerðir til að skerpa vitund manna um þá ógn sem stafar af jarðsprengjum í því skyni að draga úr áverkum eða fækka dauðsföllum af þeirra völdum;
e. aðstoð við fórnarlömb jarðsprengna;
f. samskipti ríkisstjórnar hlutaðeigandi aðildarríkis og viðkomandi ríkisstofnana, milliríkjastofnana eða óháðra aðila sem koma að framkvæmd áætlunarinnar.

8. Aðildarríki sem veitir eða þiggur aðstoð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal ganga til samstarfsins með það að markmiði að áætlanir um aðstoð, sem hafa verið samþykktar, komi til framkvæmda að fullu og án tafar.

Clearance, or other regional funds that deal with demining.

5. Each State Party in a position to do so shall provide assistance for the destruction of stockpiled anti personnel mines.

6. Each State Party undertakes to provide information to the database on mine clearance established within the United Nations system, especially information concerning various means and technologies of mine clearance, and lists of experts, expert agencies or national points of contact on mine clearance.

7. States Parties may request the United Nations, regional organizations, other States Parties or other competent intergovernmental or non governmental fora to assist its authorities in the elaboration of a national demining program to determine, inter alia:

a) The extent and scope of the anti personnel mine problem;
b) The financial, technological and human resources that are required for the implementation of the program;
c) The estimated number of years necessary to destroy all anti personnel mines in mined areas under the jurisdiction or control of the concerned State Party;
d) Mine awareness activities to reduce the incidence of mine related injuries or deaths;
e) Assistance to mine victims;
f) The relationship between the Government of the concerned State Party and the relevant governmental, inter governmental or non governmental entities that will work in the implementation of the program.

8. Each State Party giving and receiving assistance under the provisions of this Article shall cooperate with a view to ensuring the full and prompt implementation of agreed assistance programs.

7 gr.

Ráðstafanir til að tryggja gagnsæi.

1. Sérhvert aðildarríki skal gefa aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en 180 dögum eftir að þessi samningur öðlast gildi að því er það aðildarríki varðar, skýrslu um eftirfarandi:

a. ráðstafanir á landsvísu, sem um getur í 9. gr., til að hrinda samningnum í framkvæmd;

Article 7

Transparency measures

1. Each State Party shall report to the Secretary General of the United Nations as soon as practicable, and in any event not later than 180 days after the entry into force of this Convention for that State Party on:

a) The national implementation measures referred to in Article 9;

b. heildarbirgðir af jarðsprengjum gegn liðsafla sem það á eða hefur umráð yfir, eða sem heyra undir lögsögu þess eða stjórn, sundurliðað eftir tegundum, magni og, ef unnt er, lotunúmeri hverrar tegundar jarðsprengna gegn liðsafla sem birgðir eru til af;

c. eftir því sem við verður komið, staðsetningu allra jarðsprengjusvæða þar sem jarðsprengjur gegn liðsafla sem heyra undir lögsögu þess eða stjórn er að finna eða grunur leikur á að sé að finna, þar sem fram koma sem ítarlegastar upplýsingar um tegund og magn hverrar tegundar jarðsprengna gegn liðsafla á hverju jarðsprengjusvæði og hvenær þeim var komið fyrir;

d. tegundir, magn og, ef unnt er, lotunúmer allra jarðsprengna gegn liðsafla sem eru geymdar eða fluttar í því skyni að undirbúa og veita þjálfun í jarðsprengjuleit, jarðsprengjuhreinsun eða í aðferðum til að eyða þeim, eða eru fluttar í því skyni að eyða þeim, og þær stofnanir sem hafa umboð aðildarríkis til að geyma eða flytja jarðsprengjur gegn liðsafla í samræmi við 3. gr.;

e. stöðu áætlana um breytingu eða lokun aðstöðu fyrir framleiðslu á jarðsprengjum gegn liðsafla;

f. stöðu áætlana um eyðingu jarðsprengna gegn liðsafla í samræmi við 4. og 5. gr., að meðtöldum upplýsingum um aðferðir sem beita á við að eyða jarðsprengjunum, upplýsingar um alla þá staði þar sem eyðing þeirra fer fram og viðeigandi öryggis- og umhverfisverndarstaðla sem fara ber eftir;

g. tegundir og magn allra jarðsprengna gegn liðsafla sem er eytt eftir að þessi samningur öðlast gildi að því er viðkomandi aðildarríki varðar, sundurliðað eftir magni hverrar tegundar jarðsprengna gegn liðsafla sem er eytt skv. 4. og 5. gr. og, ef unnt er, lotunúmeri hverrar tegundar jarðsprengna gegn liðsafla þegar um eyðingu þeirra er að ræða í samræmi við 4. gr.;

h. tæknilega eiginleika hverrar tegundar jarðsprengna gegn liðsafla sem er framleidd, að svo miklu leyti sem þeir eru þekktir, og þær tegundir sem aðildarríkið á eða hefur til umráða eins og sakir standa, þar sem fram koma, eftir því sem við verður komið, upplýsingar sem geta greitt fyrir því að finna og hreinsa burt jarðsprengjur gegn liðsafla; í upplýsingunum skal að minnsta kosti koma fram eftirfarandi: stærð, gerð kveikjubúnaðar, sprengiefnisinnihald, málminnihald, litljósmyndir og annað

b) The total of all stockpiled anti personnel mines owned or possessed by it, or under its jurisdiction or control, to include a breakdown of the type, quantity and, if possible, lot numbers of each type of anti personnel mine stockpiled;

c) To the extent possible, the location of all mined areas that contain, or are suspected to contain, anti personnel mines under its jurisdiction or control, to include as much detail as possible regarding the type and quantity of each type of anti personnel mine in each mined area and when they were emplaced;

d) The types, quantities and, if possible, lot numbers of all anti personnel mines retained or transferred for the development of and training in mine detection, mine clearance or mine destruction techniques, or transferred for the purpose of destruction, as well as the institutions authorized by a State Party to retain or transfer anti personnel mines, in accordance with Article 3;

e) The status of programs for the conversion or de commissioning of anti personnel mine production facilities;

f) The status of programs for the destruction of anti personnel mines in accordance with Articles 4 and 5, including details of the methods which will be used in destruction, the location of all destruction sites and the applicable safety and environmental standards to be observed;

g) The types and quantities of all anti personnel mines destroyed after the entry into force of this Convention for that State Party, to include a breakdown of the quantity of each type of anti personnel mine destroyed, in accordance with Articles 4 and 5, respectively, along with, if possible, the lot numbers of each type of anti personnel mine in the case of destruction in accordance with Article 4;

h) The technical characteristics of each type of anti personnel mine produced, to the extent known, and those currently owned or possessed by a State Party, giving, where reasonably possible, such categories of information as may facilitate identification and clearance of anti personnel mines; at a minimum, this information shall include the dimensions, fusing, explosive content, metallic content, colour photographs and other information which may facilitate mine clearance; and

sem kann að auðvelda hreinsun svæða af jarðsprengjum; og

i. ráðstafanir sem eru gerðar til að vara almenning án tafar og á skilvirkan hátt við öllum þeim svæðum sem finnast skv. 2. mgr. 5. gr.

2. Aðildarríkin skulu uppfæra árlega upplýsingarnar sem eru látnar í té í samræmi við þessa grein fyrir næstliðið almanaksár og senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna eigi síðar en 30. apríl ár hvert.

3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda aðildarríkjunum allar slíkar skýrslur sem berast.

8. gr.

Aðstoð við og skýring á framfylgd.

1. Aðildarríkin fallast á að hafa samráð og eiga samvinnu sín á milli um að hrinda ákvæðum þessa samnings í framkvæmd og vinna í sameiningu að því að auðvelda aðildarríkjum að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt honum.

2. Vilji eitt aðildarríki eða fleiri skýra vafaatriði og leita svara við spurningum sem tengjast því hvort annað aðildarríki virði ákvæði þessa samnings er því heimilt að senda hlutaðeigandi aðildarríki beiðni, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, um að málið verði skýrt. Allar upplýsingar sem máli skipta skulu fylgja beiðninni. Aðildarríkin skulu ekki senda órökstuddar skýringarbeiðnir og gæta þess að misnota ekki aðstöðu sína. Aðildarríki sem fær beiðni um skýringar skal, innan 28 daga og fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjórans, láta aðildarríkinu sem óskar skýringa í té allar upplýsingar sem að gagni geta komið við að skýra málið.

3. Berist aðildarríkinu sem óskar skýringa ekki svar fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna innan fyrrnefnds frests, eða telji það svarið við skýringarbeiðninni ófullnægjandi, er því heimilt að beina málinu til næsta fundar aðildarríkjanna fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjórans. Aðalframkvæmdastjórinn skal framsenda öllum aðildarríkjunum málið ásamt öllum viðeigandi upplýsingum sem lúta að skýringarbeiðninni. Afhenda ber aðildarríkinu sem fær beiðni um skýringar allar slíkar upplýsingar og því ber réttur til andsvara.

4. Þar til fundur aðildarríkjanna er boðaður geta öll hlutaðeigandi aðildarríki farið þess á leit að aðal-

i) The measures taken to provide an immediate and effective warning to the population in relation to all areas identified under paragraph 2 of Article 5.

2. The information provided in accordance with this Article shall be updated by the States Parties annually, covering the last calendar year, and reported to the Secretary General of the United Nations not later than 30 April of each year.

3. The Secretary General of the United Nations shall transmit all such reports received to the States Parties.

Article 8

Facilitation and clarification of compliance

1. The States Parties agree to consult and cooperate with each other regarding the implementation of the provisions of this Convention, and to work together in a spirit of cooperation to facilitate compliance by States Parties with their obligations under this Convention.

2. If one or more States Parties wish to clarify and seek to resolve questions relating to compliance with the provisions of this Convention by another State Party, it may submit, through the Secretary General of the United Nations, a Request for Clarification of that matter to that State Party. Such a request shall be accompanied by all appropriate information. Each State Party shall refrain from unfounded Requests for Clarification, care being taken to avoid abuse. A State Party that receives a Request for Clarification shall provide, through the Secretary General of the United Nations, within 28 days to the requesting State Party all information which would assist in clarifying this matter.

3. If the requesting State Party does not receive a response through the Secretary General of the United Nations within that time period, or deems the response to the Request for Clarification to be unsatisfactory, it may submit the matter through the Secretary General of the United Nations to the next Meeting of the States Parties. The Secretary General of the United Nations shall transmit the submission, accompanied by all appropriate information pertaining to the Request for Clarification, to all States Parties. All such information shall be presented to the requested State Party which shall have the right to respond.

4. Pending the convening of any meeting of the States Parties, any of the States Parties concerned

framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna greiði fyrir því að umbeðin skýring fáist.

5. Aðildarríkinu sem óskar skýringa er heimilt að leggja til, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að boðað verði til sérstaks fundar aðildarríkjanna til að fjalla um málið. Aðalframkvæmdastjórinn skal því næst senda öllum aðildarríkjunum tillöguna, ásamt öllum upplýsingum sem hlutaðeigandi aðildarríki leggja fram, og óska eftir að þau gefi til kynna hvort þau séu því fylgjandi að halda sérstakan fund aðildarríkjanna þar sem málið verði tekið til meðferðar. Ef í ljós kemur, innan 14 daga frá dagsetningu erindis aðalframkvæmdastjórans, að minnst þriðjungur aðildarríkjanna sé fylgjandi því að sérstakur fundur aðildarríkjanna verði haldinn skal aðalframkvæmdastjórinn boða til hans með 14 daga fyrirvara. Fundurinn telst ályktunarhæfur ef meiri hluti aðildarríkjanna á þar fulltrúa.

6. Fundur aðildarríkjanna eða sérstakur fundur aðildarríkjanna, eftir því sem við á, skal í upphafi ákveða hvort fjalla beri frekar um málið með hliðsjón af öllum upplýsingum sem hlutaðeigandi aðildarríki leggja fram. Á fundi aðildarríkjanna eða sérstökum fundi aðildarríkjanna skal reynt til þrautar að komast að niðurstöðu með samhljóða samþykki. Þyki fullreynt að samkomulag náist ekki skal fundurinn taka ákvörðun með meiri hluta greiddra atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa á fundinum.

7. Aðildarríkin skulu öll vinna ötullega með fundi aðildarríkjanna eða sérstökum fundi aðildarríkjanna að því að hann geti lokið skoðun málsins, m.a. með rannsóknarsendinefndum sem eru heimilaðar skv. 8. mgr.

8. Fundur aðildarríkjanna eða sérstakur fundur aðildarríkjanna skal heimila ferð rannsóknarsendinefndar, ef frekari skýringar er þörf, og ákveða umboð hennar með meiri hluta greiddra atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa á fundinum. Aðildarríki sem beðið er skýringa er hvenær sem er heimilt að bjóða rannsóknarsendinefnd inn á yfirráðasvæði sitt. Ekki er nauðsynlegt að afla heimildar fundar aðildarríkjanna eða sérstaks fundar aðildarríkjanna vegna slíkrar ferðar. Sendinefndinni, sem er skipuð allt að níu sérfræðingum, tilnefndum og samþykktum í samræmi við 9. og 10. mgr., er heimilt að safna viðbótarupplýsingum á vettvangi eða öðrum stöðum sem tengjast beint meintu samningsbroti og heyra undir lögsögu eða stjórn aðildarríkisins sem beðið er skýringa.

may request the Secretary General of the United Nations to exercise his or her good offices to facilitate the clarification requested.

5. The requesting State Party may propose through the Secretary General of the United Nations the convening of a Special Meeting of the States Parties to consider the matter. The Secretary General of the United Nations shall thereupon communicate this proposal and all information submitted by the States Parties concerned, to all States Parties with a request that they indicate whether they favour a Special Meeting of the States Parties, for the purpose of considering the matter. In the event that within 14 days from the date of such communication, at least one third of the States Parties favours such a Special Meeting, the Secretary General of the United Nations shall convene this Special Meeting of the States Parties within a further 14 days. A quorum for this Meeting shall consist of a majority of States Parties.

6. The Meeting of the States Parties or the Special Meeting of the States Parties, as the case may be, shall first determine whether to consider the matter further, taking into account all information submitted by the States Parties concerned. The Meeting of the States Parties or the Special Meeting of the States Parties shall make every effort to reach a decision by consensus. If despite all efforts to that end no agreement has been reached, it shall take this decision by a majority of States Parties present and voting.

7. All States Parties shall cooperate fully with the Meeting of the States Parties or the Special Meeting of the States Parties in the fulfilment of its review of the matter, including any fact finding missions that are authorized in accordance with paragraph 8.

8. If further clarification is required, the Meeting of the States Parties or the Special Meeting of the States Parties shall authorize a fact finding mission and decide on its mandate by a majority of States Parties present and voting. At any time the requested State Party may invite a fact finding mission to its territory. Such a mission shall take place without a decision by a Meeting of the States Parties or a Special Meeting of the States Parties to authorize such a mission. The mission, consisting of up to 9 experts, designated and approved in accordance with paragraphs 9 and 10, may collect additional information on the spot or in other places directly related to the alleged compliance issue under the jurisdiction or control of the requested State Party.

9. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal semja og uppfæra skrá með nöfnum og þjóðerni viðurkenndra sérfræðinga og öðrum gögnum sem skipta máli og aðildarríkin láta í té og senda öllum aðildarríkjunum. Líta ber svo á að sérfræðingur sem er talinn upp í skránni sé tilnefndur í allar rannsóknarsendinefndir nema aðildarríki gefi skriflega yfirlýsingu um að það samþykki ekki tilnefninguna. Ef sérfræðingur er ekki samþykktur skal hann ekki taka þátt í ferðum rannsóknarsendinefnda á yfirráðasvæði eða til annarra staða sem heyra undir lögsögu eða stjórn aðildarríkisins sem hreyfði andmælum, svo fremi aðildarríkið hafi lýst yfir andstöðu sinni áður en viðkomandi sérfræðingur er skipaður til slíkra ferða.

10. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal, að höfðu samráði við aðildarríkið sem beðið er skýringa, skipa í sendinefndina, þar með talinn formann hennar, að fengnum tilmælum frá fundi aðildarríkjanna eða sérstökum fundi aðildarríkjanna. Eigi skal skipa í sendinefndina ríkisborgara þeirra aðildarríkja sem fara fram á ferð rannsóknarsendinefndar eða aðildarríkja sem slík ferð hefur áhrif á með beinum hætti. Þeir sem eru í rannsóknarsendinefnd skulu njóta réttinda og griðhelgi skv. VI. gr. samningsins um réttindi og griðhelgi Sameinuðu þjóðanna sem var samþykktur 13. febrúar 1946.

11. Rannsóknarsendinefndin skal koma á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem beðið er skýringa við fyrsta tækifæri og með þriggja sólarhringa fyrirvara. Aðildarríkið sem beðið er skýringa skal gera nauðsynlegar stjórnsýsluráðstafanir til þess að taka á móti sendinefndinni, sjá henni fyrir flutningi, fæði og húsnæði, og tryggja öryggi hennar til hins ýtrasta meðan á dvöl hennar á yfirráðasvæði þess stendur.

12. Með fyrirvara um fullveldi aðildarríkisins sem beðið er skýringa er rannsóknarsendinefndinni heimilt að flytja inn á yfirráðasvæði þess nauðsynlegan tækjabúnað sem einungis ber að nota til að afla upplýsinga um meint samningsbrot. Sendinefndin skal fyrir komu sína tilkynna aðildarríkinu sem beðið er skýringa um þann tækjabúnað sem hún hyggst nota í rannsóknarferðinni.

13. Aðildarríkið sem beðið er skýringa skal gera allt sem í þess valdi stendur til að tryggja að rannsóknarsendinefndin fái tækifæri til að hitta að máli alla þá einstaklinga sem kunna að geta veitt upplýsingar um meint samningsbrot.

14. Aðildarríkið sem beðið er skýringa skal veita rannsóknarsendinefndinni aðgang að öllum svæðum og mannvirkjum undir stjórn þess þar sem talið er

9. The Secretary General of the United Nations shall prepare and update a list of the names, nationalities and other relevant data of qualified experts provided by States Parties and communicate it to all States Parties. Any expert included on this list shall be regarded as designated for all fact finding missions unless a State Party declares its non acceptance in writing. In the event of non acceptance, the expert shall not participate in fact finding missions on the territory or any other place under the jurisdiction or control of the objecting State Party, if the non acceptance was declared prior to the appointment of the expert to such missions.

10. Upon receiving a request from the Meeting of the States Parties or a Special Meeting of the States Parties, the Secretary General of the United Nations shall, after consultations with the requested State Party, appoint the members of the mission, including its leader. Nationals of States Parties requesting the fact finding mission or directly affected by it shall not be appointed to the mission. The members of the fact finding mission shall enjoy privileges and immunities under Article VI of the Convention on the Privileges and Immunities of the United Nations, adopted on 13 February 1946.

11. Upon at least 72 hours notice, the members of the fact finding mission shall arrive in the territory of the requested State Party at the earliest opportunity. The requested State Party shall take the necessary administrative measures to receive, transport and accommodate the mission, and shall be responsible for ensuring the security of the mission to the maximum extent possible while they are on territory under its control.

12. Without prejudice to the sovereignty of the requested State Party, the fact finding mission may bring into the territory of the requested State Party the necessary equipment which shall be used exclusively for gathering information on the alleged compliance issue. Prior to its arrival, the mission will advise the requested State Party of the equipment that it intends to utilize in the course of its fact finding mission.

13. The requested State Party shall make all efforts to ensure that the fact finding mission is given the opportunity to speak with all relevant persons who may be able to provide information related to the alleged compliance issue.

14. The requested State Party shall grant access for the fact finding mission to all areas and installations under its control where facts relevant to the

líklegt að unnt verði að afla gagna sem varða meint samningsbrot. Þetta er þó með fyrirvara um ráðstafanir sem aðildarríkið sem beðið er skýringa telur nauðsynlegar:

a. til að vernda viðkvæman tækjabúnað, upplýsingar og svæði;
b. til að standa vörð um stjórnarskrárbundnar skyldur sem aðildarríkið sem beðið er skýringa kann að hafa með tilliti til eignarréttar, leitar og löghalds eða annars stjórnarskrárbundins réttar;
c. til að vernda líf og limi og tryggja öryggi þeirra sem eru í rannsóknarsendinefndinni.

Geri aðildarríkið sem beðið er skýringa slíkar ráðstafanir ber því að gera sitt ýtrasta til að sýna á annan hátt að það virði ákvæði þessa samnings.

15. Rannsóknarsendinefndinni er óheimilt að dveljast á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis lengur en 14 daga og á einstaka stað lengur en sjö daga nema samið hafi verið um annað.

16. Allar veittar trúnaðarupplýsingar sem eru viðfangsefni rannsóknarsendinefndarinnar óviðkomandi skal fara með sem trúnaðarmál.

17. Rannsóknarsendinefndin skal skila fundi aðildarríkjanna eða sérstökum fundi aðildarríkjanna skýrslu um niðurstöður sínar fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

18. Fundur aðildarríkjanna eða sérstakur fundur aðildarríkjanna skal taka tillit til allra upplýsinga sem skipta máli, meðal annars skýrslu rannsóknarsendinefndarinnar, og getur beint þeim tilmælum til aðildarríkisins sem beðið er skýringa að það geri ráðstafanir vegna meints samningsbrots innan tiltekins frests. Aðildarríkið sem beðið er skýringa skal gefa skýrslu um allar ráðstafanir til að bregðast við þessum tilmælum.

19. Fundur aðildarríkjanna eða sérstakur fundur aðildarríkjanna getur bent hlutaðeigandi aðildarríki á hvernig skýra megi frekar og leysa það viðfangsefni sem um ræðir, meðal annars um að hefja viðeigandi málsmeðferð í samræmi við þjóðarétt. Ef fyrir liggur að rekja megi mál sem er til umfjöllunar til aðstæðna sem eru ekki á valdi aðildarríkisins sem beðið er skýringa getur fundur aðildarríkjanna eða sérstakur fundur aðildarríkjanna mælt með viðeigandi ráðstöfunum, meðal annars þeim sem lúta að samvinnu og um getur í 6. gr.

20. Á fundi aðildarríkjanna eða sérstökum fundi aðildarríkjanna skal reynt til þrautar að ná samstöðu um þær ákvarðanir sem um getur í 18. og 19. mgr.,

compliance issue could be expected to be collected. This shall be subject to any arrangements that the requested State Party considers necessary for:

a) The protection of sensitive equipment, information and areas;
b) The protection of any constitutional obligations the requested State Party may have with regard to proprietary rights, searches and seizures, or other constitutional rights; or
c) The physical protection and safety of the members of the fact finding mission.

In the event that the requested State Party makes such arrangements, it shall make every reasonable effort to demonstrate through alternative means its compliance with this Convention.

15. The fact finding mission may remain in the territory of the State Party concerned for no more than 14 days, and at any particular site no more than 7 days, unless otherwise agreed.

16. All information provided in confidence and not related to the subject matter of the fact finding mission shall be treated on a confidential basis.

17. The fact finding mission shall report, through the Secretary General of the United Nations, to the Meeting of the States Parties or the Special Meeting of the States Parties the results of its findings.

18. The Meeting of the States Parties or the Special Meeting of the States Parties shall consider all relevant information, including the report submitted by the fact finding mission, and may request the requested State Party to take measures to address the compliance issue within a specified period of time. The requested State Party shall report on all measures taken in response to this request.

19. The Meeting of the States Parties or the Special Meeting of the States Parties may suggest to the States Parties concerned ways and means to further clarify or resolve the matter under consideration, including the initiation of appropriate procedures in conformity with international law. In circumstances where the issue at hand is determined to be due to circumstances beyond the control of the requested State Party, the Meeting of the States Parties or the Special Meeting of the States Parties may recommend appropriate measures, including the use of cooperative measures referred to in Article 6.

20. The Meeting of the States Parties or the Special Meeting of the States Parties shall make every effort to reach its decisions referred to in paragraphs

en að öðrum kosti skal ákvörðun tekin með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa á fundinum.

9. gr.
Ráðstafanir á landsvísu til að hrinda ákvæðum samningsins í framkvæmd.

Sérhvert aðildarríki skal gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu og á öðrum sviðum, meðal annars ákveða viðurlög, til þess að koma í veg fyrir og bæla niður starfsemi sem er aðildarríki óheimil samkvæmt þessum samningi, af hálfu einstaklinga eða á yfirráðasvæði sem heyrir undir lögsögu þess eða stjórn.

10. gr.
Lausn deilumála.

1. Aðildarríkin skulu hafa samráð um og vinna í sameiningu að því að leysa deilumál sem kunna að koma upp í tengslum við beitingu eða túlkun þessa samnings. Sérhverju aðildarríki er heimilt að taka slík deilumál upp á fundi aðildarríkjanna.

2. Fundur aðildarríkjanna getur stuðlað að lausn deilunnar á þann hátt sem hann telur við hæfi, meðal annars með því að bjóða fram aðstoð, skora á aðildarríkin sem deila að hefja málsmeðferð að eigin vali til lausnar deilunni og gera tillögu um tímamörk fyrir málsmeðferð sem samið er um.

3. Þessi grein er með fyrirvara um ákvæði þessa samnings um aðstoð og skýringu á framfylgd.

11. gr.
Fundir aðildarríkjanna.

1. Aðildarríkin skulu funda reglulega í því skyni að fjalla um öll mál sem varða beitingu eða framkvæmd þessa samnings, meðal annars:

a. virkni og stöðu þessa samnings;
b. mál sem skýrslur sem eru lagðar fram samkvæmt þessum samningi gefa tilefni til;
c. alþjóðlega samvinnu og aðstoð í samræmi við 6. gr.;
d. þróun tækni til að hreinsa svæði af jarðsprengjum gegn liðsafla;
e. beiðnir frá aðildarríkjunum skv. 8. gr.; og
f. ákvarðanir sem tengjast beiðnum aðildarríkja skv. 5. gr.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal boða fyrsta fund aðildarríkjanna innan árs frá því að þessi samningur öðlast gildi. Aðalfram-

18 and 19 by consensus, otherwise by a two thirds majority of States Parties present and voting.

Article 9
National implementation measures

Each State Party shall take all appropriate legal, administrative and other measures, including the imposition of penal sanctions, to prevent and suppress any activity prohibited to a State Party under this Convention undertaken by persons or on territory under its jurisdiction or control.

Article 10
Settlement of disputes

1. The States Parties shall consult and cooperate with each other to settle any dispute that may arise with regard to the application or the interpretation of this Convention. Each State Party may bring any such dispute before the Meeting of the States Parties.

2. The Meeting of the States Parties may contribute to the settlement of the dispute by whatever means it deems appropriate, including offering its good offices, calling upon the States Parties to a dispute to start the settlement procedure of their choice and recommending a time limit for any agreed procedure.

3. This Article is without prejudice to the provisions of this Convention on facilitation and clarification of compliance.

Article 11
Meetings of the States Parties

1. The States Parties shall meet regularly in order to consider any matter with regard to the application or implementation of this Convention, including:

a) The operation and status of this Convention;
b) Matters arising from the reports submitted under the provisions of this Convention;
c) International cooperation and assistance in accordance with Article 6;
d) The development of technologies to clear anti personnel mines;
e) Submissions of States Parties under Article 8; and
f) Decisions relating to submissions of States Parties as provided for in Article 5.

2. The First Meeting of the States Parties shall be convened by the Secretary General of the United Nations within one year after the entry into force of

kvæmdastjórinn skal síðan boða fundi árlega uns fyrsta endurskoðunarráðstefnan er haldin.

3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal boða sérstakan fund aðildarríkjanna samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 8. gr.

4. Heimilt er að bjóða ríkjum sem eru ekki aðilar að þessum samningi, og einnig Sameinuðu þjóðunum, öðrum hlutaðeigandi alþjóðlegum samtökum eða stofnunum, svæðisbundnum stofnunum, alþjóðanefnd Rauða krossins og hlutaðeigandi frjálsum félagasamtökum að eiga áheyrnarfulltrúa á áðurnefndum fundum í samræmi við starfsreglur sem samþykktar hafa verið.

12. gr.
Endurskoðunarráðstefnur.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal boða til endurskoðunarráðstefnu fimm árum eftir að þessi samningur öðlast gildi. Fari eitt eða fleiri aðildarríki þess á leit skal aðalframkvæmdastjórinn boða til endurskoðunarráðstefnu á ný, að því tilskildu að minnst fimm ár líði á milli slíkra ráðstefna. Öllum ríkjum sem eru aðilar að þessum samningi skal boðið að eiga fulltrúa á sérhverri endurskoðunarráðstefnu.

2. Á endurskoðunarráðstefnu skal:

a. endurmeta virkni og stöðu þessa samnings;

b. fjalla um nauðsyn funda aðildarríkjanna sem um getur í 2. mgr. 11. gr. og hversu langt skuli vera á milli funda;
c. afgreiða beiðnir aðildarríkja eins og kveðið er á um í 5. gr.; og
d. samþykkja í lokaskýrslu, ef nauðsyn krefur, úrlausnir sem varða framkvæmd þessa samnings.

3. Heimilt er að bjóða ríkjum sem eru ekki aðilar að þessum samningi, og einnig Sameinuðu þjóðunum, öðrum hlutaðeigandi alþjóðlegum samtökum eða stofnunum, svæðisbundnum stofnunum, alþjóðanefnd Rauða krossins og hlutaðeigandi frjálsum félagasamtökum að eiga áheyrnarfulltrúa á sérhverri endurskoðunarráðstefnu í samræmi við starfsreglur sem samþykktar hafa verið.

13. gr.
Breytingar.

1. Sérhverju aðildarríki er hvenær sem er heimilt að leggja til að gerðar verði breytingar á þessum

this Convention. The subsequent meetings shall be convened by the Secretary General of the United Nations annually until the first Review Conference.

3. Under the conditions set out in Article 8, the Secretary General of the United Nations shall convene a Special Meeting of the States Parties.

4. States not parties to this Convention, as well as the United Nations, other relevant international organizations or institutions, regional organizations, the International Committee of the Red Cross and relevant non governmental organizations may be invited to attend these meetings as observers in accordance with the agreed Rules of Procedure.

Article 12
Review Conferences

1. A Review Conference shall be convened by the Secretary General of the United Nations five years after the entry into force of this Convention. Further Review Conferences shall be convened by the Secretary General of the United Nations if so requested by one or more States Parties, provided that the interval between Review Conferences shall in no case be less than five years. All States Parties to this Convention shall be invited to each Review Conference.

2. The purpose of the Review Conference shall be:

a) To review the operation and status of this Convention;
b) To consider the need for and the interval between further Meetings of the States Parties referred to in paragraph 2 of Article 11;
c) To take decisions on submissions of States Parties as provided for in Article 5; and
d) To adopt, if necessary, in its final report conclusions related to the implementation of this Convention.

3. States not parties to this Convention, as well as the United Nations, other relevant international organizations or institutions, regional organizations, the International Committee of the Red Cross and relevant non governmental organizations may be invited to attend each Review Conference as observers in accordance with the agreed Rules of Procedure.

Article 13
Amendments

1. At any time after the entry into force of this Convention any State Party may propose

samningi eftir gildistöku hans. Tillögu að breytingum ber að senda vörsluaðila sem skal dreifa henni til allra aðildarríkja og leita álits þeirra á því hvort boða skuli til ráðstefnu um breytingar til að fjalla um tillöguna. Tilkynni meiri hluti aðildarríkjanna vörsluaðilanum, eigi síðar en 30 dögum eftir að tillögunni er dreift, um stuðning við að fjallað verði frekar um tillöguna ber vörsluaðilanum að boða til ráðstefnu um breytingar sem öllum aðildarríkjum skal boðið til.

2. Heimilt er að bjóða ríkjum sem eru ekki aðilar að þessum samningi, og einnig Sameinuðu þjóðunum, öðrum hlutaðeigandi alþjóðlegum samtökum eða stofnunum, svæðisbundnum stofnunum, alþjóðanefnd Rauða krossins og hlutaðeigandi frjálsum félagasamtökum að eiga áheyrnarfulltrúa á sérhverri ráðstefnu um breytingar í samræmi við starfsreglur sem samþykktar hafa verið.

3. Halda ber ráðstefnuna um breytingar strax eftir fund aðildarríkjanna eða endurskoðunarráðstefnu nema meiri hluti aðildarríkjanna æski þess að hún verði haldin fyrr.

4. Breytingar við þennan samning ber að samþykkja með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa á ráðstefnunni um breytingar. Vörsluaðilinn skal tilkynna aðildarríkjunum um allar breytingar sem eru samþykktar með þessum hætti.

5. Breyting á þessum samningi öðlast gildi að því er varðar öll ríki sem eru aðilar að honum og hafa staðfest breytinguna þegar meiri hluti aðildarríkjanna hefur afhent vörsluaðilanum staðfestingarskjal sitt til vörslu. Eftir það öðlast breytingin gildi að því er önnur aðildarríki varðar daginn sem þau afhenda staðfestingarskjal sitt til vörslu.

14. gr.
Kostnaður.

1. Aðildarríkin og ríki sem eru ekki aðilar að þessum samningi en taka þátt í fundum aðildarríkjanna, sérstökum fundum aðildarríkjanna, endurskoðunarráðstefnum og ráðstefnum um breytingar skulu bera kostnað af þeim samkvæmt gjaldskrá Sameinuðu þjóðanna með viðeigandi leiðréttingum.

2. Aðildarríkin skulu bera kostnað vegna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skv. 7. og 8. gr. og kostnað vegna rannsóknarsendinefnda samkvæmt gjaldskrá Sameinuðu þjóðanna með viðeigandi leiðréttingum.

amendments to this Convention. Any proposal for an amendment shall be communicated to the Depositary, who shall circulate it to all States Parties and shall seek their views on whether an Amendment Conference should be convened to consider the proposal. If a majority of the States Parties notify the Depositary no later than 30 days after its circulation that they support further consideration of the proposal, the Depositary shall convene an Amendment Conference to which all States Parties shall be invited.

2. States not parties to this Convention, as well as the United Nations, other relevant international organizations or institutions, regional organizations, the International Committee of the Red Cross and relevant non governmental organizations may be invited to attend each Amendment Conference as observers in accordance with the agreed Rules of Procedure.

3. The Amendment Conference shall be held immediately following a Meeting of the States Parties or a Review Conference unless a majority of the States Parties request that it be held earlier.

4. Any amendment to this Convention shall be adopted by a majority of two thirds of the States Parties present and voting at the Amendment Conference. The Depositary shall communicate any amendment so adopted to the States Parties.

5. An amendment to this Convention shall enter into force for all States Parties to this Convention which have accepted it, upon the deposit with the Depositary of instruments of acceptance by a majority of States Parties. Thereafter it shall enter into force for any remaining State Party on the date of deposit of its instrument of acceptance.

Article 14
Costs

1. The costs of the Meetings of the States Parties, the Special Meetings of the States Parties, the Review Conferences and the Amendment Conferences shall be borne by the States Parties and States not parties to this Convention participating therein, in accordance with the United Nations scale of assessment adjusted appropriately.

2. The costs incurred by the Secretary General of the United Nations under Articles 7 and 8 and the costs of any fact finding mission shall be borne by the States Parties in accordance with the United Nations scale of assessment adjusted appropriately.

15. gr.
Undirritun.

Þessi samningur var gerður í Ósló í Noregi 18. september 1997 og skal hann liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í Ottawa í Kanada frá 3. desember 1997 til 4. desember 1997 og í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 5. desember 1997 þar til hann öðlast gildi.

16. gr.
Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild.

1. Þessi samningur er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki undirritunaraðila.

2. Öll ríki sem undirrita ekki samninginn eiga þess kost að gerast aðilar að honum.

3. Afhenda ber vörsluaðilanum skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

17. gr.
Gildistaka.

1. Þessi samningur öðlast gildi á fyrsta degi sjötta mánaðar eftir þann mánuð þegar fertugasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent til vörslu.

2. Að því er varðar ríki sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu eftir afhendingardag fertugasta skjalsins um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal þessi samningur öðlast gildi á fyrsta degi sjötta mánaðar eftir daginn þegar það ríki afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

18. gr.
Beiting til bráðabirgða.

Við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er öllum ríkjum heimilt að lýsa því yfir að þau muni beita 1. mgr. 1. gr. þessa samnings tímabundið meðan þess er beðið að hann öðlist gildi.

19. gr.
Fyrirvarar.

Ekki er unnt að gera fyrirvara við greinar þessa samnings.

20. gr.
Gildistími og uppsögn.

1. Gildistími þessa samnings er ótakmarkaður.

2. Sérhvert aðildarríki skal í krafti fullveldis síns eiga rétt á því að segja samningnum upp. Það skal tilkynna uppsögn sína öllum hinum aðildarríkjunum,

Article 15
Signature

This Convention, done at Oslo, Norway, on 18 September 1997, shall be open for signature at Ottawa, Canada, by all States from 3 December 1997 until 4 December 1997, and at the United Nations Headquarters in New York from 5 December 1997 until its entry into force.

Article 16
Ratification, acceptance, approval or accession

1. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval of the Signatories.

2. It shall be open for accession by any State which has not signed the Convention.

3. The instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the Depositary.

Article 17
Entry into force

1. This Convention shall enter into force on the first day of the sixth month after the month in which the 40th instrument of ratification, acceptance, approval or accession has been deposited.

2. For any State which deposits its instrument of ratification, acceptance, approval or accession after the date of the deposit of the 40th instrument of ratification, acceptance, approval or accession, this Convention shall enter into force on the first day of the sixth month after the date on which that State has deposited its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 18
Provisional application

Any State may at the time of its ratification, acceptance, approval or accession, declare that it will apply provisionally paragraph 1 of Article 1 of this Convention pending its entry into force.

Article 19
Reservations

The Articles of this Convention shall not be subject to reservations.

Article 20
Duration and withdrawal

1. This Convention shall be of unlimited duration.

2. Each State Party shall, in exercising its national sovereignty, have the right to withdraw from this Convention. It shall give notice of such withdrawal

vörsluaðilanum og öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Í uppsagnarbréfinu skal skýra til fulls þær ástæður sem liggja að baki uppsögninni.

3. Uppsögnin skal eigi öðlast gildi fyrr en að sex mánuðum liðnum frá því að vörsluaðilanum berst uppsagnarbréfið. Eigi aðildarríkið sem segir samningnum upp aðild að hernaðarátökum við lok sex mánaða tímabilsins skal uppsögnin eigi öðlast gildi fyrr en að þeim loknum.

4. Segi aðildarríki þessum samningi upp skal það í engu hafa áhrif á þá skyldu ríkja að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt þjóðarétti.

21. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er hér með tilnefndur vörsluaðili þessa samnings.

22. gr.
Jafngildir textar.

Afhenda ber aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frumrit þessa samnings til vörslu á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

to all other States Parties, to the Depositary and to the United Nations Security Council. Such instrument of withdrawal shall include a full explanation of the reasons motivating this withdrawal.

3. Such withdrawal shall only take effect six months after the receipt of the instrument of withdrawal by the Depositary. If, however, on the expiry of that six month period, the withdrawing State Party is engaged in an armed conflict, the withdrawal shall not take effect before the end of the armed conflict.

4. The withdrawal of a State Party from this Convention shall not in any way affect the duty of States to continue fulfilling the obligations assumed under any relevant rules of international law.

Article 21
Depositary

The Secretary General of the United Nations is hereby designated as the Depositary of this Convention.

Article 22
Authentic texts

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary General of the United Nations.

965. Frumvarp til laga [582. mál]

um bann við uppsögnum starfsmanna vegna fjölskylduábyrgðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar hans.

Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart ósjálfráða börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Íslands á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti

til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samþykktin var afgreidd af 67. Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf árið 1981. Samtímis voru afgreidd tilmæli nr. 165 sem bera sama nafn og samþykktin og fela í sér nánari útfærslu á efni hennar.

Samþykkt ILO nr. 156, ásamt tilmælum nr. 165, er ætlað að hafa tvenns konar áhrif. Annars vegar er markmið hennar að stuðla að jafnrétti karla og kvenna, sem hafa skyldum að gegna gagnvart fjölskyldu sinni, til starfa og hins vegar að jafna stöðu þeirra starfsmanna sem bera fjölskylduábyrgð og þeirra sem ekki hafa slíka ábyrgð. Í stórum dráttum má segja að markmiðið sé að hvetja aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að grípa til allra viðeigandi aðgerða til að ná þessum markmiðum með tilliti til mismunandi aðstæðna í ríkjunum.

Meginskuldbinding samþykktar ILO nr. 156 felst í 8. gr. hennar þar sem segir að fjölskylduábyrgð skuli ekki vera gild ástæða uppsagnar. Um er að ræða nýja reglu í íslenskum vinnurétti en meginreglan er sú að atvinnurekendur þurfa ekki að gefa upp ástæðu uppsagnar. Undantekningar eru þó til frá þeirri reglu. Þær varða uppsagnir trúnaðarmanna, sbr. 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og uppsagnir barnshafandi kvenna, sbr. 7. gr. laga nr. 57/1987, um fæðingarorlof.

Ákvæði 1. gr. frumvarpsins byggist á tillögu þríhliða samstarfsnefndar félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Nefndina skipa fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og félagsmálaráðuneytinu sem jafnframt fer með formennsku í nefndinni. Nefndin var sammála um að önnur ákvæði samþykktarinnar kölluðu ekki á lagabreytingar hér á landi.

Til skýringar skal tekið fram að við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af 1. gr. samþykktar ILO nr. 156, þar sem fram kemur í 1. mgr. að hún tekur til starfsmanna sem hafa skyldum að gegna gagnvart eigin börnum á framfæri, þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama í atvinnulífinu. Í 2. mgr. segir að ákvæði samþykktarinnar skuli einnig taka til starfsmanna sem hafa skyldum að gegna gagnvart öðrum nánum vandamönnum sem greinilega þarfnast umönnunar þeirra eða forsjár, þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama í atvinnulífinu. Samkvæmt 3. mgr. fer um hugtökin „barn á framfæri“ og „öðrum nánum vandamönnum, sem greinilega þarfnast umönnunar eða forsjár“ eftir skilgreiningum viðkomandi ríkis. Í 4. mgr. segir síðan að starfsmenn sem 1. og 2. mgr. taka til séu í samþykktinni nefndir „starfsmenn með fjölskylduábyrgð“. Í þessu sambandi þarf því að skoða 2. mgr. 1. gr. og skilgreina hverjir mundu flokkast undir „aðra nána vandamenn“ (sem greinilega þarfnast umönnunar eða forsjár) þannig að um fjölskylduábyrgð teldist vera að ræða.

Í skýringarriti ILO, *Workers with family responsibilities, 1993,* kemur fram í útskýringum við 2. mgr. 1. gr. að einstökum ríkjum hafi verið látið eftir að skilgreina nákvæmlega þau eðli fjölskyldutengsla sem þurfa að vera fyrir hendi og í hvaða mæli þurfi að vera um umönnun og framfærslu að ræða til að um fjölskylduábyrgð sé að ræða. Á hinn bóginn hafi lokatextinn sýnt þann vilja ráðstefnunnar sem afgreiddi samþykktina að þrengja ákvæðið eins mikið og mögulegt væri þannig að það takmarkaðist við þau tilvik þar sem þörfin er mest og þar sem sú umönnun sem starfsmaðurinn veitir sé í þeim mæli að hún gæti haft alvarleg áhrif á starfsmöguleika hans. Í skýringunum er bent á að þegar athugað er til hvaða tilvika ákvæði 2. mgr. 1. gr. nær séu mikilvægustu viðmiðin annars vegar skilgreiningin á því hvaða fjölskyldutengsl þurfi að vera fyrir hendi og hins vegar hvers eðlis umönnunin þurfi að vera. Mörg ríki fella maka og foreldra eða tengdaforeldra starfsmannsins undir fjölskyldutengsl og að auki afa og ömmur (og tengdaafa og -ömmur). Systkini og mágarmág-

konur eru einnig oft felld undir fjölskyldutengsl, einkum þegar þau eru ósjálfráða eða fötluð eða geta ekki séð sér farborða vegna annarra ástæðna. Aðrir ættingjar, svo sem frændur og frænkur og ættingjar maka falla sjaldnar undir, nema unnt sé að sýna fram á að viðkomandi sé hluti af fjölskyldu starfsmannsins eða eigi enga aðra ættingja sem geti veitt honum umönnun eða aðstoð.

Þrátt fyrir að ekki sé skilyrði samkvæmt samþykktinni að viðkomandi búi á sama heimili og starfsmaðurinn til að teljast náinn vandamaður setja mörg ríki slíkt skilyrði í landsrétti, sérstaklega þegar fjölskyldutengsl byggjast ekki á lagalegum fjölskylduböndum. Í sumum ríkjum, svo sem Hollandi, er þess ekki krafist að einstaklingurinn sem greinilega þarfnast umönnunar og aðstoðar sé skyldur starfsmanninum, svo fremi sem unnt sé að skilgreina náin tengsl hans við starfsmanninn sem geta talist fjölskyldulegs eðlis. Í Bretlandi og Bandaríkjunum hefur það afgerandi þýðingu hvort viðkomandi er efnahagslega háður starfsmanninum eða nýtur raunverulegrar umönnunar hans.

Af orðalagi 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er ljóst að atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp vegna sjónarmiða sem eingöngu varða fjölskylduábyrgð hans. Inntak 1. mgr. er síðan nánar afmarkað í 2. mgr. þar sem hugtakið fjölskylduábyrgð er skilgreint. Til að um fjölskylduábyrgð starfsmanns geti verið að ræða verða þrjú meginskilyrði að vera fyrir hendi. Í fyrsta lagi verður að vera um að ræða skyldur gagnvart ósjálfráða börnum, maka eða nánum skyldmennum starfsmannsins sjálfs. Þannig falla t.d. hvorki undir ákvæðið skyldur starfsmannsins gagnvart sjálfráða afkomendum sem náð hafa 18 ára aldri né heldur gagnvart skyldmennum maka starfsmannsins. Í öðru lagi þarf viðkomandi að búa á heimili starfsmannsins og loks er þriðja skilyrðið að viðkomandi þarfnist umönnunar starfsmannsins sjálfs eða forsjár, svo sem vegna veikinda, fötlunar eða sambærilegra aðstæðna. Allir þessir þrír þættir þurfa að vera fyrir hendi til að starfsmaður teljist bera fjölskylduábyrgð gagnvart viðkomandi einstaklingi í skilningi frumvarpsins og byggist ákvæðið því á þröngri skilgreiningu hugtaksins fjölskylduábyrgð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um bann við uppsögnum starfsmanna vegna fjölskylduábyrgðar.

Með frumvarpinu er lagt til að óheimilt verði að segja starfsmanni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar hans. Frumvarpið er lagt fram samhliða tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Íslands á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu. Meginskuldbinding samþykktarinnar felist í 8. gr. hennar þar sem segir að fjölskylduábyrgð skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar. Í greinargerð segir að þar sé um nýja reglu að ræða í íslenskum vinnurétti.

Frumvarpið mun leiða til aukinna útgjalda fyrir alla launagreiðendur, þ.m.t. ríkissjóð, verði það að lögum, en þó er mjög óljóst hversu mikið þau kunna að aukast. Ástæðan er sú að það er alls óljóst í hvaða tilvikum muni reyna á lögin og því hefur ekki reynst unnt að afla upplýsinga um sambærileg tilvik á síðustu árum.

966. Frumvarp til laga [583. mál]

um breytingu á lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. gr.

Í stað ártalsins „2001“ í lokamálslið 6. gr. laganna kemur: 2003.

2. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Í stað ártalsins „2000“ í 20. gr. laganna kemur: 2002.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með setningu laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, ákvað Alþingi að heimila ráðherrum félagsmála, heilbrigðis- og tryggingamála og umhverfismála að veita allt að tólf sveitarfélögum undanþágu frá ákvæðum tiltekinna laga. Markmið laganna var, sbr. 1. gr. þeirra, að gera sveitarfélögum kleift að gera tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna þeirra, tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Með tilraununum skyldi stefnt að aukinni sjálfsstjórn sveitarfélaga, betri aðlögun stjórnsýslu þeirra að staðbundnum aðstæðum, bættri þjónustu við íbúana og betri nýtingu fjármagns hins opinbera. Tilraunirnar máttu ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá.

Þau sveitarfélög sem fengið hafa heimild til að gera tilraunir í samræmi við ákvæði laganna nefnast reynslusveitarfélög.

Lög nr. 82/1994 veita félagsmálaráðherra heimild til að víkja frá ákvæðum eftirtalinna laga þegar reynslusveitarfélag á í hlut:

a. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, varðandi félagslegar íbúðir,
b. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, varðandi þjónustu við fatlaða,

c. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, og laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985, varðandi þjónustu við atvinnulausa,
d. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, varðandi fjármögnun reynsluverkefna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er með lögunum veitt heimild til að víkja frá ákvæðum laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, þegar reynslusveitarfélag á í hlut, varðandi byggingu og/eða rekstur heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss og enn fremur ákvæðum laga nr. 82/1989, um málefni aldraða, varðandi þjónustu við aldraða.

Umhverfisráðherra er veitt heimild til að víkja frá ákvæðum byggingarlaga, nr. 54/1978, um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verksvið byggingarfulltrúa í reynslusveitarfélagi.

Þá er heimilað í 9. gr. laganna að víkja frá ákvæðum laga um nefndir og stjórnir sveitarfélaga þegar reynslusveitarfélag á í hlut. Heimildin nær þó ekki til ákvæða um sveitarstjórnir, byggðarráð og kjörstjórnir.

Samkvæmt 2. gr. laganna eiga framangreindar heimildir ráðherra til að víkja frá lögum við ákvæði laga um:

a. stjórnsýslu sveitarfélaga og skipulag starfsemi þeirra,
b. hvernig verkefni skulu leyst af hendi,
c. hvernig eftirliti ríkisins með starfsemi sveitarfélaga skuli háttað,
d. verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Við val á reynslusveitarfélögum bar félagsmálaráðherra að gæta þess að þau væru sem fjölbreytilegust að stærð og gerð. Sveitarfélög sem sóttu um þátttöku í tengslum við sameiningu skyldu að öðru jöfnu hafa forgang. Þau sveitarfélög sem valin voru til þátttöku voru: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabæ, Reykjanesbær, Snæfellsbær, Borgarbyggð, Dalabyggð, Vesturbyggð, Akureyri, Neskaupstaður, Hornafjörður og Vestmannaeyjar.

Um áramótin 1998–99 var ólokið 23 tilraunaverkefnum á vegum átta reynslusveitarfélaga. Fjögur reynslusveitarfélög af þeim tólf sem félagsmálaráðherra valdi árið 1994 höfðu þá hætt þátttöku þar sem þeim hafði ekki tekist að ná samkomulagi um tilraunaverkefni. Þau eru: Borgarbyggð, Snæfellsbær, Vesturbyggð og Dalabyggð.

Hefur félagsmálaráðuneytið gert samning við óháð ráðgjafarfyrirtæki um að meta árangur af verkefnunum, jafnframt því að verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga hefur hvatt reynslusveitarfélögin og hlutaðeigandi ráðuneyti til að leggja eigið mat á verkefnin og árangur þeirra.

Efni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími laga um reynslusveitarfélög verði framlengdur um tvö ár, til 1. janúar árið 2002. Helgast sú tilhögun m.a. af því að sum þeirra tilraunaverkefna sem nú standa yfir hófust seinna en ráð var fyrir gert og er fyrirsjáanlegt að ekki verði fengin af þeim nægileg reynsla áður en gildistíminn rennur út. Enn fremur telur verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga heppilegt að í þeim tilvikum þar sem um er að ræða viðamikil verkefni og vilji reynslusveitarfélags stendur til að halda verkefninu áfram eftir 1. janúar árið 2000 verði ráðherra unnt að framlengja það.

Ekki er gert ráð fyrir að öll verkefni sem ólokið verður hinn 1. janúar árið 2000 verði framlengd. Þau verkefni sem til greina kemur að framlengja á grundvelli laga um reynslusveitarfélög eru á sviði málefna fatlaðra, öldrunarmála og heilsugæslu og enn fremur ýmsar stjórnsýslutilraunir. Hins vegar er lagt til í frumvarpinu að felldar verði brott heimildir ráðherra til að veita undanþágur frá ákvæðum laga varðandi húsnæðismál, vinnumarkaðsmál og byggingarmál. Varðandi tvo fyrrnefndu málaflokkana hafa verið sett ný lög sem gera það að verkum að verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga telur ekki forsendur fyrir framlengingu

verkefna, en varðandi byggingarmálin telur verkefnisstjórnin að nægileg reynsla sé komin á og hefur hún tekið upp viðræður við umhverfisráðuneytið um möguleika á lagabreytingum til samræmis við góða reynslu af þeim verkefnum.

Almenn ánægja virðist ríkja með flest þeirra verkefna sem komist hafa af stað. Meðal annars hafa tilraunir á sviði stjórnsýslu og byggingarmála gefið góðan árangur og hafa mörg sveitarfélög endurskipulagt stjórnsýslu sína almennt á grundvelli góðrar reynslu af tilraunaverkefnum. Enn fremur hefur verið góð reynsla af tilraun á yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra, sem falla vel að annarri félagsþjónustu sem sveitarfélögin veita.

Fyrirséð er að niðurstaðna árangursmats vegna ýmissa stórra tilraunaverkefna er ekki að vænta á þessu ári. Meðal annars af þeirri ástæðu er talið nauðsynlegt að tryggja með lagabreytingu að unnt verði að ljúka verkefnunum. Þannig mun viðkomandi ráðuneytum gefast svigrúm til að vinna að þeim lagabreytingum sem þau telja nauðsynlegar þegar árangur verkefnanna liggur fyrir, í samráði við verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið varðar skýrslu verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga sem félagsmálaráðherra skal árlega leggja fram á Alþingi. Lagt er til að síðasta skýrsla verði lögð fram vorið 2003 í stað 2001, til samræmis þeirri breytingu sem lögð er til í 7. gr. frumvarpsins um framlengingu á gildistíma laga nr. 82/1994.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að heimild félagsmálaráðherra til að víkja frá ákvæðum laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, verði felld brott. Helgast sú breyting af breyttu skipulagi húsnæðismála, sbr. lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem tóku gildi 1. janúar 1999.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að heimild félagsmálaráðherra til að víkja frá ákvæðum laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, og laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun, verði felld brott. Eru ekki taldar forsendur fyrir framlengingu tilraunaverkefna vegna þeirra breytinga á skipulagi vinnumarkaðar sem urðu við setningu laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, og laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að heimild félagsmálaráðherra til að víkja frá ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, verði felld brott. Ákvæði þessu hefur ekki verið beitt í framkvæmd og er gert ráð fyrir að tilraunaverkefni reynslusveitarfélaga verði sem fyrr fjármögnuð með beinum framlögum úr ríkissjóði, samkvæmt fjárlögum.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að heimild umhverfisráðherra til að víkja frá ákvæðum byggingarlaga, nr. 54/1978, verði felld brott. Er gert ráð fyrir því að umhverfisráðherra leggi fram frumvarp til breytingar á byggingar- og skipulagslögum þar sem mælt verði fyrir um þær heimildir sem tilraunaverkefni reynslusveitarfélaga byggjast á.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Ákvæðið varðar gildistíma laganna sem lagt er til að verði framlengdur til 1. janúar árið 2002. Þannig er lagt til að lögin gildi tveimur árum lengur en upphaflega var gert ráð fyrir.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími laga um reynslusveitarfélög verði framlengdur um tvö ár, eða til 1. janúar 2002. Ýmsum tilraunaverkefnum er ólokið en ekki er gert ráð fyrir að þau verði öll framlengd. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að felldar verði brott heimildir ráðherra til að veita undanþágur frá ákvæðum laga um húsnæðismál, vinnumarkaðsmál og byggingarmál. Enn fremur er lagt til að felld verði brott heimild félagsmálaráðherra til að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, en heimild þessi hefur ekki verið notuð. Er gert ráð fyrir að tilraunaverkefni reynslusveitarfélaga verði fjármögnuð með beinum framlögum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eins og verið hefur. Ekki er gert ráð fyrir auknum útgjöldum úr ríkissjóði við samþykkt frumvarpsins.

967. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn í fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingvar Sverrisson frá Vinnumálastofnun, Halldór Grönvold og Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Alþýðusambandi Íslands og BSRB, Verslunarráði Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Íslenska álfélaginu hf.

Með samþykkt frumvarpsins verða lögfest efnisatriði tilskipunar Evrópusambandsins 94/45/EB. Í tilskipuninni er kveðið á um að í fyrirtækjum og samsteypum fyrirtækja sem starfa í fleiri en einu landi bandalagsins, hafa a.m.k. 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, eru með starfsstöðvar í a.m.k. tveimur EES-ríkjum og hafa a.m.k. 150 starfsmenn í hverju þeirra skuli stofna evrópskt samstarfsráð skipað fulltrúum starfsmanna eða að settar verði reglur í hverju fyrirtæki eða hverri samsteypu fyrirtækja um upplýsingamiðlun til starfsmanna eða samráð við þá samkvæmt nánari reglum.

Að mati nefndarinnar er heiti frumvarpsins nokkuð óþjált og leggur hún til að því verði breytt. Aðalheiti tilskipunarinnar hefur verið þýtt á íslensku sem „evrópskt samstarfsráð“ (e. European Works Council) og vísar það til þess ráðs þar sem upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn fer fram. Þrátt fyrir að efni frumvarpsins fjalli einnig um aðra þætti eins og stofnun ráðsins og setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn þykir heppilegra að fyrirsögn frumvarpsins verði frumvarp til laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.

Enn fremur leggur nefndin til að gerðar verði ýmsar breytingar á frumvarpinu, bæði efnisbreytingar og orðalagsbreytingar. Helstu efnisbreytingar eru þessar:

1. Í 4. gr. frumvarpsins er hugtakið fyrirtækjahópur skilgreint. Í athugasemdum með greininni kemur fram að það ráðist af 5. gr. frumvarpsins hvort einstök fyrirtæki hafi þau innbyrðis tengsl að um fyrirtækjahóp sé að ræða. Í 5. gr. er að finna skilgreiningu á móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki og í 4. mgr. 5. gr. segir að saman myndi móðurfyrirtækið og dótturfyrirtækið fyrirtækjahóp. Nefndin leggur til að í stað orðsins fyrirtækjahópur sé notað orðið fyrirtækjasamstæða. Í íslensku lagamáli hefur orðið samstæða verið notað yfir fyrirtæki sem hafa þessi tengsl, t.d. í lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Til samræmis þykir því æskilegra að nota hugtakið fyrirtækjasamstæða.
2. Kaflaheiti III. kafla frumvarpsins er að mati nefndarinnar fullþröngt. Kaflinn fjallar ekki eingöngu um ábyrgð aðalstjórnar á að stofna samstarfsráð eða samþykkja reglur um upplýsingamiðlun og samráð heldur er einnig að finna í honum m.a. almennar reglur um stofnun slíks ráðs og setningu slíkra reglna. Því þykir skýrara að kaflaheitið hafi víðari skírskotun.
3. Breytingar sem lagðar eru til á 15. gr. varða uppsetningu og eru til þess að gera greinina skýrari. Ekki eru gerðar efnisbreytingar á henni.
4. Nefndin leggur til að 2. málsl. 18. gr., þar sem kveðið er á um að skylt sé að láta afrit samninga sem gerðir hafa verið skv. 14. eða 15. gr. laganna fylgja tilkynningu til ráðherra, falli brott. Að mati nefndarinnar er nægilegt að ráðherra sé tilkynnt að slíkur samningur hafi verið gerður. Í mörgum tilvikum getur verið fjallað um trúnaðarmál sem varða fyrirtæki miklu í slíkum samningum og þar sem samkvæmt frumvarpinu virðist ekki þjóna neinum sérstökum tilgangi að afhenda afrit þeirra til ráðuneytis leggur nefndin til að sá hluti greinarinnar falli brott.
5. Í frumvarpinu er jafnan talað um samstarfsráðið. Í kaflaheiti 19. gr. er það hins vegar kallað evrópskt samstarfsráð. Til samræmingar þykir nefndinni rétt að alls staðar í frumvarpinu sé sama heitið notað og að ætíð sé talað um samstarfsráðið. Svo að ljóst sé hvað átt er við með samstarfsráði leggur nefndin til að á eftir orðunum „evrópskt samstarfsráð“ í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins komi: hér eftir nefnt samstarfsráð.
6. 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins kveður á um að í samstarfsráði skuli sitja mest þrjátíu fulltrúar. Í 5. mgr. 21. gr. er hins vegar að finna reglu um hvernig skuli fækka fulltrúum séu þeir fleiri en átján. Í viðauka við tilskipun 45/94/EB er miðað við að fulltrúar séu þrjátíu og telur nefndin rétt að þeirri reglu sé fylgt.
7. Í 24. gr. frumvarpsins er fjallað um aukafundi sem heimilt er að óska eftir að haldnir verði með aðalstjórn fyrirtækis eða öðru hlutaðeigandi stjórnunarstigi. Breytingarnar sem lagðar eru til á þessari grein eru gerðar í þeim tilgangi að skýra nánar annars vegar hverjir eigi rétt á að sitja fund með stjórn fyrirtækis eða fá upplýsingar um þær sérstöku aðstæður sem fjallað er um í 1. mgr. Hins vegar er bætt við málsgrein þar sem skýrt er

kveðið á um að aukafundur sem fjallað er um í 24. gr. hafi engin áhrif á heimildir aðalstjórnar.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Arnbjörg Sveinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1999.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.	Magnús Stefánsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.		Pétur H. Blöndal.

968. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til l. um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn í fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „fyrirtækjahópum“ í 1. mgr. og sama orðs hvarvetna í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarfalli): fyrirtækjasamstæðum.
   b. Á eftir orðunum „evrópskt samstarfsráð“ í 2. mgr. komi: hér eftir nefnt samstarfsráð.
2. Við 3. gr. Í stað 2. og 3. tölul. komi nýr töluliður sem orðist svo: er með starfsstöðvar í a.m.k. tveimur EES-ríkjum og hefur a.m.k. 150 starfsmenn í hvoru þeirra.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „hóp“ í 1. málsl. komi: samstæðu.
   b. 3. tölul. orðist svo: samanstendur af minnst tveimur fyrirtækjum, hvoru í sínu EES-ríkinu, sem hvort um sig hefur 150 starfsmenn eða fleiri.
4. Við 8. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Með fjölda starfsmanna, sbr. 3. og 4. gr., er átt við meðalfjölda starfsmanna á síðustu tveimur árum áður en beiðni er lögð fram skv. 10. gr.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Fjöldi starfsmanna.*
5. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „sæta“ í 2. mgr. komi: sæti.
   b. Í stað orðsins „flestir“ í 2. tölul. 5. mgr. komi: fleiri.
6. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

   Ef aðalstjórn og samningaráð ákveða að gera samning er hefur að geyma reglur um upplýsingamiðlun og samráð, sbr. 1. mgr. 12. gr., skal samningurinn einkum hafa að geyma ákvæði um málefni sem varða fleiri en eitt EES-ríki og hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna. Í samningi aðila skal þó að lágmarki kveða á um eftirfarandi atriði:

1. Nöfn fyrirtækja og/eða starfsstöðva, sbr. 3. og 4. gr., sem falla undir samninginn.
2. Fyrirkomulag á miðlun upplýsinga og samráði við starfmenn eða fulltrúa þeirra.
3. Rétt starfsmanna eða fulltrúa þeirra til að koma saman til fundar í því skyni að skiptast á skoðunum um upplýsingar sem þeim eru veittar skv. 1. málsl.

7. Við 18. gr. 2. málsl. falli brott.
8. Fyrirsögn III. kafla orðist svo: **Stofnun samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.**
9. Við 19. gr. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Skylda til stofnunar samstarfsráðs.*
10. Við 21. gr. Í stað orðsins „átján“ í 5. mgr. komi: þrjátíu.
11. Við 24. gr.
    a. 1. og 2. mgr. orðist svo:
    Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum vegna flutnings, lokunar starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagna, á framkvæmdanefndin eða, hafi hún ekki verið stofnuð, samstarfsráðið rétt á að fá upplýsingar um þessar sérstöku aðstæður.
    Framkvæmdanefndin eða, hafi hún ekki verið stofnuð, samstarfsráðið hefur eftir að hafa sent frá sér beiðni þess efnis rétt til að sitja fund með aðalstjórn fyrirtækis eða einhverju öðru hlutaðeigandi stjórnunarstigi í fyrirtækinu eða fyrirtækjasamstæðunni í því skyni að fá upplýsingar og hafa samráð um mikilvægar ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.
    b. Á eftir orðunum „sitja fund“ í 3. mgr. komi: framkvæmdanefndar.
    c. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
    Fundur skv. 2. mgr. hefur ekki áhrif á heimildir aðalstjórnar.
12. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.

969. Nefndarálit [354. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Egil Stephensen frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, Sif Konráðsdóttur frá Neyðarmóttöku vegna nauðgunar, Jakob Möller og Martein Másson frá Lögmannafélaginu og Boga Nilsson ríkissaksóknara.

Umsagnir bárust frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Sálfræðingafélagi Íslands, Vernd, umboðsmanni barna, ríkissaksóknara, Kvennaathvarfinu, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Neyðarmóttöku vegna nauðgunar, Lögmannafélagi Íslands, Barnaverndarstofu, Sif Konráðsdóttur héraðsdómslögmanni, barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar, lögreglustjóraembættinu í Reykjavík og Dómarafélagi Íslands.

Meginmarkmið frumvarpsins er að styrkja réttarstöðu brotaþola, sérstaklega þeirra sem beittir hafa verið ofbeldi í einhverri mynd. Helsta breytingin sem lögð er til á réttarstöðu þeirra er sú að tekin verði upp skylda til að tilnefna eða skipa brotaþola réttargæslumann til

að gæta hagsmuna hans í opinberu máli ef hann hefur hefur verið beittur ofbeldi þannig að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni og þurfi á sérstakri aðstoð slíks málsvara að halda. Er gengið enn lengra ef um er að ræða börn yngri en 18 ára sem grunur leikur á að hafi orðið fórnarlömb kynferðisbrota þar sem lagt er til að skylt verði að skipa þeim réttargæslumann í öllum slíkum tilvikum.

Í frumvarpinu eru lagðar til fjölmargar smærri breytingar. Lagt er til að brotaþoli geti krafist þess að réttarhald fari fram fyrir luktum dyrum og skotið synjun héraðsdómara á þeirri bón til Hæstaréttar. Þá verði þess betur gætt en verið hefur að upplýsingum um brotaþola sé haldið leyndum. Lögreglu verði skylt að leiðbeina brotaþola um lögmælt réttindi hans og ákvæði um tilkynningarskyldu lögreglu og ákæranda gagnvart brotaþola verði ítarlegri en nú er. Þegar um er að ræða rannsókn á kynferðisbroti og brotaþoli er barn undir 18 ára aldri taki dómari skýrslu af honum svo fljótt sem verða má, þ.e. áður en ákæra er gefin út. Þurfi barnið þá að jafnaði ekki að gefa skýrslu í málinu að nýju. Þá verði það ekki fortakslaus réttur ákæranda, sakbornings og verjanda að vera viðstaddir í dómsal eða annars staðar þar sem dómþing er háð þegar skýrsla er tekin af brotaþola sem er yngri en 18 ára heldur verði heimilt að gefa þeim þess í stað kost á að fylgjast með skýrslutökunni um leið og hún fer fram. Lagt er til að heitið „réttargæslumaður“ verði notað um skipaðan eða tilnefndan málsvara brotaþola en heitið „verjandi“ taki framvegis til málsvara sakbornings hvort sem hann er skipaður í starfið af dómara eða lögreglu. Þá er gert ráð fyrir að verjandi geti óhindrað kynnt gögn og efni þeirra fyrir sakborningi um leið og hann hefur fengið aðgang að þeim. Á móti er lagt til að lögregla geti neitað að veita verjanda aðgang að gögnum um skamman tíma ef hún telur að slíkt geti skaðað rannsókn málsins. Lagt er til að í sakamálum verði heimilt að taka skýrslu af vitni gegnum síma eða annað fjarskiptatæki á sama hátt og í einkamálum. Þá geti ríkissaksóknari mælt fyrir um rannsókn ef sérstaklega stendur á og ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið. Gert er ráð fyrir að framvegis nægi ekki að fá samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma til símahlerunar í þágu rannsóknar opinbers máls heldur þurfi ávallt úrskurð dómara til þess. Þá er lagt til að saksóknarlaun af hálfu ríkisins verði ekki talin til sakarkostnaðar. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði lengur skilyrði fyrir bótum til manns, sem sætt hefur refsivist eða þvingunarráðstöfun á borð við gæsluvarðhald og hefur ekki verið sakfelldur fyrir refsiverða háttsemi, að fremur megi telja hann líklegan til að vera saklausan en sekan af háttseminni, eins og er í núgildandi lögum. Loks er lagt til að heimilt verði að endurupptaka mál í því skyni að endurmeta sönnunargögn.

Nefndin fjallaði sérstaklega ítarlega um ákvæði frumvarpsins þar sem kveðið er á um skyldu lögreglu til að skipa brotaþola réttargæslumann í tilteknum tilvikum. Þykir nefndinni rétt, til að taka af öll tvímæli, að leggja til að það verði tekið sérstaklega fram í frumvarpinu að lögreglu sé í öllum tilvikum skylt að tilnefna réttargæslumann ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli óskar þess. Ef brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst skuli hins vegar ávallt tilnefna réttargæslumann eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna, aðrar en þær sem getið er hér að framan, eru eftirfarandi:

1. Sérstaklega verði áréttað að ekki skuli afmá atriði úr þingbókum og dómabókum áður en þau eru afhent öðrum en aðilum máls nema sérstök ástæða sé til. Meginreglan er sú að málsmeðferð er opinber og því verður að gera kröfur til þess að atriði séu ekki afmáð úr gögnum sem afhent eru almenningi nema mjög sérstakar ástæður liggi þar að baki.

2. Réttargæslumanni verði einungis heimilt að óska þess að dómari spyrji brotaþola tiltekinna spurninga eða dómari geti heimilað honum að spyrja brotaþola beint. Það sjónarmið kom fram við meðferð málsins í nefndinni að óeðlilegt væri að réttargæslumaður gæti óskað þess að dómari beindi spurningum til ákærða og vitna. Fellst nefndin á það sjónarmið.
3. Heimild réttargæslumanns til aðgangs að gögnum verði rýmkuð og að aðgangurinn verði ekki einskorðaður við gögn sem honum eru nauðsynleg til að aðstoða brotaþola við að setja fram einkaréttarkröfur.
4. Ríkissaksóknara verði í öllum tilvikum skylt að tilkynna brotaþola um áfrýjun.
5. Sett verði inn í frumvarpið ákvæði þess efnis að Hæstiréttur geti ákveðið að varadómarar verði kvaddir til að taka þátt í þeirri ákvörðun hvort mál skuli tekið upp á ný. Að baki þessari tillögu býr m.a. sú röksemd að erfið endurupptökumál auka mjög annir réttarins og því getur þurft að kalla til aukamannafla til að sinna slíku verkefni.
6. Loks er lagt til að gildistöku laganna verði flýtt til 1. maí 1999. Telur nefndin nauðsynlegt að þær réttarbætur sem mælt er fyrir um í frumvarpinu komi sem fyrst til framkvæmda.

Alþingi, 2. mars 1999.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Kristjánsson.
Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.	Árni R. Árnason.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Kristín Halldórsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

970. Breytingartillögur [354. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu „skal“ í efnismálsgrein b-liðar komi: ef sérstök ástæða er til.
2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:
   a. Orðin „sbr. þó 1. mgr. 43. gr.“ í 1. mgr. falla brott.
   b. Á eftir orðunum „og ber“ í 3. mgr. kemur: dómara.
3. Við 14. gr.
   a. Við a-lið (44. gr. a). Við 1. málsl. 3. mgr. bætist: þegar hún hefur verið birt.
   b. Við b-lið (44. gr. b).
      1. 1. mgr. orðist svo:
         Skylt er lögreglu að tilnefna réttargæslumann ef rannsókn máls beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli óskar þess. Þó skal ávallt tilnefna réttargæslumann ef brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst.

2. Kaflanúmerið „XXII.“ í 2. mgr. falli brott.

c. Við g-lið (44. gr. g).
   1. Á eftir orðunum „og ber“ í 2. mgr. komi: dómara.
   2. Í stað 1. málsl. 3. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Réttargæslumaður má ekki beina spurningum til þeirra sem gefa skýrslu fyrir dómi. Þó getur hann óskað þess að dómari spyrji brotaþola tiltekinna spurninga eða dómari heimilað honum að spyrja brotaþola beint, sbr. 2. mgr. 59. gr.

d. Við h-lið (44. gr. h). Í stað orðanna „geta aðstoðað brotaþola við að setja fram einkaréttarkröfur sínar“ í 1. mgr. komi: gæta hagsmuna brotaþola.

4. Við 34. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   4. Ríkissaksóknari tilkynnir brotaþola enn fremur um áfrýjun. Ef úrlausn héraðsdóms um einkaréttarkröfur hans hefur verið áfrýjað skal honum um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um réttargæslumann. Ef skilyrði eru til þess að skipa brotaþola réttargæslumann gerir Hæstiréttur það.

5. Á eftir 45. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 187. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
   2. Hæstiréttur getur ákveðið að varadómari, einn eða fleiri, verði kvaddur til að taka ákvörðun um hvort mál skuli tekið upp á ný þótt ekki sé fullnægt almennum skilyrðum til að kveðja varadómara til starfa.

6. Við 46. gr. (er verði 47. gr.). Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1999.

7. Við 47. gr. (er verði 48. gr.). Á eftir orðinu „skal“ í efnismálsgrein 1. tölul. komi: ef sérstök ástæða er til.

971. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um breyt. á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Jónsson, Gest Jónsson og Sigrúnu Guðmundsdóttur frá nefnd um endurskoðun skaðabótalaga, Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Axel Gíslason, Sigmar Ármannsson og Bjarna Guðmundsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Pál Gunnar Pálsson, Rúnar Guðmundsson og Helga Þórsson frá Fjármálaeftirlitinu og Guðríði Ólafsdóttur, Helga Seljan og Jóhannes Albert Sævarsson frá Öryrkjabandalagi Íslands. Þá komu á fund nefndarinnar Hrafn Magnússon og Haukur Hafsteinsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Magnús Norðdahl og Ari Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands, Jón R. Pálsson frá Vinnumálasambandinu, Marteinn Másson frá Lögmannafélagi Íslands og Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndinni bárust umsagnir frá Bændasamtökum Íslands, Bandalagi háskólamanna, Öryrkjabandalagi Íslands, Vátryggingaeftirlitinu, Tryggingastofnun ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Vinnumálasambandinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Lögmannafélagi Íslands, Umferðarráði, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Landssambandi lífeyrissjóða, Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Læknafélagi Íslands og Guðmundi Skaftasyni, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Frumvarpið er samið af Guðmundi Jónssyni, fyrrverandi hæstaréttardómara, og Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni, en þeir voru haustið 1996, ásamt Sigrúnu Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanni, skipaðir í nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Skilaði nefndin áliti í tvennu lagi þar sem Sigrún skilaði minnihlutaáliti.

Helstu breytingar á gildandi skaðabótalögum sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Við útreikning bóta fyrir varanlega örorku verði notaður samfelldur margfeldisstuðull til 75 ára aldurs.
2. Við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku verði miðað við fjárhagslegt örorkumat fyrir alla slasaða en ekki einungis þá sem nýta vinnugetu sína til að afla tekna.
3. Árslaun til ákvörðunar bóta miðist við meðalatvinnutekjur slasaða síðustu þrjú almanaksárin fyrir slys. Þá verði tekin upp lágmarksviðmiðun við útreikning bóta fyrir varanlega örorku en hámark viðmiðunarlauna verði óbreytt.
4. Reglum um frádrátt frá skaðabótakröfu vegna varanlegrar örorku verði breytt þannig að auk þeirra greiðslna sem nú dragast frá komi greiðslur frá almannatryggingum og hluti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði til frádráttar.
5. Bótaréttur 70 ára og eldri vegna varanlegrar örorku verði aukinn.
6. Heimild til að ákveða álag á miskabætur verði rýmkuð auk þess sem fellt verði niður ákvæði um að bætur greiðist ekki nái miskastig ekki 5%. Þá breytist aldurstengd skerðing miskabóta þannig að hún hefst við 50 ára aldur og verður 1% á ári að 75 ára aldri en engin eftir það.
7. Veruleg breyting verði á reglum um örorkunefnd. Aðalreglan verði sú að málsaðilar afli sér sjálfir sérfræðilegra álitsgerða um örorku- og/eða miskamat en báðir aðilar hafi rétt til þess að skjóta slíkum álitsgerðum til örorkunefndar til endurmats. Örorkunefnd verði einungis matsaðili á fyrsta stigi þegar málsaðilar óska þess sameiginlega.
8. Ársvextir bóta fyrir þjáningar, varanlegan miska, tímabundið atvinnutjón, missi framfæranda og varanlega örorku hækki úr 2 í 4,5%.
9. Heimild til ákvörðunar miskabóta skv. 26. gr. laganna verði rýmkuð. Verði t.d. heimilt að láta þann sem veldur líkamstjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Þá verði heimilt að gera þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.

Meðal þess sem rætt var ítarlega í nefndinni er sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu að bætur frá lífeyrissjóði og almannatryggingum dragist frá bótum vegna varanlegrar örorku. Ástæða þeirrar breytingar er sú að allt önnur sjónarmið eru uppi í frumvarpinu en í gildandi lögum hvað þetta varðar. Margföldunarstuðullinn er annars eðlis og við það miðaður að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku. Áður var margfeldisstuðullinn hins vegar við það miðaður að tjónþoli héldi óskertum rétti til bóta frá þriðja aðila, t.d. almannatryggingum og vátryggingum. Í frumvarpinu er við það miðað að bætur skerðist ekki vegna slysatrygginga eða annarra bótaúrræða sem tjónþoli hefur sjálfur kostað með greiðslu iðgjalds en hins vegar komi bætur af félagslegum toga að fullu til frádráttar. Litið er svo á að bótaréttur frá lífeyrissjóði sé í senn af félagslegum toga og úrræði sem launþegi kostar sjálfur. Algengast er að vinnuveitandi greiði 60% iðgjalds til lífeyrissjóðs en launþegi 40%. Með hliðsjón af þessari skiptingu er lagt til í frumvarpinu að 60% bóta frá lífeyrissjóði komi til frádráttar skaðabótakröfu vegna varanlegrar örorku eins og aðrar félagslegar greiðslur. Meiri hlutinn leggur til að sömu reglur gildi um bætur vegna tímabundins atvinnutjóns, enda eðlilegt að hið sama gildi um þetta tvennt hér. Því verði 60%

af greiðslum frá lífeyrissjóði vegna tímabundins tekjutjóns dregin frá skaðabótum fyrir tímabundna örorku. Þess þarf hins vegar að gæta þegar verðmæti örorkulífeyris er dregið frá bótum fyrir varanlega örorku að við útreikning bótanna eru þær lækkaðar um þriðjung vegna skattfrelsis og svokallaðs hagræðis af eingreiðslu. Örorkulífeyrir er hins vegar skattskyldur eins og launatekjur. Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að skerða útreiknað eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris um þriðjung áður en dregið er frá. Því er lagt til í frumvarpinu að til frádráttar skaðabótum fyrir varanlega örorku komi 40% (þ.e. ⅔ af 60%) af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Nokkuð var rætt um 13. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að heimild til ákvörðunar miskabóta verði rýmkuð. Tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum frumvarpsins við umrædda grein. Þar kemur fram að við mat á fjárhæðum bóta skuli m.a. hafa í huga umfang tjóns, sök tjónvalds og fjárhagsstöðu hans. Séu börn fórnarlömb kynferðisbrota beri að líta til þess hversu alvarlegar afleiðingar brots eru fyrir þau, svo og til eðlis verknaðarins, hve lengi misnotkun hafi staðið og hvort um misnotkun fjölskyldueða trúnaðartengsla sé að ræða. Leggur meiri hlutinn sérstaka áherslu á að slík tengsl milli brotamanns og brotaþola eiga ekki að leiða til lækkunar bóta.

Við meðferð málsins hjá nefndinni lögðu höfundar frumvarpsins til endurskoðaðan margfeldisstuðul til útreiknings varanlegrar örorku, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Við endurskoðunina var forsendum við gerð stuðulsins breytt þannig að atriðum sem hafa áhrif á starfslíkindi er sleppt fram að 67 ára aldri nema tekið er tillit til dánar- og örorkulíkinda á sama hátt og áður. Með þessu er horfið frá tillögu um fráhvarf frá hefðbundinni notkun starfslíkindaþáttarins. Sigurður Freyr Jónatansson tryggingastærðfræðingur endurreiknaði stuðulinn í samræmi við þessa breyttu forsendu í samvinnu við Bjarna Þórðarson tryggingastærðfræðing. Þá fóru þeir sameiginlega yfir aðra þætti stuðulsins að ósk nefndarinnar og staðreyndu réttmæti hans miðað við gefnar forsendur.

Að beiðni nefndarinnar létu höfundar frumvarpsins stilla upp í töflu undirstuðlum sem sameiginlega mynda endurskoðaða margfeldisstuðulinn. Taflan er birt í fylgiskjali með nefndarálitinu. Leggur meiri hlutinn til að sú útgáfa margfeldisstuðulsins sem þar birtist verði tekin inn í frumvarpið.

Breytingar á frumvarpinu sem meiri hlutinn leggur til, aðrar en þær sem gerð er grein fyrir hér að framan, eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í stað orðsins „rúmliggjandi“ í 2. gr. frumvarpsins komi orðið rúmfastur. Í umræddri grein eru tvö orð, rúmliggjandi og rúmfastur, notuð í sömu merkingu. Gæti það valdið ruglingi og er því lagt til að einungis annað þeirra, rúmfastur, verði notað. Telja verður það hugtak heppilegra þar sem það lýsir betur því sem átt er við.
2. Lagt er til að í stað orðanna „ekki veikur“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna komi orðið vinnufær. Í umræddum málslið segir að þegar sérstaklega standi á sé heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé ekki veikur. Í raun er þar átt við að greiða megi þjáningabætur þótt tjónþoli sé farinn að vinna. Bent hefur verið á að orðið veikur hefur tvenns konar merkingu sem vísi annars vegar til sjúkleika og hins vegar til óvinnufærni. Orðið veikur kemur tvisvar fyrir í 1. mgr. 3. gr. laganna og hefur í 1. málsl. merkinguna vanlíðan eða veikindi en í 2. málsl. merkinguna óvinnufær. Verður að telja óheppilegt að sama orðið hafi tvær mismunandi merkingar í sömu lagagrein og því er umrædd breyting á orðalagi lögð til. Ekki er um að ræða breytingu á innihaldi greinarinnar heldur er orðalagið einungis gert skýrara.
3. Lagt er til að í stað orðanna „eftir að ekki er að vænta þess að tjónþoli nái frekari bata“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi orðin: þegar heilsufar tjónþola er orðið stöðugt. Er sú

breyting í samræmi við sams konar breytingar á lögunum sem lagðar eru til í 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins.

4. Lagt er til að í stað orðanna „þegar honum er metin varanleg örorka“ í 1. efnismgr. 5. og 6. gr. frumvarpsins komi orðin: sem upphaf varanlegrar örorku miðast við. Þá komi í stað orðanna „þegar honum er metin örorka“ í 2. efnismgr. 5. gr. orðin: á þeim tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við. Með þessari breytingu verður skýrara að bætur vegna varanlegrar örorku reiknast frá þeim degi er tímabundinni örorku lýkur. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða.
5. Lagt er til að á undan orðinu „gáleysi“ í 2. efnismgr. 13. gr. frumvarpsins komi orðið stórfelldu. Að sögn höfunda frumvarpsins hefur umrætt orð fyrir mistök fallið út úr texta frumvarpsins. Þá er tekið fram í athugasemd við greinina í frumvarpinu að stórfellt gáleysi þurfi til bótaskyldu í því tilviki sem 2. efnismgr. 13. gr. fjallar um.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. mars 1999.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Kristjánsson.
Hjálmar Jónsson.	Árni R. Árnason.	Kristján Pálsson.

Fylgiskjal.

1 Aldur	2 Trygg.-stuðull m. v. jafnar tekjur	3 Aldurs-breytinga-stuðull tekjufalls	4 Aldursbrst. að teknu tilliti til núvirðingar	5 Afvöxt-un til 18 ára	6 Stuðull vegna skatt-frelsis	7 **Marg-feldis-stuðull**
0	21,537	1,300	1,28677001	0,619	0,667	**11,438**
1	21,537	1,300	1,28677001	0,636	0,667	**11,746**
2	21,537	1,300	1,28677001	0,653	0,667	**12,064**
3	21,537	1,300	1,28677001	0,671	0,667	**12,389**
4	21,537	1,300	1,28677001	0,689	0,667	**12,724**
5	21,537	1,300	1,28677001	0,707	0,667	**13,067**
6	21,537	1,300	1,28677001	0,726	0,667	**13,420**
7	21,537	1,300	1,28677001	0,746	0,667	**13,782**
8	21,537	1,300	1,28677001	0,766	0,667	**14,155**
9	21,537	1,300	1,28677001	0,787	0,667	**14,537**
10	21,537	1,300	1,28677001	0,808	0,667	**14,929**
11	21,537	1,300	1,28677001	0,830	0,667	**15,332**
12	21,537	1,300	1,28677001	0,852	0,667	**15,746**
13	21,537	1,300	1,28677001	0,875	0,667	**16,171**
14	21,537	1,300	1,28677001	0,899	0,667	**16,608**

1 Aldur	2 Trygg.- stuðull m. v. jafnar tekjur	3 Aldurs- breytinga- stuðull tekjufalls	4 Aldursbrst. að teknu tilliti til núvirðingar	5 Afvöxt- un til 18 ára	6 Stuðull vegna skatt- frelsis	7 **Marg- feldis- stuðull**
15	21,537	1,300	1,28677001	0,923	0,667	**17,057**
16	21,537	1,300	1,28677001	0,948	0,667	**17,517**
17	21,537	1,300	1,28677001	0,974	0,667	**17,990**
18	21,537	1,300	1,28677001	1,000	0,667	**18,476**
19	21,388	1,270	1,26454459	1,000	0,667	**18,031**
20	21,233	1,240	1,2413132	1,000	0,667	**17,572**
21	21,072	1,210	1,2176876	1,000	0,667	**17,106**
22	20,905	1,180	1,19296961	1,000	0,667	**16,626**
23	20,731	1,150	1,16711618	1,000	0,667	**16,130**
24	20,550	1,120	1,14008244	1,000	0,667	**15,619**
25	20,363	1,090	1,11240649	1,000	0,667	**15,101**
26	20,168	1,060	1,08344583	1,000	0,667	**14,567**
27	19,965	1,040	1,06392913	1,000	0,667	**14,161**
28	19,755	1,020	1,04404764	1,000	0,667	**13,750**
29	19,536	1,010	1,0345202	1,000	0,667	**13,474**
30	19,310	0,970	0,99533764	1,000	0,667	**12,813**
31	19,075	0,965	0,99046904	1,000	0,667	**12,595**
32	18,831	0,960	0,98583889	1,000	0,667	**12,376**
33	18,579	0,955	0,98093661	1,000	0,667	**12,150**
34	18,317	0,950	0,97574001	1,000	0,667	**11,915**
35	18,045	0,945	0,97073167	1,000	0,667	**11,678**
36	17,764	0,940	0,96540227	1,000	0,667	**11,433**
37	17,473	0,935	0,95972257	1,000	0,667	**11,180**
38	17,172	0,935	0,95979541	1,000	0,667	**10,988**
39	16,861	0,935	0,95932798	1,000	0,667	**10,784**
40	16,539	0,935	0,95929217	1,000	0,667	**10,577**
41	16,207	0,935	0,95869933	1,000	0,667	**10,358**
42	15,863	0,930	0,95339605	1,000	0,667	**10,083**
43	15,509	0,930	0,95279049	1,000	0,667	**9,851**
44	15,143	0,925	0,9474586	1,000	0,667	**9,565**
45	14,766	0,920	0,94115602	1,000	0,667	**9,265**
46	14,377	0,920	0,94040728	1,000	0,667	**9,014**
47	13,977	0,920	0,93898149	1,000	0,667	**8,750**
48	13,566	0,915	0,9332288	1,000	0,667	**8,440**
49	13,142	0,910	0,92635712	1,000	0,667	**8,116**
50	12,707	0,910	0,92481804	1,000	0,667	**7,834**
51	12,260	0,920	0,93307715	1,000	0,667	**7,626**
52	11,801	0,925	0,93680233	1,000	0,667	**7,370**
53	11,329	0,935	0,94518838	1,000	0,667	**7,139**
54	10,846	0,950	0,95868031	1,000	0,667	**6,932**
55	10,350	0,960	0,96776224	1,000	0,667	**6,678**
56	9,842	0,965	0,97205071	1,000	0,667	**6,378**

1 Aldur	2 Trygg.-stuðull m. v. jafnar tekjur	3 Aldurs-breytinga-stuðull tekjufalls	4 Aldursbrst. að teknu tilliti til núvirðingar	5 Afvöxt-un til 18 ára	6 Stuðull vegna skatt-frelsis	7 **Marg-feldis-stuðull**
57	9,321	0,965	0,97160987	1,000	0,667	**6,037**
58	8,786	0,965	0,97092373	1,000	0,667	**5,687**
59	8,237	0,965	0,97046794	1,000	0,667	**5,329**
60	7,673	0,965	0,96967428	1,000	0,667	**4,960**
61	7,092	0,965	0,96897475	1,000	0,667	**4,581**
62	6,493	0,970	0,9727517	1,000	0,667	**4,211**
63	5,873	0,980	0,98113217	1,000	0,667	**3,841**
64	5,229	0,990	0,99007076	1,000	0,667	**3,451**
65	4,556	1,000	1	1,000	0,667	**3,038**
66	3,850	1,000	1	1,000	0,667	**2,567**
67	3,101	1,000	1	1,000	0,667	**2,067**
68	2,991	1,000	1	1,000	0,667	**1,994**
69	2,852	1,000	1	1,000	0,667	**1,902**
70	2,675	1,000	1	1,000	0,667	**1,783**
71	2,440	1,000	1	1,000	0,667	**1,626**
72	2,118	1,000	1	1,000	0,667	**1,412**
73	1,664	1,000	1	1,000	0,667	**1,109**
74	1,000	1,000	1	1,000	0,667	**0,667**

Í 1. dálki sést sá aldur sem miðað er við. Tryggingafræðilegu stuðlarnir í 2. dálki sýna núvirði 1 kr. árslauna miðað við 4,05% ávöxtun (þ.e. 4,5% fyrir fjármagnstekjuskatt) og að teknu tilliti til dánarlíkinda, örorkulíkinda og starfslíkinda. Í 3. dálki sést aldursbreytingastuðull tekjufalls sem notaður var í frumvarpinu frá 1995 og var hugsaður til leiðréttingar á mismunandi tekjum yfir starfsævina. Í 4. dálki er aldursbreytingastuðullinn eftir að reiknuð hafa verið inn áhrifin af núvirðingu þannig að tekjur sem eru næstar í tíma hafi mest vægi. Í 5. dálki eru afvöxtunaráhrifin miðað við 2,7% ávöxtun (þ.e. 3% fyrir fjármagnstekjuskatt) fyrir börn sem eru ekki enn farin að afla sér tekna. 6. dálkur sýnir 33,3% lækkun vegna tekjuskattfrelsis bóta. Að lokum er í 7. dálki sjálfur margfeldisstuðullinn sem er margfeldi af 2., 4., 5. og 6. dálki.

972. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um breyt. á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hlutinn telur frumvarpið í veigamiklum atriðum og þegar á heildina er litið til verulegra bóta fyrir tjónþola og brýnt að úrbæturnar komist þegar í stað til framkvæmda.

Minni hlutinn gerir þó alvarlegar athugasemdir við nokkur mikilvæg atriði.

Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 5. gr. laganna að 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði verði dregin frá skaðabótakröfu. Jafnframt leggur meiri hlutinn til þá breytingu á 2. gr. frumvarpsins að frá skaðabótum skuli dregin 60% af greiðslu frá lífeyrissjóði og greiðslu frá sjúkrasjóði. Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn þessari breytingartillögu við 2. gr. og jafnframt leggja til breytingartillögu við 4. gr. þess efnis að greiðslur frá lífeyrissjóðum verði ekki dregnar frá skaðabótum. Iðgjöld launafólks í lífeyrissjóði eru hluti umsaminna launa og réttindin því eign launafólks. Óeðlilegt er að sú eign komi til frádráttar skaðabótakröfum. Í þessu samhengi er rétt að benda á að tryggingar sem keyptar eru á markaði koma ekki til frádráttar.

Minni hlutinn mun einnig leggja fram breytingartillögu við 13. gr. frumvarpsins þess efnis að við mat á miskabótum vegna kynferðisofbeldis verði tekið sérstakt tillit til eðlis og afleiðinga brotsins.

Minni hlutinn telur að sú lágmarksviðmiðun árslauna sem fram kemur í 6. gr. frumvarpsins sé of lág. Telur minni hlutinn eðlilegra að miða þar við meðallaun landverkafólks innan ASÍ í stað þeirrar upphæðar sem lögð er til og er nokkru lægri.

Þá vekur minni hlutinn athygli á því að þegar nefndin fjallaði um skaðabótalögin árið 1995 voru miklar deilur milli tryggingafélaganna og Vátryggingaeftirlitsins um hvort og að hve miklu leyti aukinn bótaréttur hefði áhrif á iðgjaldagreiðslur. Þær deilur áttu m.a verulegan þátt í því að mjög hefur dregist að breyta skaðabótalögum til að tryggja tjónþolum sanngjarnar og eðlilegar bætur. Misvísandi upplýsingar komu fram og fólust m.a. í því að tryggingafélögin töldu að þær breytingar sem lágu fyrir mundu leiða til 30–50% hækkunar á iðgjöldum en Vátryggingaeftirlitið að ekki væri þörf á neinni verulegri hækkun iðgjalda vegna breytinga á bótarétti. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu allsherjarnefndar og endurskoðunarnefndar skaðabótalaganna með atbeina bæði dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra hefur enn ekkert skýrst varðandi iðgjöldin. Þótt meginatriði þessa máls sé að tjónþolar fái sanngjarnar og eðlilegar bætur er það einnig mikilvægt að Alþingi hafi möguleika á að fylgjast með hvort réttarbæturnar geti hugsanlega leitt til breytinga á iðgjöldum, en á það hefur skort að mestu leyti. Með vísan til þróunar þessa hluta málsins og stöðu bótasjóðanna leggur minni hlutinn áherslu á að Fjármálaeftirlitið (áður Vátryggingaeftirlitið), sé þess þörf, beiti ákvæðum 2. mgr. 55. gr. laga um Vátryggingaeftirlit þar sem kveðið er á um að eftirlitið geti með rökstuddum hætti gert athugasemdir ef iðgjöld eru ósanngjörn og ekki í samræmi við áhættu sem í vátryggingum felst.

Alþingi, 3. mars 1999.

Ögmundur Jónasson, frsm. Kristín Halldórsdóttir. Jóhanna Sigurðardóttir.

973. Breytingartillögur [183. mál]

við frv. til l. um breyt. á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, VS, JónK, HjálmJ, ÁRÁ, KPál).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
   a. 1. mgr. orðast svo:
      Bætur fyrir atvinnutjón skal ákveða fyrir tímann frá því að tjón varð þangað til tjónþoli getur hafið vinnu að nýju eða þar til heilsufar hans er orðið stöðugt.
   b. Á eftir orðunum „veikinda- eða slysaforföllum“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 60% af greiðslu frá lífeyrissjóði, greiðslur frá sjúkrasjóði.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   1. og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Greiða skal þjáningabætur fyrir tímabilið frá því að tjón varð þar til heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, 1.300 kr. fyrir hvern dag sem hann er rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem hann er veikur án þess að vera rúmfastur. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé vinnufær.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
   a. 1. mgr. orðast svo:
      Valdi líkamstjón, þegar heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna á tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku.
   b. 4. mgr. orðast svo:
      Frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns dragast greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá sams konar slysatryggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega dragast frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Jafnframt skal draga frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársafvöxtun. Aðrar greiðslur sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem lífeyrissjóði eða vátryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu.
4. Við 5. gr.
   a. Inngangsmálsgrein greinarinnar orðist svo:
      6. gr. laganna, sbr. lög nr. 42/1996, orðast svo.
   b. Í stað orðanna „þegar honum er metin varanleg örorka“ í 1. efnismgr. komi: sem upphaf varanlegrar örorku miðast við.
   c. Í stað töflu í 1. efnismgr. komi eftirfarandi tafla:

Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull
0	11,438	25	15,101	50	7,834
1	11,746	26	14,567	51	7,626
2	12,064	27	14,161	52	7,370
3	12,389	28	13,750	53	7,139
4	12,724	29	13,474	54	6,932
5	13,067	30	12,813	55	6,678
6	13,420	31	12,595	56	6,378
7	13,782	32	12,367	57	6,037
8	14,155	33	12,150	58	5,687
9	14,537	34	11,915	59	5,329
10	14,929	35	11,678	60	4,960
11	15,332	36	11,433	61	4,581
12	15,746	37	11,180	62	4,211
13	16,171	38	10,988	63	3,841
14	16,608	39	10,784	64	3,451
15	17,057	40	10,577	65	3,038
16	17,517	41	10,358	66	2,567
17	17,990	42	10,083	67	2,067
18	18,476	43	9,851	68	1,994
19	18,031	44	9,565	69	1,902
20	17,572	45	9,265	70	1,783
21	17,106	46	9,014	71	1,626
22	16,626	47	8,750	72	1,412
23	16,130	48	8,440	73	1,109
24	15,619	49	8,116	74	0,667

d. Í stað orðanna „þegar honum er metin örorka“ í 2. efnismgr. komi: á þeim tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við.

5. Við 6. gr. Í stað orðanna „er honum er metin varanleg örorka“ í lok 1. efnismgr. komi: sem upphaf varanlegrar örorku miðast við.
6. Við 13. gr. Á eftir orðunum „ásetningi eða“ í 2. efnismgr. komi: stórfelldu.
7. Við 15. gr. Í stað „1. janúar 1999“ í 1. mgr. komi: 1. maí 1999.

974. Breytingartillaga [183. mál]

við frv. til l. um breyt. á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (KH,ÖJ, JóhS).

Við 13. gr. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Við mat á miskabótum vegna kynferðisofbeldis skal sérstaklega taka tillit til eðlis verknaðarins, hversu lengi misnotkunin varaði, hvort verknaðurinn var misnotkun á skyldleikasambandi eða umönnunarsambandi, hvort brotaþoli var háður geranda á einhvern hátt, eða hvort um misnotkun á trúnaðarsambandi var að ræða, og hvort verknaðurinn var framinn á sérlega sársaukafullan eða ærumeiðandi hátt.

975. Breytingartillaga [183. mál]

við frv. til l. um breyt. á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (ÖJ, KH, JóhS).

3. efnismálsl. 4. gr. falli brott.

976. Frumvarp til laga [584. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Ágúst Einarsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 69. gr. laganna:

a. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattaðila skal gefinn kostur á að dreifa endurgreiðslu ofgreiddra barnabóta á sex mánuði.
b. Í stað 2. málsl. 9. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nánari reglur, m.a. um fyrirframgreiðslu og útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð. Óheimilt er að skuldajafna barnabótum á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs og sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði að dreifa endurgreiðslu ofgreiddra barnabóta á sex mánuði. Tilefnið er að mistök hafa orðið í tölvukerfi opinberra aðila sem leitt hafa til

þess að barnabætur hafa verið ofgreiddar en síðan hefur verið krafist endurgreiðslu í einu lagi þar sem ekki hefur verið lagastoð fyrir greiðsludreifingu. Þetta hefur leitt til mikilla fjárhagserfiðleika hjá viðkomandi foreldrum. Tillögunni er ætlað að bæta stöðuna við slíkar uppákomur.

Undanfarið hefur borið á því að barnabætur fólks sem hefur mjög lágar tekjur eða aðeins bætur sér til framfærslu hafi verið dregnar af því fyrirvaralaust til greiðslu á opinberum gjöldum. Þau hafa í sumum tilfellum verið áætluð og er jafnvel kæra þar að lútandi til meðferðar í kerfinu. Það er skoðun flutningsmanna að þar sem barnabætur eru tekjutengdar og aðeins greiddar þeim foreldrum sem hafa tiltölulega lágar tekjur sér til lífsviðurværis eigi að vera óheimilt að skuldajafna þeim á móti opinberum gjöldum og er það lagt til í b-lið 1. gr. frumvarpsins.

Barnabætur eiga að vera til að framfæra barn eða börn, óháð því hvernig skuldastaða foreldranna er að öðru leyti. Það er mikið áfall einstæðu foreldri, sem þarf á hverjum eyri að halda af því litla fé sem von er á, að standa frammi fyrir því að barnabætur hafi verið skuldajafnaðar vegna ímyndaðrar eða raunverulegrar skuldar. Hafa þarf í huga að barnabætur eru mjög lágar hér á landi miðað við það sem gerist í nágrannalöndum.

977. Svar [294. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um byggingarframkvæmdir á vegum ríkisins.

1. *Að hvaða byggingarframkvæmdum er unnið á vegum ríkisins í ár, sundurgreint eftir kjördæmum?*

Á árinu 1998 hefur verið unnið að eftirfarandi byggingarframkvæmdum á vegum ríkisins:

Vesturland	
Akranes	Unnið var við innréttingu 2. hæðar norðurálmu Sjúkrahúss Akraness. Hafin var viðbygging við Fjölbrautaskóla Vesturlands.
Borgarnes	Lokið var við endurinnréttingu sýsluskrifstofunnar og lögreglustöðvarinnar að Bjarnarbraut 2.
Reykholt	Hafin var endurnýjun gamla héraðsskólahússins, sem í framtíðinni mun hýsa varaeintaka- og geymslusafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.
Vestfirðir	
Ísafjörður	Unnið var að endurbótum og viðbyggingu á flugstöðinni.
Hólmavík	Hafist var handa við byggingu lögreglustöðvar á Hólmavík.
Norðurland vestra	
Sauðárkrókur	Unnið var við viðbyggingu við Sjúkrahús Skagfirðinga þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir endurhæfingu og sundlaug.

Norðurland eystra	
Akureyri	Lokið var vinnu við að gera legudeildarálmu við Fjórðungssjúkrahúsið fokhelda og frágengna að utan. Þá var lokið við að múrhúða efstu hæðina og stigahús þar sem barnadeildin á að vera til húsa. Unnið var að byggingu tréiðnaálmu við Verkmenntaskólann. Unnið var að endurnýjun húsa Háskólans á Akureyri.
Húsavík	Endurbætur á kjarnabyggingu 3. hæðar sjúkrahússins voru gerðar á árinu 1998 og standa vonir til að unnt verði að endurbæta kjarna 2. hæðar á þessu ári. Byggð var tækjageymsla við flugvöllinn.
Austurland	
Seyðisfjörður	Lokið var algerri endurnýjun á húsi sýsluskrifstofunnar að Bjólfsgötu 7.
Neskaupstaður	Unnið var við innréttingu húsnæðis fyrir Rannsóknastofu fiskiðnaðarins og Náttúrustofu Austurlands í húsnæði Verkmenntaskólans.
Fáskrúðsfjörður	Unnið hefur verið að byggingu hjúkrunarheimilis og eru áætluð verklok á þessu ári.
Höfn í Hornafirði	Unnið var við byggingu tengigangs milli hjúkrunarheimilis og heilsugæslustöðvar til að auðvelda samrekstur þessara stofnana.
Suðurland	
Selfoss	Hafist var handa við endurinnréttingu sýsluskrifstofu að Hörðuvöllum 1 og byggingu tengigangs milli skrifstofunnar og lögreglustöðvarinnar.
Eyrarbakki	Haldið var áfram uppbyggingu fangelsisins að Litla-Hrauni.
Reykjanes	
Keflavík	Unnið var við uppsteypu D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja. Verkinu á að ljúka í október næstkomandi. Unnið var að stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.
Hafnarfjörður	Á árinu 1997 var 314 m² óinnréttað húsnæði tekið á leigu að Sólvangsvegi 3, gegnt heilsugæslustöðinni að Sólvangi. Innrétting hófst árið 1998 og er verið að afla búnaðar og tækja. Unnið var að byggingu sambýlis að Blikaási 2.
Garðabær	Haldið var áfram framkvæmdum við skólahús Fjölbrautaskólans í Garðabæ.
Kópavogur	Byggingu heilsugæslustöðvar í Kópavogi lauk á árinu 1998. Verið er að kaupa búnað og tæki og er þess vænst að formlega verði stöðin opnuð í febrúar nk. Unnið var að byggingu heimilis fyrir börn að Dimmuhvarfi 2.
Víðines	Hafnar voru framkvæmdir við að breyta húsum að Víðinesi úr vistheimili í hjúkrunarheimili.

Reykjavík	Unnið var við að reisa heilsugæslustöð við Efstaleiti og á verkinu að vera lokið í mars árið 2000.
	Framkvæmdir við nýjan Barnaspítala voru hafnar á árinu 1998 og hafa jarðvegsframkvæmdir verið boðnar út.
	Unnið var að byggingu sambýla að Sólheimum 21B, við Jöklasel og við Sæviðarsund.
	Unnið var að byggingu náttúrufræðahúss Háskóla Íslands.
	Haldið var áfram framkvæmdum við skólahús Borgarholtsskóla.
	Reist var kennsluálma, sem jafnframt er tengibygging milli kennsluhúsa, og breytt og innréttað hús sem Davíð S. Jónsson gaf Menntaskólanum í Reykjavík.
	Reist var viðbygging við Fjölbrautaskólann við Ármúla.
	Unnið var að endurbótum á húsum Þjóðskjalasafns.
	Lokið var viðgerðum á Listasafni Einars Jónssonar.
	Unnið var að endurnýjun á 1. hæð Sjómannaskólahússins.
	Hafist var handa við endurinnréttingu Lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu.
	Byggð var viðbygging við húsnæði Tryggingastofnunar ríkisins að Laugavegi 114–116.
	Húsið Sólheimar 17 var endurinnréttað fyrir starfsemi Barnaverndarstofu.
	Húsnæði skattrannsóknastjóra að Borgartúni 7 var endurinnréttað.
	Steypt var upp tengibygging milli húsanna Borgartúns 5 og 7.
	Lokið var utanhússviðgerðum á húsi Veðurstofunnar að Bústaðavegi 9.
	Unnið var að endurbótum Safnahússins við Hverfisgötu.
Erlendis	Haldið var áfram byggingu sendiráðs Íslands í Berlín.
	Lokið var endurnýjun sendiherrabústaðar í Washington.
	Hafin var endurnýjun sendiherrabústaðar í London.
	Hafnar voru endurbætur á sendiherrabústað í París.

2. *Hvaða samningar hafa verið gerðir um nýbyggingar árin 1996–98?*
3. *Hverjar eru fjárskuldbindingar ríkissjóðs samkvæmt þeim samningum, sundurliðaðar eftir samningum?*

Í meðfylgjandi töflu er listi yfir samninga um nýbyggingar 1996–98 og skuldbindingar ríkissjóðs vegna þeirra. Þar sem engar tölur eru í dálkunum 1999–2002 er greiðslum vegna samninganna lokið. Ekki er tekið tillit til skuldbindinga Framkvæmdasjóðs aldraðra nema þar sem hann kemur að samningum við sveitarfélög með ríkissjóði.

4. *Hver er áætlaður byggingartími náttúrufræðahúss í Vatnsmýrinni? Hverjar eru fjárskuldbindingar ríkissjóðs sérstaklega vegna byggingarinnar?*

Nú er unnið að uppsteypu og öllum frágangi að utan við náttúrufræðahús Háskóla Íslands. Samkvæmt verksamningi skal þessum áfanga vera lokið 1. mars 2000. Eftir það tekur um tvö ár að ljúka smíði hússins, verði nægilegt fé fyrir hendi. Ríkissjóður keypti með sérstöku samkomulagi við Háskóla Íslands 1.200 m² rými í náttúrufræðahúsi fyrir Norrænu eldfjallastöðina og var greitt fyrir það á árunum 1996–98. Í árslok 1997 var gert annað samkomulag við Háskólann þess efnis að hann afhenti Þjóðminjasafni atvinnudeildahús HÍ en á móti tryggði ráðuneytið skólanum fjárveitingar til náttúrufræðahúss á árunum 1999 og 2000, 40 millj. kr. hvort ár með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Samningar um nýbyggingar 1996–98 og skuldbindingar vegna þeirra.

		Verklok	1999	Áætlun 2000	Áætlun 2001	Áætlun 2002	Samtals
Vesturland							
Sjúkrahúsið Akranesi	Samningur við sveitarfélagið	1997					
Viðbygging við FSA	Samningur við sveitarfélagið	1999	25.000				**25.000**
Norðurland vestra							
Sjúkrahúsið Blönduósi, ríkissjóður	Samningur við sveitarfélagið	1997					
Sjúkrahúsið Blönduósi, Framkvæmdasjóður aldraða	Samningur við sveitarfélagið	1997					
Sjúkrahúsið Sauðárkróki, ríkissjóður	Samningur við sveitarfélagið	1999					
Sjúkrahúsið Sauðárkróki, Framkvæmdasjóður aldraða	Samningur við sveitarfélagið	1999	5.700	5.700	5.600		**17.000**
Norðurland eystra							
Heilsugæslustöðin Akureyri	Samningur við sveitarfélagið	2001	13.000	19.000	21.300	15.000	**68.300**
Hæfingarstöð við Skógarlund	Samningur við verktaka	1998					
Flugvöllurinn á Húsavík, tækjageymsla	Samningur við verktaka	1998					
Flugvöllurinn á Þórshöfn, flugstöð	Samningur við verktaka	1996					
Flugvöllurinn við Mývatn, nýbygging	Samningur við Mýflug hf.	1998					
Verknámsálma við VMA	Samningur við sveitarfélagið	1999					*
Austurland							
Hjúkrunarheimili Fáskrúðsfirði, ríkissjóður	Samningur við sveitarfélagið	1999	18.500				**18.500**
Hjúkrunarheimili Fáskrúðsfirði, Framkvæmdasjóður aldraða	Samningur við sveitarfélagið	1999	19.080				**19.080**
Hjúkrunarheimili, Höfn í Hornafirði	Samningur við sveitarfélagið	1999					
Suðurland							
Bílageymslur sjúkrabíla, Selfossi	Samningur við verktaka	1996					
Tilraunagróðurhús, Reykjum	Samningur við verktaka	1999	6.000				**6.000**
Reykjanes							
D-álma, Keflavík	Samningur við sveitarfélagið	2001	40.000	40.000	40.000	37.465	**157.465**
Heilsugæslustöð í Kópavogi	Samningur við sveitarfélagið	1998	19.300				**19.300**
Hjúkrunarheimili í Víðinesi	Samningur við sveitarfélagið	1999	31.000				**31.000**
Sambýlið Berjahlíð 2	Samningur við verktaka	1999	3.500				**3.500**

		Verklok	1999	Áætlun 2000	Áætlun 2001	Áætlun 2002	Samtals
Heimili fyrir börn, Dimmuhvarfi 2	Samningur við verktaka	1999	40.000				**40.000**
Viðbygging við húsnæði Siglingastofnunar	Samningur við verktaka	1996					
Samningur um búnað í matvælaálmu MK	Samningur við sveitarfélagið	1998		16.000	38.000		**54.000**
Stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar	Samningar við verktaka		220.000				**220.000**
Reykjavík							
Heilsugæslustöð í Fossvogi	Samningur við sveitarfélagið	2000	39.000	33.760			**72.760**
Sambýlið í Vættaborgum 82	Samningur við verktaka	1999	3.000				**3.000**
Sambýlið í Mururima 4	Samningur við verktaka	1996					
Sambýlið í Vallengi 2	Samningur við verktaka	1996					
Stuðlar, meðferðarstöð fyrir unglinga	Samningur við verktaka	1997					
Viðbygging við Ármúlaskóla	Samkomulag við sveitarfélagið	1998	5.000	3.000			**8.000**
Tengibygging milli Borgartúns 5 og 7	Samningur við verktaka	1999					
Erlendis							
Sendiráð í Berlín	Samningar við verktaka	1999	95.000				**95.000**
Sendiherrabústaður í Washington	Samningar við verktaka	1998					
Sendiherrabústaður í London	Samningar við verktaka	1999	65.000				**65.000**
Sendiherrabústaður í París	Samningar við verktaka	1999					
			648.080	117.460	104.900	52.465	**922.905**

* Kostnaður greiðist af umsaminni 50 millj. kr. fjárveitingu til uppbyggingar framhaldsskóla á Eyjafjarðarsvæðinu.

978. Frumvarp til laga [585. mál]

um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að laða að erlenda aðila til að framleiða kvikmyndir eða sjónvarpsefni hér á landi með því að endurgreiða tímabundið hluta af innlendum framleiðslukostnaði.

2. gr.

Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði hlutfall af framleiðslukostnaði sem til fellur við gerð kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi, sbr. 6. gr. þessara laga.

Með framleiðslukostnaði er átt við allan kostnað sem heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skilyrði er þó að kostnaðurinn falli til hér á landi og að greidd laun og verktakagreiðslur séu sannanlega skattlagðar hér á landi.

II. KAFLI
Umsókn.

3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu framleiðslukostnaðar skal send iðnaðarráðuneytinu. Endurgreiðslubeiðni, ásamt fylgigögnum, skal berast áður en framleiðsla hefst hér á landi. Iðnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd sem yfirfer umsóknir og gerir tillögur til ráðherra um afgreiðslu. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra. Fulltrúi iðnaðarráðherra skal jafnframt vera formaður.

Skilyrði endurgreiðslu.

4. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli hlutfall af framleiðslukostnaði myndar skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt:

a. að stofnað sé sérstakt félag um framleiðslu myndarinnar hér á landi,
b. að fyrir liggi sundurliðuð áætlun um framleiðslukostnað og fjármögnun,
c. að lágmarksframleiðslukostnaður við gerð myndar hér á landi sé 80 millj. kr., sbr. þó 2. mgr. 5. gr.,
d. að endurskoðað kostnaðaruppgjör liggi fyrir að lokinni framleiðslu myndar,
e. að framleiðslu myndar hér á landi sé lokið innan þriggja ára frá því að endurgreiðslubeiðnin er móttekin.

Sé skilyrðum 1. mgr. ekki fullnægt er heimilt að hafna endurgreiðslubeiðni.

Verði breyting á áætluðum framleiðslukostnaði, sbr. b-lið 1. mgr., eftir að framleiðsla hefst skal iðnaðarráðuneyti send ný kostnaðaráætlun.

III. KAFLI

Endurgreiðsla.

5. gr.

Hlutfall endurgreidds framleiðslukostnaðar skal vera sem hér segir:

Á árunum 1999–2002 ..... 12%

Á árunum 2003–2005 ..... 9%

Endurgreiðsluhlutfall skv. 1. mgr. skal lækka um helming sé framleiðslukostnaður á bilinu 80–100 millj. kr. en um fjórðung sé framleiðslukostnaður á bilinu 101–120 millj. kr.

6. gr.

Iðnaðarráðherra ákvarðar endurgreiðslu samkvæmt lögum þessum. Ákvörðun um endurgreiðslu skal byggjast á endurskoðuðu kostnaðaruppgjöri. Hlutfall endurgreidds framleiðslukostnaðar verður miðað við það ár sem framleiðsla hefst hér á landi.

Ekki verður endurgreitt fyrr en að lokinni framleiðslu hérlendis og þegar viðkomandi félagi skv. a-lið 1. mgr. 4. gr. hefur verið slitið. Frá endurgreiðslu skal draga vangreidda skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga.

7. gr.

Hafi umsækjandi hlotið styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands til framleiðslu sömu myndar fær hann ekki endurgreitt samkvæmt lögum þessum.

IV. KAFLI

8. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót sérstakt hvatakerfi til eflingar kvikmyndaiðnaði á Íslandi. Er það gert að tillögu starfshóps sem skipaður var af iðnaðarráðherra 14. október síðastliðinn, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar. Hópurinn fékk það hlutverk að fjalla um og gera tillögur um aðgerðir stjórnvalda til að efla kvikmyndaiðnað á Íslandi og laða að erlenda kvikmyndagerðarmenn. Í starfshópnum áttu sæti Árni Magnússon, fulltrúi iðnaðarráðherra, sem var formaður hópsins, Jónmundur Guðmarsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Eggert J. Hilmarsson og Sveinn Jónsson, fulltrúar fjármálaráðherra og Hugi Ólafsson frá umhverfisráðuneyti. Með starfshópnum störfuðu Ingi G. Ingason og Stefán Jónsson frá Fjárfestingarstofunni.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að komið verði á fót sérstöku hvatakerfi þannig að fyrir fram ákveðið hlutfall framleiðslukostnaðar sem til fellur hér á landi við gerð kvikmyndar verði endurgreitt þegar verkinu lýkur. Skýrt verði kveðið á um skilyrði vegna þessa, aðgerðin verði tímabundin og ljúki í árslok 2005. Starfshópurinn telur að kerfi sem þetta hafi þá kosti að vera einfalt og gagnsætt, það þjóni jafnt innlendum sem erlendum kvikmyndaframleiðendum, það hvetji til uppbyggingar atvinnugreinarinnar á allra næstu árum og sé til þess fallið að efla innlenda kvikmyndagerð samfara því að erlend fyrirtæki sjái sér hag í starf-

semi hér. Þetta einfalda endurgreiðslukerfi kæmi í stað ýmiss konar skattaívilnana sem erfitt er að fylgja eftir í framkvæmd og eru til þess fallnar að mismuna atvinnugreinum í skattalegu tilliti.

Við mat á mögulegum stuðningi íslenskra stjórnvalda við kvikmyndaiðnað hér á landi hafði starfshópurinn einkum eftirfarandi að leiðarljósi:

a. að aðgerðirnar auki áhuga erlendra kvikmyndafyrirtækja á starfsemi hérlendis,
b. að aukin útgjöld ríkissjóðs vegna aðgerðanna taki mið af auknum tekjum,
c. að aðgerðirnar séu einfaldar og gagnsæjar,
d. að fyllsta jafnræðis sé gætt við stuðning stjórnvalda við fyrirtæki í greininni,
e. að aðgerðirnar séu tímabundnar en gildi þó nægilega lengi til að þær verki hvetjandi á fjárfestingar í greininni,
f. að þær efli innlendan kvikmyndaiðnað.

Megintilgangur þessa er að efla innlenda kvikmyndagerð þar sem íslenskir kvikmyndagerðarmenn koma til með að auka þekkingu sína í samstarfi við erlenda starfsbræður sína. Með því að laða að erlenda kvikmyndagerðarmenn verður unnt að þjálfa íslenskt fagfólk til sjálfstæðra verka á þessu sviði, bæta tækjakost kvikmyndaiðnaðarins hér á landi og síðast en ekki síst að koma Íslandi, náttúru landsins og íslenskri menningu á framfæri með þátttöku stórra erlendra kvikmyndaframleiðenda.

Gert er ráð fyrir að kerfið verði byggt þannig upp að endurgreitt verði tiltekið hlutfall af framleiðslukostnaði. Skilyrði er að kostnaðurinn falli til hér á landi. Beiðni um endurgreiðslu verður að berast áður en framleiðslan hefst og verður metið hvort forsenda er fyrir endurgreiðslu. Með beiðninni fylgdu þá gögn, svo sem kostnaðaráætlun, sem gæfu glögga mynd af umfangi verksins, hvernig fjármögnun væri háttað, ásamt staðfestingu fjármögnunaraðila, ef hann er ekki framleiðandi, o.fl. Ef iðnaðarráðuneytið teldi beiðnina endurgreiðsluhæfa gæfi það út vilyrði til framleiðanda um að tiltekið hlutfall af kostnaði sem til félli hér á landi yrði endurgreitt að lokinni framleiðslu hér. Þá yrði að leggja fram endurskoðað kostnaðaruppgjör þar sem fram kæmi skipting kostnaðar. Ákvörðun um endurgreiðslu byggðist á kostnaðaruppgjörinu og þá yrði einnig metið hvaða kostnaður væri endurgreiðsluhæfur.

Með slíkri framkvæmd telur hópurinn að takast mætti að bjóða fram verulegan stuðning við kvikmyndagerð á Íslandi sem þó tæki alltaf mið af þeim tekjum sem ríkissjóður hefði af starfseminni. Kerfið væri öllum opið og því nytu innlendir framleiðendur þess á við aðra.

Færa má fyrir því haldbær rök að á endanum renni umtalsverður hluti þeirra fjármuna sem varið er til kvikmyndagerðar á Íslandi í ríkissjóð. Má t.d. nefna beina skatta launafólks og launatengd gjöld, tekjuskatt fyrirtækja, auknar tekjur af sölu á vöru og þjónustu o.fl. Með því að greiða ekki út styrk fyrr en viðkomandi verkefni er lokið er tryggt að ríkissjóður verður ekki fyrir útgjöldum nema með auknum tekjum. Raunar má fyllilega gera ráð fyrir að ef sett verða lög um slíkt hvatakerfi verði það til þess að auka umsvif kvikmyndagerðar á Íslandi og þá mun ríkissjóður njóta þess í auknum tekjum.

Ljóst þykir að mæta þarf kröfum kvikmyndafyrirtækja um stuðning með einhverjum hætti vilji stjórnvöld á annað borð auka veg atvinnugreinarinnar hér á landi og þar með tekjur þjóðar og ríkis. Gerð er tillaga um að kerfi þetta gildi til ársloka 2005 en endurgreiðsluhlutfall lækki í upphafi árs 2003.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með kvikmyndum er aðallega átt við leiknar kvikmyndir í fullri lengd en með sjónvarpsefni við framleiðslu leikinna sjónvarpsþátta eða þáttaraða. Um skýringar við greinina vísast að öðru leyti til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 2. gr.

Lagt er til að heimilt verði að endurgreiða úr ríkissjóði tiltekið hlutfall af framleiðslukostnaði við gerð kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi. Með framleiðslukostnaði er átt við allan almennan kostnað sem heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Með því móti er tryggt að ekki verður endurgreiddur annars konar kostnaður, svo sem kostnaður vegna einkanota, óeðlilegrar risnu o.s.frv. Skilyrði er að kostnaðurinn falli til hér á landi. Þegar sótt er um endurgreiðslu verður að sundurgreina kostnaðaruppgjörið með tilliti til hvar kostnaðurinn féll til. Kostnaður við kaup á þjónustu erlendis yrði því ekki endurgreiðsluhæfur. Ekki er gert að skilyrði að framleiðsla fari að öllu leyti fram hér á landi. Getur kvikmyndaframleiðandi því framleitt hluta verksins hér á landi. Sá hluti framleiðslunnar sem fram fer hér getur því fallið undir ákvæði laganna ef fullnægt er öllum skilyrðum að öðru leyti. Jafnframt er það skilyrði að öll laun og verktakagreiðslur verða að vera skattlagðar hér á landi svo að launakostnaður og verktakakostnaður fáist viðurkenndur sem endurgreiðsluhæfur kostnaður.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að umsóknir um endurgreiðslu kostnaðar vegna kvikmyndaframleiðslu sendist til iðnaðarráðuneytisins. Jafnframt er lagt til að iðnaðarráðherra skipi þriggja manna nefnd sem meti umsóknir og geri tillögur um afgreiðslu þeirra. Skilyrði er að beiðnin berist ráðuneytinu áður en framleiðsla hefst svo að meta megi umsóknina, áætlun um kostnað og fjármögnun o.fl.

Um 4. gr.

Í 4. gr. eru sett fram nokkur skilyrði sem umsækjandi verður að uppfylla til að öðlast rétt til endurgreiðslu framleiðslukostnaðar sem til fellur hér á landi við gerð myndar. Fyrsta skilyrði er að sett verði á fót sérstakt félag sem skráð yrði hér á landi um gerð hverrar myndar í því augnamiði að tryggja að gjaldfærsla kostnaðar og uppgjör fari að íslenskum lögum, launakostnaður verði skattlagður hér á landi og til að kostnaði við tiltekna mynd sé ekki blandað saman við kostnað hjá félagi sem t.d. framleiðir fleiri en eina mynd eða er í blönduðum rekstri. Sundurliðuð áætlun um kostnað og fjármögnun þarf að liggja fyrir svo að ganga megi úr skugga um að um raunverulegt verkefni sé að ræða og að búið sé að tryggja fjármögnun þess. Hangir þetta saman við skilyrðið um að framleiðslukostnaður verði að vera að lágmarki 80 millj. kr. Með því móti er tryggt að verkefnin séu af þeirri stærð að þau hafi einhverja efnahagslega þýðingu og efli þar af leiðandi innlenda kvikmyndagerð. Fjórða skilyrðið er að umsækjandi þarf að lokinni framleiðslu að skila kostnaðaruppgjöri sem hefur verið endurskoðað af löggiltum endurskoðendum, svo að meta megi hvaða kostnaður sé endurgreiðsluhæfur. Einnig er það sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu að framleiðslu hér á landi sé lokið innan þriggja ára frá móttöku beiðninnar svo að koma megi í veg fyrir að ákvæðin um endurgreiðsluhlutfallið verði misnotuð.

Í 2. mgr. er lagt til að sé skilyrðum 1. mgr. ekki fullnægt verði heimilt að hafna endurgreiðslubeiðni. Jafnframt er gerð krafa um að ef breyting verður á áætluðum framleiðslu-

kostnaði, sbr. b-lið 1. mgr. 4. gr., eftir að framleiðsla hefst skuli iðnaðarráðuneyti send ný kostnaðaráætlun. Þetta skilyrði er sett svo að áætla megi útgjöld ríkissjóðs á tryggari hátt.

Um 5. gr.

Lagt er til hversu hátt hlutfall af framleiðslukostnaði verður heimilt að endurgreiða og með hvaða hætti endurgreiðslukerfið verði afnumið. Gert er ráð fyrir að það gildi í rúm sex ár og verði afnumið í árslok 2005. Tilgangurinn er að efla kvikmyndaiðnaðinn hér á landi og laða að kvikmyndagerðarmenn erlendis frá. Að sex árum liðnum ætti iðnaðurinn að vera kominn með traustari rekstrargrundvöll hérlendis og styrkari innviði.

Í 2. mgr. er lagt til að endurgreiðsluhlutfallið verði breytilegt eftir því hversu framleiðslukostnaðurinn er hár. Tilgangurinn með því er að tryggja jafnari stöðu þeirra sem framleiða ódýrari myndir án þess þó að í kerfinu felist hvati til að hækka framleiðslukostnað til þess eins að öðlast endurgreiðslurétt.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að iðnaðarráðherra ákvarði endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Ákvörðun um endurgreiðslu byggist á endurskoðuðu kostnaðaruppgjöri. Áður en ákvörðun er tekin verður að meta hvort framtalinn kostnaður fullnægi skilyrðum um að vera kostnaður sem til fellur hér á landi og hvort öll laun og verktakagreiðslur hafi verið skattlagðar hérlendis. Þegar ákvarðað er hversu hátt hlutfall skuli endurgreitt skal miðað við það endurgreiðsluhlutfall sem gilti þegar framleiðsla hófst.

Í 2. mgr. er lagt til að endurgreiðsla fari ekki fram fyrr en að lokinni framleiðslu myndarinnar hér á landi og þegar viðkomandi félagi hefur verið slitið. Þannig er tryggt að allir kostnaðarþættir liggi fyrir. Jafnframt er lagt til að frá endurgreiðslufjárhæð dragist skuldir vegna opinberra gjalda, sem umsækjandi hefur stofnað til við framleiðslu myndarinnar, svo sem virðisaukaskattur, staðgreiðsla o.fl.

Um 7. gr.

Lagt er til að umsækjandi sem fengið hefur styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands til framleiðslu myndar geti ekki hlotið endurgreiðslu vegna sömu myndar samkvæmt frumvarpi þessu. Framleiðandi getur þar af leiðandi valið með hvaða hætti hann leitar eftir fjármagni til framleiðslu sinnar.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að iðnaðarráðherra geti sett reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um skilyrði fyrir endurgreiðslu og með hvaða hætti hún fari fram. Jafnframt geti hann kveðið nánar á um hvað teljist endurgreiðsluhæfur framleiðslukostnaðar við kvikmyndagerð.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Markmið frumvarpsins er að laða að erlenda aðila til að framleiða kvikmyndir eða sjónvarpsefni hér á landi með tímabundnum aðgerðum. Gert er ráð fyrir að heimilt verða að endurgreiða úr ríkissjóði hlutfall af framleiðslukostnaði sem fellur til við gerð kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi. Með því er verið að efla innlenda kvikmyndagerð samfara því að auka áhuga erlendra kvikmyndafyrirtækja á starfsemi hér á landi. Frumvarpið kveður á um þau skilyrði sem þarf að fullnægja til að hluti innlends framleiðslukostnaðar verði endurgreiddur. Þar er gert ráð fyrir að stofnað verði sérstakt félag hér á landi um framleiðslu hverrar myndar. Með því er m.a. ætlað að tryggja að gjaldfærður kostnaður og uppgjör fari að íslenskum lögum og að ekki verði blandað saman kostnaði framleiðanda af öðrum verkefnum. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að framleiðslukostnaður myndar megi ekki vera lægri en 80 m.kr. Gert er ráð fyrir fullri endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins ef framleiðslukostnaður verkefnis er hærri en 120 m.kr. en skertu endurgreiðsluhlutfalli ef framleiðslukostnaður verkefnis er á bilinu 80–120 m.kr. Samkvæmt frumvarpinu er heimilt að endurgreiðsla hluta framleiðslukostnaðar nemi 12% kostnaðar 1999–2002 og 9% kostnaðar 2003–2005. Hafi umsækjandi hlotið styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands til framleiðslu sömu myndar getur hann ekki hlotið endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Erfitt er að meta áhrif frumvarpsins á útgjöld ríkissjóð þar sem þau koma til með að ráðast af fjölda mynda sem hér verða framleiddar. Sé miðað við fyrri ár gæti endurgreiðsla vegna innlendra kvikmynda numið um 20–30 m.kr. á ári. Algengur framleiðslukostnaður við hverja erlenda mynd er á bilinu 400–1.200 m.kr. og gæti endurgreiddur kostnaður numið um 50–150 m.kr. Samtals má því gera ráð fyrir að kostnaður við frumvarpið verði á bilinu 100–300 m.kr. á ári miðað við svipað umfang innlendrar kvikmyndagerðar og að ein til tvær erlendar kvikmyndir verði gerðar hér á landi ár hvert. Útgjöldin ráðast af fjölda og framleiðslukostnaði mynda sem framleiddar eru hér á landi og gæti þau orðið hærri eða lægri en að framan greinir miðað við mismunandi forsendur.

979. Frumvarp til laga [586. mál]

um lækningatæki.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til framleiðslu, sölu, markaðssetningar, markaðseftirlits og notkunar lækningatækja.

Lögin taka einnig til eftirlits með lækningatækjum sem heilbrigðisyfirvöld hafa samkvæmt öðrum lögum.

2. gr.

Markmið.

Markmið með lögum þessum er að koma í veg fyrir að sjúklingar og þeir sem nota lækningatæki verði fyrir tjóni ásamt því að tryggja að lækningatæki séu prófuð og notuð í samræmi við bestu fagþekkingu á hverjum tíma.

3. gr.

Skilgreiningar.

Með lækningatæki samkvæmt lögum þessum er átt við hvert það verkfæri, búnað, áhald, efni eða annan hlut, hvort sem notað er eitt sér eða með öðru, ásamt hugbúnaði sem þarf til að tækið starfi rétt, sem framleiðandi ætlar til notkunar fyrir menn til þess að

a. greina, koma í veg fyrir, athuga og meðhöndla sjúkdóma eða bæta líðan sjúklinga,
b. greina, hafa eftirlit með, meðhöndla, draga úr eða bæta tjón eða fötlun,
c. rannsaka, breyta eða koma í stað líffæris eða lífeðlislegrar starfsemi,
d. stjórna þungun.

Tæki sem er hluti af lækningatæki eða á annan hátt tengist notkun slíks tækis telst einnig vera lækningatæki.

Tæki sem virkar aðallega á eða í mannslíkamanum með lyfjafræðilegum, efnafræðilegum, ónæmisfræðilegum eða efnaskiptalegum aðferðum telst ekki lækningatæki.

Ef vafi leikur á hvort tæki eða hlutur telst lækningatæki sker landlæknir úr.

Heimilt er að setja reglugerð um hvaða tæki eða hlutir teljist lækningatæki.

II. KAFLI
Öryggi lækningatækja og notkun.

4. gr.

Öryggi lækningatækja.

Við venjulega notkun og notkun eins og framleiðandinn gefur leiðbeiningar um skal samsetning, framleiðsla og pökkun lækningatækja vera þannig að tækið virki eins og leiðbeiningar framleiðandans gera ráð fyrir. Einnig þarf tækið að samrýmast þeim öryggiskröfum sem settar eru til að vernda líf og heilsu sjúklinga og notenda.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um eftirfarandi:

a. sérkröfur og öryggiskröfur sem gera má til lækningatækja, þ.m.t. kröfur um klíníska prófanir,
b. aðferðir til að meta hvort tæki eru í samræmi við öryggiskröfur (samræmismat) og aðferðir við eftirlit og viðurkenningu,
c. flokkun lækningatækja.

5. gr.

Merkingar.

Áður en lækningatæki eru sett á markað, seld eða tekin í notkun er skylt að merkja þau í samræmi við alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að.

Gera má undantekningu frá 1. mgr. vegna tækja sem eru eingöngu ætluð til útstillingar á kaupstefnum, sýningum, við sýnikennslu o.þ.h., til klínískra prófana, sbr. 9. gr., eða eru sérsmíðuð fyrir einstakling.

Heimilt er að setja reglugerð um merkingar á lækningatækjum.

6. gr.

Geymsla og meðferð við sölu.

Þeir sem selja lækningatæki skulu haga geymslu þeirra og meðferð þannig að öryggi tækjanna skerðist ekki.

Heimilt er að setja reglugerð samkvæmt ákvæði þessu. Í reglugerðinni má gera kröfur um húsnæði og hæfni starfsmanna.

7. gr.

Leiðbeiningar um notkun.

Lækningatækjum skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um örugga notkun.

Heimilt er í reglugerð að setja nánari ákvæði um upplýsingar og leiðbeiningar, t.d. ákvæði um þýðingu leiðbeininga á íslensku.

8. gr.

Notkun.

Notendur lækningatækja þurfa í sumum tilvikum að hafa sérstaka þekkingu til þess að tryggt sé að tækin séu notuð rétt. Er heimilt í reglugerð að setja ákvæði um notkun lækningatækja og hæfni notenda.

9. gr.

Klínískar prófanir.

Klínískar prófanir staðfesta að lækningatæki sé við venjulega notkun í samræmi við grunnkröfur um eiginleika og skil. Með þeim er einnig lagt mat á óæskilegar hliðarverkanir lækningatækja.

Umsókn um klíníska prófun á lækningatæki skal senda til vísindasiðanefndar.

Í reglugerð skal kveðið á um hvenær klínísk prófun getur hafist eftir að umsókn berst. Í sérstökum tilvikum er heimilt að banna að klínísk prófun hefjist. Einnig er heimilt að gera undantekningar frá tímamörkum sem sett eru frá því að umsókn berst og þar til klínísk prófun getur hafist.

10. gr.

Skráning.

Halda skal skrá yfir þá aðila sem reka fyrirtæki með aðsetur á Íslandi og framleiða lækningatæki eða eru ábyrgir fyrir markaðssetningu slíkra tækja.

Heimilt er að setja reglugerð um framkvæmd skráningarinnar en þar má einnig kveða á um skráningu lækningatækja sem eru markaðssett, seld eða notuð á Íslandi.

III. KAFLI
Eftirlit og tilkynningarskylda.

11. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála og hefur ásamt landlækni eftirlit með lækningatækjum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að fela öðrum aðilum tiltekna hluta þess eftirlits.

Eftirlitsaðilar geta óskað eftir nauðsynlegum upplýsingum vegna eftirlitsins, tekið sýni og gert þær athuganir og rannsóknir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að draga úr hættu á tjóni af völdum lækningatækja. Framleiðendur, innflytendur og seljendur lækningatækja skulu veita þá aðstoð og þær upplýsingar er þörf krefur og óskað er eftir hverju sinni.

12. gr.

Tilkynningarskylda.

Tilkynna skal landlækni um alvarleg atvik sem rekja má til notkunar lækningatækja, hvort sem legið hefur við alvarlegu slysi eða slys orðið, sbr. og 18. gr. a í læknalögum, nr. 53/1988. Sama gildir um þá sem framleiða, selja, eiga eða nota í starfi sínu lækningatæki og vita um frávik, galla eða óvirkni tækis.

Heimilt er að setja reglugerð samkvæmt ákvæði þessu.

13. gr.

Gjaldtaka.

Heimilt er að innheimta þjónustugjald vegna eftirlits og skráningar lækningatækja. Jafnframt er heimilt að innheimta gjald þegar sótt er um klíníska prófanir á lækningatækjum, sbr. 9. gr., samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis.

14. gr.

Refsingar.

Um mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

IV. KAFLI

Önnur ákvæði.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

16. gr.

5. mgr. 5. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lækningatæki sem er merkt í samræmi við ESB-tilskipun nr. 76/764 er heimilt að setja á markað, selja eða taka í notkun fram til 30. júní 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, fer heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið með yfirstjórn heilbrigðismála og samkvæmt sömu lögum hefur landlæknir eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta. Í því felst eftirlit með lækningatækjum. Með samningnum um evrópska efnahagssvæðið (EES) öðluðust gildi hér á landi tilskipanir Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, og nr. 93/42, um lækningatæki. Þar eru gerðar kröfur um að lækningatæki séu prófuð og að samræmismat fari fram áður en tækin eru markaðssett, seld eða notuð í aðildarríkjum. Uppfylli lækningatæki viðeigandi grunnkröfur má merkja þau með CE-merkinu (Communité Europe) og þar með selja þau hvar sem er innan EES. Öll lækningatæki samkvæmt áðurnefndum tilskipunum verða að hafa CE-merkingu til að vera söluhæf innan EES, en aðlögunartíma þar að lútandi lauk 14. júní 1998. Þriðja tilskipunin í þessum flokki, þ.e. tilskipun um tæki til sjúkdómsprófana, hefur tekið gildi hjá Evrópusambandinu og er undirbúningur hafinn við að taka hana upp í EES-samninginn. Allar tilskipanirnar heyra undir hinar svokölluðu nýaðferðatilskipanir Evrópusambandsins, en þar er gert ráð fyrir notkun alþjóðlegra staðla við samræmismat og öryggisprófanir. Um þriggja ára skeið hafa samningaviðræður farið fram milli aðildarríkja EFTA/EES og Ástralíu, Nýja-Sjálands, Kanada og Bandaríkjanna um gagnkvæma viðurkenningu

á samræmismati, vottorðum o.fl. (Mutual Recognition Agreements). Munu þeir samningar taka til lækningatækja og er byggt á því að í öllum ríkjunum sé öflugt eftirlit með að reglum um prófun og samræmismat sé fylgt.

Með frumvarpinu er verið að setja sérlög um lækningatæki til að tryggja öryggi sjúklinga og notenda lækningatækja sem best. Einnig er verið að hrinda í framkvæmd framangreindum tilskipunum Evrópusambandsins og samningum við ríki utan EES. Hér er farin sama leið og annars staðar á Norðurlöndunum en í Danmörku voru sett lög um lækningatæki 1991, í Svíþjóð 1993 og í Noregi og Finnlandi 1994. Samkvæmt núgildandi lögum hafa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ásamt landlækni eftirlit með að lækningatæki valdi ekki tjóni. Er ekki verið að breyta því hlutverki. Enn fremur er ekki ætlunin að breyta fyrirkomulagi varðandi greiningar- og geislalækningatæki því um þau gilda sérlög hér á landi, lög um geislavarnir, nr. 117/1985. Samkvæmt lögum nr. 155/1996, um Löggildingarstofu, og lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, annast Löggildingarstofan eftirlit með öryggi vöru og raffanga á markaði. Óvissa hefur ríkt um hvort eftirlit stofunnar tekur til lækningatækja. Hefur óvissan m.a. skapast þar sem tilskipunum Evrópusambandsins um lækningatæki er hrundið í framkvæmd með reglugerð sem hefur stoð í ákvæðum lyfjalaga, nr. 93/1994. Eftirlitsskylda Löggildingarstofunnar nær ekki til lyfja og vöru sem um gilda sérstök lög eða reglur um öryggi vöru, samkvæmt lögum nr. 134/1995 og 155/1996.

Á sumum sviðum gengur frumvarpið lengra en nauðsynlegt er samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins, t.d. varðandi geymslu og leiðbeiningar við sölu og notkun lækningatækja, en slík ákvæði eru ekki talin hafa viðskiptahindranir í för með sér.

Í frumvarpinu eru eingöngu ákvæði um hvaða öryggiskröfur lækningatæki þurfa að uppfylla og um notkun þeirra. Með því er verið að tryggja að tæki sem eru á markaði eða í notkun hér á landi valdi ekki sjúklingum og notendum tjóni. Frumvarpið nær ekki til útvegunar á lækningatækjum og kostnaðar við notkun þeirra o.s.frv. Þá er val á tækjum á ábyrgð eiganda eða notanda.

Fram að þessu hefur ekki verið nægilega tryggt í lögum að tilkynnt sé um alvarleg atvik við notkun lækningatækja þar sem legið hefur við slysi eða slys orðið. Þó var tilkynningarskylda um óhappatilvik á sjúkrastofnunum sett í læknalög, nr. 53/1988, með lögum nr. 68/1998, um breytingu á læknalögum. Engar tölur liggja því fyrir um óhöpp tengd notkun lækningatækja hér á landi. Með frumvarpinu er nú lögð sú skylda á eigendur, notendur, framleiðendur og seljendur lækningatækja að tilkynna stjórnvöldum um alvarleg atvik við notkun lækningatækja, galla í tækjum og óvirkni. Tilskipanir Evrópusambandsins leggja jafnframt þá skyldu á aðildarríkin að tilkynna á Evrópuvísu (Medical Devices Vigilance System) þegar tilkynningar af þessu tagi berast. Þannig næst hátt gæða- og öryggisstig á lækningatækjum í aðildarríkjum EES-samningsins.

Gert er ráð fyrir að kostnaður sem af lagasetningu þessari leiðir verði greiddur af fjárlögum en frumvarpið heimilar innheimtu þjónustugjalds vegna eftirlits og skráningar lækningatækja. Gjaldtaka er t.d. mikilvæg þegar í eftirlitinu felst skoðun á tæki sem er í notkun. Einnig heimilar frumvarpið gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þegar sótt er um klíníska prófanir á lækningatækjum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er fjallað um gildissvið frumvarpsins en frumvarpið tekur til framleiðslu, sölu, markaðssetningar, markaðseftirlits og notkunar lækningatækja.

Í 2. mgr. segir að lögin taki einnig til eftirlits með lækningatækjum sem heilbrigðisyfirvöld hafi samkvæmt öðrum lögum.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um markmið með frumvarpinu en það er að koma í veg fyrir að sjúklingar og þeir sem nota lækningatæki verði fyrir tjóni af þeirra völdum. Með notendum lækningatækja er bæði átt við starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar og þá sem hafa umsjón með tækjunum og sjá um viðhald þeirra.

Um 3. gr.

Í 3. gr. eru skilgreiningar og eru þær í samræmi við ákvæði tilskipana Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, og nr. 93/42, um lækningatæki.

Um 4. gr.

Ákvæði 4. gr. byggjast á 2., 3., 9. og 10. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, og 2., 3., 9., 11., 13. og 15. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/42, um lækningatæki.

Þær meginkröfur sem gerðar eru til lækningatækja eru í samræmi við ákvæði í I. viðauka við ESB-tilskipanirnar um lækningatæki. Í samræmi við almennar kröfur til lækningatækja skulu tækin samsett og framleidd þannig að þau stofni ekki öryggi eða lífi sjúklinga, notenda eða annarra í hættu. Flestum lækningatækjum fylgir viss áhætta við notkun. Hætta á aukaverkunum og óæskilegum afleiðingum verður að vera ásættanleg með tilliti til þeirra verkana sem tækin eiga að hafa. Nauðsynlegt getur verið að gera mismunandi kröfur til tækja og fer það eftir því hvaða notkunarsvið framleiðandinn gefur upp. Sem dæmi má nefna að gera má meiri kröfur til tækja sem sjúklingur á að nota sjálfur en til tækja sem eingöngu notast af faglærðu starfsfólki.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild til að setja ákvæði í reglugerð um þær sérkröfur og öryggiskröfur sem gera má til lækningatækja, þ.m.t. kröfur um klíníska prófanir. Að auki má setja ákvæði um aðferðir til að meta hvort tæki eru í samræmi við öryggiskröfur. Þá er greint frá heimild til að setja reglugerð um flokkun lækningatækja þar sem stuðst er við 9. gr. tilskipunar 93/42, um lækningatæki, og IX. viðauka við hana.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um merkingar á lækningatækjum og er byggt á 12. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, og 17. gr. tilskipunar nr. 93/42, um lækningatæki. Einnig byggist ákvæðið á tilskipun nr. 93/68, um CE-samræmismerki. Síðastnefnda tilskipunin leggur þá skyldu á ríkin að þau hafi eftirlit með því að CE-merkingin uppfylli settar reglur og að ekki sé um villandi merkingar að ræða. CE-samræmismerkið er viðskiptalegs eðlis og sýnir að tiltekin vara er í samræmi við tilskipanir og staðla. Tilgangur þess er því fyrst og fremst sá að auðvelda markaðssetningu innan EES. Ef lækningatæki er réttilega CE-merkt er ekki unnt að koma í veg fyrir sölu þess á evrópska efnahagssvæðinu.

Í 2. mgr. er ákvæði um undantekningar frá merkingum og er það í samræmi við 4. gr. tilskipananna.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um geymslu og meðferð við sölu lækningatækja og er markmiðið að tryggja öryggi tækjanna. Sem dæmi má nefna að geymsla við rangt hitastig getur haft áhrif á hvernig tæki virkar.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er fjallað um upplýsingar og leiðbeiningar um örugga notkun lækningatækja. Ákvæðið er byggt á viðaukum I við tilskipanir Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, og nr. 93/42, um lækningatæki.

Mikilvægt er að lækningatækjum fylgi góðar upplýsingar svo þau séu notuð rétt og valdi ekki tjóni. Í ákveðnum tilfellum getur t.d. reynst nauðsynlegt að gera þær kröfur að leiðbeiningar með lækningatækjum séu þýddar á íslensku.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að hægt sé að gera sérstakar kröfur til þeirra sem nota lækningatæki, t.d. um menntun og reynslu. Hægt er að gera meiri kröfur en tilskipanir Evrópusambandsins gera ráð fyrir og er ekki talið að það feli í sér viðskiptalegar hindranir.

Um 9. gr.

Markmið með klínískum prófunum er að sannprófa að við eðlilega notkun séu skil lækningatækis í samræmi við grunnkröfur og að meta óæskilegar hliðarverkanir við eðlilega notkun. Ef framleiðandi vill láta slíka prófun fara fram á lækningatæki skal hann senda umsókn til vísindasiðanefndar. Mikilvægt er að geta sett reglur um prófanir, t.d. þegar um virk ígræðanleg lækningatæki er að ræða eða tæki sem eru í háum áhættuflokki. Ákvæðið er byggt á 10. gr. og VI. viðauka í tilskipun Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, og 15. gr. og VIII. viðauka í tilskipun nr. 93/42, um lækningatæki.

Um 10. gr.

Ákvæðið er byggt á 14. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/42, um lækningatæki.

Skylt er að halda skrá yfir framleiðendur, fulltrúa þeirra hér á landi og tækin sem þeir framleiða og ekki eru vottuð af viðurkenndum aðilum. Skráning á framleiðanda lækningatækis tryggir að hægt er að vita hver ber ábyrgð á tæki sem er á markaði. Skráningin tryggir einnig að ef tilkynnt er um alvarleg atvik við notkun lækningatækja, galla í tæki eða óvirkni sé unnt að tilkynna það þeim sem ber lögformlega ábyrgð á tækinu.

Til að auðveldara sé að finna þann sem ber ábyrgð á lækningatæki sem keypt er beint frá fulltrúa sem er skráður í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að setja reglugerð um skráningu lækningatækja sem eru markaðssett, seld eða notuð á Íslandi.

Um 11 gr.

Þessi grein er byggð á 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, og 8. gr. tilskipunar nr. 93/42, um lækningatæki, en þar er kveðið á um skyldu stjórnvalda til að hafa eftirlit með því að lækningatæki sem sett er á markað uppfylli kröfur tilskipananna.

Evrópusambandið hefur falið sérstökum viðurkenndum aðilum (notified bodies) tæknilegt eftirlit með lækningatækjum. Þar með er gerður greinarmunur á tæknilegum eftirlitsaðila og því stjórnvaldi sem fer með almennt eftirlit og markaðseftirlit.

Í 1. mgr. er gerð grein fyrir heimild ráðherra til að fela öðrum aðilum tiltekna hluta eftirlitsins. Hluti eftirlits með lækningatækjum getur verið mjög tæknilegur og ekki á færi ráðuneytis eða landlæknis að framkvæma hann. Er reiknað með að gerðir verði samningar um slíka þjónustu.

Í 2. mgr. er kveðið nánar á um heimild eftirlitsaðila til að framfylgja eftirlitinu. Mikilvægt er að eftirlitsaðili geti annast eftirlitið en þó verður það að vera innan skynsamlegra marka. Eftirlitsaðili getur t.d. innkallað lækningatæki af markaði, bannað markaðssetningu og notkun.

Um 12. gr.

Ákvæðið er byggt á 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, og 10. gr. tilskipunar nr. 93/42, um lækningatæki.

Skylt er að tilkynna dauðsföll, óhöpp og annað það sem þýðingu hefur fyrir heilsu og öryggi sjúklings og notanda. Tilskipanirnar gera ráð fyrir að slíkar upplýsingar sendist út á alþjóðavísu og eftir tilteknum reglum.

Markmiðið er að hafa eftirlit með því að lækningatæki uppfylli öryggis- og gæðakröfur. Tilkynningarkerfið er eftirlitskerfi með öllum framkvæmdaliðum sem gert er ráð fyrir í tilskipununum.

Um 13. gr.

Ákvæðið heimilar innheimtu á þjónustugjaldi fyrir eftirlit og skráningu lækningatækja. Í fyrstu mun farin sú leið að fjármagna eftirlit og skráningu með fjárveitingu af fjárlögum en síðar meir getur verið ástæða til að innheimta þjónustugjöld. Einnig er heimil gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá þegar sótt er um klíníska prófanir á lækningatækjum.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að felld verði brott ákvæði um lækningatæki í lyfjalögum, nr. 93/1994. Er ekki þörf á ákvæðum þessum ef frumvarpið verður að lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Bráðabirgðaákvæðið er sett vegna 22. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/42, um lækningatæki.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lækningatæki.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði almenn lög um lækningatæki, m.a. til að uppfylla tilskipanir Evrópusambandsins nr. 93/42 og nr. 90/385. Frumvarpið tekur til framleiðslu, sölu, markaðssetningar og notkunar lækningatækja. Skylt er að merkja þau í samræmi við alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að áður en þau eru sett á markað eða tekin í notkun. Samkvæmt frumvarpinu skal halda skrá yfir þá sem reka fyrirtæki með aðsetur á Íslandi og framleiða lækningatæki og eru ábyrgir fyrir markaðssetningu slíkra tækja. Frumvarpið kveður jafnframt á um klíníska prófanir. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ásamt landlækni fara með eftirlit með lækningatækjum en ráðherra verður heimilt að fela öðrum aðilum hluta þess eftirlits. Samkvæmt frumvarpinu skal tilkynna öll alvarleg slys við notkun tækjanna til landlæknis. Í frumvarpinu er kveðið á um að heimilt sé að innheimta þjónustugjald vegna eftirlits og skráningar lækningatækja og gjald vegna umsókna um klíníska prófanir. Gert er ráð fyrir að gjaldtaka vegna klínískra prófana standi undir kostnaði. Ekki er unnt að meta tekjur af annarri gjaldtöku þar sem frumvarpið kveður á um að nánari reglur skuli settar í gjaldskrá. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti metur að kostnaður við eftirlit samkvæmt frumvarpinu verði rúmlega 5 m.kr. á ári. Auk þess kemur til stofnkostnaður fyrsta árið, um 1 m.kr., og annar kostnaður í tvö ár, samtals um 8 m.kr. við að undirbúa og hrinda eftirlitinu í framkvæmd.

980. Svar [535. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um dragnótaveiðar í Faxaflóa.

1. *Hve mikill dragnótarafli barst á land úr Faxaflóa sl. þrjú fiskveiðár, þ.e. heildarmagn hvert ár, sundurliðað eftir fisktegundum?*

Dragnótarvertíð í Faxaflóa hefst 15. júlí og stendur til 15. desember ár hvert. Þar sem vertíðin nær yfir fiskveiðiáramót eru ekki tiltækar aflatölur sem miðast við fiskveiðiár heldur er vertíðaraflinn tilgreindur fyrir framangreint tímabil. Eftirfarandi töflur sýna dragnótarafla í Faxaflóa undanfarin þrjú ár, sundurliðað eftir tegundum:

Tafla 1. Dragnótarafli í Faxaflóa 1996 (kg).

Nr.	Skarkoli	Þorskur	Ýsa	Sandkoli	Smálúða	Steinbítur	Annað	Alls
311	110	823	0	2.690	0	0	2.027	5.650
1173	7.736	419	175	132.350	496	0	2.088	143.264
1262	30.734	2.202	75	151.721	1.325	940	6.060	193.057
1269	89.401	2.961	1.393	256.098	877	788	3.827	355.345
1305	49.676	2.194	526	271.886	2.131	1.345	23.772	351.530
1430	25.811	3.451	326	100.330	720	627	7.100	138.365

1438	56.555	6.518	1.373	250.548	2.397	2.131	4.616	324.138
1468	35.971	4.941	0	241.615	520	799	315	284.161
1475	57.727	556	419	362.889	714	432	6.749	429.486
1499	87.487	6.031	1.550	208.672	1.340	1.360	2.259	308.699
1547	73.528	6.279	1.259	173.207	2.383	3.756	1.774	262.186
1575	76.662	2.186	1.941	249.104	2.083	2.463	35	334.474
1636	89.633	5.443	2.588	172.935	2.110	2.934	13.403	289.046
1755	65.135	8.659	830	253.741	1.300	1.871	1.948	333.484
1968	87.259	5.581	994	315.551	2.811	1.259	7.687	421.142
2150	62.435	7.528	4.541	290.170	2.051	2.826	4.650	374.201
Alls	**895.860**	**65.772**	**17.990**	**3.433.507**	**23.258**	**23.531**	**88.310**	**4.548.228**

Tafla 2. Dragnótarafli í Faxaflóa 1997 (kg).

Nr.	Skarkoli	Þorskur	Ýsa	Sandkoli	Smálúða	Steinbítur	Annað	Alls
1173	36.591	4.374	1.828	222.345	1.560	2.731	22.549	291.987
1262	27.047	6.799	1.752	102.853	662	1.730	653	141.496
1269	57.519	5.214	2.520	322.398	1.226	2.239	1.043	392.159
1305	60.861	12.643	484	204.997	2.092	1.302	50.884	333.263
1438	68.602	27.987	1.669	269.510	2.974	2.079	22.659	395.480
1468	26.251	4.187	188	233.243	462	1.316	842	266.489
1475	58.401	3.879	2.713	308.945	1.571	938	22.931	399.378
1499	69.790	17.219	1.388	251.310	1.421	2.016	15.288	358.432
1547	57.325	11.515	295	167.907	2.193	2.435	34.011	275.681
1575	62.283	13.911	3.887	266.822	1.020	2.253	9.835	360.011
1636	68.584	21.091	613	235.455	1.139	2.834	17.299	347.015
1755	49.097	8.126	1.607	304.232	1.229	1.582	408	366.281
1968	67.412	1.860	2.056	349.280	1.743	739	24.971	448.061
2150	39.476	8.515	1.749	302.107	1.840	4.018	6.119	363.824
Alls	**749.239**	**147.320**	**22.749**	**3.541.404**	**21.132**	**28.212**	**229.492**	**4.739.548**

Tafla 3. Dragnótarafli í Faxaflóa 1998 (kg).

Nr.	Skarkoli	Þorskur	Ýsa	Sandkoli	Smálúða	Steinbítur	Annað	Alls
1173	14.023	8.863	596	175.559	1.363	741	16.733	217.878
1269	25.292	7.951	2.266	230.505	2.403	3.524	16.416	288.357
1305	20.864	17.954	903	136.941	2.612	1.716	50.052	231.042
1420	8.921	8.297	67	83.831	950	1.373	6.110	109.549
1438	31.948	22.769	2.801	181.830	1.898	3.422	13.280	257.948
1475	30.246	13.149	328	214.434	1.171	799	24.355	284.482
1499	45.877	17.180	990	177.733	1.503	1.034	21.239	265.556
1575	50.791	9.951	298	163.662	1.032	1.278	11.316	238.328
1636	35.793	3.836	412	152.565	1.720	1.330	19.995	215.651

1755	25.390	6.629	792	222.193	1.000	877	5.079	261.960
1968	40.633	10.291	4.093	216.331	1.705	545	47.693	321.291
2150	25.136	8.034	348	182.190	1.983	1.530	38.512	257.733
2325	23.871	11.215	878	211.836	1.056	1.510	8.496	258.862
Alls	**378.785**	**146.119**	**14.772**	**2.349.610**	**20.396**	**19.679**	**279.276**	**3.208.637**

2. *Hvar var aflanum landað og hve miklu á hverjum löndunarstað?*
Tafla 4 sýnir landanir dragnótarbáta í Faxaflóa síðastliðin þrjú ár eftir löndunarhöfnum.

Tafla 4. Landanir dragnótarbáta í Faxaflóa 1996, 1997 og 1998.

Ár	Keflavík	Reykjavík	Akranes	Sandgerði	Hafnarfjörður	Alls
1996	2.597.272	1.687.228	262.186	1.542	0	4.548.228
1997	2.498.730	1.931.775	275.681	33.362	0	4.739.548
1998	1.654.583	1.208.945	0	343.572	1.537	3.208.637
Alls	**6.750.585**	**4.827.948**	**537.867**	**378.476**	**1.537**	**12.496.413**

3. *Hvaða bátar hafa leyfi til þessara veiða og hvar eru þeir skráðir?*
Á undanförnum árum hafa 14 bátar haft leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa. Á síðasta ári stunduðu aðeins 13 bátar veiðarnar þar sem afhending á nýrri Stapavík AK 132 dróst á langinn. Eftirgreindir bátar stunduðu dragnótaveiðar á síðastliðnu ári:

Nr.	Nafn skips	Skráningarstaður
1173	Jón Erlings GK 222	Sandgerði
1269	Aðalbjörg II RE 236	Reykjavík
1305	Benni Sæm GK 26	Garði
1420	Keilir GK 145	Sandgerði
1438	Haförn KE 14	Keflavík
1475	Eyvindur KE 37	Keflavík
1499	Sæljón RE 19	Reykjavík
1575	Njáll RE 275	Reykjavík
1636	Farsæll GK 162	Grindavík
1755	Aðalbjörg RE 5	Reykjavík
1968	Arnar KE 260	Keflavík
2150	Rúna RE 150	Reykjavík
2325	Reykjaborg RE 25	Reykjavík

981. Fyrirspurn [587. mál]

til iðnaðarráðherra um húshitunarkostnað.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvernig hefur þróun rafhitunarkostnaðar verið frá því að niðurgreiðslur á rafhitun hófust 1982?
2. Hvaða breytingar urðu á rafhitunarkostnaði með auknum fjárveitingum til niðurgreiðslna á þessu ári (á kwst. og staðalíbúðarhúsnæði)?
3. Hvaða munur er á kostnaði við hitun íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, á veitusvæði Rariks og á veitusvæði Orkubús Vestfjarða?
4. Hver yrði viðbótarkostnaður ef hámark niðurgreiðslna yrði miðað við 35.000kwst. í stað 30.000 kwst. eins og nú er?
5. Hyggst ráðherra breyta reglum um hámark niðurgreiðslna?
6. Hver yrði kostnaðurinn ef reglur um hámark niðurgreiðslna yrðu felldar niður?

Skriflegt svar óskast.

982. Svar [463. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesens um menntun þeirra sem fengið hafa leyfi til fornleifarannsókna á Íslandi 1991–98.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða aðilar/einstaklingar hafa fengið leyfi fornleifanefndar til fornleifarannsókna á Íslandi árin 1991–98 og hvaða háskólapróf hafa þeir? Óskað er eftir að öll próf séu tiltekin séu þau fleiri en eitt.

Menntamálaráðuneytið óskaði eftir því að fornleifanefnd léti í té upplýsingar um þau atriði sem tiltekin eru í fyrirspurninni og var samantekt sú sem hér fer á eftir gerð á vegum nefndarinnar. Fyrst er yfirlit um veitt leyfi hvert ár á umræddu tímabili þar sem byrjað er á árinu 1998 og endað á árinu 1991. Síðan er yfirlit um prófgráður leyfishafa árin 1991–98, unnið eftir fyrirliggjandi gögnum.

Leyfi veitt 1998:

15. desember 1998.

Leyfi til nánar tilgreinds jarðrasks vegna fyrirhugaðrar breytingar á hringvegi um Stóra-Sandfell í Skriðdal.

Hjörleifur Stefánsson minjastjóri,[1] Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

[1] Leyfið er bundið því skilyrði að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdinni og geri viðeigandi ráðstafanir eftir því sem þörf kann að gerast.

15. desember 1998.
Leyfi til að hylja með jarðvegi þar til greindar fornleifar sem eru í vegarstæði fyrirhugaðs Grenivíkurvegar.
Hjörleifur Stefánsson minjastjóri,[1] Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

23. nóvember 1998.
Leyfi til flutnings svonefnds Grásteins við Vesturlandsveg.
Margrét Hallgrímsdóttir borgarminjavörður, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

23. nóvember 1998.
Leyfi til fornleifarannsókna. Með einföldum könnunargreftri við 1) eyðibýli Jónsbúð við Straumsvík, Hafnarfirði, 2) við Óttarsstaði þar í grennd og 3) í rústum svonefnds Fornasels í hrauninu suður af Álverinu í Straumsvík.
Dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Fornleifafræðistofan, Framnesvegi 5, 101 Reykjavík.

29. október 1998.
Leyfi til afmarkaðra og þar til greindra jarðvegsaðgerða á lóð Safnahússins á Arnarhóli.
Margrét Hallgrímsdóttir, borgarminjavörður, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

30. júlí 1998.
Leyfi til fornleifarannsókna. Framhaldsrannsókn að Eiríksstöðum í Haukadal.
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

30. júlí 1998.
Leyfi til fornleifarannsókna. Framhaldsrannsókn að Hofsstöðum í Mývatnssveit.
Adolf Friðriksson fornleifafræðingur, Fornleifastofnun Íslands, Pósthólf 883, 121 Reykjavík.

17. ágúst 1997(8).
Leyfi til fornleifarannsókna. Karen Milek taki sýni úr gólfskán bæjarhúsa að Þverá.
Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, fornleifafræðingar, Hofsstöðum, 660 Reykjahlíð.

13. ágúst 1998.
Leyfi til fornleifarannsókna. Tvær könnunarholur gerðar í tvo hóla í Suðursveit.
Dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Fornleifafræðistofan, Framnesvegi 5, 101 Reykjavík.

1. júlí 1998.
Leyfi til fornleifarannsókna. Að Hofsstöðum í Garðabæ.
Þór Magnússon þjóðminjavörður, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

---

[1] Leyfið er bundið því skilyrði að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdinni og geri viðeigandi ráðstafanir eftir því sem þörf kann að gerast.

26. júní 1998.
Leyfi til minni háttar fornleifarannsókna.[1]
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

26. júní 1998.
Leyfi til endurhleðslu gamals varnargarðs. Forn grjótgarður á útivistarsvæði Seltjarnarnesbæjar, vestan Valhúsaskóla.
Bæjartæknifræðingur Seltjarnarness, b.t. Hrafns Jóhannssonar,[2] Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes.

26. júní 1998.
Leyfi til fornleifarannsóknar. Gerð tilraunagryfja á reit Alþingissvæðis C við Kirkjustræti 12, Reykjavík.
Margrét Hallgrímsdóttir borgarminjavörður, 130 Árbæjarsafni, Reykjavík.

26. júní 1998.
Leyfi til að skýra rúnir á nokkrum fornum rúnasteinum með lit.
Þórgunnur Snædal, Riksantikvarieämbetet, Box 5405, 114 84 Stockholm, Sverige.

4. júní 1998.
Leyfi til fornleifarannsókna. Sýnataka á tilteknum stöðum í Mosfellssveit.
Dr. Timothy Earle, pósthólf 1207, 121 Reykjavík.

4. júní 1998.
Leyfi til fornleifarannsókna. Í Reykholti í Reykholtsdal í Borgarfirði.
Guðrún Sveinbjarnardóttir fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

4. júní 1998.
Leyfi til fornleifarannsókna. Frumrannsóknir á minjum sem munu hverfa við gerð snjóflóðavarnargarða ofan við Seyðisfjörð.
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

25. maí 1998.
Leyfi til fornleifarannsókna. Með uppgreftri á og við bæjarstæðið gamla á Keldum á Rangárvöllum.
Björn Stefánsson fornleifafræðingur, Laugavegi 139, 101 Reykjavík.

---

[1] Með vísun til 59. gr. reglugerðar um þjóðminjavörslu, nr. 334/1998, er gefið út tímabundið rannsóknarleyfi til handa Þjóðminjasafni Íslands, er gildir í eitt ár, þar sem því er heimilað að kanna og annast síðan um „staðbundnar, einfaldar, minni háttar og skjótunnar fornleifarannsóknir, er nauðsynlegar teljast og einkum tengjast björgunaraðgerðum af hálfu fornleifadeildar sökum minja, er fundist hafa við jarðrask, sem þegar er orðið, t.d. vegna mannvirkjagerðar".
[2] Með þeim skilmálum að fornleifafræðingur fylgist með verkinu og verði til ráðgjafar.

25. maí 1998.
Leyfi til fornleifarannsókna. Með uppgreftri á Gellishóli í landi Breiðalækjar í Barðastrandarhreppi og á fornri kirkjurúst og kirkjugarði á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði.
Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur, Mánatröð 19, 700 Egilsstaðir.

25. maí 1998.
Leyfi til fornleifarannsókna. Með uppgreftri á fornu kirkjustæði og í kirkjugarði á Neðra-Ási í Skagafirði.
Orri Vésteinsson fornleifafræðingur, pósthólf 883, 121 Reykjavík.

16. mars 1998.
Leyfi til mannvirkjagerðar á fornleifasvæði. Að staðsetja megi turn 154 (hornmastur) í Búrfellslínu 3 A þannig í landi Búrfells í Grímsnesi að turnstæðið komi yfir hluta af gömlum túngarði í námunda bæjarins.
Landsvirkjun, c/o Albert Guðmundsson yfirverkfræðingur,[1] Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.

24. febrúar 1998. Útisýning listamanna, *Strandlengjan.*[2]
Katrín Sigurðardóttir, pósthólf 1267, 121 Reykjavík.

Leyfi veitt 1997:
6. nóvember 1997.
Leyfi til fornleifanefndar. Uppgröftur í rúst í landi jarðarinnar Kross á Barðaströnd.
Kristinn Magnússon fornleifafræðingur, Reykjaseli, 270 Mosfellsbæ.

17. október 1997.
Leyfi til mannvirkjagerðar á minjasvæði. Röskun bæjarhóls að Hvammi í Kjós vegna fyrirhugaðrar hitaveitulagnar á milli húsa á svæðinu.
Margrét Hallgrímsdóttir borgarminjavörður, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

14. október 1997.
Leyfi til mannvirkjagerðar á minjasvæði. Röskun rústar sem er inni á nánar tiltekinni byggingarlóð, Brúnastöðum 18 í Staðarhverfi í Reykjavík.
Margrét Hallgrímsdóttir borgarminjavörður, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

23. september 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Könnun fornra ummerkja sem fram komu við mannvirkjagerð að Keldum á Rangárvöllum.
Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur,[3] Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

---

[1] Með þeim skilmála að nauðsynleg fornleifarannsókn fari þar fyrst fram á þann hátt sem fyrirhugaður er.
[2] Kynnt á fundi í fornleifanefnd 16. mars 1998. Engar athugasemdir gerðar.
[3] Hér gefur varaformaður fornleifanefndar, Sigurður Steinþórsson, leyfi vegna misskilnings út á nafn Ragnheiðar Traustadóttur þó svo að hún hafi ekki verið með tilskilin leyfi.

18. ágúst 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Sýnataka til kolefnisaldursgreininga á fjórum stöðum á Norðurlandi.
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur, Unnarbraut 19, 170 Seltjarnarnes.

18. ágúst 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Að Neðra-Ási í Hjaltadal, Skagafirði.
Sigurður Bergsteinsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

18. ágúst 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Sýnataka til kolefnisaldursgreininga á Svínadal í Keldunes-hreppi í N-Þingeyjarsýslu.
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur, Sumarhöll Háskóla Íslands, 107 Reykjavík.

18. ágúst 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Sýnataka til kolefnisaldursgreininga á Litlu Núpum í Aðaldal í S-Þingeyjarsýslu.
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur, Sumarhöll Háskóla Íslands, 107 Reykjavík.

18. ágúst 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Sýnataka til kolefnisaldursgreininga á Bláskógum og nærliggjandi gerðum í landi Laufáss í Kelduneshreppi í N-Þingeyjarsýslu.
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur, Sumarhöll Háskóla Íslands, 107 Reykjavík.

18. ágúst 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Sýnataka til kolefnisaldursgreininga á Fornaseli í Keldunes-hreppi í N-Þingeyjarsýslu.
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur, Sumarhöll Háskóla Íslands, 107 Reykjavík.

6. ágúst 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Könnunargröftur að Hálsi í Hálsasveit.
Kevin Smith og Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

4. júlí 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Með uppgreftri á Hofsstöðum í Mývatnssveit.
Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, fornleifafræðingar, Pósthólf 883, 121 Reykjavík.

4. júlí 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Með uppgreftri að fornbýlinu Eiríksstöðum í Haukadal í Dalasýslu.
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

4. júlí 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Með uppgreftri í fornum göngum í Reykholti, Reykholtsdal í Borgarfirði.
Guðrún Sveinbjarnardóttir fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

23. júní 1997.
Upplýsingar um smárannsóknir Þjóminjasafns Íslands 1996.[1] Sex verkefni.
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

23. júní 1997.
Leyfi til framkvæmda á minjasvæði. Vegna lækkunar gólfs í Stjórnarráðshúsinu í Reykjavík.
Margrét Hallgrímsdóttir borgarminjavörður, 130 Árbæjarsafni, Reykjavík.

19. júní 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Með uppgreftri á meintu kumli og rústum á Þúfutanga í landi Melaness á Rauðasandi í Barðastrandarsýslu.
Sigurður Bergsteinsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

27. maí 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á fornbýlinu Hólmi í mynni Laxárdals í A-Skaftafellssýslu og jafnframt til rannsókna á kumli þar í nánd.
Dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Framnesvegi 24B, 101 Reykjavík.

27. maí 1997.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á rúst á Geirastöðum í landi Litla-Bakka, Tunguhreppi, N-Múlasýslu, og jafnframt í næsta nágrenni rústarinnar.
Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur, Einbúablá 20, 700 Egilsstöðum.

Leyfi veitt 1996:
29. ágúst 1996.
Leyfi til fornleifarannsókna. Einföld forkönnun með greftri við eyðibýlið Gerðuberg, eða Írskubúðir, nálægt Hellissandi í Snæfellsbæ og í svonefndum Hákonarhóli þar í grennd.
Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Framnesvegi 24B, 101 Reykjavík.

---

[1] Að beiðni fornleifanefndar voru veittar upplýsingar um rannsóknarverkefni Þjóðminjasafns Íslands sem unnin voru árið 1996 og rúmast innan leyfis fornleifanefndar til smárannsókna.

29. ágúst 1996.
Leyfi til fornleifarannsókna.[1]
Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

22. júlí 1996.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á átta húsarústum á Fljótsdalshéraði.
Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur, Laufási 9, 700 Egilsstöðum.

22. júlí 1996.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Hofsstöðum í Mývatnssveit.
Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson fornleifafræðingar, Pósthólf 883, 121 Reykjavík.

17. júlí 1996.
Fornleifauppgröftur á Bessastöðum.[2]
Sigurður Bergsteinsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

17. júlí 1996.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á og við eyðibýli í mynni Laxárdals í Austur-Skaftafellssýslu.
Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

11. júní 1996.
Leyfi til fornleifarannsókna. Framhaldsrannsókn að Hofsstöðum í Garðabæ.
Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

11. júní 1996.
Leyfi til fornleifarannsókna. Þrír könnunarskurðir í mannvirki í túni í Nesi við Seltjörn.
Dr. Orri Vésteinsson fornleifafræðingur, Fornleifastofnun Íslands, Pósthólf 883, 121 Reykjavík.

---

[1] Með vísun til grunnreglna þjóðminjalaga, sem lúta að rannsókn fornleifa, er gefið út tímabundið rannsóknarleyfi til Þjóðminjasafns Íslands, allt að einu ári, þar sem því er heimilað að kanna og annast síðan um nauðsynlegan uppgröft kumla og sambærilegra fornleifa af einföldu tagi sem fundist hafa og liggja undir bráðum skemmdum af 1) völdum náttúruafla eða 2) vegna verklegra framkvæmda sem eru þegar hafnar er fornleifar finnast og þar sem löng töf á frumrannsókn mundi valda verulegri röskun hagsmuna þeirra aðila er ábyrgð bera á þeim framkvæmdum. Leyfið felur í sér að Þjóðminjasafn þarf ekki að sækja um sérstakt leyfi til þess háttar rannsóknar í hvert eitt sinn, en ákvæðis 3. málsl. 20. gr. þjóðminjalaga skal engu að síður gætt þar sem við á. Gildir leyfið í eitt ár frá 1. október 1996 að telja.

[2] Nefndin fellst á það fyrirkomulag sem Sigurður Bergsteinsson stakk upp á og taldi óhjákvæmilegt í ljósi allra aðstæðna (vegna breyttra forsendna fyrir fjárveitingu), sjá bréf til S.B. dagsett 17. júlí 1996 frá fornleifanefnd.

11. júní 1996.
Leyfi til að rannsaka íslenska rúnasteina sem ekki eru í Þjóðminjasafni, þvo þá varlega með vatni og mjúkum bursta.
Þórgunnur Snædal fornleifafræðingur, Riksantikvarieämbetet, Enheten för forskningsföretagen, Box 5404, 114 84 Stockholm.

30. apríl 1996.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Hálsi í Hálsasveit, Borgarfirði, og í nærliggjandi byggðum.
Kevin P. Smith, Associate Curator, Anthropology Division, Buffalo Museum of Science, Buffalo, NY, USA.

18. apríl 1996.
Leyfi til fornleifarannsókna. Björgunaraðgerð beina og muna á fundarstað sem nú þegar hefur verið framkvæmd og leyfi veitt til áframhaldandi fornleifarannsókna á staðnum.[1]
Guðrún Kristinsdóttir fornleifafræðingur, Safnastofnun Austurlands, Skógarlöndum 4, 700 Egilsstöðum.

23. febrúar 1996.
Leyfi til mannvirkjagerðar á fornleifasvæði. Bygging íbúðarhúss á fornleifasvæði á Stóra-Sandfelli í Skriðdal.
Jón Loftsson skógræktarstjóri,[2] Hallormsstað, S-Múlasýslu.

Leyfi veitt 1995:
27. september 1995.
Leyfi til fornleifarannsókna. Framlenging leyfis til að kanna byggðaleifar í Fornhóli syðst í landi jarðarinnar Vatnshóls í Austur-Landeyjum og norðanvert við Skíðabakkavatn.
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur, Kvisthaga 9, 107 Reykjavík.

18. september 1995.
Leyfi til fornleifarannsóknar.[3]
Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

---

[1] Beinafundurinn á Jökuldal 18. apríl 1996.

[2] Leyfi þetta er bundið því skilyrði að fornleifafræðingur fylgist með nauðsynlegum greftri.

[3] Tímabundið rannsóknarleyfi, allt að einu ári, þar sem heimilað er að kanna og annast síðan um nauðsynlegan uppgröft kumla og sambærilegra fornleifa af einföldu tagi sem fundist hafa og liggja undir bráðum skemmdum af 1) völdum náttúruafla eða 2) vegna verklegra framkvæmda sem eru þegar hafnar er fornleifarnar finnast og þar sem löng töf á frumrannsókn mundi valda verulegri röskun hagsmuna þeirra aðila er ábyrgð bera á þeim framkvæmdum. Leyfið felur í sér að Þjóðminjasafn þarf ekki að sækja um sérstakt leyfi til þess háttar rannsóknar í hvert eitt sinn, en ákvæðis 3. málsl. 20. gr. þjóðminjalaga skal engu að síður gætt þar sem við á. Framangreint leyfi gildir í eitt ár frá 1. október 1995.

18. september 1995.
Samþykkt þegar unnið verk. Gengið frá grjóthleðslu sem í ljós hafði komið við Húsið á Eyrarbakka.[1]
Eyrarbakkahreppur, b.t. Magnúsar Karels Hannessonar oddvita, Túngötu 40, 820 Eyrarbakki.

24. júlí 1995.
Leyfi til fornleifarannsókna. Rannsókn á meintu kumli á uppblásnum mel, skammt frá vegi, austan við Mánárbakka í Tjörneshreppi, S-Þingeyjarsýslu.
Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson Ph.D, Neshaga 15, 107 Reykjavík.
Ragnar Edvardsson MA, Otrateigi 50, 105 Reykjavík.

12. júlí 1995.
Leyfi til fornleifarannsókna. Einfaldur uppgröftur í landi Hrísbrúar og Mosfells í Mosfellssveit og í landareign Ólafar G. Söebechs í sömu sveit (fyrri umsókn sama efnis dags. 27. apríl 1995).
Dr. Timoty Earle, Professor and Chair, Department of Anthropology, Northwestern University, Evanston IL 60208, USA.

12. apríl 1995.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Bessastöðum á Álftanesi.
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, deildarstjóri fornleifadeildar Þjóðminjasafns, Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

12. júlí 1995.
Leyfi til verklegra framkvæmda á fornleifasvæði. Fyrirhugaðar framkvæmdir í nánd við bæjarstæði Nauthóls í Skerjafirði.
Flugmálastjórn,[2] Reykjavíkurflugvelli, b.t. Jóhanns H. Jónssonar framkvæmdastjóra.

28. júní 1995.
Leyfi til fornleifarannsókna. Rannsókn við Nesstofu á Seltjarnarnesi.
Orri Vésteinsson fornleifafræðingur, Víðimel 27, 107 Reykjavík.

28. júní 1995.
Leyfi til efnistöku við Kotsá í Steingrímsfirði. Í nýju vegarstæði Drangsnesvegar.
Björn Stefánsson fornleifafræðingur, c/o Jón Helgason verkfræðingur, Vegagerð ríkisins.

28. júní 1995.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á nýju vegarstæði Drangsnesvegar í Steingrímsfirði.
Björn Stefánsson fornleifafræðingur, b.t. Jóns Helgasonar verkfræðings, Vegagerð ríkisins.

---

[1] Ekki eiginlegt leyfi.
[2] Varðandi leyfi til undanþágu frá almennum reglum um verndun friðlýstra fornleifa.

28. júní 1995.
Leyfi til fornleifarannsókna. Að Hofsstöðum í Mývatnssveit.
Adolf Friðriksson fornleifafræðingur, pósthólf 883, 121 Reykjavík.

28. júní 1995.
Leyfi til fronleifarannsókna. Á Selholti í Hlíðardal.
Dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Framnesvegi 24B, 101 Reykjavík.

29. maí 1995.
Leyfi til fornleifarannsókna. Áframhaldandi rannsókn á Hofsstöðum í Garðabæ.
Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur, Neshaga 15, 101 Reykjavík.

29. maí 1995.
Leyfi til fornleifarannsókna. Fornleifar í Viðey.
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur, Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

4. maí 1995.
Leyfi til verklegra framkvæmda á fornleifasvæði og til fornleifarannsókna. Könnunargröftur á Hæstaréttarlóðinni, Lindargötu 2, Reykjavík.
Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

Leyfi veitt 1994:
19. ágúst 1994.
Leyfi til fornleifarannsókna.[1]
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur.

30. júní 1994.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Goðrúnarstöðum í landi Rauðholts, Hjaltastaðarþinghá.
Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

30. júní 1994.
Leyfi til fornleifarannsókna. Við lóðina Vesturgötu 5A, Reykjavík.
Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

30. júní 1994.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Grafarseli norðan Rauðavatns, Reykjavík.
Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

---

[1] Framlenging leyfis Margrétar Hermanns-Auðardóttur fornleifafræðings til rannsókna á Fornhóli í landi Vatnshóls í Austur-Landeyjum og í Fagraskógi og enn fremur til sýnatöku í og við Skallakot í Þjórsárdal.

7. júní 1994.
Leyfi til fornleifarannsókna. Í götustæði Kirkjulundar í landi Hofsstaða í Garðabæ.
Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

7. júní 1994.
Leyfi til fornleifarannsókna. Framhaldsrannsókn í innigarði forsetasetursins á Bessastöðum á Álftanesi.
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

1. júní 1994.
Leyfi til fornleifarannsókna. Í Viðey, Reykjavík.
Margrét Hallgrímsdóttir fornleifafræðingur, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

1. júní 1994.
Leyfi til fornleifarannsókna. Í götustæði Kirkjulundar og á lóðum Kirkjulundar 5, 7, 9 og 11, í landi Hofsstaða í Garðabæ.
Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

1. júní 1994.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Bessastöðum á Álftanesi.
Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

15. apríl 1994.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Arnarhóli í Reykjavík.
Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

Leyfi veitt 1993:
10. nóvember 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Við austurhlíð svonefnds Ráðsmannshúss á Bessastöðum á Álftanesi.
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

25. september 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Bessastöðum á Álftanesi vegna frárennslislagna, rotþrór og loftstokka frá nýbyggingum í samræmi við teikningar og bréf frá Bessastaðanefnd.
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

17. september 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Í túninu vestan Nesstofu á Seltjarnarnesi.
Kristinn Magnússon fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

23. ágúst 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Bessastöðum, þ.e. forkönnun á fyrirhuguðum grunni nýs íbúðarhúss forseta Íslands.
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

20. ágúst 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Í Hrífunesi í Skaftárhreppi.
Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

20. ágúst 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Sýnataka í Hrífunesi í Skaftárhreppi.[1]
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

20. ágúst 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Í Fagraskógi í Þjórsárdal.
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

20. ágúst 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Fornhóli í landi Vatnshóls í Austur-Landeyjum.
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

19. júlí 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Arnarhóli í Reykjavík.
Margrét Hallgrímsdóttir fornleifafræðingur, Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

24. maí 1993.
Leyfi til fornleifanefndar. Á Bessastöðum á Álftanesi.
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

27. maí 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Ingólfstorgi, Reykjavík.
Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

14. maí 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á lóð Aðalstrætis 12, Reykjavík.
Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

---

[1] Unnið í samráði við Vilhjálm Örn Vilhjálmsson sem stjórnar rannsóknum í Hrífunesi.

14. maí 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Í Viðey, Reykjavík.
Margrét Hallgrímsdóttir fornleifafræðingur, Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

14. maí 1993.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Stöng í Þjórsárdal.
Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

Leyfi veitt 1992:
21. mars 1992.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Hofsstöðum í Mývatnssveit.
Adolf Friðriksson fornleifafræðingur, Jörundarholti 102, 300 Akranes.

29. apríl 1992.
Leyfi til fornleifarannsókna. Í Viðey, Reykjavík.
Margrét Hallgrímsdóttir fornleifafræðingur, Hraunteigi 16, 105 Reykjavík.

29. apríl 1992.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Stöng í Þjórsárdal.
Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur, Spobjergvej 221, DK-8220 Brabrand, Danmark.

13. maí 1992.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Bessastöðum á Álftanesi við austurenda bókastofu og í grunni svonefndrar hjáleigu austur af Bessastaðastofu.
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

Leyfi veitt 1991:
7. júní 1991.
Leyfi til fornleifarannsókna. Í Viðey, Reykjavík.
Margrét Hallgrímsdóttir fornleifafræðingur, Hraunteigi 16, 105 Reykjavík.

8. júlí 1991.
Leyfi til fornleifarannsókna. Á Granastöðum og til að taka snið til sýnatöku að Hólaseli á Eyjafjarðardal, Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.
Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, Bofinksgatan 7, S-412 70 Göteborg, Svíþjóð.

8. ágúst 1991.
Leyfi til fornleifanefndar. Á svonefndum dómhringum í Gerði og á Heynesi, Innri-Akraneshreppi.
Adolf Friðriksson fornleifafræðingur, Jörundarholti 102, 300 Akranes.
Garðar Guðmundsson, Starhaga 8, 107 Reykjavík.

8. ágúst 1991.
Leyfi til fornleifanefndar. Á Bessastöðum, Bessastaðahreppi.[1]
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

27. ágúst 1991.
Leyfi til fornleifanefndar. Til að ljúka við að bora holur samkvæmt 10 metra hnitakerfi að Hálsi í Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu.
Kevin P. Smith, Buffalo Museum of Science, 1020 Humboldt Parkway, Buffalo, New York 14211, USA.

Prófgráður leyfishafa árin 1991–98:
Adolf Friðriksson. MA í fornleifafræði.
Fornleifastofnun Íslands, pósthólf 883, 121 Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson. Fil. kand. í fornleifafræði.
Framnesvegi 24B, 101 Reykjavík.

Björn Stefánsson. MA í fornleifafræði.
Laugavegi 139, 101 Reykjavík.

Garðar Guðmundsson. BS í fornvistfræði.
Ægisíðu 56, 101 Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson. Fil. kand. í fornleifafræði.
Freyjugötu 6, 101 Reykjavík

Guðrún Kristinsdóttir. Fil. kand. í fornleifafræði.
Minjasafninu á Akureyri, Aðalstræti 58, 600 Akureyri.

Guðrún Sveinbjarnardóttir. Doktor í fornleifafræði.
Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

Kevin P. Smith. Doctoral program. MA Department of Anthropology. BA Department of Anthropology. Buffalo Museum of Science.
1020 Humboldt Parkway, Buffalo, New York 14211, USA.

Kristinn Magnússon. Fil. kand. í fornleifafræði.
Reykjaseli, 270 Mosfellsbæ.

Margrét Hallgrímsdóttir. Fil. kand. í fornleifafræði. MA í sagnfræði.
Árbæjarsafni, 130 Reykjavík.

---

[1] Til að ljúka uppgreftri.

Margrét Hermanns-Auðardóttir. Fil. dr. í fornleifafræði.
Unnarbraut 19, 170 Seltjarnarnes.

Orri Vésteinsson. MA í fornleifafræði.
Fornleifastofnun Íslands, pósthólf 883, 121 Reykjavík.

Ragnar Edvardsson. MA í fornleifafræði.
Fornleifastofnun Íslands, pósthólf 883, 121 Reykjavík.

Ragnheiður Traustadóttir. Fil. kand. í fornleifafræði.
Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

Sigurður Bergsteinsson. BA í fornleifafræði.
Stigahlíð 2, 108 Reykjavík.

Steinunn Kristjánsdóttir. Fil. kand. í fornleifafræði og fil. mag. í fornleifafræði.
Mánatröð 19, 700 Egilsstaðir.

Timoty Earle. Doktor í fornleifafræði. Professor and Chair, Department of Anthropology.
Northwestern University, Evanston IL 60208, USA.

Vilhjálmur Örn Vilhjámsson. Lic. Phil. (PhD) í fornleifafræði.

Þór Magnússon þjóðminjavörður. Fil. kand. í fornleifafræði.
Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

Þórgunnur Snædal.
Riksantikvarieämbetet, Box 5405, 114 84 Stockholm, Sverige.

983. Frumvarp til laga [588. mál]

um útlendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi.

Um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gilda sérreglur, sbr. ákvæði VI. kafla.

Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum.

Íslensk skip í siglingum erlendis falla ekki undir gildissvið laganna.

2. gr.

Tilgangur.

Lögin veita heimild til að hafa eftirlit með komu útlendinga til landsins, dvöl þeirra hér á landi og brottför í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Lögunum er ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, dveljast hér eða sækja um leyfi samkvæmt lögunum.

Lögin kveða á um rétt flóttamanna til hælis og um vernd þeirra og annarra útlendinga gegn ofsóknum, sbr. ákvæði VII. kafla.

3. gr.

Réttarstaða útlendinga.

Meðan útlendingur dvelst löglega hér á landi skal hann njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og íslenskir ríkisborgarar nema annað leiði af gildandi réttarreglum.

4. gr.

Tengsl laganna við þjóðréttarreglur.

Lögunum skal beita í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins þegar tilgangur þeirra er að styrkja réttarstöðu útlendingsins.

5. gr.

Framkvæmd laganna.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi.

Framkvæmd laganna að öðru leyti annast Útlendingastofa, lögreglan og önnur stjórnvöld.

Dómsmálaráðherra skipar forstjóra Útlendingastofu til fimm ára í senn. Forstjórinn skal vera lögfræðingur.

Dómsmálaráðherra kveður á um starfssvið þeirra sem annast framkvæmd laganna að því leyti sem lögin kveða ekki á um það.

II. KAFLI
Koma og brottför.

6. gr.

Vegabréfaeftirlit.

Hver sá sem kemur til landsins skal þegar í stað gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Víkja má frá þessu með samningum við önnur ríki, svo og að öðru leyti samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Landganga og för úr landi skal fara fram á stöðum sem hlotið hafa til þess viðurkenningu, nema annað sé ákveðið. Dómsmálaráðherra ákveður hvar skuli vera viðurkenndir staðir til landgöngu og farar úr landi.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um eftirlit með komu til landsins og brottför. Hann getur einnig sett reglur sem heimila lögreglu að krefjast þess að útlendingur framvísi vegabréfi og öðrum ferðaskilríkjum áður en hann kemur til landsins, svo og mælt fyrir um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að ferðamenn hafi gild ferðaskilríki.

7. gr.
Vegabréf.

Útlendingur sem kemur til landsins skal, nema annað sé ákveðið, hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hvaða skilyrðum vegabréf eða annað kennivottorð þarf að fullnægja til að teljast gilt til ferðar til landsins og dvalar.

Útlendingastofa getur, ef sérstaklega stendur á, undanþegið útlending þeirri skyldu að hafa vegabréf eða viðurkennt annað skilríki en leiðir af almennum reglum.

8. gr.
Vegabréfsáritanir.

Útlendingur þarf að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Vegabréfsáritun skal veitt með áritun í vegabréf eða annað kennivottorð, eða með sérstöku skjali, samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur. Ráðherra setur einnig reglur um hvernig staðið skuli að umsókn.

Vegabréfsáritun skal gilda fyrir eina eða fleiri komur til landsins og til allt að þriggja mánaða dvalar á nánar tilgreindu tímabili. Frá þriggja mánaða dvölinni dregst sá tími sem nemur dvöl útlendingsins hér á landi eða í öðru norrænu landi á síðustu sex mánuðum. Hafi útlendingurinn dvalarleyfi í öðru norrænu landi skal þó aðeins draga frá þann tíma sem hann hefur dvalist hér síðustu sex mánuði. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um meðferð umsókna um vegabréfsáritanir.

Útlendingastofa tekur ákvörðun um útgáfu vegabréfsáritana. Dómsmálaráðherra getur heimilað utanríkisþjónustunni að taka ákvörðun um útgáfu vegabréfsáritana samkvæmt nánari reglum.

9. gr.
Áhafnir skipa og loftfara.

Útlendingur sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari, eða er laumufarþegi, má ekki ganga hér á land án leyfis lögreglunnar. Ákvæði um stjórnvald í málum vegna frávísunar og um málskot gilda eftir því sem við á.

Dómsmálaráðherra setur reglur um landgönguleyfi útlendra sjómanna við dvöl skips í höfn og um heimild til að meina landgöngu.

III. KAFLI
Dvöl og búseta.

10. gr.
Dvöl án dvalarleyfis.

Útlendingur sem þarf vegabréfsáritun til landgöngu má ekki dveljast hér á landi lengur en áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að dveljast hér lengur en þrjá mánuði frá komu til landsins. Frá þessum tíma ber að draga þann tíma er nemur dvöl útlendingsins hér á landi eða í öðru norrænu landi á síðustu sex mánuðum. Hafi útlendingurinn dvalarleyfi í öðru norrænu landi skal þó aðeins draga frá þann tíma sem hann hefur dvalist hér síðustu sex mánuði.

Dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum er heimilt að dveljast hér án dvalarleyfis. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari undanþágu frá kröfu um dvalarleyfi.

11. gr.

Hverjir þurfa dvalarleyfi.

Útlendingur sem hyggst ráða sig í vinnu, fyrir endurgjald eða án þess, eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi þarf, auk atvinnuleyfis þar sem það er áskilið að lögum, að hafa dvalarleyfi nema dvöl sé heimil án dvalarleyfis skv. 2. mgr. 10. gr.

Útlendingur sem hyggst dveljast hér lengur en honum er heimilt skv. 1. mgr. 10. gr. þarf að hafa dvalarleyfi.

12. gr.

Útgáfa dvalarleyfis.

Dvalarleyfi sem veitt er í fyrsta sinn skal hafa verið gefið út áður en komið er til landsins. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvenær umsókn um dvalarleyfi má leggja fram hér á landi. Ráðherra setur einnig reglur um hvernig staðið skuli að umsókn og um meðferð umsókna.

Dvalarleyfi sem veitt er í fyrsta sinn skal að jafnaði gefið út til eins árs. Heimilt er að gefa leyfið út til skemmri tíma eða lengri ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur.

Dvalarleyfi veitir rétt til að dveljast hvar sem er á landinu nema annað sé tekið fram í leyfinu eða leiði af reglum settum samkvæmt lögunum.

Útlendingastofa tekur ákvörðun um dvalarleyfi.

13. gr.

Skilyrði dvalarleyfis.

Veita má útlendingi dvalarleyfi, að fenginni umsókn, ef:

a. framfærsla hans og húsnæði er tryggt, samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur,
b. skilyrðum fyrir dvalarleyfi sem sett eru í reglum skv. 1. mgr. 5. gr. er fullnægt og
c. ekki liggja fyrir atvik sem valdið geta því að honum verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Veita má útlendingi dvalarleyfi, þótt skilyrðum sé annars ekki fullnægt, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða vegna sérstakra tengsla útlendingsins við landið. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um heimild þessa.

14. gr.

Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Nánustu aðstandendur íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi eða útlendings sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum eiga, að fenginni umsókn, rétt á dvalarleyfi, enda liggi ekki fyrir atvik sem greinir í c-lið 1. mgr. 13. gr. Framfærsla skal að jafnaði vera tryggð. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessa.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hverjir teljast skuli nánustu aðstandendur skv. 1. mgr., svo og um undanþágu fyrir aðstandendur útlendings ef dvöl hans er fyrirhuguð um skamman tíma.

Dvalarleyfi aðstandanda útlendings skal að jafnaði gefið út til sama tíma og leyfi þess síðarnefnda, þó þannig að það gildi ekki lengur en leyfi hans.

15. gr.
Endurnýjun.

Endurnýja má dvalarleyfi útlendings, að fenginni umsókn, ef framfærsla hans er tryggð samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur, endurnýjun verður ekki synjað á grundvelli reglna skv. 1. mgr. 5. gr. og ekki liggja fyrir atvik sem greinir í c-lið 1. mgr. 13. gr.

Endurnýjað dvalarleyfi skal að jafnaði gefið út til eins árs eða tveggja ára samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur. Heimilt er að gefa leyfið út fyrir annað tímabil ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum.

Heimila má útlendingi, sem sækir um endurnýjun dvalarleyfis, áframhaldandi dvöl með sömu skilyrðum þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina og hann á rétt á því ef hann leggur umsókn fram a.m.k. mánuði áður en leyfið fellur úr gildi.

16. gr.
Búsetuleyfi.

Útlendingur, sem dvalist hefur hér á landi samfellt síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum, á samkvæmt umsókn rétt á að fá útgefið búsetuleyfi ef ekki liggja fyrir ástæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi. Einnig er heimilt að veita búsetuleyfi í öðrum tilvikum samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Búsetuleyfi felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar.

Útlendingastofa tekur ákvörðun um búsetuleyfi. Ákvæði 3. mgr. 15. gr. gilda um umsóknir um búsetuleyfi eftir því sem við á.

Búsetuleyfi fellur niður þegar leyfishafi hefur verið búsettur eða dvalist í raun erlendis samfellt lengur en tólf mánuði. Útlendingastofa tekur ákvörðun um að fella leyfi úr gildi. Að fenginni umsókn má heimila útlendingi lengri dvöl erlendis án þess að búsetuleyfið falli úr gildi. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur samkvæmt þessari málsgrein.

17. gr.
Afturköllun.

Útlendingastofu er heimilt að afturkalla dvalarleyfi og búsetuleyfi ef útlendingur hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

18. gr.
Tilkynningarskylda.

Útlendingur sem fengið hefur dvalarleyfi áður en hann kom til landsins skal innan viku frá komu gefa sig fram við lögregluna á dvalarstaðnum. Sama á við um útlending sem hyggst sækja um eða að öðru leyti þarfnast slíks leyfis.

Útlendingur sem flytur heimili sitt meðan mál samkvæmt lögunum er til meðferðar skal tilkynna lögreglunni um flutninginn.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem ekki þarf dvalarleyfi skuli tilkynna lögreglunni um heimili sitt hér á landi og um vinnu sína eða starf.

IV. KAFLI
Frávísun og brottvísun.

19. gr.
Frávísun við komu til landsins.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum frá komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi hér á landi eða í öðru norrænu landi og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. hann hefur ekki tilskilið leyfi til dvalar eða vinnu,
d. hann getur ekki sýnt fram á að hann hafi eða eigi tryggð nægileg fjárráð til dvalar hér á landi og til heimferðar,
e. hann hefur hlotið refsingu eins og greinir í b- eða c-lið 1. mgr. 21. gr., eða sérstök ástæða er til af öðrum ástæðum að óttast að hann muni fremja hér á landi eða í öðru norrænu landi refsiverðan verknað sem varðað getur fangelsi lengur en þrjá mánuði,
f. reglur 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins eiga við og ætla má að útlendingurinn muni fara til annars norræns lands og að honum muni að öllum líkindum verða vísað þar frá vegna þess að ekki er fullnægt reglum um vegabréf eða vegabréfsáritun, eða frávísun er heimil af öðrum ástæðum í viðkomandi landi,
g. hann samkvæmt mati þar til bærs heilbrigðisstarfsmanns er augljóslega haldinn alvarlegum geðtruflunum,
h. hann hefur ekki greitt kostnað hins opinbera við fyrri færslu hans úr landi,
i. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða krefjandi þjóðarhagsmuna.

Nægjanlegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Nú ber útlendingur að hann sé flóttamaður eða veitir að öðru leyti upplýsingar sem benda til að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við, og skal þá leggja málið fyrir Útlendingastofu til meðferðar og ákvörðunar.

20. gr.
Frávísun landgöngu eftir komu til landsins.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi eftir reglum 1. mgr. 19. gr. þótt sjö sólarhringa fresturinn sé liðinn.

Ekki má vísa útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi frá landi samkvæmt ákvæði þessu.

21. gr.
Brottvísun.

Heimilt er að vísa útlendingi úr landi ef:

a. hann hefur brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laganna eða kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið,
b. hann hefur á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði; samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi,
c. hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði eða oftar en einu sinni verið dæmdur á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar,

d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins.

Brottvísun skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða norrænum ríkisborgara sem átt hefur heimili hér á landi lengur en þrjá mánuði má því aðeins vísa úr landi að hin refsiverða háttsemi geti varðað meira en eins árs fangelsi.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur verið fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma, en að jafnaði ekki skemur en tvö ár. Samkvæmt umsókn má heimila þeim sem vísað hefur verið úr landi endurkomu en að jafnaði ekki fyrr en tvö ár eru liðin frá brottför.

22. gr.

Frávísun og brottvísun útlendings sem hefur búsetuleyfi o.fl.

Óheimilt er að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem fæddur er hér á landi og hefur átt hér fast heimili óslitið síðan.

Útlendingi sem fullnægir skilyrðum til að fá búsetuleyfi má því aðeins vísa frá landi eða úr landi að:

a. það sé nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, sbr. i-lið 1. mgr. 19. gr. og d-lið 1. mgr. 21. gr.,
b. hann hafi afplánað refsingu eða verið dæmdur til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað þriggja ára fangelsi eða meira og það átti sér stað á síðustu fimm árum erlendis eða á síðasta ári hér á landi. Samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi.

Brottvísun skv. b-lið 2. mgr. skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

23. gr.

Stjórnvald og undirbúningur máls.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a–h-lið 1. mgr. 19. gr. Útlendingastofa tekur aðrar ákvarðanir samkvæmt kafla þessum.

Lögreglan undirbýr mál sem Útlendingastofa tekur ákvörðun um. Nú telur lögreglan skilyrði vera til að vísa útlendingi frá landi eða úr landi og sendir hún þá Útlendingastofu gögn málsins til ákvörðunar.

V. KAFLI
Málsmeðferð.

24. gr.

Almennar reglur um málsmeðferð.

Stjórnsýslulögin gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum þessum.

25. gr.

Andmælaréttur.

Útlendingur, sem á kröfu á að fá tilkynningu um meðferð máls og rétt á að fá upplýsingar samkvæmt stjórnsýslulögum, skal eiga kost á að tjá sig skriflega eða munnlega.

Í máli vegna umsóknar um hæli eða máli þar sem ákvæði 45. gr. eiga við, svo og í máli er varðar frávísun eða brottvísun, skal stjórnvald, svo fljótt sem unnt er og ávallt áður en

ákvörðun í málinu er tekin, sjá um að útlendingurinn eigi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á tungumáli sem hann getur tjáð sig á svo að viðunandi sé.

26. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Í máli er varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis, svo og í máli vegna umsóknar um hæli, skal stjórnvald leiðbeina útlendingnum um að honum sé heimilt, á eigin kostnað, að leita aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa, um rétt hans á að fá sér skipaðan talsmann, sbr. 2. mgr. 34. gr., og um rétt hans til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi.

Að öðru leyti gildir almenn leiðbeiningarskylda skv. 7. gr. stjórnsýslulaga.

27. gr.

Vanhæfi.

Opinber starfsmaður, sem tekið hefur þátt í meðferð opinbers máls á hendur viðkomandi útlendingi, má ekki taka þátt í undirbúningi að ákvörðun eða taka sjálfur ákvörðun í máli um frávísun, dvalarleyfi, búsetuleyfi eða brottvísun. Ákvæði þetta tekur ekki til mála vegna brota á ákvæðum laga þessara eða ákvæðum sem sett eru samkvæmt þeim.

28. gr.

Öflun gagna fyrir dómi.

Útlendingi, svo og stjórnvaldi sem fer með mál útlendings, er heimilt að krefjast þess að upplýsinga, sem ekki verður aflað á annan hátt svo að fullnægjandi sé í máli samkvæmt lögunum, verði aflað fyrir dómi eftir reglum XII. kafla laga um meðferð einkamála um öflun sönnunargagna án þess að mál hafi verið höfðað. Dómari ákveður hvort skilyrði eru til að fallast á beiðni.

Heimild skv. 1. mgr. gildir ekki þegar til meðferðar er mál gegn útlendingi um frávísun eða þegar sá sem óskað er að gefi skýrslu fyrir dómi er erlendis.

29. gr.

Rannsóknarúrræði.

Við komu til landsins, og þar til skráð hefur verið það sem álitið er rétt um hver útlendingur er, er honum skylt að veita atbeina sinn til að upplýsa hver hann er, að því marki sem stjórnvald skv. 2. mgr. 5. gr. krefst þess. Hlutaðeigandi stjórnvald getur einnig síðar skyldað útlending til þessa ef ástæða er til að ætla að það sem skráð er um deili á útlendingnum sé ekki rétt. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvað skylda má útlending til að gera til að fullnægja þessari skyldu.

Ef vafi leikur á hver útlendingur er við komu til landsins eða síðar getur lögreglan lagt hald á ferðaskilríki, farseðla og annað sem getur verið til upplýsinga um hver hann er. Sama gildir þegar vafi er um fyrri dvalarstað og það skiptir máli um rétt til dvalar hér á landi. Lögreglan skal benda útlendingi á að hann geti borið réttmæti haldlagningar undir dómara samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála.

Ef rökstuddur grunur er um að útlendingur, í bága við fyrirmæli sem greinir í 1. mgr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um hver hann er eða, í bága við fyrirmæli sem greinir í 53. gr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað má lögreglan leita á útlendingnum, á heimili hans eða herbergi eða í öðrum hirslum.

Í þágu máls má taka ljósmyndir og fingraför af útlendingi sem:

a. ekki getur fært sönnur á hver hann er eða ef ástæða er til að ætla að útlendingurinn gefi rangt upp hver hann er,
b. leitar hælis eða sækir um leyfi samkvæmt lögunum,
c. hefur verið synjað um hæli eða leyfi samkvæmt lögunum eða
d. hefur verið vísað frá landi eða úr landi eða ætla má að dveljist hér ólöglega.

Fingraför, sem tekin eru skv. 4. mgr., má færa í tölvufærða fingrafaraskrá. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um færslu og notkun skrárinnar.

Ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er eða rökstuddur grunur er um að útlendingur gefi rangar upplýsingar um hver hann er getur lögreglan lagt fyrir útlendinginn að tilkynna sig eða að halda sig á ákveðnu svæði. Ef slíkum fyrirmælum er ekki sinnt eða þau teljast augljóslega ófullnægjandi er heimilt að handtaka útlendinginn og færa í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Gæsla má ekki standa lengur en í 12 vikur samanlagt nema sérstaklega standi á.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessara.

30. gr.

Kæruheimild.

Ákvörðun lögreglunnar, svo og ákvörðun sendiráðs, fastanefndar eða ræðismanns skv. 4. mgr. 8. gr., má kæra til Útlendingastofu. Að öðru leyti má kæra ákvörðun til dómsmálaráðuneytisins.

Nú vill útlendingur nýta heimild til kæru og skal hann þá lýsa kæru innan 15 daga frá því að honum var kynnt ákvörðunin fyrir þeim sem það gerir. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnsýslulaga um stjórnsýslukæru.

31. gr.

Hvenær ákvörðun getur komið til framkvæmda.

Ákvörðun um frávísun skv. 19. gr. má framkvæma þegar í stað. Synjun á umsókn um endurnýjun dvalarleyfis eða um búsetuleyfi, sem sótt er um innan frests skv. 3. mgr. 15. gr., má ekki framkvæma fyrr en ákvörðunin er endanleg. Sama gildir um ákvörðun um afturköllun skv. 17. gr. og um ákvörðun um brottvísun útlendings sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi. Að öðru leyti gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga um frestun réttaráhrifa.

Synjun á umsókn um dvalarleyfi sem sótt er um í fyrsta sinn og á umsókn um endurnýjun sem greinir í 1. mgr. og sótt er um að liðnum fresti skv. 3. mgr. 15. gr. má ekki framfylgja fyrr en útlendingurinn hefur fengið færi á að leggja fram kæru og aldrei fyrr en liðnir eru tveir sólarhringar frá því að útlendingnum var tilkynnt um ákvörðunina.

32. gr.

Hvenær ákvörðun í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum getur komið til framkvæmda.

Nú ber útlendingur að aðstæður séu þannig að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við og má þá ekki framkvæma ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið fyrr en ákvörðunin er endanleg. Þetta gildir þó ekki í málum þar sem Útlendingastofa telur augljóst að aðstæður séu ekki þannig og í málum þar sem útlendingurinn á umsókn um hæli til meðferðar í öðru landi eða slíkri umsókn hefur verið hafnað þar.

Lögreglan skal leggja ákvörðun um frestun á framkvæmd fyrir Útlendingastofu ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. þegar framkvæma á ákvörð-

unina og ekki kemur fram að afstaða hafi þegar verið tekin til þeirra aðstæðna sem borið er við. Nú telur Útlendingastofa augljóst að aðstæður séu ekki þannig og má það þá ákveða að ákvörðunin komi til framkvæmda.

Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru gilda ekki um ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr.

33. gr.

Framkvæmd ákvörðunar.

Ákvörðun sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið skal framkvæma þannig að lagt er fyrir útlendinginn að hverfa þegar á brott eða innan tiltekins frests. Ef útlendingurinn fer ekki úr landi svo sem fyrir er lagt eða yfirgnæfandi líkur eru á að hann muni ekki gera það má lögreglan færa hann úr landi. Ef sérstaklega stendur á má færa útlendinginn til annars lands en þess sem hann kom frá. Ákvarðanir sem varða framkvæmd verða ekki kærðar sérstaklega.

Útlendingi sem fellur undir ákvæði 1. mgr. og ekki hefur gilt ferðaskilríki er skylt að afla sér þess.

Til að tryggja að ákvörðun skv. 1. mgr. verði framkvæmd getur lögreglan lagt fyrir útlendinginn að:

a. tilkynna sig,
b. afhenda vegabréf eða annað ferðaskilríki og
c. halda sig á ákveðnu svæði.

Fyrirmæli sem greinir í 3. mgr. má því aðeins gefa að sérstök ástæða sé til að ætla að útlendingurinn muni koma sér undan framkvæmd. Við mat á þessu má taka tillit til almennrar reynslu af undankomu. Fyrirmælin gilda ekki lengur en í tvær vikur nema útlendingurinn samþykki eða dómari ákveði samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála.

Ef nauðsyn ber til til að tryggja framkvæmd er heimilt að handtaka útlendinginn og færa í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála. Samsvarandi gildir ef útlendingur gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkis, sbr. 2. mgr., og tilgangurinn er að færa útlendinginn fyrir fulltrúa lands sem við á í því skyni að fá útgefið ferðaskilríki. Gæsla skal ekki ákveðin lengur en í tvær vikur. Gæslutíma má því aðeins framlengja að útlendingurinn fari ekki sjálfviljugur úr landi og yfirgnæfandi líkur eru á að hann muni annars koma sér undan framkvæmd ákvörðunar sem greinir í 1. mgr. Má þá framlengja frestinn í allt að tvær vikur, en þó ekki oftar en tvisvar.

Útlending má hvorki handtaka né færa í gæsluvarðhald ef það með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun, eða dómarinn telur fullnægjandi að útlendingurinn sæti þess í stað úrræðum skv. 3. mgr.

Þvingunarúrræðum skv. 3. og 5. mgr. má beita þegar ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið er tekin og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar.

34. gr.

Réttaraðstoð.

Dómari skal skipa útlendingi réttargæslumann þegar krafist er gæslu skv. 2. málsl. 6. mgr. 29. gr. eða 5. mgr. 33. gr. Sama gildir þegar fyrir dómi er krafist úrræða skv. 3. og 4. mgr. 33. gr. nema það muni hafa í för með sér sérstakt óhagræði eða töf eða dómarinn telur ekki varhugavert að láta hjá líða að skipa réttargæslumann.

Þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli skal útlendingur eiga rétt á að stjórnvald skipi sér talsmann. Þetta

gildir þó ekki í málum vegna brottvísunar skv. b- og c- lið 1. mgr. 21. gr., b-lið 2. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 43. gr. þegar um er að ræða háttsemi sem greinir í 2. málsl., eða þegar útlendingur sem sótt hefur um hæli kærir að hann hafi einungis fengið dvalarleyfi skv. 2. mgr. 13. gr. Ef dómari tekur til greina beiðni um að afla upplýsinga fyrir dómi skv. 28. gr. skal kostnaður útlendingsins við lögfræðiaðstoð meðan öflun upplýsinganna fer fram greiðast úr ríkissjóði.

Ákvæði VI. kafla laga um meðferð opinberra mála gilda, eftir því sem við á, um réttaraðstoð skv. 1. og 2. mgr. Krefja má útlending um endurgreiðslu kostnaðar af réttaraðstoð að hluta til eða að öllu leyti, ef hann hefur ráð á því. Nánari ákvæði um þetta má setja í reglugerð.

VI. KAFLI
Útlendingar sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn).

35. gr.
Dvalarleyfi.

Útlendingur, sem fellur undir reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga (EES-útlendingur), má koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuði ef hann er í atvinnuleit. Dvöl í öðru norrænu landi skal ekki draga frá dvalartímanum.

EES-útlendingur, sem dvelst eða starfar hér á landi lengur en greinir í 1. mgr., skal hafa dvalarleyfi. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágur frá reglum um dvalarleyfi og sett reglur um tilkynningarskyldu.

Dvalarleyfi, sem sótt er um í fyrsta sinn, má sækja um eftir komu til landsins.

Útlendingastofa tekur ákvörðun um dvalarleyfi.

36. gr.
Skilyrði dvalarleyfis.

EES-útlendingur á rétt á dvalarleyfi samkvæmt umsókn þess efnis ef hann framvísar því ferðaskilríki sem hann komst inn í landið með og gögnum sem sýna að hann:

a. er launþegi sem fellur undir lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. tölul. V. viðauka við EES-samninginn (ráðsreglugerðir (EBE) nr. 1612/68 og 312/76),
b. ætlar að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi eða veita eða njóta hér þjónustu,
c. þiggur nægilegar fastar reglubundnar greiðslur eða á nægilegt eigið fé og fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir eða
d. er innritaður hjá viðurkenndri námsstofnun með það að meginmarkmiði að öðlast þar starfsþjálfun.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

Heimilt er að synja um dvalarleyfi skv. 1. mgr. ef þær aðstæður eru fyrir hendi sem geta veitt tilefni til að meina útlendingnum komu til landsins, dvöl eða vinnu samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

37. gr.
Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Aðstandandi útlendings sem hefur eða öðlast dvalarleyfi skv. 1. mgr. 36. gr. á rétt á dvalarleyfi samkvæmt umsókn þess efnis að uppfylltum skilyrðum í reglum sem dómsmálaráðherra setur.

38. gr.

Áframhaldandi dvöl að loknu starfi.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um rétt útlendings sem fellur undir a- og b-lið 1. mgr. 36. gr. til áframhaldandi dvalar að loknu starfi, svo og aðstandenda hans skv. 37. gr.

39. gr.

Gildistími og efni dvalarleyfis.

Dvalarleyfi, sem gefið er út í fyrsta sinn skv. 36., 37. og 38. gr., skal að jafnaði gefið út til fimm ára.

Ef starfi er ætlað að standa lengur en þrjá mánuði en skemur en eitt ár skal leyfi til útlendings skv. a-lið 1. mgr. 36. gr. gefið út til samsvarandi tíma.

Leyfi til útlendings sem ætlar að veita þjónustu eða njóta þjónustu, sbr. b-lið 1. mgr. 36. gr., skal hafa sama gildistíma og þjónustan verður veitt eða hennar notið.

Leyfi, sem gefið er út í fyrsta sinn til útlendings skv. c-lið 1. mgr. 36. gr., má takmarka við tvö ár ef umsækjandinn getur ekki sýnt fram á að skilyrði fyrir leyfinu verði uppfyllt í fimm ár.

Leyfi til útlendings skv. d-lið 1. mgr. 36. gr. skal gefið út til tíma sem svarar til lengdar námsins, þó ekki lengur en í eitt ár.

Dvalarleyfi veitir rétt til að dveljast og til að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt hvar sem er á landinu nema annað sé tekið fram í leyfinu eða leiði af reglum sem settar eru samkvæmt lögum.

40. gr.

Endurnýjun dvalarleyfis.

Dvalarleyfi skv. 36., 37. og 38. gr. skal endurnýja samkvæmt umsókn ef skilyrðum er enn fullnægt. Dvalarleyfi skal að jafnaði endurnýjað til fimm ára nema tilgangur vinnu eða dvalar eða aðrar ástæður gefi tilefni til styttri gildistíma.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um endurnýjun dvalarleyfis.

41. gr.

Afturköllun dvalarleyfis.

Heimilt er að afturkalla dvalarleyfi ef svo stendur á sem greinir í 17. gr. Afturköllun er þó ekki heimil eingöngu af því að útlendingurinn er ekki lengur í starfi, hvort heldur er vegna veikinda eða slyss eða vegna þess að hann er atvinnulaus gegn vilja sínum.

Enn fremur er heimilt að afturkalla dvalarleyfi sem gefið var út í fyrsta sinn til útlendings sem fellur undir a–c-lið 1. mgr. 36. gr. ef um er að ræða búseturof sem varað hefur lengur en sex samfellda mánuði og ekki er til komið vegna herþjónustu.

42. gr.

Frávísun.

Heimilt er að vísa EES-útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum eftir komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi hér á landi eða í öðru norrænu landi og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. um er að ræða háttsemi sem greinir í 1. mgr. 43. gr. eða

d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða krefjandi þjóðarhagsmuna.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a- og b- lið 1. mgr., en Útlendingastofa skv. c- og d-lið. Nægilegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Ef meðferð máls skv. 1. mgr. hefur ekki hafist innan sjö sólarhringa má vísa EES-útlendingi, sem ekki hefur dvalarleyfi, frá landi með ákvörðun Útlendingastofu samkvæmt ákvæðum b-, c- og d-liða.

43. gr.

Brottvísun.

Heimilt er að vísa EES-útlendingi úr landi ef það er nauðsynlegt með skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis.

Brottvísun skv. 1. mgr. má framkvæma ef útlendingurinn sýnir af sér eða ætla má að um sé að ræða persónubundna háttsemi sem felur í sér raunverulega og nægilega alvarlega ógn gagnvart grundvallarþjóðfélagssjónarmiðum. Ef útlendingurinn hefur verið dæmdur til refsingar eða sérstakar ráðstafanir ákvarðaðar má brottvísun af þessari ástæðu að jafnaði því aðeins fara fram að um sé að ræða háttsemi sem getur gefið til kynna að útlendingurinn muni fremja refsivert brot á ný.

Einnig er heimilt að vísa EES-útlendingi úr landi ef hann fullnægir ekki skilyrðum um dvöl skv. 36.–38. gr.

Brottvísun skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur verið fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma en að jafnaði ekki skemur en tvö ár. Samkvæmt umsókn má fella endurkomubannið úr gildi ef nýjar aðstæður mæla með því.

Útlendingaeftirlitið tekur ákvörðun um brottvísun, svo og um heimild útlendings sem vísað hefur verið úr landi til endurkomu.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur.

VII. KAFLI
Vernd gegn ofsóknum og flóttamenn.

44. gr.

Flóttamannahugtakið.

Flóttamaður samkvæmt lögunum telst vera útlendingur sem fellur undir ákvæði A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, sbr. viðauka við samninginn frá 31. janúar 1967.

Ákveða má að flóttamaður sem fellur undir liði C-F í 1. gr. flóttamannasamningsins skuli ekki, að öllu leyti eða að hluta til, njóta réttinda og verndar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, annarra en málsmeðferðarreglna. Flóttamaður sem fellur undir liði C-E í 1. gr. skal þó njóta verndar skv. 45. gr.

45. gr.

Vernd gegn ofsóknum.

Ekki má samkvæmt lögunum senda útlending til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann skuli teljast flóttamaður eða ef ekki er tryggt að hann verði ekki sendur áfram til slíks svæðis. Samsvarandi verndar skal útlendingur njóta sem vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu er í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri meðferð.

Ef stjórnvald í máli samkvæmt lögunum kemst að því að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um útlendinginn skal það að eigin frumkvæði taka til skoðunar hvort beita skuli ákvæðum 2. mgr. 13. gr.

Útlendingur nýtur ekki verndar skv. 1. mgr. ef ætla má að hann sé hættulegur öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og sem af þeim sökum er til hættu fyrir samfélagið. Útlendingur nýtur ekki heldur verndarinnar þegar svo háttar sem um ræðir í F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins.

Vernd skv. 1. mgr. á við um hvers konar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum.

46. gr.

Réttur til hælis.

Flóttamaður, sem er hér á landi eða kemur hér að landi, á samkvæmt umsókn rétt á að fá hér hæli. Þetta gildir þó ekki um flóttamann sem:

a. fellur undir undanþágur frá reglum um vernd í 2. mgr. 44. gr. og 3. mgr. 45. gr.,
b. veitt hefur verið hæli í öðru landi,
c. komið hefur til landsins að eigin frumkvæði eftir að hafa hlotið vernd í öðru landi eða eftir að hafa dvalist í landi eða á svæði þar sem hann þurfti ekki að sæta ofsóknum og hafði ekki ástæðu til að óttast að verða sendur aftur til heimalands síns,
d. krefja má annað norrænt land um að taka við samkvæmt reglum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins,
e. synja má um hæli vegna krefjandi þjóðarhagsmuna.

Ekki skal endursenda flóttamann til annars lands skv. c- og d-lið 1. mgr. ef hann hefur slík tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd.

Maki flóttamanns eða sambúðarmaki og börn undir 18 ára aldri án maka eða sambúðarmaka eiga rétt á hæli nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

Með umsókn um hæli skal afhenda vegabréf eða annað ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem sækir um hæli skuli dveljast í tilteknu sveitarfélagi og í húsnæði sem lagt er til þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir um umsóknina.

Útlendingastofa getur að beiðni hælisumsækjanda veitt honum dvalarleyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina. Það getur einnig að fenginni beiðni veitt hælisbeiðanda, sem hefur fengið endanlega synjun sem ekki kemur til framkvæmda að svo stöddu, dvalarleyfi um stundarsakir. Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru gilda ekki um slíkar ákvarðanir.

47. gr.

Réttaráhrif hælis.

Hælisveiting hefur í för með sér að útlendingurinn hefur réttarstöðu flóttamanns og fær dvalarleyfi. Hann hefur þá réttarstöðu sem leiðir af íslenskum lögum og flóttamannasamningnum eða öðrum þjóðréttarsamningum um flóttamenn.

Hælisveitingu má afturkalla ef flóttamaður fellur ekki lengur undir flóttamannahugtakið skv. 44. gr. eða það að öðru leyti leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Útlendingastofa tekur ákvörðun um afturköllun.

48. gr.

Ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Flóttamanni, sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu, skal að fenginni umsókn veita ferðaskírteini fyrir flóttamenn til ferða erlendis, enda mæli sérstakar ástæður því ekki í mót. Nú hefur flóttamaður ferðaskilríki útgefið í öðru landi og skal hann þá því aðeins fá skírteini útgefið að honum hafi verið veitt hér hæli eða búsetuleyfi eða skylt sé að gefa hér út ferðaskírteini fyrir flóttamenn í samræmi við þjóðréttarsamning.

Útlendingi sem hefur eða fær dvalarleyfi hér á grundvelli umsóknar um hæli, en án þess að vera veitt hæli, skal fá vegabréf fyrir útlendinga til ferða erlendis samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur. Þar má og heimila útgáfu vegabréfs fyrir útlendinga í öðrum tilvikum.

Með umsókn um ferðaskírteini fyrir flóttamenn eða vegabréf fyrir útlendinga skal afhenda vegabréf eða annað ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um útgáfu, gildissvið, endurnýjun og afturköllun ferðaskírteinis fyrir flóttamenn og vegabréfs fyrir útlendinga og nánari skilyrði í þessu sambandi.

49. gr.

Gildi erlendra ákvarðana um stöðu flóttamanns.

Útlendingur, sem veitt hefur verið hæli eða ferðaskírteini fyrir flóttamenn í öðru landi, skal talinn flóttamaður með fasta búsetu í því landi. Sæki slíkur flóttamaður um hæli eða ferðaskírteini fyrir flóttamenn hér á landi skal fyrri ákvörðun um stöðu hans sem flóttamanns ekki vefengd nema sú ákvörðun sé bersýnilega röng eða aðrar sérstakar ástæður liggi til þess.

50. gr.

Stjórnvald og málsmeðferð.

Útlendingastofa tekur ákvörðun í málum um vernd gegn sendingu úr landi, réttarstöðu flóttamanns og hæli, svo og um ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Útlendingastofa tekur einnig ákvörðun um hvort útlendingi, sem kemur til landsins skv. 51. gr., skuli veitt réttarstaða flóttamanns. Í þeim málum skal Útlendingastofa taka réttmætt tillit til þess hvort umsækjandinn hafði ástæðu til að ætla að hann yrði talinn flóttamaður.

Við meðferð máls skv. 1. og 2. mgr. skal Útlendingastofa af sjálfsdáðum afla nauðsynlegra og aðgengilegra upplýsinga. Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má kynna Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna efni málsskjala. Einnig má kynna mannúðar- eða mannréttindasamtökum efni málsskjala að því leyti sem það er nauðsynlegt í tengslum við öflun upplýsinga.

51. gr.

Flóttamannahópar.

Útlendingastofa heimilar hópum flóttamanna komu til landsins í samræmi við stefnu stjórnvalda um móttöku flóttamanna. Sama gildir um hópa útlendinga sem ekki teljast flóttamenn.

Ákvæði IV. og V. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt og um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. gilda ekki um ákvarðanir skv. 1. mgr. Ákvörðun verður einungis kærð af þeim sem bein afstaða er tekin til í máli.

Útlendingur, sem heimiluð er koma skv. 1. mgr., skal fá dvalarleyfi. Þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin um að útlendingur skuli hafa réttarstöðu flóttamanns á hann rétt til hælis og ferðaskírteinis fyrir flóttamenn.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

52. gr.
Sérákvæði vegna öryggis ríkisins o.fl.

Meina má landgöngu og synja um útgáfu dvalarleyfis og búsetuleyfis eða setja takmarkanir eða skilyrði ef nauðsynlegt þykir vegna utanríkisstefnu ríkisins, öryggis ríkisins eða krefjandi þjóðarhagsmuna. Af sömu ástæðum má framkvæma ákvörðun fyrr en greinir í 31. og 32. gr. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur. Útlendingastofa tekur ákvörðun.

Dómsmálaráðherra getur, ef nauðsynlegt þykir vegna öryggis ríksins, sett nánari reglur um tilkynningarskyldu en segir í 18. gr. eða reglum skv. 54. gr.

53. gr.
Upplýsinga- og tilkynningarskylda útlendinga.

Útlendingi er skylt að kröfu lögreglunnar að sýna skilríki og, ef þörf er á, veita upplýsingar svo að ljóst sé hver hann er og um lögmæti dvalar hans í landinu.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að útlendingar, aðrir en danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, skuli ávallt bera vegabréf eða annað kennivottorð við dvöl hér á landi. Ráðherra getur undanþegið aðra útlendinga skyldu þessari.

Við undirbúning máls samkvæmt lögunum má leggja fyrir útlending sem málið varðar að mæta sjálfur og veita upplýsingar sem geta haft þýðingu við úrlausn þess.

54. gr.
Tilkynningarskylda annarra.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um:

a. að sá sem rekur gististað, af hvers kyns tagi, eða heldur tjaldsvæði og þess háttar skuli halda skrá yfir þá sem þar gista og tilkynna lögreglunni um þá, svo og að aðrir skuli einnig veita Útlendingastofu upplýsingar um útlendinga sem hjá þeim gista ef ástæða þykir til vegna öryggissjónarmiða eða sérstaks viðbúnaðar,
b. að stjórnandi skips eða loftfars sem kemur frá eða fer til útlanda skuli láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn,
c. að sá sem fær útlending í þjónustu sína eða ræður útlending í launaða atvinnu skuli tilkynna það Útlendingastofu áður en vinnan hefst,
d. að atvinnumiðlanir skuli tilkynna Útlendingastofu um útlendinga sem leita eða fá atvinnu,
e. að þjóðskráin skuli tilkynna Útlendingastofu um útlendinga sem tilkynntir eru á skrá eða af,
f. að menntastofnanir skuli samkvæmt beiðni láta Útlendingastofu í té skrá um erlenda námsmenn,
g. að stjórnvöld skuli, samkvæmt beiðni, láta Útlendingastofu eða lögreglunni í té upplýsingar um nafn útlendings og heimili til nota í máli samkvæmt lögunum þrátt fyrir reglur um þagnarskyldu í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um vernd barna og ungmenna.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skrár skv. 1. mgr. skuli hafa að geyma.

Þeim sem tilkynna á um er skylt að láta í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tilkynningarskyldunni verði fullnægt.

55. gr.

Ábyrgð á kostnaði.

Útlendingur, sem færður er úr landi samkvæmt lögunum, skal greiða kostnað af brottför sinni. Útlendingurinn skal einnig greiða kostnað af gæslu þegar hennar er þörf vegna þess að útlendingurinn fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Krafan er aðfararhæf og hún getur auk þess verið grundvöllur frávísunar við síðari komu til landsins. Lögreglunni er heimilt að leggja hald á farseðla sem finnast í fórum útlendingsins til notkunar við brottför.

Ef sett hefur verið ábyrgð fyrir kostnaði skv. 1. mgr. má krefja ábyrgðarmanninn um greiðslu. Krafan er aðfararhæf.

Nú er útlendingi, sem komið hefur með skipi eða loftfari, vísað frá landi skv. 19., 20. eða 42. gr. og skal þá eigandi farsins eða leigutaki, og á þeirra vegum stjórnandi þess eða umboðsmaður hér á landi, annaðhvort taka útlendinginn um borð á ný eða flytja hann úr landi á annan hátt eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Á sama hátt er þeim skylt að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað af fylgd með útlendingnum úr landi ef lögreglan telur þess þörf.

Kostnaður við að færa útlending úr landi, sem ekki fæst greiddur skv. 1., 2. eða 3. mgr., greiðist úr ríkissjóði.

Nú gengur útlendingur, sem þarf leyfi lögreglunnar skv. 9. gr., á land án þess að hafa fengið slíkt leyfi og fer þá eftir reglum 3. mgr. um ábyrgð á kostnaði. Sama gildir þá að jafnaði einnig um kostnað sem hið opinbera kann að hafa af dvöl útlendingsins hér í allt að þrjá mánuði.

56. gr.

Refsiákvæði.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

a. af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögunum eða reglum, banni, boði eða skilyrðum sem sett eru samkvæmt lögunum eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir í máli samkvæmt lögunum upplýsingar sem eru í verulegum atriðum rangar eða augljóslega villandi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður:

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendings sem ekki hefur tilskilið leyfi lögum samkvæmt eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlending eða gefur út eða miðlar yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til notkunar í máli samkvæmt lögunum ef hann með því notfærir sér ótilhlýðilega aðstæður útlendingsins eða
c. af ásetningi með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd, eða á annan ótilhlýðilegan hátt, tælir útlending til að koma til landsins í því skyni að setjast þar að eða

d. lætur öðrum í té vegabréf, ferðaskírteini fyrir flóttamenn, annað ferðaskilríki eða svipað skilríki sem nota má sem ferðaskilríki, og hlutaðeigandi veit eða má vita að útlendingur getur notað það til að koma til landsins eða til annars lands.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að fimm árum að reka í hagnaðarskyni skipulagða starfsemi til að aðstoða útlendinga við að koma með ólögmætum hætti til landsins eða til annars lands.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann hans eða starfsmann.

Fyrir hlutdeild skal refsa með sama hætti.

IX. KAFLI
Reglugerð og gildistaka.

57. gr.
Reglugerð.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laganna.

58. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Jafnframt falla úr gildi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 19 26. mars 1991, nr. 133 31. desember 1993, nr. 90 13. júní 1996 og nr. 82 16. júní 1998.

Frá sama tíma breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í 2. mgr. 14. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, kemur: Útlendingastofa.
2. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54 27. apríl 1962, kemur: Útlendingastofa.
3. Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994, breytast þannig:
   a. Í stað orðsins „útlendingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 12. gr. kemur: Útlendingastofu.
   b. Í stað orðanna „útlendingaeftirlitinu heimilt að vísa honum úr landi, sbr. ákvæði laga um eftirlit með útlendingum“ í 17. gr. kemur: heimilt að vísa honum úr landi, sbr. lög um útlendinga.
   c. Í stað orðsins „útlendingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 19. gr. kemur: Útlendingastofu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Því er ætlað að koma í stað laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, sem sett voru í tilefni þess að Ísland gerðist aðili að samningi Norðurlandanna frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna.

Með frumvarpinu er miðað við að ákvarða reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi, við komu þeirra, dvöl og brottför. Því er lagt til að heiti nýrra laga vísi til útlendinga almennt en ekki verði einvörðungu vísað til eftirlits með útlendingum. Í því sambandi er og gert ráð fyrir breyttri stöðu og nýju heiti á Útlendingaeftirlitinu sem farið hefur með framkvæmd laga um eftirlit með útlendingum. Er lagt til að stofnunin verði að fullu aðskilin frá lögreglunni og nefnd Útlendingastofa. Þá eru í frumvarpinu settar reglur um rétt flóttamanna til hælis hér á landi og um vernd gegn ofsóknum. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf um þetta efni og að verulegu leyti stuðst við norsku útlendingalögin. Að

því er varðar rétt útlendinga til atvinnu er miðað við óbreytt fyrirkomulag, þ.e. að um það efni gildi sérstök löggjöf undir yfirstjórn félagsmálaráðherra, sbr. lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994.

Í frumvarpinu hefur verið tekið tillit til almennrar þróunar sem á undanförnum árum hefur orðið á löggjöf og viðhorfi til málefna útlendinga, svo sem breytinga á stjórnarskránni árið 1995, þróunar á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda, svo og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi, bæði norrænu og evrópsku, aðildar að mannréttindasamningum og flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna o.fl.

Í ýmsum greinum frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð. Þau ákvæði er varða efnisreglur tilgreina að jafnaði það svið sem kveða á um í reglugerð. Er gert ráð fyrir að samhliða gildistöku nýrra útlendingalaga verði sett heildarreglugerð um þau efnisatriði og að öðru leyti um atriði sem varða framkvæmd laganna. Jafnframt er ljóst að framkvæmd málefna útlendinga að samþykktum nýjum útlendingalögum eins og frumvarpið liggur fyrir mun gera auknar kröfur til stjórnsýslu málaflokksins, hvort heldur er hjá lögreglunni, Útlendingastofu eða ráðuneyti.

Ákvæði frumvarpsins eru verulega ítarlegri en gildandi löggjöf (57 efnisgreinar í stað 22). Í því sambandi ber að hafa í huga að sérreglur, sem settar voru í tengslum við aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) þar sem kveðið var á um réttarstöðu útlendinga sem falla undir ákvæði þess samnings um frjálsa fólksflutninga, voru settar í reglugerð.

Frumvarpið tekur ekki mið af samstarfssamningi Íslands um aðild að Schengen-samstarfinu um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum. Það tekur heldur ekki mið af hugsanlegri aðild að samningi Evrópusambandsríkjanna um hæli (Dublin-samningnum). Enn er ekki að fullu ljóst hvenær aðild að samningum þessum getur komið til framkvæmda. Það verður þó ekki fyrr en eftir fyrirhugaða gildistöku frumvarpsins, væntanlega í október árið 2000. Samhliða aðild að samningunum mun þurfa að breyta nokkrum ákvæðum miðað við texta frumvarpsins, auk þess sem breyta þarf annarri löggjöf. Fullnaðarkönnun á því hverjar breytingar þurfi að gera liggur ekki fyrir en þær breytingar ættu ekki að þurfa að raska uppbyggingu útlendingalaga eins og þau koma fram í ákvæðum frumvarpsins.

Drög að frumvarpi til laga um útlendinga voru send ýmsum aðilum til kynningar og umsagnar í maí síðastliðnum og var þess óskað að athugasemdir og ábendingar yrðu sendar dómsmálaráðuneytinu. Umsagnir, athugasemdir og ábendingar bárust frá félagsmálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, Flóttamannaráði Íslands, Hagstofu Íslands (þjóðskrá), heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Íslandsdeild Amnesty International, lögreglustjóranum í Reykjavík, Mannréttindaskrifstofu Íslands, menntamálaráðuneytinu, Rauða krossi Íslands, refsiréttarnefnd, réttarfarsnefnd, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, ríkistollstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samgönguráðuneytinu, Siglingastofnun Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, tölvunefnd, utanríkisráðuneytinu, Útlendingaeftirlitinu og útlendingaráði. Frumvarpið er í meginatriðum byggt á frumvarpsdrögunum en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á texta, einkum í athugasemdum, m.a. í ljósi framkominna athugasemda og ábendinga.

Meðal helstu atriða frumvarpsins má nefna:

— Útlendingastofa sem annast framkvæmd laganna verður sérstök stofnun, að fullu aðskilin frá starfsemi lögreglunnar.
— Útlendingur sem dvelst löglega í landinu hefur almennt sama rétt og íslenskur ríkisborgari.

— Miðað er við að veita megi útlendingi dvalarleyfi og að endurnýja megi slík leyfi. Eftir þriggja ára samfellda búsetu á útlendingur hins vegar rétt á búsetuleyfi sem er ótímabundið dvalarleyfi.
— Ákvæði eru um dvalarleyfi af mannúðarástæðum.
— Ákvæði eru sem tryggja eiga rétt nánustu aðstandenda útlendings með dvalarleyfi eða búsetuleyfi til að fá dvalarleyfi.
— Ákvæði eru um afturköllun dvalarleyfis og búsetuleyfis.
— Ítarleg ákvæði eru um frávísun og um brottvísun.
— Lögreglan getur vísað útlendingi frá landi allt að sjö sólarhringum eftir landgöngu og Útlendingastofa lengur, með takmörkunum þó.
— Ekki má vísa útlendingi sem fæddur er hér á landi og átt hefur hér óslitið lögheimili frá landi, né heldur vísa honum úr landi.
— Takmarkanir eru á heimild til að vísa þeim sem hefur búsetuleyfi frá landi eða úr landi.
— Að jafnaði má ekki vísa útlendingi úr landi ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum við landið mundi leiða til ósanngjarnar niðurstöðu fyrir hann eða nánustu ættingja hans.
— Leiðbeina skal útlendingi sem vísa skal frá landi eða úr landi ef afturkalla á leyfi eða ef hann sækir um hæli um rétt hans til að ráða sér á eigin kostnað lögmann eða annan fulltrúa, að fá sér skipaðan talsmann þegar það á við og um að hafa samband við fulltrúa heimaríkis síns, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi.
— Ákvæði eru um heimild til að taka ljósmyndir og fingraför af útlendingum og færslu fingrafara í fingrafarabanka.
— Ákvæði eru um skipun réttargæslumanns fyrir dómi, svo sem þegar krafist er gæslu, og um skipun talsmanns þegar kærð er ákvörðun um frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli, svo og um ábyrgð ríkissjóðs á þeim kostnaði.
— Ákvæði eru um ábyrgð á kostnaði við brottflutning.
— Sérstakur kafli er um vernd gegn ofsóknum og um flóttamenn.

Frumvarpið skiptist í níu kafla. Efnisskipan frumvarpsins og helstu nýmæli eru þessi:

Í I. kafla eru almenn ákvæði, um gildissvið og tilgang og um réttarstöðu útlendinga og tengsl við þjóðréttarreglur, svo og ákvæði um hverjir skuli annast framkvæmd laganna.

Í II. kafla eru almennar reglur um komu og brottför. Í kaflanum eru reglur um vegabréfaeftirlit, vegabréf og vegabréfsáritanir, svo og ákvæði um áhafnir skipa og loftfara.

Í III. kafla eru reglur um dvöl og búsetu. Þar eru ákvæði um dvöl án dvalarleyfis, hverjir þurfi dvalarleyfi, um útgáfu dvalarleyfis, skilyrði dvalarleyfis, m.a. um dvalarleyfi af mannúðarástæðum, endurnýjun dvalarleyfis, um búsetuleyfi og afturköllun leyfa. Þar eru og ákvæði um dvalarleyfi fyrir aðstandendur og um tilkynningarskyldu.

Í IV. kafla eru reglur um frávísun og brottvísun. Um er að ræða mun ítarlegri reglur en að gildandi lögum um skilyrði þess að vísa megi útlendingi frá landi og úr landi.

Í V. kafla eru reglur um meðferð mála en í gildandi lögum eru fá ákvæði um málsmeðferð. Þannig eru þar ákvæði um andmælarétt, leiðbeiningarskyldu, vanhæfi, öflun sönnunargagna fyrir dómi, rannsóknarúrræði, kæruheimild, hvenær ákvörðun getur komið til framkvæmda og um framkvæmd ákvörðunar og loks um réttaraðstoð.

Í VI. kafla eru sérreglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Um er að ræða reglur um dvalarleyfi og um synjun landgöngu og brottvísun EES- útlendinga. Reglur um þetta efni eru nú í sérstakri reglugerð um dvöl útlendinga sem

falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hér á landi. Eðlilegt þykir að meginákvæði um þetta efni verði í lögum.

Í VII. kafla er að finna reglur um vernd gegn ofsóknum og um flóttamenn. Ákvæði þessi eru verulega ítarlegri en í gildandi lögum, t.d. er flóttamannahugtakið skilgreint. Í kaflanum eru ákvæði um vernd gegn ofsóknum, um rétt til hælis, réttaráhrif hælis, ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga og um flóttamannahópa.

Í VIII. kafla er að finna ýmis ákvæði. Þar eru sérákvæði um öryggi ríkisins, um upplýsinga- og tilkynningarskyldu og um ábyrgð á kostnaði og refsiákvæði.

IX. kafli hefur loks að geyma almenna reglugerðarheimild og ákvæði um gildistöku.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla er að finna almenn ákvæði, um gildissvið nýrra laga og um tilgang þeirra, almennt ákvæði um réttarstöðu útlendinga og um tengsl laganna við þjóðréttarreglur, auk ákvæðis um hverjir skuli annast framkvæmd laganna.

Um 1. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildissvið laganna. Ákvæðum laganna er ætlað að gilda um yfirráðasvæði hins íslenska ríkis en þó fyrst og fremst landið sjálft þar sem um er að ræða ákvæði um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi.

Með stjórnarskipunarlögum, nr. 97 28. júní 1995, voru sett ákvæði í 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi, skuli skipað með lögum. Í athugasemdum við ákvæði þetta sagði að með þessu sé fyrst og fremst lögð skylda á löggjafann að setja lög til að girða fyrir að framkvæmdarvaldið hafi ákvörðunarvald um þessi efni án skýrra lögákveðinna skilyrða. Ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við þennan áskilnað stjórnarskrárinnar.

Í 1. mgr. segir að ákvæði laganna gildi um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér. Ákvæðið nefnir ekki för úr landi. Er skýring á því sú að skv. 3. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar verður engum meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Þó má stöðva brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. Þetta kemur hins vegar ekki í veg fyrir að settar séu reglur um eftirlit með brottför úr landi, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 2. og 3. mgr. 6. gr.

Samkvæmt 1. mgr. kemur fram að ákvæðunum er ætlað að gilda um útlendinga, en útlendingur telst hver sá sem ekki er íslenskur ríkisborgari samkvæmt lögum um íslenskan ríkisborgararétt, sbr. lög nr. 100 23. desember 1952. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að mismunandi reglur gildi um einstaka flokka útlendinga. Þannig hafa ýmis ákvæði frumvarpsins að geyma sérreglur um norræna ríkisborgara. Þá leiðir af aðild Íslands að alþjóðasamningum, annars vegar samningi um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961, sbr. lög nr. 16 31. mars 1971, og hins vegar samningi um ræðissamband frá 24. apríl 1963, sbr. lög nr. 4 24. febrúar 1978, að ákvæðin geta ekki nema að hluta til náð til útlendinga sem eru starfsmenn sendiráða eða sendiræðisskrifstofa eða fjölskyldna þeirra. Sama er um aðra útlendinga sem njóta úrlendisréttar. Sérreglur gilda um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna samkvæmt viðbæti við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110 19. desember 1951. Um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gilda og sérreglur sem fram koma í VI. kafla, sbr. 2. mgr.

Með 3. mgr. er lögð áhersla á að íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum. Þannig segir í 6. gr. að hver sá sem kemur til landsins skuli gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið. Þá verður tilkynningarskylda lögð á íslenska ríkisborgara skv. 54. gr. og refsiábyrgð skv. 56. gr.

Í 4. mgr. er tekið fram að íslensk skip í siglingum erlendis falli ekki undir gildissvið laganna. Lögin gilda hins vegar um íslensk skip sem verið hafa í siglingum erlendis þegar þau koma til íslenskrar hafnar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lýst tilgangi laganna. Lögunum er í fyrsta lagi ætlað að veita heimild til að halda uppi nauðsynlegu eftirliti með komu útlendinga til landsins, dvöl þeirra hér á landi og brottför. Útlendingur á að þjóðarétti ekki rétt til að flytja inn í annað land til að setjast þar að. Um það fer þá eftir landslögum. Stjórnvöldum er þannig nauðsyn að hafa stjórn á og eftirlit með flutningi fólks til landsins, og á það einkum við um útlendinga. Skal þetta gert í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni. Stefna stjórnvalda mundi koma fram í þeim reglum sem settar verða um framkvæmd laga um útlendinga. Stefnan getur varðað almennar takmarkanir á komu útlendinga til landsins. Hún getur einnig varðað takmarkanir á komu til landsins sérstaklega með hliðsjón af vinnuaflsþörf í landinu, svo og tekið mið af almennri stefnu í utanríkismálum eða af atriðum sem varða öryggi ríkisins. Frumvarpið hefur þannig að geyma sérstakan kafla um komu og brottför (II. kafla), auk annarra ákvæða um þetta efni, t.d. III. kafla um dvöl og búsetu og ákvæða um brottvísun. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um þetta verði sett í reglugerð, sbr. 1. mgr. 5. gr.

Þá segir að lögunum sé ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem falla undir þau. Þannig eru í V. kafla ítarlegar reglur um málsmeðferð sem m.a. kveða á um leiðbeiningarskyldu, um skipun réttargæslumanns eða talsmanns og um réttaraðstoð.

Í 3. mgr. er tekið fram að lögin kveði á um rétt flóttamanna til hælis og um vernd þeirra og annarra útlendinga gegn ofsóknum. Um það efni eru ákvæði í VII. kafla.

Um 3. gr.

Í greininni kemur fram sú grundvallaryfirlýsing að jafnræði skuli vera með útlendingum sem dveljast löglega hér á landi og íslenskum ríkisborgurum. Lögum um útlendinga er þó ekki ætlað að kveða almennt á um réttarstöðu útlendinga við dvöl hér á landi. Jafnræðisregla þessi gildir því ekki ef annað leiðir af gildandi réttarreglum. Víða í lögum eru ákvæði sem kveða á um aðra réttarstöðu útlendinga en íslenskra ríkisborgara og er ekki ætlunin að breyta þeim. Má þar nefna sem dæmi kosningalög, lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, um atvinnuréttindi, skatta og almannatryggingar. Ef ekki er kveðið á um þetta efni í lögum getur ákvæði greinarinnar skipt máli við lögskýringu.

Í ýmsu samhengi kunna reglur heimaríkis að gilda um útlending sem dvelst hér á landi. Alþjóðlegar lagaskilareglur munu þá kveða á um hvaða regla gildir.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um tengsl laganna við þjóðréttarreglur og því lýst að við skýringu laganna með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum skuli því viðhorfi fylgt að útlendingur beri ekki halla af.

Greinin tekur til þjóðréttarsamninga sem íslenska ríkið er bundið af. Þannig er Ísland aðili að norræna vegabréfasvæðinu sem felst í aðild að:

— samkomulagi Norðurlandanna frá 22. maí 1954 um að leysa ríkisborgara landanna undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu og
— samningi sömu landa frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna, ásamt viðbótarbókun frá 20. maí 1963, breytingum frá 27. júlí 1979 og viðauka frá 2. apríl 1973.

Af öðrum þjóðréttarsamningum sem íslenska ríkið er bundið af og hafa að geyma ákvæði er varða réttarstöðu útlendinga má nefna:
— samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, ásamt samningsviðaukum, öðru nafni mannréttindasáttmála Evrópu, sem nú hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 62 19. maí 1994 og lög nr. 25 24. mars 1998,
— samning um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, ásamt viðauka frá 31. janúar 1967,
— samning um afnám alls kynþáttamisréttis frá 7. mars 1966,
— samning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 19. desember 1966,
— samning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, ásamt bókun, frá 19. desember 1966,
— samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 18. desember 1979,
— samning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984, með breytingu frá 9. september 1992 og
— samning um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989.

Um 5. gr.

Í greininni er tiltekið hverjir skuli annast framkvæmd laganna og hvernig verkaskiptingu milli þeirra skuli háttað. Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi. Nauðsynlegt verður að setja reglur er kveði nánar á um heimild útlendinga til að koma til landsins, hvaða skilyrðum þeir þurfi að fullnægja í því sambandi o.s.frv. Þessar reglur og beiting þeirra mundu taka mið af stefnu stjórnvalda hverju sinni að því er varðar heimild útlendinga til að koma til landsins, dveljast hér á landi og starfa, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. verður framkvæmd laganna einkum í höndum Útlendingastofu og lögreglunnar. Af öðrum stjórnvöldum sem koma að framkvæmd laganna má nefna að gert er ráð fyrir að sendiráðum, fastanefndum og ræðismönnum verði ætlað að taka á móti umsóknum um vegabréfsáritun og dvalarleyfi og gefa út áritanir að fenginni heimild Útlendingastofu, svo sem verið hefur. Sendiráðum, fastanefndum og ræðismönnum kann einnig að verða heimilað að taka ákvörðun um útgáfu vegabréfsáritana, sbr. 4. mgr. 8. gr. Utanríkisráðuneytið sjálft hefur einnig hlutverki að gegna, svo sem að því er varðar erlenda stjórnarerindreka, við gerð milliríkjasamninga um afnám vegabréfsáritana og við framkvæmd reglna um vegabréfsáritanir. Þá sinna bæði utanríkisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið málum sem varða flóttamenn, auk þess sem félagsmálaráðuneytið fer með mál er varða atvinnuréttindi útlendinga.

Gert er ráð fyrir að Útlendingastofa, sem er nýtt heiti á Útlendingaeftirlitinu, verði sérstök stofnun með forstjóra og verði að fullu aðskilin frá starfsemi lögreglunnar.

Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands fer utanríkisráðuneytið með mál er varða framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, „þar á meðal innan marka varnarsvæðanna, lögreglumál, ... og önnur þau mál, er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu“, sbr. lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., nr. 106 17. desember 1954. Utanríkisráðherra fer þannig með mál er varða málefni útlendinga vegna framkvæmdar varnar-

samningsins. Hins vegar er gert ráð fyrir að útlendingamálefni almennt heyri undir Útlendingastofu og þá í umboði utanríkisráðherra að því leyti sem hann fer með þau mál.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra kveði á um starfssvið einstakra stofnana að því leyti sem lögin kveða ekki á um það, svo sem að því er varðar tengsl Útlendingastofu, lögreglunnar og utanríkisþjónustunnar.

Um II. kafla.

Í II. kafla er að finna almennar reglur um komu til landsins og brottför. Í kaflanum eru ákvæði um vegabréfaeftirlit, vegabréfaskyldu og vegabréfsáritanir, svo og ákvæði um áhafnir skipa og loftfara.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu þeirra sem koma til landsins til að gefa sig þegar í stað fram við vegabréfaeftirlitið (sem ekki þarf að vera í höndum lögreglunnar) eða næsta lögregluyfirvald. Þessi skylda hvílir ekki aðeins á útlendingum heldur einnig íslenskum ríkisborgurum. Frá skyldu til að gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið má víkja með samningum við önnur ríki, svo sem gert hefur verið með norræna vegabréfaeftirlitssamningnum þar sem meginreglan er að vegabréfaskoðun fer ekki fram við för yfir sameiginleg norræn landamæri heldur einungis við för yfir ytri mörk norræna vegabréfasvæðisins. Þótt vegabréfaeftirlit verði ekki framkvæmt breytir það ekki skyldu útlendinga, annarra en Norðurlandabúa, til að hafa undir höndum gilt vegabréf. Frá tilkynningarskyldu má að öðru leyti víkja með reglum sem dómsmálaráðherra setur. Slík undanþága gæti t.d. náð til þeirra sem eru í áhöfn skips eða loftfars og ekki láta af starfi, sbr. 9. gr.

Samkvæmt 2. mgr. er það meginregla að landganga og för úr landi skuli fara fram á stöðum sem hlotið hafa til þess viðurkenningu nema annað sé ákveðið. Dómsmálaráðherra ákveður hvar skuli vera viðurkenndir staðir til landgöngu og farar úr landi. Mikilvæg forsenda þess að halda megi uppi virku vegabréfaeftirliti er að landganga og brottför fari skipulega fram. Er það í samræmi við gildandi fyrirkomulag.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett nánari reglur um eftirlit með komu til landsins og brottför. Þær reglur gætu verið mismunandi eftir því hvort um komu til landsins er að ræða eða brottför, t.d. þannig að eftirlit við brottför væri fellt niður að meira eða minna leyti. Þá er gert ráð fyrir að heimila megi lögreglu að krefjast þess að útlendingur framvísi vegabréfi og öðrum ferðaskilríkjum áður en hann kemur til landsins. Slíkt eftirlit gæti þá farið fram erlendis við brottför skips eða loftfars eða um borð í fari á leið til landsins. Að því leyti sem slíkt eftirlit færi fram erlendis er það að sjálfsögðu háð samþykki viðkomandi ríkis. Einnig er gert ráð fyrir heimild til að kveða á um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að ferðamenn hafi gild ferðaskilríki. Þessum heimildum er ætlað að sporna við því að þeir sem hyggjast sækja um hæli hér á landi komi undan eða eyðileggi ferðaskilríki sín og geri stjórnvöldum þannig erfitt um vik að staðreyna hverjir þeir eru og leggja mat á hælisbeiðni.

Um 7. gr.

Þessi grein fjallar um skyldu útlendinga til að hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki við komu til landsins nema annað sé ákveðið. Undanþága frá vegabréfaskyldu getur leitt af samningum við önnur ríki, sbr. samkomulag Norðurlandanna um það efni.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglur um hvaða skilyrðum vegabréf eða annað kennivottorð þurfi að fullnægja til að teljast gilt til ferðar til landsins og dvalar. Helstu kröfur sem gerðar eru til vegabréfs eru að það sé gefið út af þar til bæru yfirvaldi í því ríki sem handhafinn er ríkisborgari, að það veiti handhafa þess rétt til að koma aftur til útgáfuríkisins eða þriðja ríkis og að það hafi að geyma fullnægjandi upplýsingar svo að greina megi hver handhafi þess er. Þá þarf vegabréf að bera með sér að það sé í gildi. Ýmis önnur ferðaskilríki eru viðurkennd sem ferðaskilríki í stað vegabréfs, svo sem kennivottorð gefin út af ýmsum ríkjum á meginlandi Evrópu. Samkvæmt EES-samningnum er skylt að viðurkenna slík kennivottorð gefin út í aðildarríkjunum. Hér koma einnig til álita önnur skilríki, t.d. ferðaskírteini fyrir sjómenn (sjóferðabækur) o.fl.

Í 3. mgr. er loks lagt til að Útlendingastofa geti, ef sérstaklega stendur á, undanþegið útlending þeirri skyldu að hafa vegabréf eða viðurkennt annað skilríki en leiðir af almennum reglum. Slík undanþága kann að verða veitt fyrir fram og þá meðhöndluð á svipaðan hátt og umsókn um vegabréfsáritun. Álitaefnið kann og að koma upp við komu til landsins. Ákvörðun um slíka undanþágu verður að byggjast á mati á aðstæðum hverju sinni.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um vegabréfsáritanir. Meginreglan er að útlendingur þarf að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins. Ef áritunarskyldur útlendingur kemur til landsins án áritunar er heimilt að vísa honum frá landi skv. a-lið 1. mgr. 19. gr. Gert er ráð fyrir að reglur verði settar um hvenær lögreglunni skuli heimilt samkvæmt ákvörðun Útlendingastofu og að fullnægðum nánari skilyrðum að leyfa útlendingi sem þannig kemur til landsins án áritunar landgöngu.

Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um að áritunar sé ekki þörf. Þessar undanþágur gætu varðað ríkisborgara einstakra landa, eftir atvikum bundið við tiltekin erindi, t.d. ferðamenn, svo sem verið hefur. Slíkar undanþágur byggjast að sumu leyti á gagnkvæmum samningum ríkja en geta einnig verið ákveðnar einhliða. Í inngangsorðum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins kemur fram að löndin „vilja í meginatriðum stefna að því að samræma kröfur um vegabréfsáritun og vilja leitast við að koma á samræmdum venjum að því er snertir veitingu vegabréfsáritana“.

Vegabréfsáritun felur í sér heimild fyrir handhafa áritunarinnar til að koma til landsins og dveljast hér tiltekið tímabil. Þessi heimild er þó háð almennum takmörkunum sem gilda um rétt til að koma til landsins og dveljast hér á landi, þar á meðal reglum um frávísun. Ástæða þessa er bæði sú að könnun sem fram fer við meðferð á umsókn um vegabréfsáritun byggist oft á ótraustum forsendum, svo og að aðstæður útlendingsins eftir að áritunin var gefin út kunna að hafa breyst þannig að nú liggi fyrir forsendur til að vísa honum frá landi eða úr landi. Vegabréfsáritun getur hvort heldur verið færð inn á vegabréf eða gefin út á sérstöku skjali. Altítt er að áritun sé veitt á sérstökum miða sem límdur er í vegabréf. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglur um hvernig staðið skuli að umsókn um áritun.

Samkvæmt 3. mgr. getur vegabréfsáritun gilt fyrir eina eða fleiri komur til landsins og til allt að þriggja mánaða dvalar á nánar tilgreindu tímabili. Ákvörðun um hvort veita skuli vegabréfsáritun og til hve langs tíma hlýtur að ráðast af tilefni og öðrum ástæðum. Til að tryggja réttláta málsmeðferð er gert ráð fyrir að nánari reglur um meðferð umsókna verði settar í reglugerð. Í samræmi við ákvæði norræna vegabréfaeftirlitssamningsins er tekið fram hvernig dvöl í öðru norrænu landi skuli koma til frádráttar þriggja mánaða heimildinni.

Í 4. mgr. er tekið fram að Útlendingastofa taki ákvörðun um útgáfu vegabréfsáritana. Miðað er við að umsóknir um vegabréfsáritun verði lagðar fram í skrifstofum sendiráða,

fastanefnda og ræðisskrifstofa erlendis og þær sendar Útlendingastofu til fyrirsagnar svo sem verið hefur. Viðkomandi sendiráð, fastanefnd eða ræðisskrifstofa mun síðan gefa áritunina út að fenginni heimild Útlendingastofu. Hugsanlegt er og að íslenskum viðskiptaskrifstofum erlendis, svo og sendiherrum eða ræðismönnum annarra ríkja, verði veitt heimild til að gefa út áritun. Loks er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti heimilað utanríkisþjónustunni að taka ákvörðun um útgáfu vegabréfsáritana samkvæmt nánari reglum. Slík heimild yrði veitt að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið. Hún gæti náð til tiltekinna sendiráða, fastanefnda eða ræðisskrifstofa en ekki annarra. Í reglugerð um eftirlit með útlendingum er þannig heimild en hún hefur nánast ekkert verið notuð um langt skeið heldur hefur verið leitað fyrirsagnar Útlendingaeftirlitsins áður en áritun er veitt.

Um 9. gr.

Greinin geymir sérreglu um áhafnir skipa og loftfara, svo og um laumufarþega. Útlendingur sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari má ekki ganga á land án leyfis lögreglunnar. Samkvæmt gildandi lögum er þetta verkefni nú á vegum Útlendingaeftirlitsins. Nánari reglur um framkvæmd þessa munu verða settar í reglugerð. Ábyrgð á þessu mundi hvíla á skipstjóra eða umboðsmanni útgerðar sem tilkynnir lögreglunni um fyrirhugaða afskráningu og leitar heimildar til landgöngu. Sama gildir um laumufarþega. Ákvæði um stjórnvald í málum vegna synjunar landgöngu og um málskot gilda eftir því sem við á, sbr. 23. og 30. gr. Ef laumufarþegi ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. mundi eiga að leggja mál fyrir Útlendingastofu til meðferðar og ákvörðunar, sbr. 3. mgr. 19. gr.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um landgönguleyfi útlendra sjómanna við dvöl skips í höfn og um heimild til að meina landgöngu. Þær reglur gætu falið í sér almenna heimild áhafna til landgöngu meðan skip er í höfn, þó þannig að lögreglan geti meinað landgöngu ef nauðsyn ber til, auk þess sem heimild væri til eftirlits þegar ástæða þykir.

Um III. kafla.

Í III. kafla er að finna reglur um dvöl og búsetu. Þar eru ákvæði um dvöl án dvalarleyfis, hverjir þurfi á dvalarleyfi að halda, um útgáfu dvalarleyfis, skilyrði fyrir útgáfu þess og endurnýjun, um búsetuleyfi, um afturköllun dvalarleyfis og búsetuleyfis, um sameiningu fjölskyldna og um tilkynningarskyldu.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um dvöl án dvalarleyfis. Útlendingur sem fengið hefur vegabréfsáritun má dveljast hér á landi þann tíma sem áritunin segir til um. Útlendingur sem undanþeginn er áritun má dveljast hér í allt að þrjá mánuði frá komu til landsins. Frá þessum tíma skal draga dvöl í öðru norrænu landi í samræmi við ákvæði norræna vegabréfaeftirlitssamningsins. Til lengri dvalar þarf jafnan sérstakt leyfi.

Samkvæmt 2. mgr. eru norrænir ríkisborgarar undanþegnir áskilnaði um dvalarleyfi í samræmi við samkomulag Norðurlandanna um það efni frá 1954. Þá er og gert ráð fyrir að setja megi frekari reglur um undanþágu frá dvalarleyfi. Slík undanþága gæti t.d. náð til þeirra sem koma til stuttrar dvalar og undanþegnir eru atvinnuleyfi skv. 14. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um hverjir þurfi dvalarleyfi. Hver útlendingur sem hyggst ráða sig í vinnu, hvort heldur er fyrir endurgjald eða án þess, eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi

hér á landi þarf, auk atvinnuleyfis þar sem það er áskilið að lögum, að hafa dvalarleyfi nema dvöl sé heimil án dvalarleyfis skv. 2. mgr. 10. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram að útlendingur sem hyggst dveljast hér lengur en honum er heimilt skv. 1. mgr. 10. gr. þarf að hafa dvalarleyfi. Þetta gildir um þann tíma sem er lengur en vegabréfsáritun kveður á um varðandi þá sem þurfa að hafa slíka áritun eða lengri dvöl en þrjá mánuði að því er varðar þá sem heimil er koma til landsins án leyfis.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um útgáfu dvalarleyfis. Meginreglan er sú að sótt skal um fyrsta dvalarleyfi og það veitt áður en komið er til landsins. Er það í samræmi við gildandi meginreglu að leyfis skuli aflað áður en komið er til landsins. Reglan á við um útlendinga sem ekki þurfa vegabréfsáritun jafnt sem áritunarskylda. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti sett reglur um hvenær umsókn megi leggja fram hér á landi. Svo gæti t.d. átt við þegar um er að ræða fjölskyldutengsl við einhvern búsettan hér á landi eða ef aðrar sanngirnisástæður mæla með því. Þá er og gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um hvernig staðið skuli að umsókn og um meðferð umsókna.

Samkvæmt 2. mgr. skal dvalarleyfi sem veitt er fyrsta sinni að jafnaði gefið út til eins árs. Þetta mundi vera meginreglan. Hins vegar er heimilt að gefa út dvalarleyfi til skemmri tíma eða lengri, ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. Sem dæmi um dvalarleyfi til skemmri tíma má nefna það ef tilefni dvalar, t.d. vinna, nær einungis til takmarkaðs tíma eða þegar dvöl skyldmennis ræðst af dvalarleyfi ættingja. Óheppilegt er að dvalarleyfi gildi lengur en nemur raunverulegri dvöl. Skiptir það máli, svo sem vegna eftirlits ef útlendingur er horfinn af landi brott. Sama er ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum leyfis, þá kynni að þurfa að beita afturköllun. Í reglugerð mundi mega kveða nánar á um þessi atriði. Dvalarleyfi til lengri tíma mundi eins geta ráðist af tilgangi dvalar, t.d. vinnu sem fyrirhuguð er í afmarkaðan tíma. Í reglugerð mundi mega kveða á um hámarkslengd fyrsta dvalarleyfis.

Í 3. mgr. er kveðið á um að dvalarleyfi veiti rétt til dvalar hvar sem er á landinu nema annað komi fram í leyfi eða leiði af reglum settum samkvæmt lögunum. Ákvæðið er í samræmi við 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar eins og henni var breytt með stjórnarskipunarlögum 1995.

Í 4. mgr. er loks kveðið á um að Útlendingastofa taki ákvörðun um dvalarleyfi.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um hver skuli vera skilyrði dvalarleyfis. Það að skilyrðum er fullnægt veitir heimild til útgáfu dvalarleyfis en ekki rétt til leyfis. Skilyrðin eru tilgreind í a–c-lið 1. mgr.

Útlendingur skal í fyrsta lagi hafa trygga framfærslu og húsnæði. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um þetta. Trygg framfærsla getur ráðist af launatekjum eða greiðslum fyrir sjálfstæða starfsemi, en einnig af lífeyrisgreiðslum, fjármagnstekjum, námslánum, rannsókna- eða námsstyrksgreiðslum, svo að eitthvað sé nefnt. Greiðslur úr félagslega kerfinu mundu hins vegar ekki veita rétt til dvalarleyfis. Húsnæði mundi þurfa að fullnægja kröfum heilbrigðisyfirvalda. Áskilnaður um framfærslu gildir einnig við endurnýjun dvalarleyfis en krafa um húsnæði á einungis við um fyrsta dvalarleyfi. Að húsnæði sé tryggt er heldur ekki skilyrði við sameiningu fjölskyldu.

Þá skal útlendingur fullnægja skilyrðum fyrir dvalarleyfi sem sett eru í reglum skv. 1. mgr. 5. gr. Í þeim reglum mundu koma fram meginskilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis.

Loks er það skilyrði dvalarleyfis að ekki liggi fyrir atvik sem valdið geta því að útlendingnum verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Þau atvik sem geta leitt til synjunar eru ákvæðin um frávísun og brottvísun í 19.–21. gr., sbr. og ákvæði 52. gr. Miða ber við að fyrir hendi sé ástæða sem muni leiða til synjunar.

Samkvæmt 2. mgr. má veita útlendingi dvalarleyfi, þótt skilyrðum sé annars ekki fullnægt, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða vegna sérstakra tengsla útlendingsins við landið. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti sett nánari ákvæði um þessa heimild. Undir fyrra atriðið mundu geta fallið útlendingar sem ekki mundu njóta reglna 1. mgr. 44. gr. eða 1. mgr. 45. gr. Síðara atriðið gæti t.d. náð til útlendings sem áður hefur búið í landinu eða ættingja sem ekki falla undir ákvæði 14. gr.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um rétt útlendings sem telst til nánustu aðstandenda íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi, eða útlendings sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum, til að fá dvalarleyfi. Réttur manna til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu nýtur verndar skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Með dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum er átt við leyfi sem getur orðið grundvöllur búsetuleyfis, sbr. 16. gr. Útlendingi sem telst til nánustu aðstandenda er með ákvæðinu tryggður réttur til dvalar hér á landi samkvæmt nánari reglum. Er þar einkum um að ræða að ekki liggi fyrir atvik sem tilgreind eru í c-lið 1. mgr. 13. gr., auk áskilnaðar um framfærslu.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um hverjir teljast skuli nánustu aðstandendur útlendings. Einkum er hér um að ræða maka útlendings, svo og niðja sem eru yngri en 18 ára eða á framfæri útlendingsins og ættmenn hans og maka hans að feðgatali sem eru á þeirra framfæri. Þá er og gert ráð fyrir að ráðherra geti sett reglur um undanþágu fyrir aðstandendur útlendings ef dvöl hans er fyrirhuguð um skamman tíma, þ.e. þegar skilyrðum um dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum er ekki fullnægt.

Í 3. mgr. er tekið fram að dvalarleyfi aðstandanda útlendings skuli gefið út til sama tíma og leyfi þess síðarnefnda, þó þannig að það gildi ekki lengur en leyfi hans. Réttur aðstandandans til dvalarleyfis er leiddur af dvalarleyfi útlendingsins og er því eðlilegt að dvalarleyfi aðstandandans taki mið af því.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um endurnýjun dvalarleyfis, þ.e. hvenær endurnýja má dvalarleyfi. Eins og um fyrsta dvalarleyfi er hér um heimild til útgáfu að ræða en ekki rétt til leyfis. Skilyrði endurnýjunar er að framfærsla umsækjanda sé tryggð, svo og að endurnýjun verði ekki synjað á grundvelli reglna skv. 1. mgr. 5. gr. og að ekki liggi fyrir atvik sem valdið geta því að útlendingi verði meinuð landganga hér eða dvöl, sbr. c-lið 1. mgr. 13. gr.

Endurnýjað dvalarleyfi skal að jafnaði gefið út til eins árs eða tveggja. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um þetta. Þá er lagt til gefa megi leyfið út fyrir annað tímabil, t.d. níu eða átján mánuði, ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. (Sjá að öðru leyti athugasemdir við 2. mgr. 12. gr.)

Í 3. mgr. er kveðið á um rétt útlendings til dvalar meðan umsókn um endurnýjun dvalarleyfis er til meðferðar. Er kveðið svo á að útlendingi, sem sækir um endurnýjun dvalarleyfis, megi heimila áframhaldandi dvöl með sömu skilyrðum þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina og að hann eigi rétt á því ef hann leggur umsókn fram a.m.k. mánuði áður en leyfið fellur úr gildi.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um búsetuleyfi sem er nýmæli. Í framkvæmd hefur þó útlendingum, sem svo háttar um sem lýst er í greininni, verið veitt svonefnt óbundið dvalarleyfi sem felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi. Hér er um að ræða rétt útlendings, sem dvalist hefur í landinu samfellt síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum, þ.e. leyfi sem gefið er út með varanlega dvöl í huga, til að fá útgefið búsetuleyfi. Gert er ráð fyrir að skemmri dvöl erlendis, t.d. vegna orlofs, starfs eða náms, leiði ekki til þess að dvölin teljist ekki samfelld. Forsendur fyrir rétti til búsetuleyfis eru að skilyrðum fyrir útgáfu dvalarleyfisins sé enn fullnægt. Rétturinn er einungis háður því skilyrði að ekki liggi fyrir ástæður sem valdið geti því að honum verði vísað úr landi. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett reglur um heimild til að gefa út búsetuleyfi í öðrum tilvikum. Slík heimild gæti t.d. tekið til barna og kjörbarna eða útlendings sem áður hefur dvalist löglega í landinu um lengri tíma.

Búsetuleyfi felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar. Sá sem hefur búsetuleyfi nýtur ríkari verndar gegn frávísun og brottvísun, sbr. 22. gr. Ákvæði 3. mgr. 15. gr. gilda um umsóknir um búsetuleyfi eftir því sem við á.

Forsenda búsetuleyfis er að hlutaðeigandi búi hér á landi. Því er tekið fram í 4. mgr. að búsetuleyfi falli niður þegar leyfishafi hefur verið búsettur eða dvalist í raun erlendis samfellt lengur en tólf mánuði. Gert er ráð fyrir að Útlendingastofa þurfi að taka sjálfstæða ákvörðun um brottfall búsetuleyfis. Þá er gert ráð fyrir að fallast megi á umsókn útlendings um lengri dvöl erlendis án þess að búsetuleyfi falli úr gildi, svo og að ráðherra geti sett nánari reglur um þetta efni.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um afturköllun dvalarleyfis og búsetuleyfis. Gert er ráð fyrir að Útlendingaeftirlitinu verði heimilt að afturkalla dvalarleyfi og búsetuleyfi ef útlendingur hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna, eða það að öðru leyti leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Meta verður hverju sinni hvort heimild þessi skuli nýtt.

Um 18. gr.

Greinin kveður á um skyldu útlendings til að tilkynna lögreglunni um komu sína og dvöl. Í fyrsta lagi er útlendingi sem fengið hefur dvalarleyfi áður en hann kom til landsins skylt að gefa sig fram við lögregluna á dvalarstaðnum innan viku frá komu. Meginreglan er að dvalarleyfi fyrsta sinni skuli gefið út áður en komið er til landsins, sbr. 12. gr. Nauðsynlegt er að yfirvöld hafi vitneskju um komu þeirra sem fá dvalarleyfi fyrir fram til landsins, m.a. til að ákvarða gildistíma dvalarleyfisins. Gert er ráð fyrir að útlendingurinn mæti sjálfur hjá lögreglunni á dvalarstað sínum. Jafnframt mundi lögreglan þá ganga eftir því að skilyrðum dvalarleyfis sé fullnægt, t.d. um læknisvottorð, ef því er að skipta. Sama tilkynningarskylda hvílir á útlendingi sem hyggst sækja um dvalarleyfi eða að öðru leyti þarfnast slíks leyfis. Slíkt mundi einkum eiga við um þá sem undanþegnir eru meginreglunni um að fyrsta dvalarleyfi skuli hafa verið veitt fyrir komu til landsins, sbr. 1. mgr. 12. gr.

Í 2. mgr. er ákvæði þess efnis að útlendingur sem flytur heimili sitt meðan mál samkvæmt lögunum er til meðferðar skuli tilkynna lögreglunni um flutninginn. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir almennri lagaskyldu útlendings til að tilkynna lögreglunni um heimili sitt. Gert er ráð fyrir að nægilegt sé að almennri tilkynningarskylda til þjóðskrár sé fullnægt, en skv. e-lið 1. mgr. 54. gr. má ákveða að þjóðskráin skuli tilkynna Útlendingastofu um útlendinga sem tilkynntir eru á skrá eða af.

Í 3. mgr. er loks gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um að útlendingur sem ekki þarf dvalarleyfi skuli tilkynna lögreglunni um heimili sitt hér á landi og um vinnu sína og starf. Þótt heimildin sé almennt orðuð er einkum höfð í huga tilkynningarskylda þeirra sem ekki þurfa dvalarleyfi skv. 2. málsl. 2. mgr. 10. gr.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er að finna reglur um frávísun og brottvísun. Um er að ræða mun ítarlegri reglur en eru í 10.–12. gr. gildandi laga um skilyrði þess að synja megi útlendingi landgöngu og vísa brott úr landi. Hugtakið frávísun kemur í stað synjunar landgöngu um það þegar útlendingi er meinuð landganga. Er gert ráð fyrir að heimild til að vísa útlendingi frá landinu verði einnig notuð eftir komu hans til landsins. Á því ekki lengur við að tala um synjun landgöngu í þessu sambandi.

Um 19. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir til að vísa útlendingi frá landi. Heimild til að vísa útlendingi frá landi samkvæmt greininni gildir við komu til landsins og í allt að sjö sólarhringa þar á eftir. Oftast mun ákvörðun verða tekin þegar við komu til landsins, en annars er nægilegt að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins, sbr. 2. mgr.

Heimildir til að vísa útlendingi frá landi eru nánar tilgreindar í 1. mgr. Í 22. gr. er hins vegar að finna takmarkanir á þessari heimild að því er varðar útlendinga sem fæddir eru hér á landi eða fullnægja skilyrðum til að fá búsetuleyfi.

Í 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins er að finna skuldbindingu aðildarríkjanna um að vísa burt við hin norrænu útmörk sín útlendingum vegna hinna landanna. Ef hérlend stjórnvöld gæta ekki þessara skuldbindinga kann það að leiða til þess að þau verði að taka aftur við útlendingi sem hefði átt að hafna við útmörk þess og haldið hefur án leyfis til annars norræns lands, sbr. 10. gr. samningsins. Í 6. gr. samningsins segir að aðildarríkin eigi að vísa burt útlendingum sem falla undir ákvæðin, en það felur í sér að hvert land ákveður fyrir sitt leyti hvort synjað er landgöngu. Skuldbindingar skv. 6. gr. samningsins eru einkum þær sem fram koma í b-, e- og f-lið 1. mgr.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a–h-lið 1. mgr., en aðrar ákvarðanir um frávísun tekur Útlendingastofa, sbr. 1. mgr. 23. gr.

Samkvæmt a-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi sem ekki fullnægir reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins. Reglur um þetta munu byggjast á ákvæðunum í II. kafla um komu og dvöl. Vegabréf þarf þannig að vera gilt bæði að formi til og efni, þar á meðal að því er varðar gildistíma. Ákvæðið svarar að nokkru til 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. gildandi laga.

Samkvæmt b-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem vísað hefur verið úr landi hér eða í öðru norrænu landi og endurkomubann er enn í gildi, og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins. Ákvæðið svarar til 7. tölul. 1. mgr. 10. gr. gildandi laga. Um endurkomubann er fjallað í 3. mgr. 21. gr. frumvarpsins. Skv. f-lið 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins gildir brottvísun og endurkomubann til hinna Norðurlandanna einnig hér. Þrátt fyrir það er íslenskum stjórnvöldum heimilt að leyfa þeim sem er með endurkomubann að koma til landsins.

Samkvæmt c-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem ekki hefur tilskilið leyfi til dvalar eða vinnu. Meginreglan er að leyfa þessara skal aflað áður en komið er til landsins. (Sjá og b-lið 6. gr. vegabréfaeftirlitssamningsins.)

Samkvæmt d-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem ekki getur sýnt fram á að hann hafi eða eigi tryggð nægileg fjárráð til dvalar hér á landi og til heimferðar, sbr. og c-lið 6. gr. samningsins. Meta þarf hverju sinni hvenær útlendingur telst hafa nægileg fjárráð til framfærslu og til heimferðar. Skilyrði um nægileg fjárráð til framfærslu mundi t.d. teljast fullnægt ef útlendingur hefur fengið útgefið dvalar- og atvinnuleyfi áður en hann kemur til landsins eða, ef um ferðamann er að ræða, hann hefur nægilegan farareyri. Skilyrði um nægileg fjárráð til heimferðar yrði t.d. fullnægt með framvísun farmiða.

Samkvæmt e-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem hlotið hefur refsingu eins og greinir í b- eða c-lið 1. mgr. 21. gr. (um brottvísun) eða sérstök ástæða er til af öðrum ástæðum að óttast að hann muni fremja hér á landi eða í öðru norrænu landi refsiverðan verknað sem varðað getur fangelsi lengur en þrjá mánuði. (Sjá e-lið 6. gr. vegabréfaeftirlitssamningsins.) Heimildir til frávísunar og til brottvísunar eru þær sömu þegar svo stendur á að útlendingur hefur á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem getur varðað meira en þriggja mánaða fangelsi að íslenskum lögum. Það er sjálfur refisramminn samkvæmt íslenskum lögum sem hér skiptir máli. Sem dæmi um tilvik sem fallið geta undir þetta má nefna útlendinga sem fremja auðgunarbrot sem ferðamenn og óróaseggi sem fylgja keppnisliðum í knattspyrnu. Ákvæðið getur einnig náð til þess að útlendingur hlýtur refsingu hér á landi eftir komu til landsins. Ekki er þörf á að meta hvort ástæða sé til að ætla að útlendingurinn muni brjóta af sér eftir komu til landsins. Það að útlendingurinn hefur framið refsiverðan verknað er í sjálfu sér talið hafa í för með sér ítrekunarhættu. Ef ekki verður séð ástæða til að óttast nýjan refsiverðan verknað mundi þó ekki rétt að vísa útlendingi frá landinu. Ástæður, sem greinir í síðari hluta e-liðar, um að útlendingur kunni að fremja refsiverðan verknað, og hér gætu komið til, geta t.d. verið upplýsingar frá alþjóðalögreglunni Interpol eða að vopn eða tæki finnast í fórum útlendings sem benda til að hann komi til landsins til að fremja afbrot.

Samkvæmt f-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi ef reglur 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins eiga við og ætla má að hann muni fara til annars norræns lands og að honum muni að öllum líkindum verða vísað frá landi þar vegna þess að ekki er fullnægt reglum um vegabréf eða vegabréfsáritun, eða frávísun er heimil af öðrum ástæðum í viðkomandi landi. Ákvæðið vísar til allra frávísunarástæðna í 6. gr. samningsins. Beiting þessa ákvæðis verður að byggjast á mati á því hvort útlendingurinn ætli að fara annað. Farmiði til annars lands gæti þannig verið fullnægjandi tilefni.

Samkvæmt g-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi ef hann að mati þar til bærs heilbrigðisstarfsmanns er augljóslega haldinn alvarlegum geðtruflunum. Ákvæðinu er ætlað að ná til þeirra sem ekki geta ráðið persónulegum högum sínum sjálfir meðan á dvöl hér stendur og/eða geta með framkomu sinni valdið sér eða öðrum tjóni.

Samkvæmt h-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi ef hann hefur ekki greitt kostnað hins opinbera af fyrri færslu hans úr landi. (Sjá ákvæði 1. mgr. 55. gr.)

Loks má skv. i-lið vísa útlendingi frá landi ef það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða vegna krefjandi þjóðarhagsmuna.

Samkvæmt 2. mgr. er nægjanlegt að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins sem greinir í upphafi 1. mgr. Að jafnaði mun ákvörðun um frávísun tekin í beinum tengslum við komu til landsins. Meðferð máls telst að öðru leyti hefjast þegar útlendingi er tilkynnt að honum kunni að verða vísað frá landi eða eftir atvikum að hann er handtekinn eða færður til yfirheyrslu.

Samkvæmt 3. mgr. er loks kveðið á um að ef útlendingur ber að hann sé flóttamaður eða veitir að öðru leyti upplýsingar sem benda til að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við skuli leggja

málið fyrir Útlendingastofu til meðferðar og ákvörðunar. Ákvæði þetta svarar til 4. mgr. 10. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Samkvæmt 19. gr. er heimilt að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum þar á eftir. Í þessari grein er heimilað að vísa útlendingi frá landi eftir reglum 1. mgr. 19. gr. þótt sjö sólarhringa fresturinn sé liðinn. Þau atvik sem geta valdið því að vísa beri útlendingi frá landi kunna að koma upp eftir að sá frestur er liðinn. Ákvörðun um frávísun samkvæmt þessari heimild tekur Útlendingastofa en ekki lögreglustjóri, sbr. 1. mgr. 23. gr.

Samkvæmt 2. mgr. verður útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi ekki vísað frá landi samkvæmt greininni. Ákvæðið nær þannig einkum til ferðamanna og þeirra sem eru í heimsókn o.þ.h.

Um 21. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir til að vísa útlendingi úr landi (brottvísun).

Ástæður brottvísunar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi þegar útlendingur hefur brotið gegn ákvæðum laganna eða hann kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið, í öðru lagi ef útlendingur hefur verið dæmdur fyrir alvarleg brot erlendis eða hérlendis og í þriðja lagi ef það það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins.

Takmarkanir á heimild til brottvísunar koma fram í 2. mgr., svo og í 31. gr. að því er varðar útlendinga sem fæddir eru hér á landi eða fullnægja skilyrðum til að fá búsetuleyfi. Ákvörðun um brottvísun verður tekin hvort heldur útlendingurinn er hér á landi eða ekki, enda felur brottvísun í sér bann við að koma aftur til landsins.

Við beitingu reglna um brottvísun ber að hafa hliðsjón af ákvæðum um vernd gegn ofsóknum, sbr. 4. mgr. 45. gr.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. er í fyrsta lagi heimilt að vísa útlendingi úr landi ef hann hefur brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laganna. Hér undir mundu geta fallið fleiri en eitt brot gegn lögunum sem hvert fyrir sig telst ekki alvarlegt. Skv. c-lið 1. mgr. 13. gr. er það skilyrði dvalarleyfis að ekki liggi fyrir atvik sem valdið geta því að útlendingi verði meinuð landganga eða dvöl. Útlendingur sem vísa má úr landi á þannig ekki kröfu á dvalarleyfi þótt öðrum skilyrðum sé fullnægt. Hins vegar er heimilt að vísa útlendingi úr landi ef hann kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið. Undir þetta mundu geta fallið ákvarðanir um að vísa útlendingi frá landi, synjun á umsókn um fyrsta dvalarleyfi eða endurnýjun leyfis eða synjun á umsókn um hæli þegar dvalarleyfi verður heldur ekki gefið út á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða um afturköllun leyfis. Þessir útlendingar hafa ekki lengur leyfi til að dveljast í landinu. Aðrir útlendingar kunna hins vegar að dveljast ólöglega í landinu án þess að fyrir liggi ákvörðun um að þeir skuli yfirgefa landið. Þá mundi eftir atvikum mega beita brottvísun á grundvelli fyrri hluta a-liðar eða frávísun á grundvelli 20. gr., sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. nær heimild til brottvísunar til þess ef útlendingur hefur afplánað refsingu erlendis á síðustu fimm árum eða verið dæmdur þar til refsingar á sama tíma enda geti brotið að íslenskum lögum varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði. Það er því refsiramminn sem slíkur samkvæmt íslenskum lögum sem skiptir máli. Samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna refsiverðrar háttsemi sem fellur undir liðinn.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. er heimilt að vísa útlendingi úr landi ef hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað

fangelsi lengur en þrjá mánuði eða oftar en einu sinni verið dæmdur á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar. Einnig hér er það refsiramminn sem skiptir máli.

Samkvæmt d-lið 1. mgr. er loks heimilt að vísa útlendingi úr landi ef það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að við ákvörðun um það hvort vísa skuli útlendingi úr landi skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. skuli horft til málsatvika og tengsla útlendingsins við landið. Skal ekki ákveða brottvísun ef hún af þessum ástæðum mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Þannig ber ekki einungis að líta til sjálfs refsirammans heldur og til dæmdrar refsingar og þess hvort um er að ræða fleiri dóma. Þá getur verið eðlilegt og sanngjarnt að meira þurfi til að vísa útlendingi sem dvalist hefur í landinu um lengri tíma úr landi en þeim sem haft hefur stutta viðdvöl. Fjölskyldutengsl koma hér og til álita. Þannig er ákveðið í 2. málsl. 2. mgr. að útlendingi sem hefur dvalarleyfi og norrænum ríkisborgara sem hefur átt heimili hér á landi lengur en þrjá mánuði megi því aðeins vísa úr landi að hin refsiverða háttsemi geti varðað meira en eins árs fangelsi.

Samkvæmt 3. mgr. hefur brottvísun í för með sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur verið fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma sem að jafnaði skal vera ekki skemmri en tvö ár. Endurkomubannið felur jafnframt í sér bann við komu útlendings sem ekki er norrænn ríkisborgari til annars norræns lands án sérstaks leyfis. Samkvæmt umsókn er þó heimilt að veita þeim sem vísað hefur verið úr landi endurkomu en það skal að jafnaði ekki gert fyrr en tvö ár eru liðin frá brottför. Slík ákvörðun gæti þá náð til einstakrar ferðar til landsins en þyrfti ekki að fela í sér brottfall bannsins. Við ákvörðun um hvort útlendingi skuli heimiluð endurkoma skal m.a. taka mið af persónuhögum viðkomandi og fjölskyldu hans. Ákvörðun um brottvísun er í höndum Útlendingastofu, sbr. 1. mgr. 23. gr.

Um 22. gr.

Í greininni felast takmarkanir á heimild til að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem hefur tiltekin tengsl við landið.

Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem fæddur er hér á landi og hefur átt hér fast heimili óslitið síðan. Auk fæðingar hér á landi þarf að hafa verið um að ræða órofna búsetu hér allan tímann. Skemmri dvöl erlendis mundi þó ekki leiða til þess að búseta teljist rofin, sbr. athugasemdir við 1. mgr. 16. gr.

Samkvæmt 2. mgr. eru svo takmarkanir á heimild til að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem fullnægir skilyrðum til að fá útgefið búsetuleyfi. Ef útlendingur fullnægir skilyrðum 16. gr. til að fá útgefið búsetuleyfi, sem að meginreglu er þriggja ára samfelld dvöl hér á landi, gilda takmarkanirnar. Þessum útlendingum má því aðeins vísa frá landi eða úr landi að þess sé annaðhvort nauðsyn vegna öryggis ríkisins (a-liður) eða að um hafi verið að ræða afplánun refsingar eða refsidóm fyrir háttsemi þar sem refsirammi að íslenskum lögum er þriggja ára fangelsi eða meira (b-liður), þ.e. hærri en segir í 19. gr. og 21. gr. Þá er áskilið að ef um er að ræða afplánun refsingar eða refsidóm hér á landi hafi það átt sér stað árið áður. Eins og í b-lið 1. mgr. 21. gr. er tekið fram að samsvarandi gildi um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna refsiverðrar háttsemi.

Samkvæmt 3. mgr. gilda um brottvísun skv. b-lið 2. mgr. auk þessa sömu sjónarmið og fram koma í 1. málsl. 2. mgr. 21. gr.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um hvaða stjórnvald fari með mál og undirbúning máls sem varðar frávísun eða brottvísun.

Samkvæmt 1. mgr. er það meginregla að lögreglustjóri taki ákvörðun um frávísun. Undan eru þó skilin mál skv. i-lið 1. mgr. 19. gr., mál þar sem reynir á ákvæði 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. 19. gr., og mál sem falla undir 20. gr. Útlendingastofa tekur aðrar ákvarðanir.

Samkvæmt 2. mgr. skal lögreglan undirbúa mál sem Útlendingastofa tekur ákvörðun um. Telji lögreglan að skilyrði séu til að vísa útlendingi frá landi eða úr landi sendir hún gögn málsins til Útlendingastofu til ákvörðunar.

Um V. kafla.

Í kaflanum er að finna reglur um meðferð mála. Gildandi lög geyma fá ákvæði um það efni en frumvarpið gerir m.a. ráð fyrir að lögfestar verði heimildir um rannsóknarúrræði, að kæruheimildir verði rýmkaðar og að settar verði reglur um framkvæmd ákvarðana. Nýmæli er einnig að gert er ráð fyrir að við tilteknar aðstæður skuli útlendingi veitt réttaraðstoð (skipaður réttargæslumaður eða talsmaður) og að hann skuli njóta þjónustu túlks.

Um 24. gr.

Greinin felur í sér almenna tilvísun til þess að við meðferð mála samkvæmt lögunum skuli fara eftir stjórnsýslulögum, sbr. lög nr. 37 30. apríl 1993, nema annað leiði af öðrum ákvæðum laganna. Mál samkvæmt lögunum falla undir stjórnsýslu ríkisins og því gilda stjórnsýslulögin um þau. Ákvæðið er því fyrst og fremst sett í upplýsingaskyni. Þar sem frumvarpið hefur að geyma sérákvæði munu þau ákvæði hins vegar gilda.

Um 25. gr.

Samkvæmt 14. og 15. gr. stjórnsýslulaga á útlendingur kröfu á að fá tilkynningu um meðferð máls er hann varðar og hann á rétt á að fá upplýsingar.

Í 1. mgr. er tekið fram að í málum þar sem útlendingur á þennan rétt skuli hann eiga kost á að tjá sig skriflega eða munnlega. Að því leyti sem undanþága er í stjórnsýslulögunum frá tilkynningarskyldu eða rétti til upplýsinga felur það í sér undanþágu frá ákvæði þessu. Ákvæðið nær þannig ekki til ýmissa samskipta útlendings og yfirvalds. Þannig á það ekki við þegar útlendingur skal mæta sjálfur hjá lögreglu, sbr. 3. mgr. 53. gr.; hann getur þá ekki valið að gefa upplýsingar skriflega eða við vegabréfaeftirlitið, sbr. 6. gr. Tilkynningarskyldan nær þannig einungis til mála þar sem ekki er um umsókn að ræða, þ.e. mála sem varða frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis.

Samkvæmt 2. mgr. skal stjórnvald sjá um að í máli vegna umsóknar um hæli eða máli þar sem ákvæði 45. gr. eiga við, svo og í máli er varðar frávísun eða brottvísun, eigi útlendingur kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á tungumáli sem hann getur tjáð sig á svo að viðunandi sé. Þetta felur ekki í sér rétt útlendings til að leggja fram sjónarmið á eigin máli eða máli heimalands. Af ákvæðinu leiðir að stjórnvaldinu ber að útvega túlk þegar þess er þörf þannig að útlendingurinn geti tjáð sig svo að viðunandi sé. Stjórnvaldi ber að sjá um að útlendingurinn eigi þessa kost svo fljótt sem unnt er og ávallt áður en ákvörðun í málinu er tekin. Í því sambandi ber stjórnvaldinu að sjá til þess að útlendingurinn hafi hæfilegan tíma til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Frestur ræðst af eðli ákvörðunar hverju sinni og kann því að vera stuttur í málum vegna frávísunar. Frest má þó ekki ákvarða svo stuttan að útlendingurinn eigi þess ekki raunverulegan kost að tjá sig.

Um 26. gr.

Í greininni er kveðið á um sérstaka leiðbeiningarskyldu stjórnvalda í málum er varða útlendinga. Í þeim málum sem ákvæðið nær til skal stjórnvald leiðbeina útlendingi hvaða rétt

hann á til að leita aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa, um rétt hans á að fá sér skipaðan talsmann, sbr. 2. mgr. 34. gr., og um rétt hans til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns (sendiráð eða ræðisskrifstofu) og til að hafa samband við fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi, svo sem Rauða kross Íslands. Leiðbeiningarskyldan hvílir á stjórnvaldi þegar mál hefst og því fyrst og fremst á lögreglunni.

Leiðbeiningarskylda þessi kemur til viðbótar almennum ákvæðum 7. gr. stjórnsýslulaga. Ákvæðið stendur ekki í vegi fyrir að útlendingur hafi samband við hvern þann sem hann óskar. Leiðbeiningarskyldan gildir um tiltekin mál, þ.e. um mál er varða frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis, svo og í máli vegna umsóknar um hæli. Það leiðir af eðli máls að sá sem sækir um hæli mun að jafnaði ekki leita eftir sambandi við fulltrúa heimalands síns.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um sérstakt vanhæfi stjórnvalds til meðferðar máls. Opinber starfsmaður, sem tekið hefur þátt í meðferð opinbers máls á hendur útlendingi, má ekki taka þátt í undirbúningi að ákvörðun eða taka sjálfur ákvörðun í máli um frávísun, dvalarleyfi, búsetuleyfi eða brottvísun. Tilgangur ákvæðisins er að greina á milli starfa lögreglunnar að málum útlendinga annars vegar og starfa við meðferð refsimála hins vegar. Vanhæfið tekur þó ekki til mála vegna brota á ákvæðum laganna eða ákvæðum sem sett eru samkvæmt þeim. Að öðru leyti gilda vanhæfisreglur stjórnsýslulaga um meðferð mála.

Um 28. gr.

Greinin fjallar um heimild útlendings og stjórnvalds sem fer með mál hans samkvæmt lögunum til að afla upplýsinga fyrir dómi. Greinin felur í sér undantekningu frá meginreglunni um rannsóknarskyldu stjórnvalds. Bæði stjórnvald og útlendingur geta lagt fram beiðni. Skilyrði er að upplýsinganna verði ekki aflað á annan hátt svo að fullnægjandi sé. Sem dæmi má nefna að nauðsynlegt þyki að yfirheyra vitni í þágu rannsóknar máls en viðkomandi neiti að tjá sig fyrir stjórnvaldi. Það er dómari sem ákveður hvort skilyrði eru til að fallast á beiðni. Um meðferð mála er vísað til XII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

Samkvæmt 2. mgr. gildir heimild til öflunar gagna fyrir dómi ekki þegar til meðferðar er mál gegn útlendingi um frávísun. Heimildin tekur þá ekki heldur til máls samkvæmt lögunum sem er til meðferðar samtímis máli vegna frávísunar, t.d. beiðni um hæli. Nauðsynlegt er að meðferð máls vegna frávísunar sé hraðað. Því þarf að koma í veg fyrir að útlendingur geti notað heimild til að leita eftir skýrslutöku fyrir dómi í þeim tilgangi að tefja mál. Þá tekur heimildin ekki heldur til öflunar gagna þegar sá sem óskað er að gefi skýrslu fyrir dómi er erlendis.

Um 29. gr.

Í greininni eru rakin þau úrræði sem stjórnvald hefur til að fá úr því skorið hver útlendingur er. Mjög hefur færst í vöxt að útlendingar komi til landsins án þess að hafa nokkur skilríki eða þeir framvísa fölsuðum skilríkjum. Margir farga skilríkjum sínum og gera stjórnvöldum þannig erfitt um vik að ganga úr skugga um hverjir þeir raunverulega eru. Miðað er við að útlendingur, sem ekki framvísar tilskildum skilríkjum, fái ekki landgöngu. Hins vegar þykir nauðsynlegt að gengið sé úr skugga um að útlendingur fái landvist á réttum forsendum, ekki síst með hliðsjón af þeirri grundvallarreglu að stjórnvöld skulu við úrlausn máls gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Þá telst það vera andstætt þjóðfélags-

hagsmunum að í landinu sé búsettur fjöldi einstaklinga sem ekki er vitað hverjir raunverulega eru.

Í 1. mgr. er fyrst tekið á því að vafi kann að vera um hvort útlendingur er sá sem hann segist vera. Meðan það liggur ekki ljóst fyrir er útlendingnum skylt að veita atbeina sinn til að upplýsa það. Stjórnvald skv. 2. mgr. 5. gr. sem fer með mál getur gefið slík fyrirmæli. Vafi kann einnig að koma upp um deili á útlendingi sem stjórnvöld hafa talið sig vita deili á. Þótt útlendingur hafi um árabil dvalist í landinu og deili á honum hafa virst rétt getur hlutaðeigandi stjórnvald lagt fyrir útlendinginn að veita atbeina sinn í þessu skyni, enda sé ástæða til að ætla að það sem skráð er um deili á útlendingnum sé ekki rétt. Gert er ráð fyrir að nánari reglur verði settar um hvað skylda má útlending til að gera til að fullnægja þessari skyldu. Hér gæti t.d. verið um að ræða uppýsingagjöf, afhendingu nánar tilgreindra skjal eða þátttaka í tungumálaprófi.

Samkvæmt 2. mgr. er lögreglunni heimilt, ef vafi leikur á hver útlendingur sé, við komu til landsins eða síðar, að leggja hald á ferðaskilríki, farseðla og annað sem getur verið til upplýsinga um hver hann er. Sama er ef vafi er um fyrri dvalarstað útlendings og það skiptir máli um rétt til dvalar hér á landi. Réttmæti haldlagningar má bera undir dómara, sbr. 79. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, og skal lögreglan benda útlendingi á þann rétt.

Í 3. mgr. er kveðið á um úrræði sem lögreglan hefur ef útlendingur veitir ekki atbeina til að upplýsa hver hann er eða um fyrri dvalarstað. Er þá annars vegar um að ræða að útlendingurinn, í bága við fyrirmæli sem greinir í 1. mgr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um hver hann er og hins vegar að hann, í bága við fyrirmæli sem greinir í 53. gr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað. Þegar þannig stendur á er lögreglunni þá heimilt að leita á útlendingnum sjálfum, á heimili hans eða herbergi eða í öðrum hirslum. Heimild til leitar felur í sér heimild til leitar í fötum útlendingsins og í farartæki hans.

Með 4. mgr. er lögreglunni veitt heimild til að taka ljósmyndir og fingraför af útlendingi. Þau tilvik þar sem heimild þessi gildir eru tilgreind nánar í fjórum liðum. Í fyrsta lagi þegar útlendingur getur ekki fært sönnur á hver hann er eða ef ástæða er til að ætla að útlendingurinn gefi rangt upp hver hann er. Slíkt mundi t.d. heimilt ef grunur er um að útlendingur framvísi fölsuðu vegabréfi eða vegabréfi sem varðar annan mann en hann sjálfan. Í öðru lagi ef útlendingur leitar hælis eða sækir um leyfi samkvæmt lögunum. Í þriðja lagi ef útlendingi hefur verið synjað um hæli eða leyfi samkvæmt lögunum og í fjórða lagi ef útlendingi hefur verið vísað frá landi eða úr landi eða ætla má að hann dveljist hér ólöglega. Skv. 7. mgr. getur ráðherra sett nánari reglur um framkvæmd þessa. Hann mundi þannig geta sett nánari reglur um hvenær ljósmyndir og fingraför skulu tekin.

Í 5. mgr. er tekið fram að fingraför megi færa í tölvufærða fingrafaraskrá samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Við það er miðað að fingrafaraskrá útlendinga verði aðskilin öðrum skrám lögreglu. Við færslu skrárinnar og notkun ber að sjálfsögðu að fylgja reglum laga um vernd persónuupplýsinga.

Í 6. mgr. eru loks úrræði ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er eða rökstuddur grunur er um að hann gefi rangar upplýsingar um hver hann er. Getur lögreglan þá lagt fyrir útlendinginn að tilkynna sig eða að halda sig á ákveðnu svæði. Ef slíkum fyrirmælum er ekki sinnt eða þau teljast augljóslega ófullnægjandi þá er heimilt að handtaka útlendinginn og færa í gæslu. Til þessa þarf atbeina dómara. Fer þá um það samkvæmt reglum XI. og XII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á. Skv. 34. gr. skal þá skipa útlendingi réttargæslumann. Gæsla má ekki standa lengur en 12 vikur samanlagt nema sérstaklega standi á. Þá þörf metur dómari. Ef í beinu framhaldi af gæslu skv. 6. mgr. á að undirbúa

framkvæmd ákvörðunar um að færa útlending úr landi er unnt að beita ákvæði 6. mgr. 33. gr. Geta þá sex vikur bæst við gæslutímann.

Í 7. mgr. er ráðherra loks heimilað að setja nánari reglur um framkvæmd ákvæða greinarinnar.

Um 30. gr.

Í greininni er kveðið á um kærurétt til æðra stjórnvalds. Tekið er fram að ákvörðun lögreglunnar, svo og ákvörðun sendiráðs, fastanefndar eða ræðismanns skv. 4. mgr. 8. gr., megi kæra til Útlendingastofu en að öðru leyti megi kæra ákvörðun til dómsmálaráðuneytisins. Heimildir til að kæra ákvörðun eru þannig rýmkaðar og taka til allra ákvarðana en ekki einungis til ákvarðana um synjun dvalarleyfis, brottfall eða afturköllun dvalarleyfis, brottvísun eða synjun hælis, sbr. 12. gr. a í gildandi lögum. Ákvörðun Útlendingastofu sem æðra stjórnvalds verður ekki kærð. Að því er varðar málefni útlendinga vegna framkvæmdar varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna munu ákvarðanir teknar af Útlendingastofu sæta kæru til utanríkisráðuneytisins en ekki dómsmálaráðuneytisins, sbr. athugasemdir við 5. gr.

Lagt er til að kærufrestur verði óbreyttur frá því sem ákveðið var með lögum nr. 133/1993, 15 dagar, en almennur kærufrestur skv. 27. gr. stjórnsýslulaga, þrír mánuðir, þykir of langur í málum þessum. Kæru skal lýsa fyrir þeim sem kynnir ákvörðun, sem kemur kærunni þá á framfæri við æðra stjórnvald. Kæru á frávísun skal þannig lýsa fyrir lögreglu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að um kæru fari skv. VII. kafla stjórnsýslulaga.

Um 31. gr.

Í greininni eru ákvæði um hvenær einstakar ákvarðanir geta komið til framkvæmda. Um ákvarðanir í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum eru ákvæði í 32. gr.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. má framkvæma ákvörðun um frávísun skv. 19. gr. þegar í stað. Almenn regla um að kæra fresti ákvörðun mundi skapa verulega erfiðleika við framkvæmd útlendingaeftirlits. Ákvæðið felur hins vegar ekki í sér skyldu til að framkvæma ákvörðun um frávísun þegar í stað heldur verður það undir mati stjórnvalds komið. Um kærufrest fer skv. 2. mgr. 32. gr. Ákvæðið breytir ekki þeirri reglu að æðra stjórnvald megi ákveða að kæra fresti framkvæmd ákvörðunar. Þá ber að gæta þess að útlendingi sem vill kæra ákvörðun gefist tími til að leggja fram kæru. Skv. 2. málsl. 1. mgr. má ekki framkvæma synjun á umsókn um endurnýjun dvalarleyfis eða um búsetuleyfi ef sótt er um innan þess frests sem greinir í 3. mgr. 15. gr., þ.e. a.m.k. mánuði áður en leyfið fellur úr gildi, fyrr en ákvörðunin er endanleg. Ákvörðun er endanleg þegar kærufrestur er úti eða fyrir liggur endanleg stjórnsýsluákvörðun í kærumáli. Sama á við skv. 3. málsl. um ákvörðun um afturköllun skv. 17. gr. og um ákvörðun um brottvísun útlendings sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi. Skv. 4. málsl. gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga að öðru leyti um frestun réttaráhrifa. Ákvörðun getur þá komið til framkvæmda þótt ákvörðun sé ekki orðin endanleg, einnig áður en kærufrestur rennur út, sbr. þó 2. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. gilda sérákvæði um synjun á umsókn um dvalarleyfi sem sótt er um í fyrsta sinn og á umsókn um endurnýjun sem greinir í 1. mgr. og sótt er um að liðnum fresti skv. 3. mgr. 15. gr. Þeirri synjun má ekki framfylgja fyrr en útlendingurinn hefur fengið færi á að leggja fram kæru og aldrei fyrr en liðnir eru tveir sólarhringar frá því að honum var tilkynnt um ákvörðunina.

Um 32. gr.

Greinin hefur að geyma sérákvæði um hvenær ákvörðun í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum geti komið til framkvæmda.

Meginreglan er sú skv. 1. mgr. að þegar útlendingur ber að aðstæður séu þannig að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við má ekki framkvæma ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið fyrr en ákvörðunin er endanleg. Undir ákvæðið falla ekki einungis þeir sem sækja um hæli heldur og þeir sem bera fyrir sig vernd gegn sendingu úr landi skv. 45. gr. Tvær undantekningar eru þó frá þessari reglu. Annars vegar er nefnt að Útlendingastofa telji augljóst að aðstæður séu ekki þannig. Getur þá skipt máli hvert er heimaríki hlutaðeigandi eða fyrsta griðland sem senda á útlendinginn til. Hins vegar eru mál þar sem útlendingur á umsókn um hæli til meðferðar í öðru landi eða slíkri umsókn hefur verið hafnað þar. Þetta ákvæði byggist einnig á reglunni um fyrsta griðland. Ákvörðun í öðru landi um að útlendingur sé ekki flóttamaður verður þó ekki sjálfkrafa lögð til grundvallar hér á landi heldur verður að fara fram sjálfstætt mat á þeirri ákvörðun í máli sem er til meðferðar hverju sinni.

Framkvæmd ákvarðana verður í höndum lögreglu. Skv. 2. mgr. skal lögreglan leggja ákvörðun um frestun á framkvæmd fyrir Útlendingastofu ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. þegar framkvæma á ákvörðunina og ekki kemur fram að afstaða hafi verið tekin til þeirra aðstæðna sem borið er við. Ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. þarf að taka afstöðu til verndar gegn sendingu úr landi áður en ákvörðun er tekin. Heimilt er þá að framkvæma ákvörðun ef útlendingur ber á ný fyrir sig sömu aðstæður. Útlendingurinn kann hins vegar að bera fyrir sig nýjar aðstæður í máli og álitaefni um vernd gegn sendingu úr landi kann fyrst að koma fram eftir að fyrir liggur ákvörðun sem á að framkvæma. Lögreglan hefur hins vegar ekki heimild til að taka afstöðu til þess hvort útlendingurinn nýtur verndar skv. 1. mgr. 45. gr. og ber henni að leggja málið fyrir Útlendingastofu. Ef Útlendingastofa telur augljóst að slík skilyrði séu ekki fyrir hendi getur það ákveðið að ákvörðunin skuli koma til framkvæmda. Ef það hins vegar telur ekki augljóst að skilyrðin séu fyrir hendi verður að fresta framkvæmd þar til leyst hefur verið úr álitaefninu.

Í 3. mgr. er tekið fram að reglur stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar og rökstuðning o.fl. og um kæru gildi ekki um ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. Af þessu leiðir að ákvörðun er unnt að taka munnlega og á grundvelli munnlegrar greinargerðar frá lögreglu.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um þau úrræði sem beita má þegar nauðsynlegt er að framkvæma ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið. Útlendingi, sem ekki þarf vegabréfsáritun til dvalar hér á landi, ber að yfirgefa landið þegar sá tími er liðinn sem hann má dveljast hér án dvalarleyfis. Þeir sem hafa vegabréfsáritun skulu yfirgefa landið þegar áritunin rennur út og þeir sem hafa dvalarleyfi skulu hverfa af landi þegar leyfið er fallið úr gildi. Dvöl fram yfir þetta er þannig óheimil. Þeir sem dveljast hér lengur eiga á hættu að ákvörðun verði tekin um að þeir skuli yfirgefa landið og gilda þá ákvæði greinarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. skal framkvæma ákvörðun sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið þannig að lagt er fyrir útlendinginn að hverfa þegar á brott eða innan tiltekins frests. Í 31. og 32. gr. eru ákvæði um hvenær ákvörðun getur í fyrsta lagi komið til framkvæmda. Ef ekki kemur fram í ákvörðun hvenær hún skuli koma til framkvæmda tiltekur lögreglan frest til brottfarar. Við ákvörðun um frest til brottfarar ber að taka tillit til aðstæðna útlendings. Útlendingnum er skylt að hverfa úr landi innan tilskilins frests og á eigin kostnað.

Þá segir í 1. mgr. að ef útlendingurinn fer ekki úr landi svo sem fyrir er lagt eða yfirgnæfandi líkur eru á að hann muni ekki gera það megi lögreglan færa hann úr landi. Miðað er við að flestir fari sjálfviljugir úr landi og án útgjalda fyrir hið opinbera. Í öðrum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að fylgja ákvörðun eftir. Einnig kann að vera nauðsynlegt að tryggja að útlendingurinn fari úr landi. Getur það m.a. átt við um hælisleitendur sem fengið hafa synjun eða þá sem hlotið hafa refsidóm. Lögreglan metur þörfina. Meginregla er að útlendingur sé fluttur til þess lands sem hann kom frá og er það að jafnaði heimaland útlendingsins. Ef sérstaklega stendur á má færa hann til annars lands en þess sem hann kom frá, sbr. 3. málsl. Forsenda er þá að sjálfsögðu að hlutaðeigandi land heimili útlendingnum komu þangað. Í niðurlagi 1. mgr. segir að ákvarðanir sem varða framkvæmd verði ekki kærðar sérstaklega.

Í 2. mgr. er tekið fram að útlendingi, sem fellur undir ákvæði 1. mgr. og ekki hefur gilt ferðaskilríki, sé skylt að afla sér þess. Útlendingur kann að hafa komið til landsins án slíks skilríkis eða fargað því eða gildistími þess hefur runnið á enda meðan á dvöl hér stendur. Sumir þeirra sem fá synjun á dvöl í landinu leita ekki eftir nýju ferðaskilríki til heimferðar. Ákvæðinu er ásamt ákvæði 2. málsl. 5. mgr. ætlað að bregðast við þessum vanda.

Samkvæmt 3. mgr. er lögreglunni, til að tryggja að ákvörðun um brottför verði framkvæmd, veitt heimild til leggja fyrir útlending að tilkynna sig, að afhenda vegabréf eða annað ferðaskilríki og að halda sig á ákveðnu svæði. Þessi fyrirmæli má skv. 4. mgr. því aðeins gefa að sérstök ástæða sé til að ætla að útlendingurinn muni koma sér undan framkvæmd og má við mat á þessu taka tillit til almennrar reynslu af undankomu, þ.e. matið þarf ekki á byggjast á reynslu af hlutaðeigandi sjálfum. Slík fyrirmæli eru tímabundin og mega ekki standa lengur en í tvær vikur án samþykkis útlendingsins eða ákvörðunar dómara samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, sbr. 110. gr. þeirra laga.

Með 5. mgr. eru veittar frekari heimildir til að tryggja framkvæmd brottfarar. Er þannig heimilt, ef nauðsyn ber til, að handtaka útlending og færa í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála. Fer mál þá fyrir dómara þar sem skipa skal útlendingi löglærðan talsmann ef þess er krafist, sbr. 1. mgr. 34. gr. Samsvarandi gildir ef útlendingur gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkis, sbr. 2. mgr., og tilgangurinn er að færa útlendinginn fyrir fulltrúa lands sem við á í því skyni að fá útgefið ferðaskilríki. Það getur verið heimaland útlendingsins en einnig annað land ef óvissa er um þjóðerni hans.

Samkvæmt 6. mgr. eru takmörk á því hve lengi gæsla má standa. Skal gæsla ekki ákveðin lengur en í tvær vikur. Lögreglan á ekki að leita eftir lengri gæslutíma en nauðsynlegt er. Nokkrir dagar eiga að jafnaði að nægja. Gæslutímann má þó framlengja ef útlendingurinn fer ekki sjálfviljugur úr landi og yfirgnæfandi líkur eru á að hann muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar. Má þá framlengja frestinn í allt að tvær vikur, en þó ekki oftar en tvisvar. Gæsla samkvæmt þessu ákvæði getur þannig orðið alls sex vikur. Þessi gæslutími kemur til viðbótar gæslu sem nauðsynleg er vegna undirbúnings ákvörðunar skv. 6. mgr. 29. gr.

Með 7. mgr. eru settar takmarkanir á rétti til að handtaka útlending eða færa í gæsluvarðhald. Má ekki beita þessu úrræði ef það með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun eða ef dómarinn telur vægari úrræði skv. 3. mgr. fullnægjandi.

Í 8. mgr. er loks tekið fram að úrræðum skv. 3. og 5. mgr. megi beita þegar ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið er tekin og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar.

Um 34. gr.

Í grein þessari er kveðið á um rétt útlendings til að fá réttaraðstoð. Nauðsynlegt þykir að útlendingi sem á mál til meðferðar gefist kostur á réttaraðstoð þegar tiltekin mál er varða réttarstöðu hans eru til meðferðar. Er annars vegar vegar um að ræða skipun réttargæslumanns við meðferð mála fyrir dómi og hins vegar skipun talsmanns við meðferð mála í stjórnsýslu.

Samkvæmt 1. mgr. skal skipa útlendingi réttargæslumann þegar krafist er gæslu skv. 2. málsl. 6. mgr. 29. gr. eða 5. mgr. 33. gr. Sama er þegar fyrir dómi er krafist úrræða skv. 3. og 4. mgr. 33. gr. nema það muni hafa í för með sér sérstakt úrræði eða töf eða dómarinn telur ekki varhugavert að láta hjá líða að skipa talsmann. Hlutverk réttargæslumanns er að koma fram fyrir hönd útlendings og veita honum liðsinni.

Samkvæmt 2. mgr. á útlendingur rétt á að stjórnvald skipi sér talsmann þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli. Undanþegin eru þó nánar tiltekin mál þar sem ekki eru talin efni til að mæla sérstaklega fyrir um réttaraðstoð. Skv. 2. mgr. á útlendingur og rétt á að kostnaður hans við lögfræðiaðstoð meðan öflun upplýsinga fer fram fyrir dómi skv. 28. gr. greiðist úr ríkissjóði.

Samkvæmt 3. mgr. skulu ákvæði VI. kafla laga um meðferð opinberra mála gilda, eftir því sem við á, um réttaraðstoð skv. 1. og 2. mgr. Af því leiðir að þóknun réttargæslumanns eða talsmanns greiðist úr ríkissjóði. Hins vegar er heimilt að krefja útlending um endurgreiðslu kostnaðar við réttaraðstoð að hluta til eða að öllu leyti ef hann hefur ráð á því.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er að finna reglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn). Samningurinn felur í sér að reglur Evrópubandalagsins um frjálsa fólksflutninga skulu gilda innan EES. Ákvæði þessa efnis eru í 1.–3. kafla III. hluta samningsins og í V. og VIII. viðauka með samningnum. EES-samningurinn sem slíkur var lögfestur með lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2 13. janúar 1993. Jafnframt var lögum um eftirlit með útlendingum breytt með lögum nr. 133 31. desember 1993. Í athugasemdum með frumvarpi er varð að þeim lögum er gerð grein fyrir reglum um frjálsa fólksflutninga innan EES og þeim EBE-gerðum sem þar skipta máli. Er vísað til þeirra athugasemda, sbr. Alþt. 1993, 103. mál, þskj. 106. Í kjölfar þessa var gefin út reglugerð um dvöl útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hér á landi, nr. 674 20. desember 1995 (reglugerð um EES-útlendinga). Eðlilegt þykir nú að lögfesta meginreglur þessar en gert er ráð fyrir að nánari reglur verði einnig settar í reglugerð.

Um 35. gr.

Í greininni er að finna reglur um heimild EES-útlendings til að koma til landsins og dveljast hér. Er ákvæðið í samræmi við 1. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Samsvarandi reglur um útlendinga almennt er að finna í 10. gr. frumvarpsins.

EES-útlendingur má skv. 1. mgr. dveljast hér án dvalarleyfis í allt að þrjá mánuði frá komu til landsins og allt að sex mánuðum ef hann er í atvinnuleit. Hér er um að ræða rýmkun úr þremur mánuðum að því er varðar þann sem er í atvinnuleit. Ástæða breytingarinnar er túlkun EB dómstólsins (mál C-292/89 – Antonissen) á því ákvæði Rómarsáttmálans sem svarar til 28. gr. EES-samningsins að sá sem er í atvinnuleit skuli hafa hæfilegan frest til að leita atvinnu sem svarar hæfni hans. Var fresturinn í því tilviki talinn hæfilegur sex mánuðir. Til að sanna rétt sinn til dvalar umfram þrjá mánuði þarf útlendingurinn að geta sýnt fram

á að hann sé í atvinnuleit. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um undanþágu frá dvalarleyfi og reglur um tilkynningarskyldu, sbr. nú 1. og 2. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 36. gr.

Í greininni eru talin þau skilyrði sem EES-útlendingur þarf að fullnægja til að fá dvalarleyfi. Eru þau í meginatriðum í samræmi við 3. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Varðandi tilskipun 90/366/EBE um búseturétt námsmanna, sem greint er frá í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 133/1993, er þess að geta að rétt tilvísun er nú tilskipun 93/96/EBE. Gert er ráð fyrir að nánari reglur verði settar um framkvæmd þessa, sbr. nú ákvæði 4.–7. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 37. gr.

Greinin fjallar um dvalarleyfi fyrir aðstandendur EES-útlendings. Greinin er samhljóða 8. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Um nánari skilyrði vísast til 9. og 10. gr. reglugerðarinnar.

Um 38. gr.

Greinin heimilar dómsmálaráðherra að setja reglur um heimild EES-útlendings og aðstandenda til áframhaldandi dvalar hér á landi að loknu starfi. Um efni þessa vísast til 11.–21. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 39. gr.

Greinin fjallar um gildistíma og efni dvalarleyfis fyrir EES-útlendinga. Meginreglan er að dvalarleyfi skal gefa út til fimm ára. Ákvæðið svarar til 22. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 40. gr.

Greinin fjallar um endurnýjun dvalarleyfis fyrir EES-útlending. Um ákvæðið og nánari reglur samkvæmt því vísast til 23. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 41. gr.

Greinin fjallar um afturköllun dvalarleyfis fyrir EES-útlending og svarar til 25. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 42. gr.

Greinin fjallar um hvenær vísa megi EES-útlendingi frá landi. Heimildir eru þrengri en gilda um útlendinga almennt skv. 19. og 20. gr. Ákvæðið er í meginatriðum í samræmi við 26. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Breytt tilvísun í c-lið stafar af breyttri uppbyggingu 43. gr. frumvarpsins miðað við 27. gr. reglugerðarinnar.

Um 43. gr.

Greinin fjallar um hvenær heimilt er að vísa EES-útlendingi úr landi. Heimildir til brottvísunar eru þrengri en gilda um útlendinga almennt skv. 21. gr. Ákvæðinu er skipað á nokkuð annan hátt en þar og í 27. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Lagt er til að skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis, sbr. c-lið 27. gr. reglugerðarinnar, verði tilgreind í 1. mgr. sem megingrundvöllur brottvísunar í samræmi við ákvæði 3. mgr. 28. gr. og 33. gr. EES-samningsins og tilskipun 64/221/EBE. Í 1. mgr. 28. gr. reglu-

gerðar um EES-útlendinga er nánar greint frá hvað falist getur í skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis, og er þar nefnt að útlendingur sé háður fíkniefnum eða öðrum eiturlyfjum eða haldinn alvarlegum geðrænum truflunum eða geðrænum truflunum sem einkennast af uppnámi, óráði, ofskynjunum eða hugsanabrengslum. Jafnframt er lagt til að felld verði niður skírskotun til almannaheilbrigðis, sbr. c-lið 27. gr. reglugerðarinnar, sem skilgreind er nánar í 3. mgr. 28. gr. Þykir sú skírskotun ekki raunhæf lengur og ekki er skylt að vísa til hennar á grundvelli EES-samningsins.

Þá er lagt til að ný 2. mgr. komi í stað ákvæða sem eru í b-lið (um refsiverða háttsemi) og d-lið (öryggi ríkisins) 27. gr. reglugerðarinnar, en þessi atriði falla undir skilgreininguna „allsherjarregla og almannaöryggi“ þar sem nánar er kveðið á um hvenær brottvísun er heimil með skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis.

Ákvæði 3. mgr. svarar til a-liðar 27. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglur sem tryggja eiga réttarvernd þeirra sem leita hér hælis sem flóttamenn. Að flóttamönnum er einungis vikið í 4. mgr. 10. gr. gildandi laga. Ákvæði kaflans eru ekki bundin við pólitíska flóttamenn heldur er byggt á skilgreiningu flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951. Enn fremur er gert ráð fyrir að veita megi útlendingi vernd vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu.

Um 44. gr.

Samkvæmt 1. mgr. telst sá útlendingur flóttamaður sem fellur undir ákvæði A-liðar 1. gr. flóttamannasamningsins. Réttur til hælis ræðst því af hinu alþjóðlega flóttamannahugtaki. Samkvæmt skilgreiningu flóttamannasamningsins telst sá útlendingur flóttamaður sem „er utan heimalands síns ... og af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða sjórnmálaskoðana, og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands; eða þann, sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur, vegna slíkra atburða og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, hverfa þangað aftur“. Útlendingur verður að hafa raunverulega ástæðu til að óttast ofsóknir til að skilgreiningin eigi við um hann. Ekki er fyrir hendi alþjóðleg túlkun á flóttamannahugtakinu sem einstök lönd eru bundin af. Það er því hvers lands að taka afstöðu til þess hvort útlendingur telst flóttamaður. Hins vegar hefur Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna gefið út handbók sem gefur leiðbeiningar um túlkun hugtaksins.

Samkvæmt 2. mgr. má ákveða að flóttamaður, sem fellur undir liði C–F í 1. gr. flóttamannasamningsins, skuli ekki, að öllu leyti eða að hluta til, njóta tiltekinna réttinda og verndar samkvæmt ákvæðum VII. kafla, annarra en málsmeðferðarreglna. Ákvæði flóttamannasamningsins taka ekki til þessara flóttamanna. Tekið er fram að flóttamaður sem fellur undir liði C–E í 1. gr. skuli njóta verndar gegn ofsóknum skv. 45. gr. Stjórnvald sem hverju sinni fer með mál flóttamanns tekur ákvörðun skv. 2. mgr.

Um 45. gr.

Greinin lýtur að því að veita útlendingum vernd, hvort sem þeir fullnægja skilyrðum 46. gr. um hæli eða ekki. Greinin hefur að geyma reglur um bann við sendingu útlendings til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann skuli teljast flóttamaður eða ef ekki er tryggt að hann verði ekki sendur áfram til slíks svæðis. Reglur um slíkt bann eru í 1. mgr. 33. gr. flóttamannasamningsins þar sem lagt er bann við

brottvísun eða endursendingu útlendings sem fellur undir flóttamannahugtakið. Lagt er til að útlendingum verði veitt nokkuð víðtækari vernd og að bann við endursendingu taki jafnframt til þeirra sem vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu eru í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri meðferð. Ef fyrir liggur, þegar taka á ákvörðun í máli sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið, að beita skuli verndarreglunni skal ekki taka slíka ákvörðun, sbr. 4. mgr. Þessi regla kemur og fram í 3. mgr. 19. gr.

Vernd skv. 45. gr. lýtur að ákvörðunum samkvæmt útlendingalögunum. Verndin tekur því ekki til ákvarðana um framsal sakamanna, enda gilda um það efni sérstök lög, sbr. 5.–7. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984.

Samkvæmt 2. mgr. kann útlendingi sem ekki fellur undir flóttamannahugtakið eftir sem áður að verða veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum á grundvelli 2. mgr. 13. gr. Ber stjórnvaldi sem fer með mál að eigin frumkvæði að taka til skoðunar hvort ákvæðinu skuli beitt.

Samkvæmt 3. mgr. nýtur útlendingur ekki verndar ef ætla má að hann sé hættulegur öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum er hættulegur samfélaginu. Þær takmarkanir eru í samræmi við 2. mgr. 33. gr. flóttamannasamningsins.

Í 4. mgr. er tekið fram að vernd skv. 1. mgr. eigi við um hvers konar ákvarðanir samkvæmt lögunum. Vernd gegn ofsóknum gengur þannig framar öðrum ákvæðum. Því skal ekki taka ákvörðun um frávísun eða brottvísun eða synja umsókn um dvöl ef verndarákvæðin eiga við, enda falli útlendingurinn ekki undir ákvæði 3. mgr. Ef útlendingur ber verndarákvæðið ekki fyrir sig fyrr en kemur að framkvæmd ákvörðunar gilda ákvæði 2. mgr. 32. gr.

Um 46. gr.

Rétt til hælis hér á landi á, samkvæmt umsókn, flóttamaður sem er hér á landi eða kemur hér að landi. Flóttamaður er útlendingur sem fellur undir flóttamannahugtakið, sbr. 1. mgr. 44. gr. Réttur þessi nær hins vegar ekki til flóttamanna sem eru utan marka landsins. Réttur til hælis nær ekki til flóttamanna sem svo er ástatt um sem rakið er í a–e-liðum 1. mgr. Rétt er þó að taka fram að þótt ekki sé skylt að veita þessum flóttamönnum hæli er það ávallt heimilt. Meta verður hverju sinni hvort undanþágu skuli beita. Ef beita á undanþágu er þó ekki nauðsynlegt að staðreyna fyrst hvort hlutaðeigandi fellur undir flóttamannahugtakið þar sem undanþágunni má beita þótt útlendingurinn falli undir hugtakið.

Í c-lið er að finna regluna um fyrsta griðland. Samkvæmt þeirri reglu skal hælisumsókn afgreidd í fyrsta landi sem flóttamaður kemur til og veitt getur honum vernd. Reglunni er ætlað að varna því að flóttamenn verði sendir frá einu landi til annars án þess að mál þeirra fái viðeigandi meðferð. Miðað er við að útlendingur hafi átt færi á að koma hælisumsókn á framfæri við stjórnvöld í ríkinu. Í því sambandi er nægjanlegt að hlutaðeigandi hafi átt þar mjög stutta dvöl, t.d. farið um vegabréfaeftirlit á flugvelli. Þessari reglu er beitt með einum eða öðrum hætti í flestum löndum. Reglan kemur m.a. fram í samningi Evrópusambandsríkjanna um hæli, Dublin-samningnum, og Schengen-samningnum. Forsenda þess að reglu þessari sé beitt er að sjálfsögðu að hlutaðeigandi land samþykki að taka við honum.

Ákvæði d-liðar er á sinn hátt viðbót við c-lið. Norðurlöndin hafa með norræna vegabréfaeftirlitssamningnum skuldbundið sig til að taka aftur við útlendingi sem komið hefur frá öðru norrænu landi samkvæmt nánari reglum. Ef útlendingur sem á beiðni um hæli til meðferðar í öðru norrænu landi kemur hingað til lands áður en meðferð umsóknar hans er lokið verður hann að jafnaði sendur þangað aftur. Ef útlendingur hins vegar hefur fengið endanlega synjun í öðru norrænu landi þarf að taka umsókn til sérstakrar meðferðar hér enda kveður vega-

bréfaeftirlitssamningurinn ekki á um að endanleg synjun í einu landi verði lögð til grundvallar í öðru. Synjun hér veitir hins vegar rétt til að senda hlutaðeigandi til þess norræna lands sem hann kom frá.

Með 2. mgr. er kveðið á um að ekki skuli endursenda flóttamann til annars lands skv. c- og d-lið ef hann hefur slík tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd. Á þessu stigi þarf ekki að liggja fyrir hvort útlendingurinn er flóttamaður.

Í 3. mgr. eru ákvæði um rétt náinna aðstandenda flóttamanns til hælis hér á landi.

Í 4.–6. mgr. eru ákvæði um meðferð umsókna, þar á meðal heimild til að setja reglur um að útlendingur sem sækir um hæli skuli dveljast í tilteknu sveitarfélagi og í húsnæði sem lagt er til þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir um umsókn.

Um 47. gr.

Greinin fjallar um réttaráhrif hælis. Hælisveiting veitir útlendingi réttarstöðu flóttamanns og hann fær dvalarleyfi. Hann hefur þá réttarstöðu sem leiðir af lögum um útlendinga og öðrum íslenskum lögum, svo og flóttamannasamningnum eða öðrum þjóðréttarsamningum um flóttamenn. Flóttamannasamningurinn tilgreinir ýmis réttindi sem flóttamaður skal njóta. Nánari útfærsla þeirra réttinda, umfram það sem fram kemur í frumvarpi þessu, kemur fram í þeirri löggjöf sem gildir um viðkomandi svið en á ekki heima í lögum um útlendinga.

Í 2. mgr. er heimild til að afturkalla hælisveitingu ef flóttamaður fellur ekki lengur undir flóttamannahugtakið skv. 44. gr., eða það að öðru leyti leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Ástæða þess að hugtakið á ekki lengur við mundi að jafnaði vera breytt ástand í heimalandinu. Þá mundi það geta leitt til afturköllunar ef hæli hefur verið veitt á röngum forsendum.

Um 48. gr.

Greinin kveður á um rétt flóttamanns til að fá útgefið ferðaskírteini fyrir flóttamenn. Ákvæði um ferðaskilríki fyrir flóttamenn er í samræmi við 28. gr. flóttamannasamningsins. Greinin kveður og á um rétt útlendings sem sótt hefur um hæli en ekki verið veitt það til sérstaks vegabréfs fyrir útlendinga. Um útgáfu þessara skilríkja skal setja nánari reglur og má þar ákveða að vegabréf fyrir útlendinga megi gefa út í öðrum tilvikum.

Þessir flokkar skilríkja hafa verið gefnir út á grundvelli 3. mgr. 1. gr. gildandi laga en rétt þykir að kveða í lögum nánar á um útgáfu þeirra.

Um 49. gr.

Greinin fjallar um áhrif þess að útlendingi hefur verið ákvörðuð staða flóttamanns í öðru landi. Á því er byggt að ákvörðun í einu landi um stöðu flóttamanns bindur ekki stjórnvöld í öðru landi. Hins vegar er eðlilegt og í samræmi við ályktun Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna að slík ákvörðun sé ekki vefengd nema ákvörðunin sé bersýnilega röng eða aðrar sérstakar ástæður liggi til þess.

Um 50. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er lagt til að Útlendingastofa skuli taka ákvörðun í málum sem varða flóttamenn, þ.e. um vernd gegn sendingu úr landi, réttarstöðu flóttamanns og hæli, svo og um ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Þá er Útlendingastofu skv. 2. mgr. ætlað að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort útlendingi sem kemur til landsins á grundvelli ákvörðunar stjórnvalda um móttöku flóttamanna skuli veitt réttarstaða flóttamanns. Val á flóttamönnum sem til landsins koma er að jafnaði byggt

á gögnum frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og viðtölum sérstakrar sendinefndar. Lagt er til að endanleg ákvörðun um flóttamannastöðu einstakra flóttamanna verði ekki tekin fyrr en eftir að flóttamannahópur er kominn til landsins og Útlendingastofu hefur gefist aðstaða til að taka skýrslu af hlutaðeigandi. Tekið er fram að í þessum málum skuli Útlendingastofa taka réttmætt tillit til þess hvort umsækjandinn hafði ástæðu til að ætla að hann yrði talinn flóttamaður. Væntingar flóttamanns mundu þannig eiga að koma honum til góða.

Í 3. mgr. er lögð sérstök rannsóknarskylda á Útlendingastofu þar sem tekið er fram að hún skal af sjálfsdáðum afla nauðsynlegra og aðgengilegra gagna við meðferð máls. Þessi skylda kemur einnig fram í 10. gr. stjórnsýslulaga, sbr. og 24. gr. frumvarpsins. Upplýsinga til nota í flóttamannamálum má afla frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, frá mannúðar- eða mannréttindasamtökum hér á landi, t.d. Rauða krossinum eða Amnesty, um hendur utanríkisþjónustunnar o.s.frv. Tekið er sérstaklega fram að þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu megi kynna Flóttamannastofnuninni efni málsskjala. Flóttamannastofnun getur komið að máli hvort heldur er að frumkvæði umsækjanda eða umboðsmanns hans eða að frumkvæði stjórnvalds. Sama heimild til að kynna efni málsskjala gildir einnig gagnvart mannúðar- og mannréttindasamtökum að því leyti sem það er nauðsynlegt í tengslum við öflun upplýsinga. Taka verður sjálfstæða afstöðu til þess hver slík samtök skuli falla undir ákvæðið og meta hvaða skjöl skuli kynnt þeim. Þegar þessum aðilum hafa þannig verið kynnt málsskjöl hvílir þagnarskyldan á þeim.

Um 51. gr.

Greinin fjallar um flóttamannahópa sem koma til landsins í samræmi við stefnu stjórnvalda um móttöku flóttamanna. Þeirri skipan hefur verið komið á að ríkisstjórnin tekur að fenginni tillögu félagsmálaráðherra ákvörðun um að taka á móti hópi flóttamanna. Felur ákvörðunin í sér fjölda flóttamanna sem taka á á móti, þjóðerni þeirra og dvalarstað. Í ákvörðuninni mun jafnframt koma fram hverjar eru forsendur hennar að öðru leyti. Er tillaga ráðherra gerð á grundvelli tillagna frá flóttamannaráði. Ráðið er skipað fulltrúum fimm ráðuneyta, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis, auk félagsmálaráðuneytis en fulltrúi þess er formaður ráðsins. Flóttamannaráði er m.a. ætlað að gera tillögur um heildarstefnu og skipulag á móttöku flóttamanna og hafa yfirumsjón með framkvæmd hennar. Framkvæmd ákvörðunar ríkisstjórnarinnar er síðan á ábyrgð félagsmálaráðuneytisins sem annast undirbúning og móttöku flóttamannanna í samráði við flóttamannaráð, Rauða kross Íslands og hlutaðeigandi sveitarfélög. Val á flóttamönnum hefur farið þannig fram að sérstök sendinefnd, skipuð fulltrúum Rauða krossins og hlutaðeigandi sveitarfélags, hefur verið send á vettvang í því skyni. Útlendingaeftirlitið hefur hins vegar ekki átt formlega aðild að vali flóttamannanna. Nauðsynlegt er að Útlendingastofa fjalli formlega um mál slíkra flóttamanna og réttarstöðu þeirra, en sú ákvörðun skal tekin í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. og 2. mgr. 50. gr. Stjórnvöld kunna og að ákveða að taka á móti hópum útlendinga sem ekki teljast flóttamenn. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna kann að telja þörf á að finna slíkum hópum samastað. Samkvæmt niðurlagi 1. mgr. skal Útlendingastofa heimila komu slíkra hópa til landsins eins og ef um hópa flóttamanna væri að ræða.

Af tilvísun til IV. og V. kafla stjórnsýslulaga leiðir m.a. að ákvarðanir skv. 1. mgr. þarf ekki að rökstyðja.

Um 52. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um að réttur sem útlendingur ella hefur til að koma til landsins eða dveljast í landinu gildi ekki ef nauðsynlegt þykir vegna utanríkisstefnu ríkisins, öryggis ríkisins eða krefjandi þjóðarhagsmuna.

Ef þessar aðstæður eru til staðar má þannig meina útlendingi landgöngu og synja um útgáfu dvalarleyfis og búsetuleyfis eða setja takmarkanir eða skilyrði. Einnig má við þessar aðstæður framkvæma ákvörðun fyrr en greinir í 31. og 32. gr.

Vegna öryggis ríkisins má einnig, ef nauðsyn þykir, setja nánari reglur um tilkynningarskyldu en greinir í 18. gr. eða reglum skv. 54. gr.

Um 53. gr.

Greinin kveður á um upplýsinga- og tilkynningarskyldu útlendinga og kemur í stað 9. gr. gildandi laga. Ekki er ætlast til að lögð verði frekari skylda á útlendinga en nauðsynlegt er.

Samkvæmt 1. mgr. er útlendingi skylt að kröfu lögreglunnar að sýna skilríki og, ef þörf krefur, veita upplýsingar svo að ljóst verði hver hann er og um lögmæti dvalar hans í landinu. Ákvæðið gildir um útlendinga sem dveljast í landinu en um útlending sem kemur til landsins gilda ákvæði 7. gr. Skilríki sem áskilið er getur verið vegabréf eða annað kennivottorð sem er viðurkennt sem ferðaskilríki, sbr. 7. gr., en annars konar skilríki mundu og geta verið fullnægjandi, t.d. ökuskírteini, nafnskírteini með mynd og greiðslukort. Bent skal á að skv. 4. mgr. 15. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, er lögreglunni heimilt að krefjast þess að hver maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar. Ef útlendingur getur ekki gert grein fyrir sér eða hann sýnir ekki skilríki getur komið til að beita þurfi úrræðum skv. 29. gr. Hér má og nefna b-lið 1. mgr. 16. gr. lögreglulaganna, en þar er ákvæði sem heimilar lögreglu að handtaka þann sem ekki hefur hér landvistarleyfi.

Í 2. mgr. er að finna heimild til að setja reglur um skyldu útlendinga til að bera vegabréf eða annað kennivottorð við dvöl hér á landi. Tekið er fram að norrænir ríkisborgarar skuli undanþegnir þeirri skyldu, sbr. samkomulag Norðurlandanna um það efni, auk þess sem ákveða má að aðrir útlendingar skuli undanþegnir.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli. Upplýsingaskylda samkvæmt því ákvæði hvílir aðeins á útlendingi sem er aðili máls til meðferðar. Er honum gert skylt að mæta sjálfur og veita upplýsingar sem geta haft þýðingu við úrlausn máls. Stjórnvald sem fer með mál, eftir atvikum lögregla eða Útlendingastofa, geta lagt þessa skyldu á útlending.

Um 54. gr.

Greinin felur í sér heimild til ráðherra að ákveða að þeir einstaklingar og stofnanir sem þar eru taldir skuli veita lögreglunni eða Útlendingastofu tilteknar upplýsingar. Stjórnvöldum sem fara með málefni útlendinga ber nauðsyn til að vita hvernig háttað er dvöl þeirra í landinu, svo sem hvar hlutaðeigandi dvelst eða hvort hann stundar eða hyggst stunda atvinnu, svo að staðreyna megi að fylgt sé reglum um dvalarleyfi og atvinnuleyfi. Tilkynningarskyldan er bundin við tiltekin atriði, sbr. nánar a–g-lið 1. mgr., sem ráðherra er bundinn af þegar reglur eru settar. Ákvæði um þagnarskyldu sem vísað er til í g-lið eru í 62. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40 27. mars 1991, og 5. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58 2. júní 1992.

Samkvæmt 2. mgr. getur ráðherra sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skrár skuli hafa að geyma. Þær upplýsingar mundu einkum lúta að nafni útlendings, fæðingardegi/kennitölu og þjóðerni. Önnur atriði geta einnig átt við, svo sem upplýsingar um dvalarstað, komudag eða ferðaskilríki.

Til að tilkynningarskyldunni verði fullnægt er þeim sem gefa skal upplýsingar um skylt að láta þær í té. Ekki verður þó krafist annarra upplýsinga en þeirra sem nauðsynlegar eru, sbr. 3. mgr. Skylda þessi getur náð til íslenskra ríkisborgara, sbr. a- og b-lið 1. mgr.

Um 55. gr.

Greinin kveður á um hver beri ábyrgð á kostnaði sem hlýst af því að útlendingur verður að fara úr landi. Greinin kemur í stað 16. gr. gildandi laga.

Samkvæmt 1. mgr. skal útlendingur, sem færður er úr landi, greiða kostnað vegna brottfarar sinnar. Útlendingurinn skal einnig greiða kostnað við gæslu þegar hennar er þörf vegna þess að hann fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Út frá því er gengið að útlendingur fari sjálfviljugur úr landi og á eigin kostnað áður en heimilaður dvalartími er liðinn. Ef hins vegar útlendingur er færður úr landi skal hann greiða kostnað sem skapast af því, svo og kostnað vegna gæslu sem þörf er á í því sambandi, en það getur verið kostnaður við gæslu fyrir brottför og vegna fylgdarmanna. Stjórnvöld þurfa að geta sýnt fram á nauðsyn gæslu og fylgdar, t.d. þannig að útlendingurinn hafi reynt að komast undan framkvæmd ákvörðunar um að yfirgefa landið eða lýst því yfir að hann muni reyna það. Þá er í ákvæðinu kveðið á um aðfararhæfi kröfunnar og að krafan geti verið grundvöllur frávísunar við síðari komu til landsins, sbr. h-lið 1. mgr. 19. gr., svo og um heimild lögreglu til að leggja hald á farseðla, sem finnast í fórum útlendingsins, til notkunar við brottför.

Í 2. mgr. er ákvæði um ábyrgð sem sett kann að vera fyrir kostnaði. Má krefja ábyrgðarmann um greiðslu ábyrgðarinnar og er sú krafa aðfararhæf.

Í 3. mgr. eru ákvæði um ábyrgð eiganda skips eða loftfars eða leigutaka farsins, svo og stjórnanda fars eða umboðsmanns. Ef útlendingi sem komið hefur með fari er vísað frá landi bera þessir aðilar ábyrgð á að færa útlendinginn úr landi. Er þá um þrjá kosti að ræða, að taka útlendinginn aftur um borð, að flytja hann úr landi með öðrum hætti eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Auk þess ber þeim skylda til að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað vegna fylgdar með útlendingnum úr landi, ef lögreglan telur þess þörf. Útlendingur ber ábyrgð á kostnaði þessum skv. 1. mgr. en ábyrgð farsins er til vara. Í reynd mun það hins vegar yfirleitt lenda á flytjanda að innheimta kostnaðinn hjá útlendingum.

Ef útlendingur greiðir ekki sjálfur kostnað við að færa hann úr landi og greiðsla fæst heldur ekki frá ábyrgðarmanni eða flytjanda stendur ríkissjóður straum af kostnaði, sbr. 4. mgr.

Í 5. mgr. er loks ákvæði um ábyrgð á kostnaði vegna útlendings sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari eða er laumufarþegi og gengur í land án leyfis.

Um 56. gr.

Í greininni er greint frá því hver háttsemi skuli refsiverð samkvæmt lögunum, hver sé refsirammi og hverjar saknæmiskröfur. Bæði íslenskir ríkisborgarar og erlendir geta bakað sér refsiábyrgð. Gert er ráð fyrir að brot geti varðað sektum eða fangelsi. Refsihámark er sex mánuðir skv. 1. mgr. og tvö ár skv. 2. mgr. Skv. 3. mgr. er refsihámark enn hærra eða fimm ár ef um er að ræða skipulagða starfsemi sem rekin er í hagnaðarskyni til að aðstoða útlendinga við að koma með ólögmætum hætti til landsins eða til annars lands. Þessu til viðbótar gilda ákvæði 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga en þar er heimilað að dæma fésektir jafnframt refsivist þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með broti eða það hefur vakað fyrir honum.

Samkvæmt 4. mgr. er heimilt að leggja sekt á lögaðila ef brot er framið í starfsemi lögaðilans, t.d. eiganda skips eða loftfars, án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann hans eða starfsmann.

Samkvæmt 5. mgr. er loks tekið fram að refsa skuli fyrir hlutdeild í broti með sama hætti og fyrir brotið sjálft.

Um 57. gr.

Í mörgum greinum er veitt heimild til að setja reglur um einstök atriði. Þær ná bæði til efnisreglna og reglna um framkvæmd. Greinin veitir hins vegar heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Hún er því til fyllingar öðrum ákvæðum en takmarkast við reglur um framkvæmd.

Um 58. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2000.

Nauðsynlegt er að nokkur tími líði frá því lögin verða samþykkt og þar til þau koma til framkvæmda. Áður en lögin koma til framkvæmda verður nauðsynlegt að setja í reglugerð ítarleg ákvæði um einstök atriði og þarf að ætla hæfilegan tíma til þess.

Jafnframt er gert ráð fyrir að gildandi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, falli úr gildi.

Loks er lagt til að breytt verði ákvæðum nokkurra annarra laga til samræmis við ákvæði frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um útlendinga.

Með frumvarpinu er miðað við að ákvarða reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi, við komu þeirra, dvöl og brottför. Frumvarpinu er ætlað að komi í stað laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, og eru ákvæði þess mun ítarlegri en gildandi löggjöf. Í ýmsum greinum frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð. Í því hefur verið tekið tillit til breytinga á stjórnarskrá frá árinu 1995, þróunar á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda og skuldbindinga sem leiðir af þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Að mestu leyti hafa framangreind efnisatriði þegar komið til framkvæmda. Með fjölgun kæruheimilda frumvarpsins kann kærumálum að fjölga og ítarlegri reglur leiða til krafna um vandaðri málsmeðferð, svo sem öflun upplýsinga um aðstæður í upprunalöndum málsaðila. Í máli útlendings á hann rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á því tungumáli sem hann getur tjáð sig á áður en stjórnvald tekur ákvörðun.

Ef frumvarpið verður samþykkt er ljóst að stjórnsýsla málaflokksins hjá lögreglu, Útlendingastofu og ráðuneyti mun aukast og þarf að fullnægja auknum kröfum. Erfitt er að meta aukin útgjöld ríkissjóðs við samþykkt frumvarps þar sem þau ráðast að mestu leyti af áhrifum þess á fjölgun erinda, úrskurða sem kveða þarf upp og fjölda mála er sæta kæru. Enn fremur mun ráða miklu hvort ákvæði frumvarpsins hafi áhrif á fjölda þeirra er leita hælis hér á landi en á undanförnum árum hafa þeir verið 4–6 en 24 árið 1998. Gera má ráð fyrir að

frumvarpið leiði í heild til tveggja til þriggja nýrra starfa hjá framangreindum stofnunum og að útgjöld ríkisins muni aukast við samþykkt frumvarpsins um 5–8 m.kr.

Samhliða þessu frumvarpi er til afgreiðslu á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, þar sem gert er ráð fyrir að sérstakur forstjóri skipaður af ráðherra veiti útlendingaeftirliti forstöðu.

984. Svar [439. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

1. *Hversu mörg námskeið hafa verið haldin um jafnréttismál fyrir yfirmenn ríkisstofnana og aðra stjórnendur frá því að áætlunin var samþykkt, sbr. lið 3.2 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Hversu margir hafa sótt þau námskeið, hvaða stofnanir hafa notið þeirra og hver er reynslan af þeim?*

Skrifstofa jafnréttismála hélt í samvinnu við jafnréttisnefnd Háskóla Íslands í október sl. námskeið um jafnréttismál fyrir rektor skólans, deildarforseta og aðra yfirmenn á kennslu- og stjórnsýslusviði skólans. Námskeiðið var hið fyrsta sinnar tegundar hérlendis og mun félagsmálaráðuneytið og Skrifstofa jafnréttismála nýta sér reynsluna af því við skipulag frekara námskeiðahalds. Á næstunni mun verða staðið fyrir námskeiði um jafnréttismál fyrir ráðuneytisstjóra allra ráðuneyta. Að því loknu verða haldin námskeið fyrir yfirmenn stofnana. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna var ráðgert að halda námskeiðin á vormissiri 1998. Áætlunin var ekki samþykkt fyrr en á síðustu dögum þingsins og þegar farið var að vinna að undirbúningi námskeiðanna síðasta sumar þótti betra að halda fyrst námskeið við Háskóla Íslands svo að læra mætti af því áður en farið væri af stað með námskeiðahald samkvæmt lið 3.2. í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

2. *Hvað líður könnun á vægi hlutastarfa, sbr. lið 3.6 í framkvæmdaáætluninni, og hvenær má vænta niðurstöðu úr henni?*

Ráðgert er að könnun á vægi hlutastarfa og starfa sem unnin eru án fastráðningar eða utan hefðbundinna vinnustaða verði gerð á síðari hluta gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar.

3. *Hefur farið fram úttekt á lánatryggingasjóði kvenna, markmiðum hans og reynslunni af starfseminni, sbr. lið 3.8 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur sú úttekt leitt í ljós?*

Lánatryggingasjóður kvenna er tilraunaverkefni til þriggja ára. Verkefnið hefur staðið í tvö ár. Að ári liðnu þegar tilraunatímabilinu verður lokið mun verða gerð úttekt á störfum og gagnsemi sjóðsins og hvernig hann hefur reynst konum í atvinnurekstri.

Lánatryggingsjóður er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar og skipa fulltúar þessara aðila stjórn sjóðsins. Lán sjóðsins voru boðin út og að útboði loknu tekið upp samstarf við Landsbanka Íslands.

Samhliða tilraunaverkefninu er unnið að skýrslu á vegum vinnuhóps sem félagsmálaráðherra skipaði til þess að skoða styrki til atvinnuverkefna kvenna. Í skýrslunni munu m.a. verða gerðar tillögur um hvernig styrkjum til atvinnurekstrar hjá konum verði best háttað.

4. *Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að draga úr atvinnuleysi kvenna, sbr. lið 3.9 í framkvæmdaáætluninni, og hvað líður gerð skýrslu um atvinnuleysi kvenna, sbr. sama lið?*

Að undanförnu hefur sífellt komið betur í ljós að eðli og umfang atvinnuleysis er annað hjá konum en körlum og að beita þarf öðrum úrræðum við að aðstoða konur við að komast aftur út í atvinnulífið. Verkefnið er í höfuðatriðum tvíþætt, annars vegar þarf að kanna sérstöðu atvinnulausra kvenna samanborið við karla og hins vegar þarf að útfæra aðferðir sem henta konunum betur við leit að atvinnu og stuðning þegar út í atvinnulífið er komið. Félagsmálaráðuneytið hefur falið Vinnumálastofnun að huga sérstaklega að þessu og mun m.a. verða haldin fjölmenn norræn ráðstefna hér á landi 10.–12. mars nk. þar sem fjallað verður einvörðungu um atvinnuleysi kvenna og úrræði til að uppræta það. Félagsmálaráðuneytið styrkir ráðstefnuna. Þá hefur félagsmálaráðherra falið Vinnumálastofnun að vinna tiltekin verkefni á þessu sviði.

Á árinu 1998 ritaði félagsmálaráðherra forsvarsmönnum Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Starfsmannafélagsins Sóknar bréf þar sem farið var fram á að þau ynnu að úttekt á orsökum og gerðu tillögur um úrræði vegna atvinnuleysis meðal kvenna í félögunum. Vinnumálastofnun var af ráðherra falið að halda utan um verkefnið og leiða hópinn. Vinnuhópur frá þessum aðilum auk fulltrúa svæðisráðs Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins hefur verið að störfum frá síðari hluta ársins 1998 og hefur samið drög að skýrslu. Þó á eftir að leggja lokahönd á verkið. Meginniðurstöður hópsins eru eftirfarandi:

Atvinnulausum konum í félögunum má í höfuðdráttum skipta í tvo hópa:

a. konur á barneignaaldri sem hafa fleiri en tvö börn á framfæri, eru menntunarlitlar og hafa verið frá vinnumarkaði lengur en í sex mánuði. Vandamál þeirra eru efnahagsleg eða félagssálfræðileg,
b. konur komnar yfir miðjan aldur sem hafa verið frá vinnumarkaði lengur en í sex mánuði. Vandamál þeirra eru aðallega af félagssálfræðilegum toga og geta einnig verið efnahagsleg.

Á vinnumarkaði er eftirspurn eftir fólki með iðnmenntun, háskólamenntun og kennaraeða leikskólakennaramenntun. Lítil eftirspurn er eftir ófaglærðu fólki. Vinnumarkaðurinn gerir einnig aðrar kröfur til menntunar en áður. Verkefnabundin vinna í stuttan tíma og ýmis verktakavinna hefur tekið við af því fyrirkomulagi sem lengi var við lýði, þegar einstaklingur menntaði sig og vann síðan allan sinn starfsaldur hjá sama fyrirtæki. Hreyfanleikinn er mikill og þörfin fyrir símenntun eykst. Símenntun og endurmenntun eru orðnir nauðsynlegir þættir í þjálfun og viðhaldi vinnuafls. Þá eru tæknibreytingar svo örar að nánast hvert starf krefst sérþekkingar. Fyrir þá hópa sem hverfa af vinnumarkaði tímabundið, t.d. konur sem hverfa til barneigna, getur þessi aukna áhersla á viðhaldsmenntun orðið vandamál, félagslegt, sálfræðilegt eða efnahagslegt. Erfitt getur verið að koma til starfa aftur þar sem miklar breytingar geta hafa átt sér stað á vinnustað eða í starfsgrein. Konur í þessari stöðu standa þá stundum andspænis því að þurfa að leggja í kostnað til að mennta sig aftur. Efnahagslegar forsendur eru jafnan ekki fyrir hendi, auk þess sem þær komast ekki frá börnum sínum til slíkra verkefna eða þurfa jafnvel enn að auka útgjöldin með greiðslu fyrir barnagæslu. Á Íslandi er algengt að konur eignist börn mjög ungar og getur það oft komið í veg fyrir menntun eða gert menntunina erfiðari og kostnaðarsamari.

Miðaldra konur sem lengi hafa unnið á sama vinnustað og í sama starfi eru í erfiðri stöðu ef þær hverfa frá vinnu, t.d. sökum veikinda eða uppsagna, og er mjög erfitt fyrir þær að finna sér starf í nýju starfsumhverfi. Þær þurfa endurmenntun og ekki síður aðstoð við að byggja upp sjálfstraust og þor. Það þarf ekki að vera hafnað oft í atvinnuviðtölum svo að sjálfstraustið þverri.

Í tölulegum upplýsingum frá VR og Sókn kom í ljós að atvinnuleysi var algengast hjá konum sem hafa einna flest börn á framfæri sínu og eru á aldrinum 25–35 ára. Aðrar kannanir á atvinnuleysi kvenna á Íslandi benda einnig til fylgni milli barnafjölda og atvinnuleysis meðal kvenna. Einnig kom fram í tölulegum upplýsingum um menntun hópanna í VR og Sókn að langflestar atvinnulausra kvenna í þessum félögum hefur einungis grunnskólamenntun.

Launakerfið í landinu veldur því að sumir hópar sjá sér ekki alltaf hag af því að fara út á vinnumarkaðinn. Ófaglærð afgreiðslustúlka í verslun þarf væntanlega að borga með sér ef hún er með þrjú börn í gæslu.

Dagvistunarmál eru einnig víðast með þeim hætti að nokkur aðdragandi er að því að barn fær vistun.

Hópurinn sem unnið hefur að framangreindu verkefni, undir umsjón Vinnumálastofnunar, telur m.a. mikilvægt að taka upp samstarf við sveitarstjórnir varðandi dagvistun barna ef árangur á að nást við að fá atvinnulausar barnmargar konur út á vinnumarkaðinn.

Hópurinn leggur m.a. til eftirtalin úrræði fyrir atvinnulausar konur:

— starfstengt nám eða námskeið,
— símenntun eða endurmenntun,
— styttra nám sem veitir aðgang að vinnumarkaði.

Þessar tillögur vinnuhópsins, sem þó eru ekki fullmótaðar, í verða síðan lagðar fyrir stjórn Vinnumálastofnunar og svæðisráð vinnumiðlana til úrlausnar.

Þá hefur félagsmálaráðherra skipað vinnuhóp til þess að gera úttekt á styrkjum til atvinnuverkefna kvenna. Hópurinn mun innan tíðar skila tillögum um hvernig styrkjum til atvinnurekstrar kvenna verði best varið, m.a. til að auka atvinnumöguleika kvenna. Í skýrslunni má vænta frekari upplýsinga um aðstæður atvinnulausra kvenna og úrræði þeim til handa.

Atvinnuleysi kvenna er og hefur verið meira en atvinnuleysi karla og það hefur einnig verið mismunandi eftir landshlutum. Atvinnuleysi kvenna hefur um langt skeið verið einna mest á Norðurlandi vestra og var því gripið til þess ráðs að koma á laggirnar þriggja ára tilraunaverkefni til að vinna gegn atvinnuleysi á þessu landsvæði. Félagsmálaráðuneytið gerði á síðasta ári samning við Iðnþróunarfélag Norðurlands um ráðningu jafnréttisráðgjafa á Blönduósi sem m.a. væri falið að vinna með atvinnuráðgjafa að átaki í fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur.

Sérstök áhersla er lögð á það í störfum jafnréttisráðgjafans að auka fjölbreytni í störfum kvenna og auka sjálfstæði þeirra. Einnig er jafnréttisráðgjafa falið að vinna að sérstöku átaki til að bæta stöðu kvenna í dreifbýli til eigin atvinnureksturs eða samreksturs smárra eininga.

Hvað fyrra atriðið varðar er nú að ljúka verkefninu „Á traustum grunni“ en að því standa jafnréttisráðgjafi, Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra og Iðntæknistofnun. Um er að ræða fjögurra mánaða ferli þar sem farið var yfir undirstöðuatriði í fyrirtækjarekstri, en konurnar fengu jafnframt stuðning af sjálfsstyrkingu og hópstarfi. Þær vinna hver að sinni viðskiptahugmynd, frá hugmyndastigi að framkvæmd, með stuðningi leiðbeinendanna. Frumkvæði kvenna er þarna virkjað til að auka breidd í atvinnutækifærum á svæðinu. Atvinnulausar konur höfðu forgang umfram aðra umsækendur og var verkefnið kynnt hjá svæðisvinnumiðlun

í *starfsleit*. Verkefninu lýkur formlega um miðjan mars, en konurnar eiga þess kost að leita áfram til leiðbeinendanna.

Hvað seinna atriðið varðar vantaði frumgögn, þ.e. upplýsingar um stöðu og viðhorf kvenna til sveita, en þetta er ekki hávær þjóðfélagshópur eða áberandi í opinberum hagtölum. Rannsókn á stöðu kvenna í dreifbýli á Norðurlandi vestra var þess vegna eðlilegt upphaf þeirrar vinnu og var Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri falið að gera hana. Um var að ræða nokkuð viðamikla rannsókn sem var styrkt af félagsmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun, landbúnaðarráðuneyti og Bændasamtökum Íslands. Rannsóknin veitti dýrmætar upplýsingar um þennan þjóðfélagshóp, sem koma til með að nýtast við frekari aðgerðir í atvinnumálum hans. Í kjölfar rannsóknarinnar hefur jafréttisráðgjafi skipulagt ráðstefnu þar sem fjallað verður um niðurstöðurnar og aðgerðir til úrbóta í atvinnumálum hópsins. Ráðstefnan verður haldin 26. mars að Varmahlíð í Skagafirði. Þangað hafa verið boðaðir fulltrúar félagsmála-, landbúnaðar- og iðnaðarráðuneytis og stofnana sem málið varða, auk fulltrúa Bændasamtakanna.

Samstarf jafnréttisráðgjafa við Svæðisvinnumiðlun Norðurlands vestra hefur leitt af sér tilraunaverkefni um menntasmiðju. Hún er kostuð af Atvinnuleysistryggingasjóði og staðsett að Löngumýri í Skagafirði. Staðurinn var valinn með það í huga að vera miðsvæðis í Skagafirði miðað við helstu atvinnuleysissvæði. Þar stundar nú nám hópur kvenna sem farið hefur í gegnum starfsleitarferli hjá svæðisvinnumiðlun. Þar er mikil áhersla lögð á að byggja upp sjálfstraust og frumkvæði, en auk þess er m.a. boðið upp á tungumálanám, listsköpun og tölvunám.

Auk þess sem að framan greinir eru eftirfarandi úrræði sem einungis eru ætluð atvinnulausum konum þegar styrkt af Vinnumálastofnun í umboði Atvinnuleysistryggingasjóðs: Menntasmiðjur kvenna á Akureyri, Norðurlandi vestra og í undirbúningi á Vesturlandi. Tilgangurinn með úrræðinu er að gera konur hæfari og virkari í atvinnuleit og á vinnumarkaði með það að markmiði að þær fái fasta vinnu á almennum vinnumarkaði eða fari í frekara nám.

Eins og sjá má hefur þegar verið ráðist í mörg verkefni til að vinna gegn atvinnuleysi kvenna. Atvinnuleysi kvenna, eðli þess og umfang, er einnig til skoðunar hjá afmörkuðum hópum. Talið var að betri raun gæfi að hefja úttektina þannig og útvíkka verkefnið að því loknu.

5. *Hvaða reynsla er komin af gerð sérstakra vinnuleitaráætlana fyrir konur, sbr. lið 3.10 í framkvæmdaáætluninni?*

Í fyrstu er rétt að benda á að ekki er um að ræða alveg sams konar fyrirkomulag starfsleitar á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni en í stórum dráttum má segja að starfsleit hjá atvinnuleitanda skiptist í þrjú stig. Í upphafi gerir hann starfsleitaráætlun í *starfsleit 1*, síðan í *starfsleit 2* og að lokum í *starfsleit 3*. Í tengslum við starfsleit eru ákveðin úrræði í boði fyrir atvinnuleitendur. Í *starfsleit 1* eru í boði grunnnámskeið eins og sjálfsstyrking og starfsleit, í *starfsleit 2* eru námskeiðin einstaklingsbundnari eins og tölvunám og í *starfsleit 3* enn ítarlegri eins og starfsþjálfun hjá vinnuveitanda eða reynsluráðning.

Á höfuðborgarsvæðinu eru öll form starfsleitar komin í gagnið en víðast annars staðar er enn einungis boðið upp á *starfsleit 1*, þ.e. þar sem menntasmiðjurnar sem getið er í svari við 4. lið eru ekki starfræktar. Þetta skýrir að stórum hluta takmarkaða fjölbreytni úrræða fyrir atvinnuleitendur enn sem komið er.

Ekki hafa enn verið þróaðar sérstakar vinnuleitaráætlanir/starfsleitaráætlanir fyrir konur að öðru leyti en því að þátttaka í úrræðum, þar á meðal úrræðum einungis ætluðum konum, er ávallt hluti af starfsleitaráætlun, enda er vinna við slíkt á byrjunarstigi.

Vegna fyrirspurnar þessarar var leitað eftir viðbrögðum frá vinnumiðlununum og til upplýsingar er hér birtur kafli úr bréfi Oddrúnar Kristjánsdóttur, framkvæmdastjóra Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins.

„Gerð starfsleitaráætlana hófst hjá Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins haustið 1997 í kjölfar ákvæða í lögum nr. 13/1997. Árið 1997 voru samtals gerðar 225 áætlanir, sl. ár (1998) rúmlega 1.700 og áætlað er að á þessu ári verði gerðar um 3.150 starfsleitaráætlanir. Marktækasta reynslan af gerð starfsleitaráætlana er af svokallaðri „Starfsleit 1", sem hefur nú verið notuð í um 16 mánuði. Viðtalskönnun sem gerð var á fyrri hluta síðasta árs sýndi að atvinnuleitendur töldu áætlanagerðina (SL1) hafa hjálpað sér í atvinnuleitinni. Fyrirhugað er að gera kannanir á árangri „Starfsleitar 2" í marsmánuði nk., þegar sjö mánuðir eru liðnir frá því að byrjað var á því verkefni. Mánuði seinna verður væntanlega gerð könnun vegna „Starfsleitar 3"."

Enn hefur ekki verið gerð athugun á árangri starfsleitaráætlana utan höfuðborgarsvæðisins enda lítil reynsla komin af gerð þeirra enn sem komið er. Því hefur verið fátt um gögn til að byggja á þróun atvinnuleitar fyrir konur. Verkefnin sem lýst er í svari við 4. lið og ráðstefnan sem þar er nefnd eru í raun fyrstu skref ráðuneytisins og Vinnumálastofnunar til að leggja nauðsynlegan grunn að verkefninu.

Á árinu 1998 voru samkvæmt upplýsingum frá svæðisvinnumiðlunum gerðar samtals 1.930 starfsleitaráætlanir af atvinnuleitendum á landinu öllu, þar af 1.142 áætlanir (59%) af konum og 788 (41%) af körlum.

Af þessu voru á höfuðborgarsvæðinu einu gerðar 1.513 starfsleitaráætlanir (78% af heildarfjölda), þar af 905 af konum (60%). Af þeim 905 konum sem gerðu starfsleitaráætlun eru 547 afskráðar (60%), þ.e. ekki lengur á skrá.

Að lokum má ítreka að á vegum Vinnumálastofnunar er nú unnið að undibúningi norrænnar ráðstefnu um jafnréttisáherslur í vinnubrögðum vinnumiðlana. Ráðstefnan verður haldin 10.–12. mars nk. með um 70–80 þátttakendum frá öllum Norðurlöndunum. Markmið ráðstefnunnar er að ræða hvernig tryggja megi jafna stöðu kvenna og karla varðandi vinnuleit og hvaða aðferðum skuli beitt til að jafnrétti karla og kvenna sé samtvinnað í verklagsreglur og vinnubrögð í vinnumiðlun, starfsleitaráætlunum, menntunartilboðum og allri viðleitni sem lýtur að því að virkja hinn atvinnulausa.

Í kjölfar ráðstefnunnar er fyrirhugað að útbúa handbók með niðurstöðum hennar, sem geti verið starfsfólki vinnumiðlana gagnlegt verkfæri í störfum sínum.

6. *Er könnun hafin á aðstæðum erlendra kvenna sem vinna á heimilum landsmanna, sbr. lið 3.11 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur sú könnun leitt í ljós?*

Félagsmálaráðuneytið hyggst fela Vinnumálastofnun í samstarfi við Eflingu – stéttarfélag að skilgreina verkefnið nánar og gera tillögu að því hvernig best væri staðið að könnuninni. Ráðgert er að hefjast handa við verkefnið síðar á þessu ári.

7. *Er könnun hafin á tengslum atvinnulífs og fjölskyldulífs, sbr. lið 3.12 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvenær er niðurstaðna að vænta?*

Félagsmálaráðuneytið hefur falið fjölskylduráði og karlanefnd að afmarka verkefnið og leggja til hvernig megi standa að könnuninni. Tillagna er að vænta innan skamms. Búast má

við að verkefnið verði viðamikið og skipt upp í verkþætti sem unnið verði að allt gildistímabil framkvæmdaáætlunarinnar.

8. *Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að draga úr kynferðislegri áreitni í framhaldi af könnun Vinnueftirlits ríkisins og sbr. lið 3.15 í framkvæmdaáætluninni?*

Vinnueftirliti ríkisins og Skrifstofu jafnréttismála var falið að gera úttekt á kynferðislegri áreitni í samfélaginu, eðli hennar og umfangi. Skýrslan var unnin af dr. Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, félagsfræðingi hjá Vinnueftirliti ríkissins og cand. polit. Stefaníu Traustadóttur, félagsfræðingi á Skrifstofu jafnréttismála. Félagsmálaráðherra stóð ásamt stofnununum fyrir kynningu á skýrslunni, sem gefin var út í bók í nóvember sl. Meginuppistaða bókarinnar er könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum sem framkvæmd var árið 1996. Þá er einnig gerð grein fyrir lagalegri stöðu og meðferð þessara mála hér á landi, í nágrannalöndunum, Evrópusambandinu og hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni. Þá er í bókinni að finna hagnýt ráð handa atvinnurekendum, starfsmönnum og þolendum kynferðislegrar áreitni.

Félagsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til jafnréttislaga þar sem kynferðisleg áreitni er skilgreind, bann lagt við henni og ákveðnar skyldur lagðar á herðar vinnuveitenda og skólastjórnenda til að fyrirbyggja kynferðislega áreitni og standa að rannsókn og úrlausn ef fram kemur kæra um slíka háttsemi á vinnustað eða skólastofnun.

Vinnueftirlitið og Skrifstofa jafnréttismála undirbúa nú ráðstefnu þar sem fjallað verður um aðgerðir og áætlanir til að vinna gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Til ráðstefnunnar verður boðið erlendum sérfræðingi á þessu sviði. Ráðstefnan verður væntanlega haldin í apríl á þessu ári.

9. *Er könnun hafin á því hvort meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur henta jafnt konum og körlum, sbr. lið 3.17 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvenær er niðurstöðu að vænta?*

Skrifstofu jafnréttismála var á síðasta ári falið að kanna hvort meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur sem eru kostuð af opinberu fé henti jafnt konum sem körlum. Skrifstofa jafnréttismála hefur þegar viðað að sér umfangsmiklum upplýsingum um sambærilegar kannanir erlendis og safnað saman því efni sem þegar hefur verið birt hérlendis. Verið er að safna upplýsingum frá meðferðaraðilum um inntak og eðli meðferða og hugsanlegan mun á meðferð eftir kynferði. Fyrirhugað er í framhaldi af því að ræða við einstaklinga sem farið hafa í meðferð vegna fíkniefnaneyslu. Samhliða er unnið að gerð skýrslu um meðferðarúrræði þar sem metið verður hvort þau henti jafnt konum sem körlum. Í skýrslunni verða tillögur til úrbóta hvað varðar meðferð og aðgengi kvenna sem eiga við fíkniefnavanda að stríða.

10. *Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 3.21 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur sú könnun leitt í ljós?*

Í árangursstjórnunarsamningum ráðuneytisins og stofnana þess er sérstakt ákvæði um gerð jafnréttisáætlana. Stofnanirnar eiga að skila áætlununum til ráðuneytisins á tilteknum tíma til samþykkis.

Jafnréttisáætlun er markviss stefna og verkefnaskrá fyrirtækis eða stofnunar um hvernig jafnrétti kynja megi ná. Í áætluninni skulu meðal annars tilteknar aðgerðir til að tryggja konum og körlum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, starfsþjálfunar og endurmenntunar. Jafnframt á slík jafnréttisáætlun að taka á vandamálum er lúta að kynferðislegri áreitni. Síðast en ekki síst er jafnréttisáætlun leið til að gera nauðsynlegar ráðstafanir

til að gera starfsmönnum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Líta má á jafnréttisáætlun sem hluta stefnumótunar og starfsmannastefnu fyrirtækis eða stofnunar. Þegar jafnréttisáætlun er gerð er mikilvægt að liggi fyrir úttekt á stöðu kynjanna innan fyrirtækja eða stofnana. Slík úttekt er því ætíð hluti áætlanagerðarinnar.

Meginmarkmiðið með jafnréttisáætlun er að atvinnurekendur geti nýtt sér hæfileika og færni allra starfsmanna sinna á sem bestan hátt um leið og þeim hindrunum sem geta verið í vegi bæði karla og kvenna er rutt úr vegi. Jafnréttisáætlun þarf að fylgja aðgerðaráætlun þar sem fram kemur hvernig og á hve löngum tíma markmiðum jafnréttisáætlunar skuli ná. Nauðsynlegt er að tryggja að reglubundið mat fari fram á framkvæmd jafnréttisáætlunar og mun ráðuneytið sjá til þess að slíkt mat verði gert.

Skrifstofa jafnréttismála hefur kallað bréflega eftir upplýsingum um hlut kynjanna í ábyrgðar- og stjórnunarstöðum í öllum ráðuneytum og mun í framhaldi af þeirri beiðni leita eftir sambærilegum upplýsingum frá ríkisstofnunum. Skrifstofa jafnréttismála vinnur einnig að heildarúttekt á hlut kvenna og karla í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytanna og má búast við niðurstöðum úr því verkefni í síðasta lagi á miðju þessu ári.

11. Hvað líður gerð áætlana um að jafna stöðu kynjanna í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 3.21 í framkvæmdaáætluninni? Hversu margar stofnanir sem heyra undir félagsmálaráðuneytið hafa gert slíkar áætlanir og hver er reynslan af þeim?

Eins og fram kemur í svari við 10. lið er öllum stofnunum sem undir ráðuneytið heyra gert með árangursstjórnunarsamningi að útbúa jafnréttisáætlun og skila henni á tilteknum tíma. Fyrstu áætlunirnar eiga að berast ráðuneytinu í maí nk.

985. Skýrsla [589. mál]

menntamálaráðherra um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Samkvæmt ákvæðum 11. tölul. 2. gr. laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, skal ráðið árlega skila skýrslu til menntamálaráðherra um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum í landinu. Skýrsla Rannsóknarráðs fyrir árið 1998 er hér með lögð fyrir Alþingi til kynningar og umfjöllunar.

INNGANGUR

Stefna Rannsóknarráðs Íslands tekur mið af því að helsti veikleiki íslenska vísindasamfélagsins er smæð þess miðað við fjölbreytni verkefna og kröfur þjóðarinnar um framúrskarandi lífskjör og lífsgæði á alþjóðlegan mælikvarða. Helsti styrkur þess er hins vegar hæft fólk með góða alþjóðlega menntun og næman skilning á þörfum þjóðfélagsins og vakandi áhuga á að nýta þekkingu sína í þágu þess.

Framtíðarsýn Rannsóknarráðs — RANNÍS 21 — er að á Íslandi verði til metnaðarríkt og samhæft vísinda- og tæknisamfélag sem ráði yfir þekkingu og færni á heimsmælikvarða og skili þjóðinni vel skilgreindum ávinningi.

Til þess að svo megi verða þurfa vísindi og tækni að verða samofin íslensku þjóðlífi og;
— menntun að sitja í fyrirrúmi í landsmálum;
— framlög ríkis og atvinnulífs til rannsókna og þróunar að aukast.

Ráðið vill beita sér fyrir því að virkja mannauð þjóðarinnar í sókn til auðugra mannlífs og bættra lífskjara á næstu öld, einkum með því að styrkja stoðir rannsókna þar sem þarfir þjóðfélagsins eru brýnar og líklegt er að Íslendingar geti náð góðum árangri miðað við alþjóðlegar kröfur. Í störfum sínum hyggst ráðið hafa forystu um að efla skilvirkt vísinda- og tæknisamfélag á Íslandi sem er í góðum tengslum við atvinnulíf og samfélag og mætir þörfum þess fyrir þekkingu í nútíð og framtíð, bæði á líðandi stund og til framtíðar litið.

Íslendingar hafa á undanförnum áratug aukið útgjöld til rannsókna um 10–12% árlega og vörðu um 9 milljörðum króna og 1950 ársverkum til þeirra árið 1997. Hlutfall rannsókna var um 1,7% af vergri þjóðarframleiðslu.

Fjárfesting Íslendinga á síðustu áratugum í menntun og rannsóknum er nú óðum að skila sér í fjölgandi störfum, auknum útflutningi og verðmætasköpun sem byggist á þekkingu. Þess ber þó að gæta að hlutfallslega er þáttur hátækniiðnaðar í atvinnulífi á Íslandi enn mjög lítill miðað við það sem gerist í grannlöndum okkar. Að þessu leyti erum við enn eftirbátar annarra þrátt fyrir teikn um öra framþróun.

Hlutverk sjóða á vegum Rannsóknarráðs í því að stuðla að framsækni í vísindarannsóknum og mæta nýjum þörfum verður æ mikilvægara. Ríkisstjórnin hefur að tillögu menntamálaráðherra samþykkt að veita 580 m.kr. til markáætlunar um rannsóknir á sviði upplýsingatækni og umhverfismála á næstu sex árum. Árlegt ráðstöfunarfé sjóða Rannsóknarráðs mun aukast um fjórðung.

Auka þarf skilning hér á landi á nauðsyn þess að vernda hugverkarétt með öflun einkaleyfa og breiða út þekkingu á leiðum til að fénýta niðurstöður, jafnframt því sem þær eru birtar. Jafnframt þarf að tryggja frelsi til vísindaiðkana og uppbyggjandi gagnrýni innan vísindanna.

Á heildina litið horfir vænlega um eflingu rannsóknastarfseminnar á Íslandi þótt enn sé töluvert í land að við stöndum jafnfætis þeim þjóðum sem við oftast berum okkur saman við. Gæta þarf að stöðu rannsókna í þágu hefðbundinna atvinnuvega, sérstaklega landbúnaðar og iðnaðar, sem veikst hefur að undanförnu.

Á Íslandi eru kjöraðstæður til rannsókna á mörgum sviðum vísinda og tækni. Horfur ættu því að vera góðar á því að íslenskir vísinda- og tæknimenn geti stundað öflugar rannsóknir á alþjóðlegan mælikvarða og átt í víðtæku, alþjóðlegu samstarfi sem styrkt geti stöðu Íslands á komandi árum. Rannsóknarráð telur að þessar aðstæður beri að nýta með markvissum hætti og muni það opna Íslendingum ný tækifæri á komandi árum.

Við núverandi skilyrði í rannsóknum á Íslandi og reynslu af þátttöku í alþjóðasamstarfi hafa kröfur og væntingar fyrirtækja og stofnana um stærð og umfang r&þ verkefna aukist. Ekki hefur verið hægt að fylgja þeirri þróun eftir með því að hækka styrki úr sjóðum á vegum RANNÍS. Rannsóknarráð varar við áhrifum þeirrar þróunar fyrir myndun nýrrar þekkingar og fyrir nýsköpun til lengri tíma litið.

Verið er að ljúka við úttekt á áhrifum Rannsóknasjóðs/Tæknisjóðs á tækniþróun og nýsköpun. Sjóðurinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í eflingu rannsókna og nýsköpunar á undanförnum árum. Hafin er úttekt á stöðu grunnvísinda á Íslandi. Rannsóknarráð stefnir að því að gera sjálfsmat og úttektir á einstökum sviðum vísinda og tækni að reglubundnum þætti í starfsemi sinni.

Að frumkvæði menntamálaráðherra er hafin umfjöllun um hlut vísinda og tækni í þjóðhagsáætlun og verið er að leggja grunn að áætlunum um framlög til vísinda og tækni til

þriggja ára í senn. Rannsóknarráð telur mikilvægt að fjallað verði um málefni vísinda, tækni og nýsköpunar í heildarsamhengi, þ.m.t. um hlutverk þessara þátta í byggðaþróun á komandi árum.

Skýrsla Rannsóknarráðs Íslands til menntamálaráðherra 1998.

Svo sem gert er ráð fyrir í 11. tölul., 2. gr. laga nr. 61/1994, leggur Rannsóknarráð Íslands hér með fram aðra skýrslu sína um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum á Íslandi. Á ársfundi í apríl sl. lagði ráðið fram ársskýrslu og kynnti um leið endurskoðaða stefnu sína, RANNÍS 21.

STEFNA RANNSÓKNARRÁÐS ÍSLANDS

Rannsóknarráð hefur nú starfað í 4 ár og má telja að vel hafi tekist að sætta sjónarmið innan vísindasamfélagsins um starfsaðferðir og stefnumótun, m.a. úthlutun úr sjóðum þess. Þetta sýnir viðhorfskönnun sem gerð var fyrir ráðið vorið 1997. Þá hefur tekist eftir atvikum vel að sinna meginþáttum í hlutverki ráðsins, ef tekið er tillit til takmarkaðs ráðstöfunarfjár og fjölda starfsmanna. Þó er ljós munur á viðhorfi milli þeirra sem stunda grunnvísindi og þeirra sem vinna að hagnýtum rannsóknum og þróunarstarfi í þágu atvinnulífsins.

Rannsóknarráð var endurskipað haustið 1997 og ákvað nýtt ráð að fara yfir stefnumótun fyrra ráðsins í ljósi fenginnar reynslu. Það kvaddi til sín á tveggja daga ráðstefnu allstóran hóp úr vísindasamfélaginu frá háskólum, stofnunum, fyrirtækjum og samtökum atvinnulífsins. Á grundvelli umræðu og vinnu sem þar fór fram kynnti ráðið stefnu sína undir nafninu RANNÍS 21 á ársfundi sínum í apríl sl.

Stefna ráðsins tekur mið af því að helsti veikleiki íslenska vísindasamfélagsins er smæð þess miðað við fjölbreytni verkefna og kröfur þjóðarinnar um framúrskarandi lífskjör og lífsgæði á alþjóðlegan mælikvarða. Helsti styrkur þess er hins vegar hæft fólk með góða alþjóðlega menntun og næman skilning á þörfum þjóðfélagsins og vakandi áhuga á að nýta þekkingu sína í þágu þess. Rannsóknarráð telur mikils að vænta af vísinda- og tæknistarfi á Íslandi og reynslan sýni fram á mikla arðsemi þess fjár sem varið er til þess.

Framtíðarsýn Rannsóknarráðs — RANNÍS 21 — er að á Íslandi verði til metnaðarríkt og samhæft vísinda- og tæknisamfélag sem ráði yfir þekkingu og færni á heimsmælikvarða og skili þjóðinni ávinningi í;

— betri grunni til farsælla ákvarðana og aðlögunar að breyttum ytri aðstæðum;
— kunnáttu til sjálfbærrar og hagkvæmrar nýtingar auðlinda;
— verðmætari framleiðslu, auknu vinnsluvirði og útflutningsverðmæti í atvinnuvegum;
— nægum, áhugaverðum störfum;
— þroskuðu og siðmenntuðu samfélagi sem byggist á jöfnuði og jafnrétti;
— efnahagslegu og menningarlegu sjálfstæði og áhrifum á alþjóðavettvangi.

Til þess að svo megi verða þurfa vísindi og tækni að verða samofin íslensku þjóðlífi og;

— menntun að sitja í fyrirrúmi í landsmálum;
— framlög ríkis og atvinnulífs til rannsókna og þróunar að aukast.

Leiðarljós — RANNÍS 21

Ráðið vill beita sér fyrir því að virkja mannauð þjóðarinnar í sókn til auðugra mannlífs og bættra lífskjara á næstu öld, einkum með því að styrkja stoðir rannsókna þar sem þarfir þjóðfélagsins eru brýnar og líklegt er að Íslendingar geti náð góðum árangri miðað við alþjóðlegar kröfur. Í þessu skyni mun ráðið í samráði við stjórnvöld skipuleggja sérstakt átak í rannsóknum á sviði upplýsingatækni og umhverfismála.

Ráðið mun beita sér fyrir því að tengja þjálfun til vísindastarfa við þarfir þjóðlífs og auðvelda ungu fólki aðgang að störfum þar sem vísinda- og tækniþekkingar er þörf.

Ráðið mun í störfum sínum leggja áherslu á eftirfarandi:

— að auka samvinnu atvinnulífs, rannsókna- og menntastofnana og stuðla að aukinni þátttöku fyrirtækja í rannsókna- og þróunarstarfi;
— að auka skilvirkni og samvirkni í rannsóknastarfsemi og efla skipulegt mat á árangri vísinda- og rannsóknastarfs;
— að auka þátttöku Íslendinga í fjölþjóðlegu vísinda- og rannsóknasamstarfi;
— að kynna niðurstöður rannsókna og gildi vísinda fyrir atvinnulíf og menningu þjóðarinnar;
— að efling rannsókna og nýting niðurstaðna þeirra verði í æ ríkari mæli samofin stefnumótun stjórnvalda.

Í störfum sínum hyggst ráðið hafa forystu um að efla skilvirkt vísinda- og tæknisamfélag á Íslandi sem er í góðum tengslum við atvinnulíf og samfélag og mætir þörfum þess fyrir þekkingu í nútíð og framtíð, bæði á líðandi stund og til framtíðar litið.

VIÐHORF

Eins og fram kom í fyrstu skýrslu ráðsins eru að verða miklar breytingar á atvinnulífi Íslendinga með aðlögun hefðbundinna atvinnuvega að nýjum rekstrarskilyrðum og ört vaxandi hlut þekkingar sem undirstöðu aukinnar framleiðni og nýrra viðskipta- og atvinnutækifæra. Efnahagsstöðugleiki, góð ytri skilyrði, frelsi á fjármálamarkaði og markaðsvæðing opinbers rekstrar svo og aukin samkeppni á ýmsum sviðum hefur sýnilega hleypt nýju lífi í þróun atvinnulífsins.


Með bættum aðgangi að innlendu og erlendu áhættufé hafa skilyrði til nýsköpunar, ekki síst stofnunar fyrirtækja sem byggð eru á sérhæfðri þekkingu, ótvírætt batnað á síðustu árum.

Sumar hefðbundnu greinarnar eiga þó í miklum erfiðleikum við aðlögun, ekki síst landbúnaðurinn sem háð hefur varnarbaráttu. Fyrirtækjum í hefðbundnum framleiðsluiðnaði og sjávarútvegi hefur fækkað og þau stækkað en í landbúnaði fækkar búum stöðugt, sérstaklega í sauðfjárrækt.


Byggðaröskun hefur m.a. fylgt í kjölfar skipulagsbreytinga í hefðbundnum atvinnugreinum þótt margvísleg félagsleg atriði komi einnig til.

Fyrirtæki auka hlut sinn í rannsóknum hröðum skrefum og þau framkvæma nú nærri 40% rannsókna í landinu (mynd 1). Ný fyrirtæki hafa sprottið upp á síðari árum á grundvelli tækniþekkingar, m.a með stuðningi frá sjóðum Rannsóknarráðs og skila hraðvaxandi útflutningstekjum. Útflutningur á tæknivörum tengdum sjávarútvegi fer einnig vaxandi (mynd 2).

Mynd 1.
Samanlögð framlög fyrirtækja til R&Þ árin 1993, 1995 og 1997 eftir atvinnugreinum. Verðlag 1997.



Mynd 2.
Útflutningur á hátæknivörum og vörum tengdum sjávarútvegi 1990 til 1997. Verðlag 1997.



Skráning einkaleyfa sem byggð er á íslenskum rannsóknum er þó hlutfallslega með því lægsta sem gerist meðal OECD þjóða.

Athygli vekur alþjóðlegur árangur fyrirtækja í framleiðslu og útflutningi tölvustýrðra vinnsluvéla fyrir matvælaiðnað, lækningatækja og stoðtækja fyrir fatlaða, hugbúnaðar fyrir skjalameðferð og hópsamskipti á vinnustöðum, og hugbúnaðar fyrir sýndarveruleika til notkunar í margmiðlun og auglýsingaiðnaði.

Mikla athygli vekur tilkoma fyrirtækis, Íslenskrar erfðagreiningar hf., sem stundar rannsóknir og þróunarstarf í mannerfðagreiningu og dregur að sér erlenda stórfjárfestingu á íslenskan mælikvarða og er þegar orðið eitt stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum. Fyrirtækið hefur jafnframt gert fjölmörgum hámenntuðum Íslendingum kleift að snúa heim úr störfum erlendis og fá verðug verkefni og viðunandi kjör hér á landi. Svipað hefur gerst fyrir tilstilli fyrirtækja í hugbúnaðariðnaði sem vaxa hratt um þessar mundir. Starfshorfur og kjör háskólamenntaðra í þessum greinum hafa þannig batnað hér á landi að undanförnu.

Hugmyndin um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði sem stjórnvöld hafa tekið undir og lög voru sett um á Alþingi í árslok vakti upp umræðu sem sýnir að Íslendingar, eins og margar fleiri þjóðir, standa frammi fyrir nýjum möguleikum en jafnframt margvíslegum nýjum siðferðilegum og hagsmunatengdum álitamálum sem ný vísindaþekking skapar. Annars vegar togast á sýn til framfara í líf- og læknavísindum og heilbrigðisþjónustu og hins vegar staða einstaklinga gagnvart meðferð persónuupplýsinga, svo og samskipti milli vísindamanna, stofnana, stjórnvalda og fyrirtækja um frelsi til vísindaiðkana og um hagnýtingu vísindalegrar þekkingar og hagsmuni sem af henni spretta.

Meðal atriða sem gefa þarf gaum er stefnumótun um öflun einkaleyfa af líf- og læknisfræðilegum nýjungum og skiptingu viðskiptahagsmuna sem af þeim leiða milli vísindamanna og stofnana sem þeir vinna hjá (eða ríkisvaldsins fyrir þeirra hönd) svo og þeirra fyrirtækja sem fénýta niðurstöðurnar.

Útgáfa sérleyfis til reksturs gagnagrunns sem gert er ráð fyrir í lögunum um miðlægan gagnagrunn getur haft afgerandi áhrif á aðstöðu til fjármögnunar rannsókna og til öflunar einkaleyfa á hugverkum sem byggjast á rannsóknum á þessu sviði vísinda. Þá hefur umræða einnig hafist um frelsi til vísindaiðkana og lögverndaða aðstöðu einstakra opinberra stofnana til rannsókna á einstökum sviðum vísinda.

Skortur er nú á fólki til starfa á ýmsum sviðum raunvísinda og tækni. Ljóst er að ekki hefur verið lögð næg áhersla á menntun fólks í þessum greinum. Háir það vexti fyrirtækja í ýmsum greinum svo og endurnýjun starfsliðs á vísindastofnunum.

Á öðrum sviðum vísinda, m.a. í hug- og félagsvísindum snýr nú heim frá námi og störfum erlendis vaxandi fjöldi hámenntaðra ungra Íslendinga sem leitar fyrir sér um viðfangsefni. Mikil gerjun á sér stað í vísindasamfélaginu, m.a. utan gróinna stofnana í hug- og félagsvísindum innan Háskóla Íslands og annarra opinberra stofnana. Líklegt er að fagfólk á þessum sviðum leiti nýrra leiða til að koma þekkingu sinni á framfæri. Má m.a. búast við vaxandi þrýstingi á Vísindasjóð úr þessari átt á komandi árum.

Nýleg samanburðarathugun á hlut kvenna í vísindum á Norðurlöndum sýnir að þátttaka þeirra hér á landi er minni en hjá grannþjóðunum. Meðal prófessora er hlutfallið hæst í Finnlandi, 12,7%, í Noregi 9,9%, Svíþjóð 7,5%, en á Íslandi og í Danmörku er þetta hlutfall 6%.

Fjárfesting Íslendinga á síðustu áratugum í menntun og rannsóknum er nú óðum að skila sér. Þjóðfélagsleg arðsemi þeirrar fjárfestingar er án efa mikil um þessar mundir. Þess ber þó að gæta að hlutfallslega er þáttur hátækniiðnaðar í atvinnulífi á Íslandi enn mjög lítill miðað við það sem gerist í grannlöndum okkar. Að þessu leyti erum við enn eftirbátar annarra þrátt fyrir ofangreind teikn um öra framþróun. Hlutverk sjóða á vegum


Rannsóknarráðs í því að tryggja framsækni í rannsóknum og mæta nýjum þörfum verður æ mikilvægara.

Skerpa þarf umræðu hér á landi um verndun hugverkaréttar og um leiðir til að tryggja frelsi til vísindaiðkana og uppbyggjandi gagnrýni innan vísindanna.


UMFANG RANNSÓKNA OG ÞRÓUNAR

Sá hluti þjóðarframleiðslunnar sem varið er til rannsókna hér á landi vex nú stöðugt. Árið 1997 var um 9 milljörðum króna varið til rannsókna (mynd 3) og unnin voru rúmlega 1950 ársverk í rannsóknum og þróunarstarfi. Þetta svarar til um 1,7% af vergri þjóðarframleiðslu og 1,5% af vinnuafli í landinu (mynd 4). Aukningin er um 14% milli ára síðustu tvö árin en hefur verið að meðaltali um 10% á milli ára frá því um miðjan 9. áratuginn, en hlutur rannsókna í þjóðarbúskapnum var 0,7% árið 1983.

Mynd 3.
Útgjöld til R&Þ, útgjöld fyrirtækja og verg landsframleiðsla frá 1975 til 1997.
Verðlag 1997.




Mynd 4.
Hlutfall R&Þ útgjalda af VLF og hlutfall R&Þ mannafla af heildarmannafla 1971–1997.




Með vaxandi heildarumsvifum rannsókna hefur orðið veruleg breyting á verkaskiptingu og áherslum í rannsóknum á síðari árum (mynd 5). Hlutur fyrirtækja er nú kominn í um 38% af heildarrannsóknum í landinu en var 15% fyrir 10 árum og aðeins 5% fyrir 20 árum. Hlutdeild háskólastigsins helst nokkuð stöðug og fer jafnvel vaxandi og er nú um 30% af heild. Hlutdeild opinberra rannsóknastofnana utan háskólanna (þ.m.t. rannsóknastofnana atvinnuveganna) hefur dregist mjög ört saman og er nú 30% af heild en var yfir 52% árið 1987. Þrátt fyrir þetta lækkandi hlutfall hefur velta þessara stofnana vaxið um 1.000 m.kr. á þessum 10 árum. Framlag fyrirtækja hefur hins vegar vaxið úr 570 m.kr. í 3.500 m.kr. eða rúmlega sexfaldast á föstu verðlagi.

Hlutur héfðbundinna framleiðslugreina í heildarumfangi rannsókna hefur minnkað ört (mynd 6). Framlög til rannsókna á sviði umhverfismála hafa vaxið umtalsvert en dregið hefur úr opinberum fjárveitingum til landbúnaðarrannsókna, orku- og iðnaðarrannsókna (mynd 7). Hins vegar hafa fjárveitingar til haf- og sjávarútvegs-rannsókna vaxið nokkuð, enda skipta rannsóknir á því sviði sköpum fyrir íslenska þjóðarbúið nú sem fyrr. Rannsóknarráð telur hins vegar að minnkandi framlög til iðnaðarrannsókna og landbúnaðarrannsókna ógni möguleikum þessara atvinnugreina til þess að hagnýta nýja þekkingu og tækni og aðlagast breyttu rekstrarumhverfi.


Mynd 5.
Hlutfallsleg þróun útgjalda til R&Þ eftir framkvæmdaaðila í % árin 1977, 1987 og 1997. Raunveruleg útgjöld í m.kr. á föstu verðlagi 1997 eru sýnd ofan við hlutfallssúlur.



Mynd 6.
Hlutfallsleg skipting fjármagns til R&Þ eftir greinum atvinnulífs og þjóðfélagsmarkmiðum 1985, 1995 og 1997.



Mynd 7.
Hlutfallsleg þróun fjárveitinga til rannsóknastofnana atvinnuveganna eftir ráðuneytum frá 1987 til 1997 skv. ríkisreikningum, 1988 fjárlög.




Hlutur læknisfræðilegra grunnrannsókna hefur farið ört vaxandi á undanförnum áratug og þáttur hug- og félagsvísinda hefur heldur ekki legið eftir þrátt fyrir aukinn hlut fyrirtækja í heildarumsvifum rannsókna í landinu (mynd 8). Þetta bendir til þess að efling háskólanna hafi komið þessum greinum til góða, ekki síst þáttur vísindalegs framhaldsnáms. Hagnýtar læknisfræði- og heilbrigðisrannsóknir svo og hagnýtar félagsfræðilegar rannsóknir á sviði skólamála, félagsmála, hagstjórnar- og stjórnunarfræða o.fl hafa vaxið hröðum skrefum.


Í alþjóðlegum samanburði (mynd 9) eru Íslendingar nú meðal þeirra þjóða sem hvað örast auka hlut rannsókna í þjóðarbúskapnum þótt ennþá séum við undir meðallagi innan OECD um heildarframlög miðað við þjóðarframleiðslu, sem er um 2,2%. Margar smærri þjóðir sem við gjarnan berum okkur saman við stórauka nú framlög til rannsókna. Má þar nefna Norðurlandaþjóðirnar, sérstaklega Svía (3,7% af VÞF) og Finna (2,8% af VÞF), svo og Íra sem hafa fylgt nánast sömu hlutfallsþróun og Íslendingar. Stóru iðnríkin virðast hins vegar draga úr hlut rannsókna eða láta þær standa í stað. Þar koma m.a. til minnkandi framlög til rannsókna í þágu hernaðar og landvarna í þeim löndum.

Samkvæmt alþjóðlegum samanburðartölum um samkeppnishæfni Íslendinga (World Competitiveness Report), skipar staða okkar á sviði rannsókna og þróunar okkur neðarlega í samkeppnisröð meðal þjóða. Könnun á matsforsendum þessara skýrslna sýnir að sætaskipan í vísindum og tækni byggist að töluverðu leyti á heildartölum um fjármagn og mannafla til rannsókna, heildarfjölda einkaleyfa, nóbelsverðlaunahafa o.s.frv., en hvorki á hlutfallstölum miðað við þjóðarframleiðslu né tölum um hraða breytinga milli ára (vaxtartölum).

Mynd 8.
Þróun grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna á sviði læknavísinda og hug- og félagsvísinda 1985-1997.



Mynd 9.
Hlutfall R&Þ af landsframleiðslu í nokkrum ríkja OECD frá 1975 til 1997.



Það er þó gert í samanburði á þjóðhagstölum en þar lenda Íslendingar hins vegar í fremstu röð. Slíkur samanburður getur aldrei skilað Íslendingum hárri einkunn á sviði rannsókna og þróunar og er tæplega nothæfur mælikvarði á samkeppnishæfni að þessu leyti. Að hluta er niðurstaðan þó byggð á sjálfsmati stjórnenda íslenskra fyrirtækja og er slök frammistaða Íslendinga sem framleiðenda á sviði hátækni vafalaust eðlilega metin.

Á heildina litið horfir vænlega um eflingu rannsóknastarfseminnar á Íslandi þótt enn sé töluvert í land að við stöndum jafnfætis þeim þjóðum sem við oftast berum okkur saman við. Gæta þarf að stöðu rannsókna í þágu hefðbundinna atvinnuvega, sérstaklega landbúnaðar og iðnaðar, sem veikst hefur að undanförnu.

ALÞJÓÐLEG SAMVINNA — STAÐA ÍSLANDS

Alþjóðleg samvinna á sviði vísinda fer nú ört vaxandi. Í kjölfar umfangsmikilla rannsókna á vegum OECD á samspili vísindaframfara og tækniþróunar annars vegar, og atvinnu-, efnahags- og félagsþróunar í aðildarríkjunum hins vegar. Hefur sú skoðun mótast að þjóðfélagsþróun næstu aldar muni fyrst og fremst byggjast á skipulegri hagnýtingu þekkingar á öllum sviðum þjóðfélagsins. Talað er um þekkingarþjóðfélagið (The Knowledge Based Society) er taki við af iðnaðarþjóðfélaginu á nýrri öld.

Í þekkingarþjóðfélaginu verður ekki eingöngu miðað við náttúru- og raunvísindi og tækni, sem vissulega eru driffjöður efnahagsþróunar, heldur ekki síður mannvísindi er m.a. geti gefið mönnum betri skilning á forsendum sjálfbærrar þróunar og leiðum til að stuðla að jafnvægi í þjóðfélagsframförum á tímum örra breytinga. Þróun á sviði upplýsinga- og samskiptatækni hefur á stuttum tíma tengt þjóðir nánar saman en áður var og nýir möguleikar til samvinnu fyrirtækja og stofnana hafa opnast, m.a. með nettengingum á sviði þekkingarmiðlunar, framleiðslusamvinnu og markaðsmála. Hina nýju upplýsinga- og samskiptatækni má nýta til að treysta stoðir atvinnu- og mannlífs á landsbyggðinni og undirbúa þannig öfluga þátttöku allra Íslendinga í alþjóðlegu þekkingarþjóðfélagi.

Flestir gera sér nú grein fyrir að engin þjóð getur ein og sér skapað og náð tökum á því að hagnýta á hagkvæmastan hátt alla þekkingu sem hún þarfnast. Þjóðir verða að skipta verkum eða eiga með sér samvinnu til að leysa verkefni, hvort sem er á sviði hátækni og geimvísinda, læknisfræði og heilbrigðisþjónustu, orkumála, efnahags- og atvinnumála, umhverfismála, náttúruauðlinda, öryggismála, þróunarmála o.m.fl. Vaxandi áhyggjur af áhrifum mannsins á veðurfar og fjölbreytni lífríkisins á jörðinni voru staðfestar með samþykktum á Ríó-ráðstefnu og með Kyoto-samkomulagi. Vísindarannsóknir og tækniþróun gegna lykilhlutverki í því að mæta nýjum, hnattrænum vandamálum sem komið hafa í ljós. Samstarf þjóða á flestum sviðum mun í vaxandi mæli styðjast við rannsóknir og vísinda- og tæknisamstarf, enda er þekking meðal þeirra fáu auðlinda sem hægt er að ausa af, óendanleg.

Íslendingar hafa á fáum árum haslað sér völl í alþjóðasamstarfi á sviði vísinda og tækni, fyrst aðallega í norrænu samstarfi, síðar í samvinnu innan Evrópu sérstaklega með aðgangi að rammaáætlun ESB. Skjót viðbrögð og góður árangur stofnana og fyrirtækja í sókn á vettvangi 4. rammaáætlunar ESB vekja athygli. Íslendingar hafa nú tekið þátt í um 150 verkefnum (tafla 1) sem hlotið hafa stuðning úr sameiginlegum sjóði áætlunarinnar og fengið um 60% meira fé til baka í styrkjum en þeir hafa greitt í áætlunina. Þessu hefur fylgt samstarf sem náð hefur til nærri 500 aðila í um 30 löndum Evrópu (mynd 10).

Hlutur fyrirtækja í þessari sókn er rúml. 30% og er í samræmi við hlutdeild atvinnulífsins í rannsóknum á Íslandi að undanförnu. Íslensk smáfyrirtæki hafa náð hlutfallslega góðum

árangri í rammaáætlun ESB (tafla 2). Góð samvinna hefur tekist milli opinberra aðila og einkaaðila hér á landi um sókn á þennan vettvang.

Með aðgangi Norðurlandaþjóða að rammaáætlun Evrópusambandsins, og sérstaklega við inngöngu Finna og Svía í ESB, hefur dregið úr virkni norræns samstarfs. Skipulag norræns samstarfs og stefna hefur verið í endurskoðun síðustu 3–4 árin m.a. með það fyrir augum að draga úr framlögum til þess. Þeirri endurskoðun er varla lokið ennþá og of snemmt að spá um þróun þess. Þó má nú merkja vissan áhuga á eflingu norræns samstarfs á nýjan leik. Að hluta til hefur norrænt samstarf fengið framgang í Evrópusamstarfi.


Eins og boðað var í fyrstu skýrslu ráðsins til ráðherra var, að fenginni reynslu í alþjóðasamstarfi, ákveðið að leita samvinnu við Bandaríkin á sviði vísinda og tækni. Þetta var m.a. gert með hliðsjón af því að stór hluti háskólamenntaðra Íslendinga leita til Bandaríkjanna til náms og helmingur allra doktorsprófa sem Íslendingar taka eru frá bandarískum háskólum. Þá gerði ráðið könnun á samstarfi sem fyrir er og eru niðurstöður sýndar í töflu 3. Sendinefnd Rannsóknarráðs fór til Bandaríkjanna haustið 1997 og heimsótti þarlendar stofnanir sem gegna hliðstæðu hlutverki í stefnumótun, áætlanagerð og fjármögnun rannsókna. Einnig voru ýmsar rannsóknastofnanir heimsóttar. Alls staðar kom fram áhugi á samstarfi, m.a. á sviði náttúru- og umhverfisvísinda svo og líf- og læknisvísinda. Sendinefndin gaf ráðherra skýrslu um niðurstöður ferðarinnar og gerði tillögur um næstu skref. Ráðherra beitti sér fyrir því að RANNÍS fengi aukna fjárveitingu á árinu 1998 til að fylgja tillögunum eftir.

Tafla 1. Árangur Íslands í fjórðu Rammaáætlun ESB.

Áætlun	Fjöldi ums. m/ísl. þáttt.	Þ.a. m/þátt fyrirtækja	Samþ. ums. m/ísl. þáttt.	Þ.a. m/þátt fyrirtækja	Í mati	Upph. styrks til Ísl. m.kr	Framl. Ísl. til 4. rá. - m.kr	Fengið sem hlutf. framl. í %
Fjarskiptatækni	7	8	6	6	1	92,5	46	201%
Upplýsingatækni	33	23	13	9	3	181,4	141	129%
Fjarvirkni	33	13	10	7		28,5	62	46%
Hafrannsókn.- og tækni	11	3	8	2		120,0	17	706%
Landbún. og fiskveiðar	83	23	26	6	12	254,5	50	509%
Umhverfi og loftslag	40	0	16	0	1	131,6	62	212%
Samgöngurannsóknir	4	0	2	0		4,0	18	22%
Iðnaðar- og efnistækni	30	24	14	10	0	56,9	125	45%
Mælingar og prófanir	2	1	1	0		??	21	??
Líf- og læknisfræði	35	1	10	1		12,0**	25	48%
Líftækni	9	1	3	1	1	30,7	40	77%
Félags- og hagvísindi	5	0	1	0		2,0	10	20%
Orkurannsóknir	20	9	7	2		159,0	73	218%
Nýting niðurstaðna	17	7	9	3		115,4	24	481%
Mannauður	22	0	10	0	2	79,2	54	147%
Alþjóðl. vísindasamst.	8	5	3	2		8,1	39	21%
Annað - samningsverk.	6	0	6	0		15,6		
Samtals:	**365**	**118**	**145**	**49**	**20**	**1.291,0**	**807**	**160%**

?? þýðir að ekki er ljóst hvað kemur til Íslands þar sem að verkefnið er netverkefni, þar sem fjármagni er deilt út eftir verkefnum.
** Þetta er ekki heildarupphæðin sem kemur til Íslands, flest verkefnin eru netverkefni (conserted action) þar sem peningum er deilt út af stjórnanda verkefnisins til þátttakenda eftir verkefnum.

Mynd 10.
Fjöldi samstarfstengsla í 4. Rammaáætlun eftir löndum.



Tafla 2. Aðstoð við tækniþróun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.
Þátttaka fyrirtækja eftir löndum í 4. rammaáætlun ESB (frá 1994 til júníloka 1998).

	Forstyrkur	Samstarfsstyrkir
Austurríki	76	111
Belgía	119	186
Danmörk	107	117
Finnland	56	98
Frakkland	251	460
Þýskaland	401	652
Grikkland	83	170
Írland	72	100
Ítalía	200	402
Lúxemborg	6	6
Holland	265	355
Portúgal	76	203
Spánn	190	412
Svíþjóð	86	157
Bretland	504	789
Ísland	**7**	**20**
Noregur	29	43
Ísrael	1	8
Sviss	2	16
Aðrir	1	4
Ótilgreint	103	34
ALLS	**2.635**	**4.343**

Tafla 3. Samvinnuverkefni íslenskra og bandarískra v ísindamanna.

	Samstarfs-verkefni	Með styrk frá bandarískum aðilum
Verkfræði	14	1
Efnafræði og eðlisfræði	1	
Jarðvísindi og umhverfisvísindi	27	7
Lífvísindi og líftækni	10	1
Fiskveiðar og landbúnaður	2	
Læknisfræði	23	8
Félagsvísindi	15	3
Hugvísindi	8	2
ALLS	**100**	**22**

Dagana 23.–26. september, 1998, gekkst RANNÍS í samvinnu við National Science Foundation í Bandaríkjunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (DG XII) fyrir fjölþjóðlegri vinnuráðstefnu um umhverfisbreytingar á Norður-Atlantshafi sem sótt var af um 100 erlendum vísindamönnum frá 12 löndum. Á ráðstefnunni voru skilgreind helstu viðfangsefni rannsókna á þessu sviði á næstu árum. Fram kom mikill vilji til aukins samstarfs milli bandarískra og evrópskra stofnana um samræmdar rannsóknir á þessu hafsvæði. Ísland getur gegnt lykilhlutverki í þessu efni, veitt aðstöðu til rannsókna og fjöldi íslenskra vísindamanna komið að alþjóðlegum rannsóknaverkefnum sem að hluta yrðu greidd af alþjóðlegum rannsóknasjóðum. Í beinu framhaldi af vinnuráðstefnunni gekkst RANNÍS, í samvinnu við sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, fyrir íslensk-amerískum vísindadögum þar sem bandarískar stofnanir voru kynntar og samstarfsmöguleikar þeirra við íslenskar stofnanir voru ræddir. Við þetta tækifæri skiptust RANNÍS og NSF á formlegum yfirlýsingum um áhuga á samstarfi á breiðu sviði vísinda. Munu viðræðunefndir frá hvorum aðila hittast á næstunni.

Sú reynsla sem fengist hefur af samstarfsverkefnum og viðræðum við forsvarsmenn evrópskra og bandarískra stofnana sem fjalla um vísinda- og tæknimál bendir til þess að Íslendingar geti á mörgum sviðum boðið upp á ákjósanleg skilyrði fyrir alþjóðlega mikilvægar rannsóknir á mörgum sviðum vísinda og tækni. Þau skilyrði byggjast bæði á náttúrufari og legu landsins, þjóðinni sjálfri, sögu hennar og þjóðfélagsgerðinni hér á landi. Skilyrði til margs konar rannsóknavinnu eru hagstæð, ekki síst vegna góðrar almennrar menntunar, sameiginlegra gilda þjóðarinnar, greiðrar yfirsýnar og stuttra boðleiða.

Allt bendir til þess að reynsla Íslendinga á mörgum sviðum og lausnir sem við höfum fundið séu gjaldgengar víða og við getum lagt mikið af mörkum sem þjóð, bæði í samvinnu við þróuð iðnríki en ekki síður meðal þróunarríkja og þeirra þjóða sem eru að hasla sér völl í alþjóðlegu markaðshagkerfi á áður lokuðum svæðum. Sjávarútvegs- og jarðhitadeildir Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem hér eru starfræktar eru dæmi um þetta. Eðlilegt er að íslenskar rannsóknastofnanir verði virkjaðar til að styðja útrás fyrirtækja og stuðla um leið að þjóðfélagsframförum á nýjum markaðssvæðum Íslendinga.

Ísland er þannig lifandi rannsóknastofa á mörgum sviðum vísinda og tækni. Horfur ættu því að vera góðar á því að íslenskir vísinda- og tæknimenn geti stundað öflugar rannsóknir á alþjóðlegan mælikvarða og átt í víðtæku, alþjóðlegu samstarfi sem styrkt geti stöðu

Íslands á komandi árum. Rannsóknarráð telur að þessar aðstæður beri að nýta með markvissum hætti og muni það opna Íslendingum ný tækifæri á komandi árum.


FJÁRMÖGNUN RANNSÓKNA

Miklar breytingar hafa orðið á verkaskiptingu í fjármögnun rannsókna að undanförnu. Fyrirtæki hafa stóraukið sinn hlut, jafnvel hraðar en búast mátti við miðað við stærð og bolmagn fyrirtækja hér á landi. Að sama skapi hefur hlutfall hins opinbera lækkað þó það sé enn hærra en gerist að meðaltali innan OECD. Með hliðsjón af grunngerð og uppbyggingu íslensks atvinnulífs þarf nú að huga vel að verkaskiptingu hins opinbera og einkageirans varðandi fjármögnun rannsókna og þróunarstarfs í landinu. Aukið frelsi á fjármálamarkaði og aukinn aðgangur að áhættufé hafa þegar haft mjög jákvæð áhrif á þróunarvinnu og nýsköpun.


Áhættufjárfestar hafa að undanförnu verið að uppskera arð af fjárfestingu í þekkingaruppbyggingu og rannsóknum undanfarinna áratuga. Þeir þurfa að geta gengið að viðskiptahugmyndum sem byggðar eru á þekkingu og búið er að rannsaka og þróa svo langt að unnt sé að meta arðsemi og líkur á árangri á markaði. Rannsóknir og þróunarstarf fram að því stigi þurfa hins vegar á stuðningi í formi styrkja frá hinu opinbera að halda því þar er almennt ekki áhugi einkaaðila að verja fé sínu. Hins vegar hefur hlutfallslega dregið úr ráðstöfunarfé í þessu skyni að undanförnu og því er nú hætta á að hlutur hagnýtra rannsókna og þekkingaruppbyggingar liggi eftir. Mun þá draga úr nýsköpun þegar til lengdar lætur.

Aðferðir við fjármögnun rannsókna geta haft mikil áhrif á rannsóknaferlið sjálft, virkni þess og gæði rannsókna sem stundaðar eru. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar setti það mark í september 1993 að allt að 25% rannsóknafjárins færi í gegnum opinbera sjóði með styrkjum á grundvelli einstakra verkefna. Á síðastliðnu ári var heildarhlutfall innlendra og erlendra sjóða, þar með úr rammaáætlun Evrópusambandsins, um 8% og hefur lækkað um 4 prósentustig á síðustu tíu árum (mynd 11). Hlutur sjóða Rannsóknarráðs hefur lækkað úr 8% árið 1985 í 4,5% árið 1997 þar sem ráðstöfunarfé sjóðanna hefur nánast staðið í stað í fjögur ár (mynd 12) en heildarumsvif rannsókna og þróunarvinnu í landinu hafa aukist hröðum skrefum.

Mynd 11.
Framlög sjóða til R&Þ í m.kr. (verðlag 1997) og hlutfall allra sjóða og sjóða RANNÍS í % af heildar R&Þ 1985 til 1997.



Mynd 12.
Fjárveiting til Rannsóknarráðs ríkisins og Vísindaráðs/RANNÍS og ráðstöfunarfé sjóða 1986 til 1997. Á verðlagi 1997.



Rannsóknarráð fagnar því að í frumvarpi til aukafjárlaga ársins 1998 og fjárlaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir alls 115 m.kr. í sérstaka markáætlun fyrir rannsóknir í upplýsingatækni og umhverfismálum byggða á tillögum ráðsins. Í heild er gert ráð fyrir 580 m.kr. á árabilinu 1999–2004 í þessa markáætlun. Einnig er gert ráð fyrir 5 m.kr. viðbótarframlagi til Rannsóknanámssjóðs sem sérstaklega verði varið til mótframlaga gegn framlögum fyrirtækja er vilja styðja nemendur til framhaldsnáms í greinum er gagnast geta viðkomandi fyrirtækjum. Þetta eru mikilvæg skref til að auka áhrifamátt sjóðsins í samræmi við stefnu Rannsóknarráðs. Alls mun árlegt ráðstöfunarfé sjóða RANNÍS vaxa um 25% með þessum auknu framlögum.

Rannsóknarráð minnir á að í tengslum við stefnumótun ríkisstjórnar árið 1995 um einkavæðingu ríkisfyrirtækja var ákveðið með reglugerð að 20% af tekjum af sölu ríkisfyrirtækja og hlutabréfa í eigu ríkisins skyldi renna til rannsókna og þróunar og af því 85% til Tæknisjóðs. Við þetta hefur verið staðið til þessa. Hliðstæð stefna hefur verið rekin í grannlöndunum, sérstaklega Finnlandi og Svíþjóð, og reynst mikil lyftistöng fyrir eflingu rannsókna og þróunarstarfs í þessum löndum. Við ákvörðun um framlög til markáætlunar um upplýsingatækni og umhverfismál markaði ríkisstjórnin þá stefnu að framvegis yrðu fjárveitingar, til rannsóknarmála, ákveðnar með fjárlögum en fjárhæðir ekki tengdar tekjum af sölu ríkisfyrirtækja.


Við núverandi skilyrði í rannsóknum á Íslandi og reynslu af þátttöku í alþjóðasamstarfi hafa kröfur og væntingar fyrirtækja og stofnana um stærð og umfang r&þ verkefna aukist. Ekki hefur verið hægt að fylgja þeirri þróun eftir með því að hækka upphæð styrkja úr sjóðum á vegum RANNÍS. Rannsóknarráð varar við langtímaáhrifum þeirrar þróunar fyrir myndun nýrrar þekkingar og nýsköpun. Með ákvörðun ríkisstjórnar um framlag til markáætlunar um upplýsingatækni og umhverfismál vex árlegt ráðstöfunarfé sjóða RANNÍS um fjórðung.

ÚTTEKTIR — ÁRANGURSMAT


Nefnd sem Rannsóknarráð skipaði til að taka út starfsemi Tæknisjóðs RANNÍS (áður Rannsóknasjóður) á árunum 1985–1996 er um það bil að skila áliti. Að mati nefndarinnar hefur sjóðurinn gegnt mjög mikilvægu hlutverki í rannsóknar- og þróunarumhverfinu á Íslandi og RANNÍS hafi bætt starfsemi hans og vinnuaðferðir á úttektartímabilinu. Tæknisjóður hefur haft umtalsverð áhrif á tilurð nýrra verkefna og nýsköpunargildi styrktra verkefna hefur verið allmikið, einkum fyrirtækjaverkefna. Árangur verkefna sem fyrirtæki hafa staðið fyrir er sambærilegur við reynslu frá Finnlandi af sams konar verkefnum (mynd 13), en þó ná íslensku verkefnin ekki eins langt samkvæmt sumum mælikvörðum sem notaðir voru, einkum að því er varðar birtingu greina, endurbætt eða ný framleiðsluferli og töku einkaleyfa og fjölda veittra doktorsgráða. Á hinn bóginn voru upphæðir styrkja hér á landi aðeins ¼ af upphæð hliðstæðra styrkja í Svíþjóð og ⅛ af upphæð styrkja í Noregi til fyrirtækjaverkefna. Einnig kom fram í úttektinni að beint samband er milli upphæðar styrkja og þess árangurs sem næst (mynd 14). Bent er á að styrkupphæðir hafa farið lækkandi á starfstíma sjóðsins (mynd 15). Verulegrar óánægju gætir meðal umsækjenda með tilkostnað og vinnu við umsóknir miðað við stærð styrkja. Úttektarnefndin leggur til að styrkir verði hækkaðir verulega þannig að r&þ umhverfið á Íslandi geti staðið jafnfætis því sem gerist í samkeppnislöndunum. Nefndin leggur jafnframt til að Tæknisjóður verði efldur og upphæð styrkja hækki verulega. Ráðið mun sérstaklega kynna niðurstöður úttektarinnar í heild sinni.

Ekki liggur fyrir sams konar úttekt á starfsemi Vísindasjóðs. Meðalupphæð styrkja úr honum er mun lægri, en styrkþegar eru oft einyrkjar og stofnanir og borgar sjóðurinn aldrei föst laun starfsmanna heldur fyrst og fremst hluta útlagðs kostnaðar við verkefni. Umsóknum til Vísindasjóðs hefur fækkað nokkuð að undanförnu, en þó hefur fjölgað þeim umsóknum sem taldar eru hæfar og áhugaverðar. Fjölda umsókna með einkunnina A samkvæmt mati fagráða er nú vísað frá án styrks.


Mynd 13.
Árangur fyrirtækjaverkefna í Finnlandi og á Íslandi.



Mynd 14.
Tengsl styrkveitinga og árangurs.



Mynd 15.
Meðalupphæð styrkja úr Tæknisjóði 1985-1995. (Verðlag 1998)



Í byrjun þessa árs hófst úttekt á grunnrannsóknum á Íslandi, að frumkvæði menntamálaráðuneytis og með stuðningi þess, og er henni ætlað að meta hlut grunnrannsókna og áhrif á þróun vísinda og tækni hér á landi. Er þess meðal annars vænst að úttektin geti varpað ljósi á gildi og áhrif Vísindasjóðs á grunnrannsóknir á Íslandi.

Rannsóknarráð stefnir að því að gera sjálfsmat og úttektir á einstökum sviðum vísinda og tækni að reglubundnum þætti í starfsemi sinni.

FRAMKVÆMD VÍSINDA- OG TÆKNISTEFNU Á ÍSLANDI

Ein af forsendum fyrir stofnun Rannsóknarráðs Íslands árið 1994 var bætt skipulag á yfirstjórn rannsóknamála í landinu í kjölfar úttektar OECD á vísindastefnu Íslendinga árið 1992. Því markmiði átti einnig að ná með nánu samstarfi ráðsins við þau ráðuneyti sem helst fara með rannsóknamál í þágu einstakra greina atvinnulífs eða samfélagsþarfa eins og umhverfismála. Meðal þess sem taka átti afstöðu til á þessum vettvangi voru fjárframlög til rannsókna til þriggja ára í senn, sbr. ákvæði í lögum nr. 61/1994 um Rannsóknarráð Íslands.


Nokkurn tíma hefur tekið að finna þessu starfi farveg. Rannsóknarráð hefur að sínu leyti gert það að stefnumarki sínu **að efling rannsókna verði samofin stefnumótun stjórnvalda**.

Rannsóknarráð hefur reynt að stuðla að þessu markmiði. Stóð ráðið m.a. á síðastliðnu vori fyrir umfjöllun um málið á grundvelli nýlegrar úttektar á reynslu OECD-ríkja af aðgerðum til að stuðla að nýsköpun og þróun atvinnulífs. Þar er sérstaklega bent á mikilvægi jákvæðs samspils milli opinberra aðila og einkageirans um öflun, hagnýtingu og miðlun þekkingar og nauðsyn skilnings á sérstöku eðli fjárfestinga í þekkingu. Hefur þróast hugmynd um stoðkerfi þekkingar og nýsköpunar í hverju landi (National System of Innovation) sem sé háð menningu og þjóðfélagsaðstæðum og líta þurfi á í heild sinni (mynd 16). Þetta stoðkerfi verði að starfa með samhæfðum hætti til að tryggja virkni þess og góðan árangur opinbers fjárstuðnings.

Reynsla Finna af skipulegri uppbyggingu þekkingariðnaðar og hagnýtingu þekkingar á ýmsum þjóðlífssviðum hefur vakið athygli meðal OECD ríkja. Finnar hafa um skeið starfrækt vísinda- og tæknistefnuráð með aðild fagráðherra og fulltrúa helstu stofnana og fyrirtækja sem láta sig varða málefni þekkingar í samfélaginu. Þar er lögð rík áhersla á samþættingu í stefnumótun hins opinbera og einkageirans. Rannsóknarráð telur að íhuga beri hvernig nýta megi reynslu Finna á þessu sviði við hérlendar aðstæður.

Mikilvæg skref í þessa átt hafa verið tekin á yfirstandandi ári. Að frumkvæði menntamálaráðherra er fjallað sérstaklega um þátt rannsókna og þróunar í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar sem lögð var fyrir Alþingi í þingbyrjun haustið 1998. Þá hefur Rannsóknarráð fengið umboð ríkisstjórnar til að vinna að skipulags- og samstarfsmálum rannsóknastofnana í samráði við samstarfsnefnd ráðuneytanna. Á undanförnum árum hefur farið fram töluverð umræða um endurskipulagningu rannsókna í þágu atvinnuveganna. Hafa ýmsar tillögur komið fram um uppstokkun á núverandi stofnunum, sameiningu þeirra, jafnvel í eina stóra stofnun, og ná fram sparnaði á framlögum ríkisins til þeirra um leið. Engin samstaða hefur náðst um þetta og ekki orðið af sameiningu neinna þessara stofnana, en óvissa hefur skapast og dregið hefur verið úr fjárveitingum til stofnana landbúnaðar og iðnaðarins. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar í maí sl. fól menntamálaráðherra Rannsóknarráði að gera tillögur um skipulag samvinnu milli rannsóknastofnana atvinnuveganna og mörkun sameiginlegrar stefnu þeirra um almennan rekstur, samstarf um rannsóknir og þjónustu við atvinnulífið og tengsl við menntastofnanir í landinu.

Mynd 16.



Á síðastliðnu ári var kynnt niðurstaða svokallaðs RITTS verkefnis, þar sem gerð var könnun á aðstoð hins opinbera við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Athugunin var gerð með fjárhagslegum stuðningi frá Evrópusambandinu og framlagi frá RANNÍS, Byggðastofnun og fleiri innlendum aðilum. Kom þar fram gagnrýni á aðferðir sem beitt er hér á landi og skort á samhæfingu innan stoðkerfisins miðað við þarfir fyrirtækja úti á landi.

Að því er varðar umfjöllun um fjárframlög til rannsókna til þriggja ára í senn, hefur nýlega hafist efnislegur undirbúningur að slíkri umfjöllun í samvinnu sérfræðinga fjármálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Rannsóknarráðs Íslands. Rannsóknarráð hefur um skeið tekið þátt í norrænu samstarfi um greiningu á opinberum framlögum til rannsókna á fjárlögum (Statsbudgetanalyse) og sýnt fram á tengsl milli þeirra og athugana sem fram fara á framlögum til rannsókna hjá fyrirtækjum og rannsóknastofnunum. Slíkar kannanir eru gerðar með samræmdum aðferðum annað hvert ár í aðildarríkjum OECD og raunar víðar á vegum UNESCO. Nauðsynlegt er að aðilar málsins séu sammála um aðferðafræði og túlkun áður en hægt er að ræða stefnumörkun til langs tíma um opinber framlög til rannsókna í samhengi við stefnu á sviði vísinda og tækni og þarfir hinna ýmsu atvinnu- og þjóðmálasviða.

Rannsóknarráð telur mikilvægt að þetta starf er hafið og væntir þess að það geti á komandi árum leitt til skilmerkilegrar opinberrar umfjöllunar um málefni vísinda, tækni og nýsköpunar í heildarsamhengi, þ.m.t. um hlutverk þessara þátta í byggðaþróun.

986. Frumvarp til laga [590. mál]

um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Á eftir orðinu „einkahlutafélags“ í 2. tölul. 13. gr. laganna kemur: og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1999.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að innheimt verði sama gjald fyrir skráningu sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur og fyrir skráningu einkahlutafélaga, eða 75.000 kr.

987. Frumvarp til laga [591. mál]

um breytingu á lögum nr. 137/1998, um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með breytingum sem voru gerðar á lögum um Útflutningsráð Íslands í lok árs 1998 var gerð breyting á gjaldstofni markaðsgjalds. Er nú miðað við gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds, þ.e. laun í stað virðisaukaskattsskyldrar og undanþeginnar veltu. Þannig er gjaldið innheimt samtímis með staðgreiðslu í stað eftirágreiðslu áður. Því er lagt til að felld verði brott 2. mgr. 7. gr. breytingalaganna til að koma í veg fyrir tvöfalda innheimtu markaðsgjalds á árinu 1999. Skerðir þetta fyrirkomulag á engan hátt tekjur Útflutningsráðs Íslands.

988. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason, Birgi Má Ragnarsson og Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti og Gísla Benediktsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Umsagnir bárust um málið frá Búnaðarbanka Íslands, Eimskipafélagi Íslands hf., Íslandsbanka hf., Íslenskum sjávarafurðum hf., Landsbanka Íslands hf., Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Samtökum íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Frumvarpið felur í sér að horfið verður frá því að stjórn vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs ráðstafi eignum deildarinnar á þremur árum eins og ákvæði laganna gera ráð fyrir og deildin lögð niður að þeim tíma liðnum. Óráðstöfuðum eignum deildarinnar verður haldið sérgreindum um ótiltekin tíma og heimilt verður að ganga á höfuðstólinn til að styðja við atvinnulífið.

Nokkur umræða varð í nefndinni um upplýsingagjöf Nýsköpunarsjóðs um lánveitingar og styrki úr sjóðnum. Er það mat meiri hlutans að slíkar upplýsingar eigi að vera aðgengilegar hverju sinni og leggur því til breytingartillögu um að bætt verði ákvæði í lögin um sjóðinn sem kveði á um að með ársreikningi Nýsköpunarsjóðs fylgi eftirleiðis upplýsingar um hlutabréfakaup, lán og styrkveitingar úr sjóðnum.

Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ársreikningi skal fylgja skrá yfir hlutafjárkaup, lánveitingar og óafturkræf framlög Nýsköpunarsjóðs.

Valgerður Sverrisdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. mars. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Pétur H. Blöndal. Einar Oddur Kristjánsson.

Árni R. Árnason. Gunnlaugur M. Sigmundsson.

989. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um eftirlitsstarfemi á vegum hins opinbera.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Orra Hauksson og Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti og Eyjólf Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins. Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Fiskistofu, Flugmálastjórn, Hollustuvernd ríkisins, Kvikmyndaskoðun, landlæknisembættinu, Lyfjaeftirliti ríkisins, Löggildingarstofu, Póst- og fjarskiptastofnun, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Siglingastofnun Íslands, Umferðarráði, Verslunarráði Íslands, Vinnueftirliti ríkisins, Vinnuveitendasambandi Íslands og yfirdýralækni.

Með frumvarpinu er stefnt að því að skapa traustan grundvöll fyrir samhæfingu opinbers eftirlits og tryggja vönduð vinnubrögð við undirbúning og setningu eftirlitsreglna, sem og við endurskoðun þeirra. Eftirliti á vegum hins opinbera eru sett ákveðin markmið og lagarammi.

Í nefndinni var sérstaklega rætt um fyrirsögn frumvarpsins. Nefndin telur eðlilegra og meira lýsandi að tala um opinberar eftirlitsreglur í stað eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera og leggur til að fyrirsögn frumvarpsins verði breytt í þá veru. Með því móti er betur lýst meginefni frumvarpsins sem er sjálfar eftirlitsreglurnar. Á sömu forsendum er orðanotkun í frumvarpinu breytt þannig að talað er um opinbert eftirlit í stað eftirlitsstarfsemi. Hugtakið „opinbert eftirlit“ á bæði við um setningu þeirra opinberu reglna sem efni frumvarpsins tekur til og framkvæmd þeirra. Nauðsynlegt er að fram komi að í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um nefnd sem hefur víðtækara hlutverk en að huga að eftirlitsreglunum einum. Nefndin þarf að annast heildarmat á eftirliti á vegum hins opinbera, gera tillögur um samhæfingu og hagkvæmni í eftirliti á vegum hins opinbera og móta aðferðir við mat á eftirlitinu, eins og nánar er rætt um í köflunum *Nýskipan eftirlitsstarfsemi hér á landi* og *Stefna um eftirlitsstarfsemi hins opinbera* í fylgiskjali III með frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Til viðbótar við breytta hugtakanotkun og breytt heiti frumvarpsins, sbr. framangreint, eru breytingarnar eftirfarandi:

1. Til að einfalda orðalag og koma í veg fyrir tvítekningu er lögð til orðalagsbreyting í 1. mgr. 1. gr.
2. Lagt er til að síðari hluti 2. gr., sem fjallar um skilyrði fyrir því að hið opinbera standi fyrir eftirliti, falli brott. Í staðinn komi almenn grundvallarákvæði um að lögin leiði ekki til mismununar og takmarki ekki athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist.
3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. gr. Í 1. mgr. er í fyrsta lagi lagt til að það verði viðkomandi stjórnvald en ekki ráðuneyti sem metur þörf fyrir eftirlitsreglur, enda er ekki alltaf um það að ræða að ráðherra setji reglurnar heldur er það vald í sumum tilfellum framselt öðrum stjórnvöldum. Í öðru lagi er lagt til að í stað þess að meta hvort gildi eftirlitsreglna er mikilvægara en kostnaður þjóðfélagsins verði einungis metið hvert gildi eftirlits sé og hver kostnaðurinn. Í þriðja lagi er lagt til að notað verði orðalagið alþjóðlegar skuldbindingar í stað erlendar skuldbindingar þar sem hér er einungis átt við þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins. Í fjórða lagi er lagt til að við upptalningu á matsaðferðum á reglusetningu verði bætt mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum. Í fimmta lagi er lagt til, sbr. breytingar á 2. mgr., að liggja skuli

fyrir greinargerðir um mat skv. 1. mgr. 3. gr. þegar stjórnvöld setja eftirlitsreglur, rétt eins og skylt er að gera þegar stjórnarfrumvarp er kynnt ríkisstjórn. Í sjötta lagi er lagt til að í 3. mgr. verði felld brott upptalning á því við hvað mat á eftirlitsreglum getur m.a. miðast.

4. Lagt er til að í 1. mgr. 5. gr. verði einungis kveðið á um skyldur forsætisráðherra samkvæmt lögunum en ekki að hann hafi eftirlit með framkvæmd þeirra.
5. Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um hagsmunatengsl nefndarmanna í 1. mgr. 6. gr en forsætisráðherra á hverjum tíma verði þess í stað gert að skipa nefndina án slíkra kvaða. Einnig er lagt til að skipunartími nefndarmanna verði þrjú ár og skipunartími hennar þar með óháður setu forsætisráðherra í embætti. Í 2. mgr. er lagt til að við ákvæði um að ráðherrar geti sent mál er varða eftirlit til nefndarinnar verði bætt að nefndin geti átt frumkvæði að athugunum á vissum þáttum opinbers eftirlits. Með þessu er reynt að tryggja að nefndin geti starfað sjálfstætt og markvisst að eftirlitsmálum án atbeina ráðherra. Þá er lagt til að fremst í 3. mgr. komi nánari útlistun á starfi nefndarinnar. Starfið miði að því að opinbert eftirlit sé í samræmi við 3. gr. og einnig eins hagkvæmt og kostur er fyrir fyrirtæki, einstaklinga og hið opinbera.
6. Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða verði ráðuneytum gert að gera áætlun um endurskoðun gildandi eftirlitslaga og -reglna í stað þess að það sé ófrávíkjanleg regla að þessi endurskoðun fari fram á næstu þremur árum eins og stendur nú í frumvarpinu.

Alþingi, 22. febr. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Valgerður Sverrisdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Árni R. Árnason.	Einar Oddur Kristjánsson.	Pétur H. Blöndal.

990. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „fyrirtækja og fjármálastofnana“ í 1. mgr. komi: fyrirtækja.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „opinber eftirlitsstarfsemi“ í fyrri málslið komi: opinbert eftirlit.
   b. Síðari málsliður orðist svo: Eftirlit á vegum hins opinbera má ekki leiða til mismununar né takmarka athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist.
3. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits skal viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Slíkt mat

getur m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits.

b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur skulu slíkar greinargerðir liggja fyrir þegar þess háttar reglur um eftirlit eru staðfestar í öðrum tilvikum.

c. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.

4. Við 5. gr.

a. Upphafsmálsliður falli brott.

b. Í stað orðsins „eftirlitsstarfsemi“ í 2. tölul. komi: eftirliti.

c. Í stað orðsins „eftirlitsstarfsemi“ í 3. tölul. komi: opinberu eftirliti.

5. Við 6. gr.

a. Í stað orðsins „eftirlitsstarfsemi“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: eftirlit.

b. Í stað orðanna „eftirlitsstarfsemi“ og „hennar“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: opinberu eftirliti, og: þess.

c. 4. málsl. 1. mgr. orðist svo: Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár.

d. 2. mgr. orðist svo:

Þeir aðilar sem eftirlit beinist að og aðrir þeir sem hagsmuni hafa af opinberu eftirliti geta óskað eftir athugun nefndarinnar á tilteknum þáttum þess. Ráðherrar geta sent nefndinni til umsagnar mál er varða opinbert eftirlit. Jafnframt getur nefndin átt frumkvæði að athugunum á vissum þáttum eftirlitisins.

e. 3. mgr. orðist svo:

Starf nefndarinnar skal miða að því að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við ákvæði 3. gr. og að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar.

6. Við ákvæði til bráðabirgða.

a. Í stað orðanna „á næstu þremur árum eftir gildistöku laga þessara“ komi: gera áætlun um að.

b. Í stað orðsins „eftirlitsstarfsemi“ komi: opinbert eftirlit.

7. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um opinberar eftirlitsreglur.

991. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Á eftir 40. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Verðbréfasjóður getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum.

992. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Helga Jóhannesson frá samgönguráðuneyti, Magnús Waage frá Landssíma Íslands og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda.

Tilgangur frumvarpsins er að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa vegna sjálfvirks tilkynningarkerfis sem ætlunin er að taka í notkun innan skamms.

Samgöngunefnd áréttar mikilvægi þess að sem flest skip og bátar falli undir sjálfvirka tilkynningarkerfið. Ákvæði d-liðar 1. gr. frumvarpsins undanþiggja skip sem stunda takmarkaða sjósókn eða hafa aðeins sumarhaffæri sjálfvirka tilkynningarkerfinu en undanþágan byggist á samkomulagi sem gert var við samgönguráðuneytið 5. mars 1998. Samgöngunefnd telur ekki rétt að ganga gegn því samkomulagi en telur nauðsynlegt að til álita komi að öll skip sem búin eru talstöð falli undir sjálfvirka tilkynningarkerfið. Nefndin leggur því til að undanþágan verði endurskoðuð innan tveggja ára og þá metið í ljósi reynslunnar hvort sjálfvirk tilkynningarskylda verði látin ná til fleiri skipa en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Stefán Guðmundsson, Árni Johnsen og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Magnús Stefánsson og Kristján Pálsson skrifa undir með fyrirvara.

Samgöngunefnd mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að við 1. gr. verði bætt nýjum efnislið sem skyldar farþegaskip til að tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti. Þar sem flest farþegaskip eru yfir 24 metrar að lengd féllu þau undir a-lið 1. gr. frumvarpsins og var því aðeins skylt að tilkynna sig á tólf klukkustunda fresti. Samgöngunefnd telur nauðsynlegt af öryggisástæðum að sama regla gildi um farþegaskip og skip sem eru styttri en 24 metrar en þeim ber að tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.
2. Í öðru lagi er lagt til að ákvæði d-liðar 1. gr. frumvarpsins (sem verði e-liður) um undanþágu frá sjálfvirkri tilkynningarskyldu verði endurskoðað fyrir árslok 2000.
3. Loks er lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

Alþingi, 3. mars 1999.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Egill Jónsson.
Ragnar Arnalds.	Magnús Stefánsson. með fyrirvara.	Kristján Pálsson, með fyrirvara.

993. Breytingartillögur [260. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir c-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Farþegaskip sem notuð eru í atvinnuskyni skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.
2. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
   Ákvæði e-liðar 2. mgr. 1. gr. skal endurskoða fyrir árslok 2000.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

994. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Nordal frá samgönguráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Bifreiðastjórafélaginu Andvara og Bifreiðastjórafélaginu Frama.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæðum laganna um skilyrði fyrir útgáfu leyfis til aksturs leigubifreiðar. Í henni felst að reglur um starfsskilyrði munu veita meira svigrúm til mats en núgildandi lög. Meginsjónarmiðið að baki breytingunni er að ekki þykir rétt að útiloka menn frá ákveðinni starfsgrein án þess að gefa þeim kost á að bæta ráð sitt. Með breytingunni verða reglur um starfsskilyrði greinarinnar meira til samræmis við gildandi reglur í öðrum Evrópuríkjum. Samgöngunefnd vill taka fram að með breytingunni er ekki stefnt að því að minnka kröfur til leigubifreiðastjóra heldur er veitt meira svigrúm til mats á aðstæðum umsækjanda um leyfi til aksturs leigubifreiðar.

Jafnframt vill samgöngunefnd ítreka álit nefndarinnar frá 122. löggjafarþingi (þskj. 1137, 519. mál) um nauðsyn þess að heildarendurskoðun laga um leigubifreiðar fari fram hið fyrsta.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 1. gr. frumvarpsins. Annars vegar er um að ræða lagfæringu málfars en hins vegar er lagt til að í stað orðanna „starfsskilyrði greinarinnar“ komi orðin lög og reglugerðir sem um starfsgreinina gilda. Með þessu orðalagi er kveðið skýrar á um að leyfishafar skuli virða þau lög og reglur sem um starfsgrein þeirra gilda, t.d. öryggisreglur og skattareglur.
2. Þá er lagt til að við bætist ný grein er breyti 5. mgr. 7. gr. laganna um nýtingu atvinnuleyfis. Í tillögunni er gert ráð fyrir að leyfishafar þurfi ekki að gangast undir hæfnispróf á hverju ári heldur nægi að þeir þreyti slíkt próf tvisvar sinnum frá og með fyrstu framlengingu leyfis uns leyfi verður ekki framlengt frekar. Samgöngunefnd telur eðlilegt að

hæfnispróf verði gert að skilyrði fyrir fyrstu framlengingu leyfis en síðan skuli leyfishafi endurtaka prófið innan þriggja ára. Síðara hæfnispróf verður því haldið í síðasta lagi þegar leyfishafi verður 74 ára. Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra útfæri ákvæðið nánar með reglugerð og að þar verði m.a. skilgreint hvenær menn skuli þreyta síðara prófið. Gert er ráð fyrir að skilyrði um læknisvottorð verði óbreytt. Rétt er að geta þess að læknisvottorð getur gefið tilefni til að láta leyfishafa undirgangast síðara hæfnisprófið. Að lokum áréttar samgöngunefnd þann skilning sinn á 5. mgr. 7. gr. laganna að atvinnuleyfi leigubifreiðastjóra falli úr gildi við lok 70. aldursársins og að heimilt sé að framlengja það til fullnaðs 75 ára aldurs. Leigubifreiðastjórar þurfa því að sækja um framlengingu leyfis við 71 árs aldur og geta stundað leiguakstur þar til þeir verða 76 ára. Framlenging leyfistíma getur því mest orðið fimm ár.

Stefán Guðmundsson, Árni Johnsen og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. mars 1999.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Egill Jónsson.
Ragnar Arnalds.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.

995. Breytingartillögur [281. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

Frá samgöngunefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   2. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda; hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur. Hæfi leyfishafa skal metið á grundvelli árlegrar læknisskoðunar og hæfnisprófs sem þreyta skal tvisvar sinnum eftir lok 70 ára aldurs leyfishafa. Hæfnispróf skal fyrst þreyta við fyrstu framlengingu leyfis og aftur innan þriggja ára frá þeim degi. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

996. Nefndarálit [388. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Birgi Má Ragnarsson og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Umsagnir bárust um málið frá Bændasamtökum Íslands, Fasteignamati ríkisins, Fjármálaeftirlitinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga um brunatryggingar, m.a. að hugtakið húseign verði skilgreint, að Fasteignamat ríkisins sjái eitt um hvort tveggja fasteignamat og brunabótamat og að heimilt verði að lækka brunabótamat frá því sem það ella hefði orðið ef húseign er í mjög lélegu ástandi og er ekki í notkun. Nefndin ræddi sérstaklega síðastgreinda atriðið og telur að ákvæði frumvarpsins í 7. efnismgr. 2. gr. séu of fortakslaus miðað við orð greinargerðar um markmið breytingarinnar og leggur til breytingu á þessu ákvæði þannig að nægilegt sé að húsið sé í lélegu ástandi og lítt í notkun til að heimilt verði að lækka brunabótamat þess. Jafnframt leggur nefndin til fjórar lagfæringar á frumvarpinu: Í stað orðsins „vátryggja“ í 1. og 2. efnismgr. 1. gr. komi: brunatryggja; orðið „þeirrar“ falli brott úr 1. efnismgr. 2. gr.; og tilvísun í 6. efnismgr. 2. gr. til 6. gr. verði til 5. gr.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er brunabótamat grundvöllur að fjárhæð ýmiss konar iðgjalda, gjalda og skatta sem eru reiknuð sem hlutfall af vátryggingarfjárhæðum sem taka mið af brunabótamati. Sem dæmi um þessi gjöld eru brunavarnagjald, umsýslugjald, iðgjald til viðlagatryggingar og gjald til Ofanflóðasjóðs. Nefndin ræddi þetta mál og beinir því til fjármálaráðherra, viðskiptaráðherra og félagsmálaráðherra að skoðað verði hvort rétt sé að hverfa frá því að nota brunabótamat sem grundvöll þessara gjalda og taka þess í stað upp fasteignamat sem viðmið. Slíkt gæti í mörgum tilfellum leitt til réttlátari skattheimtu.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Valgerður Sverrisdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. mars. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar Oddur Kristjánsson.	Árni R. Árnason.	Pétur H. Blöndal.

Gunnlaugur M. Sigmundsson.

997. Breytingartillögur [388. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „vátryggja gegn eldsvoða“ í fyrri málslið 1. efnismgr. komi: brunatryggja.
   b. Í stað orðsins „vátryggja“ í fyrri málslið 2. efnismgr. komi: brunatryggja.
2. Við 2. gr.
   a. Orðið „þeirrar“ í 2. málsl. 1. efnismgr. falli brott.
   b. Í stað „6. gr.“ í 6. efnismgr. komi: 5. gr.
   c. Í stað orðanna „ekki í notkun“ í 1. málsl. 7. efnismgr. komi: hafa lítt eða ekki verið í notkun.

998. Nefndarálit [324. mál]

um frv. til l. um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson og Áslaugu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Árna Guðmundsson frá Lífeyrissjóði sjómanna, Guðjón A. Kristjánsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal og Friðrik Á. Hermannsson frá Vélstjórafélagi Íslands og Þórarin V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Umsagnir bárust um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Lífeyrissjóði sjómanna, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Seðlabanka Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Verslunarráði Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heildarlög um starfsemi Lífeyrissjóðs sjómanna. Er þeim að meginefni ætlað að laga starfsemi sjóðsins að ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Einnig er breytingin á lögum um lífeyrisréttindi sjómanna nauðsynleg vegna stöðu sjóðsins en töluvert vantar upp á að sjóðurinn eigi eignir fyrir heildarskuldbindingum sínum. Slík breyting til skerðingar á réttindum verður ekki gerð nema með skýrri lagaheimild, sbr. dóm Hæstaréttar frá 28. maí 1998 í málinu 368/1997.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 2. gr. frumvarpsins sem ætlað er að tryggja betur rétt skipverja sem starfa á erlendum skipum í rekstri íslenskra aðila þannig að þeir teljist sjóðfélagar í Lífeyrissjóði sjómanna. Jafnframt er haldið inni þeirri heimild að öðrum íslenskum sjómönnum sem starfa á skipum erlendra aðila sé heimilt að greiða iðgjöld til sjóðsins. Breyting sem lögð er til á 3. mgr. 9. gr. er af sama meiði.

2. Lagt er til að tilnefningarvald Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda færist til Landssambands íslenskra útvegsmanna, með vísan til athugasemda í umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.
3. Lagðar eru til tvær breytingar á 5. gr., annars vegar að skýrt sé tekið fram frá hvaða degi og til hvaða dags reikna skuli dráttarvexti af vanskilum og hins vegar er efnisákvæði 2. málsl. 7. gr. flutt í nýja 3. mgr. 5. gr. þar sem sú framsetning er að mati meiri hlutans skýrari. Jafnframt er lagt til að 1. mgr. 7. gr. falli brott en í 1. málsl. málsgreinarinnar var tvítekning á efni 2. mgr. 5. gr.
4. Lagt er til, sbr. breytingar á 8. gr., að öll greidd iðgjöld reiknist að fullu við töku ellilífeyris, óháð fjölda greiddra ára til sjóðsins. Þetta þýðir aukningu á réttindum sjóðfélaga en hún er í samræmi við reglur almennu laganna um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Líta verður svo á að samkvæmt þeim lögum verði áunninn réttur ekki skertur með reglu sem þessari.
5. Lagðar eru til breytingar á margföldunarstuðlum í 2. mgr. 9. gr. og 5. mgr. 11. gr. sem leiða til þess að dregið er úr skerðingu á réttindum sjóðfélaga frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir, úr 13,4% í 12%.
6. Lagfært er orðalag og tilvísun í 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 11. gr.
7. Þá er lagt til að lögin öðlist gildi þegar í stað.
8. Að lokum er lagt til að við lögin verði bætt nýju ákvæði til bráðabirgða um að sérlög um Lífeyrissjóð sjómanna falli úr gildi 31. desember 2001 og eftir það tímamark falli starfsemi sjóðsins undir ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í þeim lögum er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra láti semja skýrslu á árinu 2001 um framkvæmd þeirra laga og þykir eðlilegt að sérlög gildi um Lífeyrissjóð sjómanna þar til sú skýrsla liggur fyrir og búið er að fá einhverja reynslu á almennu lögin.

Gunnlaugur M. Sigmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. febr. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Valgerður Sverrisdóttir.		Sólveig Pétursdóttir.

999. Breytingartillögur [324. mál]

við frv. til l. um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptnefndar (VE, SP, VS, PHB, EOK).

1. Við 2. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
   Sjóðfélagar eru allir sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir en starfa að viðhaldi og viðgerð skips eða öðrum störfum í

þágu útgerðar. Einnig eru sjóðfélagar íslenskir sjómenn sem ráðnir eru á útlend skip sem gerð eru út af íslenskum aðilum.

b. Síðari málsliður 6. mgr. orðist svo: Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa íslenskum sjómönnum sem starfa á erlendum skipum í rekstri erlendra aðila að greiða iðgjöld til sjóðsins.

2. 1. málsl. 3. gr. orðist svo: Stjórn sjóðsins skipa átta menn, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, sem hvert um sig tilnefnir einn stjórnarmann, og Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands, sem hvort um sig tilnefnir tvo stjórnarmenn.
3. Við 5. gr.
   a. Við lokamálslið 2. mgr. bætist: frá gjalddaga til greiðsludags.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip ef krafa kemur um það frá sjóðnum.
4. Við 7. gr. 1. mgr. falli brott.
5. Við 8. gr. Í stað síðari málsliðar 3. mgr. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- og örorkulífeyri er að ræða skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.
6. Við 9. gr.
   a. Í stað margföldunarstuðulsins „1,472“ í 2. mgr. komi: 1,496.
   b. Fyrri málsliður 3. mgr. orðist svo: Heimilt er sjóðfélaga sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslensk skip eða erlend í útgerð íslenskra aðila í 180 daga að meðaltali á ári, þó ekki skemur en 120 daga ár hvert, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára.
7. Við 10. gr. Í stað orðsins „umsækjanda“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: sjóðfélaga.
8. Við 11. gr.
   a. Í stað margföldunarstuðulsins „0,779“ í 1. málsl. 5. mgr. komi: 0,792.
   b. Í stað orðanna „5. mgr. 10. gr.“ í 2. málsl. 5. mgr. komi: 5. og 6. mgr. 10. gr.
9. Við 15. gr. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.
10. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Lög þessi falla úr gildi 31. desember 2001. Frá þeim tíma gilda lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, svo og samþykktir Lífeyrissjóðs sjómanna um starfsemi sjóðsins.

1000. Breytingartillögur [561. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
   Við 3. mgr. 5. gr. laganna bætist: nema annað sé tekið fram.

2. Við 2. gr., er verði 3. gr. Efnismálsgrein orðist svo:
   Um gjald fyrir leyfi samkvæmt grein þessari fer skv. 5. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. eftir því sem við á.

1001. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti og Martein Másson og Andra Árnason frá Lögmannafélagi Íslands. Umsagnir bárust um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Lögmannafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Seðlabanka Íslands, Vátryggingaeftirlitinu, Verðbréfaþingi Íslands og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti, meðal annars verði gildissvið laganna rýmkað nokkuð. Við undirbúning breytinganna hefur verið stuðst við tillögur FATF-ríkjahópsins sem tekið hefur að sér að hafa forgöngu í aðgerðum gegn peningaþvætti.

Nefndin leggur til eina efnisbreytingu á frumvarpinu þannig að lágmarksfjárhæð skv. 2. mgr. 3. gr. laganna verði aldrei lægri en sem nemur 15.000 evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi. Jafnframt verði létt þeirri kvöð af Seðlabanka Íslands að auglýsa fjárhæðarmörkin sérstaklega á hverju ári og lagt til að 12. gr laganna falli brott. Þá eru lagðar til tvær breytingar á tilvísunum í frumvarpinu með hliðsjón af þeim breytingum sem felast í frumvarpinu og ein orðalagsbreyting. Auk þess er eðli málsins samkvæmt lagt til að ákvæði til bráðabirgða falli brott, en Fjármálaeftirlitið tók yfir starfsemi tilgreindra aðila um síðustu áramót.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með fyrrnefndum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Valgerður Sverrisdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. mars 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Einar Oddur Kristjánsson.	Árni R. Árnason.	Pétur H. Blöndal.

Gunnlaugur M. Sigmundsson.

1002. Breytingartillögur [226. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Við bætist inngangsmálsgrein, svohljóðandi:
      Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna.
   b. Við bætist nýr liður, b-liður, svohljóðandi: Í stað tilvísunarinnar „7. og 8. gr.“ í 2. mgr. kemur: 7., 8. og 9. gr.
2. Við 3. gr. Á eftir b-lið komi nýr liður, svohljóðandi: Í stað orðanna „með hærri fjárhæð en 1.100.00 kr.“ í 2. mgr. kemur: með hærri fjárhæð en sem nemur 15.000 evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Fjármálastofnun skal“ kemur: Einstaklingur og lögaðilar, sem nefndir eru í 1. gr., skulu.
   b. Orðin „eða viðskiptasambandi“ falla brott.
4. Á eftir 13. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:
   12. gr. laganna fellur brott og breytast greinatölur samkvæmt því.
5. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
   a. Í stað tilvísunarinnar „8. og 9. gr“ í fyrri málslið 1. mgr. kemur: 8., 9. og 10. gr.
   b. Orðin „ríkissaksóknara eða“ í síðari málslið 1. mgr. falla brott.
6. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

1003. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ara Edwald, aðstoðarmann sjávarútvegsráðherra, og Kristján Skarphéðinsson og Árna Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneyti, en Árni mætti einnig sem fulltrúi sérfræðinganefndar sjávarútvegsráðherra. Þá komu á fund nefndarinnar Eiríkur Tómasson, Þorgeir Örlygsson og Baldur Guðlaugsson úr sérfræðinganefnd sjávarúvegsráðherra, Hómgeir Jónsson og Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Ágúst H. Elíasson, Arnar Sigurmundsson og Gunnar Tómasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Björn Jónsson og Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hinrik Greipsson frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Einnig komu á fund nefndarinnar Benedikt Valsson og Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hilmar Baldursson, Yngvi Harðarson, Jón Árnason og Arnar Kristjánsson frá Landssamtökum útgerðarmanna kvótalítilla skipa, Sturla Erlendsson, Jón Steinn Elíasson, Kristján Guðmundsson og Óskar Þór Karlsson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar og Árni

Múli Jónasson, Þórður Ásgeirsson, Snorri Pálmason og Guðmundur Kristmundsson frá Fiskistofu. Loks komu á fund nefndarinnar Örn Pálsson og Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda, Sigurður Líndal prófessor, Magnús Jóhannesson og Halldór Þorgeirsson frá umhverfisráðuneyti, Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Júlíus Magnússon, Bragi Sigurðsson, Þórður Ásgeirsson og Sigurður Kristjánsson frá svæðisfélaginu Kletti, Norðurlandi eystra, Friðrik Már Baldursson og Ásgeir Daníelsson frá Þjóðhagsstofnun og Guðmundur Malmquist og Bjarki Bragason frá Byggðastofnun.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Þjóðhagsstofnun, Verslunarráði Íslands, Strandveiðifélaginu Króki, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Vinnumálasambandinu, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssamtökum útgerðarmanna kvótalítilla skipa, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Hafrannsóknastofnun, ASÍ og Landssambandi smábátaeigenda.

Í dómi Hæstaréttar 3. desember sl. í máli nr. 145/1998: Valdimar Jóhannesson gegn íslenska ríkinu var dæmd ógild sú ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins 10. desember 1996 að hafna umsókn Valdimars um almennt og sérstakt veiðileyfi. Kemur fram í forsendum dómsins að ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sé í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og þau sjónarmið um jafnræði sem gæta þarf við takmörkun á atvinnufrelsi skv. 1. mgr. 75. gr. hennar að því leyti sem leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands séu til frambúðar bundin við skip sem haldið var til veiða á ákveðnum tíma. Í kjölfar dómsins voru samþykkt lög nr. 1/1999 til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990. Samhliða frumvarpi sem varð að lögum nr. 1/1999 var lagt fram það frumvarp sem er hér til meðferðar um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands þar sem talið var að gera þyrfti sams konar breytingu á leyfi til grásleppuveiða og almennum veiðileyfum á grundvelli laga nr. 38/1990.

Eftir nánari skoðun á frumvarpi því sem liggur hér fyrir, meðal annars með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 3. desember 1998 í máli nr. 145/1998, er það mat nefndarinnar að ekki þurfi að hrófla við ákvæðum laga um grásleppuveiðar. Leyfi til veiða á grásleppu eru annars eðlis en leyfi til veiða í atvinnuskyni eins og þau voru samkvæmt ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990 fyrir breytingarnar sem gerðar voru með lögum nr. 1/1999. Leyfi skv. 5. gr. snerist um takmörkun á rétti til veiða jafnt úr stofnum sem talið er nauðsynlegt að stjórna veiðum úr og stofnum sem talið er óhætt að stunda frjálsa sókn í. Leyfi til grásleppuveiða skv. 7. gr. laga nr. 79/1997 taka eingöngu til veiða á tilteknum fiskistofni og með þeim og tengdum aðgerðum hefur sóknin verið takmörkuð í verndarskyni. Ljóst þykir að kvótakerfi á grásleppuveiðum yrði mjög erfitt í framkvæmd og kemur þar til stutt veiðitímabil og að grásleppugöngur eru mjög mismunandi frá ári til árs á einstökum svæðum. Þá er erfitt að stjórna netaveiðum með dagatakmörkunum. Sjávarútvegsnefnd telur því vænlegast að stjórna veiðunum eins og gert hefur verið, með tilteknum fjölda veiðileyfa, afmörkuðu veiðitímabili, hámarksfjölda neta o.s.frv.

Í ljósi framangreinds leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til frekari skoðunar.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 5. mars 1999.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Hjálmar Árnason.
Svanfríður Jónasdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Vilhjálmur Egilsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Stefán Guðmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.

1004. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1997.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og farið yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Nefndin leggur ríka áherslu á að ráðherrar taki tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar og sjái til þess að ráðuneyti og stofnanir bregðist við þeim ábendingum sem stofnunin hefur sett fram.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 4. mars 1999.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Siv Friðleifsdóttir.	Kristján Pálsson.	Kristín Halldórsdóttir.

Arnbjörg Sveinsdóttir.

1005. Frumvarp til laga [592. mál]

um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Landsvirkjun er einnig heimilt að stofna og eiga hlut í innlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknar- og þróunarverkefni, þó ekki að taka að sér ráðgjöf eða verktöku í samkeppni við önnur fyrirtæki

á almennum markaði hér á landi. Þá er Landsvirkjun heimilt að eiga aðild að innlendum fyrirtækjum sem annast framleiðslu, flutning, dreifingu eða sölu orku.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að afla Landsvirkjun lagaheimildar til að eiga í fyrirtækjum innan lands sem takast á hendur rannsóknar- og þróunarverkefni eða framleiðslu, flutning, dreifingu eða sölu orku, þ.e. heits vatns, gufu og rafmagns.

Með breytingum á lögum um Landsvirkjun sem gerðar voru á 121. löggjafarþingi var tekin upp í 2. gr. laganna heimild fyrir Landsvirkjun til að hagnýta þá þekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála til verkefna erlendis með því að taka að sér verkefni fyrir fyrirtæki eða stofna og eiga hlut í erlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknir, ráðgjöf eða aðra þjónustu á sviði orkumála eða aðra starfsemi tengda orkumálum. Ekki var þá gert ráð fyrir að til beinnar eignaraðildar Landsvirkjunar gæti komið að öðrum fyrirtækjum hérlendis og tekið fram að til slíkrar þátttöku þyrfti því sérstaka lagaheimild.

Frá því að starfsheimildir Landsvirkjunar voru auknar á þann hátt sem að framan getur hefur átt sér stað ör þróun hérlendis að því er varðar rannsóknir á orku- og orkunýtingarkostum. Jafnframt er hafin endurskoðun á skipulagi og skipan orkumála.

Í vinnslu eða undirbúningi eru ýmis verkefni á sviði orkumála með þátttöku orkufyrirtækja þar sem þátttaka og eignaraðild Landsvirkjunar þykir æskileg, bæði af hálfu annarra verkefnisaðila og af hálfu Landsvirkjunar. Má sem dæmi taka fyrirhugað félag um rannsóknir á háhitasvæðinu í Öxarfirði og innlent félag sem hefur verið stofnað vegna rannsókna og þróunar á vetni og notkun þess. Að óbreyttum lögum getur Landsvirkjun ekki gerst eignaraðili að slíkum félögum og er frumvarpi þessu ætlað að bæta úr því. Jafnframt miðar frumvarpið að því að veita Landsvirkjun heimild til að stofna og eiga hlut í innlendum fyrirtækjum sem stofnuð kynnu að vera til að framleiða, flytja, dreifa eða selja orku. Eignaraðild Landsvirkjunar að slíkum fyrirtækjum gæti hvort heldur komið til í framhaldi af einstökum rannsóknar- og þróunarverkefnum, hún tengst breytingum á skipan orkumála eða eignarhaldi nýrra virkjana.

Í frumvarpinu felst hvorki heimild til eignaraðildar að fyrirtækjum á öðrum sviðum né til að taka að sér ráðgjöf eða verktöku hér á landi í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði. Gert er ráð fyrir að stjórn og forstjóri Landsvirkjunar marki stefnu og taki ákvarðanir um eignaraðild Landsvirkjunar að öðrum fyrirtækjum. Skuldbindingar sem slíkri eignaraðild fylgja ber hins vegar að flokka með skuldbindingum sem 14. gr. laga um Landsvirkjun tekur til, en samkvæmt þeirri grein þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju.

1006. Nefndarálit [543. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ingimarsson frá iðnaðarráðuneyti, Magnús Baldursson og Þorberg Karlsson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun, Hannes G. Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Guðjón Rúnarsson og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands.

Frumvarpið er flutt til að afla lagaheimildar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins til að stofna og eignast hlut í félögum sem hafa þann megintilgang að framleiða, flytja, dreifa eða selja orku, þ.e. heitt vatn, gufu eða rafmagn. Rafmagnsveiturnar eiga nú þegar samstarf við fjölmarga aðila, en nú er svo komið að stofna þarf til formlegs félagsskapar vegna fyrirliggjandi verkefna. Er mikilvægt að Rafmagnsveiturnar hafi skýra heimild til þátttöku í þeim félögum sem til stendur að stofna.

Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að Rafmagnsveitunum verði einnig heimilt að stofna eða eiga hlut í félögum til að nýta þekkingu og búnað sem Rafmagnsveiturnar búa yfir til þess að efla útflutning á sérþekkingu í þágu fyrirtækisins sjálfs. Rafmagnsveiturnar hafa bæði einar sér og í samstarfi við aðra staðið að markaðssetningu á íslenskri sérþekkingu tengdri orkumálum erlendis. Er því mikilvægt að þær fái þessa heimild til að stofna félög eða taka þátt í félögum sem starfa að tilteknum verkefnum. Hins vegar verður Rafmagnsveitunum ekki heimilað að taka að sér ráðgjöf eða verktöku hér á landi í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 4. mars 1999.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Árni Magnússon.	Hjörleifur Guttormsson.	Katrín Fjeldsted.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Ragnar Arnalds.	Hjálmar Árnason.

1007. Nefndarálit [311. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með frumvarpinu er lagt til að héraðsprestar íslensku þjóðkirkjunnar séu ráðnir til fimm ára í senn til samræmis við það sem gildir um sóknarpresta og presta, sbr. 36. gr. og 40. gr.

laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Samþykkt var á kirkjuþingi árið 1997 að leggja til þessa breytingu á lögunum og við meðferð málsins í nefndinni kom fram að almenn samstaða er um hana.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Valgerður Sverrisdóttir, Hjálmar Jónsson, Ögmundur Jónasson og Kristín Halldórsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1999.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Jón Kristjánsson. Árni R. Árnason.

Jóhanna Sigurðardóttir. Einar K. Guðfinnsson.

1008. Frumvarp til laga [593. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Elín Siv Káradóttir, barn í Noregi, f. 17. ágúst 1997 á Indlandi, skal öðlast ríkisborgararétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 1. október 1998 tóku gildi breytingar á lögum um ríkisborgararétt, nr. 100/1952. Urðu nokkrar breytingar á skilyrðum um veitingu ríkisborgararéttar en helsta breytingin fólst í því að dómsmálaráðherra var veitt heimild til að veita þeim íslenskan ríkisborgararétt sem uppfylla lögbundin skilyrði. Eftir sem áður getur Alþingi veitt ríkisborgararétt með lögum, sbr. 6. gr. laga nr. 100/1952. Þeim sem ekki uppfylla öll lögbundin skilyrði er gefinn kostur á að senda sérstaka greinargerð til allsherjarnefndar þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir því hvers vegna þeir telja að gera eigi undanþágu í þeirra tilviki. Að þessu sinni bárust 12 slíkar umsóknir til nefndarinnar.

Nefndin leggur til að ein undanþága verði veitt að þessu sinni. Er þar um að ræða barn sem ættleitt var af íslenskri konu og færeyskum manni á fyrri hluta ársins 1998. Uppfyllir það ekki skilyrði til að fá ríkisfang kjörföður og við ættleiðinguna uppfyllti það ekki heldur skilyrði til að fá ríkisfang kjörmóður. Hefði barnið verið ættleitt eftir 1. október sl., er lögum um íslenskan ríkisborgararétt var breytt, hefði það hins vegar öðlast íslenskt ríkisfang.

Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til að barninu verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur með lögum.

1009. Nefndarálit [471. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ingimarsson frá iðnaðarráðuneyti, Friðrik Sophusson, Örlyg Þórðarson og Agnar Olsen frá Landsvirkjun, Steinar Friðgeirsson og Kristján Jónsson frá Rafmagnsveitum ríkisins, Ólaf Pétursson og Einar Pálsson frá Hollustuvernd ríkisins, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins, Árna Einarsson frá Náttúrurannsóknarstöðinni við Mývatn, Ólöfu G. Valdimarsdóttur frá Náttúruverndarráði, Ásgrím Guðmundsson frá Orkustofnun og Leif Hallgrímsson og Birki Fanndal frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

Umsagnir um málið bárust frá Rafveitu Sauðárkróks, Orkustofnun, Landvernd, Umhverfissamtökum Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Náttúruvernd ríkisins, Rafmagnsveitum ríkisins, Náttúruverndarráði, Landsvirkjun, Skipulagsstofnun, Þjóðhagsstofnun, Hollustuvernd ríkisins og sveitarstjórn Djúpárhrepps.

Frumvarpið er flutt til að afla lagaheimilda fyrir nýjum virkjunum, Vatnsfellsvirkjun og Búðarhálsvirkjun. Er þeim ætlað að mæta aukinni raforkuþörf á almennum markaði og vegna hugsanlegra stóriðjuframkvæmda á næstu árum, en samningaviðræður standa nú yfir um aukna orkusölu Landsvirkjunar, m.a. til Norðuráls hf. á Grundartanga. Undirbúningur þessara virkjunarkosta er langt kominn og því ástæða til að afla lagaheimilda fyrir þeim. Þykja þessir kostir hagkvæmir og áhrif þeirra á umhverfi og landnýtingu eru fremur lítil.

Þá er lagt til í frumvarpinu að heimild Landsvirkjunar til að reisa og reka Villinganesvirkjun verði felld niður, en Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi sem þær eiga aðild að verði veitt heimildin þess í stað. Er þessi breyting lögð til með hliðsjón af breyttum áherslum stjórnvalda í raforkumálum sem lúta m.a. að því að raforka úr nýjum virkjunum nýtist fyrst þeim byggðarlögum þar sem hún er unnin.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram ósk Landsvirkjunar þess efnis að nefndin beitti sér fyrir breytingu á frumvarpinu á þá leið að leyfð yrði virkjun jarðgufuorku til rafmagnsframleiðslu í Bjarnarflagi við Námafjall með allt að 40 MW afli. Kom fram að sveitarstjórn Skútustaðahrepps væri einhuga um stuðning við málið og hefði m.a. lýst áhuga á því að tvinna saman virkjunina og þjónustu við ferðamenn á svæðinu. Nefndin tók þessa beiðni til ítarlegrar skoðunar og komst meiri hlutinn að þeirri niðurstöðu að rétt væri að fallast á hana. Telur meiri hlutinn ljóst að um er að ræða góðan virkjunarkost sem gæti orðið byggðinni á staðnum til verulegra hagsbóta.

Meiri hlutinn telur sérstaklega mikilvægt að veiting virkjanaleyfa samkvæmt frumvarpinu sé háð niðurstöðu um mat á umhverfisáhrifum og treystir því að vel verði vandað til verka í því efni. Telur meiri hlutinn að við mat á umhverfisáhrifum vegna Bjarnarflagsvirkjunar verði m.a. að kanna áhrif virkjunarinnar á landslag svæðisins, hveravirkni, efnistöku og frárennsli. Þá bendir meiri hlutinn á að um svæðið gilda sérstök lög, þ.e. lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974.

Aðrar breytingar sem meiri hlutinn leggur til eru eftirfarandi:

1. Í stað þess að heimilt verði að veita Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi með aðilum í Skagafirði sem þær eiga aðild að leyfi til að reisa og reka Villinganesvirkjun verði gert ráð fyrir að leyfið verði veitt Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði.
2. Breytt verði tilvísunum til lagagreina í tveimur greinum laganna.

3. Þá verði bætt við frumvarpið ákvæði þar sem lagt er til að sama breyting og lögð er til í frumvarpinu verði felld inn í lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983. Verði því samræmi milli laganna um þetta.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. mars 1999.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Á. Magnússon.	Katrín Fjeldsted.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ragnar Arnalds.		Hjálmar Árnason.

1010. Breytingartillögur [471. mál]

við frv til l. um breyt. á l. um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (StG, GuðjG, PHB, MagnM, KF, SAÞ, RA, HjÁ).

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. efnismgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
      3. Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Námafjall (Bjarnarflagsvirkjun) með allt að 40 MW afli.
   b. 2. efnismgr. orðist svo:
      Þá er iðnaðarráðherra heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði leyfi til að reisa og reka virkjun Hérðasvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.
2. Við bætist ný grein er verði 2. gr., svohljóðandi:
   Í stað „1. gr.“ í 3. og 4. gr. laganna, er verða 4. og 5. gr., kemur hvarvetna: 1. og 2. gr.
3. Við 3. gr. er verður 4. gr. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við 2. mgr. sömu greinar bætist: Vatnsfellsvirkjun, með allt að 110 MW afli, Búðarhálsvirkjun, með allt að 120 MW afli og Bjarnarflagsvirkjun, með allt að 40 MW afli.

1011. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um Orkusjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ingimarsson og Guðjón A. Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Landsvirkjun, Þjóðhagsstofnun, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Orkustofnun, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Verkfræðideild Háskóla Íslands og Eyþingi.

Frumvarpið byggist að miklu leyti á þeim ákvæðum orkulaga, nr. 58/1967, sem fjalla um Orkusjóð. Þó eru í því nokkur nýmæli. Gert er ráð fyrir að Orkusjóður fjármagni yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins. Þá er lagt til að ráðherra skipi tvo ráðsmenn en Alþingi kjósi þrjá ráðsmenn eftir hverjar alþingiskosningar. Gert er ráð fyrir að orkumálastjóri gegni ekki stöðu framkvæmdastjóra Orkusjóðs en veiti orkuráði ráðgjöf eftir því sem um er beðið. Lagt er til að orkuráð hafi heimild til að semja við aðra aðila en Seðlabankann um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins. Þá er gert ráð fyrir að tekjuafgangur af rekstri Rafmagnsveitna ríkisins renni ekki til sjóðsins. Loks er lagt til í frumvarpinu að ef ráðist er í orkuframkvæmdir sem undirbúnar hafa verið með fé ríkisins, þar með töldu fé Orkusjóðs, skuli framkvæmdaraðili endurgreiða Orkusjóði þann kostnað við veitingu virkjunar- eða nýtingarleyfa. Verði endurgreiðslu að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:

1. Tekið verði fram að Orkusjóði verði m.a. heimilt að styrkja sérstök verkefni á sviði hagrænna athugana í orkumálum og umhverfisathuganir í tengslum við orkurannsóknir.
2. Þá verði tekið sérstaklega fram að ráðherra skipi formann orkuráðs úr hópi stjórnarmanna en það er óljóst í frumvarpinu.
3. Fellt verði úr frumvarpinu ákvæði um að Orkusjóður skuli vera í vörslu Seðlabanka Íslands. Þess í stað verði orkuráði heimilt að semja við aðila sem lögum samkvæmt hafa heimildir til fjárvörslu um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins.
4. Bætt verði við ákvæði til bráðabirgða þar sem tekið verði fram að nýtt orkuráð skv. 3. gr. frumvarpsins skuli taka við stjórn Orkusjóðs við gildistöku laganna.

Alþingi, 4. mars 1999.

Stefán Guðmudsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Á. Magnússon.	Hjörleifur Guttormsson.	Katrín Fjeldsted.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Ragnar Arnalds.	Hjálmar Árnason.

1012. Breytingartillögur [225. mál]

við frv. til l. um Orkusjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. 4. tölul. 2. mgr. orðist svo: að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talda fræðslu og upplýsingastarfsemi, svo og hagrænar athuganir í orkumálum og umhverfisathuganir í tengslum við orkurannsóknir.
2. Við 3. gr.
   a. 4. málsl. 1. mgr. orðist svo: Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.
   b. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ráðherra ræður framkvæmdastjóra Orkusjóðs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Orkuráði er heimilt að semja við aðila sem hafa heimildir til fjárvörslu lögum samkvæmt um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins.
   Framkvæmdastjóri eða aðili sem orkuráð semur við skv. 1. mgr. skal hafa lokið gerð reikninga fyrir Orkusjóð eigi síðar en 1. mars ár hvert fyrir næstliðið ár og hafa afhent þá orkuráði til samþykktar.
   Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.
4. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Nýtt orkuráð skv. 3. gr. skal taka við stjórn Orkusjóðs við gildistöku laganna.

1013. Svar [524. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um eftirlit með vændi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig er fylgst með umfangi og eðli vændis hér á landi?*
2. *Hefur verið gerð könnun á vændi hérlendis á undanförnum árum?*
3. *Hversu margar ábendingar eða kærur vegna vændis hafa borist yfirvöldum undanfarin fimm ár?*
4. *Er ástæða til að ætla að hafin sé „útgerð“ á erlendum stúlkum hér á landi, einkum frá Austur-Evrópu?*
5. *Eru fyrirhugaðar lagabreytingar eða sérstakar aðgerðir til að sporna við vændi, sbr. nýlega löggjöf í Svíþjóð sem m.a. bannar kaup á blíðu kvenna og karla?*

Þann 18. febrúar sl. óskaði dómsmálaráðuneytið eftir upplýsingum frá öllum lögreglustjórum og ríkissaksóknara um þau atriði sem framangreind fyrirspurn lýtur að. Óskað var eftir yfirliti viðkomandi embættis um fjölda þeirra kæra sem borist hafa embættinu vegna brota á 206. og 208. gr. almennra hegningarlaga undanfarin fimm ár, svo og fjölda ákæra sem gefnar hafa verið út í kjölfarið. Einnig var óskað eftir upplýsingum um hvort haft væri sérstakt eftirlit með þessum brotaflokki eða annarri brotastarfsemi sem rekin er í tengslum við vændi og hvort slík mál tengdust sérstaklega stúlkum frá Austur-Evrópu.

Svör bárust frá öllum embættunum. Er skemmst frá því að segja að svör lögreglustjóra utan Reykjavíkur eru í meginatriðum samhljóða. Verður vikið sérstaklega að svari lögreglustjórans í Reykjavík hér á eftir.

Lögreglustjórar utan Reykjavíkur hafa ekki talið þörf á sérstöku eftirliti með vændi í umdæmum sínum, en fylgst er með slíkum brotum með sama hætti og öðrum brotum. Þessum embættum hafa ekki borist neinar ábendingar eða kærur vegna vændis á umræddu tímabili og viðkomandi lögreglustjórar telja sig ekki hafa ástæðu til að ætla að þar sé hafin „útgerð" á erlendum vændiskonum.

Í svari lögreglustjórans í Reykjavík kemur fram að frá árinu 1994 hafi 17 mál vegna ætlaðra brota á 206. gr. almennra hegningarlaga verið tilkynnt til lögreglu.

Lögreglustjóraembættið í Reykjavík hefur fylgst skipulega með þeim svokölluðu nektardansstöðum sem starfræktir eru í Reykjavík, þ.m.t. hvort skipulagt vændi fari þar fram. Hefur ekkert komið fram sem staðfestir orðróm um slíka starfsemi.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um neinar kannanir sem gerðar hafa verið á vændi hérlendis á undanförnum árum.

Á vegum ráðuneytisins er starfandi refsiréttarnefnd sem m.a. hefur það hlutverk að endurskoða almenn hegningarlög, nr. 19/1940. Lagabreytingar til að sporna við vændi eru meðal þeirra mála sem nefndin hefur til athugunar, en engar ákvarðanir hafa verið teknar í þessum efnum.

1014. Frumvarp til laga [594. mál]

um breytingu á lögum nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist: Þó er heimilt fram til 1. apríl 2001 að lögskrá þann sem ekki hefur hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna, enda liggi fyrir hjá lögskráningarstjóra staðfesting Slysavarnaskóla sjómanna á að viðkomandi hafi látið skrá sig á námskeið og hvenær það fari fram. Mæti skipstjórnarmaður eða aðrir skipverjar ekki á námskeið sem þeir eru skráðir á er lögskráningarstjóra óheimilt að lögskrá þá, nema viðkomandi hafi haft fullgildar ástæður fyrir forföllum sínum að mati Slysavarnaskóla sjómanna, hafi skráð sig að nýju á öryggisfræðslunámskeið skólans og muni ljúka því eins fljótt og kostur er og eigi síðar en 1. apríl 2001.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1994 urðu tímamót í öryggismálum sjómanna þegar lögfest var öryggisfræðsla fyrir sjómenn. Samkvæmt lögunum var yfirlýsing um að skipverji hefði hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan sambærilegan hátt gerð að skilyrði fyrir lögskráningu hans. Skipstjórnarmönnum var veittur frestur til 31. desember 1995 til að fullnægja ákvæðinu, en öðrum skipverjum til 31. desember 1996.

Með lögum nr. 119/1997, um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, var framlengdur aðlögunartíminn og kveðið á um að þeir skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar sem höfðu skráð sig á námskeið hjá Slysavarnaskólanum fyrir 1. janúar 1998 fengju frest til 1. apríl 1999 til að fullnægja skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna um öryggisfræðslunámskeið.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að lögskrá þann sem ekki hefur hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna, enda liggi fyrir staðfesting skólans á að viðkomandi hafi látið skrá sig á námskeið og hvenær það fari fram. Ef skipstjórnarmaður eða aðrir skipverjar mæta ekki á námskeið sem þeir eru skráðir á er lögskráningarstjóra óheimilt að lögskrá þá, nema viðkomandi hafi haft fullgildar ástæður fyrir forföllum sínum að mati Slysavarnaskóla sjómanna, hafi skráð sig að nýju á öryggisfræðslunámskeið skólans og muni ljúka námskeiði fyrir 1. apríl 2001.

Samkvæmt upplýsingum frá Slysavarnaskóla sjómanna og Siglingastofnun Íslands hafa ekki staðist áætlanir um fjölda sjómanna sem ekki höfðu undirgengist námskeið og ljóst er að töluverður hópur skipstjórnarmanna og annarra skipverja munu ekki eiga þess kost að gangast undir námskeið fyrir 1. apríl 1999 þótt þeir hafi skráð sig fyrir síðustu áramót.

Með hliðsjón af þeim fjölda sjómanna sem nú er skráður á öryggisfræðslunámskeið Slysavarnaskóla sjómanna og að ekki hefur verið hægt að henda reiður á nýliðun í sjómannastétt þykir rétt að hafa frestinn rúman eða til 1. apríl 2001 þannig að þeir sem hefja sjómennsku á tímabilinu fái hæfilegan viðbótarfrest til að uppfylla skyldur sínar.

1015. Nefndarálit [73. mál]

um till. til þál. um sérstakt átak í vegagerð í afskekktum landshlutum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust nefndinni frá Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að gert verði sérstakt átak til að ljúka uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á vegum sem tengja heila landshluta eða fjölmenn byggðarlög við meginþjóðvegakerfið og á næstu þremur árum verði varið allt að 2.500 millj. kr. úr ríkissjóði til þessa verkefnis, til viðbótar fjármunum af vegáætlun, með það að markmiði að árið 2001 verði allir þéttbýlisstaðir þar sem íbúar eru 100 eða fleiri tengdir þjóðvegakerfi landsmanna með vegum með bundnu slitlagi.

Samgöngunefnd vekur athygli á því að unnið er að slíku átaki í sérstakri nefnd um byggðamál í tengslum við fyrirhugaða breytingu á kjördæmum og leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Stefán Guðmundsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. mars 1999.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm. Guðmundur Árni Stefánsson. Egill Jónsson.

Ragnar Arnalds. Árni Johnsen. Magnús Stefánsson.

Kristján Pálsson.

1016. Fyrirspurn [595. mál]

til forsætisráðherra um örorkulífeyri og launatekjur.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver verður örorkulífeyrir, svo og aðrar bætur, 25 ára manns sem verður 100% öryrki, miðað við að hann hafi eftirfarandi mánaðarlaun:
   a. 80.000 kr.,
   b. 120. 000 kr.,
   c. 160.000 kr.,
   d. 200.000 kr.

   og hafi í fimm ár greitt iðgjald af tekjum sínum í lífeyrissjóð, búi einn í leiguíbúð og borgi 35.000 kr. í leigu á mánuði?

   Svar óskast sundurliðað þannig:
   a. Örorkulífeyrir frá lífeyrissjóði (t.d. Lífeyrissjóði verslunarmanna og Lífeyrissjóðnum Framsýn).
   b. Örorkulífeyrir, tekjutrygging, heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót frá Tryggingastofnun ríkisins.
   c. Húsaleigubætur frá sveitarfélagi.
2. Hvernig breytast ráðstöfunartekjur þessa manns fyrir tekjuskatt og eftir tekjuskatt þegar hann verður 100% öryrki að teknu tilliti til iðgjalds í lífeyrissjóð og félagsgjalds?
3. Á hann kost á frekari bótum eða uppbótum frá Tryggingastofnun ríkisins?
4. Hvaða kjara nýtur hann sem hann naut ekki áður en hann varð öryrki?
5. Hvaða kostnaður fellur að jafnaði á einstakling eftir að hann verður öryrki og hvaða kostnaðarliðir minnka eða hverfa?

Skriflegt svar óskast.

1017. Fyrirspurn [596. mál]

til forsætisráðherra um þróun kaupmáttar.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvernig hefur kaupmáttur, þ.e. hækkun umfram neysluverðsvísitölu, eftirfarandi þátta þróast hvert síðustu þriggja kjörtímabila:
   a. bóta almannatrygginga (grunnlífeyris, tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar),
   b. lífeyris frá lífeyrissjóðum,
   c. húsaleigubóta,
   d. atvinnuleysisbóta,
   e. launa á almennum markaði,
   f. launa opinberra starfsmanna,
   g. lágmarkslauna?
2. Hefur orðið umtalsverð fjölgun eða fækkun í hópi þeirra sem fá bætur, laun eða lífeyri, sbr. a–g-lið 1. tölul.?
3. Hafa nýjar tegundir bóta bæst við eða eldri fallið brott á tímabilinu, sbr. 1. tölul?
4. Hvaða hópar njóta húsaleigubóta og í hvaða hlutföllum?

Skriflegt svar óskast.

1018. Nefndarálit [92. mál]

um till. til. þál. um hvalveiðar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson, Kristján Skarphéðinsson, Arnór Halldórsson og Kristínu Haraldsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Svein Hjört Hjartarsson og Guðrúnu Lárusdóttur frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Ásbjörn Björnsson frá SÍF hf., Jóhann Sigurjónsson og Gísla Víkingsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Kristján Loftsson frá Hval hf., Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Guðmund Haraldsson frá Félagi hrefnuveiðimanna, Ásbjörn Björgvinsson frá Hvalamiðstöðinni á Húsavík, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Ernu Hauksdóttur, Einar Bollason og Hörð Sigurbjörnsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Friðrik Pálsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Jón Gunnarsson frá Sjávarnytjum, Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands og Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands.

Umsagnir um málið bárust frá Akraneskaupstað, Öldunni, skipstjóra og stýrimannafélagi, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum verslunarinnar, Hólmavíkurhreppi, Landssambandi smábátaeigenda, Leirár- og Melahreppi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fisk-

vinnslustöðva, Sjóferðum Arnars Sigurðssonar, Sjóferðum ehf., Sjómannafélagi Ísfirðinga, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Verkalýðsfélagi Akraness. Í vinnu sinni studdist nefndin jafnframt við umsagnir um 577. mál, hvalveiðar, sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Þá bárust umsagnir frá Dagsbrún-Framsókn, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Ferðamálaráði, Félagi hrefnuveiðimanna, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Fiskmarkaði Suðurnesja, Hafrannsóknastofnuninni, Hvalamiðstöðinni Húsavík ehf., Hval hf., Innri-Akraneshreppi, Konráð og sonum, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannafélagi Eyjafjarðar, Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sjómannasambandi Íslands, Verkakvennafélaginu Framtíðinni, Verkalýðsfélaginu Jökli og Vélstjórafélagi Íslands. Í meiri hluta umsagna var mælt með samþykkt málsins. Tillagan var einnig send utanríkismálanefnd til umsagnar og gerir hún ekki athugasemdir við þingmálið eftir athugun á því.

Tillagan felur í sér að hvalveiðar verði hafnar hér við land á þessu ári innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin leggur til og að sjávarútvegsráðherra verði falin framkvæmd veiðistjórnar á grundvelli gildandi laga.

Meiri hluti nefndarinnar tekur undir meginefni tillögunnar og leggur til við Alþingi að ályktað verði um að hefja skuli hvalveiðar hið fyrsta og að ríkisstjórninni verði falið að standa fyrir nauðsynlegri kynningu á þessari ákvörðun Alþingis og hrinda henni í framkvæmd þannig að veiðarnar geti hafist sem fyrst. Miðað er við að það geti orðið eigi síðar en á næsta ári.

Að málinu hefur verið unnið á undanförnum árum og er tillaga meiri hlutans nú í samræmi við álit starfshóps um hvalveiðar frá febrúar 1997 og samþykkt ríkisstjórnarinnar í framhaldi af því.

Verði tillagan samþykkt hefur Alþingi upphafið ályktun sína frá 2. febrúar 1983, en þar var ályktað að ekki yrði mótmælt samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðs um takmörkun hvalveiða, og markað nýja stefnu þar sem skýrt og skorinort er kveðið á um að hvalveiðar skuli hefjast og það hið fyrsta.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** tillögunnar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 stendur ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að

veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er.

Alþingi, 2. mars 1999.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Hjálmar Árnason.	Einar Oddur Kristjánsson.

Stefán Guðmundsson.

1019. Nefndarálit [510. mál]

um frv. til l. um Háskólann á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein og Gunnar Jóhann Birgisson frá menntamálaráðuneyti og Guðmund Heiðar Frímannsson forstöðumann kennaradeildar við Háskólann á Akureyri.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar þess að almenn lög voru sett um háskóla í árslok 1997. Þau lög, nr. 136/1997, hafa að geyma meginreglur um starfsemi háskóla þar sem kveðið er almennt á um hlutverk háskóla, stjórnsýslu hans og fjárveitingar til hans frá ríkisvaldinu. Við setningu laganna var gert ráð fyrir að lög hvers háskóla yrðu endurskoðuð og einfölduð, nánari útfærslur á starfsemi hvers skóla yrði að finna í sérlögum, reglugerð og öðrum reglum hvers skóla. Ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við þetta.

Í frumvarpinu er fjallað um þau atriði sem varða Háskólann á Akureyri sérstaklega. Gert er ráð fyrir að það muni ásamt háskólalögunum mynda ramma um starfsemi stofnunarinnar eins og tilgangurinn var með setningu almennra laga um háskóla. Háskólinn skal sjálfur skilgreina hvaða nám skuli verða í boði innan skólans en tilgreind eru ákveðin menntunarsvið sem hann skal leggja sérstaka áherslu á. Þá er ekki tilgreint í frumvarpinu hvernig deildarskipan skólans skuli vera heldur er ákvörðun um það lögð í hendur háskólaráði.

Í lögum um háskóla er í 3. mgr. 19. gr. kveðið á um að í sérlögum skuli setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla. Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um greiðslu skrásetningargjalds. Fjárhæð skrásetningargjalds tekur mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og annars sem skólinn lætur nemendum í té og er nauðsynleg vegna starfsemi skólans. Nefndin leggur til orðalagsbreytingu á þeirri grein til samræmis við sérlög um aðra háskóla en í 2. mgr. 4. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, er að finna sambærilegt orðalag. Með breytingunni kveður frumvarpið á um að við skrásetningu til náms greiði stúdent skrásetningargjald, allt að 25.000 kr. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Á undan fjárhæðinni „25.000 kr.“ í 2. mgr. komi: allt að.

Árni Johnsen og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Svanfríður Jónasdóttir.	Hjálmar Árnason.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.

Kristín Ástgeirsdóttir.

1020. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28 4. febrúar 1952.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir um það bárust frá Bandalagi íslenskra listamanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, byggðarráði Skagafjarðar, borgarstjóranum í Reykjavík, Stykkishólmsbæ, bæjarráði Árborgar, bæjarráði Reykjanesbæjar og Bandalagi íslenskra leikfélaga.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lög sem heimila sveitarstjórnum að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar verði lögð niður. Fram kemur í fylgiskjali með frumvarpinu að heimild laganna virðist nú hvergi vera notuð.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Ólafur Örn Haraldsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

Svanfríður Jónasdóttir.

1021. Nefndarálit [511. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóri Ólafsson, rektor Kennaraháskóla Íslands, og Arndísi Hilmarsdóttur og Sigurð Sigurðarson frá nemendaráði Kennaraháskóla Íslands.

Lagt er til að bætt verði við lögin sérstökum kafla sem fjalli um kennslu, framkvæmd prófa og agaviðurlög. Þá er lagt til að bætt verði við ákvæði um heimild til gjaldtöku fyrir ýmsa þjónustu sem skólinn veitir og heimild til að semja við ýmsa aðila um að taka að sér þjónustu fyrir skólann. Einnig er lagt til að háskólinn hafi sams konar heimildir og aðrar háskólastofnanir til að veita doktorsnafnbót.

Breytingarnar auka við almennar heimildir skólans á mikilvægum sviðum og kveða einnig skýrar á um réttarstöðu stúdenta. Settar eru skýrari reglur um málsmeðferð í máli stúdents hafi hann gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans er talin ósæmileg eða óhæfileg. Þegar endanleg ákvörðun liggur fyrir eftir málsmeðferð innan skólans á stúdent þess kost að skjóta máli sínu til sérstakrar áfrýjunarnefndar sem hefur endanlegt úrskurðarvald.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru gerðar í þeim tilgangi að samræma hugtakanotkun laganna.

Árni Johnsen og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.

Hjálmar Árnason.

1022. Breytingartillögur [511. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997.

Frá menntamálanefnd.

Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (1. gr.)
3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:
Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur ótímabundið ráðinna kennara.

b. (2. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 2. tölul. 2. mgr. orðast svo: fjórir fulltrúar ótímabundið ráðinna kennara og fjórir til vara kjörnir á almennum fundi þeirra hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn.
b. 3. mgr. orðast svo:
Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa ótímabundið ráðinna kennara.

1023. Nefndarálit [223. mál]

um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Þegar lögin um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins voru samþykkt á Alþingi var ákveðið að hafa sérstaka vöruþróunar- og markaðsdeild hjá Nýsköpunarsjóði. Þessi deild skyldi starfa í þrjú ár en síðan átti að leggja hana niður og eignir hennar að renna til almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðs. Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar er nú hætt við að leggja deildina niður. Nái vilji meiri hlutans fram að ganga verður deildin gerð að varanlegum hluta Nýsköpunarsjóðs.

Minni hlutinn telur ótímabært að breyta þessu ákvæði laganna um Nýsköpunarsjóð. Best væri að leggja deildina niður og láta eignir hennar renna til almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðs. Verksvið deildarinnar er að stuðla að markaðsaðgerðum og vöruþróun en þau verkefni er samkvæmt lögum hægt að vinna að innan almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðs. Ekkert í núgildandi lögum styður það að hluti sjóðsins sé rekinn í sérstakri deild.

Ástæða þess að deildin var stofnuð á sínum stíma er að iðnrekendur töldu að þeir ættu sérstakan rétt á því fjármagni sem hafði verið innheimt með iðnlánasjóðsgjaldi. Hér er því uppi sígild staða í íslensku atvinnulífi. Forsvarsmenn hagsmunagæslufélags, í þessu tilviki starfsmenn Samtaka iðnaðarins, vilja hafa áhrif á hvernig iðgjöldum fyrirtækja frá fyrri tíð verður varið. Ef vafi leikur á hver á þetta fé hefði verið nærtækast að greiða það til þeirra sem lögðu það fram á sínum tíma. Það er hins vegar ekki vilji ríkisstjórnarinnar né vina hennar innan Vinnuveitendasambandsins. Þeir vilja fá að ráðstafa fénu eins og þá lystir. Minna má á að þegar gengið var eftir því kom í ljós að iðnlánasjóðsgjaldinu hafði verið varið til að reka skrifstofu iðnrekenda. Reynt er viðhalda leynd yfir ráðstöfun þessa fjár. Þannig þurftu dómstólar að skera úr um að Nýsköpunarsjóði væri skylt að veita upplýsingar um styrkveitingar úr vöruþróunar- og markaðsdeildinni. Minni hlutinn átelur þessi vinnubrögð og telur að engin rök séu fyrir því að breyta núgildandi lögum. Deildin er óþörf en ef menn vilja ekki leggja hana niður strax hefði þó verið betra að gera það eftir þrjú ár eins og gildandi lög segja til um, frekar en að gera hana að varanlegum hluta Nýsköpunarsjóðs. Vitanlega er ekki skylt samkvæmt lögunum að eyða eignum deildarinnar á þessum þremur árum.

Benda má á að Nýsköpunarsjóður hefur aðeins starfað í eitt ár og því hefði verið eðlilegt að fresta ákvörðun um framtíð deildarinnar t.d. til hausts eða næsta árs. Ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis vill hins halda áfram að gæta hagsmuna vinnuveitenda og í þessu tilviki með því að fela þeim sérstakt ráðstöfunarvald yfir fjármunum almennings. Að frumkvæði minni hlutans ætlar meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar þó að leggja til að í ársreikningum Nýsköpunarsjóðs fylgi skrá yfir lánveitingar, hlutafjárkaup og óafturkræf framlög Nýsköpunarsjóðs. Það er vitaskuld til bóta.

Minni hlutinn telur algerlega ótímabært að lögfesta vöruþróunar- og markaðsdeild um aldur og ævi. Hægt er að vinna að þeim málum með almennu starfi sjóðsins á hagkvæmari og einfaldari hátt. Minni hlutinn leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 8. mars 1999.

Ágúst Einarsson, frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Sigríður Jóhannesdóttir.

1024. Lög [562. mál]

um breytingar á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998.

(Afgreidd frá Alþingi 8. mars.)

Samhljóða þskj. 909.

1025. Lög [561. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998.

(Afgreidd frá Alþingi 8. mars.)

1. gr.

Við 3. mgr. 5. gr. laganna bætist: nema annað sé tekið fram.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Fyrir útgáfu leyfis til áfengisveitinga skal greiða til sveitarfélags sem hér segir:

a. leyfi til sex mánaða eða skemur 20.000 kr.,
b. leyfi til eins árs eða skemur 30.000 kr.,
c. leyfi til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára 50.000 kr.,
d. leyfi til lengri tíma en tveggja ára 100.000 kr.

3. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Um gjald fyrir leyfi samkvæmt grein þessari fer skv. 5. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. eftir því sem við á.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Fyrir útgáfu leyfis samkvæmt þessari grein skal greiða til sveitarfélags 5.000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla brott 20. og 21. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 140/1995.

1026. Frumvarp til laga [354. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: til hlífðar brotaþola, vitnum eða öðrum sem málið varðar.
b. 2. mgr. orðast svo:

2. Dómari tekur ákvörðun um lokað þinghald að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda, sakbornings eða brotaþola. Ákvörðunina skal bóka í þingbók og vísa til þess ákvæðis í grein þessari sem við á. Sá sem fellir sig ekki við ákvörðun dómara getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sakbornings eða mönnum“ í 2. mgr. kemur: sakbornings, brotaþola eða öðrum.
b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

3. Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum máls og brotaþola skal ef sérstök ástæða er til afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 27. gr. laganna:

a. Við d-lið bætist: og 1. mgr. 218. gr.
b. Í stað orðanna „og 232. gr.“ í e-lið kemur: 232. og 233. gr.

4. gr.

1. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

1. Heimilt er dómara endranær eftir ósk sakbornings að skipa honum verjanda við rannsókn máls áður en til málshöfðunar kemur ef ástæða er til þess að mati dómara með tilliti til eðlis brots og allra aðstæðna.

5. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Skylt er lögreglu að verða við ósk sakbornings um að tilnefna honum verjanda ef hann hefur verið handtekinn í þágu rannsóknar opinbers máls. Tilnefning fellur sjálfkrafa úr gildi þegar sakborningur er látinn laus eða er leiddur fyrir dóm skv. 102. gr.

6. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

1. Sakborningi er á öllum stigum opinbers máls heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta réttar síns og halda uppi vörnum sem talsmaður.

2. Talsmaður hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða lögregla þó takmarkað rétt hans til að ræða við sakborning, vera viðstaddur yfirheyrslur, kynna sér gögn og fylgjast með framvindu rannsóknar ef hætta er á að hún torveldist við það.

7. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

1. Dómara eða lögreglu ber þegar skylt er eða heimilt að skipa eða tilnefna sakborningi verjanda að vekja athygli hans á þeim rétti.

2. Áður en verjandi er skipaður eða tilnefndur skal gefa sakborningi eða lögráðamanni hans, ef sakborningur er ekki sjálfráða, kost á að benda á löghæfan mann til að fara með starf verjanda. Við skipun eða tilnefningu verjanda skal að jafnaði fara eftir ósk sakbornings eða lögráðamanns. Þó getur dómari eða lögregla neitað að skipa eða tilnefna þann verjanda sem óskað er eftir ef uggvænt þykir að hann muni hindra rannsókn málsins á ólögmætan hátt.

3. Nú eru fleiri en einn maður hafðir fyrir sökum í sama máli og er þá heimilt að skipa eða tilnefna sama mann verjanda beggja eða allra ef telja má að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

8. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

1. Verjandi skal að jafnaði skipaður eða tilnefndur úr hópi lögmanna.

2. Þar sem ekki er kostur á lögmanni er heimilt eftir ósk sakbornings að skipa eða tilnefna einhvern annan löghæfan mann til að gegna starfi verjanda ef telja má hag sakbornings borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn. Það er borgaraleg skylda manns að taka að sér starf verjanda samkvæmt þessari málsgrein innan lögsagnarumdæmis þar sem hann er búsettur.

3. Ekki má skipa eða tilnefna þann mann verjanda sem kann að verða kvaddur til að bera vitni eða hefur verið skipaður mats- eða skoðunarmaður í málinu, eða er að öðru leyti svo viðriðinn mál eða aðila að hætta sé á að hann geti ekki gætt hagsmuna sakbornings sem skyldi.

9. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

1. Nú óskar sakborningur eftir því að skipun eða tilnefning verjanda verði afturkölluð og nýr verjandi skipaður eða tilnefndur og skal þá verða við slíkri ósk nema hætta sé á að málið tefjist af þeim sökum eða aukinn kostnað leiði af breytingunni.

2. Ef ætla má að verjandi hafi hindrað rannsókn máls með ólögmætum hætti eða brotið gegn starfsskyldum sínum á annan hátt getur ákærandi eða lögregla leitað atbeina dómara og krafist þess að hann verði leystur frá störfum og annar skipaður í hans stað. Verjandinn getur krafist þess að dómari úrskurði um þá kröfu.

10. gr.

2. mgr. 41. gr. laganna orðast svo:

2. Verjandi skal sjálfur sinna starfsskyldum sínum, þar á meðal annast flutning máls. Honum er þó heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann vera viðstaddan skýrslutökur og

rannsóknarathafnir, svo og sækja einstök þinghöld fyrir sína hönd, meðan á rannsókn máls eða meðferð stendur.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Orðin „sbr. þó 1. mgr. 43. gr.“ í 1. mgr. falla brott.
b. Á eftir orðunum „og ber“ í 3. mgr. kemur: dómara.

12. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

1. Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að eina viku frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins.

2. Þegar verjandi hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum gögnin með öðrum hætti.

3. Lögregla skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Skal hún taka til greina ábendingar hans um tilteknar rannsóknaraðgerðir nema hún telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.

13. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

1. Þóknun skipaðs verjanda skal ákveðin í dómi eða úrskurði ef máli lýkur þannig nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með þeim hætti ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega á annan hátt. Nú hefur dómi verið áfrýjað og verjandi skipaður, en fallið er frá áfrýjun eða mál fellt niður og ákveður þá Hæstiréttur þóknun verjanda.

2. Dómari ákveður þóknun í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið verjandi sakborningsins er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds verjanda.

3. Þóknun verjanda greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar skv. 164. gr.

14. gr.

Á eftir VI. kafla laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Brotaþoli og réttargæslumaður,** með níu nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (44. gr. a.)

1. Lögreglu er skylt, eftir því sem við á, að leiðbeina brotaþola um réttindi hans lögum samkvæmt.

2. Nú liggur fyrir hver brotaþoli er og skal þá tilkynna honum ef rannsókn máls er hætt eða það fellt niður með öðrum hætti án tillits til þess hvort hann hefur kært brotið. Ber að rökstyðja ákvörðunina ef brotaþoli krefst þess. Jafnframt skal lögregla benda brotaþola á að hann geti borið ákvörðun hennar um að hætta rannsókn undir ríkissaksóknara skv. 1. mgr. 76. gr.

3. Ef ákæra er gefin út skal ákærandi tilkynna brotaþola það þegar hún hefur verið birt. Jafnframt ber ákæranda að tilkynna brotaþola um niðurstöðu dóms, ef því er að skipta, eða afdrif máls að öðru leyti, svo sem ef málinu eða einkaréttarkröfu hans er vísað frá dómi.

4. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leiðbeiningar- og tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein.

b. (44. gr. b.)

1. Skylt er lögreglu að tilnefna réttargæslumann ef rannsókn máls beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli óskar þess. Þó skal ávallt tilnefna réttargæslumann ef brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst.

2. Skylt er lögreglu endranær eftir ósk brotaþola eða lögráðamanns hans að tilnefna honum réttargæslumann ef rannsókn beinist að broti á XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga eða 251.–253. gr. laganna, ætla má að brotaþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins og hann hefur að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu.

3. Lögregla getur tilnefnt brotaþola réttargæslumann þótt hann eða lögráðamaður hans hafi ekki óskað þess ef skilyrðum 2. mgr. er fullnægt og brotaþoli er sérstaklega sljór eða skilningslítill.

4. Þegar skilyrði eru til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.–3. mgr. skal það gert jafnskjótt og tilefni gefst. Tilnefning fellur sjálfkrafa niður við skipun réttargæslumanns skv. 44. gr. c, en ella skal lögregla taka ákvörðun um það hverju sinni.

c. (44. gr. c.)

1. Þegar mál hefur verið höfðað og skilyrði eru til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.–3. mgr. 44. gr. b skipar dómari brotaþola réttargæslumann.

2. Ef lögregla neitar eða lætur hjá líða að tilnefna brotaþola réttargæslumann skv. 44. gr. b getur hann eða lögráðamaður hans leitað atbeina dómara og óskað eftir því að honum verði skipaður réttargæslumaður.

d. (44. gr. d.)

1. Brotaþola er heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta hagsmuna sinna í málinu sem talsmaður.

2. Talsmaður hefur sömu réttindi og skyldur og réttargæslumaður eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða lögregla þó takmarkað rétt hans til að vera viðstaddur skýrslutöku af brotaþola og kynna sér gögn ef hætta er á að rannsókn torveldist við það.

e. (44. gr. e.)

Ákvæði 38.–40. gr. gilda um tilnefningu, skipun og hæfi réttargæslumanns, svo og afturköllun á tilnefningu og skipun hans eftir því sem við á.

f. (44. gr. f.)

1. Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna brotaþola og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur skv. XX. kafla laga þessara.

2. Réttargæslumaður skal sjálfur sinna starfsskyldum sínum, þar á meðal tjá sig fyrir dómi skv. 5. mgr. 172. gr. Honum er þó heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann vera viðstaddan skýrslutöku af brotaþola og sækja einstök þinghöld fyrir sína hönd.

3. Þagnarskylda hvílir á réttargæslumanni um það sem brotaþoli trúir honum fyrir og um önnur þau atriði sem hann hefur komist að í starfa sínum og ekki eru þegar kunn.

g. (44. gr. g.)

1. Meðan á rannsókn stendur er réttargæslumanni ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af brotaþola. Sé réttargæslumaður viðstaddur skýrslutöku getur hann beint

því til lögreglu að spyrja brotaþola um tiltekin atriði. Telji réttargæslumaður ástæðu til getur hann krafist þess að fá bókaða stuttorða athugasemd um framkvæmd skýrslutöku í lok hennar.

2. Eftir að ákæra hefur verið gefin út á réttargæslumaður rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli og ber dómara að tilkynna honum fyrir fram hvenær þau hefjist.

3. Réttargæslumaður má ekki beina spurningum til þeirra sem gefa skýrslu fyrir dómi. Þó getur hann óskað þess að dómari spyrji brotaþola tiltekinna spurninga eða dómari heimilað honum að spyrja brotaþola beint, sbr. 2. mgr. 59. gr. Þá er honum einungis heimilt að tjá sig munnlega fyrir dómi um réttarfarsatriði sem snúa sérstaklega að brotaþola og um einka-réttarkröfur hans skv. 5. mgr. 172. gr., en ekki um kröfur ákæruvalds að öðru leyti. Þó á réttargæslumaður rétt á að fá bókaðar stuttorðar athugasemdir í þingbók samkvæmt nánari ákvörðun dómara.

h. (44. gr. h.)

1. Meðan á rannsókn stendur á réttargæslumaður einungis rétt á að fá aðgang að þeim gögnum máls sem honum eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna brotaþola. Við þingfestingu máls á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að öllum gögnum þess nema dómari telji að það kunni að torvelda að mál upplýsist. Í því tilviki skal hann þó í síðasta lagi fá aðgang að gögnunum áður en málið er flutt.

2. Þegar réttargæslumaður hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta brotaþola í té eintak af endurriti eða kynna honum gögnin með öðrum hætti.

3. Brotaþoli, sem ekki nýtur aðstoðar réttargæslumanns, á rétt til aðgangs að gögnum máls skv. 1. mgr.

i. (44. gr. i.)

1. Þóknun skipaðs réttargæslumanns skal ákveðin í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur þannig, nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti. Nú hefur dómi verið áfrýjað og réttargæslumaður skipaður, en fallið er frá áfrýjun eða mál fellt niður, og ákveður þá Hæstiréttur þóknun réttargæslumanns.

2. Dómari ákveður þóknun í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið réttargæslumaður brotaþola er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds réttargæslumanns.

3. Þóknun réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar skv. 164. gr.

15. gr.

Fyrirsögn VII. kafla laganna, sem verður VIII. kafli þeirra, verður: **Sönnun og sönnunargögn.**

16. gr.

2. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

2. Dómara er heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði, brotaþoli eða vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað skv. 74. gr. a og 105. gr. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð ef þess er kostur og annar hvor málsaðili krefst eða dómari telur annars ástæðu til. Ef um er að ræða brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri skal hann þó ekki koma fyrir dóm að nýju nema dómari telji sérstaka ástæðu til.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

3. Nú er vitni statt fjarri þingstað, eða það hefði annars sérstakt óhagræði af því að koma fyrir dóm, og getur þá dómari ákveðið að skýrsla verði tekin af því á dómþingi gegnum síma eða annað fjarskiptatæki, enda verði skýrslutöku hagað þannig að allir sem staddir eru á dómþingi heyri orðaskipti við vitnið.

b. 3. mgr. verður 4. mgr.

18. gr.

Við 59. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

7. Þegar skýrsla er tekin af brotaþola yngri en 18 ára getur dómari kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku. Þá eiga ákærandi, ákærði og verjandi hans ekki rétt á að vera viðstaddir í dómsal eða annars staðar þar sem dómþing er háð ef dómari telur að nærvera þeirra geti orðið brotaþola sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð hans. Í því tilviki skal dómari sjá til þess að málsaðilar geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram og er honum rétt að leggja fyrir brotaþola þær spurningar sem þeir óska. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun skýrslutöku samkvæmt þessari málsgrein.

19. gr.

Fyrirsögn og númer VIII. kafla laganna falla brott.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

4. Þegar sérstaklega stendur á er ríkissaksóknara heimilt að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök er fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því.

b. 4. mgr. verður 5. mgr.

21. gr.

Við 1. mgr. 69. gr. laganna bætist: sbr. þó 74. gr. a.

22. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 74. gr. laganna orðast svo: Sama á við um aðrar aðgerðir sem nauðsynlegar eru vegna máls, þar á meðal skýrslutökur af sakborningi, brotaþola eða vitni skv. 74. gr. a.

23. gr.

Á eftir 74. gr. laganna kemur ný grein, 74. gr. a, sem orðast svo:

1. Meðan á rannsókn stendur fer fram skýrslutaka fyrir dómi í eftirgreindum tilvikum:

a. Ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn máls hefst ber lögreglu að leita atbeina dómara sem sér um að taka skýrslu af honum.

b. Ef lögregla telur nauðsynlegt að skýrsla verði tekin fyrir dómi af sakborningi, brotaþola eða vitnum til þess að upplýsa mál, áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum

eða öðrum gögnum þess, ber dómara að verða við slíkri beiðni þótt ákæra hafi ekki verið gefin út. Ef þörf krefur getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að þrjár vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.

c. Í öðrum tilvikum en greinir í a- og b-lið er heimilt að taka skýrslur af brotaþolum eða vitnum fyrir dómi áður en ákæra er gefin út ef þau neita að svara spurningum hjá lögreglu eða ef ætla má að þau komist ekki fyrir dóm við meðferð málsins, enn fremur ef það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna brotaþola eða vitna, svo sem ef um börn er að ræða.

2. Þegar skýrslutaka fer fram skv. 1. mgr. skal þess gætt að ákæranda, verjanda og réttargæslumanni brotaþola sé tilkynnt um hana fyrir fram þannig að þeir geti verið viðstaddir hana. Sé þess kostur skal framburður sakbornings, brotaþola og vitna tekinn upp á myndband. Ef skýrsla er tekin af brotaþola yngri en 18 ára skal enn fremur gætt ákvæða 7. mgr. 59. gr.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem hljóðar svo: Sá sem á hagsmuna að gæta getur borið ákvörðun lögreglu undir ríkissaksóknara sem tekur fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki.

b. Síðari málsliður 2. mgr. orðast svo: Skal honum jafnframt bent á að hann geti borið ákvörðunina undir ríkissaksóknara.

25. gr.

1. mgr. 87. gr. laganna orðast svo:

1. Til aðgerða sem taldar eru upp í 86. gr. þarf úrskurð dómara. Þó ber að veita lögreglu upplýsingar skv. b-lið þeirrar greinar án dómsúrskurðar ef fyrir liggur samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis. Í úrskurði skal m.a. taka fram hvaða tiltekinn síma eða fjarskiptatæki sé um að ræða, sbr. a- og b-lið, og hvar og með hverjum hætti samtöl, hljóð eða merki skulu numin eða myndir teknar, sbr. c- og d-lið. Í úrskurði skal setja aðgerð ákveðin tímamörk.

26. gr.

1. mgr. 114. gr. laganna orðast svo:

1. Nú er mál fellt niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. og skal ákærandi sem þá ákvörðun tók tilkynna hana sakborningi og ef því er að skipta brotaþola, enda liggi fyrir hver hann er. Ber að rökstyðja ákvörðunina ef þess er krafist.

27. gr.

Síðari málsliður 4. mgr. 115. gr. a laganna orðast svo: Dómari er ekki bundinn af slíkri ákvörðun ef til saksóknar kemur vegna brotsins.

28. gr.

3. mgr. 119. gr. laganna orðast svo:

3. Ef héraðsdómari telur að gallar séu á málatilbúnaði sem varðað geta frávísun skal hann benda ákæranda á þá. Hins vegar má hann ekki synja um útgáfu fyrirkalls af þeim sökum, enda er hann óbundinn af slíku áliti sínu við úrlausn máls.

29. gr.

Fyrsti málsliður 1. mgr. 120. gr. laganna orðast svo: Eftir að dómara hefur borist ákæra ákveður hann stað og stund þinghalds þar sem málið verður þingfest.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. Orðin „eftir atvikum“ í 2. mgr. falla brott.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   3. Ef skilyrði eru til þess að skipa brotaþola réttargæslumann skal það gert við þingfestingu máls eða ef það er ekki unnt, svo sem vegna þess að ekki hefur náðst til brotaþola, svo fljótt sem verða má eftir þingfestingu.
c. 3. mgr. verður 4. mgr.

31. gr.

Við 1. mgr. 129. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Jafnframt skal dómari taka ákvörðun um það hvort aðalflutningur skuli fara fram fyrir luktum dyrum skv. 2. mgr. 8. gr.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 142. gr. laganna:

a. Orðin „lokun þinghalds“ í b-lið falla brott.
b. Við d-lið bætist: eða réttargæslumann.

33. gr.

3. mgr. 145. gr. laganna orðast svo:

3. Aðilar kærumáls geta sent Hæstarétti skriflegar athugasemdir sínar um kærumálið innan sólarhrings eftir að kæra hefur borist réttinum.

34. gr.

Við 153. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

4. Ríkissaksóknari tilkynnir brotaþola enn fremur um áfrýjun. Ef úrlausn héraðsdóms um einkaréttarkröfur hans hefur verið áfrýjað skal honum um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um réttargæslumann. Ef skilyrði eru til þess að skipa brotaþola réttargæslumann gerir Hæstiréttur það.

35. gr.

164. gr. laganna orðast svo:

1. Til sakarkostnaðar teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar máls og meðferðar þess, þar á meðal:

a. þóknun verjanda og réttargæslumanns, svo og annar kostnaður vegna varnar í málinu og réttargæslu fyrir brotaþola,
b. kostnaður við sérfræðilegar álitsgerðir, mats- og skoðunargerðir og afnot muna annarra manna, svo og vitnaþóknun,
c. birtingargjöld,
d. kostnaður af fullnustu refsingar og annarra viðurlaga með aðfarargerð og eftir atvikum nauðungarsölu.

2. Af opinberu máli greiðast engin dómsmálagjöld.

36. gr.

167. gr. laganna orðast svo:

Kostnað, sem ákærandi, verjandi, réttargæslumaður eða lögregla valda vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma ákærða til að greiða.

37. gr.

1. mgr. 168. gr. laganna orðast svo:

1. Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun verjanda og réttargæslumanns skal þó ákveða með tiltekinni fjárhæð.

38. gr.

169. gr. laganna orðast svo:

1. Ef ákærði áfrýjar héraðsdómi og hann er sýknaður með öllu eða að hluta með dómi Hæstaréttar eða viðurlög eru þar milduð skal kostnaður af áfrýjun málsins felldur á ríkissjóð eða honum skipt samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 165. gr.

2. Ef ríkissaksóknari áfrýjar héraðsdómi en ákærði ekki og viðurlög eru ekki þyngd svo neinu nemi með dómi Hæstaréttar verður kostnaður af áfrýjun málsins felldur á ríkissjóð.

3. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur fyrir Hæstarétti nema máli sé þá lokið með dómi.

4. Eftir því sem við á fer að öðru leyti um málskostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt því sem mælt er fyrir í 164.–168. gr.

39. gr.

Í stað orðsins „umboðsmanni“ í 5. mgr. 172. gr. laganna kemur: réttargæslumanni.

40. gr.

Í stað orðanna „kröfur borgararéttarlegs eðlis“ í 174. gr. laganna kemur: einkaréttarkröfur.

41. gr.

Fyrirsögn XX. kafla laganna verður: **Einkaréttarkröfur.**

42. gr.

1. mgr. 175. gr. laganna orðast svo:

1. Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má taka til greina ef rannsókn hefur verið hætt eða ákæra ekki gefin út vegna þess að sú háttsemi, sem sakborningur var borinn, hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana, eða sakborningur hefur verið dæmdur sýkn með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

43. gr.

Orðin „enda þótt skilyrðum a-liðar 1. mgr. 175. gr. sé ekki fullnægt“ í 177. gr. laganna falla brott.

44. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga“ í 180. gr. laganna kemur: 18. gr. skaðabótalaga.

45. gr.

Við 1. mgr. 184. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

c. ef verulegar líkur er leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.

46. gr.

Við 187. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

2. Hæstiréttur getur ákveðið að varadómari, einn eða fleiri, verði kvaddur til að taka ákvörðun um hvort mál skuli tekið upp á ný þótt ekki sé fullnægt almennum skilyrðum til að kveðja varadómara til starfa.

47. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1999.

48. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði annarra laga sem hér segir:

1. Á eftir 1. mgr. 14. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, kemur ný málsgrein og breytist röð annarra málsgreina samkvæmt því:
   2. Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum máls skal ef sérstök ástæða er til afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.
2. Í stað orðanna „getur sakborningur“ í síðari málslið 3. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37 30. apríl 1993, kemur: geta sakborningur og brotaþoli.
3. Í stað orðsins „ákærða“ í 2. mgr. 2. gr. laga um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, kemur: brotaþola, og á eftir orðunum „við skipun“ í 1. mgr. 20. gr. sömu laga kemur: eða tilnefningu.

1027. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Bætur fyrir atvinnutjón skal ákveða fyrir tímann frá því að tjón varð þangað til tjónþoli getur hafið vinnu að nýju eða þar til heilsufar hans er orðið stöðugt.
b. Á eftir orðunum „veikinda- eða slysaforföllum“ í 2. mgr. kemur: 60% af greiðslu frá lífeyrissjóði, greiðslur frá sjúkrasjóði.

2. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Greiða skal þjáningabætur fyrir tímabilið frá því að tjón varð þar til heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, 1.300 kr. fyrir hvern dag sem hann er rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem hann er veikur án þess að vera rúmfastur. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé vinnufær.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika sem það veldur í lífi tjónþola. Varanlegur miski skal metinn til stiga og skal miða við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt.

Bætur fara eftir aldri tjónþola á tjónsdegi og skulu vera þessar fyrir algeran, 100 stiga, miska:

Aldur	**Krónur**	**Aldur**	**Krónur**
49 ára og yngri	4.000.000	62 ára	3.480.000
50 ára	3.960.000	63 ára	3.440.000
51 árs	3.920.000	64 ára	3.400.000
52 ára	3.880.000	65 ára	3.360.000
53 ára	3.840.000	66 ára	3.320.000
54 ára	3.800.000	67 ára	3.280.000
55 ára	3.760.000	68 ára	3.240.000
56 ára	3.720.000	69 ára	3.200.000
57 ára	3.680.000	70 ára	3.160.000
58 ára	3.640.000	71 árs	3.120.000
59 ára	3.600.000	72 ára	3.080.000
60 ára	3.560.000	73 ára	3.040.000
61 árs	3.520.000	74 ára eða eldri	3.000.000

Við lægra miskastig lækka fjárhæðir þessar í réttu hlutfalli. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að ákveða hærri bætur, allt að 50% hærri en samkvæmt töflunni.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir 4. mgr. 5. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Valdi líkamstjón, þegar heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna á tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku.

b. 4. mgr. orðast svo:

Frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns dragast greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá sams konar slysatryggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega dragast frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Jafnframt skal draga frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársafvöxtun. Aðrar greiðslur sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem lífeyrissjóði eða vátryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu.

5. gr.

6. gr. laganna, sbr. lög nr. 42/1996, orðast svo:

Bætur fyrir varanlega örorku skal meta til fjárhæðar á grundvelli örorkustigs tjónþola skv. 5. gr., árslauna hans skv. 7. gr. og eftirfarandi töflu, þannig að margfölduð séu saman örorkustig, árslaun og stuðull töflunnar í samræmi við aldur tjónþola á þeim tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við:

Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull
0	11,438	25	15,101	50	7,834
1	11,746	26	14,567	51	7,626
2	12,064	27	14,161	52	7,370
3	12,389	28	13,750	53	7,139
4	12,724	29	13,474	54	6,932
5	13,067	30	12,813	55	6,678
6	13,420	31	12,595	56	6,378
7	13,782	32	12,367	57	6,037
8	14,155	33	12,150	58	5,687
9	14,537	34	11,915	59	5,329
10	14,929	35	11,678	60	4,960
11	15,332	36	11,433	61	4,581
12	15,746	37	11,180	62	4,211
13	16,171	38	10,988	63	3,841
14	16,608	39	10,784	64	3,451
15	17,057	40	10,577	65	3,038
16	17,517	41	10,358	66	2,567
17	17,990	42	10,083	67	2,067
18	18,476	43	9,851	68	1,994
19	18,031	44	9,565	69	1,902
20	17,572	45	9,265	70	1,783
21	17,106	46	9,014	71	1,626
22	16,626	47	8,750	72	1,412
23	16,130	48	8,440	73	1,109
24	15,619	49	8,116	74	0,667

Sé tjónþoli orðinn 75 ára á þeim tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við, en hafi stundað vinnu þegar tjón varð, skal ákvarða honum bætur skv. 1. mgr. og skal þá notaður margfeldisstuðullinn 0,588.

Bótafjárhæðin skal greidd í einu lagi.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Árslaun til ákvörðunar bóta skv. 6. gr. skulu teljast vera meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við.

Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. mgr. skal ekki miða við lægri árslaun en tilgreint er í þessari töflu:

Aldur	**Kr.**
66 ára og yngri	1.200.000
67 ára	1.100.000
68 ára	1.000.000
69 ára	900.000
70 ára	800.000
71 árs	700.000
72 ára	600.000
73 ára	500.000
74 ára	400.000

Ekki skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr.

7. gr.

8. gr. laganna, sbr. lög nr. 42/1996, orðast svo:

Bætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skal ákvarða á grundvelli örorkustigs skv. 5. gr. Bætur skulu ákveðnar eftir reglum 5.–7. gr.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Í 4. og 6. gr. eru töflugildin miðuð við upphaf aldursárs. Við útreikning bóta skal reiknað með að margfeldisstuðull breytist hlutfallslega jafnt milli töflugilda.

9. gr.

10. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Mat á örorku. Örorkunefnd.

Þegar fyrir liggur sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola, eða þá læknisfræðilegu þætti skv. 2. og 3. gr. sem meta þarf til þess að uppgjör bóta samkvæmt lögum þessum geti farið fram, getur hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitið undir örorkunefnd. Heimilt er að óska álits örorkunefndar um ákvörðun örorku- og/eða miskastigs, án þess að fyrir liggi sérfræðilegt álit, ef málsaðilar standa sameiginlega að slíkri beiðni.

Í örorkunefnd eiga sæti þrír menn sem skipaðir eru af dómsmálaráðherra til sex ára í senn. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar, en einn lögfræðingur og er hann formaður nefndarinnar. Formaður skal fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara. Ráðherra skipar varamenn eftir sömu reglum og aðalmenn. Ráðherra er heimilt, að ósk nefndarinnar, að fjölga nefndarmönnum tímabundið í því skyni að tryggja að afgreiðsla mála dragist ekki. Um hæfi nefndarmanna til þess að fara með mál skal fara eftir reglum laga um sérstakt hæfi dómara.

Örorkunefnd skal semja töflur um miskastig.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu örorkunefndar. Í reglugerðinni skal m.a. vera heimild fyrir nefndina til þess að kveðja lækna og aðra sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar og jafnframt ákveðið hvernig staðið skuli að birtingu helstu álitsgerða hennar. Í reglugerð skal og kveða á um gjald fyrir álitsgerðir nefndarinnar.

10. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, tímabundið atvinnutjón og missi framfæranda bera vexti frá því að tjón varð. Bætur fyrir varanlega örorku bera vexti frá upphafsdegi metinnar örorku skv. 5. gr. Vextirnir skulu nema 4,5% á ári.

13. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að láta þann sem:

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni eða
b. ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.

Þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns má gera að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.

14. gr.

Á eftir 28. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:

Fjárhæðir samkvæmt lögum þessum eru miðaðar við lánskjaravísitölu eins og hún var 1. júlí 1993 (3282) og taka þær sömu breytingum og mælt er fyrir um í 15. gr., sbr. einnig lög nr. 12/1995, um vísitölu neysluverðs.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1999 og eiga við um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til bótaskylds atviks eftir gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 42/1996 og nr. 149/1997, fellur brott.

1028. Frumvarp til laga [135. mál]

um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur.

Viðskiptaráðherra fer með mál er varða sjálfseignarstofnanir samkvæmt lögum þessum, önnur en þau sem varða skráningu stofnananna, en með þau mál fer ráðherra Hagstofu Íslands. Með ráðherra er í lögum þessum átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilgreindur sérstaklega.

Um aðrar sjálfseignarstofnanir en þær sem lög þessi taka til fer eftir lögum um sjóði og stofnanir sem starfa eftir staðfestri skipulagsskrá eða öðrum lögum eftir því sem við á.

2. gr.

Sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum þessum verður til með þeim hætti að reiðufé eða önnur fjárverðmæti eru afhent óafturkallanlega með erfðaskrá, gjöf eða öðrum gerningi til ráðstöfunar í þágu sérgreinds markmiðs, enda fullnægi afhendingin að öðru leyti ákvæðum laganna.

3. gr.

Sjálfseignarstofnun telst stunda atvinnurekstur ef hún:

a. hefur tekjur af sölu á vörum og þjónustu og því um líku eða stundar starfsemi sem er í meginatriðum hliðstæð starfsemi annarra félaga eða einstaklinga í atvinnurekstri;
b. fer með meiri hluta atkvæða í hlutafélagi eða einkahlutafélagi eða öðrum félögum eða fer með öðrum hætti með sambærileg yfirráð.

Sjálfseignarstofnun telst þó ekki stunda atvinnurekstur í skilningi laga þessara ef starfsemi skv. 1. mgr. telst takmörkuð miðað við önnur umsvif stofnunarinnar eða varðar aðeins lítinn hluta af eigin fé stofnunarinnar.

Sjálfseignarstofnun, sem stundar ekki atvinnurekstur, fellur undir gildissvið laganna um leið og hún telst stunda atvinnurekstur skv. 1. mgr.

4. gr.

Lög þessi taka ekki til:

a. sjálfseignarstofnana sem starfa á grundvelli sérlaga eða eru stofnaðar með lögum eða ákvörðun Alþingis eða heimild í þjóðréttarsamningi og háðar eru eftirliti íslenska ríkisins eða annars ríkis;
b. sjálfseignarstofnana sem sveitarfélög stofna alfarið eða leggja fé í til að fullnægja beinum lagalegum skyldum sínum;
c. öldrunarstofnana.

5. gr.

Sjálfseignarstofnanaskrá, sbr. 1. mgr. 37. gr., úrskurðar hvort tiltekin sjálfseignarstofnun fellur innan ramma laga þessara.

6. gr.

Sjálfseignarstofnanir samkvæmt lögum þessum skulu bera orðið sjálfseignarstofnun í heiti sínu eða skammstöfunina ses. Að öðru leyti fer um heiti sjálfseignarstofnunar eftir ákvæðum firmalaga eftir því sem við á.

II. KAFLI
Stofnun og samþykktir.

7. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar sem ætlað er að stunda atvinnurekstur skv. 3. gr. skal tilkynna hana til skráningar hjá sjálfeignarstofnanaskrá áður en atvinnurekstur hefst, þó eigi síðar en sex mánuðum frá dagsetningu stofnskjals.

Sjálfseignarstofnun, sem stofnuð er með erfðaskrá, skal tilkynna þegar að loknum skiptum.

8. gr.

Sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum þessum, sem hefur ekki verið skráð hjá sjálfseignarstofnanaskrá, getur hvorki öðlast réttindi né borið skyldur. Hún getur heldur ekki verið aðili að dómsmálum.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um þær sjálfseignarstofnanir sem stunda ekki atvinnurekstur við gildistöku laga þessara en hefja hann síðar.

Þeir sem gera löggerninga fyrir hönd sjálfseignarstofnunar fyrir skráningu hennar skulu bera persónulega ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt þeim. Við tilkynningu um skráningu skv. 41. gr. færast skuldbindingar þó yfir á sjálfseignarstofnunina.

Með sjálfseignarstofnanir skal fara sem félög með takmarkaðri ábyrgð eftir því sem við á.

9. gr.

Í samþykktum (skipulagsskrá) sjálfseignarstofnunar skal greina eftirtalin atriði:

a. heiti;
b. heimili og aðalstarfsstöð;
c. tilgang;
d. stofnendur og framlagsfé þeirra;
e. stofnfé sjálfseignarstofnunar;
f. hvort sjálfseignarstofnun skuli taka við öðrum fjármunum en reiðufé í tengslum við stofnunina;
g. hvort stofnendur eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda í sjálfseignarstofnuninni;
h. fjölda stjórnarmanna og hugsanlegra fulltrúaráðsmanna, m.a. varamanna, og endurskoðenda (eða endurskoðunarfélaga) eða skoðunarmanna, starfstíma þeirra og hvernig þeir skuli valdir, svo og hvernig háttað skuli vali nýs stjórnarmanns eða fulltrúaráðsmanns í lausa stöðu;
i. hvert reikningsárið skuli vera;
j. hvernig ráðstafa skuli hagnaði eða fara með ef tap verður á rekstri sjálfseignarstofnunar;
k. hver sé bær um að ákveða breytingar á samþykktum, leggja sjálfseignarstofnun niður eða sameina hana annarri, svo og hvernig standa skuli að ráðstöfun eigna við slit hennar.

Skjöl, sem vísað er til í samþykktum en ekki eru tekin upp í þær, skulu fylgja þeim.

III. KAFLI
Stofnfé.

10. gr.

Stofnfé sjálfseignarstofnunar sem stundar atvinnurekstur skal vera minnst 1.000.000 kr. Þessari lágmarksfjárhæð skal ráðherra breyta í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Breytingin skal öðlast gildi við upphaf árs, enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni séu orðin til breytingar sem nemur a.m.k. tuttugu af hundraði frá því að breyting var síðast gerð. Þá skal lágmarksfjárhæð jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna.

Nú uppfyllir sjálfseignarstofnun kröfu um lágmarksfjárhæð þegar hún er stofnuð og er henni þá ekki skylt að hækka síðar stofnfé í samræmi við endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Ef stofnfé er greitt með öðrum fjármunum en reiðufé eða sjálfseignarstofnun skal í tengslum við stofnun hennar taka við slíkum verðmætum gegn gagngjaldi skal við skráninguna fylgja greinargerð endurskoðanda um það hvernig eignir eru metnar til fjár eða hvort ráðstöfunin sé eðlileg.

Greiðsla stofnfjár má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu.

Greiðslu stofnfjár skal inna af hendi áður en sjálfseignarstofnun er tilkynnt til sjálfseignarstofnanaskrár skv. 7. gr.

12. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar getur ákveðið að hækka stofnfé hennar:

a. með færslu úr frjálsum sjóðum stofnunarinnar og óráðstöfuðum hagnaði samkvæmt síðasta endurskoðuðum ársreikningi;
b. með arfi, gjöfum eða öðrum framlögum sem stofnunin hefur þegið til hækkunar á stofnfé.

Stjórnin gerir nauðsynlegar breytingar á samþykktum stofnunarinnar vegna hækkunar stofnfjár. Hún skal tilkynna fyrirhugaða hækkun til ráðherra með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Sé hækkun ákveðin með færslu úr sjóðum skv. a-lið 1. mgr. skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn sjálfseignarstofnunarinnar gefa yfirlýsingu um það, áður en hún er framkvæmd, að fjárhagur hennar sé með þeim hætti að þeir sjóðir séu enn fyrir hendi.

Sé hækkun ákveðin með arfi, gjöfum eða öðrum framlögum skulu ákvæði 1. og 2. mgr. 11. gr. gilda.

Framkvæmd hækkunar stofnfjár skal tilkynnt til sjálfseignarstofnanaskrár innan mánaðar frá ákvörðun um hækkun. Hækkun stofnfjár skal framkvæmd áður en tilkynnt er og öðlast hún ekki gildi fyrr en við tilkynningu. Ef ákvörðun um hækkun hefur ekki verið tilkynnt innan árs fellur hún úr gildi.

13. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar er ekki heimilt að lækka stofnfé, t.d. til að jafna tap fyrri ára, nema fyrir liggi leyfi ráðherra ásamt yfirlýsingu frá endurskoðanda eða skoðunarmanni stofnunarinnar um að vafalaust sé að hún eigi nægjanlegt fé til að fullnægja öllum kröfum.

Stjórnin skal annast nauðsynlegar breytingar á samþykktum vegna lækkunar stofnfjár og lækkunina skal tilkynna til sjálfseignarstofnanaskrár innan mánaðar frá því að hún var sam-

þykkt. Lækkun öðlast ekki gildi fyrr en við tilkynningu. Hafi ákvörðun um lækkun ekki verið tilkynnt innan árs fellur hún úr gildi.

Lækkun stofnfjár skal auglýst í Lögbirtingablaði.

Óheimilt er að lækka stofnfé niður fyrir þá fjárhæð sem um ræðir í 10. gr.

IV. KAFLI
Stjórn og framkvæmdastjórn.

14. gr.

Í stjórn sjálfseignarstofnunar skulu eiga sæti fæst þrír menn og a.m.k. einn varamaður. Stjórnartími skal vera fjögur ár nema annað sé ákveðið í samþykktum.

Ef ekki eru tilskilin ákvæði um það í samþykktum hvernig standa skuli að vali stjórnar skal fulltrúaráð velja stjórn ef slík stjórnareining er fyrir hendi en ella skulu stjórnarmenn velja nýja menn til setu í stjórninni. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meiri hluti ráða nema á annan veg sé mælt í samþykktum. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða. Sé ekki valinn stjórnarmaður í stað þess sem lætur af störfum innan árs skal ráðherra velja hann. Ráðherra skal að jafnaði velja menn til stjórnarsetu sem hafa þekkingu eða tengsl við starfssvið sjálfseignarstofnunar.

Stjórninni er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri getur ekki verið stjórnarformaður stofnunarinnar. Meiri hluta stjórnar skulu þeir mynda sem eru ekki framkvæmdastjórar stofnunarinnar.

15. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi nema ráðherra leyfi annað eða það leiði af alþjóðlegum skuldbindingum. Búsetuskilyrðið gildir ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

16. gr.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfi sínu lausu.

Geti stjórnarmaður ekki vegna langvarandi veikinda eða annarra forfalla sinnt starfi sínu sem skyldi skal hann víkja úr stjórninni.

17. gr.

Fullnægi stjórnarmaður ekki skilyrðum til setu í stjórn skv. 15. eða 16. gr. skulu aðrir stjórnarmenn svo fljótt sem verða má gera ráðstafanir til þess að valinn verði nýr stjórnarmaður til setu þann tíma sem eftir er af starfstíma stjórnar. Sama gildir ef stjórnarmaður fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er samkvæmt samþykktum.

Hlutist stjórn eða fulltrúaráð ekki til um val stjórnarmanna innan tveggja mánaða frá því að aðili missir hæfisskilyrði eða lætur af störfum af öðrum ástæðum skal ráðherra skora á stjórn eða fulltrúaráð að bæta úr því innan mánaðar. Verði ekki orðið við þeim tilmælum er ráðherra heimilt að velja nýjan stjórnarmann.

18. gr.

Myndi stofnandi (stjórnarmenn lögaðila), maki hans eða þeir sem tengdir eru stofnanda eða maka í beinan legg meiri hluta stjórnar skal tilkynna það ráðherra.

Sé stofnandi sjálfseignarstofnunar félag og maður, sem beint eða óbeint ræður helmingi atkvæða eða meira í félaginu, myndar meiri hluta stjórnar í stofnuninni með þeim sem eru honum jafnnánir og þeir er greinir í 1. mgr. skal slíkt tilkynnt ráðherra. Myndi síðastnefndir menn meiri hluta stjórnar skal það einnig tilkynnt ráðherra.

19. gr.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn gilda einnig um varamenn þeirra.

20. gr.

Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna. Ef fulltrúaráð er ekki í stofnun ákveður stjórnin sjálf þóknun sína. Þóknun stjórnarmanna má ekki vera hærri en venjulegt er miðað við eðli og umfang starfanna.

21. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli stofnunarinnar og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli stofnunarinnar og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni stofnunarinnar. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

22. gr.

Í samþykktum má ákveða að auk stjórnar skuli vera fulltrúaráð í stofnuninni. Sé svo skal í þeim kveða á um val og starfstíma fulltrúaráðsins og hlutverk eða starfssvið þess sem skal meðal annars velja í stjórn í samræmi við ákvæði samþykkta, vera tengiliður milli stofnenda og stjórnar eftir því sem við á, fylgjast með rekstri stofnunarinnar og hafa þá eftirlit með því hvernig stjórn og framkvæmdastjóri, ef til er, ráða málum hennar, þar með töldum fjármálum, og setja stofnuninni nauðsynlegar starfsreglur.

Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn mega ekki skipa meiri hluta fulltrúaráðs.

Ákvæði laganna um stjórn og stjórnarmenn eiga við um fulltrúaráð og fulltrúaráðsmenn eftir því sem við á.

23. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar kýs sér formann, ritara, sem jafnframt skal vera varaformaður, og gjaldkera nema kveðið sé á um annað í samþykktum.

Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Fund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess.

Framkvæmdastjóri á sæti á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður og hefur þar málfrelsi og tillögurétt nema stjórn stofnunarinnar ákveði annað í einstökum tilvikum.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

24. gr.

Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir fund, svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið sé þess kostur.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

Stjórn stofnunar er aðeins heimilt að fengnu leyfi ráðherra að ráðast í eða taka þátt í þeim óvenjulegu ráðstöfunum sem kunna að leiða af sér þá hættu að fyrirmælum samþykktanna verði ekki fylgt. Samþykki ráðherra skerðir ekki rétt sem grandlaus viðsemjandi getur öðlast á grundvelli 27. gr.

25. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar fer með málefni hennar og skal annast um að skipulag hennar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara stjórn og framkvæmdastjóri með stjórn stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin gefur. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórninni nema ekki sé unnt að bíða ákvörðunar hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi stofnunarinnar. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna stofnunarinnar. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri skal hann sjá um að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna stofnunarinnar sé með tryggilegum hætti.

Einungis stjórn sjálfseignarstofnunar getur veitt prókúruumboð.

26. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar kemur fram út á við fyrir hönd stofnunarinnar og ritar firma hennar.

Ákveða má í samþykktum að einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar hafi ritunarréttinn.

Ritunarréttinn má takmarka í samþykktum á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun er ekki unnt að skrá.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd stofnunarinnar í málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 25. gr.

27. gr.

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd stofnunar samkvæmt ákvæðum 26. gr. gerir löggerning fyrir hennar hönd bindur sá gerningur stofnunina nema:

a. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni, sem ákveðnar eru í lögum þessum, eða
b. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt, enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

V. KAFLI
Ársreikningur og endurskoðun.

28. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri stofnunarinnar skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Sé eigi kveðið á um annað í lögum þessum gilda ákvæði laga um ársreikninga og reglur á grundvelli þeirra eftir því sem við á.

29. gr.

Stundi sjálfseignarstofnun atvinnurekstur sem eftir einkennum sínum eða tilgangi er verulega frábrugðinn aðalatvinnurekstri hennar skal halda fjárreiðum og reikningshaldi varðandi þann rekstur aðskildum frá öðru bókhaldi og eignum stofnunarinnar.

Sé sjálfseignarstofnun í tengslum við atvinnufyrirtæki samkvæmt samþykktum sínum eða samningi skal þess getið í ársreikningi eða skýringum við hann.

30. gr.

Fulltrúaráð skal velja einn eða fleiri endurskoðendur (eða endurskoðunarfélög) eða skoðunarmenn og varamenn þeirra í samræmi við ákvæði samþykkta. Sé ekki gert ráð fyrir fulltrúaráði í sjálfseignarstofnun skal endurskoðandi endurskoða reikninga stofnunar og velur stjórn félagsins hann. Sé sjálfseignarstofnun án endurskoðanda eða skoðunarmanns skal ráðherra velja hann eða þá.

31. gr.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda stjórnvaldi því er tekur við ársreikningum félaga ársreikning eða samstæðureikning sjálfseignarstofnunar ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingum um hvenær ársreikningurinn var samþykktur.

VI. KAFLI
Úthlutun fjár o.fl.

32. gr.

Stjórn stofnunar veitir styrki eða úthlutar fé í samræmi við samþykktir og ákvæði 33. gr. Úthlutun fjármuna skal vera eðlileg með hliðsjón af tilgangi og eignarstöðu stofnunar.

Heimilt er stjórninni að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

33. gr.

Einungis er heimilt að úthluta af fjármunum stofnunarinnar sem hér segir:

a. hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og úr frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap, sem hefur ekki verið jafnað, og fé samkvæmt heimild í samþykktum í bundin framlög til sjóða stofnunarinnar eða til annarra þarfa;
b. til lækkunar stofnfjár skv. 13. gr.

34. gr.

Stjórn stofnunar er ekki heimilt að taka sér eða veita endurskoðendum, skoðunarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum sem fara með stjórnunarstörf hærra endurgjald fyrir störf hjá stofnuninni en venjulegt er eftir eðli og umfangi starfanna.

Óheimilt er stofnun að veita þeim sem getið er í 1. mgr. lán eða setja tryggingu fyrir þá. Sama gildir einnig um þann sem er giftur eða í óvígðri sambúð með þeim og þann sem er skyldur þeim að feðgatali eða niðja ellegar stendur þeim að öðru leyti sérstaklega nærri. Þetta á þó ekki við um venjuleg viðskiptalán.

Stjórnvald það er tekur við ársreikningi félaga hefur eftirlit með ársreikningum og tilkynnir ráðherra, m.a. á grundvelli úrtakskannana, ef telja má að ákvæði 1.–2. mgr. hafi verið brotin.

VII. KAFLI
Skaðabætur.

35. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn sjálfseignarstofnunar skulu skyldir til að bæta stofnuninni það tjón sem þeir hafa valdið henni í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar lánardrottinn eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum stofnunarinnar.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið og til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

Mál skv. 1. mgr. skal höfða gegn stofnendum innan tveggja ára frá töku ákvörðunar um stofnun og gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð. Gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum skal höfða mál innan tveggja ára frá því endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing var lögð fram.

VIII. KAFLI
Breyting samþykkta, slit og sameining.

36. gr.

Samþykktum sjálfseignarstofnana verður ekki breytt nema með heimild í þeim. Til breytinga á samþykktum þarf samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst ⅔ hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

Þó er fulltrúaráði, eða stjórn ef ekki er gert ráð fyrir fulltrúaráði í stofnuninni, heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum ef sýnt er að samþykktirnar séu ekki framkvæmanlegar eða andstæðar tilgangi stofnunarinnar. Láti fulltrúaráðið eða stjórnin undir höfuð leggjast að gera breytingar í slíkum tilvikum eftir að ráðherra hefur veitt hæfilegan frest til þess er honum heimilt að breyta samþykktum.

Sé stofnun leyst upp eða hún sameinuð annarri stofnun skal farið eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, sbr. einnig XIV. kafla sömu laga, eftir því sem við getur átt.

IX. KAFLI
Skráning.

37. gr.

Hagstofa Íslands skráir sjálfseignarstofnanir samkvæmt lögum þessum og starfrækir sjálfseignarstofnanaskrá í því skyni.

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu sjálfseignarstofnana samkvæmt lögum þessum, þar með talið skipulag skráningarinnar, rekstur hennar, aðgang að skránni og gjaldtöku, m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem skráðar hafa verið á tölvutæku formi.

38. gr.

Í tilkynningu sjálfseignarstofnunar skal greina:

1. heiti stofnunarinnar og hugsanlegt aukheiti;
2. heimilisfang og póstfang;
3. tilgang;
4. fjárhæð stofnfjár og hvernig það hefur verið greitt, í reiðufé eða öðrum fjármunum;
5. hvernig firmaritun er háttað;
6. fullt nafn, kennitölu og heimilisfang stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, prókúruhafa og endurskoðenda eða skoðunarmanna;
7. reikningsár og fyrsta reikningstímabil.

Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum og skulu undirskriftir staðfestar af lögbókanda, lögmanni, endurskoðanda eða tveimur vottum.

Tilkynningu skal fylgja í frumriti eða endurriti:

1. gerningur sá er sjálfseignarstofnunin grundvallast á, svo sem gjafabréf eða erfðaskrá;
2. samþykktir og önnur skjöl og reikningsgögn varðandi stofnunina;
3. sönnun fyrir því að stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur eða skoðunarmenn fullnægi skilyrðum laga til að mega gegna starfanum ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.

Sjálfseignarstofnanaskrá getur auk þess krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynleg eru til að taka afstöðu til þess hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum sjálfseignarstofnunarinnar. M.a. getur hún krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun sjálfseignarstofnunar varðandi greiðslu stofnfjár séu réttar.

39. gr.

Breytingar á samþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skal tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Leggja skal fram nýjan heildartexta samþykkta með innfelldum breytingum. Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga. Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa.

Auk tilkynninga skv. 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng sjálfseignarstofnana og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda eða skoðunarmanna og prókúruhafa miðað við 1. júní nema sjálfseignarstofnanaskrá ákveði að tilkynningar skuli miðast við annan dag.

40. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum laga þessara eða samþykkta sjálfseignarstofnunar eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem ákveðið er í lögum eða samþykktum skal synja skráningar.

Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með samþykkt stjórnar og skal þá gefa hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og ástæðum hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal sjálfseignarstofnanaskrá gera þeim aðila viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum skv. 1. og 2. mgr. getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla, enda sé mál höfðað innan sex mánaða frá því að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í sjálfseignarstofnanaskrá og birta síðan skv. 41. gr.

41. gr.

Sjálfseignarstofnanaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun sjálfseignarstofnunar og tilvísun í aðalefni aukatilkynninga. Þá getur skráin í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatilkynninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

Það sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði skal telja manni kunnugt nema atvik séu svo vaxin að telja megi hann hvorki hafa um það vitað né mátt vita. Ákvæði 1. málsl. taka þó ekki til ráðstafana sem gerðar eru innan sextán daga eftir birtingu ef viðkomandi maður sannar að hann hafi ekki getað aflað vitneskju um það sem birt var.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

Ef um misræmi er að ræða milli þess sem skráð er og þess sem birt er í Lögbirtingablaði getur sjálfseignarstofnunin ekki borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart þriðja manni. Hann getur hins vegar borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart stofnuninni nema sannað sé að hann hafi haft vitneskju um það sem skráð var.

X. KAFLI
Dagsektir.

42. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, skoðunarmenn eða skilanefndarmenn skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, samþykktum stofnunar eða ákvörðunum ráðherra eða sjálfseignarstofnanaskrár og getur skráin þá boðið þeim að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

XI. KAFLI
Refsingar.

43. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum:

a. að brjóta vísvitandi gegn ákvæðum laga þessara eða
b. að bera vísvitandi út rangar frásagnir eða skapa með samsvarandi hætti rangar hugmyndir um hag sjálfseignarstofnunar eða annað er hana varðar.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

44. gr.

Viðskiptaráðherra hefur almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara.

45. gr.

Ráðherra er heimilt að tilnefna mann eða menn til að gera sérstaka rannsókn hjá sjálfseignarstofnun varðandi stofnun hennar, tilgreind atriði í starfseminni eða einstaka þætti í

bókhaldi eða ársreikningi. Þeir skulu fá greidda þóknun frá stofnuninni og skal hún ákveðin af ráðherra.

Ákvæði laga um ársreikninga um hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda um þá sem taka að sér sérstaka rannsókn.

Afhenda skal ráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar.

46. gr.

Ráðherra eða umboðsmaður hans getur krafist allra gagna og upplýsinga til að viðkomandi megi rækja störf sín samkvæmt lögum þessum.

Telji ráðherra að einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri brjóti gegn ákvæðum þessara laga eða samþykktum sjálfseignarstofnunar getur hann gefið þeim fyrirmæli um að bæta úr.

47. gr.

Ef ákvæði skortir í erfðaskrá eða annað gilt stofnskjal að nokkru eða öllu um stjórn sjálfseignarstofnunar eða annað efni sem vera skal í samþykktum getur ráðherra bætt úr því sem á vantar.

48. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna, sbr. þó 2. mgr. 37. gr.

XIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1999.

Við gildistöku laganna bætist ný málsgrein við 1. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, svohljóðandi:

Um sjálfseignarstofnanir, sem stunda atvinnurekstur, fer samkvæmt lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

50. gr.

Ef sjálfseignarstofnanir eru skráðar samkvæmt ákvæðum laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skulu þær afskráðar um leið og þær eru skráðar samkvæmt lögum þessum.

Sjálfseignarstofnanir, sem eru starfandi við gildistöku laga þessara og falla undir gildissvið þeirra, eru óbundnar af ákvæðum 10. gr. um stofnfé. Innan sex mánaða frá gildistöku laganna skulu þær skráðar. Einnig skal aðlaga samþykktir þeirra ákvæðum laga þessara innan sama tíma.

Ráðherra og sjálfseignarstofnanaskrá hafa eftirlit með því að ákvæði 2. mgr. séu réttilega framkvæmd. Ráðherra er heimilt að breyta ákvæðum samþykkta stofnana ef það reynist nauðsynlegt til að fullnægja ákvæðum laganna.

1029. Lög [224. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. mars.)

Samhljóða þskj. 931 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:
Á eftir 40. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:
Verðbréfasjóður getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum.

7. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

1030. Frumvarp til laga [199. mál]

um opinberar eftirlitsreglur.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

1. gr.
Lög þessi ná til reglna um sérstakt eftirlit á vegum hins opinbera með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja, þar með taldra reglna sem er ætlað að stuðla að öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, neytendavernd, samkeppni, eðlilegum viðskiptaháttum og getu fyrirtækja til að standa við skuldbindingar sínar.
Lögin ná ekki til stjórnsýslueftirlits og innra eftirlits hins opinbera, þar með talins fjárhagslegs eftirlits, löggæslu, tollgæslu og eftirlits í tengslum við skatta og gjöld, sifjamál, vernd barna og ungmenna, reynslulausn og ákærufrestun.

2. gr.
Markmið laga þessara er að opinbert eftirlit stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytendavernd. Eftirlit á vegum hins opinbera má ekki leiða til mismununar né takmarka athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist.

3. gr.
Þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits skal viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Slíkt mat getur m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits.

Þegar stjórnarfrumvarp sem felur í sér ákvæði um eftirlit er lagt fyrir ríkisstjórn skal leggja fram greinargerð um mat skv. 1. mgr. Enn fremur skulu slíkar greinargerðir liggja fyrir þegar þess háttar reglur um eftirlit eru staðfestar í öðrum tilvikum.

Forsætisráðherra skal setja nánari reglur um mat á eftirlitsreglum og þær aðferðir við eftirlit sem leitast skal við að fylgja við undirbúning að setningu laga og reglna.

4. gr.

Eftirlitsreglur skulu hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði. Hámarksgildistími eftirlitsreglna eða hámarkstímabil endurskoðunarákvæða þeirra skal vera fimm ár. Við samningu eftirlitsreglna, framlengingu þeirra og endurskoðun skal fylgja ákvæðum 1. og 3. mgr. 3. gr.

Stjórnvald skal halda tæmandi skrá yfir þær eftirlitsreglur sem það setur. Skráin og tilkynningar um breytingar á henni skulu sendar forsætisráðuneyti. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

5. gr.

Forsætisráðuneyti skal:

1. hafa yfirsýn yfir eftirlitsreglur og annast heildarmat á áhrifum þeirra og eftirlits á vegum hins opinbera,
2. leitast við að tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni í eftirliti á vegum hins opinbera,
3. móta aðferðir við mat á opinberu eftirliti.

6. gr.

Forsætisráðherra skipar nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laga þessara. Nefndin skal skipuð fimm mönnum og skulu þeir hafa þekkingu á opinberu eftirliti eða viðfangsefnum þess. Meiri hluti nefndarmanna skal ekki vinna við eða bera ábyrgð á framkvæmd opinberra eftirlitsreglna. Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár.

Þeir aðilar sem eftirlit beinist að og aðrir þeir sem hagsmuni hafa af opinberu eftirliti geta óskað eftir athugun nefndarinnar á tilteknum þáttum þess. Ráðherrar geta sent nefndinni til umsagnar mál er varða opinbert eftirlit. Jafnframt getur nefndin átt frumkvæði að athugunum á vissum þáttum eftirlitsins.

Starf nefndarinnar skal miða að því að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við ákvæði 3. gr. og að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um skipan og starf nefndarinnar.

7. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Forsætisráðherra skal að jafnaði á þriggja ára fresti gefa Alþingi skýrslu um áhrif laga þessara, störf ráðgjafarnefndarinnar og önnur tengd atriði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðuneyti skulu gera áætlun um að endurskoða gildandi lagaákvæði og reglur um opinbert eftirlit. Við endurskoðunina skal fara fram mat á reglunum í samræmi við ákvæði 3. gr.

1031. Frumvarp til laga [388. mál]

um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Húseigendum er skylt að brunatryggja allar húseignir. Húseignir samkvæmt lögum þessum eru hvers konar byggingar sem ætlaðar eru til íbúðar, atvinnustarfsemi, geymslu eða annarra afnota.

Hús í smíðum er eigendum einnig skylt að brunatryggja á smíðatímanum. Fer um vátryggingarfjárhæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingafélags.

Vátryggingarskyldar húseignir skv. 1. mgr. er skylt að meta eigi síðar en fjórum vikum eftir að byggingu þeirra lauk eða þær hafa verið teknar í notkun. Eigandi ber ábyrgð á því að tilkynna vátryggingafélagi um lok byggingar eða notkun húseignar og óska eftir mati.

Vátryggingafélag skal ekki taka gilda uppsögn á brunatryggingu skv. 1. og 2. mgr. nema uppsögn fylgi staðfesting á að húseigandi hafi stofnað til nýrrar brunatryggingar hjá öðru vátryggingafélagi. Við eigendaskipti skal viðkomandi vátryggingafélag ekki taka gilda uppsögn nema henni fylgi staðfesting á að nýr eigandi hafi stofnað til brunatryggingar.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Vátryggingarfjárhæð húseignar skv. 1. mgr. 1. gr. skal nema fullu verði eignarinnar eftir virðingu. Fasteignamat ríkisins annast virðingu húseignar samkvæmt matskerfi og verklagsreglum stofnunarinnar. Heiti þeirrar gerðar er brunabótamat. Er markmið matsins að finna vátryggingarverðmæti húseignarinnar á þeim tíma er virðing fer fram. Skal matið taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Matið skal skrá í fasteignaskrá stofnunarinnar þar sem því skal viðhaldið.

Fasteignamat ríkisins getur endurmetið skyldutryggðar húseignir þegar stofnunin sér ástæðu til. Skal húseiganda tilkynnt um fyrirhugaða breytingu á mati. Vilji húseigandi ekki una breyttu mati samkvæmt þessari málsgrein skal hann tilkynna stofnuninni það með sannanlegum hætti innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um matið.

Brunabótamat nýrrar húseignar og endurmat skv. 2. mgr. skal vera húseiganda að kostnaðarlausu.

Húseiganda er ætíð heimilt á sinn kostnað að óska eftir því að Fasteignamat ríkisins endurmeti húseign hans. Skylt er húseiganda að óska nýs brunabótamats á húseign ef ætla má að verðmæti eignarinnar hafi aukist vegna endurbyggingar eða endurbóta.

Sé ágreiningur á milli vátryggingafélags og húseiganda um matsfjárhæð getur hvor aðili um sig óskað endurmats á sinn kostnað.

Ef húseigandi eða vátryggingafélag vill ekki una mati Fasteignamats ríkisins er heimilt að vísa ágreiningi þar um til yfirfasteignamatsnefndar, sbr. 5. gr.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að lækka vátryggingarfjárhæðir húseigna (brunabótamat) sem eru í lélegu ástandi og hafa lítt eða ekki verið í notkun frá því sem brunabótamat þeirra hefði ella orðið skv. 1. mgr. Heimild þessi verður því aðeins nýtt að fyrir liggi staðfesting sveitarstjórnar á ástandi eignar og notkun og að hún geri ekki athugasemdir við að mat verði lækkað. Fasteignamat ríkisins tilkynnir eiganda húseignar, vátryggingafélagi og veðhöfum, ef einhverjir eru, um breytingu á vátryggingarfjárhæð samkvæmt þessari málsgrein.

Séu húseignir á eyðijörðum nýttar sem sumarhús eða til annarrar dægradvalar fer um brunabótamat slíkra eigna sem væru þær sumarbústaðir.

Ef brunabótamat byggist á beinni skoðun á húseign skal gefa húseiganda, eða fulltrúa hans, kost á því að vera viðstaddur.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að reikna brunabótamat án skoðunar. Skal útreikningur þessi gerður á grundvelli upplýsinga sem fyrir liggja í fasteignaskrám stofnunarinnar og í öðrum þeim gögnum sem hún kann að hafa yfir að ráða. Áður en mat samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi skal húseiganda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við matið. Hafi hann eigi komið athugasemdum sínum sannanlega á framfæri við Fasteignamat ríkisins innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um matið skal litið svo á að hann sé því samþykkur.

Vátryggingarfjárhæð breytist til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar hinna ýmsu tegunda húseigna.

Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun brunabótamats samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 2. mgr. fellur brott.
b. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt getur hvor um sig krafist endurmats Fasteignamats ríkisins og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ágreiningi um bótafjárhæð skv. 2. mgr. eða um endurmatsverð skv. 3. mgr. er heimilt að skjóta til gerðardóms sem ráðherra vátryggingamála setur nánari ákvæði um í reglugerð. Kostnað við úrskurð ber sá er gerð gengur á móti.

4. gr.

4. gr. laganna verður 7. gr.

5. gr.

4. gr. a laganna verður 4. gr.

6. gr.

5. gr. laganna verður 8. gr.

7. gr.

Í stað núgildandi 5. gr. laganna kemur ný 5. gr., svohljóðandi:

Ágreiningi um brunabótamat má skjóta til úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar. Fyrir kostnað við úrskurð nefndarinnar skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra vátryggingamála setur. Kostnað við úrskurð ber sá sem gerð gengur á móti.

8. gr.

6. gr. laganna verður 9. gr.

9. gr.

Í stað núgildandi 6. gr. laganna kemur ný 6. gr., svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að uppfæra og halda skrár yfir brunabótamat húseigna skulu húseigendur greiða sérstakt gjald til Fasteignamats ríkisins, umsýslugjald. Gjald þetta skal nema 0,025 ‰ (prómillum) af brunabótamati hverrar húseignar og skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila umsýslugjaldi til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögunum falla brott.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1032. Frumvarp til laga [324. mál]

um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

I. KAFLI

Heiti sjóðsins, hlutverk, aðild og iðgjald.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði sem kveðið er á um í lögum þessum og samþykktum sjóðsins.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir fjárfestingarstefnu, eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykkta sjóðsins.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðfélagar eru allir sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir en starfa að viðhaldi og viðgerð skips eða öðrum störfum í þágu útgerðar.

Einnig eru sjóðfélagar íslenskir sjómenn sem ráðnir eru á útlend skip sem gerð eru út af íslenskum aðilum.

Yfirmönnum á skipum ríkissjóðs sem við gildistöku laga þessara greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilt að vera sjóðfélagar í þeim sjóði. Um heimildina að öðru leyti fer eftir lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Sjómönnum sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hafði veitt undanþágu frá aðild að þessum sjóði, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingarskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi byggðarlags.

Sjóðfélögum sem hætta störfum á sjó skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. fimm ár og áunnið sér a.m.k. þrjú stig.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna er aðild eiga að sjóðnum að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þeim sökum. Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa íslenskum sjómönnum sem starfa á erlendum skipum í rekstri erlendra aðila að greiða iðgjöld til sjóðsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa átta menn, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, sem hvert um sig tilnefnir einn stjórnarmann, og Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands, sem hvort um sig tilnefnir tvo stjórnarmenn. Sömu aðilar skipa varamenn í stjórnina. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár. Sjóðstjórn skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

5. gr.

Iðgjald til sjóðsins skal nema 10% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 6%.

Launagreiðanda ber að halda eftir 4% iðgjöldum af launum starfsmanna sinna og standa sjóðnum skil á þeim ásamt eigin iðgjaldshluta. Á þeim skipum þar sem hver mánuður telst sérstakt launatímabil er gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar 15. dagur næsta mánaðar. Á þeim skipum þar sem hver veiðiferð telst sérstakt kauptryggingartímabil er gjalddagi iðgjalds 15. dagur eftir að veiðiferð lýkur. Verði vanskil á greiðslu iðgjalds lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga skal innheimta dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip ef krafa kemur um það frá sjóðnum.

6. gr.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt er umfram iðgjald skv. 5. gr. og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá sjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum. Jafnframt er heimilt að kveða á um í samþykktum að hluta iðgjalds skv. 5. gr. sé varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

7. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á viðkomandi skipi án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

II. KAFLI
Lífeyrisréttindi.

8. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera 49.084 kr. og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í tíföld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- og örorkulífeyri er að ræða skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,496.

Heimilt er sjóðfélaga sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslensk skip eða erlend í útgerð íslenskra aðila í 180 daga að meðaltali á ári, þó ekki skemur en 120 daga ár hvert, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um 0,4% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.

Taki sjóðfélagi ellilífeyri á aldrinum 60–65 ára og greiði á sama tíma iðgjöld til sjóðsins ávinnur hann sér réttindi að hálfu vegna þeirra iðgjalda. Skulu réttindi reiknuð á ný við 65 ára aldur.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir 65 ára aldur og hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 70 ára aldri.

10. gr.

Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 40% eða meira, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en eitt stig hvert þessara þriggja ára,
b. greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
c. orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a- og b-lið 1. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufar og starfsorku sjóðfélaga aftur í tímann, svo og áliti trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingayfirlæknis. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu.

Heimilt er að fengnu áliti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 9. gr. að viðbættum lífeyri sem svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 60 ára aldurs, reiknað skv. 6. mgr. þessarar greinar. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast hámark örorkulífeyris í samræmi við áunnin geymd stig.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 60 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera sem hér segir:

a. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu fimm almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn þetta fimm ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.
b. Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. a-lið meira en fjórum stigum skal reikna með meðaltalinu allt að tíu árum en síðan til 60 ára aldurs reiknað með fjórum stigum á ári.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap hefur varað skemur en í sex mánuði.

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan eykst til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi

sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan jókst ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta er hundraðshluti örorku segir til um stig sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum til 60 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í stétt eða starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á hinn eftirlifandi maki þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið staðið í a.m.k. fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og eftirlifandi maka. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Nú andast sjóðfélagi sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. 10. gr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri skv. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, eða greiðsla skv. 2. mgr. stendur skemur en 24 mánuði, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans. Ef eftirlifandi maki er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,792. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 60 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 5. og 6. mgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir til 60 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Sama

rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir að lágmarki vera 7.500 kr. með hverju barni. Fjárhæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins er ótryggur og ætla má að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á lögum sjóðsins.

14. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skulu sett í samþykktir sem stjórn sjóðsins semur og staðfestar eru af fjármálaráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 94/1994, um Lífeyrissjóð sjómanna, og reglugerð um starfsemi sjóðsins frá 1. september 1994. Þó skulu ákvæði reglugerðarinnar um lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga halda gildi sínu til 30. júní 1999. Frá 1. júlí 1999 gilda ákvæði laga þessara og samþykkta sjóðsins sem settar verða á grundvelli laga um lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur sjóðfélaga. Ný stjórn sjóðsins skv. 3. gr. skal taka við eftir fyrsta ársfund sjóðsins sem haldinn skal fyrir lok júní 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi falla úr gildi 31. desember 2001. Frá þeim tíma gilda lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, svo og samþykktir Lífeyrissjóðs sjómanna um starfsemi sjóðsins.

1033. Frumvarp til laga [414. mál]

um alþjóðleg viðskiptafélög.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði. Skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um alþjóðleg viðskiptafélög.

Með alþjóðlegu viðskiptafélagi er í lögum þessum átt við félag sem stofnað er og skráð hér á landi og hefur starfsleyfi skv. II. kafla þessara laga.

Alþjóðlegum viðskiptafélögum er einungis heimilt að stunda starfsemi sem kveðið er á um í III. kafla.

Alþjóðlegum viðskiptafélögum er skylt og einum heimilt að hafa í heiti sínu orðin alþjóðlegt viðskiptafélag eða skammstöfunina a.v., a/v eða av.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

Atvinnufyrirtæki erlendis er félag sem skráð er erlendis og er að öllu leyti með atvinnustarfsemi sína erlendis.

Erlendur aðili er einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili sem á heimili erlendis. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heima erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Innlendur aðili er einstaklingur, búsettur hér á landi, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili sem á heimili hér á landi. Einstaklingur telst búsettur hér á landi ef hann á lögheimili sitt hér á landi samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heimili sitt hér á landi ef hann er skráður hér á landi eða ef hann telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum.

Íslensk lögsaga er efnahagslögsaga Íslands eins og hún er skilgreind í lögum á hverjum tíma.

II. KAFLI
Stofnun og starfsleyfi.

3. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag verður einungis stofnað sem hlutafélag eða einkahlutafélag. Til að hefja starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags þarf starfsleyfi nefndar skv. 4. gr. laganna. Skráning félags sem fyrirhugar að sækja um starfsleyfi sem alþjóðlegt viðskiptafélag í hlutafélagaskrá veitir félaginu ekki sjálfkrafa rétt til að hefja slíka starfsemi.

4. gr.

Sérstök fimm manna nefnd, starfsleyfisnefnd, veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Viðskiptaráðherra skipar nefndina og skulu dómsmálaráðherra, samgönguráðherra, sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra tilnefna sinn manninn hver, en sá fimmti skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Viðskiptaráðherra lætur nefndinni í té starfsaðstöðu og greiðir kostnað af starfi hennar. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

5. gr.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skal fylgja lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og viðskiptaáætlun. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hluthafa og stjórnarmenn og aðra stjórnendur auk annarra upplýsinga og gagna sem starfsleyfisnefnd ákveður. Félagssamþykktir skulu fylgja umsókn um starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags.

Stofnendur, hluthafar, stjórnarmenn og aðrir stjórnendur félags sem sækir um starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða samkvæmt sambærilegum erlendum lögum eða tengjast með einhverjum hætti refsiverðri starfsemi.

Starfsleyfisnefnd kannar umsókn og þær upplýsingar og gögn sem henni fylgja eða nefndin aflar sjálf. Ákvörðun nefndarinnar um veitingu starfsleyfis skal tekin svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn ásamt þeim upplýsingum og gögnum sem umsókn eiga að fylgja berast nefndinni.

Nefndin skal synja um starfsleyfi ef skilyrði laga þessara eru ekki uppfyllt eða ef hún telur að starfs- eða viðskiptaferill stofnenda, hluthafa, stjórnarmanna eða annarra stjórnenda viðkomandi félags sé með þeim hætti að hæfi þeirra til að starfrækja alþjóðlegt viðskiptafélag með heilbrigðan og traustan rekstur verði dregið í efa. Ákvörðun nefndarinnar um að synja umsækjanda um starfsleyfi sætir ekki stjórnsýslukæru.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi alþjóðlegra viðskiptafélaga í Lögbirtingablaði. Viðskiptaráðuneytið lætur halda sérstaka skrá yfir alþjóðleg viðskiptafélög.

Greiða skal gjald í ríkissjóð til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu starfsleyfis. Um gjaldið fer samkvæmt ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs.

6. gr.

Um stofnun alþjóðlegs viðskiptafélags fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um hlutafélög eða einkahlutafélög, eftir því sem við á.

III. KAFLI
Starfsemi.

7. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag má stunda viðskipti í eigin nafni við erlenda aðila utan Íslands, eða hafa milligöngu um slík viðskipti, með vörur sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur ekki til og ekki eiga uppruna sinn hér á landi, en ekki með aðrar vörur. Það má ekki stunda viðskipti í eigin nafni með vörur við aðila hér á landi, sbr. þó 2. mgr. 10. gr., eða við innlenda aðila utan Íslands eða hafa milligöngu um slík viðskipti. Þá er því einnig óheimilt að vinna vöru að hluta til eða að öllu leyti hér á landi, sbr. þó 1. mgr. 10. gr., eða eiga þátt í útflutningi vara sem eiga uppruna sinn hér á landi. Við ákvörðun um það hvort vara teljist eiga uppruna sinn hér á landi skal fara samkvæmt upprunareglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

8. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag má hafa milligöngu um viðskipti með þjónustu milli erlendra aðila utan íslenskrar lögsögu. Það má ekki veita aðra þjónustu en þá sem um ræðir í 1. málsl. né veita öðrum en þar um ræðir slíka þjónustu.

9. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag getur verið eignaraðili að öðrum alþjóðlegum viðskiptafélögum, en ekki að öðrum íslenskum lögaðilum. Alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að vera eignaraðili að atvinnufyrirtækjum erlendis auk annarrar starfsemi samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er því heimilt að starfa eingöngu sem eignarhaldsfélag sem eigi, fjárfesti í og njóti arðs af eignarhlutum í atvinnufyrirtækjum erlendis.

Heimilt er alþjóðlegu viðskiptafélagi að eiga, fjárfesta í og njóta arðs af eignarréttindum sem skráð eru opinberri skráningu utan Íslands, svo sem vörumerkjum, einkaleyfum og hönnunarréttindum. Einnig er alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að eiga, fjárfesta í og njóta arðs af útgáfuréttindum erlendis.

10. gr.

Alþjóðlegu viðskiptafélagi skal heimilt að flytja um Ísland vörur sem það annast viðskipti með skv. 7. gr. vegna umflutnings varanna milli svæða utan Íslands. Vinnsla sem breytir uppruna slíkra vara er óheimil hér á landi. Um meðhöndlun og umsýslu með vörur alþjóðlegs viðskiptafélags sem eru á Íslandi vegna umflutnings fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum tollalaga.

Alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að kaupa rekstrarvörur og þjónustu hér á landi til eigin nota. Því skal einnig heimilt að eiga viðskipti við önnur alþjóðleg viðskiptafélög bæði hér á landi og erlendis. Þá skal alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að eiga peningalegar eignir hér á landi til nota í daglegum rekstri og taka lán hér á landi jafnt sem erlendis í eðlilegu samræmi við starfsemi sína.

11. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag má eiga eða hafa umráð yfir og skrá hér á landi flugvélar og skip, önnur en fiskiskip, enda sinni slíkar flugvélar og skip einungis verkefnum sem alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að annast skv. 7. gr. Alþjóðlegu viðskiptafélagi er einnig heimilt að eiga eða hafa umráð yfir og skrá hér á landi flugvélar og skip, önnur en fiskiskip, og leigja eða framleigja erlendum aðilum til flutninga utan íslenskrar lögsögu.

Alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að öðlast hér á landi eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign eða öðrum rekstrarfjármunum til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni. Óheimilt skal alþjóðlegu viðskiptafélagi að leigja slíkar eignir út eða hafa af þeim aðrar tekjur frá þriðja aðila. Þó skal alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að leigja öðrum alþjóðlegum viðskiptafélögum afnot af framangreindum eignum sínum, enda séu slíkar leigutekjur einungis óverulegur hluti rekstrartekna viðkomandi félags.

IV. KAFLI
Rekstur.

12. gr.

Rekstur alþjóðlegs viðskiptafélags skal vera fjárhagslega óháður og aðskilinn frá rekstri annarra aðila. Óheimilt er að láta alþjóðlegt viðskiptafélag bera annan kostnað eða hafa aðrar tekjur en þær sem stafa af heimilli starfsemi skv. III. kafla eða færa kostnað eða tekjur af

starfsemi þess yfir á aðra aðila. Sé aðstaða eða starfsfólk alþjóðlegs viðskiptafélags samnýtt með öðrum skal gerður skriflegur samningur um samnýtinguna og skiptingu kostnaðar.

Öll viðskipti alþjóðlegra viðskiptafélaga við aðila þeim tengda skulu gerð á grundvelli almennra kjara og venju í viðskiptum óskyldra aðila.

V. KAFLI
Reikningsskil og endurskoðun.

13. gr.

Fjármálaráðherra getur heimilað alþjóðlegu viðskiptafélagi að færa bókhald sitt og reikningsskil í nánar tiltekinni erlendri mynt í samræmi við góða reikningsskilavenju. Skulu skattstofnar þá umreiknaðir í íslenskar krónur miðað við gengi í lok reikningsárs. Við ákvörðun skattstofna skal þá ekki beita ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt um verðlagsbreytingar og endurmat eða sambærilegum ákvæðum annarra laga. Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur þar sem kveðið er á um umreikning fjárhæða milli mismunandi gjaldmiðla og útreikning skattstofna hjá alþjóðlegum viðskiptafélögum sem fengið hafa leyfi samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Ársreikningur alþjóðlegs viðskiptafélags skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og laga þessara. Skal endurskoðandi sannreyna að tekjur og gjöld hafi stofnast í samræmi við ákvæði III. og IV. kafla og skal slíkt koma skýrt fram í áritun hans.

Hafi endurskoðandi alþjóðlegs viðskiptafélags ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um félagið eða starfsleyfi félagsins hafi verið brotin skal endurskoðandi tafarlaust gera stjórn félagsins og starfsleyfisnefnd viðvart. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda samkvæmt ákvæðum annarra laga.

VI. KAFLI
Eftirlit.

15. gr.

Starfsleyfisnefnd hefur eftirlit með því að starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og starfsleyfi og samþykktir viðkomandi félaga.

Til að mæta kostnaði við eftirlit skv. 1. mgr. skal alþjóðlegt viðskiptafélag árlega greiða gjald í ríkissjóð. Um gjaldið fer samkvæmt ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs.

16. gr.

Alþjóðlegt viðskiptafélag skal eigi síðar en sex mánuðum eftir lok hvers reikningsárs skila starfsleyfisnefnd skýrslu um starfsemi sína í formi sem hún ákveður.

VII. KAFLI
Afturköllun starfsleyfa.

17. gr.

Starfsleyfisnefnd getur afturkallað starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags:

1. hafi hlutaðeigandi félag fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,

2. komi að öðru leyti í ljós að fyrir hendi voru við veitingu starfsleyfis atvik eða atriði sem hefðu orðið þess valdandi að starfsleyfi hefði ekki verið veitt hefði verið um þau kunnugt,
3. nýti hlutaðeigandi félag ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt,
4. uppfylli hlutaðeigandi félag ekki lengur skilyrði til að öðlast starfsleyfi eða brjóti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim eða gegn starfsleyfi eða
5. séu aðstæður með þeim hætti að starfsleyfisnefnd telji hluthafa, stjórnarmenn eða aðra stjórnendur ekki hæfa með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðkomandi félags.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi félagi veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

18. gr.

Afturköllun á starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags skal rökstudd skriflega. Tilkynningu um afturköllun skal birta í Lögbirtingablaði. Ákvörðun um afturköllun starfsleyfis sætir ekki stjórnsýslukæru.

Komi til afturköllunar á starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags skal hlutaðeigandi félagi slitið. Sama gildir ef alþjóðlegt viðskiptafélag afsalar sér starfsleyfi.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Um alþjóðleg viðskiptafélög fer að öðru leyti en kveðið er á um í lögum þessum samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög eða einkahlutafélög, eftir því sem við á, og ákvæðum almennra laga sem við geta átt.

20. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

IX. KAFLI
Viðurlög.

21. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

X. KAFLI
Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðskiptaráðherra skal fyrir árslok 2001 leggja fram skýrslu á Alþingi um áhrif laganna á íslenskt efnahagslíf.

1034. Frumvarp til laga [226. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Lög þessi gilda um starfsemi einstaklinga og lögaðila sem heimild hafa til að veita almenningi þjónustu hér á landi eða erlendis samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og fellur undir einn eða fleiri eftirtalinna liða:

1. Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
   a. neytendalán,
   b. veðlán,
   c. kröfukaup og kaup skuldaskjala og
   d. viðskiptalán.
3. Eignarleigu.
4. Greiðslumiðlun.
5. Útgáfu og umsýslu greiðslukorta, svo og annarra greiðslumiðla.
6. Að veita ábyrgðir eða veðtryggingar vegna lántöku.
7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,
   c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
   d. gengisbundin bréf og vaxtabéf og
   e. verðbréf.
8. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti tengd slíkum útboðum.
9. Móttöku fjármuna í tengslum við uppbyggingu höfuðstóls í fyrirtækjum eða í tengslum við kaup, yfirtöku eða samruna atvinnufyrirtækja.
10. Peningamiðlun, þar með taldar skiptistöðvar (bureaux de change).
11. Geymslu, umsjón og ávöxtun verðbréfa, þar með talinna rafbréfa.
12. Leigu á geymsluhólfum.
13. Verðbréfaviðskipti samkvæmt lögum nr. 113/1996.
14. Líftryggingarstarfsemi, svo og starfsemi lífeyrissjóða.

Ákvæði laganna taka einnig til þeirra sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga nr. 6/1926, um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga þegar greiddir eru út vinningar.

b. Í stað tilvísunarinnar „7. og 8. gr.“ í 2. mgr. kemur: 7., 8. og 9. gr.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Með peningaþvætti er í lögum þessum átt við þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum, svo sem auðgunarbroti eða stórfelldu skatta- eða fíkniefnabroti, tollalögum, lögum

um ávana- og fíkninefni, áfengislögum og lyfjalögum. Einnig er átt við þegar einstaklingur eða lögaðili tekur að sér að geyma eða flytja slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Skylt er þeim sem falla undir ákvæði þessara laga að veita alla nauðsynlega aðstoð til að ákvæðum laganna verði framfylgt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Við upphaf viðskipta, einkum við opnun reiknings og eignavörslu, skal einstaklingur eða lögaðili sem nefndur er í 1. gr. krefjast þess af viðskiptamanni að hann sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja um nafn, lögheimili og kennitölu samkvæmt vottorði útgefnu af Hagstofu Íslands. Sama gildir um prókúruhafa eftir því sem við getur átt.

b. Í stað orðanna „föstu viðskiptasambandi“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: föstum viðskiptum.

c. Í stað orðanna „með hærri fjárhæð en 1.100.00 kr.“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: með hærri fjárhæð en sem nemur 15.000 evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

d. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni“ í 3. mgr. kemur: sem lýst er í 2. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fjármálastofnun sem starfar innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í fyrri málslið kemur: lána- eða fjármálastofnun sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu til að veita þjónustu, sbr. 1.–12. og 14. tölul. 1. mgr. 1. gr.

b. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni“ í síðari málslið kemur: sem lýst er í 2. gr.

5. gr.

Í stað orðanna „starfsmaður fjármálastofnunar“ í 5. gr. laganna kemur: einstaklingur eða starfsmaður lögaðila sem nefndur er í 1. gr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Fjármálastofnun skal“ kemur: Einstaklingur og lögaðilar sem nefndir eru í 1. gr. skulu.

b. Orðin „eða viðskiptasambandi“ falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Fjármálastofnun skal“ í fyrri málslið 1. mgr. kemur: Einstaklingum og lögaðilum sem nefndir eru í 1. gr. ber skylda til þess að.

b. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni“ í fyrri málslið 1. mgr. kemur: sem lýst er í 2. gr.

c. Í stað orðsins „ríkissaksóknara“ í fyrri málslið 1. mgr. kemur: ríkislögreglustjóra.

d. Orðin „ríkissaksóknara eða“ í síðari málslið 1. mgr. falla brott.
e. Í stað orðsins „rannsóknarinnar“ í síðari málslið 1. mgr. kemur: tilkynningarinnar.
f. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni þar til ríkissaksóknara hefur verið tilkynnt um viðskiptin“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: sem lýst er í 2. gr. og tilkynna um það til ríkislögreglustjóra, sbr. 8. gr. Í tilkynningu skal taka fram innan hvaða frests einstaklingum og lögaðilum sem nefndir eru í 1. gr. er skylt að framkvæma viðskiptin.
g. Í stað orðsins „ríkissaksóknara“ í síðari málslið 2. mgr. kemur: ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Við lögin bætist ný grein, 8. gr., sem orðast svo, og breytast greinatölur samkvæmt því:

Ríkislögreglustjóra ber að staðfesta skriflega móttöku tilkynningar skv. 7. gr. Ríkislögreglustjóra er heimilt ef brýn nauðsyn krefur að óska eftir því að viðskipti sem tilkynnt hefur verið um skv. 7. gr. verði ekki framkvæmd fyrr en að loknum þeim fresti sem tilgreindur er í tilkynningunni. Ríkislögreglustjóri skal tafarlaust gera viðvart sé ekki talin þörf á hindrun viðskipta.

Einstaklingar og lögaðilar sem nefndir eru í 1. gr., svo og starfsmenn þeirra, bera ábyrgð á því að ákvæðum laga þessara og reglugerðar, og reglum settum samkvæmt þeim, sé framfylgt. Þeim er skylt að tilnefna einstakling sem sérstakan ábyrgðarmann sem að jafnaði annast tilkynningar í samræmi við ákvæði 7. gr. og sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að framkvæmd laganna. Ríkislögreglustjóra skal tilkynnt um tilnefningu ábyrgðarmanns.

9. gr.

8. gr. laganna, er verður 9. gr., orðast svo:

Einstaklingar, stjórnendur, starfsmenn og aðrir sem vinna í þágu lögaðila sem lög þessi taka til eru skyldir til að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að ríkislögreglustjóra hafi verið sendar upplýsingar skv. 7. gr. eða að rannsókn sé hafin vegna gruns um brot sem lýst er í 2. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna er verður 10. gr.:

a. Í stað orðanna „Fjármálastofnun skal“ í fyrri málslið kemur: Einstaklingum og lögaðilum sem nefndir eru í 1. gr. ber skylda til þess að.
b. Í stað orðsins „stofnunin“ í fyrri málslið kemur: starfsemi þeirra.
c. Í stað orðanna „skal stofnunin“ í síðari málslið kemur: skulu þeir.

11. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Hlutverk einstaklinga og lögaðila.**

12. gr.

10. gr. laganna, er verður 11. gr., orðast svo:

Fái Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld sem hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem talin er upp í 1. gr. í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast broti sem lýst er í 2. gr. eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist broti sem lýst er í 2. gr. skal það tilkynnt til ríkislögreglustjóra.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna er verður 12. gr.:

a. Í stað orðanna „Þegar stjórnandi eða starfsmaður fjármálastofnunar veitir ríkissaksóknara eða lögreglu“ í fyrri málslið kemur: Þegar einstaklingur eða lögaðili sem lög þessi taka til, sbr. 1. gr., veitir lögreglu.
b. Í stað orðanna „stofnunum, stjórnendum þeirra eða starfsmönnum“ í síðari málslið kemur: einstaklingum, lögaðilum eða starfsmönnum.

14. gr.

12. gr. laganna fellur brott og breytast greinatölur samkvæmt því.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað tilvísunarinnar „8. og 9. gr.“ í fyrri málslið 1. mgr. kemur: 8., 9. og 10. gr.
b. Orðin „ríkissaksóknara eða“ í síðari málslið 1. mgr. falla brott.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1035. Frumvarp til laga [184. mál]

um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum eða fyrirtækjasamstæðum er starfa í a.m.k. tveimur ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Skal í þeim tilgangi stofna evrópskt samstarfsráð, hér eftir nefnt samstarfsráð, með fulltrúum starfsmanna eða setja reglur í hverju fyrirtæki og hverri fyrirtækjasamstæðu um upplýsingamiðlun og samráð eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til fyrirtækja og fyrirtækjasamstæðna, sbr. 3. og 4. gr.

Þegar aðalstjórn fyrirtækis, sbr. 7. gr., er hér á landi taka lög þessi enn fremur til erlendra dótturfyrirtækja og starfsstöðva að undantekinni 8. gr., 3. og 4. mgr. 11. gr., 2. og 3. mgr. 21. gr. og 34.–35. gr.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

3. gr.
Fyrirtæki.

Með fyrirtæki í lögum þessum er átt við fyrirtæki sem:
1. hefur a.m.k. 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. er með starfsstöðvar í a.m.k. tveimur EES-ríkjum og hefur a.m.k. 150 starfsmenn í hvoru þeirra.

4. gr.
Fyrirtækjasamstæða.

Í lögum þessum merkir fyrirtækjasamstæða samstæðu fyrirtækja sem:
1. hefur a.m.k. 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. er með fyrirtæki í a.m.k. tveimur EES-ríkjum,
3. samanstendur af minnst tveimur fyrirtækjum, hvoru í sínu EES-ríkinu, sem hvort um sig hefur 150 starfsmenn eða fleiri.

5. gr.
Móðurfyrirtæki.

Móðurfyrirtæki merkir fyrirtæki sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru fyrirtæki, t.d. á grundvelli eignarréttar, fjárhagslegrar þátttöku eða þeirra reglna sem það starfar eftir, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.

Ef ekki er unnt að sýna fram á hið gagnstæða skal telja að fyrirtæki sé í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru fyrirtæki þegar það beint eða óbeint:
1. hefur rétt til að tilnefna meira en helming fulltrúa í félagsstjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstofnun þess eða
2. fer með meiri hluta atkvæða í því eða
3. á meira en helmingshlut í því.

Ef tvö eða fleiri fyrirtæki innan fyrirtækjasamstæðu fullnægja einu eða fleiri skilyrðum 2. mgr. telst það fyrirtæki móðurfyrirtæki sem fullnægir skilyrði 1. tölul. 2. mgr. Ef ekkert fyrirtækjanna fullnægir skilyrði 1. tölul. 2. mgr. telst það fyrirtæki sem fullnægir skilyrði 2. tölul. 2. mgr. móðurfyrirtæki.

Fyrirtæki, sem móðurfyrirtæki hefur eitthvert það samband við sem nefnt er í 1. og 2. mgr., telst dótturfyrirtæki. Saman mynda móðurfyrirtækið og dótturfyrirtækin fyrirtækjasamstæðu.

Við ákvörðun þess hvaða þýðingu atkvæðisréttur og réttur til að tilnefna fulltrúa í félagsstjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstofnun fyrirtækis hefur í skilningi þessa ákvæðis skulu talin með bæði réttindi í eigu móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækja þess.

6. gr.
Undantekningar.

Fyrirtæki telst ekki móðurfyrirtæki skv. 1.–3. mgr. 5. gr. ef um er að ræða:
1. Lánastofnanir, aðrar fjármálastofnanir eða tryggingafyrirtæki, þar sem verðbréfaviðskipti, kaup og sala fyrir eigin hönd eða annarra falla undir eðlilega starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis, sem halda til bráðabirgða hlutabréfum í fyrirtæki sem þau hyggjast selja aftur. Skilyrði er að þau notfæri sér ekki atkvæðisrétt sem þessum hlutabréfum fylgir með það fyrir augum að ákvarða samkeppnisaðgerðir þess sama fyrirtækis eða

að þau notfæri sér þennan atkvæðisrétt einungis með það fyrir augum að undirbúa sölu hlutaðeigandi fyrirtækis í heild eða að hluta, eigna þess eða hlutabréfa og að af sölunni verði innan árs frá því að bréfanna var aflað.

2. Eignarhaldsfélag sem öðlast beint eða óbeint yfirráð yfir öðru fyrirtæki, með kaupum á hlut í því eða með öðrum hætti, að því tilskildu að atkvæðisréttur sem yfirráðin veita sé nýttur, einkum er varðar skipun í framkvæmdastjórn og yfirstjórnir fyrirtækja sem þau eiga hlut í, aðeins til að viðhalda fullu verðgildi þessara fjárfestinga og ekki til að ákvarða beint eða óbeint samkeppnisaðgerðir fyrirtækja þessara. Með eignarhaldsfélögum er átt við fyrirtæki sem hafa það meginmarkmið að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum og ávaxta og nýta slíka hagsmuni án þess að blanda sér beint eða óbeint í stjórn slíkra fyrirtækja.

Skiptastjóri þrotabús samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti, eða annar sá aðili sem lögum samkvæmt hefur verið skipaður til að annast félagsslit, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða aðrar sambærilegar aðgerðir, telst ekki í ráðandi aðstöðu í skilningi 5. gr.

7. gr.

Aðalstjórn.

Stjórn fyrirtækis telst aðalstjórn þess.

Stjórn móðurfyrirtækis, sbr. 5. gr., telst aðalstjórn fyrirtækjasamstæðu. Ef tvö eða fleiri fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu eru móðurfyrirtæki telst aðalstjórn vera stjórn þess fyrirtækis sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart hinum fyrirtækjunum, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.

Ef aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu er ekki í EES-ríki telst aðalstjórn vera sá fulltrúi sem aðalstjórn tilnefnir. Ef slíkur fulltrúi hefur ekki verið tilnefndur telst aðalstjórn vera stjórn þess fyrirtækis eða starfsstöðvar sem hefur flesta starfsmenn í EES-ríki.

8. gr.

Fjöldi starfsmanna.

Með fjölda starfsmanna, sbr. 3. og 4. gr., er átt við meðalfjölda starfsmanna á síðustu tveimur árum áður en beiðni er lögð fram skv. 10. gr. Við ákvörðun þessa skal ekki gerður greinarmunur á starfsmönnum í hlutastörfum og þeim sem gegna fullu starfi, sbr. þó 2. mgr.

Aðalstjórn skal veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar um heildarfjölda starfsmanna í fyrirtækjum og starfsstöðvum í einstökum ríkjum. Aðalstjórn skal enn fremur láta þeim í té upplýsingar um félagsform fyrirtækis og fyrirtækjasamstæðu.

III. KAFLI
Stofnun samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

9. gr.

Ábyrgð.

Aðalstjórn ber ábyrgð á því að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir stofnun samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

10. gr.

Upphaf samningaumleitana.

Aðalstjórn skal að eigin frumkvæði eða fyrir skriflega beiðni um það frá a.m.k. 100 starfsmönnum eða fulltrúum þeirra í a.m.k. tveimur fyrirtækjum eða starfsstöðvum í a.m.k.

tveimur EES-ríkjum hefja samningaumleitanir um stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun.

Beiðni skv. 1. mgr. skal afhent aðalstjórn eða einhverri annarri stjórn fyrirtækis sem skal þá framsenda beiðnina til aðalstjórnar.

Frestur, sbr. 19. gr., hefst þegar beiðni starfsmanna, sbr. 1. mgr., hefur verið afhent aðalstjórn eða stjórn annars hlutaðeigandi fyrirtækis sem er hluti af fyrirtækjasamstæðunni eða fyrirtækinu.

11. gr.

Skipan sérstaks samningaráðs.

Að uppfylltum ákvæðum 10. gr. skal aðalstjórn hafa frumkvæði að skipan sérstaks samningaráðs sem hafi það að markmiði að vinna að stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

Í samningaráði skulu eiga sæti a.m.k. þrír en mest átján menn. Fulltrúar starfsmanna kjósa fulltrúa í ráðið úr sínum hópi. Ef því verður ekki við komið skulu allir starfsmennirnir kjósa um þá.

Fulltrúar í samningaráðið, sem kosnir eru á Íslandi, skulu kosnir úr hópi starfsmanna af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis. Séu ekki trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt á kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Starfsmenn sem stöðu sinnar vegna eiga ekki trúnaðarmann eiga rétt á að velja sér fulltrúa sem skal taka þátt í kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Samningaráðið skal þannig skipað:

1. Einn fulltrúi starfsmanna frá hverju ríki þar sem fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan rekur eitt eða fleiri fyrirtæki eða starfsstöðvar, sbr. þó 2. og 3. tölul.
2. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur færri en 2.000 starfsmenn og á fyrirtæki eða starfsstöðvar í aðeins tveimur ríkjum skal auk þess tilnefndur einn fulltrúi starfsmanna í því ríki þar sem starfsmenn eru fleiri.
3. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur 2.000 eða fleiri starfsmenn skulu enn fremur tilnefndir:
   a. einn fulltrúi starfsmanna í ríkjum þar sem a.m.k. 25% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa og
   b. tveir fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 50% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa eða
   c. þrír fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 75% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa.

Séu fulltrúar, sem kosnir hafa verið skv. 1.–3. tölul. 5. mgr., fleiri en átján skal þeim fulltrúum fækkað sem kosnir hafa verið skv. 3. tölul. 5. mgr. Skal þá fyrst fækkað fulltrúum skv. a-lið, síðan skv. b-lið og að síðustu skv. c-lið.

Þegar samningaráðið hefur verið skipað skal aðalstjórn og staðbundnum stjórnum tilkynnt um skipan þess.

12. gr.

Verkefni og kostnaður sérstaka samningaráðsins.

Samningaráði og aðalstjórn ber í anda samvinnu að vinna að gerð skriflegs samnings um stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

Samningaráðið getur kvatt sér til aðstoðar sérfræðinga að eigin vali meðan á samningaviðræðum stendur. Kostnaður aðalstjórnar takmarkast við störf eins sérfræðings.

Aðalstjórn skal bera þann kostnað sem hlýst af samningaviðræðum þannig að samningaráðinu sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti, þar með talinn útlagðan ferða- og gistikostnað. Þá skal aðalstjórn útvega samningaráðinu húsnæði auk túlka og ritara ef þörf krefur.

13. gr.

Boðun fundar.

Þegar samningaráðið hefur verið skipað, sbr. 11. gr., skal aðalstjórn boða það til fundar í því skyni að hefja viðræður um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. Stjórnum annarra fyrirtækja skal tilkynnt um fundarboðið.

14. gr.

Inntak samnings um samstarfsráð.

Í samningi um stofnun samstarfsráðs, sbr. 1. mgr. 12. gr., skulu vera ákvæði a.m.k. um eftirfarandi atriði:

1. Nöfn fyrirtækja og/eða starfsstöðva, sbr. 3. og 4. gr., sem falla undir samninginn.
2. Samsetningu ráðsins, fjölda fulltrúa í ráðinu, úthlutun sæta og skipunartíma þess.
3. Hlutverk ráðsins og upplýsingamiðlun og samráð á þess vegum.
4. Hvar ráðið skal hittast, hversu oft og hve lengi.
5. Hvert fjármagn og aðbúnaður samstarfsráðsins skal vera.
6. Gildistíma samningsins og tilhögun við endurnýjun hans.

15. gr.

Inntak samnings um upplýsingamiðlun og samráð.

Ef aðalstjórn og samningaráð ákveða að gera samning er hefur að geyma reglur um upplýsingamiðlun og samráð, sbr. 1. mgr. 12. gr., skal samningurinn einkum hafa að geyma ákvæði um málefni sem varða fleiri en eitt EES-ríki og hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna. Í samningi aðila skal þó að lágmarki kveða á um eftirfarandi atriði:

1. Nöfn fyrirtækja og/eða starfsstöðva, sbr. 3. og 4. gr., sem falla undir samninginn.
2. Fyrirkomulag á miðlun upplýsinga og samráði við starfsmenn eða fulltrúa þeirra.
3. Rétt starfsmanna eða fulltrúa þeirra til að koma saman til fundar í því skyni að skiptast á skoðunum um upplýsingar sem þeim eru veittar skv. 1. málsl.

16. gr.

Slit viðræðna.

Samningaráðið getur ákveðið með a.m.k. tveimur þriðju hlutum atkvæða að hefja ekki viðræður um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. eða slíta viðræðum sem þegar eru hafnar.

Hafi samningaráðið ályktað skv. 1. mgr. skal viðræðum um samningsgerð slitið. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði IV. kafla ekki.

Kalla má samningaráðið saman að nýju í fyrsta lagi tveimur árum eftir að framangreind ákvörðun er tekin nema aðilar mæli fyrir um skemmri tíma.

17. gr.

Atkvæðagreiðsla.

Atkvæði meiri hluta fulltrúa í samningaráðinu ráða úrslitum í atkvæðagreiðslum, sbr. þó 16. gr. Ef atkvæði falla jöfn hafa fulltrúar frá því ríki þar sem starfsmenn eru flestir eitt viðbótaratkvæði.

18. gr.

Tilkynning til ráðherra.

Aðalstjórn skal tilkynna ráðherra um samninga sem gerðir hafa verið skv. 14. eða 15. gr. laga þessara. Frá þessu má víkja um stundarsakir ef í gögnum þessum eru atriði er varða sérstaka viðskiptahagsmuni fyrirtækis og afhending þeirra getur skaðað það.

IV. KAFLI
Ákvæði til vara.

19. gr.

Skylda til stofnunar samstarfsráðs.

Samstarfsráð skal stofnað samkvæmt ákvæðum þessa kafla:

1. ef aðalstjórn og samningaráðið ákveða það,
2. ef aðalstjórn hefur ekki hafið samningaumleitanir innan sex mánaða eftir að beiðni frá starfsmönnum hefur borist um það skv. 10. gr.,
3. ef aðilar hafa ekki komið sér saman um samning þann sem tilgreindur er í 14. eða 15. gr. innan þriggja ára frá þeim tíma þegar beiðni um það barst upphaflega, sbr. 10. gr., og samningaráðið hefur ekki áður tekið ákvörðun skv. 16. gr.

20. gr.

Valdsvið.

Valdsvið samstarfsráðs takmarkast við upplýsingamiðlun og samráð um málefni sem varða:

1. fyrirtæki, sbr. 3. gr., sem eina heild,
2. fyrirtækjasamstæðu, sbr. 4. gr., sem eina heild eða
3. a.m.k. tvær starfsstöðvar fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í a.m.k. tveimur EES-ríkjum.

Þegar um er að ræða fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem falla undir 3. mgr. 7. gr. takmarkast valdsvið samstarfsráðs við málefni sem varða allar starfsstöðvar þess eða fyrirtæki í EES-ríkjum eða a.m.k. tvær starfsstöðvar þess eða fyrirtæki sem eru í mismunandi EES-ríkjum.

21. gr.

Val fulltrúa í samstarfsráð.

Í samstarfsráði skulu sitja minnst þrír en mest þrjátíu fulltrúar. Fulltrúar starfsmanna kjósa fulltrúa í ráðið úr sínum hópi. Ef því verður ekki við komið skulu allir starfsmennirnir kjósa um þá.

Fulltrúar í samstarfsráðið, sem kosnir eru á Íslandi, skulu kosnir úr hópi starfsmanna af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis. Séu ekki trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt á kjöri fulltrúa í samstarfsráðið.

Starfsmenn sem stöðu sinnar vegna eiga ekki trúnaðarmann eiga rétt á að velja sér fulltrúa sem skal taka þátt í kjöri fulltrúa í samstarfsráðið.

Samstarfsráðið skal þannig skipað:

1. Einn fulltrúi starfsmanna frá hverju ríki þar sem fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan rekur eitt eða fleiri fyrirtæki eða starfsstöðvar, sbr. þó 2. og 3. tölul.
2. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur færri en 2.000 starfsmenn og á fyrirtæki eða starfsstöðvar í aðeins tveimur ríkjum skal auk þess tilnefndur einn fulltrúi starfsmanna í því ríki þar sem starfsmenn eru flestir.

3. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur 2.000 eða fleiri starfsmenn skulu enn fremur tilnefndir:
   a. einn fulltrúi starfsmanna í ríkjum þar sem a.m.k. 25% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa og
   b. tveir fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 50% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa eða
   c. þrír fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 75% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa.

Séu fulltrúar, sem kosnir hafa verið skv. 1.–3. tölul. 4. mgr., fleiri en þrjátíu skal þeim fulltrúum fækkað sem kosnir hafa verið skv. 3. tölul. 4. mgr. Skal þá fyrst fækkað fulltrúum skv. a-lið, síðan skv. b-lið og að síðustu skv. c-lið.

Aðalstjórn eða einhverju öðru hlutaðeigandi stjórnunarstigi innan fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu skal tilkynnt um hverjir skipa samstarfsráðið.

Ef samstarfsráðið er skipað fleiri en tíu fulltrúum, eða ef samkomulag er um það við aðalstjórn, kýs samstarfsráðið úr sínum hópi framkvæmdanefnd sem skal skipuð mest þremur fulltrúum. Framkvæmdanefndin setur sér starfsreglur.

22. gr.

Endurskoðun.

Annað hvert ár eftir stofnun samstarfsráðs skal aðalstjórn reikna út fjölda fulltrúa fyrir hvert ríki og gefa ráðinu upplýsingar um niðurstöðu sína. Ef niðurstaðan kallar á breytingu á fjölda fulltrúa sem skipaðir hafa verið skv. 4. og 5. mgr. 21. gr. skal fulltrúum í ráðinu fækkað eða fjölgað eftir því sem við á.

Fjórum árum eftir að samstarfsráð hefur verið stofnað samkvæmt ákvæðum í þessum kafla ber ráðinu að ræða hver þörfin er fyrir að hefja viðræður í því skyni að gera samning skv. 14. eða 15. gr. eða hvort halda beri áfram starfi samstarfsráðsins á sama grundvelli og áður.

Ef aðilar ákveða að gera samning skv. 14. og 15. gr. skal samstarfsráðið gegna því hlutverki sem samningaráði væri að öðrum kosti falið.

23. gr.

Reglulegir fundir.

Samstarfsráð hefur rétt til þess að eiga fund með aðalstjórn einu sinni á ári til upplýsingar og samráðs. Fyrir fundinn skal aðalstjórn útbúa skýrslu um rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækisins sem lögð skal til grundvallar fundinum.

Á fundi skv. 1. mgr. skal einkum fjallað um uppbyggingu fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar, efnahags- og fjárhagslega stöðu, líklega þróun hvað varðar rekstur, framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar á skipulagi fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar, tilkomu nýrra starfsaðferða eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna fyrirtækja, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

24. gr.

Aukafundir.

Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum vegna flutnings, lokunar starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagna, á framkvæmdanefndin eða, hafi hún ekki verið stofnuð, samstarfsráðið rétt á að fá upplýsingar um þessar sérstöku aðstæður.

Framkvæmdanefndin eða, hafi hún ekki verið stofnuð, samstarfsráðið hefur eftir að hafa sent frá sér beiðni þess efnis rétt til að sitja fund með aðalstjórn fyrirtækis eða einhverju öðru hlutaðeigandi stjórnunarstigi í fyrirtækinu eða fyrirtækjasamstæðunni í því skyni að fá upplýsingar og hafa samráð um mikilvægar ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Fulltrúar í samstarfsráðinu, sem kosnir hafa verið í fyrirtækjum eða starfsstöðvum sem viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á, sbr. 1. mgr., eiga rétt á að sitja fund framkvæmdanefndar sem ráðgerður er skv. 2. mgr.

Fundur skv. 2. mgr. skal haldinn svo skjótt sem við verður komið á grundvelli skýrslu aðalstjórnar eða annars hlutaðeigandi stjórnunarstigs. Framkvæmdanefndinni eða samstarfsráðinu er heimilt að leggja fram álit á skýrslunni í fundarlok eða innan hæfilegs frests.

Fundur skv. 2. mgr. hefur ekki áhrif á heimildir aðalstjórnar.

Ef skammt er til árlegs fundar skv. 23. gr. er heimilt að fresta umræðum um málefni sem annars yrði fjallað um á aukafundi ef ljóst þykir að frestur af þeim sökum hafi ekki áhrif á samráðsferlið.

25. gr.

Undirbúningsfundur.

Áður en fundur er haldinn með aðalstjórn er samstarfsráðinu eða framkvæmdanefndinni, með þeirri víðtækari skipan sem heimiluð er skv. 3. mgr. 24. gr., heimilt að halda fund án nærveru stjórnarinnar.

26. gr.

Upplýsingagjöf.

Fulltrúar í samstarfsráði skulu greina fulltrúum starfsmanna fyrirtækisins eða, ef slíkir fulltrúar eru ekki fyrir hendi, öllum starfsmönnum fyrirtækisins frá efni upplýsinga og samráði sem farið hefur fram í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. þó 29. gr.

27. gr.

Sérfræðingar.

Samstarfsráðið eða framkvæmdanefndin getur kallað til sérfræðinga að eigin vali ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna starfsemi ráðsins. Kostnaður aðalstjórnar, sbr. 28. gr., takmarkast þó við störf eins sérfræðings.

28. gr.

Kostnaður.

Aðalstjórn greiðir kostnað samstarfsráðsins.

Aðalstjórn ber að tryggja fulltrúum í samstarfsráðinu það fjármagn og þá aðstöðu sem þeim er nauðsynleg til að sinna skyldum sínum. Aðalstjórn ber að tryggja að fulltrúar í samstarfsráðinu verði ekki fyrir launamissi vegna þátttöku sinnar í starfi ráðsins.

Einkum skal aðalstjórn greiða kostnað af skipulagi funda og aðstöðu vegna túlkunar og gisti- og ferðakostnað fulltrúa samstarfsráðsins og framkvæmdanefndar hennar nema um annað sé samið.

V. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

29. gr.
Þagnarskylda.

Aðalstjórn er heimilt að leggja þagnarskyldu á fulltrúa í samningaráðinu, samstarfsráðinu og framkvæmdanefndinni, fulltrúa starfsmanna skv. 15. gr. og þá sérfræðinga sem til eru kvaddir þeim til aðstoðar. Aðalstjórn skal tiltaka sérstaklega þær upplýsingar sem þagnarskylda lýtur að.

Þagnarskyldan helst þótt umboð þeirra sem heyra undir 1. mgr. falli niður.

30. gr.
Undanþága frá upplýsingaskyldu.

Aðalstjórn er heimilt að láta hjá líða að veita fulltrúum í samningaráðinu, samstarfsráðinu og framkvæmdanefndinni eða fulltrúum starfsmanna skv. 15. gr. upplýsingar ef þær eru samkvæmt hlutlægu mati þess eðlis að þær geti haft skaðleg áhrif á starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja eða verið þeim skaðlegar.

31. gr.
Réttarstaða.

Fulltrúar í samningaráðinu, samstarfsráðinu eða fulltrúar starfsmanna skv. 15. gr. skulu hvorki sæta uppsögn né skerðingu á kjörum sínum vegna starfa sinna. Skulu fulltrúar starfsmanna njóta sams konar réttarverndar og trúnaðarmenn samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938.

Fulltrúum starfsmanna skal tryggður réttur með samningi við vinnuveitanda til að taka sér frí frá störfum svo að þeir geti á eðlilegan hátt sinnt skyldum sínum við gerð og framkvæmd samninga samkvæmt lögum þessum.

32. gr.
Ágreiningur.

Ágreiningur, sem kann að rísa um gerð eða framkvæmd samnings sem gerður er á grundvelli laga þessara, verður borinn undir almenna dómstóla.

33. gr.
Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um kosningu íslenskra fulltrúa í samningaráðið og samstarfsráðið.

VI. KAFLI
Viðurlög.

34. gr.
Upplýsingar til þriðja aðila.

Þeir sem þrátt fyrir þagnarskyldu skv. 29. gr. láta þriðja aðila í té upplýsingar sem þeim hafa verið veittar skulu dæmdir til fésekta nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

35. gr.
Viðurlög.

Brot á 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 11. gr., 19. gr., 23. gr. og 1.–2. mgr. 24. gr. varða fésektum.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.
13. gr. samningar.

Lög þessi taka ekki til fyrirtækja og fyrirtækjasamstæðna sem eiga aðild að samkomulagi um upplýsingagjöf og samráð á grundvelli 13. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Skilyrði er að samkomulag aðila hafi öðlast gildi í síðasta lagi 21. september 1996 og að það nái til allra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu og snerti upplýsingagjöf og samráð um málefni fyrirtækja í tveimur eða fleiri ríkjum.

Ef samkomulag, sbr. 1. mgr., fellur úr gildi er aðilum heimilt að framlengja það. Að öðrum kosti fer um samskipti aðila samkvæmt lögum þessum.

37. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1036. Þingsályktun [341. mál]

um rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu.

(Afgreidd frá Alþingi 8. mars.)

Samhljóða þskj. 437.

1037. Frumvarp til laga [260. mál]

um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í sjálfvirku tilkynningarkerfi skulu skip tilkynna brottför og komu í höfn og staðsetningu sína á eftirfarandi hátt:

a. Skip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri skulu tilkynna sig á tólf klukkustunda fresti.
b. Skip sem eru styttri en 24 metrar og er heimilt að sigla utan þjónustusvæðis sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á einnar klukkustundar fresti.

c. Skip sem eru styttri en 24 metrar og sigla á þjónustusvæði sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.
d. Farþegaskip sem notuð eru í atvinnuskyni skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.
e. Skipum sem stunda takmarkaða sjósókn eða hafa aðeins sumarhaffæri er heimilt að tilkynna sig með öðrum leiðum eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í sjálfvirku tilkynningarkerfi skal að lágmarki tilkynna auðkenni skips og staðsetningu þess.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. taka jafnframt til sjálfvirks tilkynningarkerfis.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Sá sem annast rekstur fjarskiptanna skal sjá til þess að fjarskiptavirki séu til staðar til móttöku tilkynninga og áframhaldandi sendingar þeirra til eftirlitsstöðvar.

5. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Handvirka tilkynningarkerfið skal rekið í allt að þrjú ár samhliða sjálfvirka tilkynningarkerfinu.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Fyrir þjónustu í handvirka tilkynningarkerfinu og tilkynningar um gervihnattasamband greiða eigendur skipanna fyrir fjarskiptin samkvæmt gjaldskrá þess sem þjónustuna veitir.

Fyrir þjónustu í sjálfvirka tilkynningarkerfinu skal eigandi hvers skips greiða umsamið árgjald sem rennur til Slysavarnafélags Íslands til að mæta kostnaði þess.

7. gr.

11. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

8. gr.

12. gr. laganna, er verður 11. gr., orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði e-liðar 2. mgr. 1. gr. skal endurskoða fyrir árslok 2000.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1038. Frumvarp til laga [281. mál]

um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

1. gr.

2. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda; hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur. Hæfi leyfishafa skal metið á grundvelli árlegrar læknisskoðunar og hæfnisprófs sem þreyta skal tvisvar sinnum eftir lok 70 ára aldurs leyfishafa. Hæfnispróf skal fyrst þreyta við fyrstu framlengingu leyfis og aftur innan þriggja ára frá þeim degi. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1039. Frumvarp til laga [225. mál]

um Orkusjóð.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

1. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda Íslands með fjármögnun grunnrannsókna á sviði orkumála annars vegar og fjárhagslegum stuðningi við ýmsar framkvæmdir og verkefni hins vegar.

Úr Orkusjóði er heimilt:

1. að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins samkvæmt áætlun sem sjóðurinn gerir til fimm ára á grunni rannsóknaráætlana Orkustofnunar; áætlunina skal endurskoða árlega og skal hún hljóta samþykki ráðherra,
2. að styrkja gerð yfirlitsathugana á möguleikum til að auka hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar,
3. að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana,

4. að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talda fræðslu og upplýsingastarfsemi, svo og hagrænar athuganir í orkumálum og umhverfisathuganir í tengslum við orkurannsóknir,
5. að veita fyrirtækjum eða einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar sem ætla má að leiði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

3. gr.

Stjórn Orkusjóðs er í höndum orkuráðs undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Orkuráð skal skipað fimm mönnum. Alþingi kýs þrjá stjórnarmenn, sem skulu kosnir hlutfallskosningu eftir hverjar alþingiskosningar, en ráðherra skipar tvo menn. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Orkuráð semur árlega fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð, m.a. á grundvelli áætlunar skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr., og sendir ráðherra svo snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra Orkusjóðs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

Orkumálastjóri skal veita orkuráði ráðgjöf eftir því sem um verður beðið.

4. gr.

Orkuráði er heimilt að semja við aðila sem hafa heimildir til fjárvörslu lögum samkvæmt um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins.

Framkvæmdastjóri eða aðili sem orkuráð semur við skv. 1. mgr. skal hafa lokið gerð reikninga fyrir Orkusjóð eigi síðar en 1. mars ár hvert fyrir næstliðið ár og hafa afhent þá orkuráði til samþykktar.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

5. gr.

Tekjur Orkusjóðs eru:

1. vextir af fé sjóðsins,
2. fé það sem veitt er í fjárlögum hverju sinni,
3. endurgreiddur kostnaður af rannsóknum og áætlanagerð, jarðhitaleit og jarðborunum skv. 6. gr.

6. gr.

Ef ráðist er í orkuframkvæmdir sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerð sem kostaðar hafa verið með fé ríkisins, þar með töldu fé Orkusjóðs, skal framkvæmdaraðili endurgreiða Orkusjóði þennan kostnað við veitingu virkjunar- eða nýtingarleyfa.

Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út. Endurgreiddu fé skal varið skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. laga þessara.

7. gr.

Orkuráð gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins.

Áður en tillaga er gerð um lánveitingu úr Orkusjóði skal orkuráð leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma.

8. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum orkuráðs, vexti og önnur útlánakjör Orkusjóðs. Lán sem veitt eru skv. 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. skulu verðtryggð og til hæfilega langs tíma. Lánstími skal þó ekki vera lengri en tíu ár.

Ef tiltekin borun, sem lánað hefur verið til skv. 3. tölul. 2. mgr. 2. gr., reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en gert var ráð fyrir samkvæmt áætlunum sérfræðinga eða kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir og fjárhagslegri afkomu lántaka stefnt í hættu af þessum sökum er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu orkuráðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka, skv. 3. tölul. 2. mgr. 2. gr.

9. gr.

Orkuráð getur haft eftirlit með þeim framkvæmdum sem Orkusjóður veitir fé til. Er skylt að láta fyrir fram í té fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugað verk og gefa ráðinu kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkuráð getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins sem það telur þörf á til að stuðla að sem bestum árangri. Ber að hlýða fyrirmælum þess í þeim efnum. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins ef út af er brugðið og orkuráð óskar þess.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði X. kafla orkulaga, nr. 58/1967, um Orkusjóð. Þá fellur brott 2. mgr. 66. gr. þeirra laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nýtt orkuráð skv. 3. gr. skal taka við stjórn Orkusjóðs við gildistöku laganna.

1040. Breytingartillaga [414. mál]

við frv. til l. um alþjóðleg viðskiptafélög.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Orðin „eða varðhaldi“ í 21. gr. falli brott.

1041. Nefndarálit [471. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Fyrirliggjandi frumvarp og breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar fela í sér nýjar virkjanaheimildir fyrir Landsvirkjun sem nema allt að 270 megavöttum í afli. Orku frá viðkomandi þremur virkjunum er að langmestu leyti fyrirhugað að selja til orkufreks iðnaðar.

Orkuframleiðsla frá þessum virkjunum gæti numið um 2,0 teravattstundum á ári (Twh/a) miðað við sölu til stóriðju. Heildarraforkuframleiðsla á árinu 1998 nam um 6,5 teravattstundum, þar af til stóriðju um 3,8 teravattstundum að ótryggðri orku meðtalinni.

Þá er lagt til í frumvarpinu að flytja virkjanaheimild vegna Villinganesvirkjunar í Skagafirði frá Landsvirkjun til Rafmagnsveitna ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði. Er þar um að ræða heimild sem nemur 40 MW afli og áætlaða 180 gígavattstunda orkuframleiðslu á ári (um 0,2 Twh). Minni hlutinn getur stutt þá breytingu, en með öllum fyrirvörum um útfærslu virkjunarinnar og samhengi hennar við áform um virkjun ofar í Héraðsvötnum.

Vöxtur almenns orkumarkaðar kallar ekki á umtalsverðar virkjunarframkvæmdir á næstu fimm árum umfram það sem yrði til ráðstöfunar í raforkukerfinu eftir að núverandi virkjunarframkvæmdum lýkur. Orkuspárnefnd áætlar vöxt í almennri raforkuþörf fram til ársins 2005 um 350 gígavattstundir (0,350 Twh/a).

Stóriðjuáformin bak við heimildarákvæðin.

Virkjanaheimildirnar sem afla á fyrir Landsvirkjun samkvæmt tillögum meiri hlutans eru vegna Vatnsfellsvirkjunar (110 MW) og Búðarhálsvirkjunar (120 MW) á Þórisvatns-Tungnaársvæðinu og jarðgufuvirkjunar í Bjarnarflagi í Mývatnssveit (40 MW). Stóriðjan sem sögð er kalla á þessar virkjanaheimildir er stækkun álbræðslu Norðuráls á Grundartanga um 30 þúsund tonn á ári, hugsanleg orkusala til fjórða ofns járnblendiverksmiðjunnar og bygging álbræðslu á Reyðarfirði, en þangað sé fyrirhugað að selja orkuna frá Bjarnarflagsvirkjun.

Þessar stóriðjuhugmyndir hvíla á veikum grunni svo ekki sé meira sagt. Að minnsta kosti á það við um fjórða ofn við járnblendiverksmiðjuna sem engum dettur í hug að verði á dagskrá á næstunni sem og álbræðslu Norsk Hydro á Reyðarfirði. Því eru út frá stóriðjuforsendum ríkisstjórnarinnar lítil sem engin rök til þess að veita nú umbeðnar virkjanaheimildir til Landsvirkjunar.

Enn stærri stóriðjudraumar.

Í greinargerð með frumvarpinu er staðhæft að gera þurfi „ráð fyrir að sala til stóriðjufyrirtækja aukist umtalsvert og að ný fyrirtæki hefji rekstur“. Auk fyrrgreindrar stóriðju er þar nefnd stækkun álbræðslu Ísals um 40 þúsund tonn, stækkun álbræðslu Norðuráls um 90 þúsund tonn og magnesíumverksmiðja á Reykjanesi. Þetta samanlagt mundi samkvæmt greinargerð með frumvarpinu kalla á um 4 teravattstundir í viðbót í orku á ári (480 MW aflaukningu). Er þá ekki meðtalin 480 þúsund tonna risaálbræsðla Norsk Hydro á Reyðarfirði og virkjanir Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal til að fullnægja orkuþörf hennar upp á um 7 teravattstundir á ári.

Í heild gera þannig stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar „næsta áratug eða svo“, sem fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu, ráð fyrir aukinni orkuþörf til stóriðju sem svarar um 12 teravattstundum í viðbót við núverandi 4 teravattstundir bundnar í stóriðjusamningum. Ríkisstjórnin sér þannig fyrir sér að hér verði samtals um 16 teravattstundir af orku bundnar í málmbræðslum útlendinga eftir 10–12 ár!

Gjafverð á orkunni til stóriðju.

Ríkisstjórnin hefur, sumpart með stuðningi þeirra sem nú standa að Samfylkingunni, á undanförnum árum gert hvern samninginn á fætur öðrum við erlend stóriðjufyrirtæki. Má þar nefna samninginn um stækkun Ísalverksmiðjunnar, um álbræðslu Norðuráls á Grundartanga og um þriðja ofn Íslenska járnblendifélagsins. Öllum þessum samningum fylgdu starfsleyfi

um langtum rýmri framleiðslumörk á sama tíma og í undirbúningi var Kyoto-bókunin sem setur losun gróðurhúsalofttegunda ákveðin mörk. Þannig voru fyrirtækjunum færðar á silfurfati losunarheimildir fyrir gróðurhúsalofttegundir sem hefðu getað kostað þau stórar fjárhæðir að gerði Kyoto-bókuninni. Þessi fyrirframgreiðsla til stóriðjufyrirtækjanna bætist við sáralágt raforkuverð í samningum Landsvirkjunar við þau sem lýstir hafa verið viðskiptaleyndarmál!

Ekki þarf hins vegar langt að leita til að við blasi óhæfilega lágt raforkuverð samkvæmt gildandi stóriðjusamningum, gömlum og nýjum. Undirritaður óskaði eftir yfirliti frá Landsvirkjun um rafmagnssölu fyrirtækisins á árinu 1998 og barst það iðnaðarnefnd. Samkvæmt því var söluverð til almenningsveitna að meðaltali 2,86 kr. á kílóvattstund en til stóriðju aðeins 0,88 kr. eða innan við þriðjungur af verði til almenningsveitna.

Losun gróðurhúsalofttegunda og Kyoto-bókunin.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem Ísland undirritaði á Ríóráðstefnunni og staðfesti vorið 1994 gerði ráð fyrir að iðnríki, þar á meðal Ísland, leituðust við að stöðva aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2000 þannig að hún yrði þá ekki meiri en hún var árið 1990. Nú stefnir í 16% aukningu hérlendis árið 2000 og allt að 40% aukningu árið 2010 miðað við „staðfesta" stóriðjusamninga og þau starfsleyfi sem núverandi stóriðjufyrirtæki hafa tryggt sér, þ.e. 4.186.000 tonn í stað 2.877.000 tonna árið 1990. Samkvæmt Kyoto-bókuninni við samninginn átti Ísland að fá heimild til að auka losun um 10% á sama tíma, en flestum öðrum iðnríkjum er ætlað að skera verulega niður losun frá 1990-mörkunum. Stóriðjudraumar stjórnvalda stefna óralangt fram úr þessum mörkum, t.d. losar 500 þúsund tonna álbræðsla um 1 milljón tonna árlega af gróðurhúsalofttegundum umreiknað í CO_2-ígildi.

Skilyrði ríkisstjórnarinnar fyrir aðild Íslands að Kyoto-bókuninni hljóðar upp á að engin takmörk verði sett fyrir losun frá málmbræðslum hérlendis. Með þessari kröfu eru Íslendingar settir í afar slæmt ljós í umhverfismálum á alþjóðavettvangi og um leið afvopna íslensk stjórnvöld sig í viðleitni við að draga úr losun hjá öðrum atvinnugreinum en stóriðju.

Orkulindirnar eru takmarkaðar.

Þingflokkur óháðra flutti í byrjun yfirstandandi löggjafarþings tillögu til þingsályktunar um sjálfbæra orkustefnu. Þar er meðal annars dregið fram með skýrum hætti að nýtanlegar orkulindir landsmanna eru langtum takmarkaðri að magni til en haldið hefur verið fram til þessa. Því valda gjörbreytt viðhorf í umhverfismálum, ekki síst að því er varðar vatnsaflsvirkjanir og miðlunarlón á hálendinu. Óvarlegt er að reikna með að þjóðin hafi í raun til ráðstöfunar meira en um 20–30 teravattstundir til raforkuframleiðslu úr vatnsafli og jarðvarma á næstu öld, ef taka á tillit til umhverfissjónarmiða. Á síðasta ári var raforkuframleiðslan um 6,5 teravattstundir og stefnir vegna þegar gerðra stóriðjusamninga í um 9 teravattstundir á næsta ári. Vöxtur almennrar raforkunotkunar um 2% á ári sem orkuspárnefnd nú gerir ráð fyrir kallar á um 8 teravattstunda orkuaukningu á ári frá því sem nú er þegar komið er fram um 2050. Framleiðsla vistvæns eldsneytis eða raforku í stað jarðefnaeldsneytis kallar á um 15 teravattstundir árlega í raforkuframleiðslu. Samtals eru þetta um eða yfir 30 teravattstundir árlega án nokkurrar frekari stóriðju eða fimmföldun frá núverandi raforkuframleiðslu. Af þessu dregur Vinstrihreyfingin — grænt framboð þá ályktun að algjört óráð sé að binda meiri orku en orðið er í samningum um málmbræðslur af hvaða tagi sem er. Alveg sérstaklega er óráðlegt að binda meiri orku en þegar er orðið í langtímasamningum á meðan

engin framtíðarstefna hefur verið mótuð í orkumálum önnur en sú að keyra í blindni gegn náttúru landsins og úthrópa þá sem snúast henni til varnar, eins og núverandi valdhafar tíðka.

Bjarnarflagsvirkjun — forsaga.

Með bréfi til iðnaðarnefndar 19. febrúar 1999 óskaði Landsvirkjun „í samráði við iðnaðarráðuneytið“ eftir því við umhverfisnefnd að „leyfð [yrði] virkjun jarðgufuorku til rafmagnsframleiðslu í Bjarnarflagi við Námafjalla (Bjarnarflagsvirkjun) með allt að 40 MW afli“. Nefndin fjallaði um þetta erindi á nokkrum fundum og fékk af því tilefni til viðræðu, auk talsmanna Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytis, fulltrúa frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps, Náttúruvernd ríkisins, stjórn Náttúrurannsóknastöðvar við Mývatn, Náttúruverndarráði og Orkustofnun. Lögðu sumir þessara aðila fram greinargerðir sem birtar eru í fylgiskjölum sem útbýtt er með nefndaráliti þessu.

Landsvirkjun yfirtók eignir Kröfluvirkjunar af íslenska ríkinu með samningi sumarið 1985 og ári síðar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag ásamt rétti til hagnýtingar jarðhitaorku þar. Fylgdi með gamla 3 MW jarðvarmavirkjunin sem þar hefur verið rekin síðan 1969. Haustið 1994 hafði Landsvirkjun lokið við verkhönnum 40 MW virkjunar í Bjarnarflagi með ráðgerða staðsetningu sunnan Kísiliðju og þjóðvegar austan við svonefnt Krummaskarðsmisgengi. Í framhaldi af því lét Landsvirkjun taka saman frummatsskýrslu sem lá fyrir hjá Skipulagi ríkisins í september 1996 sem sendi hana meðal annars til stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og til Náttúruverndarráðs (nú Náttúruverndar ríkisins). Veitti stjórn rannsóknastöðvarinnar umsögn, sem Náttúruverndarráð vísaði meðal annars til um leið og ráðið lagðist gegn fyrirhugaðri jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi. Í framhaldi af því hætti Landsvirkjun við að setja málið í mat á umhverfisáhrifum. Er það fyrst nú fyrir skemmstu að fyrirtækið tekur málið upp að nýju og beitir nú fyrir sig heimaaðilum til að þrýsta á um að heimild verði veitt fyrir virkjuninni.

Hvers vegna ekki að stækka Kröfluvirkjun?

Fjölmargar spurningar vakna við ákvörðun Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytis um að leita nú eftir heimild Alþingis fyrir stórri jarðgufuvirkjun við Námafjall. Hið sama á við um ákvörðun meiri hluta iðnaðarnefndar að fallast á þá beiðni. Fyrst af öllu þarf að svara því hvers vegna leitað er nú eftir virkjunarheimild á nýju svæði í hjarta Mývatnssveitar í stað þess að stefna að stækkun Kröfluvirkjunar. Einnig má benda á að á Norðausturlandi eru stór jarðhitasvæði sem í framtíðinni hljóta að koma til athugunar, svo sem háhitasvæðið í Öxarfirði. Samkvæmt skriflegum upplýsingum Landsvirkjunar til iðnaðarnefndar er ómælda jarðhitaorku að hafa við Kröflu. „Kröflusvæðið (30 km^2) er talið geta staðið undir um 300–400 MW raforkuframleiðslu í 50 ár. ... Jarðhitasvæði við Bjarnarflag (8 km^2) er álitið geta staðið undir tæplega 100 MW raforkuframleiðslu í 50 ár.“ (Greinargerð Landsvirkjunar um virkjun jarðvarma í Bjarnarflagi og Kröflu, dagsett 1. mars 1999.)

Ein af fáum skýringum sem Landsvirkjun gefur fyrir vali sínu er eftirfarandi: „Boranir í ný svæði yrðu markvissari og einnig skipulag við uppbyggingu hugsanlegra virkjana í 20–30 MW áföngum. Rannsóknir vegna gufuöflunar á Kröflusvæðinu er talið að muni taka nokkur ár áður en hægt verður að taka ákvörðun um aukna orkuframleiðslu.“ (Sama heimild.) Ekki getur þetta talist frambærileg skýring í ljósi þess m.a. að markaðurinn sem vísað er til fyrir orku úr Bjarnarflagsvirkjun er hugsanleg álbræðsla á Reyðarfirði. Allir vita hvar það mál er statt og að meira en „nokkur ár“ munu líða uns þær fyrirætlanir skýrast. Jafnvel þótt eitthvað gerðist í því máli innan nokkurra ára væri nógur tími til að afla orku frá Kröflu, teldu menn það ráðlegt.

Samvinna iðnaðarráðuneytis, Landsvirkjunar og sveitarstjórnar.

Reynt hefur verið að afla málinu stuðnings með því að vísa til þess að í tengslum við virkjunina megi skapa ýmiss konar aðstöðu fyrir ferðamenn, m.a. til baða. Minni hlutinn telur sjálfsagt ef einhvern tímann yrði tekin ákvörðun um að setja niður orkuver á þessum stað að hugsa fyrir slíku, en það geta ekki talist gild rök fyrir að veita heimild fyrir Bjarnarflagsvirkjun.

Hafa verður í huga í öllu þessu máli að Kröfluvirkjun er í fárra kílómetra fjarlægð, með gnótt orku, nóg af affallsvatni til að koma upp baðlónum og er opin til skoðunar fyrir ferðafólk. Þess utan ætti að vera hægurinn hjá að koma upp sómasamlegum gufuböðum við Bjarnarflag, ef áhugi er fyrir hendi, því að talsvert er þar af óbeislaðri orku. Svo langt er seilst í rökleysunni fyrir Bjarnarflagsvirkjun að staðhæft er að Landsvirkjun hafi heitið því að taka sæmilega til á svæðinu, fái fyrirtækið að koma þar upp nýrri jarðgufuvirkjun. — Vert er að nefna að fram kom í iðnaðarnefnd að ekki væri hægt að yfirfæra hugmyndir um „blá lón“ frá Svartsengi til Bjarnarflags. Í Bláa lóninu í Svartsengi er jarðsjór, en allt önnur efnasamsetning er í affallsvatni á hefðbundnum háhitasvæðum sem gæti kallað á ýmiss konar efnaíblöndun vegna baða til að halda niðri gerlagróðri.

Sagt er að um tvö ársverk mundu bætast við í Mývatnssveit til frambúðar ef til kæmi Bjarnarflagsvirkjun. Svipað gæti væntanlega átt við ef Kröfluvirkjun yrði stækkuð. Atvinnuleg rök fyrir þessari virkjunarheimild vega þannig ekki þungt og orkuna er fyrirhugað að flytja austur á firði til álbræðslu.

Bjarnarflagsvirkjun og verndun náttúru Mývatnssveitar.

Aðalatriði þessa máls varðar verndun náttúru Mývatnssveitar og þær hugmyndir sem menn gera sér um sjálfbæra þróun mannlífs og atvinnulífs á svæðinu. Það er næsta ótrúlegt skref sem Alþingi mundi taka með því að veita heimild fyrir nýrri 40 MW virkjun í Bjarnarflagi. Þegar Náttúruverndarráð fjallaði um jarðgufuvirkjun á Mývatnssvæðinu 1974–75 voru bornar rækilega saman hugmyndir um staðsetningu við Kröflu og Námafjall. Niðurstaðan varð Kröflusvæðið eins og lesa má um í greinargerðum frá þessum tíma. Í þessu fólst um leið það álit að vernda bæri jarðhitasvæðið við Námafjall og halda mannvirkjagerð og nýtingu þar í lágmarki.

Heimild fyrir Bjarnarflagsvirkjun gengur þvert á þessi markmið. Viðurkennt er að öflun jarðgufu austan Krummaskarðsmisgengis vestan Námafjalls geti haft ófyrirsjánleg áhrif á hverasvæðið við Hverarönd. Á bak við óskir Landsvirkjunar vaka hugmyndir um gjörnýtingu háhitasvæðisins og skýrt er gefið til kynna í fyrirliggjandi gögnum að fyrirtækið hafi hug á að reisa aðra virkjun síðar á svipuðum slóðum.

Náttúruverndaryfirvöld og áhugafélög um umhverfisvernd hafa lýst miklum áhyggjum og andstöðu við að lagt verði út á þessa braut. Með nefndarálitinu fylgja umsagnir stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn frá 6. desember 1996 og Náttúruverndarráðs (nú Náttúruverndar ríkisins) frá 17. desember 1996 þar sem lagst er gegn fyrirhugaðri jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi. Þá fylgir ný greinargerð Náttúruverndarráðs frá 7. mars 1999 þar sem eindregið er lagst gegn heimild til virkjunar í Bjarnarflagi.

Lagaheimild óþörf til að fram fari mat á umhverfisáhrifum.

Vekja verður athygli á því viðhorfi sem fram kom hjá talsmönnum Landsvirkjunar fyrir iðnaðarnefnd, að með því að fá nú virkjunarheimild geti fyrirtækið komist bakdyramegin að lögunum um verndun Mývatns og Laxár (nr. 36/1974) sem áskilja leyfi Náttúruverndar ríkisins fyrir hvers konar mannvirkjagerð í Skútustaðahreppi og með fram Laxá. Hugsunin virð-

ist vera sú að ef reyni á höfnun Náttúruverndar ríkisins á virkjuninni mætti kæra slíka niðurstöðu til æðra stjórnvalds samkvæmt stjórnsýslulögum. Af ummælum iðnaðarráðherra nýverið má einnig ráða að hann telji lögin um verndun Mývatns og Laxár óþörf vegna tilkomu löggjafar um mat á umhverfisáhrifum!

Það er algjör misskilningur að heimild frá Alþingi til virkjunar þurfi að liggja fyrir til að Landsvirkjun láti fara fram mat á umhverfisáhrifum hugsanlegrar virkjunar í Bjarnarflagi. Þvert á móti verður að telja eðlilegt að slíkt mat liggi fyrir áður en Alþingi tekur afstöðu til virkjunarinnar.

Stuðningur við atvinnuþróun í Mývatnssveit.

Svo vill til að þingmenn Óháðra hafa á fyrri tíð haft frumkvæði að tillöguflutningi á Alþingi þess efnis að ríkisvaldið styðji við atvinnuþróun í Mývatnssveit. Í tillögu sem undirritaður flutti ásamt Kristínu Einarsdóttur á 115. og 116. löggjafarþingi var meðal annars lagt til „að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu". Í greinargerð með tillögunni sagði meðal annars:

„Íslenska ríkið hefur óvenjumiklar skyldur við Mývatnssveit og svæðið með fram Laxá. Því valda ákvarðanir sem teknar hafa verið um lögverndun á náttúru svæðisins og aðild ríkisins að uppbyggingu atvinnufyrirtækja þar síðustu áratugi, einkum Kísiliðjunnar og Kröfluvirkjunar." — Í tillögunni sem allsherjarnefnd þá studdi var meðal annars vísað til eldri tillögu sem Steingrímur J. Sigfússon hafði frumkvæði að á 110. löggjafarþingi (458. mál) „um áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit".

Umhverfisnefnd Alþingis flutti á 117. löggjafarþingi tillögu um sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit, sem var samþykkt sem ályktun Alþingis 14. desember 1993. Byggðist hún á fyrri tillögum um þetta efni og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Byggðastofnun, í samvinnu við Skipulag ríkisins, Náttúruverndarráð og sveitarstjórn Skútustaðahrepps, gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Við úttektina verði m.a. höfð hliðsjón af skýrslu Skipulags ríkisins um umhverfismat fyrir Skútustaðahrepp frá í júlí 1993."

Þessari ályktun hefur lítið verið fylgt eftir. Forsætisráðuneytið vísaði henni til Byggðastofnunar þar sem málið lenti í útideyfu. Heimaaðilar voru á þessum tíma tortryggnir gagnvart tillögunni þar eð þeim fannst sumum hverjum sem hún beindist gegn starfrækslu Kísiliðjunnar. Málið er í raun brýnna nú en þegar Alþingi gerði sína ályktun og því full ástæða til að minna rækilega á það og krefjast aðgerða af hálfu ríkisins til stuðnings við sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit.

Niðurstaða.

Samkvæmt framangreindu er minni hlutinn því andvígur að Alþingi veiti lagaheimildir fyrir raforkuverum sem yfirlýst er að eigi að þjóna hefðbundinni stóriðjuuppbyggingu. Alþingi á ekki að veita frekari virkjanaheimildir fyrr en mótuð hefur verið sjálfbær orkustefna til framtíðar og einstökum virkjanakostum hefur verið raðað í forgangsröð, sbr. ályktun Alþingis frá 24. apríl 1989 um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða (108. mál á 111. löggjafarþingi) og tillögu um sjálfbæra orkustefnu (12. mál á 123. löggjafarþingi). Þá er rétt að áður en Alþingi tekur afstöðu til virkjunarheimildar liggi ætíð fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna viðkomandi virkjunarhugmyndar.

Minni hlutinn leggst ekki gegn því að Rafmagnsveitur ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði yfirtaki virkjunarheimild Landsvirkjunar vegna Villinganesvirkjunar en telur að takmarka beri virkjunarheimildina við 30 MW, sbr. umsögn Náttúruverndar ríkisins um frumvarpið. Einnig er af hálfu Alþingis rétt að bíða með að taka afstöðu til þess hvort heimila eigi Villinganesvirkjun á vegum nýs aðila uns fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

Vegna stöðu atvinnumála í Mývatnssveit er sérstaklega minnt á ályktun Alþingis frá 14. desember 1993 um stuðning af hálfu ríkisins við sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit.

Með vísan til þessa leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi 8. mars 1999.

Hjörleifur Guttormsson.

Eftirtöldum fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:

I. Landsvirkjun. Erindi til iðnaðarnefndar. 19. febrúar 1999.
II. Landsvirkjun. Greinargerð um orkumarkað og virkjanir. 23. febrúar 1999.
III. Landsvirkjun. Rafmagnssala Landsvirkjunar 1998. 26. febrúar 1999.
IV. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda og spá fram til 2010.
V. Gufuaflsvirkjun í Bjarnarflagi. Erindi Skútustaðahrepps. 18. febrúar 1999.
VI. Greinargerð Landsvirkjunar um virkjun jarðvarma í Bjarnarflagi og Kröflu. 1. mars 1999.
VII. Gufuvirkjun við Bjarnarflag í Mývatnssveit. Umsögn stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn 6. desember 1996.
VIII. Bréf Náttúruverndarráðs ([Náttúruverndar ríkisins] til Skipulags ríkisins vegna jarðvarmavirkjunar í Bjarnarflagi. 17. desember 1996.
IX. Umsögn Náttúruverndarráðs um orkuver í Bjarnarflagi. 7. mars 1999.
X. Um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða. Ályktun Alþingis 24. apríl 1989 og þingsályktunartillaga.
XI. Tillaga til þingsályktunar um sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit. Samþykkt óbreytt 14. desember 1993.

1042. Nefndarálit [98. mál]

um till. til þál. um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Umsagnir bárust nefndinni frá Skrifstofu jafnréttismála, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að heilbrigðisráðherra verði falið að setja á fót nefnd sem hafi það hlutverk að kanna hvort og þá hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir geti orðið til að draga úr þunglyndi meðal kvenna og að tillögum nefndarinnar verði síðan fylgt eftir með sérstöku átaki heilbrigðisyfirvalda.

Nefndin leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Sólveig Pétursdóttir, Guðni Ágústsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. mars 1999.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.

1043. Nefndarálit [95. mál]

um till. til þál. um sérstakt átak til að draga úr reykingum kvenna.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Umsagnir bárust nefndinni frá landlæknisembættinu, Skrifstofu jafnréttismála og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að heilbrigðisráðherra verði falið að efna til sérstaks átaks til að draga úr reykingum kvenna og skuli sjónum einkum beint að stúlkum og ungum konum þannig að takast megi að koma í veg fyrir að stúlkur hefji reykingar og þær sem eru byrjaðar hætti.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Sólveig Pétursdóttir, Guðni Ágústsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. mars 1999.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.

1044. Nefndarálit [45. mál]

um till. til þál. um vegtolla.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Umsagnir bárust frá Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandi vestra, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Vegagerðinni, Speli ehf., Þorvaldi Gylfasyni, prófessor við Háskóla Íslands, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, umhverfisráðuneyti, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Stefáni Gíslasyni.

Tillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd er kanni hvort hægt sé að beita vegtollum til að draga úr þörf á gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar.

Nefndin áréttar að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort vegtollum skuli beitt eða ekki og leggur áherslu á að heildarskattheimta af bifreiðum aukist ekki.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort unnt sé og skynsamlegt að beita vegtollum til þess að draga úr þörf fyrir gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar. Miðað verði við að heildarskattheimta af bifreiðum og umferð aukist ekki.

Stefán Guðmundsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. mars 1999.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Egill Jónsson.
Ragnar Arnalds.	Árni Johnsen.	Magnús Stefánsson.

Kristján Pálsson.

1045. Nefndarálit [378. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Guðjónsson og Jón Leví Hilmarsson frá Siglingastofnun Íslands. Umsögn um málið barst nefndinni frá Siglingastofnun Íslands.

Tillagan gerir ráð fyrir að samgönguráðherra skuli falið að hlutast til um að Siglingastofnun Íslands hefji sem fyrst rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn.

Í umsögn Siglingastofnunar kemur fram að frumdrög hafi verið unnin að stækkun hafnarinnar miðað við 10.000 tonna og 20.000 tonna vöruflutningaskip en hins vegar hafi engar hagrænar athuganir verið gerðar á stækkun hafnarinnar. Nefndin telur eðlilegt að undirbúningsrannsóknir og hagrænar athuganir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn fari fram. Að þeim loknum verður unnt að taka ákvörðun um hvort ráðist verði í gerð slíkrar hafnar.

Samgöngunefnd leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um að Siglingastofnun Íslands hefji sem fyrst undirbúningsrannsóknir og hagrænar athuganir á stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn.

Stefán Guðmundsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. mars 1999.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Egill Jónsson.
Ragnar Arnalds.	Árni Johnsen.	Magnús Stefánsson.

Kristján Pálsson.

1046. Nefndarálit [356. mál]

um till. til þál. um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Umsagnir bárust nefndinni frá Stöðvarhreppi, Fjarðabyggð, Austur-Héraði, Seyðisfjarðarkaupstað, Búðahreppi, Fáskrúðsfjarðar-

hreppi, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Breiðdalshreppi, Borgarfjarðarhreppi, Þróunarstofu Austurlands, Hornafjarðarbæ, Vopnafjarðarhreppi og samgönguráðuneyti.

Tillagan gerir ráð fyrir að samgönguráðherra verði falið að hefja nú þegar undirbúning að gerð jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og að miðað verði við að framkvæmdir hefjist 2003.

Flestar umsagnir sem bárust nefndinni voru jákvæðar. Í umsögn Vegagerðar ríkisins frá 11. febrúar sl. var farið nokkrum orðum um forsögu málsins og þar kom m.a. fram að á árunum 1983–84 og 1989–93 hafi Vegagerðin látið vinna nokkuð að frumathugun á aðstæðum til jarðgangagerðar á Austurlandi. Einkum var þar um jarðgangarannsóknir að ræða. Gögn úr rannsóknunum voru síðan notuð við vinnu nefndar sem skipuð var árið 1988 en hún átti að vinna að framgangi jarðgangagerðar á Austurlandi og gera tillögur um leiðir til fjármögnunar. Nefndin skilaði tillögum sínum árið 1993 og samkvæmt þeim skyldi í fyrsta áfanga byggja göng sem ryfu vetrareinangrun Seyðisfjarðar og Norðfjarðar, í öðrum áfanga göng milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar og í þriðja áfanga jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar annars vegar og Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur hins vegar. Jafnframt kom fram að síðan þessar tillögur voru lagðar fram hafi verið töluverð umræða á Austurlandi um þessa áfangaröðun, án þess að niðurstaða hafi fengist.

Með þeim umbótum og aukinni vetrarþjónustu sem orðið hafa á þessum vegleiðum á Austurlandi hafa aðstæður breyst. Er það meginástæða tillögunnar í þskj. 488.

Í langtímaáætlun í vegagerð fyrir árin 1999–2010, sem samþykkt var á Alþingi 2. júní 1998, var ekki fjallað um framkvæmdir við jarðgöng. Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna sagði að ef til slíkra framkvæmda kæmi á áætlunartímabilinu væri gert ráð fyrir að það yrði samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnvalda þar sem einnig yrði tekin afstaða til fjármögnunar. Í langtímaáætluninni var jafnframt ákveðið að verja 120 millj. kr. til jarðgangarannsókna á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum. Ætla verður að sú mótun langtímaáætlunar um jarðgangagerð sem hér er lögð til taki mið af því.

Mikil umræða hefur verið um gerð jarðganga um nokkurt skeið. Því telur samgöngunefnd að jafnframt því að vinna að rannsóknum á jarðgangakostum þurfi að hyggja að mótun langtímastefnu um jarðgangagerð í landinu. Með því móti er stuðlað að skipulegum undirbúningi framkvæmda sem nauðsynlegt er að ráðast í. Því varð að ráði hjá samgöngunefnd að hafa afgreiðslu málsins almennari og víðtækari en tillaga í þskj. 488 gaf tilefni til og er það raunar í samræmi við tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun um jarðgangagerð sem nú liggur fyrir Alþingi og Magnús Stefánsson o.fl. eru flutningsmenn að. Í tillögugreininni, eins og samgöngunefnd leggur til að hún verði, er að talsverðu leyti stuðst við fyrrgreinda tillögu.

Jarðgöng gegna margvíslegu hlutverki, m.a. í mótun byggðastefnu, eins og Vegagerðin bendir réttilega á í umsögn sinni. Markmið með jarðgangagerð geta verið að stytta vegalengdir, stækka atvinnusvæði, koma í stað annarrar kostnaðarsamrar vegagerðar eða rjúfa vetrareinangrun. Við mat á forgangsröðun framkvæmda þarf að skoða alla þessa þætti eins og kveðið er á um í tillögugreininni.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Áætlunin feli í sér úttekt á kostum sem taldir eru á jarðgangagerð á landinu, kostnaðarmat og arðsemismat einstakra framkvæmda og forgangsröðun verkefna. Sérstaklega verði horft til framkvæmda sem rjúfa vetrareinangrun, koma í stað annarrar kostnaðarsamrar vegagerðar, stytta vegalengdir eða stækka atvinnusvæði. Áætlunin liggi fyrir áður en lokið verður við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um langtímaáætlun í gerð jarðganga á Íslandi.

Stefán Guðmundsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. mars 1999.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Egill Jónsson.
Ragnar Arnalds.	Árni Johnsen.	Magnús Stefánsson.
	Kristján Pálsson.	

1047. Nefndarálit [342. mál]

um till. til þál. um landslið hestamanna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá skrifstofu forseta Íslands, Bændasamtökum Íslands, Félagi tamningamanna og Íþróttasambandi Íslands.

Í tillögugreininni er lagt til að landbúnaðarráðherra verði falið að koma á fót landsliði hestamanna sam falið verði að kynna íslenska hestinn, t.d. með því að koma fram fyrir Íslands hönd við hátíðleg tækifæri og opinberar móttökur erlendra þjóðhöfðingja.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að undirbúa í samvinnu við önnur stjórnvöld og samtök að íslenskir hestar og hestamenn gegni veigamiklu hlutverki við opinberar móttökur erlendra þjóðhöfðingja og við önnur hátíðleg tækifæri.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um íslenska hestinn.

Guðjón Guðmundsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1999.

Guðni Ágústsson, form.	Ágúst Einarsson, frsm.	Egill Jónsson.
Magnús Stefánsson.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Sigríður Jóhannesdóttir.

Katrín Fjeldsted.

1048. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsögn barst frá umhverfisráðuneyti og auk hennar var farið yfir umsagnir sem bárust þegar málið var flutt á 121. og 122. þingi frá vottunarstofunni Túni ehf., Neytendasamtökunum, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Náttúruvernd ríkisins, sjávarútvegsráðuneyti, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Bændasamtökum Íslands, ÁFORM, VOR, Fagráði í lífrænni framleiðslu, Náttúruverndarráði og Landgræðslu ríkisins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að stefna beri að því að matvælaframleiðsla á Íslandi skuli vera á forsendum sjálfbærrar þróunar fyrir árið 2003.

Jafnframt skuli stefnt að því að auka hlut landbúnaðarafurða sem vottaðar eru lífrænar.

Guðjón Guðmundsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1999.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Magnús Stefánsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Ágúst Einarsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.

Katrín Fjeldsted.

1049. Nefndarálit [377. mál]

um till. til þál. um úttekt á nýtingu lítilla orkuvera.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Orkustofnun og Náttúruvernd ríkisins.

Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að láta gera úttekt á nýtingu og þróunarmöguleikum lítilla orkuvera þar sem kannað verði hvort hagkvæm uppbygging lítilla sjálfstæðra orkuvera gæti samanlagt jafnast á við stóra virkjun. Verði niðurstaða úttektarinnar lögð fyrir Alþingi.

Nefndin telur að hér sé um áhugaverða tillögu að ræða og leggur til henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Sigríður A. Þórðardóttir og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1999.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Magnús Árni Magnússon.
Hjörleifur Guttormsson.	Pétur H. Blöndal.	Guðjón Guðmundsson.

Katrín Fjeldsted.

1050. Nefndarálit [204. mál]

um till. til þál. um þriggja fasa rafmagn.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Eyþingi, Rafmagnsveitum ríkisins, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Þjóðhagsstofnun, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra og Bændasamtökum Íslands.

Í tillögugreininni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd sem geri úttekt á því hve mikið vanti á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu. Verði nefndinni falið að meta þörf atvinnulífsins á landbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og jafnframt að leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Sigríður A. Þórðardóttir og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1999.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Magnús Árni Magnússon.
Hjörleifur Guttormsson.	Pétur H. Blöndal.	Guðjón Guðmundsson.

Katrín Fjeldsted.

1051. Nefndarálit [475. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, o.fl.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Árna St. Jónsson og Jens Andrésson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Gísla Tryggvason og Pál Halldórsson frá Bandalagi háskólamanna, Grétar Þorsteinsson, Ara Skúlason og Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands og Pál Hreinsson, dósent við Háskóla Íslands.

Umsagnir bárust frá Bandalagi háskólamanna og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem sendu sameiginlega umsögn, og Alþýðusambandi Íslands.

Með dómi Hæstaréttar frá 18. desember 1998 í máli nr. 312/1998 var ákvörðun umhverfisráðherra um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness dæmd ólögmæt þar sem ráðherra hefði ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar frá Reykjavík til Akraness. Í dómi sínum leit Hæstiréttur m.a. til þess að ekki nyti við almennra lagafyrirmæla um staðsetningu ríkisstofnana. Andstætt því sem ráðherra hafði lagt ákvörðun sinni til grundvallar og stjórnvöld höfðu fram að því talið rúmast innan valdheimilda sinna sló Hæstiréttur því föstu að skortur á ákvæði um staðsetningu stofnunarinnar í lögum veitti ráðherra ekki frjálst val um það hvar stofnunin skyldi staðsett. Taldi rétturinn að vöntun á ákvæði um þetta í lögum mætti helst skýra með því að fyrirmæli væru í stjórnarskrá um staðsetningu ráðuneyta. Hefði það verið talið svo sjálfsagt fram á hin síðari ár að stofnanir sem undir þau heyrðu hefðu einnig aðsetur í höfuðborginni að ekki þyrfti að taka það fram í lögum.

Fordæmisáhrif dómsins eru í stuttu máli þau að líta verður svo á að þegar Alþingi kveður ekki á um aðsetur ríkisstofnana í lögum beri þeim að eiga aðsetur í Reykjavík. Þá geti ráðherra ekki að óbreyttum lögum tekið ákvörðun um að flytja aðsetur ríkisstofnana frá Reykjavík.

Frumvarpið er lagt fram til að taka af allan vafa um heimildir til að starfrækja ríkisstofnanir utan Reykjavíkur. Er það ekki síst gert vegna ríkisstofnana sem þegar eru staðsettar utan borgarmarkanna án þess að mælt sé fyrir um það í lögum. Er því í raun aðeins verið að leysa úr réttaróvissu sem skapaðist í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli Landmælinga, en um leið er lögfest það ástand sem menn töldu gilda áður en dómurinn féll. Er því með frumvarpinu lagt

til að lögfest verði heimild fyrir ráðherra til að ákveða aðsetur ríkisstofnana sem undir ráðuneyti þeirra heyra. Til að taka af allan vafa um gildi þeirra ákvarðana sem hingað til hafa verið teknar um aðsetur stofnana utan Reykjavíkur er einnig lagt til að ákvæði þar að lútandi verði fest í viðkomandi lög.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 6. mars 1999.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Kristjánsson.
Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.	Árni R. Árnason.

1052. Nefndarálit [546. mál]

um frv. til l. um búnaðarfræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti, Magnús B. Jónsson, skólastjóra Bændaskólans á Hvanneyri, Svein Aðalsteinsson, skólastjóra Garðyrkjuskóla ríkisins, og Jón Bjarnason skólastjóra Hólaskóla.

Umsagnir um málið bárust frá Bændasamtökum Íslands, Landgræðslu ríkisins og Félagi garðyrkjumanna.

Frumvarpið miðar að því að marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra sem að þeim vinna. Er kveðið á um grundvallaratriði í stjórnskipulagi menntastofnana landbúnaðarráðuneytisins en gert ráð fyrir að yfirstjórn hvers skóla taki nánari ákvarðanir um starfsemi stofnananna að öðru leyti. Miðað er við að þær fái viðhaldið hæfi og möguleikum til að laga starfsemi sína að síbreytilegum kröfum og nýjum forsendum á hverjum tíma í samræmi við óskir og þarfir samfélagsins og gegni auk þess fjölþættu menningarhlutverki á héraðs- og landsvísu. Var við samningu frumvarpsins höfð hliðsjón af lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og lögum nr. 136/1997, um háskóla, og leitast við að laga ákvæði frumvarpsins að þeim lögum eins og frekast var unnt.

Fjölmargar breytingar frá núgildandi lögum eru lagðar til í frumvarpinu. Helst má nefna að lagt er til að ákvæði laga um búnaðarnám og garðyrkjunám verði samræmd í einni löggjöf og að heildarstefna í búnaðarfræðslu verði mótuð af búfræðsluráði. Þá er gert er ráð fyrir auknu svigrúmi skólanna til að bjóða upp á fjölbreyttara nám, námstíma o.fl. Lagt er til að formlega verði stofnaður landbúnaðarháskóli með aðsetur á Hvanneyri og að öllu stjórnskipulagi skólans verði breytt í samræmi við það. Þá er lagt til að heimilt verði að stofna til kennslu á háskólastigi við Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins með samþykki landbúnaðarráðherra og að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Lagt er til að menntastofnanir landbúnaðarins geti komið á fót og átt aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum til styrktar og eflingar meginviðfangsefnum þeirra. Loks er lagt til að við menntastofnanirnar verði stundaðar rannsóknir sem skuli skipulagðar með öðrum rannsóknum á sviði landbúnaðar og landnýtingar í landinu.

Nokkur umræða varð um það í nefndinni hvort þessi málaflokkur ætti að heyra undir landbúnaðarráðuneyti eða menntamálaráðuneyti. Telur nefndin að það ætti að skoða nánar.

Nefndin leggur til fjölmargar breytingar á frumvarpinu. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að búfræðsluráð verði landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um mörkun heildarstefnu í búfræðslumálum en marki ekki sjálft slíka heildarstefnu eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
2. Búfræðsluráð verði skipað níu mönnum og tilnefni menntamálaráðherra tvo, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi einn mann í ráðið.
3. Almennt háskólanám í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri miðist við þriggja til fjögurra ára nám en ekki tveggja til fjögurra ára nám eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar verði skólanum heimilt að bjóða upp á styttri námsbrautir.
4. Ekki verði skylt að sérfræðingar sem ráðnir eru til rannsókna við menntastofnanir landbúnaðarins hafi kennsluskyldu.
5. Heimilt verði að starfrækja endurmenntunardeildir við menntastofnanir landbúnaðarins en ekki skylt.
6. Lagðar eru til nokkrar breytingar á skipan manna í háskólaráð Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og í skólanefndir Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins.
7. Loks er lagt til að ekki þurfi heimild landbúnaðarráðherra til að menntastofnanir landbúnaðarins geti komið á fót eða átt aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. mars 1999.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Guðjón Guðmundsson.
	Katrín Fjeldsted.	Hjálmar Jónsson.
Magnús Stefánsson.		
Ágúst Einarsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.

1053. Breytingartillögur [546. mál]

við frv. til l. um búnaðarfræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. 2. og 3. málsl. falli brott.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo.

   Með búnaðarfræðslu er átt við skipulegt nám og kennslu, rannsóknir, fræðslu og aðra leiðsögn er lýtur að vörslu, meðferð, ræktun og nytjun lands, annarra jarðargæða og búfjár til framleiðslu matvæla og hráefna til iðnaðarframleiðslu eða annarrar verðmætasköpunar og markaðssetningu þeirra afurða, svo og verndun lands og endurheimt landkosta. Búnaðarfræðsla spannar vísindalegt starf og þekkingarmiðlun um sérsvið land-

búnaðar og fjölþættra landnytja, svo sem búvöruframleiðslu, akuryrkju, landgræðslu, garðyrkju, skógrækt, hlunnindi, veiðar í ám og vötnum, fiskeldi og ferðaþjónustu, svo og tæknimál, markaðsmál, vistfræði og umhverfismál sem tengjast þessum sviðum.

Markmið búnaðarfræðslu er:

a. að veita fræðslu, hagnýta starfsmenntun og háskólamenntun studda rannsóknum fyrir samkeppnishæfan og fjölþættan landbúnað sem byggist á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda landsins,
b. að veita endurmenntun á þeim námssviðum sem lög þessi taka til.

3. Við 4. gr.
   a. Í stað 1. og 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

      Búfræðsluráð er landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um mörkun heildarstefnu í búfræðslumálum og samræmingu starfa þeirra er að þeim vinna.
   b. Í stað orðsins „átta“ í 3. mgr., er verði 2. mgr., komi: níu.
   c. Í stað orðsins „einum fulltrúa tilnefndum“ í 3. mgr., er verði 2. mgr., komi: tveimur fulltrúum tilnefndum.
4. Við 6. gr. Fyrri málsliður greinarinnar orðist svo: Menntastofnunum landbúnaðarins ber að hafa í starfi sínu samstarf við aðra skóla og vísindastofnanir hér á landi og erlendis um menntun og rannsóknir.
5. Við 9. gr. Orðin „að fengnu samþykki búfræðsluráðs“ í 2. mgr. falli brott.
6. Við 10. gr. 2. mgr. orðist svo:

   Inntökuskilyrði í háskólanám í landbúnaði og námskröfur svari til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.
7. Við 11. gr. Orðin „sbr. 12. gr.“ falli brott.
8. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

   Almennt háskólanám skal miðast við þriggja til fjögurra ára nám. Heimilt er að bjóða upp á sérhæfðar styttri námsbrautir. Kennsla skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári. Háskólanáminu skal ljúka með prófgráðu sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri verkefnum sem tilheyra námi til prófgráðunnar.
9. Við 16. gr. Orðin „í landinu sem fé er veitt til úr ríkissjóði“ í 1. mgr. falli brott.
10. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

    Heimilt er að ráða sérfræðinga að menntastofnunum landbúnaðarins sérstaklega til rannsókna og geta þeir haft kennsluskyldu við viðkomandi stofnun hver á sínu sviði. Við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við skólana skulu gilda sambærilegar reglur og eiga við um ráðningu kennara, sbr. 26. og 33. gr.
11. Við 19. gr.
    a. Í stað orðsins „skal“ í 1. mgr. komi: má.
    b. Síðari málsliður 2. mgr. falli brott.
12. Við 21. gr. Á eftir orðinu „rannsóknastofnun“ komi: á háskólastigi.
13. Við 22. gr. Orðin „nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum þessum“ í 3. málsl. 3. mgr. falli brott.
14. Við 23. gr. Í stað 4. tölul. 1. mgr. komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
    4. Einn fulltrúi kosinn af búnaðarþingi til tveggja ára í senn.
    5. Einn fulltrúi og einn til vara skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn.
15. Við 29. gr. Orðin „og gegna auk þess fjölþættu menningarhlutverki á héraðs- og landsvísu“ falli brott.

16. Við 30. gr. 3. málsl. 3. mgr. orðist svo: Skólameistari ræður kennara og annað starfsfólk stofnunarinnar.
17. Við 31. gr.
    a. 2. málsl. orðist svo: Í skólanefnd Hólaskóla eiga sæti einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, einn fulltrúi búnaðarþings, tveir fulltrúar bænda í Hólastifti og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu samtaka sveitarfélaganna í Hólastifti.
    b. Í stað orðsins „búfræðsluráði“ í 4. málsl. komi: búnaðarþingi.
18. Við 34. gr. Orðin „eða náms“ falli brott.
19. Við 35. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða að við gjaldtöku sé mætt þeim kostnaði sem rekstur stofnananna hefur í för með sér.
20. Við 36. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Menntastofnunum landbúnaðarins er heimilt að koma á fót og eiga aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum til styrktar og eflingar meginviðfangsefnum þeirra.
21. Við 37. gr. 1. mgr. falli brott.

1054. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón S. Sigurjónsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Sigurð Thorlacius og Karl Steinar Guðnason frá Tryggingastofnun ríkisins, Helga Seljan, Garðar Sverrisson og Hauk Þórðarson frá Öryrkjabandalagi Íslands og Arnór Pétursson og Lilju Þorgeirsdóttur frá Sjálfsbjörgu.

Umsagnir bárust nefndinni um málið frá Öryrkjabandalagi Íslands og Sjálfsbjörgu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á lögum um almannatryggingar þannig að forsendur við ákvörðun örorku byggist á læknisfræðilegum staðli og að allir sem metnir eru a.m.k. 75% öryrkjar njóti tiltekinna réttinda. Þá er gert ráð fyrir að meiri áhersla verði lögð á endurhæfingu sem forsendu fyrir örorkumati.

Nefndin telur breytingarnar sem felast í frumvarpinu vera mjög til bóta en með samþykkt laganna verður örorkumat Tryggingastofnunar ríkisins algerlega óháð tekjum og tekjumögguleikum öryrkja. Í viðræðum nefndarinnar við fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins um endurhæfingarlífeyri kom m.a. fram að tryggingalæknir getur með skömmum fyrirvara metið þörf sjúklings fyrir endurhæfingu og úrskurðað honum endurhæfingarlífeyri. Þurfi menn utan af landi að mæta hjá tryggingalækni vegna þessa mun stofnunin greiða ferðakostnað þeirra líkt og gildir um slys. Ef þeir af einhverjum ástæðum komast ekki og þurfa að bíða eftir að tryggingalæknir komi í þeirra byggðarlag gætu viðkomandi fengið úrskurðaðan endurhæfingarlífeyri eða örorkulífeyri til bráðabirgða á grundvelli læknisvottorðs, án þess þó að í því fælist nokkur viðurkenning á slíkum rétti af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins. Þá kom fram að um leið og tryggingalæknir hefur metið þörf einstaklings fyrir endurhæfingu getur einstaklingur átt rétt á endurhæfingarlífeyri skv. 8. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 118/1993. Nefndin vill þó vekja athygli á því að með hliðsjón af markmiði frumvarpsins um meiri áherslu á endurhæfingu þarf að endurskoða ákvæði laganna um endurhæfingarlífeyri en samkvæmt þeim er endurhæfingarlífeyrir aldrei greiddur lengur en í átján mánuði. Telur nefndin brýnt

að ákvæði um tímalengd endurhæfingarlífeyris verði endurskoðuð fljótlega eftir að lögin eru komin til framkvæmda svo að þau nái tilgangi sínum.

Nefndin leggur mikla áherslu á að Tryggingastofnun ríkisins hafi þegar samband við þá einstaklinga sem hafa lækkað í örorkumati vegna vinnu og kynni þeim rétt þeirra til að fá örorkumatið endurskoðað samkvæmt reglum frumvarpsins.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að gildistöku laganna verði frestað til 1. september 1999 enda þarfnast reglur um breyttar forsendur örorkumats verulegs undirbúnings og kynningar af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins.
2. Í öðru lagi er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða sem ætlað er að skýra ákvæðið nánar en gætt hefur misskilnings á þýðingu þess. Tekin eru af tvímæli um að nýju reglurnar gildi um þá sem metnir eru öryrkjar í fyrsta skipti eftir gildistöku laganna en hrófli ekki við stöðu þeirra sem hafa verið metnir í gildistíð eldri laga nema þeir óski sérstaklega eftir því að til endurmats komi. Þannig mundu þeir sem fengið hafa metna meiri en 75% örorku samkvæmt gömlu reglunum halda því hafi forsendur upphaflegs örorkumats ekki breyst en þeir sem metnir eru með minni örorku (65%, 50% eða minni en 50% örorku) geta sótt um endurmat samkvæmt nýju reglunum.

Sólveig Pétursdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 5. mars 1999.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Guðni Ágústsson.

Sigríður A. Þórðardóttir.

1055. Breytingartillögur [520. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „15. apríl“ komi: 1. september.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið orðist svo:
   Ákvæði 1. gr. laga þessara gilda um þá einstaklinga sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku þeirra en ekki um þá sem metnir höfðu verið til örorku samkvæmt ákvæðum eldri laga, nema þeir sæki sérstaklega um það.

1056. Nefndarálit [521. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og um breyt. á l. nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur skrifstofustjóra og Vilborgu Þ. Hauksdóttur deildarstjóra frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Frá Öryrkjabandalagi Íslands komu Helgi Seljan, Garðar Sverrisson og Haukur Þórðarson. Bjarney Friðriksdóttir kom frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Karl Magnússon og Helgi Jóhannesson frá Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga og Andri Árnason hrl. frá Lögmannafélagi Íslands.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga, Aðgerðahópi aldraðra, Landssambandi eldri borgara, Sjálfsbjörgu og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót sérstök úrskurðarnefnd almannatrygginga er skeri úr um réttindi einstaklinga í málum þar sem deilt er um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta og að hlutverk tryggingaráðs verði þrengt frá því sem nú er. Þá eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum laga um almannatryggingar og laga um félagslega aðstoð, einkum hvað varðar skilyrði um lögheimili.

Meiri hlutinn telur ákvæði frumvarpsins um sérstaka óháða úrskurðarnefnd fela í sér verulegar réttarbætur fyrir skjólstæðinga Tryggingastofnunar ríkisins. Ákvæði frumvarpsins um skipun í nefndina hafa verið gangrýnd töluvert og telur meiri hlutinn rétt að breyta þeim ákvæðum til að tryggja réttaröryggi borgaranna enn frekar.

Meiri hlutinn telur rétt að geta þess að þær breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem felast í 7.–9. gr frumvarpsins hafa engin áhrif á efnisréttinn eins og hann er nú. Þá tekur meiri hlutinn skýrt fram að með breytingu á f-lið 33. gr. þeirra laga eins og 14. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir er ekki verið að fella úr gildi möguleika psoriasis- og exemsjúklinga til að sækja loftslagsmeðferð erlendis. Samkvæmt 35. gr. almannatryggingalaga er sérstakri nefnd sérfræðinga sem skipuð er fimm læknum falið að meta þörf sjúklinga fyrir slíka meðferð við erlendar sjúkrastofnanir. Meiri hlutinn telur ekki rétt að ákveðnir hópar sjúklinga njóti sérstakrar málsmeðferðar umfram aðra heldur sé jafnræðis milli sjúklingahópa gætt. Því er farsælast að allar ákvarðanir um sérstaka meðferð erlendis verði í höndum sérfræðinganefndarinnar skv. 35. gr. laganna.

Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á a-lið 2. gr. um skipun í úrskurðarnefnd almannatrygginga. Lagt er til að í stað þess að ráðherra skipi alla nefndarmenn án tilnefningar verði formaður og varaformaður tilnefndir af Hæstarétti. Þriðji nefndarmaðurinn verði skipaður án tilnefningar. Ákvæði um hæfi og skipunartíma nefndarmanna eru hins vegar óbreytt.
2. Í öðru lagi er lagt til að c-lið 2. gr. verði breytt þannig að báðir málsaðilar eigi sama rétt til að krefjast frestunar á réttaráhrifum úrskurðar nefndarinnar ef þeir hyggjast bera málið undir dómstóla. Þá er lagt til að bætt verði við ákvæði sem ætlað er að tryggja að tryggingaráð geti ávallt borið úrskurði nefndarinnar undir dómstóla.
3. Að lokum er lagt til að fjárhæð ellilífeyris verði leiðrétt í a-lið 4. gr. Fjárhæðin misritaðist við gerð frumvarpsins og var ritað 181.476 kr. í stað 188.736 kr.

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1999.

Siv Friðleifsdóttir, varaform., frsm. Lára Margrét Ragnarsdóttir. Guðmundur Hallvarðsson.

Guðni Ágústsson. Sigríður A. Þórðardóttir.

1057. Breytingartillögur [521. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og um breyt. á l. nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar (SF, LMR, GHall, GÁ, SAÞ).

1. Við 2. gr.
   a. 2. mgr. a-liðar orðist svo:
      Ráðherra skipar þrjá menn í nefndina og jafnmarga til vara til sex ára í senn. Hæstiréttur tilnefnir tvo menn. Skal annar þeirra uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og vera formaður nefndarinnar en hinn skal vera læknir og varaformaður hennar. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.
   b. Í stað 2. mgr. c-liðar komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Að kröfu málsaðila getur nefndin ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að málsaðili beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestunarúrskurði og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem eru til meðferðar eru hjá henni, þar til dómur gengur í málinu.
      Tryggingaráð getur höfðað dómsmál til að fá hnekkt úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga.
2. Við 4. gr. Í stað „181.476“ í a-lið komi: 188.736.

1058. Breytingartillaga [183. mál]

við frv. til l. um breyt. á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. l. nr. 42 13. maí 1996.

Frá Sólveigu Pétursdóttur.

Í stað „0,588“ í 2. efnismgr. 5. gr. komi: 0,667.

1059. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Hrafn Hallgrímsson frá umhverfisráðuneyti, Stefán Thors skipulagsstjóra og Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur frá Skipulagsstofnun ríkisins, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnar H. Hjálmarsson, Sigmar B. Hauksson og Hauk Jóhannesson frá SAMÚT, Samtökum útivistarfélaga, og Trausta Valsson skipulagsfræðing. Þá komu á fund nefndarinnar Gunnar Eydal frá Reykjavíkurborg, Gísli Einarsson, Stefán Skaftason og Magnús Sigurðsson, fulltrúar nefndar um svæðisskipulag hálendisins, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Holta- og Landsveitar, Arnór Benediktsson, oddviti Norður-Héraðs, Þorkell Helgason orkumálastjóri, Gestur Ólafsson frá Skipulagsfræðingafélagi Íslands og Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Umsagnir um málið bárust frá héraðsnefnd Þingeyinga, Ferðafélagi Íslands, Borgarbyggð, Eyjafjarðarsveit, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fuglaverndarfélagi Íslands, sveitarstjórn Norður-Héraðs, Holta- og Landsveit, Húnaþingi vestra, félagsmálaráðuneytinu, hreppsnefnd Hrunamannahrepps, Skógrækt ríkisins, Hvítársíðuhreppi, hreppsnefndum Ás-, Bólstaðarhlíðar- og Svínavatnshrepps, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, héraðsnefnd Mýrasýslu, héraðsnefnd Árnesinga, Landmælingum Íslands, Hálshreppi, héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu, sveitarfélaginu Borgarfirði, Djúpárhreppi, Bændasamtökum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps, Skipulagsfræðingafélagi Íslands, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Biskupstungnahreppi, Umhverfissamtökum Íslands, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, héraðsnefnd Austur-Húnvetninga, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, héraðsnefnd Rangæinga, sveitarstjórn Skútustaðahrepps, Náttúruvernd ríkisins, Landgræðslu ríkisins, héraðsnefnd Eyjafjarðar, Magnúsi Sigurðssyni, Bárðdælahreppi, héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu, Orkustofnun, Vestur-Eyjafjallahreppi, Landssambandi íslenskra vélsleðamanna, Skotveiðifélagi Íslands, sveitarstjórn Skagafjarðar og hreppsnefnd Akrahrepps, hreppsnefnd Ásahrepps í Rangárvallasýslu, Rangárvallahreppi, Stefáni Skaftasyni, hreppsnefnd Laugardalshrepps, Skipulagsstofnun, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Landvernd.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að festa í lög skipulag miðhálendis Íslands. Sérstök samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins var skipuð samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði laga nr. 73/1993 og var hlutverk hennar að gera tillögu að skipulagi á miðhálendi Íslands. Samvinnunefndin var skipuð 13 mönnum, einum fulltrúa frá hverri héraðsnefnd frá sveitarfélögum sem liggja að miðhálendinu auk formanns sem skipaður var af umhverfisráðherra. Önnur sveitarfélög, t.d. á höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum, hafa ekki tekið þátt í meðferð málsins á sama hátt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samvinnunefndin sé skipuð með nokkuð öðrum hætti enda er um að ræða svæði sem að stórum hluta er ekki í einstaklingseign og skiptir alla landsmenn máli.

Samvinnunefndin skilaði tillögum til Skipulagsstofnunar í nóvember 1998 og lauk með því störfum. Nefndin miðaði í upphafi mörk skipulagssvæðisins í grófum dráttum við línu sem dregin var á milli heimalanda og afrétta. Í vinnu sinni endurskoðaði samvinnunefndin svo legu markalínunnar og í þeim tillögum sem skilað var til Skipulagsstofnunar var henni breytt nokkuð.

Miklar umræður urðu í nefndinni um 2. gr., einkum um ákvæði sem varðar skipun samvinnunefndar miðhálendis auk ákvæðis um afmörkun skipulagssvæðis miðhálendisins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til breytingar á þessum ákvæðum. Einnig eru lagðar til nokkrar breytingar sem varða málsmeðferð tillagna að svæðisskipulagi miðhálendisins. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að svæðisskipulag miðhálendisins markist í megindráttum af línu sem mótuð var af samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins. Við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að sátt er um þá markalínu meðal flestra sveitarstjórna í landinu. Við lögfestingu svæðisskipulags miðhálendisins leggur meiri hlutinn því til að hún verði lögð til grundvallar við vinnu nýrrar samvinnunefndar miðhálendisins. Enn fremur er lagt til að samvinnunefnd miðhálendis eða hlutaðeigandi sveitarfélög geti gert tillögur til ráðherra um breytingar á markalínu miðhálendis. Ráðherra ákveður þá hvort breytingar skuli gerðar á markalínunni. Til að geta gert slíka tillögu um breytingar á markalínunni verða hlutaðeigandi sveitarfélög annars vegar og samvinnunefnd miðhálendis hins vegar að hafa haft samráð sín á milli um tillögugerðina. Þau þurfa ekki að vera sammála um að gera tillögu til ráðherra eða gera hana sameiginlega en þau skulu hafa samráð um það áður en tillagan er gerð. Hlutaðeigandi sveitarfélög eru þau sveitarfélög sem hafa beina hagsmuni af ákvörðun um legu línunnar, ýmist vegna þess að línan liggur innan marka sveitarfélags eða hún liggur að mörkum þess.
2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á skipan samvinnunefndar miðhálendis. Fjölgað er um einn í nefndinni þannig að nefndarmenn verða samtals tólf með tillögu- og atkvæðisrétt. Auk þess leggur meiri hlutinn til að ráðherra verði heimilt að skipa allt að fjóra fulltrúa til viðbótar með áheyrnaraðild og skulu þeir hafa málfrelsi og tillögurétt. Ráðherra skipar formann og skal hann fara með oddaatkvæði ef atkvæði falla jöfn. Aðra fulltrúa skal tilnefna þannig að einn fulltrúi komi úr hverju kjördæmi. Fulltrúar þeirra fimm kjördæma sem liggja að miðhálendinu skulu tilnefndir af þeim sveitarfélögum í hverju kjördæmi sem liggja að miðhálendinu. Þá skal Reykjavíkurborg tilnefna einn fulltrúa, Fjórðungssamband Vestfjarða einn og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum skulu sameiginlega tilnefna einn fulltrúa. Að auki skipar ráðherra einn fulltrúa og skal hann koma úr einhverju þeirra fimm kjördæma sem liggja að miðhálendinu en úr sveitarfélagi sem liggur ekki að miðhálendinu. Með þessari breyttu skipan er reynt að koma til móts við sjónarmið og hagsmuni ólíkra aðila. Skipulag miðhálendisins er hagsmunamál allra landsmanna og meiri hlutinn telur að með þessu móti muni verða náð sátt meðal landsmanna um skipan í samvinnunefndina.
3. Lagðar eru til breytingar á 2. og 3. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins sem lúta að því að ákvarða hlutverk samvinnunefndarinnar. Með breytingunum er ætlunin að gerð svæðisskipulags miðhálendisins verði á vegum samvinnunefndarinnar og hlutverk hennar verði að gera tillögu að svæðisskipulagi þess sem síðan skal fara með samkvæmt því sem kveðið er á um í nýrri grein sem nefndin leggur til að verði 3. gr. frumvarpsins (13. gr. a laganna). Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skipi ráðherra samvinnunefnd miðhálendis og nefndin leggur til í lokamálslið 3. efnismgr. 2. gr. að samvinnunefndin meti eftir að hún hefur tekið til starfa hvort nauðsyn sé á að endurskoða svæðisskipulagið.
4. Meiri hlutinn leggur til að við frumvarpið bætist ný grein sem verði 3. gr. (13. gr. a laganna). Greinin fjallar um kynningu, auglýsingu, samþykkt og staðfestingu skipulags miðhálendisins og er í mörgu sambærileg við 13. gr. laganna. Hún er þó frábrugðin að því leyti að samvinnunefnd miðhálendis annast kynningu, auglýsingu og samþykkt til-

lögu að svæðisskipulagi miðhálendisins. Þá er Skipulagsstofnun send tillagan sérstaklega til athugunar. Enn fremur eru gerðar nokkrar breytingar sem lúta að því að kynning og auglýsing svæðisskipulagsins sé almenn og að hún nái til alls landsins. Þannig skal auglýsa tillöguna í dagblaði sem gefið er út á landsvísu auk Lögbirtingablaðsins og tilgreina þarf hvar tillagan er til sýnis og hve lengi. Einnig er kveðið á um að hún skuli liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, sveitarfélögum sem tillagan nær til og í öllum kjördæmum landsins. Með því á að tryggja að almenningur eigi greiðan aðgang að tillögunum enda er um að ræða mál sem er mikilvægt fyrir alla landsmenn.

5. Lagt er til að nýr liður bætist við 3. gr. frumvarpsins, er verði 5. gr. (2. málsl. 2. mgr. 17. gr. laganna). Þar er lagt til að Skipulagsstofnun leiti umsagnar samvinnunefndar miðhálendis eftir að hún hefur fengið tillögu að aðalskipulagi innan hálendis eða verulegar breytingar á því til athugunar. Það er í samræmi við hlutverk samvinnunefndar sem kveðið er á um í 3. efnismgr. 2. gr. (3. mgr. 12. gr. a laganna). Þar er kveðið á um samræmishlutverk samvinnunefndar miðhálendis á svæðisskipulagi þess gagnvart aðalskipulagstillögum sveitarfélaga.
6. Í nýrri 6. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á síðari málslið 1. mgr. 18. gr. laganna um að tillaga að aðalskipulagi eða breyting á því verði látin liggja frammi hjá Skipulagsstofnun. Hér er um nýjung að ræða.
7. Í nýrri 7. gr. frumvarpsins (34. gr. laganna) er tekinn af allur vafi um að kostnaður við gerð svæðisskipulags miðhálendisins greiðist úr ríkissjóði.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. mars 1999.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm. — Árni M. Mathiesen. — Kristján Pálsson.

Hjörleifur Guttormsson, með fyrirvara. — Ísólfur Gylfi Pálmason.

1060. Breytingartillögur [352. mál]

við frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (ÓÖH, ÁMM, KPál, HG, ÍGP).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
   a. Síðari málsliður 2. mgr. orðast svo: Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli, sbr. þó 12. gr. a.
   b. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu í samráði við Skipulagsstofnun koma á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags, sbr. þó 12. gr. a og 6. mgr. þessarar greinar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. a, er orðast svo:

Skipulag miðhálendisins.

Miðhálendið markast af línu sem mótuð var við gerð svæðisskipulags miðhálendisins af sérstakri samvinnunefnd sem skipuð var samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði laga nr. 73/1993. Samvinnunefnd miðhálendis eða hlutaðeigandi sveitarfélög geta, eftir að hafa haft samráð sín á milli, gert tillögur til ráðherra um breytingar á markalínu miðhálendisins. Tekur ráðherra afstöðu til slíkra tillagna og ákveður hvort gera skuli breytingar á markalínunni.

Eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skipar ráðherra samvinnunefnd miðhálendis til fjögurra ára í senn sem gerir tillögu um svæðisskipulag miðhálendisins. Í nefndinni skulu eiga sæti 12 fulltrúar, einn tilnefndur úr hverju kjördæmi, einn af félagasamtökum um útivist, einn af félagsmálaráðherra og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar og fara með oddaatkvæði og hinn koma úr kjördæmi sem liggur að miðhálendinu en úr sveitarfélagi sem liggur ekki að því. Fulltrúar kjördæma sem liggja að miðhálendinu skulu tilnefndir af sveitarfélögum kjördæmisins sem eiga land að miðhálendinu. Fjórðungssamband Vestfjarða tilnefndir fulltrúa Vestfjarðakjördæmis, Reykjavíkurborg fulltrúa Reykjavíkurkjördæmis og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefna saman fulltrúa Reykjaneskjördæmis. Ráðherra er heimilt að skipa allt að fjóra áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt í nefndina.

Samvinnunefnd miðhálendis annast gerð svæðisskipulags miðhálendisins og gætir þess að samræmi sé innbyrðis með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga á svæðinu og að samræmi sé milli þeirra og svæðisskipulags miðhálendisins. Nefndin skal leita eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga við mótun tillögu að svæðisskipulagi. Þegar ný samvinnunefnd miðhálendis tekur til starfa skal hún meta hvort nauðsynlegt sé að endurskoða svæðisskipulag miðhálendisins.

Kostnaður við gerð svæðisskipulags miðhálendisins greiðist úr ríkissjóði.

Umhverfisráðherra setur samvinnunefnd miðhálendis starfsreglur að fenginni umsögn hennar og Skipulagsstofnunar.

3. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (3. gr.)

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, er orðast svo:

Kynning, auglýsing, samþykkt og staðfesting skipulags miðhálendisins.

Áður en tillaga að svæðisskipulagi miðhálendis er tekin til formlegrar afgreiðslu í samvinnunefnd miðhálendis skulu tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt á almennum fundi eða fundum eða á annan fullnægjandi máta og skal kynningin auglýst á áberandi hátt. Einnig skal tillagan kynnt hlutaðeigandi sveitarstjórnum.

Að lokinni kynningu skv. 1. mgr. skal samvinnunefnd miðhálendis senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt.

Samvinnunefnd miðhálendis skal auglýsa tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis eða breytingu á því á áberandi hátt. Tillagan skal a.m.k. auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í Lögbirtingablaðinu. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Tillagan skal liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, hlutaðeigandi sveitarfélögum og í öllum kjördæmum landsins. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins

frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkur henni.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal samvinnunefnd miðhálendis fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Niðurstaða samvinnunefndar miðhálendis skal auglýst. Ákveði samvinnunefnd miðhálendis að breyta tillögunni í grundvallaratriðum skal breytt tillaga auglýst á nýjan leik.

Þegar samvinnunefnd miðhálendis hefur samþykkt tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis skal hún senda Skipulagsstofnun hana til afgreiðslu, ásamt athugasemdum og umsögn nefndarinnar um þær, innan átta vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir skv. 3. mgr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn nefndarinnar um þær.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga barst henni gera tillögu til umhverfisráðherra um staðfestingu svæðisskipulagsins, synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta.

Umhverfisáðherra staðfestir svæðisskipulag miðhálendis og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

b. (4. gr.)

Á eftir 14. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr. a, er orðast svo:

Breyting á svæðisskipulagi miðhálendis.

Nú telur samvinnunefnd miðhálendis að breyta þurfi svæðisskipulagi miðhálendis og fer þá um málsmeðferð skv. 13. gr. a. Telji sveitarstjórn sveitarfélags sem telst til miðhálendis að breyta þurfi svæðisskipulaginu sendir hún samvinnunefnd miðhálendis rökstudda tillögu um breytinguna.

4. Við 3. gr. (er verði 5. gr.). Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sé um að ræða aðalskipulagstillögu sem nær til miðhálendisins skal hún að auki auglýst í Lögbirtingablaðinu og liggja frammi hjá Skipulagsstofnun.

b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Skipulagsstofnun leitar umsagnar samvinnunefndar miðhálendis um tillögur að aðalskipulagi sveitarfélaga innan miðhálendis, sbr. 3. mgr. 12. gr. a.

5. Á eftir 3. gr. (er verði 5. gr.) komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (6. gr.)

Síðari málsliður 1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu og liggja frammi hjá Skipulagsstofnun.

b. (7. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 2. tölul. orðast svo: Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áðurgerðan samning, sbr. þó 12. gr. a.

b. 6. tölul. orðast svo: Kostnaður við gerð grunnkorta sem nauðsynleg eru vegna svæðis- og aðalskipulags skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 3. tölul. og 12. gr. a.

6. Við 4. gr. (er verði 8. gr.) Efnismálsgrein orðist svo:

Í fyrsta skipti skal samvinnunefnd miðhálendis skipuð, sbr. 2. mgr. 12. gr. a laganna, þegar eftir gildistöku laga þessara fram til næstu reglulegu sveitarstjórnarkosninga.

7. Við 5. gr. (er verði 9. gr.) Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

1061. Tillaga til þingsályktunar [597. mál]

um könnun á hagkvæmni virkjunar Fjarðarár í Seyðisfirði.

Flm.: Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Kristjánsson, Egill Jónsson, Jónas Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta kanna hagkvæmni þess að virkja Fjarðará í Seyðisfirði. Meðal annars verði athugað hvernig virkjunin fellur að núverandi orkuöflunarkerfi og áformum um orkuöflun á Austurlandi. Könnuninni verði lokið fyrir 1. október 1999.

Greinargerð.

Virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði kann að vera hagkvæmur virkjunarkostur. Virkjunin gæti styrkt raforkuöflun Rafmagnsveitna ríkisins, annars vegar vegna aukinnar raforkuþarfar á almennum markaði á næstu árum og hins vegar vegna þess að Fjarðarárvirkjun fellur vel að orkuöflunarkerfi Rariks. Mikilvægt er að hagkvæmni þessa virkjunarkosts verði könnuð sem fyrst og er samkvæmt tillögunni gert ráð fyrir að því verði lokið fyrir 1. október 1999.

Samkvæmt nýjustu raforkuspá orkuspárnefndar er gert ráð fyrir að raforkueftirspurn almenns markaðar muni aukast um 2% á ári að jafnaði til ársins 2025 eða um 50–60 GWst á ári. Til þess að mæta þeirri aukningu er full ástæða til að líta til meðalstórra virkjunarkosta sem nýtast fljótt og falla vel að stofnlínukerfum landsins. Einn slíkra kosta er virkjun í Fjarðará í Seyðisfirði, en 1989 kom út skýrsla um frumhönnun 20 MW virkjunar þar. Skýrslan var unnin fyrir Rafmagnsveitur ríkisins af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens hf.

Um er að ræða virkjun með miðlunarlóni á Fjarðarheiði, sem nýtti fall Fjarðarár niður fyrir Fjarðarsel. Fjarðará yrði stífluð við Heiðarvatn og Miðhúsaá á Norðurbrún, en þar á milli yrði miðlunarlónið, um 3,3 km^2 að flatarmáli og með um 32 Gl rými. Frá stíflunni við Heiðarvatn yrði lögð aðrennslis- og þrýstipípa um 6,9 km leið út eftir Haugsmýrum, fram á Bæjarbrún og niður að stöðvarhúsi við Fjarðarsel.

Heildarfallhæð yrði um 580 m og er gert ráð fyrir virkjuðu rennsli sem næmi 4,3 m^3/s. Afl yrði um 20 MW og orkugeta hefur verið áætluð um 115 GWst á ári. Orkuvinnsla virkjunarinnar sjálfrar yrði þó minni, en hlutfallslega hátt miðlunarstig virkjunarinnar gerir það að verkum að aðrar virkjanir í raforkukerfinu geta unnið meiri orku en ella. Óvenjustór hluti af framleiðslu Fjarðarárvirkjunar kæmi úr miðluðu vatni og á vetrartíma, en í raforkukerfi með fullri samkeppni leiddi það til hærra söluverðs orkunnar.

Fjarðarárvirkjun yrði tengd inn á 66/132 kV línu sem Rafmagnsveiturnar byggðu nýlega frá aðveitustöðinni Eyvindará við Egilsstaði yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar. Væntanlegt stöðvarhús virkjunarinnar yrði um 600 m frá línunni og tengikostnaður því mjög lágur. Tenging Fjarðarárvirkjunar inn á stofnlínukerfi Rariks er því mjög einföld og gagnvart meginflutningskerfi landsins hefði virkjunin mjög jákvæð áhrif. Auðveldara yrði að ráða við truflanir í meginflutningskerfinu og spara mætti fjárfestingar í launaaflsvirkjum á Austurlandi sem ella væri þörf á upp úr aldamótum.

Nauðsynlegt er að gera frekari rannsóknir á virkjunarstað áður en verkhönnun er gerð og mat á umhverfisáhrifum er auglýst. Gera verður ráð fyrir að undirbúningstíminn sé a.m.k. eitt og hálft ár áður en hægt verður að bjóða verkið út. Verktíminn er síðan áætlaður þrjú ár.

Fylgiskjal I.

Greinargerð Rafmagnsveitna ríkisins um Fjarðarárvirkjun.

1. Inngangur.

1.1.

Skýrsla um frumhönnun Fjarðarárvirkjunar í Seyðisfirði kom út árið 1989. Skýrslan var gerð fyrir Rafmagnsveitur ríkisins af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens hf. Áður hafði farið fram frumkönnun á jarðlögum og mögulegu byggingarefni, og virkjunarsvæðið hafði verið kortlagt í mælikvarðanum 1:10.000. Til voru eldri ósamfelldir uppdrættir af hluta svæðisins í mælikvarðanum 1:2000 og voru þeir notaðir við áætlanir um stíflur.

Ljóst var að virkjunin yrði að byggjast á verulegri vatnsmiðlun á Fjarðarheiði með hækkun vatnsborðs í Heiðarvatni og næsta umhverfi vatnsins. Bornar voru saman mismunandi virkjunarleiðir, bæði virkjun fallsins í einu lagi og í tveimur þrepum, og einnig mismunandi nýting mögulegrar fallhæðar. Helstu niðurstöður urðu að virkjun í einu þrepi yrði hagkvæmust, en ekki var endanlega skorið úr um hvort virkja skyldi fremur beint úr Heiðarvatni eða inntakslóni á Efri Staf. Fyrrnefnda tilhögunin gefur meiri fallhæð, en með virkjun af Efri Staf nýtist meira rennsli. Í frumhönnun var gert ráð fyrir virkjun af Efri Staf, en nú er fremur hallast að virkjun beint úr Heiðarvatni, m.a. af því að rekstraröryggi verður þá væntanlega meira.

Heildarfallhæð virkjunar úr Heiðarvatni verður um 580 m og er gert ráð fyrir 4,3 m^3/s virkjuðu rennsli. Afl verður um 20 MW og orkugeta hefur verið áætluð um 115 GWh/a.

Reglulegar vatnamælingar í Fjarðará hófust árið 1931 við Fjarðarsel, en mælistaðurinn hefur verið á Neðri Staf síðan 1953. Samfelldar rennslisskýrslur hófust 1. sept. 1958.

Auk rennslis Fjarðarár er gert ráð fyrir að nýta vatn úr Miðhúsaá sem fellur vestur af Fjarðarheiði til Lagarfljóts. Miðlunarlón mun samkvæmt frumhönnun ná yfir þvera Fjarðarheiði frá útfalli Heiðarvatns að Norðurbrún þar sem Miðhúsaá fellur vestur af.

Heildarkostnaður fyrir 20 MW virkjun er áætlaður um 3.320 millj. kr. á verðlagi í janúar 1998. Undirbúningstími er áætlaður eitt og hálft ár en framkvæmdatími þrjú ár.

2. Lýsing mannvirkja.

Lega virkjunarsvæðisins er sýnd á meðfylgjandi teikningu. Fjarðará er stífluð við Heiðarvatn og Miðhúsaá á Norðurbrún. Þar á milli verður miðlunarlónið, um 3,3 km^2 með vatnsborði í yfirfallshæð 591 m y.s. Nýtanleg miðlun með niðurdrætti niður í 573 m y.s. verður um 32 Gl. Gert er ráð fyrir veitum úr Kötluvatni, Vatnshæðará og Þverá í lónið. Frá stíflunni við Heiðarvatn liggur aðrennslis- og þrýstipípa um 6,9 km leið að stöðvarhúsi við Fjarðarsel.

2.1. Stíflur.

Jarðstíflur eru ráðgerðar bæði við Heiðarvatn og í Miðhúsaá og verður Heiðarvatnsstíflan mun stærri. Gert er ráð fyrir að stíflan í Miðhúsaá verði jafnframt yfirfall úr lóninu, hönnuð fyrir rennsli allt að 120 m^3/s yfir stíflukrónuna. Fláinn frá vatni er þá tiltölulega flatur með öflugri grjótvörn til að standast vatnsrennslið. Stíflurnar verða annars hefðbundnar jarðstífl-

ur með þéttikjarna úr jökulruðningi. Af jarðefnum til stíflugerðar er þó aðeins jökulruðningur nærtækur, auk grjóts sem víða má sprengja úr klöppum. Reiknað er því með að nota jökulruðninginn í eins miklum mæli og mögulegt er, bæði í þéttikjarna og stoðfyllingu. Grjót í fláavörn verður sprengt úr klöppum í grennd við stíflustæðin og þar fellur til úrgangsgrjót sem notað verður í stoðfyllingu að hluta til. Efni í malarsíur er ekki á Fjarðarheiði og yrði það að líkindum flutt frá Héraði, t.d. frá Mýnesi.

Hætta á leka úr miðlunarlóni er ekki talin mikil en þó er reiknað með venjulegum bergþéttingum í stíflugrunni.

Botnrás er fyrirhuguð undir Heiðarvatnsstíflu, og er ráðgert að aðrennslispípan tengist botnrásinni neðan stíflunnar, en einnig verður mögulegt að hleypa vatni um botnrásina fram hjá virkjuninni.

2.2 Aðrennslis- og þrýstipípa.

Pípuleiðin frá Heiðarvatni að stöðvarhúsi við Fjarðarsel er alls um 6.900 m löng. Á efri hluta leiðarinnar er gert ráð fyrir aðrennslispípu úr plasti (polyester) styrktri með glertrefjum. Hún yrði niðurgrafin þar sem því verður við komið og lægi þá á þjappaðri möl, en yrði annars á steyptum stöplum og steypt inn í festla við stefnubreytingar.

Í um það bil 400 m hæð y.s. í hlíðinni upp af Fjarðarseli tæki við þrýstipípa úr stáli, á steyptum stöplum ofan jarðar niður eftir fjallshlíðinni, en niðurgrafin þegar kemur niður á flatara land.

Séð yrði fyrir þrýstingsjöfnun með því að leggja hliðargrein út frá aðrennslispípunni ofan við fjallsbrúnina um 2.200 m frá stöðvarhúsinu. Greinin yrði lögð upp eftir hlíðinni þvert á aðrennslispípuna og næði upp fyrir hæsta vatnsborð í Heiðarvatni. Vegna halla greinarinnar yrði flatarmál vatnsborðs í 1.200 mm víðri pípu nægilega stórt til að tryggja stöðugleika í rekstri og jafna þrýsting í þrýstipípunni við álagsbreytingar.

2.3. Stöðvarhús, vélar og rafbúnaður.

Stöðvarhúsið yrði á bakka Fjarðarár um 120 m utan við gömlu rafstöðina við Fjarðarsel. Gerð hússins er venjubundin. Þar er auk vélasalar og hlaðrýmis gert ráð fyrir rými fyrir allan nauðsynlegan véla- og rafbúnað virkjunarinnar. Sprengt yrði fyrir húsinu inn í árbakkann og örstutt rás frá því út í árfarveginn. Grunnflötur vélasalar er 18,0 × 10,8 m², hæð á gólfi í vélasal 7,4 m y.s. en 8,5 m y.s. í hlaðrými. Gert er ráð fyrir viðbyggingu við húsið fyrir rafbúnað og stjórnbúnað virkjunarinnar, hreinlætisaðstöðu o.fl. Einnig er reiknað með húsi yfir 66 kV rofabúnað sem miðast við tvær 66 kV línur frá stöðinni.

Ráðgerð er ein 20 MW vélasamstæða, Pelton hverfill á láréttum ási með snúningshraða 750 sn/mín. Tengivirki er ráðgert innan húss og allur véla- og rafbúnaður yrði af venjubundinni gerð.

2.4. Vegagerð.

Talsverðar vegaframkvæmdir verða nauðsynlegar vegna virkjunar Fjarðarár. Endurbyggja þyrfti um 8 km langan vegarkafla á Fjarðarheiði þar sem núverandi vegur liggur á svæði sem færi undir lónið. Ekki er gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum við varanlega vegi, en reiknað er með samtals 10 km löngum vinnuvegum.

3. Orkuvinnsla.

Orkugeta virkjunarinnar var á sínum tíma reiknuð hjá Verk- og kerfisfræðistofunni Streng. Reiknað var með virkjanakerfi (grunnkerfi) með Blönduvirkjun og 5. áfanga Kvísla-

veitu en hvorugt hafði verið byggt þegar reikningarnir voru gerðir. Auk þess var í grunnkerfinu reiknað með stækkun Búrfellsvirkjunar og Þórisvatnsmiðlunar, en nú eru þær framkvæmdir ekki fyrirhugaðar á næstunni. Álagskerfið var allt landið og álagsdreifingin 50% stóriðja og 50% almenn notkun. Miðað var við rennsli vatns árin 1950–83 og sá Orkustofnun um að vinna úr gögnum um rennsli Fjarðarár og Miðhúsaár. Með 30 Gl miðlun var áætlað að virkjunin bætti um *115 GWh/a* við orku grunnkerfisins. Orkuvinnsla virkjunarinnar sjálfrar yrði þó minni, en miðlunin verður til þess að aðrar virkjanir í kerfinu vinna meiri orku en ella (samkeyrsluáhrif).

Árið 1994 voru á verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens gerðar einfaldar rekstrareftirlíkingar til að meta orkuvinnslu Fjarðarárvirkjunar í raforkukerfi Rariks á Austurlandi. Með 200 GWh/a markaði á svæðinu reiknaðist orkan frá Fjarðará um 85 GWh/a, þar af um 60 GWh/a vetrarorka mánuðina október til apríl. Aukning annars staðar í kerfinu vegna samkeyrsluáhrifa kemur ekki fram hér.

4. Umhverfismál.


Í meginatriðum eru umhverfisáhrif af völdum byggingar virkjunarinnar nokkuð ljós og er tiltölulega auðvelt að minnka þau neikvæðu áhrif sem kunna að verða. Virkjunarsvæðið er ekki talið mikilvægt fyrir það dýraríki sem þarna þrífst. Svæði sem fara undir vatn eru fremur gróðurlítil en kanna þarf til hlítar gróðurríkið eins og mosa og fleira.


Ein af meiri útlitsbreytingum á virkjunarsvæðinu verða breytingar á rennsli Fjarðarár og Miðhúsaár, fossar munu minnka þannig að gera má ráð fyrir að eftir verði tekið.

Athuga þarf sérstaklega varnir gegn mengun vatnsbóls Seyðisfjarðarbæjar meðan á framkvæmdum stendur því vatn til bæjarveitunnar er tekið úr Fjarðará.

5. Helstu einkennisstærðir.

Vatnasvið		
Fjarðará á mælistað (vhm 083)	47	km²
Miðhúsaá á mælistað (vhm 047)	18	km²
Virkjun úr Heiðarvatni	35	km²
Rennsli		
Meðalrennsi til virkjunar (áætlað)	2,4	m³/s
Hönnunarflóð (áætlað)	120	m³/s
Miðlunarlón		
Flatarmál við yfirfallshæð 591 m y.s.	3,3	km²
Nýtanleg miðlun	30	Gl
Aðrennslispípa (glertrefjabundinn polyester)		
Lengd	5.800	m
Vídd	1,1–1,3	m
Þrýstipípa (stál)		
Lengd	1.120	m
Vídd	1,0–1,1	m
Vélasamstæða		
Virkjað rennsli	4,3	m³/s
Raunfallhæð	518	m
Afl	20	MW


X=10.800
Y=3.600
X=9.800
X=8.800
X=7.800
Abrennslispípa (GUP)
d=1,1-1,3m
Inntak
Miðlunarstífla
Botnrás
Heiðarvatn
YV 591,0
Y=2.600
EFRI STAFUR
Veita Vatnshæðaár
Y=1.600
Þverárveita II
Þverá
Y=600
Teikn. nr.
Tilvísun á teikningu
Teikn. nr.
Tilvísun á teikningu
Br.


X=5.800
X=4.800
X=5.800
Jöfnunargrein
d=1,0-1,2 m
Þrýstipípa (stál)
d=1,0-1,1 m
Stöðvarhús
Fjarðarsel
Vegur
NEÐRI STAFUR
Fjarðará
YFIRLITSMYND
1
0
1
2 km
Hæðartölur eru í m.y.s.
VERKFRÆÐISTOFA SIGURÐAR THORODDSEN hf.
VERKFRÆÐIRÁÐGJAFAR FRV
RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
VIRKJUN FJARÐARÁR FRUMÁÆTLUN
VIRKJUN ÚR HEIÐARVATNI
YFIRLITSMYND
S.H.
L.Ó.
SF
FEB. 1989
88.314.1-
13

Helstu heimildir:

Kristinn Einarsson, 1988: *Fjarðarárvirkjun. Rennsli við vatnshæðarmæla og til virkjunar.* Orkustofnun, greinargerð OS-88069/15 B.

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, 1988: *Rannsókn nr. H88/1070. Fjarðará. Kornadreifing og lektarpróf.* Rannsókn gerð fyrir Orkustofnun.

Skúli Víkingsson, 1988: *Fjarðarárvirkjun. Byggingarefnisleit 1988.* Orkustofnun, greinargerð OS-88058/VOD-11 B.

Strengur, verk- og kerfisfræðistofa, 1988: *Orkugeta Fjarðarárvirkjunar.* Greinargerð samin fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 1989: *Virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði. Frumhönnun.* Skýrsla samin fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 1994: *Fjarðarárvirkjun. Orkuvinnsla.* Skýrsla samin fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 1995: *Fjarðarárvirkjun, Umhverfisáhrif, Frumathugun.* Skýrsla samin fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

1062. Svar [499. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um framkvæmd laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

1. *Hvernig verður staðið að kynningu réttar til að hafna þátttöku í gagnagrunni á heilbrigðissviði gagnvart Íslendingum sem búsettir eru erlendis þannig að þeir séu meðvitaðir um réttindi sín, sbr. 8. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, og geti auðveldlega notfært sér þau?*

Af hálfu landlæknisembættisins er nú verið að undirbúa að upplýsingar um gagnagrunn á heilbrigðissviði séu aðgengilegar almenningi m.a. með útgáfu ítarlegs upplýsingabæklings sem dreift verður mjög víða. Gera má ráð fyrir að ýmsar aðrar leiðir verði notaðar til þess að tryggja að upplýsingar um þetta mál nái til allra.

2. *Hvaða ráðstafanir hafa íslensk stjórnvöld gert til að standa við ákvæði samningsins um verndun mannréttinda og mannlegrar reisnar, sem undirritaður var af Íslands hálfu 4. apríl 1997, að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði?*

Íslensk stjórnvöld telja eftir ítarlega umfjöllun og yfirferð að lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998, brjóti ekki í bága við samning um verndun mannréttinda og mannlegrar reisnar að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði. Í ljósi þess hafa íslensk stjórnvöld ekki gert ráðstafanir til þess að standa við ákvæði samningsins. Leggja ber áherslu á að reglur á því sviði sem hér um ræðir hafa verið í örri þróun og mikilvægt er að fylgjast með framvindu mála og breytingum sem gerðar kunna að verða að þessu leyti í framtíðinni.

3. *Hver verða meginatriði reglugerðar um þverfaglega siðanefnd til að meta rannsóknir innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem berast? Hefur nefndin verið skipuð og ef svo er, hverjir eiga sæti í henni?*

Reglugerð um þverfaglega siðanefnd til að meta rannsóknir innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði hefur ekki verið samin og því er ekki unnt að gera grein fyrir meginatriðum hennar að svo stöddu. Þverfagleg siðanefnd hefur ekki verið skipuð og ekki liggur fyrir hverjir muni eiga sæti í henni.

4. *Hvaða reglugerðir hafa verið settar á grundvelli laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði? Óskað er eftir að reglugerðir sem settar hafa verið fylgi svari ráðherra.*

Í ráðuneytinu er unnið að undirbúningi reglugerða sem setja þarf á grundvelli laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

1063. Svar [531. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Katrínar Fjeldsted um verkaskiptingu og grunnþjónustu í heilsugæslunni.

1. *Hefur ráðherra kynnt sér nýliðun í heimilislækningum undanförnum árum? Eru áætlanir í ráðuneytinu um að bregðast við þeirri þróun?*

Ráðuneytið hefur kynnt sér kannanir sem gerðar hafa verið á nýliðun í heimilislækningum á undanförnum árum, bæði hérlendis og erlendis. Vandi sá sem lítil nýliðun skapar hefur verið ljós, enda vel kynntur af forsvarsmönnum heimilislækna. Ráðuneytið hefur haft samráð við Félag íslenskra heimilislækna um viðbrögð í málinu og er unnið að því að kanna orsakir vandans, sem reyndar snýr einnig að öðrum sérgreinum læknisfræðinnar. Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir stofnun námsstaðna í heimilislækningum og einnig er unnið að því að styrkja hlut heilsugæslu í grunnnámi í læknisfræði og á starfsþjálfunartíma að embættisprófi loknu. Vandinn snýr einnig að öðrum þáttum, svo sem starfsumhverfi og launakjörum, og hefur margt verið gert af hálfu heilbrigðisyfirvalda til að efla og bæta þá þætti.

2. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir skýrari verkaskiptingu í heilbrigðisþjónustu?*

Það er stefna ráðuneytisins að heilsugæsla sé grunnþjónustan í heilbrigðisþjónustu og að þangað leiti sjúklingar fyrst hafi þeir þörf fyrir aðstoð hennar. Sátt er um það meginsjónarmið að eðlilegast sé að sjúklingar leiti fyrst til heilsugæslu þarfnist þeir þjónustu heilbrigðiskerfisins. Viðleitni í þessa átt mótast af því meginmarkmiði laga um heilbrigðisþjónustu að veita sjúklingum bestu þjónustu sem völ er á, hlutverki ráðuneytisins að gæta ýtrustu hagkvæmni í meðferð á sameiginlegum sjóðum landsmanna og því sjónarmiði að sjúklingar hafi nokkurt frelsi til að velja innan heilbrigðiskerfisins. Heilsugæslan er flestum landsmönnum nærtækust og nálægust, aðgengi hennar gott og vaktþjónusta allan sólarhringinn. Þá eru henni falin veigamikil verkefni við forvarnir. Þessi sérstaða ásamt lægri sjúklingagjöldum í heilsugæslu leiðir til ákveðinnar verkaskiptingar milli hennar og annarra þátta heilbrigðisþjónustunnar. Ráðuneytið telur að skipting einstakra verka, rannsókna og meðferða eigi fyrst og fremst að ráðast af faglegu samkomulagi milli sérgreinahópa lækna.

3. *Hvernig telur ráðherra að best megi tryggja góða grunnþjónustu í heilsugæslunni?*

Besta trygging fyrir góðri grunnþjónustu í heilsugæslunni er vel uppbyggð aðstaða um land allt, mönnuð af vel menntuðu starfsfólki sem búnar eru góðar aðstæður til að sinna störfum sínum innan heildarramma heilbrigðisþjónustunnar. Samhæfing krafta þessarar heildarþjónustu bæði innan sjúkrahúsa og utan þeirra er afar mikilvæg og jöfn virðing fyrir öllum þáttum hennar afgerandi. Menntun, nýliðun, starfsumhverfi og aðstæður allar þarf sífellt að endurmeta og aðlaga aðstæðum á hverjum stað og tíma.

1064. Svar [503. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði.

1. *Hvenær verður auglýst eftir umsækjendum um rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði?*

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær verður auglýst eftir umsækjendum um rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði. Fjallað hefur verið um málið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og undirbúningur að framkvæmd er að hefjast.

2. *Samrýmist veiting rekstrarleyfis til eins tiltekins aðila samkeppnislögum og EES-rétti?*

Við smíði frumvarps til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði var ítarlega fjallað um samkeppnislöggjöf og reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Niðurstaða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins var sú að veiting rekstrarleyfis til eins tiltekins aðila væri í samræmi við ákvæði samkeppnislöggjafar og tilskipana sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til að hlíta á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

3. *Verður gerð og rekstur gagnagrunnsins boðinn út á Evrópska efnahagssvæðinu?*

Ekki er áformað að bjóða út gerð og rekstur gagnagrunnsins á Evrópska efnahagssvæðinu.

4. *Er þörf á rekstrarleyfi til eins tiltekins aðila í ljósi tilskipunar ESB nr. 96/9/EC frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna?*

Gert er ráð fyrir að rekstrarleyfishafi kosti skráningu upplýsinga á heilbrigðisstofnunum og upplýsingakerfi heilbrigðisstofnana. Samkvæmt mati sem heilbrigðisráðuneytið lét gera er kostnaðurinn á bilinu 9–18 milljarðar kr. eftir því hve langt er gengið í skráningu eldri gagna. Ljóst er að enginn mundi leggja fram slíkt fjármagn ef annar aðili gæti síðan notfært sér þessa vinnu til að koma upp öðrum heildargagnagrunni í samkeppni við hann. Ákvæði tilskipunar um lögverndun gagnagrunna koma ekki í veg fyrir slíkt. Auk þess er talið að auðveldara verði að fylgjast með gerð og starfrækslu eins gagnagrunns en fleiri. Því er talið æskilegt að rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði verði veitt einum aðila.

1065. Svar [502. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um meðferð upplýsinga úr sjúkraskrám og gagnagrunn á heilbrigðissviði.

1. *Hverjum er fyrir hönd heilbrigðisstofnana ætlað að samþykkja afhendingu upplýsinga sem unnar eru úr sjúkraskrám til rekstrarleyfishafa?*

Þeir sem heimild hafa til að skuldbinda heilbrigðisstofnanir hafa heimild til að samþykkja afhendingu upplýsinga sem unnar eru úr sjúkraskrám til rekstrarleyfishafa. Heilbrigðisstofnanir skulu hafa samráð við læknaráð og faglega stjórnendur viðkomandi stofnana áður en gengið er til samninga við rekstrarleyfishafa.

2. *Verður leitað samþykkis fyrir afhendingu upplýsinga úr hverri einstakri sjúkraskrá eða á hvern hátt er gert ráð fyrir að afstaða verði tekin til slíkrar afhendingar?*

Ekki er gert ráð fyrir að leitað verði samþykkis fyrir afhendingu upplýsinga úr hverri einstakri sjúkraskrá. Afstaða til afhendingar er eins og lýst er í svari við 1. lið hér að framan. Í 8. gr. laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, er gert ráð fyrir því að sjúklingur geti hvenær sem er óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Skylt er að verða við slíkri beiðni.

3. *Hver er að mati ráðherra eigandi að upplýsingum sem skráðar eru eftir sjúklingum og um sjúklinga í sjúkraskrár?*

Í frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga var sjúkraskrá skilgreind sem eign heilbrigðisstofnunar eða heilbrigðisstarfsmanns. Að tillögu heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis var sú breyting gerð að í stað þess að skilgreina sjúkraskrá sem eign framangreindra aðila er nú gert ráð fyrir því að sjúkraskrá skuli varðveitt hjá þeim. Um þetta hefur verið fjallað í umræðum á Alþingi og jafnframt m.a. í grein eftir Harald Briem lækni, sem birtist í Úlfljóti, tímariti laganema, 2. tbl. 50. árg., ágúst 1997, bls. 492, en þar segir að í kjölfar gildistöku laga um réttindi sjúklinga, 1. júlí 1997, séu sjúkraskár ekki lengur taldar eign sjúkrastofnunar heldu skuli stofnanirnar bera ábyrgð á varðveislu þeirra. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, í umræðum um málið á Alþingi og í umfjöllun fræðimanna, sbr. námsefni í námskeiði Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, um meðferð persónuupplýsinga í rannsóknum á heilbrigðis- og félagsvísindasviði, eftir Þorgeir Örlygsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, eru sjúklingar eða þeir sem upplýsingar í sjúkraskrá varða ekki eigendur sjúkraskráa í lögfræðilegri merkingu hugtaksins. Með vísan til þess sem að framan greinir er enginn eigandi upplýsinga sem skráðar eru eftir sjúklingum eða um sjúklinga í sjúkraskrár samkvæmt lögfræðilegri merkingu hugtaksins, en sjúkrastofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn bera hins vegar ábyrgð á varðveislu þeirra.

4. *Hefur læknir skýlausan rétt til að hafna því að upplýsingar sem frá honum og sjúklingi hans eru komnar, hafa verið færðar í sjúkraskrá og eru hluti af trúnaðarsambandi læknis og sjúklings fari í gagnagrunn á heilbrigðissviði?*

Læknir hefur ekki skýlausan rétt til að hafna því að upplýsingar sem frá honum og sjúklingi hans eru komnar fari í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Hins vegar getur sjúklingur hvenær sem er óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunninn, sbr. 8. gr. laga nr. 139/1998.

5. *Þarf einstaklingur að mati ráðherra að hafa verið eða vera talinn sjúkur og leita sér lækninga til að tekið sé við ósk frá honum um að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði, sbr. 8. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði?*

Nei. Tekið er við óskum frá öllum einstaklingum um að upplýsingar um þá verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði og gildir þá einu hvort einstaklingur hafi verið eða sé talinn sjúkur.

6. *Verður eyðublað til úrsagnar úr gagnagrunni á heilbrigðissviði sent á hvert heimili í landinu eða á annan hátt til allra landsmanna?*

Í 8. gr. laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, segir að landlæknir skuli sjá til þess að upplýsingar um gagnagrunn á heilbrigðissviði og um rétt sjúklings til þess að óska

eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði séu aðgengilegar almenningi. Jafnframt segir í greininni að heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skuli hafa þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum. Þegar liggja fyrir drög að ítarlegum upplýsingabæklingi sem dreift verður til framangreindra aðila og mun víðar á næstu vikum.

7. *Verða upplýsingar úr sjúkraskrám ósjálfráða, vanheilla og látinna einstaklinga afhentar rekstrarleyfishafa til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði? Hver tekur afstöðu til afhendingar upplýsinga sem varða framangreinda aðila og hver ber ábyrgð á henni?*

Að fengnu samþykki viðkomandi heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna verða upplýsingar úr sjúkraskrám afhentar og verður ekki greint á milli sjúkraskráa lifandi og látinna eða þess hvort um sjálfráða eða ósjálfráða einstaklinga er að ræða. Þeir sem bærir eru til að taka ákvarðanir fyrir hönd ósjálfráða einstaklinga geta ákveðið fyrir þeirra hönd að upplýsingar um þá verði ekki fluttar í gagnagrunninn. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að einstaklingar geti óskað eftir að upplýsingar um látna ættingja þeirra verði ekki fluttar í gagnagrunninn.

8. *Hvernig verður tryggt að upplýsingar um þá sem hafna því að upplýsingar um þá verði fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði verði samt sem áður ekki skráðar og hver ber ábyrgð á því að slíkt gerist ekki?*

Landlæknir skal sjá til þess að dulkóðuð skrá um þá einstaklinga sem óska eftir að upplýsingar um þá verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði sé aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunninn, þ.e. tölvunefnd eða öðrum sem hún hefur falið framkvæmd verkefnisins. Landlæknir og tölvunefnd bera því ábyrgð á því að upplýsingar um fyrrgreinda aðila verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði.

9. *Hvernig á að standa að flokkun mismunandi upplýsinga um einstaka sjúklinga ef viðkomandi hefur leyft að tilteknar upplýsingar verði fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði en aðrar ekki? Hver ber ábyrgð á slíkri flokkun og hvar fer hún fram?*

Landlækni ber að tryggja að óskum einstaklings um að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn sé komið á framfæri við tölvunefnd, sbr. svar við 8. lið. Tölvunefnd ber síðan ábyrgð á að vilji einstaklings sé virtur í hvívetna þannig að upplýsingar um hann berist ekki í gagnagrunn á heilbrigðissviði.

10. *Hver er túlkun ráðherra á ákvæði 8. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði þar sem segir að landlæknir skuli sjá til þess að dulkóðuð skrá yfir viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði? Hvernig verður staðið að framkvæmd þessa ákvæðis?*

Landlæknisembættið er að láta vinna kerfi til þess að tryggja að dulkóðuð skrá yfir þessa einstaklinga sé aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinganna og að ákvæðinu sé framfylgt eins og til er ætlast í lögunum.

11. *Hvernig á að tryggja að landlæknir einn viti hverjir neiti skráningu og flutningi upplýsinga um sig í gagnagrunn á heilbrigðissviði, sbr. athugasemdir við 8. gr. frumvarps til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði (109. mál, þskj. 109, á 123. löggjafarþingi)?*

Eins og fram kemur í svari við 10. lið er landlæknisembættið að láta vinna kerfi sem ætlað er að tryggja að með umræddar upplýsingar verði farið eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

1066. Svar [501. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um rekstraröryggi gagnagrunns á heilbrigðissviði.

1. *Hvaða skilyrði ætlar ráðherra að setja um varðveislu afrits af gagnagrunninum og tryggingar í því sambandi, sbr. 10. tölul. 5. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði?*

Í ráðuneytinu er nú hafinn undirbúningur að veitingu rekstrarleyfis til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði og er verið að útfæra nánar þau skilyrði sem sett eru í 5. gr. laganna. Í 10. tölul. 5. gr. segir svo: „Rekstarleyfishafi afhendi nefnd skv. 6. gr. afrit af gagnagrunninum og skal afritið uppfært reglulega samkvæmt nánari ákvörðun í rekstrarleyfi. Afritið skal geymt í bankahólfi eða á annan tryggilegan hátt samkvæmt nánari ákvörðun í rekstrarleyfi.“ Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um hvernig framangreint ákvæði verður framkvæmt, en það verður gert á næstu vikum og mánuðum.

2. *Hverjir hafa verið skipaðir í nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði?*

Eftirtaldir hafa verið skipaðir í nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði skv. 6. gr. laganna: Davíð Þór Björgvinsson, prófessor í almennri lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Jóhann Ágúst Sigurðsson, prófessor í heimilislækningum við læknadeild Háskóla Íslands, og Ebba Þóra Hvannberg, lektor í tölvunarfræði við Háskóla Íslands.

Varamenn eru Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður, Torfi Magnússon, forstöðulæknir á endurhæfingar- og taugasviði Sjúkrahúss Reykjavíkur, og Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor í verkfræði við Háskóla Íslands.

3. *Hvernig verður háttað eftirliti með því að gagnagrunnur á heilbrigðissviði verði ekki fluttur úr landi og að úrvinnsla úr honum fari einungis fram hér á landi?*

Tölvunefnd er falið eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði að því er varðar skráningu og meðferð persónuupplýsinga og öryggi gagna í grunninum og fylgist hún með að skilmálum sem hún setur sé fylgt. Jafnframt skal nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunnsins sjá um að við starfrækslu grunnsins sé í hvívetna fylgt ákvæðum laganna og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra og skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi. Því koma bæði tölvunefnd og nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunnsins að þessu eftirliti.

1067. Svar [249. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ólafs Hannibalssonar um samstarfssamninga lækna á opinberum sjúkrastofnunum við Íslenska erfðagreiningu.

Leitað var upplýsinga hjá Íslenskri erfðagreiningu til að svara fyrirspurninni, auk þess sem efni hennar var borið undir landlæknisembættið og stjórnendur Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala.

1. *Hafa peningagreiðslur runnið til lækna, sem eru í starfi á sjúkrahúsum og hafa gert samstarfssamninga við Íslenska erfðagreiningu, fyrir upplýsingar sem hafa orðið til þegar sjúklingar lágu á sjúkrahúsi?*

Ríkisspítalar og Sjúkrahús Reykjavíkur hafa átt í viðræðum við Íslenska erfðagreiningu ehf. um rannsóknarsamstarf. Slíkt samstarf hefur þegar tekist með fyrirtækinu og nokkrum læknum sem starfa á sjúkrahúsum. Samstarfinu er þannig háttað að viðkomandi læknar annast alfarið samskipti við sjúklinga með aðstoðarfólki sínu eða í samvinnu við sjálfseignarstofnunina „Þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna". Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins greiðir fyrirtækið kostnað af vinnu við starfsemina en ekki fyrir upplýsingar sem hafa orðið til þegar sjúklingar lágu á sjúkrahúsi. Ef til svokallaðra „árangurstengdra greiðslna" kemur renna þær til styrktar öðrum rannsóknum sem unnar eru innan viðkomandi sérgreina. Í samningum við sjúkrastofnanir og verkefnatengdum samningum er kveðið á um að greiðslur skuli renna til rannsóknarsjóða en ekki einstaklinga eftir nánara samkomulagi stjórna stofnananna og starfsmanna þeirra. Þessir sjóðir falla undir endurskoðun af hálfu sjúkrahússins.

2. *Sé svo, er þá ekki eðlilegt að þær greiðslur renni beint til viðkomandi sjúkrastofnana?*

Eins og fram kemur í svari við 1. lið er samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins ekki greitt fyrir upplýsingar sem hafa orðið til þegar sjúklingar lágu á sjúkrahúsi. Komi hins vegar til „árangurstengdra greiðslna" renna þær til rannsóknarsjóða eftir samkomulagi stjórna stofnana og starfsmanna. Þar sem fleiri en ein stofnun eða félag koma að þarf að semja um hlutdeild hvers aðila fyrir sig.

3. *Hafa stjórnir sjúkrastofnana í öllum tilfellum fengið afrit af öllum þeim samningum sem læknar þar hafa gert við Íslenska erfðagreiningu?*

Um þessar mundir er verið að ganga frá rammasamningum milli Íslenskrar erfðagreiningar ehf. og Ríkisspítala en þegar hefur verið gengið frá slíkum samningi við Sjúkrahús Reykjavíkur. Íslensk erfðagreining ehf. hyggst ganga frá sambærilegum samningum við aðrar sjúkrastofnanir þar sem læknar starfa sem eru í rannsóknarsamstarfi við fyrirtækið. Í samningunum er kveðið á um að verkefnasamningar sem gerðir verða eftir gildistöku samningsins taki gildi þegar þeir hafa hlotið staðfestingu stjórnar viðkomandi stofnunar. Eins er kveðið á um að eldri samningar verði aðlagaðir samningnum við viðkomandi stofnun. Endurskoðun allra eldri samninga stendur yfir og hafa sjúkrahúsin þegar fengið alla þá samninga sem gerðir hafa verið og falla undir rammasamninginn.

4. *Telur heilbrigðisráðherra þörf á að setja almennar reglur um slíka samstarfssamninga?*

Fyrirspurnin lýtur að rannsóknarsamstarfi vísindamanna og einkafyrirtækis. Þegar svo háttar að viðkomandi vísindamaður starfar jafnframt hjá sjúkrastofnun sem rekin er af ríkinu

er eðlilegt að stjórn viðkomandi stofnunar hafi nokkuð um slíkt samstarf að segja. Það að gerður sé rammasamningur milli fyrirtækisins og viðkomandi stofnunar og að hugsanlegt endurgjald renni til uppbyggingar á vísindastarfsemi er eðlilegt, auk þess sem nauðsynlegt er að samningar einstaklinga, sem eru í þjónustu opinberrar heilbrigðisstofnunar, og einkafyrirtækisins öðlist ekki gildi fyrr en við staðfestingu stjórnar stofnunarinnar. Þannig og með hinu öfluga eftirlitskerfi tölvunefndar og vísindasiðanefndar er best tryggt að nauðsynleg framþróun verði í vísindastarfsemi á þessu sviði án þess að ríkisvaldið komi beint að stjórnun þess.

1068. Svar [500. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um greiðslur frá rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði.

1. *Hversu hátt gjald er áætlað að rekstrarleyfishafi greiði:*
   a. *fyrir rekstrarleyfið fyrsta árið,*
   b. *vegna starfs nefndar um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði,*
   c. *vegna annars kostnaðar sem tengist þjónustu og eftirliti með starfrækslunni?*

Rekstrarleyfishafi skal greiða gjald fyrir veitingu rekstrarleyfis til þess að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess. Ekki liggur fyrir hve mikill hann verður.

Verið er að undirbúa gerð fjárhagsáætlunar vegna starfs nefndar um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði en ekki liggja fyrir neinar tölur um kostnað að svo stöddu.

Ekki liggur fyrir áætlun um annan kostnað sem tengist þjónustu og eftirliti með starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, þ.m.t. eftirliti tölvunefndar og kostnaði við útgáfu og kynningu í kjölfar gildistöku laganna.

2. *Hversu háar greiðslur til ríkissjóðs er ráðgert að semja um við rekstrarleyfishafa, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 139/1998?*

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um þær greiðslur sem ráðgert er að semja um við rekstrarleyfishafa, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 139/1998, enda er málið of skammt á veg komið til þess að slíkar forsendur séu fyrir hendi.

1069. Svar [493. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Árna Magnússonar um tóbaksvarnir á vinnustöðum.

1. *Hver eru rökin fyrir því að veitinga- og skemmtistaðir landsins, sem eru jafnframt í mörgum tilvikum fjölmennir vinnustaðir, eru undanþegnir reglum um reykingabann skv. 9. gr. laga nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996?*

Það hefur verið stefna löggjafans að setja ekki lög sem ekki er hægt að framfylgja. Hingað til hefur verið talið erfitt að banna reykingar á veitinga- og skemmtistöðum og hefur það verið talið nánast ógjörningur á stöðum með vínveitingar. Í athugasemdum við frumvarp til laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, kom fram að tóbaksvarnanefnd, sem samdi frumvarpið, taldi

óraunhæft að láta bann við reykingum í afgreiðslu- og þjónustuhúsnæði fyrir almenning ná til veitinga- og skemmtistaða. Lagði nefndin til að þeir yrðu af þeim sökum undanþegnir banninu. Við meðferð málsins á Alþingi voru veitinga- og skemmtistaðir þó skyldaðir til að hafa á hverjum tíma „afmarkaðan fjölda veitingaborða fyrir gesti sína sem væru sérstaklega merkt að við þau væru tóbaksreykingar bannaðar".

Þegar lögum nr. 74/1984 var breytt með lögum nr. 101/1996 var af fenginni reynslu gerður greinarmunur á skemmtistöðum og krám annars vegar og hins vegar þeim veitingastöðum sem legðu megináherslu á kaffiveitingar og matsölu. Voru veitingasalir á hinum fyrrnefndu stöðum alveg undanþegnir reykingatakmörkunum en á hinum síðarnefndu skyldu „ávallt vera reyklaus svæði, eigi síðri en þau svæði þar sem reykingar væru leyfðar". Hefur verið unnið að því að fylgja þeirri skyldu eftir.

Rétt er að geta þess að forráðamenn skemmtistaða og veitingastaða geta sjálfir ákveðið að takmarka reykingar í veitingasölum sínum og njóta þá skv. 11. gr. laga nr. 74/1984 stuðnings laganna við framkvæmd þeirrar ákvörðunar, sé hún tilkynnt réttum yfirvöldum.

Utan veitingasala eru starfsmenn hvers kyns veitinga- og skemmtistaða varðir af reglum um tóbaksvarnir á vinnustöðum sem var nýlega breytt til stóraukinnar verndar gegn óbeinum reykingum.

2. *Hvers á fólk sem hefur menntað og ráðið sig til þjónustustarfa og annarra starfa er krefjast viðveru á slíkum stöðum að gjalda í þessum efnum?*

Það er ljóst að starfsfólk á veitinga- og skemmtistöðum nýtur ekki sömu réttinda til reyklauss umhverfis og aðrir á vinnumarkaðnum. Í vinnuumhverfi þessa fólks er víða mikil mengun af tóbaksreykingum. Í lögum eru ákvæði um að loftræsting skuli vera góð, til að draga úr menguninni á sama hátt og gildir um mengun á vinnustöðum almennt. Það er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Vinnueftirlits ríkisins að framfylgja ákvæðum laga og reglugerða um loftræstingu í veitingahúsum og skemmtistöðum. Er vissulega áríðandi að því sé vel fylgt eftir. Einnig er áríðandi að heilbrigðiseftirlitið fylgi eftir ákvæðum tóbaksvarnalaga um að skipta veitingasölum niður í reyklaus svæði og reyksvæði því að þannig minnkar sú mengun sem starfsmenn verða fyrir. Gera má ráð fyrir að vinna á skemmtistað geti leitt til sjúkdóma af völdum tóbaksmengunar, sérstaklega hjá þeim sem vinna lengi á slíkum stöðum. Á það einkum við um fólk sem hefur menntað sig til starfa á veitingahúsum og einnig tónlistarfólk og skemmtikrafta eins og dæmin því miður sanna.

Ný reglugerð um tóbaksvarnir á vinnustöðum mælir fyrir um að allt rými á veitingahúsum og skemmtistöðum sem eingöngu er ætlað starfsfólki lúti sömu reglum og aðrir vinnustaðir og þar eiga starfsmenn að geta verið í reyklausu umhverfi.

Í nokkrum löndum hefur verið athugað hvort hægt sé að setja reglur um leyfilega hámarksmengun af tóbaki í vinnuumhverfi líkt og gert er um aðra mengun á vinnustöðum. Þegar mengun er krabbameinsvaldandi er hins vegar ekki unnt að benda á þröskuldsgildi sem ekki leiðir til sjúkdóms eins og oftast er unnt varðandi mengunarvalda á vinnustöðum. Annar vandi er sá að í tóbaksreyk eru fjölmörg skaðleg efni og því erfitt að velja hvert eða hver þeirra yrðu höfð til viðmiðunar. Fullvíst er að ef slíkar reglur væru settar yrðu leyfileg mengunarmörk mjög lág og þyrfti mjög öfluga loftræstingu til að framfylgja þeim. Það mundi að líkindum vernda starfsmenn betur en núgildandi reglur um loftræstingu á veitingahúsum og skemmtistöðum. Það er í höndum félagsmálaráðuneytis og Vinnueftirlitsins að stuðla að því að starfsfólk á vinnustöðum njóti þeirra almennu réttinda að vinnan leiði ekki til sjúkdóma, en ábyrgðin er vinnuveitenda.

Síaukin vitneskja um skaðsemi reykinga hefur þó undanfarið leitt til almennari óska um reyklausa veitingastaði, einkum kaffistofur og matsölustaði, og hæg þróun hefur orðið án atbeina löggjafarvaldsins til að mæta þeim.

3. *Viðurkennir heilbrigðisráðuneytið rétt starfsfólks veitinga- og skemmtistaða til skaðabóta frá ríkinu vegna þessarar mismununar þegar það fær sjúkdóma sem rekja má til óbeinna reykinga?*

Ef starfsmaður á veitingahúsi eða skemmtistað fær sjúkdóm sem rakinn er til óbeinna reykinga og hefur ekki reykt sjálfur fer um meðferð þess eins og annarra atvinnusjúkdómatilfella. Í lögum eru ekki sérstök ákvæði um bótaskyldu ríkisins eða almannatrygginga gagnvart fólki sem fær atvinnusjúkdóma umfram aðra sjúkdóma nema að jafna megi þeim til vinnuslysa. Það er atvinnurekandinn sem ber ábyrgð í slíkum tilvikum og ef samkomulag um bætur næst ekki verða starfsmenn að leita til dómstóla til að fá úrskurð um skaðabætur. Hægt er að sjá fyrir sér að hér á landi muni eins og í öðrum löndum rísa mál vegna kröfu um skaðabætur þar sem starfsmaður telur að hann hafi fengið sjúkdóm af óbeinum reykingum á vinnustað, ekki síst ef reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum hafa verið brotnar. Verði í slíkum tilvikum unnt að sanna eða leiða sterk rök að því að sjúkdómur starfsmanns stafi af veru á vinnustað og að reglum um mengunarvarnir og tóbaksvarnir hafi ekki verið fylgt má búast við að vinnuveitendur geti orðið skaðabótaskyldir.

1070. Svar [532. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Katrínar Fjeldsted um heilbrigðisþjónustu.

1. *Vill ráðherra koma því til leiðar að samið verði við hóp heimilislækna um heilsugæslu fyrir íbúa Heima-, Voga- og Sundahverfis í Reykjavík þar sem engin heilsugæslustöð er nú starfandi?*

Í heilbrigðisráðuneytinu er nú unnið að lausn mála í hverfinu og hafa þær framkvæmdir verið settar í forgangsröð á eftir byggingu heilsugæslustöðva í Fossvogshverfi og Grafarvogshverfi í Reykjavík. Ráðuneytið telur fyllilega koma til greina að reyna ýmis rekstrarform þegar heilsugæsla verður sett á laggirnar í Heima-, Voga- og Sundahverfi og vonast til að eiga gott samstarf um það við forustu Félags heimilislækna.

2. *Hvernig skiptist kostnaður við heilbrigðisþjónustu í þéttbýli milli:*
   a. *heilsugæslu,*
   b. *sérfræðiþjónustu utan sjúkrahúsa og*
   c. *sjúkrahúsþjónustu?*

Viðmiðunartími.

Ekki reyndist unnt að fá niðurstöður um rekstur ársins 1998. Hér verður miðað við tölur frá 1997 eða fyrr.

Skipting í þéttbýli og dreifbýli.

Skipting Hagstofunnar í byggðarkjarna og strjálbýli er miðuð við að í strjálbýli séu færri en 200 íbúar í byggðarkjarna.

Þar sem flestar heilsugæslustöðvar utan Reykjavíkursvæðisins þjóna bæði „þéttbýli og dreifbýli“ og ekki liggur fyrir nein skipting í bókhaldi stöðvanna eftir búsetu íbúanna verður hér miðað við skiptingu eftir kjördæmum.

Kostnaður á einstaklinga.

Á heilbrigðisstofnunum kemur í flestum tilvikum fram hvaða einstaklingur nýtur þjónustu en það er ekki nema í sumum tilvikum skráð hvað þjónustan kostar.

Á heilsugæslustöðvum má í flestum tilvikum reikna með að íbúar á þjónustusvæði stöðvar njóti þjónustu hennar.

Sérfræðiþjónusta utan sjúkrahúsa er í nær öllum tilvikum skráð á einstakling og framkvæmd samkvæmt reikningi.

Sjúkrahúsþjónusta er í flestum tilvikum skráð á einstaklinga en sjaldan skráð hvað hún kostar.

Undirstaða þess að finna kostnað á landsvæði er að tengja kostnaðinn við einstaklinga og safna síðan upp kostnaðinum eftir heimilisföngum.

Í *Staðtölum almannatrygginga* eru yfirlit yfir greiðslur almannatrygginga. Í sjúkratryggingakaflanum er yfirlit yfir kostnað við sérfræðiþjónustu eftir heilsugæsluumdæmum og kjördæmum (læknishéruðum).

Í *Starfsemi sjúkrahúsa 1992–1994*, notkun sjúkrahúsaþjónustu, eru yfirlit yfir innlagnir á hvert sjúkrahús í landinu, úr hverju heilsugæsluumdæmi og kjördæmi í landinu. Nýjustu tölur eru frá 1994. Hér er ekki um kostnaðartölur að ræða en aðsókn á milli kjördæma gefur til kynna hvernig eigi að dreifa kostnaðinum.

Heilsugæsla.

Þótt tilhneiging hafi verið til þess undanfarin ár að kalla alla þjónustu utan sjúkrahúsa heilsugæslu sem byggist á túlkun á 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, verður hér miðað við þann kostnað sem greiddur er af heilsugæslustöðvum.

Sérfræðiþjónusta utan sjúkrahúsa.

Sérfræðiþjónusta utan sjúkrahúsa er að hluta greidd af Tryggingastofnun ríkisins og yfirlit yfir hana færð þar. Á síðustu árum hefur sérfræðiþjónusta sem unnin er innan sjúkrahúsa að nokkru verið greidd af Tryggingastofnun ríkisins og var færð í bókhaldi með annarri sérfræðiþjónustu árið 1997 og ekki nema að hluta greint þar á milli. Hér verður því miðað við sérfræðiþjónustu greidda af Tryggingastofnun ríkisins.

Sjúkrahús.

Sjúkrahús eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, hver sú stofnun sem ætluð er sjúku fólki til vistunar. Hér verður miðað við alla stofnanaþjónustu nema dvalarheimili. Þetta er sú þjónusta sem greidd er af föstum fjárlögum eða af daggjöldum sjúkratrygginga Tryggingastofnunar. Vist á dvalarheimilum er greidd af einstaklingum eða gegnum lífeyristryggingar sjúkratrygginga.

Í töflu 1 er sýnd skipting helstu þátta heilbrigðisþjónustunnar. Þar er sérfræðiþjónusta innifalin í tölum um heilsugæslu.

Tafla 1. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 1997.

		Í millj. kr.	Innbyrðis hlutdeild	Í þús. kr. á verðlagi 1997
1.	Almenn sjúkrahús	18.342	52,5	67,7
2.	Öldrun og endurhæfing	5.521	15,8	20,4
3.	Heilsugæsla	5.195	14,9	19,2
4.	Lyf og hjálpartæki	4.315	12,3	15,9
5.	Önnur heilbrigðisútgjöld	1.571	4,5	5,8
Opinber heilbrigðisútgjöld		34.945	100,0	129,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Í töflu 2 kemur fram skipting á kostnaði við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar eftir kjördæmum. Daggjaldastofnanir, aðallega hjúkrunarheimili, eru teknar sér. Stærstu liðirnir undir liðnum *annað* eru Framkvæmdasjóður fatlaðra, heilbrigðismál, ýmis starfsemi, heilsugæslustöðvar, almennt, og sjúkrahús og læknisbústaðir.

Tafla 2. Kostnaður við heilsugæslu og sjúkrahúsþjónustu eftir kjördæmum árið 1997, í millj. kr.

	Heilsugæsla	Sjúkrahús	Daggjaldast.	Annað	Samtals
Reykjavík	662	14.613	1.006	199	16.480
Reykjanes	346	1.267	914		2.527
Vesturland	134	645	172		952
Vestfirðir	117	422	28		567
Norðurland vestra	86	677	0		763
Norðurland eystra	225	1.749	297		2.277
Austurland	159	452	121		732
Suðurland	148	791	309		1.249
Óstaðsett				1.439	1.439
Samtals	1.879	20.616	2.847	1.644	26.985

Heimild: Ríkisreikningur 1997 og ársskýrsla TR.

Í töflu 3 koma fram greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins og heildargreiðslur Tryggingastofnunar og sjúklinga fyrir sérfræðiþjónustu klíniskra sérfræðinga, tannlækningar og sjúkraþjálfun eftir kjördæmum. Þjónusta sérfræðilækna er mest notuð í Reykjavík. Til að fá samræmda tölu fyrir kostnað við tannlækningar í Reykjavík þarf að hækka tölurnar um tannlækningar sem nemur kostnaði við skólatannlækningar Reykjavíkur, en þær eru annars innifaldar í heilsugæslu.

Tafla 3. Sérfræðiþjónusta greidd af Tryggingastofnun ríkisins árið 1997. Tölur í krónum á íbúa.

	Sérfræðiþjónusta		Tannlækningar		Sjúkraþjálfun	
	TR	TR og sj.	TR	TR og sj.	TR	TR og sj.
Reykjavík	3.173	5.507	2.395	3.388	2.044	2.601
Reykjavík**			2.800	4.000		
Vesturland	1.870	3.582	3.360	4.475	1.389	1.751
Vestfirðir	1.227	2.377	2.404	3.203	944	1.210
Norðurland vestra	1.309	2.407	3.411	4.567	1.613	2.108
Norðurland eystra	1.878	3.523	3.345	4.552	2.556	3.287
Austurland	1.202	2.336	3.702	4.974	1.016	1.304
Suðurland	1.717	3.176	2.919	3.895	1.545	1.960
Reykjaneskjördæmi	2.517	4.718	2.939	3.978	1.934	2.473
Samtals	2.474	4.471	2.822	3.867	1.897	2.422

** Þegar leiðrétt hefur verið fyrir Skólatannlækningum Reykjavíkur.

Heimild: Starfsemi sjúkrahúsa 1992–1994, töfluhefti 2, september 1996. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Í töflu 4 eru sýndar aldursleiðréttar sjúkrahúsinnlagnir eftir kjördæmum og héraðshlutdeild, þ.e. hve stór hluti sjúklinga fær sjúkrahúsþjónustu í heimakjördæmi og hve stór hluti sækir sjúkrahúsþjónustu í önnur kjördæmi. Það ber að undirstrika að þessar tölur sýna innlagnir en ekki kostnað. En þær sýna að ekki er hægt að nota tölurnar um kostnað við sjúkrahús í kjördæmum beint til að meta kostnað íbúanna. Taflan sýnir tiltölulega jafna notkun

sjúkrahúsþjónustu eftir kjördæmum og hvernig sjúklingar sækja sjúkrahúsþjónustu til Reykjavíkur og Akureyrar. Sjúkrahús í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi eru tekin saman.

Tafla 4. Aldursleiðréttar sjúkrahúsinnlagnir og sókn á milli kjördæma 1994.**

Hérað sjúklings	Aldurs-leiðréttar legur á 1000 íbúa	Hérað sjúkrahúss						
		RvRn	Vl	Vf	Nv	Na	Au	Sl
		Héraðshlutdeild						
Reykjavík	169	98%						
Vesturland	206	35%	65%					
Vestfirðir	218	42%	3%	53%				
Norðurland vestra	204	29%	4%		53%	14%		
Norðurland eystra	173	16%				83%		
Austfirðir	171	47%				11%	41%	
Suðurland	176	54%						44%
Reykjanes	170	98%						
Landsmeðaltal	175							

** Sýndar eru tölur yfir 2% í héraðshlutdeild.

Heimild: Starfsemi sjúkrahúsa 1992–1994.

3. *Hvernig gengur að manna stöður hjúkrunarfræðinga í heilsugæslunni í ljósi þess að mörg hundruð hjúkrunarfræðinga vantar á spítalana?*

Skortur á hjúkrunarfræðingum í heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu er óverulegur (0,9%) en um 15% á landsbyggðinni. Alls eru 14,5 stöðugildi hjúkrunarfræðinga ómönnuð í heilsugæslu á landinu öllu.

4. *Telur ráðherra heimilt að sjúkraliðar á heilsugæslustöð vinni undir stjórn lækna?*

Samkvæmt 5. grein laga um sjúkraliða, nr. 58 frá 28. maí 1984, með síðari breytingum, starfar sjúkraliði á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn hjúkrunarfræðings. Þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengist til starfa að undangenginni auglýsingu veita lögin undanþágu frá þessu ákvæði. Samkvæmt lögum mega sjúkraliðar því einungis vinna undir stjórn lækna að hjúkrunarfræðingur hafi ekki fengist til starfa á stöðinni.

5. *Vill ráðherra beita sér fyrir því að heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa flytjist ásamt tekjustofnum til sveitarfélaga sem eftir því kunna að óska?*

Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa er nú rekin af tveimur sveitarfélögum sem tilraunaverkefni. Í þeim tilvikum hafa þó tekjustofnar ekki verið fluttir yfir, eingöngu fjárveitingar frá ráðuneytinu. Endanlegt mat á árangri þessara tilrauna fer fram þegar verkefnunum lýkur. Hins vegar er full ástæða til að kanna vilja sveitarfélaga fyrir þessari breytingu þegar meiri reynsla er fengin frá núverandi reynslusveitarfélögum.

1071. Svar [533. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Katrínar Fjeldsted um heilbrigðisþjónustu í dreifbýli.

1. *Telur ráðherra að til greina komi að afnema núverandi fyrirkomulag H1-stöðva í heilsugæslunni þannig að þær verði hvergi mannaðar með færri en tveimur læknum?*

Ráðuneytið hefur að undanförnu markvisst unnið að stækkun og eflingu heilsugæslusvæða. Heilsugæslustöðvar á Vestfjörðum, Austfjörðum og Suðurlandi hafa verið sameinaðar í stærri stofnanir. Áfram er unnið að stækkun heilsugæslusvæða víðar um landið. Við þessa breytingu verða til stærri og öflugri stofnanir og H1-stöðvar leggjast niður sem slíkar. Þessi breyting gefur aukna möguleika á vaktasamstarfi og þar með minna álagi á hvern lækni. Ráðuneytið hyggst vinna áfram á þessari braut og á þennan hátt verður stefnt að fækkun H1-stöðva.

2. *Telur ráðherra að til frekari aðgerða þurfi að grípa í heilsugæslu í dreifbýli til þess að tryggja að menntaðir heimilislæknar fáist þar til starfa og að þeir haldist í starfi?*

Ráðuneytið hefur í samvinnu við Félag íslenskra heimilislækna, landlækni, læknadeild Háskóla Íslands og fleiri aðila leitað leiða til að tryggja mönnun í dreifbýli. Einnig hefur það fylgst vel með þessum vanda meðal annarra þjóða, bæði nær og fjær. Ráðuneytið hefur fylgst vel með þeim úrræðum sem aðrar þjóðir hafa beitt til að reyna að tryggja þessa mönnun. Ráðuneytið vinnur að eflingu grunnnáms og starfsþjálfunar í heilsugæslu. Það hefur komið á sérnámsstöðum í heilsugæslulækningum, hefur beitt sér fyrir samstarfi Læknavaktarinnar í Reykjavík og einmenningshéraða til að létta á næturþjónustu vaktalækna og unnið að stækkun heilsugæslusvæða og fjölgun lækna. Vandinn er hins vegar margþættur og flókinn og tengist öðrum vanda dreifbýlis á Íslandi.

3. *Vill ráðherra stuðla að því að komið verði á fót kennslu á háskólastigi í dreifbýlislækningum, til dæmis á Akureyri?*

Ráðuneytið hefur ásamt landlækni nýlega átt viðræður við forsvarsmenn Háskólans á Akureyri og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um að koma á fót kennslu í dreifbýlislækningum. Rætt var um slíka kennslu í grunnnámi, á kandídatsári, í sérnámi og í viðhaldsmenntun. Mikill áhugi er á málinu hjá þessum aðilum. Fyrirhugað er að halda viðræðum þessum áfram innan skamms með þátttöku læknadeildar og yfirvalda menntamála.

4. *Hvernig skiptist kostnaður við heilbrigðisþjónustu í dreifbýli milli:*
   a. *heilsugæslu,*
   b. *sérfræðiþjónustu utan sjúkrahúsa og*
   c. *sjúkrahúsþjónustu?*

Viðmiðunartími.

Ekki reyndist unnt að fá niðurstöður um rekstur ársins 1998. Hér verður miðað við tölur frá 1997 eða fyrr.

Skipting í þéttbýli og dreifbýli.

Skipting Hagstofunnar í byggðarkjarna og strjálbýli er miðuð við að í strjálbýli séu færri en 200 íbúar í byggðarkjarna.

Þar sem flestar heilsugæslustöðvar utan Reykjavíkursvæðisins þjóna bæði „þéttbýli og dreifbýli“ og ekki liggur fyrir nein skipting í bókhaldi stöðvanna eftir búsetu íbúanna verður hér miðað við skiptingu eftir kjördæmum.

Kostnaður á einstaklinga.

Á heilbrigðisstofnunum kemur í flestum tilvikum fram hvaða einstaklingur nýtur þjónustu en það er ekki nema í sumum tilvikum skráð hvað þjónustan kostar.

Á heilsugæslustöðvum má í flestum tilvikum reikna með að íbúar á þjónustusvæði stöðvar njóti þjónustu hennar.

Sérfræðiþjónusta utan sjúkrahúsa er í nær öllum tilvikum skráð á einstakling og framkvæmd samkvæmt reikningi.

Sjúkrahúsþjónusta er í flestum tilvikum skráð á einstaklinga en sjaldan skráð hvað hún kostar.

Undirstaða þess að finna kostnað á landsvæði er að tengja kostnaðinn við einstaklinga og safna síðan upp kostnaðinum eftir heimilisföngum.

Í *Staðtölum almannatrygginga* eru yfirlit yfir greiðslur almannatrygginga. Í sjúkratryggingakaflanum er yfirlit yfir kostnað við sérfræðiþjónustu eftir heilsugæsluumdæmum og kjördæmum (læknishéruðum).

Í *Starfsemi sjúkrahúsa 1992–1994*, notkun sjúkrahúsaþjónustu, eru yfirlit yfir innlagnir á hvert sjúkrahús í landinu, úr hverju heilsugæsluumdæmi og kjördæmi í landinu. Nýjustu tölur eru frá 1994. Hér er ekki um kostnaðartölur að ræða en aðsókn á milli kjördæma gefur til kynna hvernig eigi að dreifa kostnaðinum.

Heilsugæsla.

Þótt tilhneiging hafi verið til þess undanfarin ár að kalla alla þjónustu utan sjúkrahúsa heilsugæslu sem byggist á túlkun á 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, verður hér miðað við þann kostnað sem greiddur er af heilsugæslustöðvum.

Sérfræðiþjónusta utan sjúkrahúsa.

Sérfræðiþjónusta utan sjúkrahúsa er að hluta greidd af Tryggingastofnun ríkisins og yfirlit yfir hana færð þar. Á síðustu árum hefur sérfræðiþjónusta sem unnin er innan sjúkrahúsa að nokkru verið greidd af Tryggingastofnun ríkisins og var færð í bókhaldi með annarri sérfræðiþjónustu árið 1997 og ekki nema að hluta greint þar á milli. Hér verður því miðað við sérfræðiþjónustu greidda af Tryggingastofnun ríkisins.

Sjúkrahús.

Sjúkrahús eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, hver sú stofnun sem ætluð er sjúku fólki til vistunar. Hér verður miðað við alla stofnanaþjónustu nema dvalarheimili. Þetta er sú þjónusta sem greidd er af föstum fjárlögum eða af daggjöldum sjúkratrygginga Tryggingastofnunar. Vist á dvalarheimilum er greidd af einstaklingum eða gegnum lífeyristryggingar sjúkratrygginga.

Í töflu 1 er sýnd skipting helstu þátta heilbrigðisþjónustunnar. Þar er sérfræðiþjónusta innifalin í tölum um heilsugæslu.

Tafla 1. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 1997.

		Í millj. kr.	Innbyrðis hlutdeild	Í þús. kr. á verðlagi 1997
1.	Almenn sjúkrahús	18.342	52,5	67,7
2.	Öldrun og endurhæfing	5.521	15,8	20,4
3.	Heilsugæsla	5.195	14,9	19,2
4.	Lyf og hjálpartæki	4.315	12,3	15,9
5.	Önnur heilbrigðisútgjöld	1.571	4,5	5,8
Opinber heilbrigðisútgjöld		34.945	100,0	129,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Í töflu 2 kemur fram skipting á kostnaði við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar eftir kjördæmum. Daggjaldastofnanir, aðallega hjúkrunarheimili, eru teknar sér. Stærstu liðirnir undir liðnum *annað* eru Framkvæmdasjóður fatlaðra, heilbrigðismál, ýmis starfsemi, heilsugæslustöðvar, almennt, og sjúkrahús og læknisbústaðir.

Tafla 2. Kostnaður við heilsugæslu og sjúkrahúsþjónustu eftir kjördæmum árið 1997, í millj. kr.

	Heilsugæsla	Sjúkrahús	Daggjaldast.	Annað	Samtals
Reykjavík	662	14.613	1.006	199	16.480
Reykjanes	346	1.267	914		2.527
Vesturland	134	645	172		952
Vestfirðir	117	422	28		567
Norðurland vestra	86	677	0		763
Norðurland eystra	225	1.749	297		2.277
Austurland	159	452	121		732
Suðurland	148	791	309		1.249
Óstaðsett				1.439	1.439
Samtals	1.879	20.616	2.847	1.644	26.985

Heimild: Ríkisreikningur 1997 og ársskýrsla TR.

Í töflu 3 koma fram greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins og heildargreiðslur Tryggingastofnunar og sjúklinga fyrir sérfræðiþjónustu klíniskra sérfræðinga, tannlækningar og sjúkraþjálfun eftir kjördæmum. Þjónusta sérfræðilækna er mest notuð í Reykjavík. Til að fá samræmda tölu fyrir kostnað við tannlækningar í Reykjavík þarf að hækka tölurnar um tannlækningar sem nemur kostnaði við skólatannlækningar Reykjavíkur, en þær eru annars innifaldar í heilsugæslu.

Tafla 3. Sérfræðiþjónusta greidd af Tryggingastofnun ríkisins árið 1997. Tölur í krónum á íbúa.

	Sérfræðiþjónusta		Tannlækningar		Sjúkraþjálfun	
	TR	TR og sj.	TR	TR og sj.	TR	TR og sj.
Reykjavík	3.173	5.507	2.395	3.388	2.044	2.601
Reykjavík**			2.800	4.000		
Vesturland	1.870	3.582	3.360	4.475	1.389	1.751
Vestfirðir	1.227	2.377	2.404	3.203	944	1.210
Norðurland vestra	1.309	2.407	3.411	4.567	1.613	2.108
Norðurland eystra	1.878	3.523	3.345	4.552	2.556	3.287
Austurland	1.202	2.336	3.702	4.974	1.016	1.304
Suðurland	1.717	3.176	2.919	3.895	1.545	1.960
Reykjaneskjördæmi	2.517	4.718	2.939	3.978	1.934	2.473
Samtals	2.474	4.471	2.822	3.867	1.897	2.422

** Þegar leiðrétt hefur verið fyrir Skólatannlækningum Reykjavíkur.

Heimild: Starfsemi sjúkrahúsa 1992–1994, töfluhefti 2, september 1996. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Í töflu 4 eru sýndar aldursleiðréttar sjúkrahúsinnlagnir eftir kjördæmum og héraðshlutdeild, þ.e. hve stór hluti sjúklinga fær sjúkrahúsþjónustu í heimakjördæmi og hve stór hluti sækir sjúkrahúsþjónustu í önnur kjördæmi. Það ber að undirstrika að þessar tölur sýna innlagnir en ekki kostnað. En þær sýna að ekki er hægt að nota tölurnar um kostnað við sjúkrahús í kjördæmum beint til að meta kostnað íbúanna. Taflan sýnir tiltölulega jafna notkun sjúkrahúsþjónustu eftir kjördæmum og hvernig sjúklingar sækja sjúkrahúsþjónustu til Reykjavíkur og Akureyrar. Sjúkrahús í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi eru tekin saman.

Tafla 4. Aldursleiðréttar sjúkrahúsinnlagnir og sókn á milli kjördæma 1994.**

	Aldurs-leiðréttar legur á 1000 íbúa	Hérað sjúkrahúss						
		RvRn	Vl	Vf	Nv	Na	Au	Sl
Hérað sjúklings		Héraðshlutdeild						
Reykjavík	169	98%						
Vesturland	206	35%	65%					
Vestfirðir	218	42%	3%	53%				
Norðurland vestra	204	29%	4%		53%	14%		
Norðurland eystra	173	16%				83%		
Austfirðir	171	47%				11%	41%	
Suðurland	176	54%						44%
Reykjanes	170	98%						
Landsmeðaltal	175							

** Sýndar eru tölur yfir 2% í héraðshlutdeild.

Heimild: Starfsemi sjúkrahúsa 1992–1994.

1072. Nefndarálit [92. mál]

um till. til þá. um hvalveiðar.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar hefur tekið þá ákvörðun að afgreiða tillögu til þingsályktunar um hvalveiðar í þskj. 92 eins og fram kemur í nefndaráliti hans í þskj. 1018.

Minni hlutinn tekur undir það viðhorf að leggja beri áherslu á að nýta allar auðlindir sjávar á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda, þar með taldra hvalastofna við Ísland.

Minni hlutinn gerir á hinn bóginn eftirfarandi athugasemdir við þá afgreiðslu sem meiri hlutinn leggur til:

Í fyrsta lagi gerir minni hlutinn athugasemdir við að meiri hlutinn skuli leggja til að Alþingi ályktí um að hafnar verði hvalveiðar án þess að skilgreina nánar hvenær veiðarnar skuli hefjast. Minni hlutinn telur að með því að standa þannig að ályktuninni sé verið að gera stjórnvöldum erfiðara fyrir en ella að vinna sjónarmiðum Íslendinga fylgi á alþjóðavettvangi. Sú aðferðafræði sem meiri hlutinn leggur til að beitt verði í þessu máli er ekki ólík því að lýsa yfir stríði án þess að afla sér þeirra tækja og tóla sem nauðsynleg eru til að heyja stríðið eða hafi nokkra áætlun sem að gagni gæti komið við slíkan stríðsrekstur. Íslendingar eru háðari viðskiptum með sjávarafurðir en nokkur önnur þjóð og byggja afkomu sína á verslun með þær víða um heim. Andstaða við hvalveiðar er meðal vinsælustu mála umhverfissamtaka og þeim vex ásmegin þegar umræða um hvalveiðar stendur sem hæst. Um árabil hafa umhverfissamtök barist gegn hvalveiðum og notið til þess mikils fjárhagslegs styrks. Þá er til þess að líta að í nokkrum þeirra ríkja sem skipta okkur miklu máli í viðskiptalegu tilliti er stefna stjórnvalda styrkur fyrir þessi samtök.

Í öðru lagi gerir minni hlutinn athugasemdir við að ekki skuli kveðið skýrt á um í tillögunni á hvaða dýrum skuli hefja veiðar. Minni hlutinn telur að farsælla hefði verið að afmarka það, t.d. með því að hefja fyrst veiðar á hrefnu.

Í þriðja lagi vekur minni hlutinn eftirtekt á því að óljóst er með öllu hvaða efnahagslegi ávinningur felst í því að hefja hvalveiðar, meðan jafnóljóst er og raun ber vitni hvort mögulegt er að selja hvalaafurðir.

Líta má á flutning tillögunnar og samþykkt meiri hlutans sem vantraust á ríkisstjórnina sem samþykkti vorið 1997 að gera tillögur nefndar sem starfaði undir forustu Árna R. Árnasonar að sínum og í framhaldi af undirbúningsvinnu sem tillögurnar fólu í sér að taka ákvörðun um framlagningu þingsályktunartillögu. Lítið hefur verið unnið samkvæmt tillögum nefndarinnar. Þannig hefur ekki tekist að byggja NAMMCO upp eins og lagt er til né heldur verið kannað hvaða möguleika endurnýjuð aðild Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu kunni að bjóða upp á. Engar áætlanir eru til um hvernig verði á sem hagkvæmastan og árangursríkastan hátt staðið að fræðslu- og kynningarstarfi um málstað Íslands á erlendum vettvangi, þar á meðal gagnvart umhverfissamtökum.

Í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum varðandi hvalveiðar og þeirrar aðferðafræði sem meiri hlutinn leggur nú til telur minni hlutinn það ábyrgðarhlut að afgreiða málið á þennan hátt.

Alþingi, 9. mars 1999.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Svanfríður Jónasdóttir.

1073. Frumvarp til laga [510. mál]

um Háskólann á Akureyri.

(Eftir 2. umr., 9. mars.)

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri er vísindaleg mennta- og rannsóknastofnun. Hann veitir stúdentum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu sem einkum tengjast sjávarútvegi, rekstri, menntun og heilbrigði. Háskólanum er heimilt að veita framhaldsmenntun og endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans.

II. KAFLI
Kennarar og stúdentar.

2. gr.

Kennarar við Háskólann á Akureyri eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar hafa einir kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur kennara.

3. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Umsóknum um prófessorsstarf, dósents- og lektorsstörf skulu fylgja upplýsingar um háskólamenntun, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir umsækjenda.

Rektor skal skipa þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina og er annar þeirra formaður. Annar fulltrúa háskólaráðs skal starfa utan háskólans. Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla.

Að ábendingu viðkomandi deildar skal rektor hverju sinni tilnefna sérfræðing til ráðgjafar fyrir dómnefnd um mat á fræðistörfum umsækjenda.

Dómnefnd skal gefa rökstutt álit um hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum manni má veita starf prófessors, dósents eða lektors nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að ákvæði 3. mgr. gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við háskólann.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstarfi í dósentsstarf og dósent úr dósentsstarfi í prófessorsstarf, enda liggi fyrir hæfnisdómur dómnefndar.

Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar og framgang í starfi þar sem einnig er kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna.

4. gr.

Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deilda, staðfesta reglur um skráningu stúdenta í einstakar deildir þar sem kveðið er nánar á um inntökuskilyrði í viðkomandi deild. Þeir einir teljast stúdentar við Háskólann á Akureyri sem skrásettir hafa verið til náms samkvæmt reglum þessum.

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, allt að 25.000 kr. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila.

III. KAFLI

Stjórnskipulag.

5. gr.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor, sem er sjálfkjörinn í ráðið og er jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar kennara sem ráðnir eru ótímabundið við skólann og tveir til vara, kosnir á almennum fundi þeirra til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi stúdenta og einn til vara, kosnir til tveggja ára í senn samkvæmt reglum stúdentafélags háskólans.
4. Einn fulltrúi skipaður af menntamálaráðherra og einn til vara til tveggja ára í senn.

Varaforseta kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa kennara.

6. gr.

Rektor boðar til fundar í háskólaráði eftir þörfum. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

Háskólaráðsfundur er ályktunarhæfur ef helmingur atkvæðisbærra fulltrúa sækir fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði forseta úr. Varafulltrúar skulu sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalfulltrúa.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

8. gr.

Háskólaráð ákvarðar deildarskipan háskólans og afmarkar aðrar stjórnunareiningar innan skólans. Háskólaráð setur reglur um yfirstjórn deilda og um val á deildarforsetum. Störf deildarforseta skulu auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur deildum starfsreglur og reglur um hvert skuli vera verksvið, vald og ábyrgð hverrar stjórnunareiningar innan hverrar deildar.

Stofnanir og einstakir starfsmenn háskólans, sem ekki lúta sérstakri stjórn, heyra beint undir embætti rektors.

9. gr.

Fyrir hverja deild háskólans eða skilgreinda námsbraut skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talda starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við.

Á grundvelli námskrár skal árlega gefa út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði er varða skipulag náms.

Háskólaráð staðfestir námskrár og kennsluskrár, en deildarráð ber ábyrgð á gerð þeirra.

IV. KAFLI
Kennsla, framkvæmd prófa, agaviðurlög.

10. gr.

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti stúdenta, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Háskólarektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.

11. gr.

Rektor getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdentinum kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

V. KAFLI
Rannsóknir, bókasafn o.fl.

12. gr.

Háskólanum er heimilt að starfrækja rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra. Kennarar háskólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu rannsóknastofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Rannsóknastofnunin skal eftir því sem aðstæður leyfa veita stúdentum skólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknastofnunarinnar, um skipan stjórnar og gjaldtöku fyrir þjónustu sem rannsóknastofnunin veitir.

Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá.

13. gr.

Við háskólann er rannsókna- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans. Hlutverk þess er að veita stúdentum og kennurum háskólans og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna. Háskólaráð skal setja nánari reglur um starfsemi bókasafnsins.

14. gr.

Háskólanum á Akureyri skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt ákvæði þessu.

Háskólaráði er heimilt að semja við félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskólans á Akureyri enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

15. gr.

Háskólanum er heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði háskólans, t.d. um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Háskólaráð setur nánari reglur um stöðu þeirra starfsmanna innan háskólans sem þannig eru ráðnir til starfa við skólann.

16. gr.

Að fenginni tillögu viðkomandi deildarfundar hefur háskólaráð rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu doktorsnámi eða með vörn doktorsritgerðar.

Háskólaráð setur sérstakar reglur um veitingu doktorsnafnbótar, þ.m.t. um doktorsnám og um vörn doktorsritgerða.

VI. KAFLI
Gildistaka, reglugerð o.fl.

17. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

18. gr.

Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli þessara laga skulu birtar í Stjórnartíðindum.

19. gr.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af lögum um háskóla, nr. 136/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi forstöðumenn deilda skulu gegna starfi deildarforseta þar til gildandi ráðningarsamningar þeirra renna út.

Núverandi rektor Háskólans á Akureyri situr út yfirstandandi kjörtímabil sitt, en að því loknu skal skipa rektor til fimm ára skv. 7. gr. laga þessara.

1074. Frumvarp til laga [511. mál]

um breyting á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997.

(Eftir 2. umr., 9. mars.)

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur ótímabundið ráðinna kennara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 2. tölul. 2. mgr. orðast svo: fjórir fulltrúar ótímabundið ráðinna kennara og fjórir til vara kjörnir á almennum fundi þeirra hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn.

b. 3. mgr. orðast svo:

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa ótímabundið ráðinna kennara.

3. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Kennsla, framkvæmd prófa, agaviðurlög,** með þremur nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (10. gr.)

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt. Háskólaráð skal enn fremur setja almennar reglur um meistara- og doktorsnám, svo og um vörn sérstakra doktorsritgerða. Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglum háskólaráðs. Sameiginleg stjórnsýsla háskólans annast skipulag og framkvæmd prófa.

b. (11. gr.)

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Rektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.

c. (12. gr.)

Rektor getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans, eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdentinum kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar

rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

4. gr.

Á eftir 10. gr. laganna, sem verður 13. gr., koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (14. gr.)

Kennaraháskóla Íslands skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Honum er enn fremur heimilt að taka gjöld fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjaldanna.

Háskólaráði er heimilt að semja við félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Kennaraháskóla Íslands enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

b. (15. gr.)

Að fenginni tillögu viðkomandi deildarfundar hefur háskólaráð rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu doktorsnámi eða með vörn doktorsritgerðar. Háskólaráð setur sérstakar reglur um veitingu doktorsnafnbótar, þ.m.t. um doktorsnám og um vörn doktorsritgerða.

5. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna, sem verður V. kafli, verður: **Rannsóknir og gjaldtaka fyrir þjónustu o.fl.**

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1075. Lög [311. mál]

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 9. mars.)

Samhljóða þskj. 372.

1076. Lög [152. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1997.

(Afgreidd frá Alþingi 9. mars.)

Samhljóða þskj. 152.

1077. Lög [543. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. mars.)

Samhljóða þskj. 868.

1078. Nefndarálit [581. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund frá utanríkisráðuneyti Helga Ágústsson ráðuneytisstjóra og Ragnheiði Elfu Þorsteinsdóttur.

Tillagan felur í sér staðfestingu samnings sem samþykktur var á ráðstefnu um alþjóðlegt bann við jarðsprengjum sem beint er gegn liðsafla, í Ósló í september 1997, og var síðan lagður fram til undirritundar í Ottawa 3. og 4. desember 1997. Þá var samningurinn, sem síðan er kenndur við þá borg, undirritaður fyrir Íslands hönd.

Nefndin hefur á undanförnum árum rætt efni þessa samnings, þ.e. um alþjóðlegt bann við notkun jarðsprengna, einkum á 121. löggjafarþingi, sbr. nefndarálit á þskj. 1219, en tillaga um staðfestingu Ottawa-samningsins hefur hins vegar ekki áður verið lögð fram. Nefndinni hafa borist gögn um stöðu þessara mála og áskoranir um að fullgilda samninginn um bann við notkun jarðsprengna við fyrsta tækifæri, meðal annars frá Rauða krossi Íslands og Hjálparstofnun þjóðkirkjunnar.

Steingrímur J. Sigfússon, áheyrnarfulltrúi á fundum nefndarinnar, er samþykkur áliti þessu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 9. mars 1999.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.	Árni R. Árnason.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Árni M. Mathiesen.

1079. Nefndarálit [573. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, og Jón B. Jónasson, skrifstofustjóra í sjávarútvegsráðuneytinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 9. mars 1999.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.	Árni R. Árnason.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Árni M. Mathiesen.

1080. Skýrsla [598. mál]

menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 1995–96, 1996–97 og 1997–98.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Inngangur.

Með setningu laga, nr. 66/1995, um grunnskóla urðu miklar breytingar á skólahaldi hér á landi. Þegar lögin komu að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996 fluttist ábyrgð á grunnskólahaldi að fullu frá ríki til sveitarfélaga og tóku þau m.a. við öllu mannahaldi í grunnskólum. Ríkið ber enn kostnað af samræmdum prófum, kennaramenntun og námsgögnum. Sérstök stofnun, Námsgagnastofnun, sér um útgáfu og dreifingu námsgagna til grunnskóla, nemendum og foreldrum þeirra að kostnaðarlausu.

Fyrir flutning grunnskóla til sveitarfélaga var landinu skipt í átta fræðsluumdæmi í samræmi við kjördæmaskipun landsins. Í hverju fræðsluumdæmi starfaði fræðsluskrifstofa sem m.a. hafði eftirlit með skólahaldi og sá um sérfræðiþjónustu. Við flutninginn voru fræðsluskrifstofur lagðar niður en sveitarfélögum gert að halda uppi sambærilegri þjónustu við grunnskóla. Í dag starfar 21 skólaskrifstofa á vegum sveitarfélaga. Sem dæmi um aðrar breytingar sem urðu með grunnskólalögunum frá 1995 má nefna að samræmdum prófum hefur fjölgað, allir skólar eiga að innleiða sjálfsmat og gefa út skólanámskrá og að foreldraráð skal starfa við hvern skóla.

Í 9. gr. grunnskólalaga er kveðið á um að menntamálaráðherra skuli gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í grunnskólum á þriggja ára fresti. Í skýrslu þessari sem nær yfir skólaárin 1995–96, 1996–97 og 1997–98 er að finna ýmsar upplýsingar um skólahald, svo sem fjölda skóla, nemenda og kennara, árangur á samræmdum prófum, fjölda kennslustunda í einstökum námsgreinum, fjölda nýbúabarna og þróunarstörf.

Þau þrjú skólaár sem skýrslan tekur til eru nokkuð sérstök að því leyti að skólaárið 1995–96 stóð undirbúningur að flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga sem hæst og erfiðlega gekk að afla upplýsinga frá grunnskólum vorið 1996. Skólaárið 1996–97 komu grunnskólalögin að fullu til framkvæmda og settar voru fjölmargar reglugerðir við lögin, m.a. reglugerð um upplýsingaskyldu sveitarfélaga um skólahald í grunnskólum. Í menntamálaráðuneytinu var stofnuð ný deild, mats- og eftirlitsdeild, m.a. til að annast ákveðna upplýsingaöflun frá skólum, sjá um úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla og úttektir á einstökum skólum eða tilteknum þáttum skólastarfs. Mats- og eftirlitsdeild aflaði upplýsinga frá grunnskólum fyrir skólaárið 1996–97. Vel gekk að afla upplýsinga um ýmsa þætti skólastarfs þetta skólaár en hins vegar fékk ráðuneytið ekki fullnægjandi upplýsingar um fjölda starfandi réttindakennara og leiðbeinenda.

Stefna fræðsluyfirvalda í upplýsingaöflun um starfsemi grunnskóla kemur fram í grunnskólalögum, fyrrnefndri reglugerð og í ritinu *Í krafti upplýsinga* (sjá heimasíðu menntamálaráðuneytisins, www.mrn.stjr.is) sem menntamálaráðuneytið gaf út snemma árs 1996. Skólaárið 1996–97 var undirritaður samningur við Hagstofu Íslands um öflun tölfræðilegra upplýsinga um grunnskóla og hóf Hagstofan upplýsingaöflun samkvæmt þeim samningi skólaárið 1997–98.

Haustið 1996 hófst endurskoðun á aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þeirri vinnu er senn lokið og mun kennsla eftir nýrri aðalnámskrá grunnskóla hefjast haustið 1999.

I. Skólar.

Fjöldi almennra grunnskóla hefur haldist svipaður um langt skeið. Helst ber á breytingum í þá veru að skólum fjölgar í Reykjavík og að mjög fámennir skólar á landsbyggðinni eru sameinaðir eða lagðir niður. Í fjölmennasta skóli landsins voru 797 nemendur skólaárið 1997–98.

Á því þriggja ára tímabili sem hér um ræðir hefur fámennum skólum fækkað um átta eða úr 97 í 89. Í fámennasta skóla landsins voru þrír nemendur síðastliðið skólaár. Fjöldi sérskóla og einkaskóla hefur verið nokkurn veginn sá sami síðastliðin ár, einkaskólum hefur fækkað úr sjö í fimm frá 1995 til 1998. Á því tímabili sem skýrslan nær til voru starfandi sex heimavistarskólar á grunnskólastigi. Benda má á að skólaárið 1990–91 voru starfandi 30 skólar sem annaðhvort voru hreinir heimavistarskólar eða heimanaksturs- og heimavistarskólar. Heimavistarskólum hefur því fækkað mikið frá 1991 og er það í samræmi við stefnu fræðsluyfirvalda að nemendum skuli ekið í skóla sé þess nokkur kostur, ekki síst yngri nemendum, og að nemendur eigi kost á námi í heimabyggð, sbr. lög um grunnskóla nr. 49/1991 og nr. 66/1995. Skólum sem hafa undanþágu frá níu mánaða starfstíma hefur fækkað um meira en helming á tímabilinu og eru nú aðeins 11. Einsetnum skólum fjölgaði fremur lítið á tímabilinu en í samningi ríkis og sveitarfélaga við flutning grunnskólans kemur fram að allir skólar á landinu eigi að vera einsetnir skólaárið 2002–03. Rétt er að taka fram að skólum fækkaði um sex milli skólaáranna 1996–97 og 1997–98. Tafla 1.1 sýnir að einsetnum skólum fjölgaði um sex milli ára en hlutfallsleg aukning einsetinna grunnskóla er um 5%, sbr. mynd 1.1. Þetta skýrist af því að þeir skólar sem voru sameinaðir eða lagðir niður voru fámennir, einsetnir skólar.


1.1. Fjöldi grunnskóla 1995–98.

	Skólaár		
	1995–96	**1996–97**	**1997–98**
Alls	**213**	**204**	**198**
Grunnskólar, þ.m.t. einkaskólar	207	197	192
Sérskólar	6	7	6
Fámennir skólar*	97	93	89
Heimavistarskólar	6	6	6
Einsetnir skólar	141	144	150
Undanþága frá 9 mánaða skólatíma	24	12	11

* Skólar með 100 nemendur eða færri.

Heimildir: Menntamálaráðuneyti. Hagstofa Íslands, Landshagir 1998 og óbirtar upplýsingar frá Hagstofu Íslands.

Mynd 1.1. Hlutfallslegur fjöldi einsetinna grunnskóla 1995 - 1998



II. Nemendur.

Heildarfjöldi nemenda í grunnskólum landsins er rúmlega 42 þúsund á ári hverju, sjá töflu 2.1. Í töflu 2.2 má sjá fjölda nemenda í sérskólum, sérdeildum og einkaskólum og fjölda nýbúa í grunnskólum, þ.e. nemenda með annað móðurmál en íslensku. Heildarfjöldi nemenda hefur haldist nokkuð stöðugur og ekki er að vænta neinna sérstakra breytinga á nemendafjölda á næstu árum miðað við fyrirliggjandi tölur.

2.1. Fjöldi nemenda á grunnskólaaldri eftir árgöngum 1995–98.

	Alls	**1. b.**	**2. b.**	**3. b.**	**4. b.**	**5. b.**	**6. b.**	**7. b.**	**8. b.**	**9. b.**	**10. b.**
1995–96	42.482	4.567	4.567	4.133	3.854	3.866	4.041	4.288	4.338	4.342	4.486
1996–97	42.004	4.613	4.402	4.500	4.084	3.771	3.787	4.004	4.225	4.281	4.337
1997–98	42.318	4.435	4.646	4.369	4.527	4.088	3.810	3.803	4.034	4.225	4.354

Árin 1995, 1996 og 1997 er hlutfall drengja 51% af nemendum og hlutfall stúlkna 49%.

Heimildir: Menntamálaráðuneyti. Fjöldi nemenda í grunnskólum 1995–96 og 1996–97. Hagstofa Íslands, Landshagir 1997 og Landshagir 1998.

2.2. Nemendur í sérskólum, sérdeildum og einkaskólum og nýbúar* 1995–1998.

	Skólaár		
	1995–96	**1996–97**	**1997–98**
Í sérskólum	203	210	165
Í sérdeildum	273	385	vantar
Í einkaskólum	650	515	547
Nýbúar**	309	429	550

*Nemendur sérskólum, sérdeildum og einkaskólum og nýbúar eru innifaldir í heildarnemendatölum í töflu 2.1.

**Nýbúum í grunnskólum fjölgaði frá hausti 1995 til vors 1996 í 320. Frá hausti 1996 til vors 1997 fjölgaði þeim í 484.


Heimildir: Skýrslur menntamálaráðuneytis um fjölda nemenda í grunnskólum 1995–96 og 1996–97. Hagstofa Íslands fyrir skólaárið 1997–98. Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi, álit nefndar um málefni útlendinga, júní 1997.

Í 36. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, er kveðið á um rétt nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku til sérstakrar íslenskukennslu. Í reglugerð nr. 391/1996, um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, er nánar kveðið á um íslenskukennslu þessara nemenda. Þegar grunnskólinn fluttist til sveitarfélaga þann 1. ágúst 1996 var ráðgjöf um nýbúafræðslu hjá menntamálaráðuneytinu flutt yfir til sveitarfélaga.

Skóladagar.

Þegar flutningur grunnskólans til sveitarfélaga stóð sem hæst skólaárið 1995–96 gekk erfiðlega að afla upplýsinga frá grunnskólum um starfsemi þeirra. Þrátt fyrir eftirrekstur tókst ekki að fá inn vorskýrslur nema frá hluta grunnskóla og því eru ekki fyrirliggjandi marktækar upplýsingar um fjölda skóladaga þetta skólaár. Á mynd 2.1 má sjá meðaltal skóladaga skólaárin 1996–97 og 1997–98. Samkvæmt grunnskólalögum skal lágmarksfjöldi skóladaga nemenda vera 170 árlega.

Mynd 2.1. Meðalfjöldi skóladaga* 1996-97 og 1997-98 eftir bekkjum




* Skóladagar nemenda eru kennslu- og prófdagar

Heimildir: Menntamálaráðuneytið og Hagstofa Íslands.

Viðmiðunarstundaskrá.

Fjöldi kennslustunda eykst ár frá ári á tímabilinu, sbr. ákvæði grunnskólalaga þar um. Á mynd 2.2 má sjá heildarkennslustundafjölda á viku í skyldunámi frá 1995.

Mynd 2.2. Kennslustundafjöldi á viku 1995 - 1997 eftir aldri nemenda



Í grunnskólalögum er kveðið á um frekari fjölgun kennslustunda á viku til skólaársins 2001–02. Í töflu 2.3 má sjá hver heildarkennslustundafjöldi skal vera á ári að lágmarki skólaárið 2001–02 þegar ákvæði um fjölgun kennslustunda skal að fullu vera komið til framkvæmda.

2.3. Heildarkennslustundafjöldi að lágmarki á ári skólaárið 2001–02.

	Heildarkennslustundafjöldi á ári
1. bekkur	1.020
2. bekkur	1.020
3. bekkur	1.020
4. bekkur	1.020
5. bekkur	1.190
6. bekkur	1.190
7. bekkur	1.190
8. bekkur	1.258
9. bekkur	1.258
10. bekkur	1.258

Í töflu 2.4 má sjá hvernig skólatími grunnskólanemenda hefur skipst u.þ.b. á milli námsgreina við lok 10 ára skólagöngu.

2.4. Hlutfallsleg skipting skólatíma nemenda eftir námsgreinum að lokinni 10 ára skólagöngu í grunnskóla.

Íslenska	18%	**Erlend tungumál**	9%	**Kristinfræði**	3%
Stærðfræði	15%	**Náttúrufræði**	6%	**Íþróttir**	10%
Listgreinar	20%	**Samfélagsgreinar**	7%	**Valgreinar**	12%

Á töflum 2.5, 2.6 og 2.7 má sjá fjölda kennslustunda á ári í einstökum námsgreinum hjá 7, 10 og 13 ára nemendum á umræddu tímabili samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

2.5. Fjöldi kennslustunda á ári varið til kennslu einstakra námsgreina 1995–96.

	7 ára nemendur		10 ára nemendur		13 ára nemendur	
	kennslust.	**hlutfall**	**kennslust.**	**hlutfall**	**kennslust.**	**hlutfall**
Íslenska	223	26%	192	20%	161	14%
Stærðfræði	96	11%	128	13%	127	11%
Samfélagsgr. og náttúrfr.	65	8%	161	17%	192	17%
Erlend tungumál	0	0%	0	0%	193	17%
Íþróttir	96	11%	96	10%	96	9%
List- og verkgreinar	159	18%	190	20%	224	20%
Kristinfræði	33	4%	33	3%	0	0%
Stundir til ráðstöfunar	192	22%	160	17%	127	11%
Samtals	864	100%	960	100%	1.120	100%

2.6. Fjöldi kennslustunda á ári varið til kennslu einstakra námsgreina 1996–97.


	7 ára nemendur		10 ára nemendur		13 ára nemendur	
	kennslust.	**hlutfall**	**kennslust.**	**hlutfall**	**kennslust.**	**hlutfall**
Íslenska	238	26%	204	20%	170	14%
Stærðfræði	102	11%	136	13%	136	11%
Samfélagsgr. og náttúrfr.	68	7%	170	17%	170	14%
Erlend tungumál	0	0%	0	0%	204	17%
Íþróttir	102	11%	102	10%	102	9%
List- og verkgreinar	170	19%	204	20%	238	20%
Kristinfræði	34	4%	34	3%	34	3%
Stundir til ráðstöfunar	204	22%	170	17%	136	11%
Samtals	918	100%	1.020	100%	1.190	100%

2.7. Fjöldi kennslustunda á ári varið til kennslu einstakra námsgreina 1997–98.

	7 ára nemendur		10 ára nemendur		13 ára nemendur	
	kennslust.	**hlutfall**	**kennslust.**	**hlutfall**	**kennslust.**	**hlutfall**
Íslenska	238	25%	204	19%	170	14%
Stærðfræði	102	11%	136	13%	136	11%
Samfélagsgr. og náttúrfr.	68	7%	170	16%	170	14%
Erlend tungumál	0	0%	0	0%	204	17%
Íþróttir	102	11%	102	10%	102	9%
List- og verkgreinar	170	18%	204	19%	238	20%
Kristinfræði	34	4%	34	3%	34	3%
Stundir til ráðstöfunar	238	25%	204	19%	136	11%
Samtals	952	100%	1.054	100%	1.190	100%

Á mynd 2.3 má sjá heildarkennslustundafjölda þessara nemenda á sama tímabili samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Mynd 2.3. Heildarkennslustundafjöldi 1995 - 1998 hjá 7, 10 og 13 ára nemendum



III. Mat.

Samræmd próf.

Samkvæmt 46. gr. grunnskólalaga og reglugerð nr. 516/1996, um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum, skulu allir nemendur þreyta samræmd próf í ákveðnum námsgreinum við lok grunnskóla. Nemendur sem eru veikir á prófdegi skulu gangast undir sjúkrapróf. Fyrrnefnd reglugerð tók gildi 1. janúar 1997 og hafa samræmd lokapróf í 10. bekk farið fram tvívegis samkvæmt henni.

Menntamálaráðuneytið hefur gert samning við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála um framkvæmd samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk. Samningurinn gildir frá árinu 1997 til og með 2001.

Samkvæmt reglugerðinni er hægt að veita undanþágu frá próftöku í sérstökum tilvikum. Nemendur með annað móðurmál en íslensku þurfa ekki að þreyta samræmt próf í íslensku og heimilt er að veita nemendum, af sérstökum ástæðum, undanþágu frá kennslu í tiltekinni námsgrein. Þá þurfa nemendur, sem víkja svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf, ekki að þreyta prófin, sbr. reglugerð þar um. Hér er aðallega um að ræða nemendur með einstaklingsnámskrá og nemendur í sérskólum og sérdeildum. Einnig er nemendum í sérstökum tilvikum veitt heimild til að taka próf með fráviki frá prófreglum. Flest frávik eru veitt vegna leshömlunar og er nemendum þá boðið upp á snældu með upplestri á prófunum sem þeir geta stjórnað sjálfir.

Grunnskólalögin og reglugerð um samræmd próf kveða einnig á um samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og hafa þau verið haldin þrisvar sinnum, fyrst haustið 1996. Fyrir utan þá nemendur sem víkja svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf er heimilt að veita nemendum með annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í íslensku í 4. og 7. bekk.

Á töflum 3.1–3.3 má sjá meðaltal einkunna í samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla 1996, 1997 og 1998 eftir greinum.

3.1. Meðaltal einkunna* í samræmdum prófum í 4. bekk 1996, 1997 og 1998 skipt eftir kyni.

	Stærðfræði	Íslenska
1996		
Drengir	4,9	4,7
Stúlkur	5,1	5,3
1997		
Drengir	5,1	4,8
Stúlkur	4,9	5,2
1998		
Drengir	5	4,6
Stúlkur	5	5,4

*Einkunnirnar eru normaldreifðar á kvarðanum 1–9 þar sem lægsta mögulega einkunn er 1 og hæsta mögulega einkunn er 9. Einkunnirnar eru því sambærilegar milli ára og námsgreina.
Heimild RUM, 1999.

3.2. Meðaltal einkunna* í samræmdum prófum í 7. bekk 1996, 1997 og 1998 skipt eftir kyni.

	Stærðfræði	Íslenska
1996		
Drengir	4,9	4,5
Stúlkur	5	5,5
1997		
Drengir	4,9	4,7
Stúlkur	5,1	5,3
1998		
Drengir	4,9	4,7
Stúlkur	5,1	5,3

*Einkunnirnar eru normaldreifðar á kvarðanum 1–9 þar sem lægsta mögulega einkunn er 1 og hæsta mögulega einkunn er 9. Einkunnirnar eru því sambærilegar milli ára og námsgreina.
Heimild RUM, 1999.

3.3. Meðaltal einkunna* í samræmdum prófum í 10. bekk 1996, 1997 og 1998 skipt eftir kyni.

	Stærðfræði	Íslenska	Danska	Enska
1996				
Drengir	4,8	4,5	4,5	5,0
Stúlkur	5,2	5,6	5,5	5,0
1997				
Drengir	4,9	4,5	4,5	4,9
Stúlkur	5,1	5,5	5,5	5,1
1998				
Drengir	4,8	4,5	4,5	4,9
Stúlkur	5,2	5,6	5,6	5,1

*Einkunnirnar eru normaldreifðar á kvarðanum 1–9 þar sem lægsta mögulega einkunn er 1 og hæsta mögulega einkunn er 9. Einkunnirnar eru því sambærilegar milli ára og námsgreina.
Heimild RUM, 1999.

Á töflum 3.4, 3.5 og 3.6 má sjá meðaltal einkunna í 10. bekk 1996, 1997 og 1998 skipt eftir kyni og landshlutum.

3.4. Meðaltal einkunna* í samræmdum prófum í 10. bekk 1996 eftir kyni og landshlutum.

	Stærðfræði		Íslenska		Danska		Enska	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
Reykjavík	5,1	5,6	4,8	5,9	4,9	5,9	5,4	5,5
Reykjanes	5,0	5,4	4,8	5,7	4,7	5,5	5,3	5,1
Suðurnes	4,1	4,7	3,7	4,7	4,7	5,4	4,4	4,6
Vesturland	4,5	5,0	4,1	5,4	4,1	5,4	4,5	4,8
Vestfirðir	4,0	4,3	3,4	4,6	3,7	4,6	4,1	4,4
Norðurland vestra	5,0	4,4	4,4	4,7	4,5	4,8	4,5	4,4
Norðurland eystra	4,6	4,7	4,4	5,5	4,1	5,1	4,6	4,8
Austfirðir	4,4	5,2	4,6	6,1	4,7	5,9	4,7	5,1
Suðurland	4,6	5,1	4,0	5,3	3,9	5,1	4,4	4,5
Landið allt	4,8	5,2	4,5	5,6	4,5	5,5	5,0	5,0

*Einkunnirnar eru normaldreifðar á kvarðanum 1–9 þar sem lægsta mögulega einkunn er 1 og hæsta mögulega einkunn er 9. Einkunnirnar eru því sambærilegar milli ára og námsgreina.
Heimild RUM, 1999.

3.5. Meðaltal einkunna* í samræmdum prófum í 10. bekk 1997 eftir kyni og landshlutum.

	Stærðfræði		Íslenska		Danska		Enska	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
Reykjavík	5,3	5,3	4,9	5,7	4,9	5,8	5,4	5,5
Nágrenni Reykjavíkur	5,2	5,4	4,9	5,8	4,7	5,7	5,2	5,3
Suðurnes	4,3	4,4	3,8	4,7	4,3	5,1	4,6	4,6
Vesturland	4,5	5,2	4,1	5,4	3,7	5,2	4,2	4,7
Vestfirðir	4,4	4,3	3,9	4,7	3,8	4,9	4,0	4,8
Norðurland vestra	5,1	5,4	4,3	5,8	3,9	5,6	4,3	5,2
Norðurland eystra	4,3	5,0	3,8	5,3	3,8	5,1	4,3	4,9
Austurland	4,9	4,7	4,3	5,2	4,6	5,6	4,5	4,9
Suðurland	4,8	4,8	4,4	5,3	4,3	5,1	4,4	4,6
Landið allt	4,9	5,1	4,5	5,5	4,5	5,5	4,9	5,1

*Einkunnirnar eru normaldreifðar á kvarðanum 1–9 þar sem lægsta mögulega einkunn er 1 og hæsta mögulega einkunn er 9. Einkunnirnar eru því sambærilegar milli ára og námsgreina.
Heimild RUM, 1999.


3.6.Meðaltal einkunna* í samræmdum prófum í 10. bekk 1998 eftir kyni og landshlutum.

	Stærðfræði		Íslenska		Danska		Enska	
Landshluti	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
Reykjavík	5,3	5,5	4,9	5,9	4,8	5,8	5,5	5,4
Nágrenni Reykjavíkur	4,9	5,4	4,7	5,9	4,6	5,8	5,2	5,3
Suðurnes	4,3	4,6	4,0	5,0	4,3	5,4	4,6	5,0
Vesturland	4,5	5,1	4,2	5,4	4,2	5,4	4,3	4,9
Vestfirðir	4,0	5,0	3,6	5,4	3,9	5,5	4,0	5,1
Norðurland vestra	4,2	5,1	3,7	5,1	4,0	5,1	4,1	4,4
Norðurland eystra	4,6	5,0	3,9	5,1	4,1	5,0	4,3	4,5
Austurland	4,4	4,9	4,2	5,3	4,4	5,5	4,4	4,9
Suðurland	4,5	4,8	4,4	5,1	4,6	5,2	4,6	4,7
Landið allt	4,8	5,2	4,5	5,6	4,5	5,6	4,9	5,1

*Einkunnirnar eru normaldreifðar á kvarðanum 1–9 þar sem lægsta mögulega einkunn er 1 og hæsta mögulega einkunn er 9. Einkunnirnar eru því sambærilegar milli ára og námsgreina.
Heimild RUM, 1999.

Á mynd 3.1 er borið saman meðaltal einkunna drengja og stúlkna í 10. bekk á sama tímabili.

Mynd 3.1. Meðaltal einkunna í samræmdum prófum í 10. bekk 1996 - 1998 eftir kyni og greinum



Einkunnirnar eru normaldreifðar

Heimild: RUM 1999.

Í töflum 3.7, 3.8 og 3.9 og á mynd 3.2 kemur fram fjöldi og hlutfall nemenda sem ekki þreyttu samræmd próf eða voru með heimild til fráviks á samræmdum prófum vorin 1997 og 1998 eftir námsgreinum. Sjúkraprófin eru ekki innifalin í töflunum en á síðastliðnum tveimur árum hafa rúmlega 20 nemendur verið veikir á prófdegi og um ¾ þeirra hafa þreytt sjúkrapróf.

Í dálkinum *Fara ekki í próf* eru nemendur sem vegna fötlunar eða annarra gildra ástæðna gátu ekki þreytt prófin og nemendur sem höfðu undanþágu frá menntamálaráðuneytinu frá námi í einstökum námsgreinum. Þar eru einnig taldir þeir sem höfðu lokið prófi áður eða hætt námi á skólaárinu. Upplýsingar um fjölda nemenda sem voru veikir eða mættu ekki í prófin hefur Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála unnið úr mætingarlistum sem fylgdu prófúrlausnum til stofnunarinnar. Tafla 3.9 um *Frávik* sýnir fjölda og hlutfall nemenda sem þreyttu prófin með fráviki frá prófreglum.

3.7. Brottfall í samræmdum prófum í 10. bekk vorið 1997.

		Fara ekki í próf		Veikindi		Mættu ekki		Brottfall	
	Heildarfjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Íslenska	4.335	118	2,5	23	0,5	18	0,4	159	3,6
Stærðfræði	4.335	109	2,5	22	0,5	16	0,4	147	3,4
Enska	4.335	131	3,0	16	0,4	16	0,4	163	3,8
Danska	4.335	179	4,1	24	0,6	18	0,4	221	5,1

Heimildir: RUM, 1999.

3.8. Brottfall í samræmdum prófum í 10. bekk vorið 1998.

		Fara ekki í próf		Veikindi		Mættu ekki		Brottfall	
	Heildarfjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Íslenska	4.289	115	2,7	21	0,5	12	0,3	148	3,5
Stærðfræði	4.289	104	2,4	24	0,6	13	0,3	141	3,3
Enska	4.289	111	2,5	16	0,4	16	0,4	143	3,3
Danska	4.289	151	3,5	17	0,4	18	0,4	186	4,3


Heimildir: RUM, 1999.

3.9. Frávik í samræmdum prófum 1997 og 1998.

	Frávik 1997			Frávik 1998		
	Heildarfjöldi	Fjöldi	%	Heildarfjöldi	Fjöldi	%
Íslenska	4.335	111	2,6	4.289	244	5,7
Stærðfræði	4.335	103	2,4	4.289	244	5,7
Enska	4.335	108	2,5	4.289	247	5,8
Danska	4.335	106	2,4	4.289	224	5,2

Heimildir: RUM 1999.

Mynd 3.2. Hlutfallslegt brottfall í samræmdum prófum í 10. bekk 1997 og 1998



Heimildir: RUM,

TIMSS-rannsókn.

Frá árinu 1989 hefur verið unnið að viðamikilli fjölþjóðlegri rannsókn á námshögum, námsskilyrðum og árangri nemenda í stærðfræði og náttúrufræði í grunn- og framhaldsskólum (TIMSS – Third International Mathematics and Science Study). Rannsóknin er gerð á vegum IEA (International Association of Educational Achievement).

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sá um framkvæmd TIMSS hér á landi vorið 1995, en vinnuhópur var starfræktur í tengslum við gerð könnunarinnar. TIMSS-könnunin

á Íslandi náði til 12.000 nemenda í 3., 4., 7. og 8. bekk grunnskóla og nemenda á síðasta ári mismunandi námsbrauta í framhaldsskóla. Einnig tóku 600 kennarar og 200 skólameistarar og skólastjórar þátt í könnuninni.

Rannsóknin skiptist í eftirfarandi meginhluta: Fyrirlögn kunnáttuprófa í stærðfræði og náttúrufræði í grunn- og framhaldsskólum, fyrirlögn spurningalista fyrir nemendur, kennara og skólastjóra grunnskóla annars vegar og framhaldsskóla hins vegar og innihaldsgreiningu námsefnis og námskráa í stærðfræði og náttúrufræði handa grunn- og framhaldsskólum. Menntamálaráðuneytið og Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála fjármögnuðu rannsóknina hérlendis.

Niðurstöður TIMSS sem birst hafa eru fyrst og fremst lýsandi. Hægt er að sjá hvernig Íslendingar standast fjölþjóðlegan samanburð á námsárangri í stærðfræði og náttúrufræði, auk margvíslegra þátta sem tengjast námsárangri. Í töflum 3.10 og 3.11 má sjá árangur Íslands í TIMSS-rannsókninni sem gerð var hér á landi árið 1995 í 4. og 8. bekk í stærðfræði og náttúrufræði samanborinn við önnur þátttökulönd. Nú er unnið að frekari úrvinnslu gagna úr TIMSS-rannsókninni á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála og má vænta frekari niðurstaðna í árslok 1999.

3.10. Niðurstaða landa í TIMSS-rannsókn 1995 – náttúrufræði.

4. bekkur		8. bekkur	
Land*	**Meðaltal**	**Land**	**Meðaltal**
Kórea	597	**Singapúr**	607
Japan	574	**Tékkland**	574
Bandaríkin	565	**Japan**	571
Austurríki	565	**Kórea**	565
Ástralía	562	*Holland*	560
Holland	557	*Slóvenía*	560
Tékkland	557	*Austurríki*	558
England	551	**Ungverjaland**	554
Kanada	549	**England**	552
Singapúr	547	*Ástralía*	545
Slóvenía	546	**Írland**	538
Írland	539	**Bandaríkin**	534
Skotland	536	**Kanada**	531
Hong Kong	533	**Noregur**	527
Ungverjaland	532	**Nýja Sjáland**	532
Nýja Sjáland	531	*Taíland*	531
Noregur	530	*Ísrael*	530
Lettland (LSS)	512	**Hong Kong**	512
Ísrael	505	*Skotland*	517
ÍSLAND	505	*Grikkland*	497
Grikkland	497	**ÍSLAND**	494
Portúgal	480	*Lettland (LSS)*	485
Kýpur	475	**Portúgal**	480
Taíland	473	**Íran**	470
Íran	416	**Kýpur**	463
Kúveit	401	*Kúveit*	430
Alþjóðlegt meðaltal 524		Alþjóðlegt meðaltal 527	

Ekki er um að ræða marktækan mun frá meðaltali hjá þeim löndum sem eru innan brotalínanna.

* Þau lönd sem eru skáletruð uppfylltu ekki aðferðafræðilegar kröfur TIMSS-rannsóknarinnar.

Heimild: RUM, 1999.

3.11. Niðurstaða landa í TIMSS-rannsókn 1995 – stærðfræði.

4. bekkur		8. bekkur	
Land*	**Meðaltal**	**Land**	**Meðaltal**
Singapúr	625	**Singapúr**	643
Kórea	611	**Kórea**	607
Japan	597	**Japan**	605
Hong Kong	587	**Hong Kong**	588
Holland	577	**Tékkland**	564
Tékkland	567	*Holland*	541
Austurríki	559	*Slóvenía*	541
Slóvenía	552	**Austurríki**	539
Írland	550	**Ungverjaland**	537
Ungverjaland	548	*Ástralía*	530
Ástralía	546	**Írland**	527
Bandaríkin	545	**Kanada**	527
Kanada	532	*Taíland*	522
Ísrael	531	*Ísrael*	522
Lettland (LSS)	525	**Nýja Sjáland**	508
Skotland	520	**England**	506
England	513	**Noregur**	503
Kýpur	502	**Bandaríkin**	500
Noregur	502	*Skotland*	498
Nýja Sjáland	499	**Lettland (LSS)**	493
Grikkland	492	**ÍSLAND**	487
Taíland	490	*Grikkland*	484
Portúgal	475	**Kýpur**	474
ÍSLAND	474	**Portúgal**	454
Íran	429	**Íran**	428
Kúveit	400	*Kúveit*	392
Alþjóðlegt meðaltal 529		Alþjóðlegt meðaltal 520	

Ekki er um að ræða marktækan mun frá meðaltali hjá þeim löndum sem eru innan brotalínanna.

* Þau lönd sem eru skáletruð uppfylltu ekki aðferðafræðilegar kröfur TIMSS-rannsóknarinnar.

Heimild: RUM, 1999.

Þegar niðurstöður TIMSS-rannsóknarinnar um frammistöðu nemenda í stærðfræði og náttúrufræði voru birtar urðu allnokkrar umræður á opinberum vettvangi um ástæður útkomu Íslands í könnuninni. Í júní 1997 sendi menntamálaráðuneytið frá sér fréttatilkynningu vegna málsins þar sem gert var grein fyrir viðbrögðum ráðuneytisins við niðurstöðu TIMSS-könnunar í 3. og 4. bekk grunnskólans. Þar kemur m.a. fram að í nýjum námskrám verði lögð mikil áhersla á skýr og mælanleg námsmarkmið og að ákveðið hafi verið að auka kennslu í stærðfræði og raungreinum í grunnskólum. Einnig kemur fram að árið 1997 hafi kennaramenntunarstofnunum verið veittur styrkur til að bjóða stærðfræðikennurum endurmenntun á sínu sviði. Enn fremur hafi helmingur af ráðstöfunarfé Þróunarsjóðs grunnskóla runnið til verkefna á sviði náttúrufræði og stærðfræði árið 1997.

Sjálfsmat.


Í 49. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, er kveðið á um að grunnskólar skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Jafnframt er ákvæði þess efnis að á fimm ára fresti skuli að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Ákvæði um úttekt á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla kemur til framkvæmda skólaárið 2001–02. Mennta-

málaráðuneytið hefur gefið út leiðbeiningarbækling um sjálfsmat sem ætlaður er leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Ráðuneytið kannaði vorið 1998 hvernig grunnskólar hafa staðið að framkvæmd fyrrnefnds ákvæðis grunnskólalaga. Skólaárið 1997–98 voru 198 grunnskólar starfandi í landinu og bárust svör frá 62% skóla, sem gerir það að verkum að niðurstöður eru ekki marktækar. Niðurstöðurnar eru því birtar með þeim fyrirvara að hér sé fyrst og fremst um vísbendingar að ræða.

Eins og sjá má á mynd 3.3 hafa 77% þeirra skóla sem svöruðu könnuninni unnið að sjálfsmati síðastliðið skólaár, en í 23% tilvika hefur ekkert verið unnið við það. Spurt var af hvaða ástæðum vinna við kerfisbundið sjálfsmat væri ekki hafin. Algengasta tilgreind ástæða þess að sjálfsmat væri ekki hafið var þekkingarskortur, en einnig voru nefndar ástæður eins og tímaskortur, tíð mannaskipti bæði meðal stjórnenda og kennara, óvissa um greiðslu fyrir vinnu við sjálfsmat og að önnur verkefni hefðu haft forgang. Enn fremur var spurt hvenær áætlað væri að vinna við sjálfsmat hæfist. Fáir þeirra sem ekki höfðu unnið að sjálfsmati gátu tilgreint nákvæmlega hvenær það hæfist. Nokkrir ráðgerðu þó að hefja þá vinnu haustið 1998 eða haustið 1999.

Mynd 3.3. Staða vinnu við sjálfsmat í grunnskólum 1998



Heimildir: Könnun menntamálaráðuneytisins, 1998.

Þeir skólar sem höfðu unnið að sjálfsmati voru mislangt á veg komnir, eins og sjá má á mynd 3.3. Tæplega 50% skóla sögðust hafa hafið undirbúning kerfisbundins sjálfsmats og í rúmlega 35% skóla var gagnaöflun vegna sjálfsmats hafin. Í tæplega 30% skóla hafði farið fram kerfisbundið mat á ákveðnum þáttum skólastarfsins. Aðeins 8% skóla höfðu unnið sjálfsmatsskýrslu og tæplega 14% skóla höfðu unnið umbótaáætlun í kjölfar sjálfsmatsins. Í tæplega 15% skóla var verið að vinna að sjálfsmatsskýrslu þegar könnunin var gerð og 22% skóla ráðgerðu að vinna umbótaskýrslu í kjölfar sjálfsmats.

IV. Kennarar.

Fjöldi og stöðugildi.

Í töflu 4.1 má sjá fjölda kennara og stöðugildi réttindakennara og leiðbeinenda í grunnskólum á tímabilinu 1995–98. Ekki tókst að afla fullnægjandi upplýsinga um réttindakennara og leiðbeinendur fyrir skólaárið 1996–97 og er því gerður fyrirvari um áreiðanleika upplýsinga fyrir það skólaár. Hins vegar er ljóst að réttindakennurum og leiðbeinendum hefur fjölgað verulega frá árinu 1995, eða um 328 einstaklinga, og stöðugildum hefur einnig fjölgað verulega, eða um 377 stöðugildi frá árinu 1995, þótt nemendum hafi ekki fjölgað á tímabilinu. Hlutfall karla og kvenna helst nánast óbreytt á tímabilinu, um 73% kennara eru konur og 27% karlar.

4.1. Fjöldi kennara og stöðugildi 1995–98.

	Skólaár		
	1995–96	**1996–97***	**1997–98**
Fjöldi alls	**3.549**	**3.319**	**3.877**
Réttindakennarar	3.040	2.939	3.265
Leiðbeinendur	509	380	612
Hlutfall réttindakennara	86%	89%	84%
Hlutfall leiðbeinenda	14%	11%	16%
Stöðugildi alls	**2.959**	**2.960**	**3.336**
Réttindakennarar	2.635	2.664	2.892
Leiðbeinendur	324	296	444
Hlutfall stöðugilda réttindakennara	89%	90%	87%
Hlutfall stöðugilda leiðbeinenda	11%	10%	13%
Hlutfall kynja			
Hlutfall kvenna	73%	74%	73%
Hlutfall karla	27%	26%	27%

* Settur er fyrirvari við tölur fyrir skólaárið 1996–97 þar sem ekki tókst að afla upplýsinga frá 42 skólum, en tekið skal fram að mestmegnis var um að ræða fámenna skóla.

Heimildir: Tölur fyrir 1997–98 eru frá Hagstofu Íslands. Eldri tölur eru frá menntamálaráðuneytinu.

Eins og kemur fram í töflu 4.1 eru um 13% stöðugilda mönnuð leiðbeinendum. Nú er að störfum nefnd sem menntamálaráðherra hefur skipað til að fjalla um og gera áætlun um þörf fyrir kennara hér á landi til ársins 2010.

Meðalstarfsaldur.

Í töflu 4.2 um meðalaldursdreifingu kennara eftir kjördæmum má sjá að meðalstarfsaldur kennara er um 17,7 ár.

Tafla 4.2. Meðalstarfsaldur kennara eftir kjördæmum í ágúst 1996.


Kjördæmi	Meðalstarfsaldur/ár	Kjördæmi	Meðalstarfsaldur/ár
Reykjavík	17,94	Norðurland vestra	17,62
Reykjanes	17,26	Norðurland eystra	18,13
Vesturland	18,22	Austurland	17,81
Vestfirðir	17,25	Suðurland	17,47

Heimildir: Svar við fyrirspurn á 122. löggjafarþingi, 259. mál.

Aldursdreifing.

Á mynd 4.1 er grunnskólakennurum skipt í fimm aldurshópa árin 1995 og 1997. Mestur fjöldi kennara bæði árin er á aldrinum 35–44 ára. Töluverð fjölgun hefur orðið í yngsta aldurshópnum milli ára. Afar fáir kennarar eru í aldurshópnum 65 ára og eldri.

Mynd 4.1. Hlutfallsleg aldursdreifing grunnskólakennara 1995 og 1997




Heimild: Hagstofa Íslands.

Brautskráningar.

Á mynd 4.2 kemur fram fjöldi brautskráðra kennara frá Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Taldir eru með allir þeir sem útskrifast úr kennaranámi, bæði úr B.Ed.-námi og uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda. Fjölgun brautskráðra árið 1996 má skýra með að þá voru í fyrsta skipti útskrifaðir nemendur í fjarkennslunámi frá Kennaraháskóla Íslands. Háskólinn á Akureyri útskrifar eingöngu nemendur úr uppeldis- og kennslufræði árið 1996.

Mynd 4.2. Brautskráðir kennarar 1995 - 1998



Heimildir: Kennaraháskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands.

Endurmenntun.

Endurmenntun grunnskólakennara er að mestu í höndum Kennaraháskóla Íslands. Í sumum tilvikum eru námskeið skipulögð í samvinnu við aðra aðila, svo sem fagfélög og sveitarfélög. Ár hvert sækir fjöldi kennara endurmenntunarnámskeið. Árið 1995 sóttu 1.270 kennarar námskeið á vegum Kennaraháskólans, árið 1996 sóttu 1.258 kennarar námskeiðin og árið 1997 voru það 1.544 kennarar sem sóttu endurmenntunarnámskeið á vegum Kennaraháskólans.

V. Útgjöld til grunnskóla.

Þegar fjallað er um útgjöld til grunnskóla fyrir tímabilið 1995–98 ber að hafa í huga að 1. ágúst 1996 komu grunnskólalögin að fullu til framkvæmda þannig að frá þeim tíma hafa sveitarfélögin fjármagnað starfsemi grunnskólanna. Ríkið ber áfram kostnað af námsgögnum, samræmdum prófum og kennaramenntun. Samhliða flutningi grunnskólans til sveitarfélaga var gert samkomulag um framlag ríkisins til einsetningar grunnskóla. Í samkomulaginu skuldbindur ríkið sig til að greiða allt að 265 m.kr. árlega árin 1997–2001 til að koma til móts við byggingu skólahúsnæðis hjá sveitarfélögum með yfir 2.000 íbúa.

Eins og sjá má í töflu 5.1 hafa framlög hins opinbera hækkað nokkuð frá árinu 1995 og eru nú 2,83% af vergri landsframleiðslu. Hækkunin nemur 0,4% á tímabilinu. Kostnaður á hvern nemenda var árið 1997 um 350 þús. kr. og hafði hækkað um 96 þús. kr. frá 1995. Framlag ríkissjóðs hefur af eðlilegum ástæðum lækkað nokkuð og var árið 1997 0,38% af vergri landsframleiðslu, en framlag sveitarfélaga var árið 1997 2,4% af vergri landsframleiðslu, miðað við 1,17% árið 1995. Í töflu 5.1 eru útgjöld heimila vegna grunnskóla talin nema um 0,10% af vergri landsframleiðslu. Rétt er að vekja athygli á því að tölur um útgjöld heimila eru gróf áætlun. Þær upplýsingar sem taflan byggist á eru fengnar hjá Þjóðhagsstofnun. Hér er valin sú leið að telja framlag ríkissjóðs til sveitarfélaga, þ.m.t. þá upphæð sem samið var um vegna einsetningarinnar, sem útgjöld ríkissjóðs en ekki sem útgjöld sveitarfélaga.

5.1. Útgjöld til grunnskóla 1995–98.

	1995	1996	1997
Útgjöld hins opinbera í millj. kr.	10.979	13.159	14.977
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	2,43%	2,71%	2,83%
Kostnaður hins opinbera á nemanda í þús. kr.	258	313	354
Útgjöld ríkissjóðs í millj. kr.*	5.691	6.904	2.039
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,26%	1,4%	0,38%
Kostnaður ríkissjóðs á nemanda í þús. kr.	134	164	48
Útgjöld sveitarfélaga í millj. kr.	5.288	6.255	12.938
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,17%	1,28%	2,4%
Kostnaður sveitarfélaga á nemanda í þús. kr.	124	149	306
Útgjöld heimila í millj. kr.**	495	584	530
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,11%	0,12%	0,10%
Kostnaður heimila á nemanda í þús. kr.	12	14	13
Verg landsframleiðsla	451.547	485.884	529.179

* 1996: Tilfærsla frá ríki til sveitarfélaga vegna grunnskóla var 2.772 m.kr. og er sú upphæð færð sem útgjöld ríkissjóðs. 1997: Tilfærsla frá ríki til sveitarfélaga vegna grunnskóla var 1.261 m.kr. og er sú upphæð færð sem útgjöld ríkissjóðs.

** Hér er um grófa nálgun að ræða.

Heimild: Búskapur hins opinbera 1995–96, Þjóðhagsstofnun, nóv. 1997 og Þjóðhagsstofnun 1999, óbirtar upplýsingar.

VI. Aðstaða.

Í reglugerð nr. 384/1996, um upplýsingaskyldu sveitarfélaga um skólahald í grunnskólum, er sérstakt ákvæði þess efnis að menntamálaráðuneytið skuli afla upplýsinga um húsnæði grunnskóla innan eins árs frá gildistöku reglugerðarinnar. Þessi upplýsingaöflun fór fram vorið 1997 og bárust svör frá 195 skólum eða 99% skóla.

Í reglugerð nr. 519/1996, um lágmarksaðstöðu grunnskóla, er tilgreint að húsnæði til stjórnunar, félagsstarfs og kennslu í öðrum greinum en íþróttum skuli að jafnaði vera um 8 fermetrar nettó eða 10 fermetrar brúttó á hvern nemenda í tveggja hliðstæðna eða stærri skólum. Í fyrrnefndri upplýsingaöflun var m.a. spurt um brúttóstærð skólahúsnæðis. Með því að tengja saman fjölda nemenda hvers skóla að hausti 1996 og stærð skólahúsnæðis fékkst út meðaltal fermetrafjölda á hvern nemanda. Í ljós kom að í 32 einsetnum skólum (af 144) voru minna en 10 fermetrar á hvern nemanda. Í tvísetnum skólum voru sex skólar með minna en 10 fermetra á hvern nemanda. Í reglugerð um lágmarksaðstöðu er kveðið á um að í fámennum skólum skuli gera ráð fyrir hlutfallslega stærra húsnæði á nemanda til að rúma þá starfsaðstöðu sem kveðið er á um í reglugerðinni. Samkvæmt svörum skóla um skólahúsnæði vorið 1997 er þessu ákvæði reglugerðarinnar nokkuð vel fullnægt.

Samtals voru 2.646 kennslustofur í þeim skólum sem svöruðu. Fjöldi kennslustofa í skólunum er allt frá einni upp í 41.

Í reglugerð um lágmarksaðstöðu grunnskóla er kveðið á um hvað telst til nauðsynlegrar aðstöðu í grunnskólum og var spurt um þá aðstöðu sem reglugerðin tilgreinir, svo sem aðstöðu til tónmennta-, raungreina-, tungumála-, heimilisfræði- og tölvukennslu. Í ljós kom að í sumum tilvikum skortir nokkuð á að í skólum sé fullnægjandi aðstaða miðað við ákvæði reglugerðarinnar. Einungis var spurt um hvort aðstaðan væri fyrir hendi, ekki um gæði henn-

ar. Í eftirfarandi töflu má sjá hlutfall skóla með sérgreinastofur. Aðstaða til tölvukennslu er í 64% skóla en rúmlega 91,7% skóla segjast hafa tölvur til afnota fyrir nemendur.

6.1. Hlutfall skóla* með sérgreinastofur og aðstöðu fyrir tölvukennslu 1997.

	%
Tónmenntastofa	42,5
Raungreinastofa	48,2
Tungumálastofa	6,6
Heimilisfræðistofa	72,8
Aðstaða til tölvukennslu	64,1
Tölvur til afnota fyrir nemendur	91,7


*Sérskólar eru ekki taldir með.

Heimildir: Könnun menntamálaráðuneytisins 1997.

Tölvur.

Í upplýsingaöflun menntamálaráðuneytisins vorið 1997 sem minnst var á hér að framan var spurt um fjölda tölva í skólum. Niðurstaða þeirrar athugunar sýndi að á landinu öllu voru að meðaltali um 20 nemendur um hverja tölvu. Ástandið var misjafnt eftir kjördæmum eins og sjá má á mynd 6.1. Flestir voru þá um hverja tölvu í Reykjaneskjördæmi eða 35 nemendur, en fæstir nemendur voru um hverja tölvu á Vestfjörðum eða 12 nemendur. Ekki hefur verið aflað sambærilegra upplýsinga um fjölda tölva í grunnskólum síðan vorið 1997, en telja má næsta víst að ástandið hafi batnað nokkuð síðan umrædd könnun var gerð.

Mynd 6.1. Meðalfjöldi nemenda á hverja tölvu í grunnskólum eftir kjördæmum vorið 1997



Heimildir: Könnun menntamálaráðuneytisins 1997.

VII. Úrskurðir í málum sem snerta skólahald og framkvæmd grunnskólalaga.

Í kjölfar grunnskólalaganna frá 1995 voru settar nýjar reglugerðir um ýmis ákvæði laganna til að skýra málsmeðferð og framkvæmd þeirra. Jafnframt voru ýmsar eldri reglugerðir felldar úr gildi. Eðlilegt er að við svo umfangsmiklar breytingar sem lögin fólu í sér komi upp álitamál og ágreiningsefni. Menntamálaráðuneytinu hafa borist fjölmargar kærur, fyrirspurnir og beiðnir um úrskurði í vafamálum sem snerta skólahald og framkvæmd grunnskólalaganna. Í mars 1997 gaf ráðuneytið út rit með safni úrskurða í álitamálum. Vegna þeirra fjölda mála sem hafa bæst við síðan var ritið endurútgefið haustið 1998. Markmiðið með útgáfu slíks rits er að kynna úrskurði og afstöðu ráðuneytisins í álitamálum fyrir sveitarstjórnum, skólanefndum, skólaskrifstofum, foreldrum, kennurum, nemendum og öðrum sem skólahald varðar. Hægt er að kynna sér efni þessa rits á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, www.mrn.stjr.is.

Ritinu er skipt upp í 19 efnisflokka. Efnisflokkar og fjöldi mála eru eftirfarandi:

Agi og brottrekstur úr skóla	7	Skólanefnd	4
Foreldraráð	9	Skólasel	1
Lok skyldunáms	6	Skólasókn	7
Nám og kennsla	5	Starfsfólk grunnskóla	6
Rannsóknir og kannanir	1	Starfstími grunnskóla	6
Samræmd próf	6	Þátttaka foreldra í kostnaði	4
Samvinna heimila og skóla	2	Undanþága frá skyldunámi	6
Sérkennsla og sérfræðiþjónusta	8	Önnur mál	1
Skólaakstur	1	Öryggismál	3
Skólahúsnæði	1		

VIII. Annað.

Þróunarsjóður grunnskóla.

Þróunarsjóður grunnskóla var stofnaður 1989. Sérstakar reglur gilda um úthlutun úr sjóðnum og sér ráðgjafarnefnd um að meta umsóknir og gera tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar. Frá upphafi starfrækslu Þróunarsjóðs grunnskóla hafa um 230 þróunarverkefni hlotið styrki og þannig hefur verið stuðlað að margháttuðu þróunarstarfi í grunnskólum á undanförnum árum. Menntamálaráðuneytið hefur árlega gefið út yfirlitsrit með lýsingum á einstökum þróunarverkefnum. Rit þessi eru aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins, www.mrn.stjr.is.

8.1. Heildarstyrkveitingar í þús. kr. og fjöldi styrktra verkefna úr Þróunarsjóði grunnskóla 1989–97.

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Heildarstyrkveiting	4.194	9.038	9.640	8.014	8.600	8.217	8.000	8.300	9.000
Fjöldi styrktra verkefna	16	26	24	20	24	28	20	24	16

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Til móts við nýja tíma – menntaþing.

Þann 5. október 1996 stóð menntamálaráðuneytið fyrir menntaþingi undir yfirskriftinni „Til móts við nýja tíma“. Þingið var haldið í Háskólabíói og Þjóðarbókhlöðu. Tilgangur þingsins var að leiða saman áhugasama aðila um menntun og skólastarf og jafnframt að vera vettvangur þar sem nýjungar væru kynntar. Á þinginu voru flutt fjölmörg erindi, málstofur

voru starfræktar og loks var sýningarsvæði þar sem skólum og þjónustustofnunum gafst tækifæri til að kynna ýmsar nýjungar og þróunarverkefni í skólastarfi. Meðal þeirra málefna sem rædd voru á þinginu má nefna gæði og árangur skólastarfs, símenntun, menntun í alþjóðlegu upplýsingasamfélagi, menntun og jafnrétti og forvarnir í skólakerfinu. Þingið var öllum opið og var aðsókn mjög góð. Þar komu saman nemendur, skólafólk, fulltrúar sveitarfélaga og fleiri til að ræða og kynnast fjölmörgum þáttum sem snerta skólastarf í landinu.

Málþing um jafnréttismál.

Í nóvember 1997 stóð menntamálaráðuneytið í samvinnu við karlanefnd Jafnréttisráðs fyrir málþingi um stöðu stráka í íslenskum skólum undir yfirskriftinni „Strákar í skóla". Þar fjölluðu íslenskir og erlendir sérfræðingar um ákveðna þætti málsins og kynntu rannsóknir, auk þess sem kennarar, foreldrar og nemendur sögðu frá reynslu sinni. Erindin sem flutt voru á málþinginu voru birt í riti sem m.a. er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, www.mrn.stjr.is.

Samstarf heimila og skóla.

Grunnskólalögin frá 1995 kveða á um að þriggja manna foreldraráð skuli starfa við hvern grunnskóla og jafnframt er heimild til stofnunar foreldrafélags. Áður höfðu lög einungis kveðið á um foreldra- og kennarafélag við hvern skóla. Foreldraráði er ætlað að fylgjast með uppbyggingu og framkvæmd skólanámskrár og öðrum áætlunum um skólahald og á að veita umsögn um áætlanir um skólahald. Með þessu nýja ákvæði um foreldraráð hefur verið skapaður formlegur vettvangur til að koma sjónarmiðum foreldra um innihald og áherslur í starfi skólans og skipulagi skólahalds á framfæri við stjórn skólans.

Í könnun menntamálaráðuneytisins í árslok 1996 á fjölda foreldraráða og starfsemi þeirra kom í ljós að stofnuð höfðu verið foreldraráð við 152 grunnskóla eða við 71% skóla. Í dag, tveimur og hálfu ári eftir að grunnskólalögin komu að fullu til framkvæmda, eru foreldraráð starfandi við 178 grunnskóla.

Foreldrafélög eru starfandi við langflesta grunnskóla. Haustið 1997 hélt menntamálaráðuneytið sérstaka ráðstefnu í samvinnu við ýmsa aðila um samstarf heimila og skóla undir heitinu „Frá orðum til athafna". Á heimasíðu ráðuneytisins, www.mrn.stjr.is, er að finna samantekt frá ráðstefnunni.

IX. Reglugerðir.

Grunnskólalögin kveða á um setningu allmargra reglugerða og hefur menntamálaráðuneytið gefið þær allar út að einni undanskilinni, þ.e. reglugerð um framkvæmd 33. gr. laganna um námsgögn. Eftirfarandi reglugerðir hafa verið gefnar út í kjölfar grunnskólalaganna frá 1995:

Reglugerð um afnám ýmissa reglugerða um grunnskóla, nr. 321/1997.
Reglugerð um rétt nemenda og foreldra/forráðamanna til að skoða metnar prófúrlausnir nemenda, nr. 710/1996.
Reglugerð um námsmat nemenda sem víkja svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf, nr. 709/1996.
Reglugerð um Þróunarsjóð grunnskóla, nr. 657/1996.
Reglugerð um lágmarksaðstöðu grunnskóla, nr. 519/1996.
Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum, nr. 516/1996.
Reglugerð um fyrirkomulag æfingakennslu kennaranema í grunnskólum, nr. 393/1996.

Reglugerð um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, nr. 391/1996.
Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla, nr. 437/1996.
Reglugerð um sérkennslu, nr. 389/1996.
Reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 388/1996.
Reglugerð um valgreinar í grunnskólum, nr. 387/1996.
Reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla, nr. 386/1996.
Reglugerð um skólareglur og aga í grunnskólum, nr. 385/1996.
Reglugerð um upplýsingaskyldu sveitarfélaga um skólahald, nr. 384/1996.
Reglugerð um framkvæmd laga um grunnskóla, nr. 66/1995, nr. 349/1995.

Að auki hefur verið gefið út erindisbréf fyrir trúnaðarmenn við framkvæmd samræmdra lokaprófa í grunnskóla, nr. 233/1997.

X. Útgefin rit sem tengjast málefnum grunnskóla.

Á eftirfarandi yfirliti má sjá þau rit sem gefin hafa verið út á vegum menntamálaráðuneytisins á árunum 1995–98 og tengjast málefnum grunnskólans á einn eða annan hátt. Hér er t.d. um að ræða nefndarálit, samantektir frá ráðstefnum sem ráðuneytið hefur staðið að og ýmis upplýsingarit, bæði á íslensku og á erlendum tungumálum, sem einkum eru gefin út með það í huga að þau nýtist til kynningar t.d. í alþjóðlegu samstarfi.

Yfirlit yfir öll rit sem hafa verið gefin út á vegum menntamálaráðuneytisins frá 1991 er að finna á heimasíðu ráðuneytisins, www.mrn.stjr.is. Mörg ritanna eru aðgengileg til útprentunar af heimasíðunni.

Útgefin rit menntamálaráðuneytisins 1995–98 sem tengjast málefnum grunnskóla:

Að byrja í skóla : kynningarrit fyrir foreldra / forráðamenn barna sem eru að byrja í skóla. Endurskoðuð útg., 5. pr. 1995. 24 s. (1. útg. 1986. Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur yfirtók útgáfuna.)
Ársskýrsla skólasafna í grunnskólum 1995–1996. 1998. 11 s. ISBN 9979-821-91-7.
Ársskýrsla skólasafna í grunnskólum 1996–1997. 1998. 12 s. ISBN 9979-882-02-6.
Brúum bilið : rit um tengsl leikskóla og grunnskóla. 1997. 31 s. ISBN 9979-821-89-2.
Bækur og tímarit fyrir skólasöfn í grunnskólum : (stofnkostur). 5. útg. 1996. 98 s. ISBN 9979-821-60-4. (1. útg. 1980.)
The Educational System in Iceland. 1995. 42 s. ISBN 9979-821-42-6.
The Educational System in Iceland. 1997. 28 s. ISBN 9979-821-80-9.
The Educational System in Iceland. 1998. 47 s. ISBN 9979-821-95-7.
Efling íþróttastarfs : skýrsla nefndar um eflingu íþróttastarfs. Des. 1997. 77, [56] s.
Efling náms- og starfsráðgjafar : nefndarálit : staða starfs- og námsráðgjafar, hlutverk og verksvið : tillögur. Okt. 1998. 29 s. ISBN 9979-882-01-8.
Enn betri skóli: þeirra réttur – okkar skylda : grundvöllur endurskoðunar aðalnámskráa. Apr. 1998. 59 s.
Enn betri skóli: þeirra réttur – okkar skylda : ný skólastefna : grundvöllur endurskoðunar á aðalnámskrám fyrir grunnskóla og framhaldsskóla. Febr. 1998. 23 s.
Fíknivarnir í grunn- og framhaldsskólum : niðurstöður könnunar. [1996]. 36 s.
Fjöldi nemenda í grunnskólum 1995–1996. Des. 1995. 15 s.
Fjöldi nemenda í grunnskólum 1996–1997. Nóv. 1996. 15 s.
Foreldraráð við grunnskóla: niðurstöður úr könnun á stofnun foreldraráða við grunnskóla og viðhorfum skólastjóra til þeirra 1996. Mars 1997. 16 s. ISBN 9979-821-85-X.

Frá orðum til athafna : samantekt erinda og umræðna á málþingi um samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum sem haldið var á Grand Hótel í Reykjavík 17. október 1997. Jan. 1998. 36, [3] s. ISBN 9979-821-92-2.
Fréttabréf menntamálaráðuneytisins:
1. tbl. mars, 2. tbl. maí, 3. tbl. des. 1995.
1. tbl. okt. 1996.
1. tbl. febr., 2. tbl. maí, 3. tbl. sept., 4. tbl. nóv. 1997.
1. tbl. febr., 2. tbl. apr., 3. tbl. sept., 4. tbl. des 1998.
Gildandi lög, reglugerðir og erindisbréf um mennta- og menningarmál : 1. október 1994. [1994]. [1], 22s.
Gildandi lög, reglugerðir og erindisbréf um mennta- og menningarmál : 1. janúar 1996. Jan. 1996. 22 s.
Gildandi lög, reglugerðir og erindisbréf um mennta- og menningarmál : 1. október 1996. [1996]. 23 s.
Gildandi lög, reglugerðir og erindisbréf um mennta- og menningarmál. Júní 1997. [1], 19 s.
Gildandi lög, reglugerðir og erindisbréf um mennta- og menningarmál. Nóv. 1997. [3], 19 s.
Í krafti upplýsinga : tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni : 1996–1999. Mars 1996. ISBN 9979-821-49-1.
Íslenska skólakerfið. 1998. 35 s. ISBN 9979-821-99 -X.
Íslenskukennsla fyrir nýbúa : tillögur starfshóps. Okt. 1992. 25, [51] s. ISBN 9979-821-23-X.
Kennari, skóli & læsi íslenskra barna / Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. 1997. xv, [1], 218 s. ISBN 9979-54-187-3. (Dreifing: Háskólaútgáfan.)
Kultur og uddannelse : fremtidens forudsætning. Febr. 1996. 21 s. ISBN 9979-621-56-6. (Menning og menntun, á dönsku.)
Lýsing á þróunarverkefnum sem Þróunarsjóður grunnskóla styrkti 1994–1995. Jan. 1996. 39 s. ISBN 9979-821-49-3.
Lýsing á þróunarverkefnum sem Þróunarsjóður grunnskóla styrkti 1995–1996. Jan. 1997. 29 s. ISBN 9979-821-64-7.
Lýsing á þróunarverkefnum sem Þróunarsjóður grunnskóla styrkti 1996–1997. Jan. 1998. 31, [3] s. ISBN 9979-821-91-4.
Lög um grunnskóla 1995 : yfirlit yfir fyrirspurnir, dreifibréf til skóla, fréttatilkynningar og kvartanir vegna laga um grunnskóla, nr. 66/1995. Mars 1997. 43 s.
Markmið íþróttakennslu í grunnskólum og framhaldsskólum / skýrsla forvinnuhóps á námssviði skólaíþrótta. Des. 1997. 62 s. (Endurskoðun aðalnámskrár 1996–1998.)
Markmið listkennslu í grunnskólum og framhaldsskólum / skýrsla forvinnuhóps á námssviði lista. Sept. 1997. [1], 36 s. (Endurskoðun aðalnámskrár 1996–1998.)
Markmið með náttúrufræðinámi í grunnskólum og framhaldsskólum / lokaskýrsla forvinnuhóps á námssviði náttúrufræða. Nóv. 1997. [4], 56 s. (Endurskoðun aðalnámskrár 1996–1998.)
Markmið móðurmálskennslu í grunnskólum og framhaldsskólum / skýrsla forvinnuhóps á námssviði móðurmáls. Júní 1997. [72] s. (Endurskoðun aðalnámskrár 1996–1998.)
Markmið samfélagsgreina í grunnskólum og framhaldsskólum / skýrsla forvinnuhóps á námssviði samfélagsgreina. Mars 1998. 72, 5, 11, [2] s. (Endurskoðun aðalnámskrár 1996–1998.)
Markmið stærðfræðikennslu í grunnskólum og framhaldsskólum : drög / skýrsla nefndar til að koma með tillögur um hvernig efla megi námsgreinina stærðfræði og stærðfræðiáhuga nemenda í skólakerfinu. Júní 1997. 66 s. (Endurskoðun aðalnámskrár 1996–1998.)

Markmið tungumálakennslu í grunnskólum og framhaldsskólum / skýrsla forvinnuhóps á námssviði erlendra tungumála. Des. 1997. 89, [3] s. (Endurskoðun aðalnámskrár 1996–1998.)

Markmið upplýsinga- og tæknimennta í grunnskólum og framhaldsskólum / skýrsla forvinnuhóps á námssviði upplýsinga- og tæknimennta. Ágúst 1997. 48 s. (Endurskoðun aðalnámskrár 1996–1998.)

Mat á kennaramenntun í Kennaraháskóla Íslands, félagsvísindadeild Háskóla Íslands og kennaradeild Háskólans á Akureyri : fyrstu niðurstöður úr könnun meðal nemenda sem brautskráðst hafa með B.Ed.-gráðu frá Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Mars 1998. [1], 15 s.

Mat á kennaramenntun í Kennaraháskóla Íslands, félagsvísindadeild Háskóla Íslands og kennaradeild Háskólans á Akureyri : greinargerð umsjónarhóps. Mars 1998. [1], 8 s.

Mat á kennaramenntun í Kennaraháskóla Íslands, félagsvísindadeild Háskóla Íslands og kennaradeild Háskólans á Akureyri : skýrsla ytri matshóps. Mars 1998. [2], 36 s.

Menning og menntun : forsenda framtíðar. [2. pr.] Febr. 1996. 21 s. ISBN 9979-821-46-9.

Nám að loknum grunnskóla. 21. útg. Mars 1996. 65 s. ISBN 9979-821-55-8.

Nám að loknum grunnskóla. 22. útg. Mars 1997. 71 s. ISBN 9979-821-66-3.

Nám að loknum grunnskóla. 23. útg. Mars 1998. 73 s. ISBN 9979-821-82-5.

Námssvið náttúrufræða : áfangaskýrsla : grunnskólinn : tillögur forvinnuhóps að faglegri stefnumótun á námssviði náttúrufræða. Júní 1997. [22] s. (Endurskoðun aðalnámskrár 1996–1998.)

Nefnd um mótun menntastefnu : áfangaskýrsla. Jan. 1993. [4], 63 s. ISBN 9979-821-33-7. (Annar titill: Áfangaskýrsla nefndar um mótun menntastefnu.)

Nefndarálit: Kennara- og uppeldisháskóli Íslands : drög að námskrá. Júní 1997. 122 s. ISBN 9979-821-77-9.

Ráðstefna menntamálaráðuneytisins um ýmis málefni barna og unglinga með sérþarfir : Borgartúni 6, Reykjavík, 2. mars 1996. Sept. 1996. 80 s. ISBN 9979-821-61-0.

Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir : alþjóðleg ráðstefna um menntun nemenda með sérþarfir, Salamanca, Spáni, 7.–10. júní 1994. Menntamálaráðuneytið : Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna : menntamálaráðuneytið á Spáni, des. 1995. 41 s. ISBN 9979-821-50-7.

Sértæk lesröskun : skýrsla starfshóps menntamálaráðuneytisins um nemendur með sértæka lestrar- og réttritunarerfiðleika í grunnskólum og framhaldsskólum. Okt. 1997. 65 s.

Sjálfsmat skóla : leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar. Maí 1997. [4], 21 s. ISBN 9979-821-76-0.

Skrá um starfandi skólastjórnendur og kennara 1995–1996. Des. 1995. 159 s. ISBN 9979-821-49-3.

Skýrsla nefndar um réttindamál grunnskólakennara við flutning grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Des. 1995. 48, [5] s.

Skýrsla nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna : í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1996. Okt. 1997. 10 s.

Skýrsla starfshóps á vegum menntamálaráðherra um starfstengd réttindi kennara vegna flutnings grunnskóla til sveitarfélaga. Apríl 1994. [2] 16 s.

Skýrsla stefnumótunarnefndar til menntamálaráðherra / stefnumótunarnefnd um endurskoðun námskráa grunn- og framhaldsskóla. Apr. 1997. [2], 14 s.

Sundstig : sundpróf í grunnskóla. Ágúst 1995. 19 s.

Til móts við nýja tíma : Menntaþing 1996 : áhersluatriði í erindum fyrirlesara á menntaþingi í Háskólabíói og Þjóðarbókhlöðu 5. október 1996. Okt. 1996. 53 s.

Tilfærsla grunnskólans til sveitarfélaga : lokaskýrsla kostnaðarnefndar. Febr. 1996. [1], 25, [16] s.

Tillögur að fyrirkomulagi verkefna fræðsluskrifstofa eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaga. Okt. 1995. 21, [35] s.

Tölfræðihandbók um menntun og menningu. Sept. 1996. 113 s. ISBN 9979-821-61-2.

Uddannelsessystemet i Island. 1995. 42 s. ISBN 9979-821-43-4.

Uddannelsessystemet i Island. 1998. 47 s. ISBN 9979-821-96-5.

Um íslenskukennslu erlendis á grunnskólastigi : ábendingar um hentug námsgögn / Bára Björgvinsdóttir og Ingileif Ástvaldsdóttir. Menntamálaráðuneytið : Skrudda, okt. 1995. 16 s. ISBN 9979-821-48-5.

Um íslenskukennslu erlendis á grunnskólastigi : leiðarvísir. 2. útg. Menntamálaráðuneytið : Skrudda, mars 1995. 34 s. ISBN 9979-821-41-8. (1. útg. 1989 undir heitinu: Námsvísir fyrir íslenskukennslu á Norðurlöndum (í Danmörku og Svíþjóð).)

Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi : álit nefndar um málefni útlendinga. Júní 1997. 73, [24] s. ISBN 9979-821-90-6.

Upplýsingar um leik-, grunn- og tónlistarskóla skólaárið 1996–1997. Apr. 1998. 21 s. ISBN 9979-821-94-9.

Úrskurðir og álitamál vegna laga um grunnskóla, nr. 66/1995. 2. útg. með viðbótum. Ágúst 1998. 68 s. ISBN 9979-882-00-X. (1. útg. 1997 undir heitinu: Lög um grunnskóla 1995 : yfirlit yfir fyrirspurnir, dreifibréf til skóla, fréttatilkynningar og kvartanir vegna laga um grunnskóla, nr. 66/1995.)

Útbreiðsla Lions-Quest námsefnisins, Að ná tökum á tilverunni : niðurstöður athugunar vorið 1995. Des. 1995. 10 s. ISBN 9979-821-51-5.

Úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði leikskóla 1989–1996. [1997]. [8] s.

Yfirlýsing um íþróttir, umburðarlyndi og drengilega keppni : hringborðsumræður Amsterdam, 11. apríl, 1996. 1996. 14 s.

Útgáfur sem tengjast grunnskóla í samvinnu við aðra:

Handraði : handbók um málefni grunnskóla. Samband íslenskra sveitarfélaga : Menntamálaráðuneytið, [1997]. 1 lausblaðab.

Industrial competitiveness and technology policies : outlook 1995 : Iceland. [Reykjavík] : Ministry of Industry and Commerce : Ministry of Education and Science, Oct. 1995. 21 s.

Menntun, mannauður og framleiðni : greinargerð til menntamálaráðherra / Tryggvi Þór Herbertsson. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, febr. 1997. [2], 33, ix s. (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Skýrsla ; C97:02.)

Strákar í skóla : erindi frá málþingi karlanefndar Jafnréttisráðs og menntamálaráðuneytis 27. nóvember 1997. Menntamálaráðuneytið, Skrifstofa jafnréttismála, júní 1998. 44 s. ISBN 9979-821-97-3.

Bæklingar og veggspjöld:

Dagur íslenskrar tungu : 16. nóvember 1997 : hugmyndir að viðfangsefnum sem gætu komið að gagni í leikskólum og grunnskólum. 6 s. + veggspjald.

Strákar í skóla : málþing á vegum karlanefndar Jafnréttisráðs og menntamálaráðuneytisins, fimmtudaginn 27. nóvember 1997, veggspjald.

1081. Frumvarp til laga [599. mál]

um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. KAFLI
Markmið og skipulag.

1. gr.
Markmið.

Markmið með lögum þessum er að veita innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.
Stofnun.

Með tryggingar samkvæmt lögum þessum fer sérstök stofnun er nefnist Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, hér eftir nefndur sjóðurinn. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild, sbr. þó ákvæði 12. gr.

3. gr.
Aðilar að sjóðnum.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti, sem hafa staðfestu hér á landi, skulu eiga aðild að sjóðnum. Þessi fyrirtæki, hér eftir nefnd aðildarfyrirtæki, bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram lögbundin framlög til sjóðsins, sbr. ákvæði 6. og 7. gr. Fjármálaeftirlitið skal halda sérstaka skrá um aðildarfyrirtæki.

4. gr.
Stjórn og framkvæmdastjóri.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn. Viðskiptabankar tilnefna einn mann í stjórn sjóðsins, sparisjóðir einn mann, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf sameiginlega einn mann og viðskiptaráðherra tvo menn. Viðskiptaráðherra skipar formann stjórnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Lögaðilinn getur verið Seðlabanki Íslands og vörslufyrirtæki samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Stjórnarmenn og starfsmenn sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Nánar skal kveðið á um verkefni stjórnar sjóðsins í samþykktum hans.

5. gr.
Aðalfundur.

Aðalfund skal halda fyrir lok mars ár hvert. Á aðalfundi skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu stjórnar. Kveða skal nánar á um verkefni aðalfunda í samþykktum hans, sem háðar skulu samþykki ráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Sérhvert aðildarfyrirtæki á rétt til setu á aðalfundi. Á aðalfundi fara viðskiptabankar samtals með sex atkvæði, sparisjóðir með þrjú atkvæði og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf með þrjú atkvæði. Vægi hvers aðildarfyrirtækis er jafnt innan hvers hóps. Tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins þarf fulltingi ⅔ hluta atkvæða á aðalfundi og samþykki ráðherra.

Stjórn sjóðsins getur, þegar hún telur tilefni til, boðað öll aðildarfyrirtæki til fundar. Skylt er henni að boða til fundar ef þriðjungur aðildarfyrirtækja æskir þess.

II. KAFLI
Greiðslur í sjóðinn.

6. gr.
Innstæðudeild.

Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Nái heildareign ekki lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigendi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó viðmunarmörk skv. 1. málsl. Nái heildareign deildarinnar samt ekki tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir sama hlutfalli þeirrar fjárhæðar er vantar á lágmarkið og nemur hlutfalli tryggðra innstæðna hlutaðeigendi af samanlögðum tryggðum innstæðum.

Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári þar lágmarki skv. 1. mgr. er náð, í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. 1. mgr.

Greiðslur til deildarinnar eru óendurkræfar.

7. gr.
Verðbréfadeild.

Heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 100 millj. kr. Viðskiptaráðherra getur að fenginni tillögu stjórnar sjóðsins samþykkt að auka eignir deildarinnar. Stjórn sjóðsins skal á tveggja ára fresti gera ráðherra grein fyrir afstöðu sinni til hækkunar á eignum deildarinnar, í fyrsta sinn fyrir 1. júlí 2001.

Nái heildareign sjóðsins ekki lágmarki skv. 1. mgr. skulu aðildarfyrirtæki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur samtals 20 millj. kr., þar til sjóðurinn hefur náð tilskildri lágmarksstærð. Gjaldið sem hvert aðildarfyrirtæki greiðir skal miðast við hlut þess í samanlagðri veltu aðildarfyrirtækja í verðbréfaviðskiptum á næstliðnu ári og við hlut þess í samanlögðum fjölda viðskiptareikninga hjá aðildarfyrirtækjum á næstliðnu ári í tengslum við viðskipti með verðbréf í þeim hlutföllum sem kveðið er á um í reglugerð. Nái heildareign deildarinnar samt ekki tilskildu lágmarki skal hvert aðildarfyrirtæki leggja fram

ábyrgðaryfirlýsingu fyrir þeim hlut sem upp á vantar samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð. Greiðslur til deildarinnar eru óendurkræfar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er stjórn sjóðsins heimilt að kaupa vátryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi á Evrópska efnahagssvæðinu til að tryggja sig gegn tjóni. Kaupi sjóðurinn vátryggingu skal þó í það minnsta fjórðungur eigna deildarinnar vera í verðbréfum eða reiðufé.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveða nánar á um greiðslu aðildarfyrirtækja í verðbréfadeild og jafnframt skal í reglugerðinni kveðið á um aðkomu nýrra aðildarfyrirtækja að verðbréfadeildinni og greiðslur þeirra til deildarinnar.

8. gr.

Afturköllun leyfis.

Nú uppfyllir aðildarfyrirtæki ekki skyldur sínar gagnvart sjóðnum samkvæmt lögum þessum og reglugerð og skal þá stjórn hans tilkynna það ráðherra og Fjármálaeftirlitinu án tafar. Ráðherra skal veita hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki allt að sex mánaða frest til úrbóta að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins. Séu ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja frestinn um allt að sex mánuði til viðbótar.

Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út án þess að hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki hafi uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum og getur ráðherra þá afturkallað starfsleyfi þess að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins. Skuldbindingar, sem stofnað er til áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út, skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um útibú erlendra viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem aðild eiga að sjóðnum. Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út þegar um er að ræða útibú aðildarfyrirtækis með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og skal þá Fjármálaeftirlitið banna starfsemi þess hér á landi. Þegar um er að ræða aðildarfyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal ráðherra afturkalla starfsleyfi þess að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins.

III. KAFLI
Greiðslur úr sjóðnum.

9. gr.

Heimild til að krefjast greiðslu.

Heimilt er viðskiptavini aðildarfyrirtækis að krefja sjóðinn um greiðslu innstæðu úr innstæðudeild og verðbréfa eða reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf úr verðbréfadeild, sem hann hefur krafið aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda og aðildarfyrirtækið er að áliti Fjármálaeftirlitsins ekki fært um að inna af hendi tafarlaust eða í nánustu framtíð vegna greiðsluerfiðleika.

Álit Fjármálaeftirlitsins skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að það fær fyrst staðfestingu á því að hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki hafi ekki greitt viðskiptavini sínum eða staðið skil á verðbréfum eins og því bar að gera.

Með innstæðu skv. 1. mgr. er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa.

Með verðbréfum skv. 1. mgr. er átt við verðbréf sem eru í vörslu, umsjón eða umsýslu aðildarfyrirtækis og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti aðildarfyrirtækis og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum.

Með reiðufé skv. 1. mgr. er átt við innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis í tengslum við viðskipti með verðbréf.

Undanskilin tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður, verðbréf og reiðufé í eigu aðildarfyrirtækja, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning og innstæður, verðbréf og reiðufé sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti.

Greiðsluskylda sjóðsins verður einnig virk ef ákveðið er að slíta aðildarfyrirtæki.

10. gr.

Fjárhæð til greiðslu.

Nú hrökkva eignir viðkomandi deildar sjóðsins ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum og skal þá greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli kröfuhafa að heildarkrafa hvers þeirra allt að 1,7 millj. kr. er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999. Sjóðurinn verður ekki síðar krafinn um frekari greiðslu þótt tjón kröfuhafa hafi ekki verið bætt að fullu.

Hrökkvi eignir sjóðsins ekki til og stjórn hans telur til þess brýna ástæðu er henni heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum.

Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfu kröfuhafa á hendur hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki eða þrotabúi.

11. gr.

Lán á milli deilda.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána allt að 50 millj. kr. á milli innstæðudeildar og verðbréfadeildar. Lánið skal endurgreiðast innan 24 mánaða. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um lán á milli deilda í reglugerð.

12. gr.

Víkjandi lán.

Sjóðnum er heimilt að veita aðildarfyrirtæki víkjandi lán í sérstakri deild fyrir slík lán, í því skyni að efla eiginfjárstöðu þess, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir lánveitingu, svo sem að lántaki afli aukins eiginfjár eða geri aðrar ráðstafanir til að styrkja rekstur sinn.

Stjórn sjóðsins er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag aðildarfyrirtækja sem veitt er víkjandi lán. Stjórn sjóðsins getur í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki.

IV. KAFLI
Erlend útibú.

13. gr.

Útibúum erlendra viðskiptabanka, sparisjóða, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, er heimil aðild að sjóðnum vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem ekki er tryggt á sambærilegan hátt á Evrópska efnahagssvæðinu.

Erlend útibú skv. 1. mgr. sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins og starfa hér á landi skulu vera aðilar að sjóðnum, enda sé slíkt útibú ekki aðili að sambærilegu tryggingakerfi í heimaríki sínu.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um aðild erlendra útibúa samkvæmt þessari grein að sjóðnum, svo og um þær viðbótartryggingar sem útibú þurfa til þess að geta starfað hér á landi. Um iðgjöld og greiðslur vegna trygginga samkvæmt þessari grein skal nánar kveðið á um í reglugerð.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.
Ársreikningur og endurskoðun.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Endurskoðaður ársreikningur skal samþykktur og áritaður af stjórn hans og staðfestur af ráðherra.

15. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög þessi, reglugerð og samþykktir fyrir sjóðinn. Um eftirlitið gilda að öðru leyti lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

16. gr.
Skriflegar upplýsingar til reiðu.

Aðildarfyrirtæki skulu á afgreiðslustöðum sínum hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um aðild sína að sjóðnum, umfang tryggingar, hvaða eignir eru ekki tryggðar og hvert kröfuhafi geti snúið sér neiti aðildarfyrirtæki kröfuhafa um greiðslu. Skulu upplýsingar vera á íslensku og ávallt til reiðu þannig að auðvelt sé að nálgast þær.

Auglýsingar aðildarfyrirtækja um aðild að sjóðnum skal takmörkuð við beina tilvísun til hlutaðeigandi deildar hans.

17. gr.
Undanþága frá skatti og gjaldþrotalögum.

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Sjóðurinn verður hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

18. gr.
Reglugerð.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, m.a. um tilhögun á greiðslum úr sjóðnum, tryggingu á innstæðu, verðbréfum eða reiðufé þegar um sameiginlegan reikning er að ræða eða þegar viðskiptavinur aðildarfyrirtækis á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu, verðbréfa og reiðufjár og um ávöxtun á eignum sjóðsins.

VI. KAFLI
Öryggissjóðir.

19. gr.

Viðskiptabönkum annars vegar og sparisjóðum hins vegar, með staðfestu hér á landi, er heimilt að stofna sjálfseignarstofnanir, öryggissjóði, sem allir viðskiptabankar eða allir sparisjóðir skulu vera aðilar að í því skyni að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka eða sparisjóða.

Til að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og í því skyni fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka eða sparisjóðs getur öryggissjóður veitt lán eða yfirtekið vissar eignir, gengið í ábyrgðir, bætt sérstakt tap og kostnað sem viðskiptabanki eða sparisjóður verður fyrir og veitt viðskiptabönkum eða sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórnir sjóðanna ákveða í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykkta sjóðsins. Í þessu skyni er öryggissjóði heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparisjóðs. Í samþykktum skal setja nánari reglur um starfsemina, svo og um tekjur og lánveitingar.

Öryggissjóði er enn fremur heimilt að veita viðskiptabanka eða sparisjóði víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir veitingu víkjandi láns. Henni er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparisjóðs sem veitt er víkjandi lán. Getur stjórnin í því sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum öryggissjóðs. Sérhver aðili að sjóðnum fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut sinn í heildareignum viðskiptabanka eða sparisjóða. Stjórn sjóðsins fer með málefni hans á milli aðal- og aukafunda. Hún skal skipuð fimm mönnum og skulu fjórir stjórnarmenn og jafnmargir til vara kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Ráðherra tilnefnir einn mann og skal hann tilnefndur til þriggja ára í senn. Nánar skal kveðið á um skipan og verkefni stjórnar í samþykktum.

Stjórnarmenn og starfsmenn öryggissjóða eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr.

Öryggissjóður er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sjóðurinn verður hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

Aðalfundur setur öryggissjóði samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sjóðsins.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Sjóðurinn yfirtekur þá eignir og skuldir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða, sem lagðir verða niður frá sama tíma.

Halda skal stofnfund þar sem settar eru samþykktir fyrir sjóðinn, sbr. 5. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur þegar gildi.

Með lögum þessum falla úr gildi ákvæði X. kafla (75.–81. gr.) laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í tengslum við tilskipun Evrópusambandsins um tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 97/9/EC. Tilskipunin kveður á um samræmdar reglur um lágmarksvernd fyrir fjárfesta sem eiga kröfu á hendur fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir í tengslum við viðskipti með verðbréf gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis.

Tilskipunin kemur í framhaldi af tilskipun um innstæðutryggingar, nr. 94/19/EC, sem sett var árið 1994. Sú tilskipun tryggir innstæðueigendur upp að vissu marki gegn greiðsluerfiðleikum viðskiptabanka og sparisjóða. Lögum um viðskiptabanka og sparisjóði var breytt árið 1996 (lög nr. 113/1996), m.a. til að uppfylla ákvæði innstæðutryggingatilskipunarinnar. Nú starfa tveir tryggingarsjóðir, Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða, sem tryggja innstæðueigendur gegn greiðsluerfiðleikum og starfa samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Sjóðunum er heimilt að starfa í tveimur deildum, innstæðudeild, sem tryggir innstæður, og lánadeild, sem getur veitt lán í því skyni að styðja við rekstur innlánsstofnunar. Tryggingarsjóður sparisjóða hefur nýtt sér þessar heimildir og starfar í tveimur deildum en ekki Tryggingarsjóður viðskiptabanka.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýtt tryggingakerfi fyrir fjárfesta renni saman í einn sjóð, Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Með því yrði til einn heildstæður tryggingarsjóður sem verndaði innstæðueigendur og viðskiptavini lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu gegn greiðsluerfiðleikum þessara fyrirtækja. Helstu rök að baki slíkum samruna eru að bankastarfsemi og verðbréfastarfsemi er orðin mjög samofin. Þá er hagstætt út frá tryggingarfræðilegu sjónarmiði að stækka sjóðinn og dreifa áhættu auk þess sem rekstrarkostnaður yrði minni. Flókið samspil tveggja eða fleiri kerfa er heldur ekki fýsilegt frá sjónarmiði neytendaverndar.

Með frumvarpinu er lagt til að ný lög verði sett um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta í stað kafla í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði um tryggingarsjóði innlánsstofnana. Þetta er gert þar sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir eru einnig aðilar að sjóðnum. Þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að innstæðutryggingum eru hins vegar byggð á núgildandi ákvæðum í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Frumvarpið er að nokkru byggt á dönskum lögum en Danir hafa nú nýlega samþykkt lög sem byggjast á svipaðri hugmynd og hér er lögð til (Lov om en garantifond for indskydere og investorer, nr. 415 af 26/06/1998). Frumvarpið er samið í viðskiptaráðuneytinu.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru þessi:

— Nýr tryggingarsjóður, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, verður til með sameiningu Tryggingarsjóðs viðskiptabanka, innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýs tryggingakerfis fyrir fjárfesta.
— Sjóðurinn verður sjálfseignarstofnun með fimm manna stjórn og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og verðbréfadeild. Heimilt er að lána fé á milli deildanna að vissu marki.
— Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal ávallt nema a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Eignir verðbréfadeildar skulu vera a.m.k. 100 millj. kr.
— Viðskiptavinur aðildarfyrirtækis getur krafið sjóðinn um greiðslu innstæðu, verðbréfa og reiðufjár sem hann hefur krafið aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu á í samræmi við þá skilmála er gilda og aðildarfyrirtækið er að áliti Fjármálaeftirlitsins ekki fært um að

inna tafarlaust af hendi eða í nánustu framtíð vegna greiðsluerfiðleika eða ef ð til slita. það hefur verið teki

— Ef eignir sjóðsins hrökkva ekki til að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár skal greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli kröfuhafa að heildarkrafa hvers þeirra allt að 1,7 millj. kr. verði bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Sjóðnum er heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til.
— Lagt er til að viðskiptabönkum og sparisjóðum verði heimilt að stofna sjálfseignarstofnanir, öryggissjóði, sem allir viðskiptabankar eða allir sparisjóðir skulu vera aðilar að í því skyni að tryggja fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka og sparisjóða. Nú er starfandi lánadeild Tryggingarsjóðs sparisjóða sem hefur sambærilegar heimildir.

Helstu ákvæði tilskipunar um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Markmiðið með tilskipuninni er að koma á samræmdum reglum um lágmarksvernd fyrir fjárfesta sem eiga kröfu á hendur fyrirtæki sem hefur starfsleyfi samkvæmt tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, nr. 93/22/EC, eða hefur heimild til að veita þjónustu í tengslum við viðskipti með verðbréf. Hér er átt við fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir.

Hafi fyrirtæki ekki fjárhagslegt bolmagn til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum og verði að mati lögbærra yfirvalda ekki fært um að uppfylla þær í náinni framtíð fær hver fjárfestir bætur sem svara að lágmarki til 20.000 evrum sem jafngildir rúmlega 1,6 millj. kr., ef krafa á hendur verðbréfafyrirtæki nær þeirri upphæð. Heimilt er að ákveða að bætur takmarkist við ákveðið hlutfall af kröfu en þó verður að bæta minnst 90% af kröfum lægri en 20.000 evrur. Jafnframt er heimilt að ákveða að vissir fjárfestar skuli útilokaðir frá tryggingakerfinu eða að trygging þeirra skuli vera lægri. Hér er t.d. átt við hið opinbera og fagfjárfesta.

Tilskipunin er keimlík tilskipun um innstæðutryggingar og markmiðið hið sama. Í tilskipuninni um tryggingakerfi fyrir fjárfesta er kveðið á um að lánastofnanir, sem hafa heimild til að veita verðbréfaþjónustu, falli undir tilskipunina. Þó er ekki nauðsynlegt að slík lánastofnun falli undir bæði kerfin ef annað uppfyllir bæði skilyrði innstæðutryggingartilskipunarinnar og tilskipunar um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Tilskipunin veitir einungis vernd fyrir verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir sem hafa heimildir til viðskipta með verðbréf samkvæmt tilskipun um verðbréfaþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Það þýðir að eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum eru ekki tryggðir. Hins vegar eru hlutdeildarskírteinin tryggð ef þau eru hluti af verðbréfasafni fjárfestis í fjárvörslu hjá verðbréfafyrirtæki.

Ekki er kveðið á um það í tilskipuninni hvernig tryggingakerfi fyrir fjárfesta skuli fjármagnað. Þó er sagt að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu verði að jafnaði sjálf að bera kostnaðinn við fjármögnun kerfanna og að fjárhagsleg geta kerfanna verði að vera í samræmi við hugsanlegar kröfur. Kerfin mega samt ekki stefna stöðugleika fjármálakerfis viðkomandi aðildarríkis í hættu.

Tryggingakerfi fyrir fjárfesta í Evrópu.

Tvö lönd innan Evrópusambandsins, Bretland og Belgía, hafa lengi rekið tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Utan Evrópusambandsins hefur Noregur tryggingarskyldu sem svipar um margt til þeirrar starfsábyrgðartryggingar sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hér á landi hafa. Önnur ríki hafa verið að koma á fót kerfi, eða eru að því um þessar mundir, sem uppfyllir

ákvæði tilskipunar ESB. Danir hafa til að mynda stofnað nýjan sjóð sem byggist á sömu hugmynd og þetta frumvarp. Svíar gera einnig ráð fyrir nánum tengslum innstæðutryggingakerfisins og tryggingakerfis fyrir fjárfesta.

Bretland.

Bretar hafa rekið tryggingakerfi frá árinu 1988. Kerfið er rekið af sérstakri stofnun, Investors Compensation Scheme (ICS), sem hefur um eitt hundrað starfsmenn. Meginhlutverk ICS er að vernda fjárfesta gegn greiðsluerfiðleikum verðbréfafyrirtækja líkt og tilskipun ESB. Kerfið veitir þó mun víðtækari tryggingarvernd en tilskipunin. Til dæmis verndar það fjárfesta fyrir slæmri ráðgjöf verðbréfafyrirtækja og lágmarksvernd er mun hærri.

ICS tryggir fyrstu 3,4 millj. kr. hvers einstaklings og 90% af næstu 2,3 millj. kr. Hámarksvernd hvers einstaklings er því 5,7 millj. kr. á þeim tíma sem frumvarpið er lagt fram. Kerfið er fjármagnað með gjaldi á öll verðbréfafyrirtæki en þau eru um 1.800.

Kröfum á verðbréfafyrirtæki hefur fjölgað frá því ICS tók til starfa fyrir áratug. ICS hefur að jafnaði greitt út um 2 milljarða kr. á síðustu árum. Einungis um tíundi hluti þeirra greiðslna er vegna atvika sem gerðu vernd samkvæmt tilskipun ESB virka.

Belgía.

Í Belgíu hafa verðbréfafyrirtæki verið skylduð til að greiða í tryggingarsjóð frá árinu 1990. Tryggingin nær til allra fjárfesta, hvort heldur einstaklinga eða stofnanafjárfesta. Hæstu bætur fyrir hvern fjárfesti eru um 5 millj. kr. Hámarksbætur sem kerfið greiðir út á hverju ári eru 500 millj. kr.

Belgar munu þurfa að gera nokkrar breytingar á kerfinu til að uppfylla skilyrði tilskipunarinnar, m.a. að afnema hámark þess sem kerfið greiðir út á hverju ári.

Noregur.

Frá 1985 hefur verið í gildi reglugerð í Noregi um vernd viðskiptavina verðbréfafyrirtækja sem hefur stoð í lögum um verðbréfaviðskipti. Verðbréfafyrirtæki skulu leggja fram vátryggingu eða bankaábyrgð til að vernda viðskiptavini gegn tjóni sem verðbréfafyrirtækið veldur þeim með starfsemi sinni. Lágmarkstryggingavernd fyrir hvern fjárfesti er um 2 millj. ísl. kr. fyrir hvert tjónsatvik. Verðbréfafyrirtækjum er þó heimilt að setja hámark á vátryggingu sem þau afla sér. Það hámark má þó ekki vera lægra en 250 millj. ísl. kr. Það er nú til athugunar hvort þetta kerfi stenst gagnvart tilskipun ESB.

Vátryggingin tekur ekki einungis til greiðsluþrots verðbréfafyrirtækis heldur einnig þess að það valdi fjárfesti skaðabótaskyldu tjóni. Viðskiptavinir sem eiga kröfu á hendur þrotabúi fyrirtækis vegna fjárfestingarþjónustu eru ekki almennir kröfuhafar í þrotabú heldur sértökumenn þar eð skylt er að halda eignum viðskiptamanna tryggilega aðgreindum frá öðrum eignum.

Danmörk.

Danir hafa ekki haft tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Lög um tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta voru sett í júní 1998. Gert er ráð fyrir að breikka grundvöll tryggingarsjóðs innlánsstofnana þannig að hann taki einnig á greiðslufalli verðbréfafyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu eru innstæðueigendur og viðskiptavinir verðbréfafyrirtækja tryggðir að 3 millj. ísl. kr. að hámarki vegna innstæðna og fjárfestingarþjónustu. Sjóðurinn skiptist í þrennt: innlánsstofnanadeild, verðbréfafyrirtækjadeild og húsnæðisbréfadeild. Heimilt er að lána á milli deilda upp að vissu marki, reynist innstæða í sjóðsdeild ekki nægileg til að bæta tjón.

Í athugasemdum við danska frumvarpið kemur fram að þar eð svo margt sé líkt með innstæðutryggingasjóðnum og ákvæðum tilskipunarinnar um nýtt kerfi sé eðlilegt að hafa sjóðinn aðeins einn. Það muni líka leiða til minni áhættu því að hún dreifist á fleiri aðila. Þá sé líklegt að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja viti betur um rétt sinn ef einn sjóður tryggir bæði innstæðueigendur og fjárfesta en ef tegund fjármálaþjónustu ræður fjölda sjóða.

Danir huguðu einnig að öðrum möguleikum. Það var mat vinnuhóps sem vann að gerð tillagna um tilskipunina að trygging eða ábyrgð tryggði ekki fullnægjandi vernd. Einnig taldi vinnuhópurinn að sérstakur sjóður fyrir verðbréfafyrirtæki þyrfti að vera mun stærri en ef einn sjóður tæki sameiginlega á málum innlánsstofnana og verðbréfafyrirtækja.

Svíþjóð.

Í nýsamþykktum lögum um þetta efni kemur fram að stofnaður verði sérstakur tryggingarsjóður fyrir verðbréfafyrirtæki, en hann verði í nánum tengslum við innstæðutryggingasjóðinn og sama stjórn verði yfir báðum sjóðunum. Bætur greiðast að hámarki 2,5 millj. ísl. kr. á hvern fjárfesti. Ekki er gert ráð fyrir neinni sjálfsáhættu viðskiptavinarins. Fjármálafyrirtæki, hið opinbera og stofnanafjárfestar njóta ekki tryggingarverndar. Miðað er við að safna þurfi um 3 milljörðum ísl. kr. í sjóð til að standa skil á þeim kröfum sem kunna að falla á sjóðinn vegna þrots verðbréfafyrirtækja.

Bætur til innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi.

Alþingi hefur sett ákvæði í þrenn lög um bætur til innstæðueigenda og fjárfesta sem eru í viðskiptum við innlánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:

1. Innstæðutryggingar, sbr. X. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, en sá kafli fjallar um tryggingarsjóði innlánsstofnana.
2. Tryggingarskylda fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, sbr. 3. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og reglugerð nr. 361/1993, um tryggingarskyldu vegna verðbréfamiðlunar og verðbréfaviðskipta.
3. Skaðabætur vegna mistaka verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnana, sbr. lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Innstæðutryggingar.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða hafa haft með höndum innstæðutryggingar hér á landi. Innstæðueigendur eru tryggðir gegn greiðsluerfiðleikum banka og sparisjóða að ákveðnu marki, eins og kveðið er á um í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Lögin taka mið af tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar.

Hlutverk Tryggingarsjóðs viðskiptabanka samkvæmt lögunum er að tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist endurgreiðslu á og viðskiptabanki eða útibú getur ekki innt af hendi. Meginhlutverk Tryggingarsjóðs sparisjóða er að tryggja fjárhagslegt öryggi þeirra og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs. Tryggingarsjóður sparisjóða starfar í tveimur deildum, innstæðudeild og lánadeild, en Tryggingarsjóði viðskiptabanka er samkvæmt lögunum heimilt að stofna lánadeild. Tryggingarsjóðunum er heimilt að veita víkjandi lán.

Í báðum sjóðunum eru tryggðar innstæður sem orðnar eru til vegna innlána í innlendum eða erlendum gjaldmiðli eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi. Tryggingin nær ekki til skuldabréfa, víxla og annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa.

Ef eignir tryggingarsjóðanna duga ekki til að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna skal greiðslu úr sjóðunum skipt þannig milli innstæðueigenda að samanlögð heildarinnstæða hvers innstæðueiganda allt að 1,7 millj. kr. er bætt að fullu en það sem umfram er hlutfallslega eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Tryggingarfjárhæðin tekur til heildarinnstæðu innstæðueiganda en ekki sérhvers reiknings sem er í eigu hans.

Samkvæmt gildandi lögum skal stefnt að því að heildareign innstæðudeilda tryggingarsjóðanna nemi a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Hafi heildareign ekki náð þessu lágmarki skulu viðskiptabankar og sparisjóðir greiða gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði. Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða 0,15% af tryggðum innstæðum í sjö ár og leggja auk þess fram yfirlýsingu um að hann sé ábyrgur fyrir mismuninum á 1% af tryggðum innstæðum og greiðslu til sjóðsins. Innstæðudeildir beggja sjóðanna hafa náð 1% lágmarkinu. Viðskiptabankar hafa ekki þurft að greiða til Tryggingarsjóðs viðskiptabanka í fimm ár.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka var stofnaður árið 1985 sem ríkisstofnun. Sama ár var Tryggingarsjóður sparisjóða gerður að samtryggingarsjóði og í formi sjálfseignarstofnunar en sjóðurinn rekur sögu sína aftur til ársins 1941. Með lögum nr. 113/1996 voru starfsheimildir sjóðanna samræmdar að verulegu leyti en rekstrarform og eignarhald þeirra er þó ólíkt. Eins og fyrr sagði er Tryggingarsjóður viðskiptabanka ríkisstofnun. Viðskiptaráðherra skipar tvo menn af þrjá í stjórn sjóðsins og Samband íslenskra viðskiptabanka einn. Tryggingarsjóður sparisjóða er hins vegar sjálfseignarstofnun og eru fjórir af fimm stjórnarmönnum kosnir á aðalfundi þar sem hver aðili að sjóðnum fer með hlut í samræmi við hlutdeild sína í tryggðum innstæðum. Viðskiptaráðherra skipar fimmta manninn í stjórn sjóðsins.

Í frumvarpi að lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, var gert ráð fyrir að tryggingarsjóðirnir tveir sameinuðust í einn tryggingarsjóð innlánsstofnana. Ekki var hins vegar meirihlutavilji á Alþingi fyrir slíkri breytingu.

Í niðurstöðu nefndar sem fjallaði um framtíðarfyrirkomulag innstæðutrygginga hér á landi árið 1994 og var skipuð fulltrúum viðskiptabanka, sparisjóða og stjórnvalda sagði: „Nefndin leggur til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða starfi áfram með óbreyttum hætti að öðru leyti en því sem reynast kann nauðsynlegt vegna samræmdra reglna um innstæðutryggingar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Nefndin leggur m.ö.o. til að að sjóðirnir starfi aðskildir enn um sinn. Hins vegar telur nefndin margt mæla með því að innan nokkurra ára verði sjóðirnir sameinaðir. Kemur þar helst til að með lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði hafa starfsheimildir viðskiptabanka og sparisjóða verið samræmdar að fullu. Þannig má ætla að þörf sparisjóðanna fyrir sérstakan sjóð minnki. Auk þess kann sameining sjóðanna að draga úr rekstrarkostnaði.“

Tryggingarskylda fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Í lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, var fyrst kveðið á um að verðbréfamiðlarar skyldu afla sér starfsábyrgðartryggingar hjá vátryggingafélagi eða bankatryggingar áður en þeir fengju starfsleyfi. Tryggingin skyldi bæta tjón er verðbréfamiðlarar kynnu að baka viðskiptavinum með störfum sínum. Í athugasemdum við frumvarpið sagði að hliðsjón hafi verið höfð af þeim tryggingum sem fasteignasölum væri gert að afla sér til þess að öðlast leyfi til fasteignasölu. Nánari ákvæði voru sett með reglugerð.

Ný lög um verðbréfaviðskipti voru samþykkt árið 1993 og reglugerð byggð á þeim fylgdi í kjölfarið. Enn voru ný lög samþykkt árið 1996 en ný reglugerð hefur enn ekki verið sett.

Núgildandi reglugerð um tryggingarskyldu vegna verðbréfamiðlunar og verðbréfaviðskipta er því nr. 361/1993, með breytingu nr. 466/1993.

Fleiri aðilum en fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt lögum samkvæmt að afla sér starfsábyrgðartryggingar. Þar má nefna endurskoðendur, lögmenn, bílasala, vátryggingamiðlara og fasteignasala. Trygging fyrirtækja í verðbréfaþjónustu er óvenju víðtæk starfsábyrgðartrygging þar sem hún tekur ekki aðeins til einfalds gáleysis heldur einnig stórkostlegs gáleysis og ásetnings. Tryggingarskyldan tekur til allra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, þ.e. bæði verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana, en sem dæmi um annað fyrirkomulag má nefna að vátryggingamiðlurum er gert skylt að afla sér starfsábyrgðartryggingar þótt ekki sé gerð sambærileg krafa á vátryggingarfélög.

Í reglugerð um tryggingarskyldu er kveðið á um fjárhæðarmörk. Starfsábyrgðartrygging verðbréfamiðlana bætir allt að 4,5 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks en heildarfjárhæð bóta getur þó ekki orðið hærri en 13,5 millj. kr. á tímabilinu. Sambærilegar tölur fyrir verðbréfafyrirtæki eru 9 millj. kr. og 27 millj. kr, hvort tveggja miðað við verðlag ársins 1993.

Starfsábyrgðartrygging fyrirtækja í verðbréfaþjónustu veitir viðskiptavinum fyrirtækjanna vernd gegn skaðabótaskyldu tjóni sem þau eru talin bera ábyrgð á. Þessi trygging er að sumu leyti víðtækari en sú vernd sem kemur fram í tilskipun Evrópusambandsins. Markmiðið með tilskipun um tryggingarkerfi fyrir fjárfesta er að vernda viðskiptavini gegn greiðsluerfiðleikum fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar. Ekki kemur til útborgunar úr tryggingarkerfinu fyrr en ljóst er að verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun getur ekki staðið við skuldbindingar sínar að mati Fjármálaeftirlitsins. Á starfsábyrgðartrygginguna getur hins vegar reynt þó að ekki sé um greiðslufall eða gjaldþrot verðbréfafyrirtækis að ræða.

Annar veigamikill munur á starfsábyrgðartryggingunni og tilskipuninni er sá að í starfsábyrgðartryggingunni er tiltekið hámark vátryggingar fyrir hvert einstakt tjónsatvik og fyrir öll tjónsatvik á hverju ári en í tilskipuninni er kveðið á um lágmarksvernd fyrir hvern einstakan viðskiptavin. Samkvæmt tilskipuninni er ekki heimilt að kveða á um hámarksfjárhæð.

Skaðabætur vegna mistaka verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnana.

Í árslok 1997 voru samþykkt lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Verðbréfamiðstöðvar fá starfsleyfi viðskiptaráðherra samkvæmt lögunum. Með verðbréfamiðstöð verður uppgjör verðbréfaviðskipta rafrænt og þar verða eignir fjárfesta skráðar rafrænt fyrir milligöngu reikningsstofnana, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóða, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, Seðlabankans og Lánasýslu ríkisins. Verðbréf sem tekin eru til skráningar í verðbréfamiðstöð verða ekki gefin út á pappír og eina lögformlega skráningin á réttindum eigandans verður í verðbréfamiðstöð. Stofnað hefur verið félag um verðbréfamiðstöð hér á landi.

Með tilkomu verðbréfamiðstöðvar mun áhætta af verðbréfaviðskiptum minnka mjög. Hins vegar er mjög mikilvægt að almenningur eða fyrirtæki bíði ekki fjárhagslegt tjón ef mistök verða í starfsemi hennar. Almenningur og fyrirtæki eiga ekki að þurfa að óttast um öryggi fjármuna sinna í verðbréfamiðstöð.

Samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa ber verðbréfamiðstöð hlutlæga ábyrgð á tjóni sem rakið verður til starfsemi hennar í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi í miðstöðinni. Bótaábyrgð nær þó hvorki til tjóns vegna glataðra viðskiptatækifæra né til tjóns vegna óviðráðanlegra ytri atvika. Sömu reglur gilda um reikningsstofnun ef tjón verður rakið til starfsemi hennar. Samanlagður

ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvar skal að lágmarki nema 650 millj. kr. í formi ábyrgða eða á annan hátt.

Bætur fyrir mistök í skráningu í verðbréfamiðstöð eru eftir atvikum greiddar af verðbréfamiðstöð eða reikningsstofnun. Sérstakur ábyrgðarsjóður er í verðbréfamiðstöð vegna mistaka sem rakin verða til starfsemi hennar, eins og að framan greinir, en ekki er gerð krafa í lögum um sambærilegan sjóð reikningsstofnana. Tryggingakerfi fyrir fjárfesta mun samkvæmt tilskipun ESB veita fjárfestum ákveðna lágmarksvernd ef fyrirtæki í verðbréfaþjónustu getur ekki afhent verðbréf sem eru í vörslu þess og fyrirtækið er ekki fjárhagslega í stakk búið að standa við skuldbindingar sínar. Ekki skiptir máli í þessu efni hvort verðbréfin eru á pappírsformi eða í rafrænni vörslu á verðbréfareikningi í umsjón fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.

Líkur á gjaldþroti fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Þó svo að tilskipun um tryggingakerfi fyrir fjárfesta byggist að mestu leyti á innstæðutryggingatilskipuninni er þó engu að síður veigamikill munur á innstæðum og viðskiptum með verðbréf. Innstæður eru meginuppistaðan í fjármögnun banka og sparisjóða og koma fram á efnahagsreikningi þeirra. Þessu er ólíkt farið hjá fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu. Þau eru oftast að selja bréf sem gefin eru út af þriðja aðila. Verðbréf sem tryggð eru samkvæmt tilskipuninnni koma því ekki fram á efnahagsreikningi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt skv. 19. gr. laga um verðbréfaviðskipti að halda fjármunum viðskiptamanna sinna tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu getur því orðið gjaldþrota án þess að viðskiptavinir fyrirtækisins í tengslum við viðskipti með verðbréf tapi fjármunum sínum. Til að viðskiptavinir fyrirtækisins tapi fjármunum þurfa að koma til stórkostleg mistök eða sviksamlegt athæfi.

Ógjörningur er að meta líkur á gjaldþroti fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Með öflugu lögbundnu eftirliti og ströngum lagaskilyrðum um eigið fé og áhættustýringu ættu gjaldþrot fyrirtækja í verðbréfaþjónustu að vera afar fátíð. Reynslan annars staðar á Norðurlöndum bendir einmitt til að svo sé. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að viðskiptavinir geti tapað fjármunum vegna gjaldþrots verðbréfafyrirtækis, en markmið tilskipunarinnar er að vernda fjárfesta gegn slíku.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eignir verðbréfadeildar sjóðsins verði a.m.k. 100 millj. kr. Talið er að líkur á að viðskiptavinir fyrirtækja í verðbréfaþjónustu tapi meiri fjármunum á gjaldþroti séu litlar. Stærð sjóðsins er hlutfallslega svipuð og sambærilegra sjóða í Danmörku og Svíþjóð. Ráðherra getur að tillögu stjórnar sjóðsins ákveðið að auka eignir verðbréfadeildar sjóðsins.

Fjárhagsstaða tryggingarsjóða innlánsstofnana.

Tryggingaskyldar innstæður í viðskiptabönkum og sparisjóðum voru samtals um 180 milljarðar kr. í árslok 1997. Í lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, segir að stefnt skuli að því að heildareignir innstæðudeildanna séu a.m.k. 1% af samanlögðum tryggðum innstæðum. Eignir innstæðudeilda Tryggingasjóðs viðskiptabanka og Tryggingasjóðs sparisjóða eru hins vegar samtals tæpar 2.400 millj. kr. eða um 1,3% af tryggingastofni. Samanlagðar innstæður í innstæðudeildum eru því vel ofan við lögbundið lágmark. Eignir innstæðudeildar Tryggingasjóðs viðskiptabanka eru hins vegar hlutfallslega hærri en Tryggingasjóðs sparisjóða. Eignir innstæðudeildar Tryggingasjóðs viðskiptabanka voru 1.950 millj. kr. í árslok 1997 en tryggingaskyldar innstæður voru á sama tíma 145 milljarðar kr. Eign deildarinnar samsvarar því 1,35% af tryggðum innstæðum. Eignir í innstæðu-

deildinni umfram lögbundið lágmark eru því um 500 millj. kr. Ekkert hefur verið greitt inn í sjóðinn sl. fimm ár, eða frá því að innstæðan náði hinu lögbundna lágmarki, og síðan hefur ávöxtun sjóðsins verið mun betri en nemur aukningu innlána. Það breyttist hins vegar árið 1998. Innlán jukust meira en nam ávöxtun sjóðsins. Eign deildarinnar sem hlutfall af tryggðum innstæðum lækkaði því á árinu 1998.

Eignir innstæðudeildar Tryggingasjóðs sparisjóða voru 442 millj. kr. í árslok 1997, en tryggingaskyldar innstæður voru um 39,6 milljarðar kr. Hlutfallið er því 1,11%. Áætlanir gerðu ráð fyrir að hlutfallið væri 1,15% í lok ársins 1998. Ástæðan fyrir lægra hlutfalli hjá Tryggingasjóði sparisjóða en hjá Tryggingarsjóði viðskiptabanka er fyrst og fremst sú að með breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði frá 1996 breyttist mjög starfsumhverfi sjóðsins. Sjóðnum var þá skipt í innstæðudeild og lánadeild en hann hafði áður verið rekinn í einni deild. Óheimilt er að flytja fé á milli deilda. Við stofnun innstæðudeildar sjóðsins var upphæð sem svarar til því sem næst 1% af tryggðum innstæðum flutt í hana.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er sett fram það markmið laganna að veita innstæðueigendum og fjárfestum lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Þeir sem njóta tryggingarverndar eru annars vegar innstæðueigendur í bönkum og sparisjóðum, sbr. ákvæði 9. gr., og hins vegar viðskiptavinir fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga um verðbréfaviðskipti til að stunda viðskipti með verðbréf, sbr. þó ákvæði 9. gr. Hér er átt við viðskiptamenn í tengslum við viðskipti með verðbréf en ekki almenna birgja fyrirtækisins. Þessi fyrirtæki geta verið viðskiptabankar, sparisjóðir, lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 123/1993, og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að sérstök stofnun, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, fari með tryggingar samkvæmt lögum þessum. Fallið er frá því að nefna sjóðinn eftir þeim fyrirtækjum sem í hann greiða, sbr. Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða, en sjóðurinn þess í stað nefndur eftir þeim sem tryggðir eru gegn greiðsluerfiðleikum fyrirtækjanna.

Lagt er til að sjóðurinn verði sjálfseignarstofnun eins og Trygingarsjóður sparisjóða er nú. Tryggingarsjóður viðskiptabanka er hins vegar ríkisstofnun. Fram til 1998 voru Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands ríkisbankar og nutu ríkisábyrgðar. Nú eru allir viðskiptabankar hins vegar reknir í formi hlutafélaga og njóta því ekki ríkisábyrgðar. Ekki þykir ástæða til að hinn nýi tryggingarsjóður verði rekinn sem ríkisstofnun. Þykir fara best á því að sjóðurinn verði rekin sem sjálfseignarstofnun, enda kemur þá skýrt fram að aðilar að sjóðnum eiga ekki það fé sem í honum liggur. Sjálfseignarstofnun er einnig velþekkt rekstrarform þótt það sé reyndar ekki vel skilgreint í lögum.

Um 3. gr.

Aðilar að sjóðnum skulu samkvæmt greininni vera viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf. Allir viðskiptabankar, sparisjóðir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu eiga aðild að sjóðnum en hins vegar þykir ekki rétt að lánastofnanir sem starfa samkvæmt lögum nr. 123/1993 eigi aðild að sjóðnum nema því aðeins að viðkomandi lánastofnun nýti sér heimildir laga til

að stunda verðbréfaviðskipti. Sem dæmi um aðrar lánastofnanir sem ekki nýta sér þessar heimildir eru Hafnabótasjóður og Orkusjóður.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um skipan og hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra. Í 1. mgr. er gerð grein fyrir skipan stjórnar og lagt til að stjórn sjóðsins skipi fimm manns. Lagt er til að aðildarfyrirtæki tilnefni meiri hluta í stjórn sjóðsins en viðskiptaráðherra tvo. Í stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka eru nú þrír menn, þar af tveir tilnefndir af viðskiptaráðherra og einn frá viðskiptabönkum. Í stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða eru fimm manns, fjórir frá sparisjóðum og einn tilnefndur af viðskiptaráðherra.

Í 2. mgr. kemur fram heimild stjórnar til að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn, eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Ekki er gert ráð fyrir fullu starfi framkvæmdastjóra. Umfang starfseminnar er tiltölulega lítið á meðan ekki kemur til útborgunar úr sjóðnum og felst aðallega í umsjón með inngreiðslum og umsýslu með verðbréf. Tryggingarsjóður viðskiptabanka er nú í vörslu Seðlabankans en Tryggingarsjóður sparisjóða í vörslu sparisjóðanna.

Í 3. mgr. koma fram hæfisskilyrði fyrir stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Skilyrðin í 3. mgr. eru hin sömu og fram koma í 3. mgr. 6. gr. laga um opinber eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um aðalfundi. Á aðalfundi skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu stjórnar auk þess sem hann setur sjóðnum samþykktir sem þó skulu háðar samþykki ráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Sérhvert aðildarfyrirtæki á rétt til setu á aðildarfundi. Í 2. mgr. er lýst hvernig atkvæðum er skipt milli einstakra flokka fjármálafyrirtækja. Gert er ráð fyrir að viðskiptabankar fari með helming atkvæða á aðildarfundi og sparisjóðir með fjórðung. Viðskiptabankar og sparisjóðir munu eiga aðild að báðum deildum sjóðsins, innstæðudeild og verðbréfadeild. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir munu hins vegar aðeins greiða í verðbréfadeild sjóðsins og er lagt til að þessi fyrirtæki fari saman með fjórðung atkvæða á aðildarfundi.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um inngreiðslur í innstæðudeild sjóðsins og byggist í öllum efnisatriðum á 80. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Eins og fram kom í almennum athugasemdum verður hlutfall eigna í innstæðudeild sjóðsins nokkru hærra en lögbundið 1% lágmark. Gera má ráð fyrir að hlutfall eigna Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða af tryggðum eignum hafi verið um 1,24% í lok árs 1998. Ólíklegt er því að komi til innborgunar viðskiptabanka og sparisjóða í innstæðudeildina á næstu missirum. Í greininni kemur jafnframt fram að greiðslur til sjóðsins séu óendurkræfar. Stjórn sjóðsins getur því ekki ráðstafað til baka þeim hluta eigna deildarinnar sem er umfram lágmarkið.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að eignir verðbréfadeildar skuli vera a.m.k. 100 millj. kr. Í tilskipun um tryggingakerfi fyrir fjárfesta er ekki gert ráð fyrir samræmingu á fjármögnun tryggingakerfanna á milli landa né heldur er kveðið á um stærð kerfisins. Það er því á valdi einstakra aðildarríkja að setja reglur um stærð sjóðsins og fjármögnun.

Gera má ráð fyrir að tryggð verðbréf í vörslu eða umsjón verðbréfafyrirtækja fyrir viðskiptamenn þeirra hafi verið um 200–210 milljarðar kr. í lok árs 1998. Þar af eru um 70 milljarðar kr. í verðbréfasjóðum og hlutabréfasjóðum sem að stórum hluta eru í öryggisvörslu í verðbréfafyrirtækjum. Gera má ráð fyrir að rúmlega 100 milljarðar kr. af fé stofnanafjárfesta sé í fjárvörslu í verðbréfafyrirtækjum. Samkvæmt upplýsingum frá verðbréfafyrirtækjum eru um 25 milljarðar kr. í fjárvörslu í eigu tæplega tvö þúsund einstaklinga og lögaðila annarra en fagfjárfesta. Meðalupphæð einstaklinga og lögaðila annarra en fagfjárfesta er samkvæmt þessu um 12,5 millj. kr. Auk þessa tryggir verðbréfadeildin innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis, sbr. 9. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að eignir deildarinnar verði að ákveðnu lágmarki sem hækki með ákvörðun ráðherra samkvæmt tillögu stjónar sjóðsins í stað þess að eignir deildarinnar breytist í samræmi við tryggingarstofn líkt og í innstæðudeildinni. Danir og Svíar hafa einnig farið þá leið að fastsetja eignir deildarinnar. Ástæðan er fyrst og fremst sú að tryggingarstofn verðbréfadeildarinnar er að öðru jöfnu meiri breytingum háður en tryggðar innstæður í verðbréfadeild.

Viðskiptaráðuneytið fékk Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðing til að gera tillögu um æskilega stærð verðbréfadeildar með hliðsjón af fjárhæð í vörslu hjá verðbréfafyrirtækjum og fjölda fjárvörslureikninga. Niðurstaða Benedikts var sú að æskileg stærð sjóðs væri í kringum 100 millj. kr. og er í frumvarpinu miðað við þá fjárhæð. Hún er einnig í góðu samræmi við sambærilega sjóði í Danmörku og Svíþjóð.

Verðbréfadeild sjóðsins er lítil í samanburði við tryggð verðbréf. Hins vegar er ljóst, eins og kom fram í almennum athugasemdum við frumvarpið, að til þess að viðskiptavinir fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar tapi fé í tengslum við viðskipti með verðbréf þurfa að koma til stórkostleg mistök eða sviksamlegt athæfi. Telja verður líklegt að 100 millj. kr. í verðbréfadeild muni nægja til að tryggja lágmarksbætur fyrir viðskiptavini fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar við gjaldþrot hennar. Ekki þykir því rétt að binda meira fé í verðbréfadeild sjóðsins.

Í 3. mgr. kemur fram að sjóðnum sé heimilt að kaupa vátryggingu til að tryggja sig gegn tjóni. Það kann að reynast hentugri kostur að kaupa vátryggingu en að safna í sjóð. Sjálfsagt þykir að stjórn sjóðsins hafi heimild til að taka þann kost sem hagkvæmastur þykir. Í Svíþjóð er hinn nýi tryggingarsjóður um þessar mundir að kanna áhuga vátryggingarfélaga á slíkri tryggingu.

Í 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að ákvarða með reglugerð hvernig greiðslum aðildarfyrirtækja verði háttað og hvernig ný aðildarfyrirtæki fái inngöngu.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 81. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Lagt er til að stjórn sjóðsins kynni bæði ráðherra og Fjármálaeftirlitnu ef aðildarfyrirtæki uppfyllir ekki skyldur sínar gagnvart sjóðnum.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir viðskiptavina aðildarfyrirtækja til að krefja sjóðinn um greiðslu. Greinin er byggð á 1.–3. mgr. 78 gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Heimildir viðskiptavina til að krefja sjóðinn um greiðslu eru þó víðtækari en áður þar sem auk innstæðna í bönkum og sparisjóðum eru nú tryggð verðbréf og reiðufé í tengslum við viðskipti með verðbréf. Er það í samræmi við tilskipun ESB um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Í 3. mgr. er nánari skilgreining á tryggðum innstæðum, sbr. 2. mgr. 78. gr. laga nr. 113/1996. Verðbréf teljast ekki til innstæðu samkvæmt þessari grein og er það í samræmi við innstæðutryggingatilskipunina sem heimilar aðildarríkjunum að undanþiggja tryggingunni ýmis innlán, sem og útgefin verðbréf.

Í 4. mgr. er nánari skilgreining á tryggðum verðbréfum. Tryggð eru verðbréf sem eru í vörslu, umsjón eða umsýslu aðildarfyrirtækis og því ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti aðildarfyrirtækja og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum. Hér er átt við eignaumsýslu, svo sem vegna fjárvörslu eða öryggisvörslu fjár, sem einkanlega á sér stað í verðbréfafyrirtækjum.

Í 5. mgr. er nánari skilgreining á tryggðu reiðufé. Hér er átt við innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis þegar aðildarfyrirtæki stendur ekki við skyldu sína um afhendingu keyptra verðbréfa. Hér er átt við kröfur sem til eru komnar vegna verðbréfamiðlunar í lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu. Sem dæmi má nefna að einhver tími getur liðið frá því að viðskiptavinur leggur fé inn á reikning verðbréfafyrirtækis og þar til eign hans er færð til bókar í fyrirtækinu.

Í 6. mgr. er kveðið á um undanþágur frá tryggingu. Þær eru af tvennum toga. Annars vegar eru undanskildar innstæður, verðbréf og reiðufé í eigu aðildarfyrirtækja, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning. Þetta er í samræmi við ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóða um innstæðutryggingarsjóði. Þar sem aðildarfyrirtæki taka nú ekki einungis til viðskiptabanka og sparisjóða heldur einnig til annarra lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu er um útvíkkun á þessari undanþágu að ræða. Hins vegar eru undanskildar innstæður, verðbréf og reiðufé sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti. Þessi undanþága er í samræmi við tilskipanir um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 3. og 4. mgr. 80. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 11. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að heimilt sé að lána allt að 50 millj. kr. á milli innstæðudeildar og verðbréfadeildar. Rétt þykir að hafa heimild til að auka eignir annarrar deildarinnar ef hún verður eignalaus vegna gjaldþrots.

Um 12. gr.

Í greininni kemur fram heimild fyrir sjóðinn að veita aðildarfyrirtækjum víkjandi lán. Sams konar heimild er fyrir hendi í 79. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Þykir ástæða til að viðhalda henni. Með því á sjóðurinn möguleika á að grípa fyrr til aðgerða og minnka þannig líkurnar á því að komi til útgreiðslu til viðskiptavina.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 77. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nema hún tekur einnig til annarra lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Rétt þykir að taka fram í þessu sambandi að sjóðurinn tryggir einnig innstæður viðskiptavina innlendra aðildarfyrirtækja í útibúum annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um 14.–15.gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að aðildarfyrirtæki skuli ætíð hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um aðild sína að sjóðnum. Sambærilegt ákvæði er að finna í reglugerð nr. 21/1997, um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og tilhögun á greiðslum úr tryggingarsjóðum innlánsstofnana. Þykir rétt að ákvæði um upplýsingaskyldu, sem þýðingu hefur fyrir neytendavernd, sé fundinn staður í lögum frekar en reglugerð.

Í 2. mgr. er kveðið á um að auglýsingar aðildarfyrirtækja um aðild að sjóðnum skuli takmörkuð við beina tilvísun til hlutaðeigandi deildar. Þykir rétt að stemmu stigu við því að aðildarfyrirtæki nýti sér aðild að sjóðnum í samkeppnisskyni. Samsvarandi ákvæði er að finna í reglugerð nr. 21/1997, um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og tilhögun á greiðslum úr tryggingarsjóðum innlánsstofnana

Um 17. gr.

Í greininni er undanþága frá tekjuskatti og eignarskatti, gjaldþrotaskiptum og aðför. Þetta er í samræmi við 78. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Markmiðið með öryggissjóðum er að tryggja hagsmuni viðskiptavina og fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka eða sparisjóða. Með slíku forvarnastarfi má leiða að því líkum að síður komi til kasta Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Ákvæði þessarar greinar eru ekki ný af nálinni því að þau eiga sér samsvörun í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Heimildir viðskiptabanka og sparisjóða til að stofna sjálfseignarstofnanir í þessum tilgangi eru því fyrir hendi í gildandi lögum. Til viðbótar við gildandi lög er veitt heimild fyrir öryggissjóði til að rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparisjóðs til að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og fjárhagslegt öryggi.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fjárfesta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýtt tryggingakerfi fyrir fjárfesta renni saman í einn sjóð. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir verði einnig aðilar að sjóðnum sem samkvæmt frumvarpinu mun heita Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Tilgangurinn er m.a. að mynda einn tryggingarsjóð sem verndar innstæðueigendur og viðskiptavini lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu gegn greiðsluerfiðleikum þessara fyrirtækja.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta verði sjálfseignarstofnun með aðild allra viðskiptabanka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja og annarra sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf. Gert er ráð fyrir að þessir aðilar greiði í tryggingarsjóð, svo og allan stofn- og rekstrarkostnað.

Í aðalatriðum eru efnislega hliðstæð ákvæði nú þegar í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og hefur Fjármálaeftirlitið og viðskiptaráðuneyti eftirlit með framkvæmd þeirra laga. Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins muni leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

1082. Nefndarálit [160. mál]

um till. til þál. um markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem borist hafa um það á þessu þingi og því síðasta frá landbúnaðarráðuneyti, Landssamtökum sláturleyfishafa, Framleiðsluráði landbúnaðarins, markaðsráði kindakjöts, Bændasamtökum Íslands og Íslenskum sjávarafurðum hf.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að leita samstarfs við samtök og fyrirtæki í atvinnulífinu um gerð markaðsáætlunar um sölu á íslensku dilkakjöti erlendis.

Egill Jónsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 1999.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Hjálmar Jónsson.	Magnús Stefánsson.
Guðjón Guðmundsson.	Katrín Fjeldsted.	Ágúst Einarsson.

Sigríður Jóhannesdóttir.

1083. Nefndarálit [241. mál]

um till. til þál. um stuðning ríkisvaldsins við kræklingarækt og annan fjörubúskap.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigmar Arnar Steingrímsson, Guðrúnu Þórarinsdóttur og Hrafnkel Eiríksson frá Hafrannsóknastofnuninni. Umsagnir hafa ekki borist um málið.

Nefndin tekur undir markmið tillögunnar og telur þarft mál að huga að undirbúningi skeldýraeldis hér við land, meðal annars með því að efla rannsóknarstarf Hafrannsóknastofnunarinnar á þessu sviði. Ekki er einsýnt um að breyta þurfi löggjöf og eru því lagðar til breytingar á tillögutextanum.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa, með lagasetningu ef þarf, kræklingaeldi og hvers konar annan fjörubúskap sem ætla má að verði á næstu árum tekinn upp á lögbýlum sem aðgang eiga að sjó og að sjá til þess að á viðeigandi rannsóknastofnunum verði sú sérfræðiþekking fyrir hendi sem að haldi má koma og þarf til þess að leiðbeina væntanlegum ræktendum skelfisks og hafa fullnægjandi eftirlit með framleiðslu þeirra í samræmi við kröfur einstakra markaða.

Alþingi, 9. mars 1999.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Svanfríður Jónasdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Vilhjálmur Egilsson.	Stefán Guðmundsson.	Hjálmar Árnason.

1084. Nefndarálit [521. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og um breyt. á l. nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á stofn sérstök óháð úrskurðarnefnd, þangað sem viðskiptavinir Tryggingastofnunar ríkisins geti skotið ágreiningsefnum varðandi ákvarðanir stofnunarinnar um bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð.

Nefndin varð öll sammála um að leggja til að af þeim þremur mönnum sem ráðherra skipar í úrskurðarnefndina skuli Hæstiréttur tilnefna tvo. Sömuleiðis var samstaða um að gera tillögu um að úrskurðarnefndin gæti að kröfu beggja málsaðila frestað réttaráhrifum úrskurðar. Minni hlutinn styður því breytingartillögu meiri hlutans við 2. gr. frumvarpsins í þskj. 1057.

Gildandi lög um almannatryggingar mæla fyrir um tvenns konar hlutverk tryggingaráðs. Annars vegar er ráðið úrskurðaraðili í deilumálum sem koma upp milli Tryggingastofnunar og viðskiptavina hennar. Hins vegar hefur það ákveðna stjórn og eftirlit með starfsemi stofnunarinnar. Öryrkjar og aldraðir, sem eru fjölmennir í hópi viðskiptavina stofnunarinnar, hafa lengi óskað eftir því að eiga fulltrúa í tryggingaráði. Því hefur jafnan verið hafnað og með vísan til úrskurðarhlutverks ráðsins hafa stjórnvöld talið óeðlilegt að þessir hópar ættu fulltrúa þar. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að úrskurðarhlutverk ráðsins flytjist alfarið til hinnar nýju úrskurðarnefndar. Helstu rökin sem beitt hefur verið gegn setu fulltrúa framangreindra hópa í ráðinu eru því ekki lengur fyrir hendi. Reyndar er mikilvægt að aðhaldshlutverk tryggingaráðs sé eflt með hliðsjón af því að úrskurðarvald í ágreiningsmálum er fært til annars aðila. Minni hlutinn telur því að Landsamband aldraðra og Öryrkjabandalag Íslands ættu að fá fulltrúa í ráðinu.

Í a-lið 4. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um upphæð fulls árlegs ellilífeyris. Minni hlutinn telur að breyting á lífeyri eigi að fylgja hækkunum á launavísitölu Hagstofu Íslands. Miðað við hækkun hennar frá desember 1994 til desember 1998 ætti upphæð fulls lífeyris að vera 191.622 kr. en ekki 181.476 kr. eins og lagt er til í framangreindu ákvæði. Minni hlutinn telur því að fjárhæðinni þurfi að breyta til samræmis við þetta.

Í b-lið sömu greinar er fjallað um skerðingu lífeyris hjóna ef bæði fá lífeyri. Minni hlutinn tekur undir álit frá Aðgerðahópi aldraðra sem telur að mismunun fólks eftir heimilishaldi stríði gegn jafnrétti og að skerðing grunnlífeyris af þessari ástæðu feli því í sér ranglæti. Af þeim sökum telur hann að ákvæðinu þurfi að breyta þannig að lífeyrir hjóna sem bæði fá lífeyri verði tvöfaldur lífeyrir einstaklings.

Í 14. gr. frumvarpsins er breyting sem varðar kostnað við læknismeðferð psoriasissjúklinga. Í greinargerð með frumvarpinu er breytingin m.a. skýrð með því að eftir tilkomu Bláa lónsins sé ekki þörf á sérákvæðum um læknishjálp psoriasissjúklinga á meðferðarstofnunum erlendis. Rétt er að geta þess að í nefndinni komu fram upplýsingar um að meðferð í Bláa lóninu dugar ekki öllum sjúklingum. Með þessu er verið að afnema sérákvæði sem fortakslaust hafa veitt psoriasissjúklingum rétt á loftslagsmeðferð erlendis. Minni hlutinn telur það rangt og leggur áherslu á að þessari grein þurfi að breyta.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson, áheyrnarfulltrúi þingflokks óháðra, er samþykkur álitinu.

Alþingi, 5. mars 1999.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm. Bryndís Hlöðversdóttir.

1085. Breytingartillögur [521. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og um breyt. á l. nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur og Ögmundi Jónassyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Landssamband eldri borgara tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað upphæðarinnar „181.476 kr.“ í a-lið komi: 191.622 kr.
   b. b-liður orðist svo: 3. mgr. orðast svo:
      Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema tvöföldum lífeyri einstaklings. Heimilt er þó að miða lífeyri beggja við búsetutíma þess sem á lengri réttindatíma, sbr. lokamálslið 2. mgr.
3. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:
   a. F-liður 1. mgr. orðast svo: Að greiða kostnað samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar. Beri meðferð psoriasissjúklings hér á landi ekki fullnægjandi árangur að mati sérfræðinga og þörf er á loftslagsmeðferð á meðferðarstöð erlendis skal Tryggingastofnun ríkisins greiða kostnað fyrir allt að fjögurra vikna meðferð á ári samkvæmt nánari útfærslu í reglugerð.
   b. 2. mgr. fellur brott.

1086. Nefndarálit [547. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að breyta ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, um að héraðsnefndir tilnefni fulltrúa í jarðanefndir. Hefur héraðsnefndum farið fækkandi á undanförnum árum vegna sameiningar og fækkunar sveitarfélaga og er nú svo komið að á nokkrum landsvæðum starfa ekki héraðsnefndir lengur. Hefur því komið upp það vandamál að landbúnaðarráðherra hefur ekki verið unnt að skipa jarðanefnd þar sem tilnefningar hafa ekki legið fyrir frá héraðsnefnd. Vegna þessa þykir nauðsynlegt að breyta ákvæði 4. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að héraðsnefndir tilnefni fulltrúa í jarðanefndir.

Með frumvarpi þessu er lagt til að leyst verði úr þessu vandamáli með því að sýslumenn taki við því hlutverki af héraðsnefndum að tilnefna fulltrúa í jarðanefndir.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 9. mars 1999.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Katrín Fjeldsted.
Guðjón Guðmundsson.	Ágúst Einarsson.	Hjálmar Jónsson.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Magnús Stefánsson.

1087. Fyrirspurn [600. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu í Grindavík.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Er ráðherra tilbúinn að styðja ákvörðun sýslumannsins í Keflavík um að leggja niður bakvaktir hjá lögreglunni í Grindavík þó að sýnt hafi verið fram á að það hafi ekki sparnað í för með sér og tryggi ekki sem skyldi öryggi íbúanna í Grindavík?
2. Telur ráðherra að löggæslu sé sinnt nægilega vel í verstöðvarbæ þar sem búa 2.169 manns og þar á ofan yfir 200 manns sem búa nú í verbúðum, auk þess sem fjölmargir bætast í hópinn í landlegum, þegar tekur minnst 25 mínútur að kalla til lögregluaðstoð úr næstu opinni lögreglustöð frá kl. 1 eftir miðnætti í miðri viku?
3. Er ráðherra tilbúinn að staðfesta með lögum eða reglugerð að lögreglustöð skuli vera áfram í Grindavík?
4. Er ráðherra tilbúinn til að staðfesta að áfram verði rekin umboðsskrifstofa sýslumanns í Grindavík eins og verið hefur?

Skriflegt svar óskast.

1088. Skýrsla [601. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar flugslysa fyrir árið 1998.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996, í samræmi við ný lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa, en þá var rannsóknardeild Flugmálastjórnar lögð niður, svo og starfsemi flugslysanefndar sem var fyrst skipuð 1968.

Rannsóknarnefnd flugslysa er sjálfstæð stofnun sem starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum.

Rannsóknarnefnd flugslysa annast rannsókn allra flugslysa, þar með taldra alvarlegra flugatvika og flugumferðaratvika. Flugslysarannsóknir miða að því einu að koma í veg fyrir flugslys og að auka öryggi í flugi.

Rannsóknarnefnd flugslysa heyrir stjórnsýslulega undir samgönguráðherra.

Nefndina skipa fimm menn:

— Skúli Jón Sigurðarson, BA, formaður,
— Þorsteinn Þorsteinsson flugvélaverkfræðingur, varaformaður,
— Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í lögum við HÍ,
— Steinar Steinarsson, flugstjóri hjá Flugleiðum hf.,
— Sveinn Björnsson, flugmaður og framkvæmdastjóri Flugþjónustunnar ehf.

Þeir Skúli Jón Sigurðarson og Þorsteinn Þorsteinsson eru skipaðir ótímabundið og eru fastir starfsmenn nefndarinnar.

Hinir þrír nefndarmennirnir eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Núgildandi skipun þeirra gildir til 1. júlí 2001.

Skrifstofa og aðsetur rannsóknarnefndar flugslysa er í leiguhúsnæði á 2. hæð húss Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík við Flugvallarveg á Reykjavíkurflugvelli.

Í fjárlögum fyrir árið 1998 voru 15,4 millj. kr. ætlaðar til starfsemi rannsóknarnefndar flugslysa.

Fjárlög 1998	15,4 millj. kr.
Yfirfært frá síðasta ári	- 2,5 millj. kr.
Heildarkostnaður árið 1998 varð	16,3 millj. kr.

Neikvæður mismunur, 3,4 millj. kr., færist til næsta árs.

Skýringar:

Með lögum nr. 59/1996 var rannsóknarnefnd flugslysa gerð að sjálfstæðri stofnun. Húsnæði fyrir starfsemina var tekið á leigu árið 1997 í húsi Flugbjörgunarsveitarinnar á Reykjavíkurflugvelli.

Kostnaður við innréttingar húsnæðisins og frágang skrifstofu nefndarinnar, samtals 5,3 millj. kr., var greiddur af fjárveitingum til starfsemi nefndarinnar. Eftirstöðvar í árslok 1997 að fjárhæð 2,5 millj. kr. voru yfirfærðar til ársins 1998.

Launabreytingar á árinu 1998 urðu aðalorsök þess að kostnaðurinn við starfsemina varð meiri en áætlað var.

Sótt verður um fjárveitingu í fjáraukalögum fyrir árið 1999 til þess að greiða halla á rekstri nefndarinnar í árslok 1998, að fjárhæð 3,4 millj. kr., sem að mestu leyti er tilkominn vegna innréttingar á húsnæði á árinu 1997.

Yfirlit um flugslys 1998.

Á árinu 1998 skráði Rannsóknarnefnd flugslysa (RNF) samtals 105 atvik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið. Af þessum atvikum tók RNF 32 til sérstakrar athugunar eða rannsóknar og 28 þeirra voru flokkuð sem flugslys, alvarleg flugatvik[1] eða flugumferðaratvik og rannsökuð sem slík.

---

[1] *Alvarlegt flugatvik*: Atvik sem innifelur kringumstæður, sem benda til þess að legið hafi við flugslysi.

Eitt dauðaslys varð í flugi á árinu þegar þýsk einkaflugvél með þremur mönnum fórst við Hornafjörð.

Fjórir Íslendingar slösuðust alvarlega í tveimur flugslysum. Annað slysið varð í einkaflugi þar sem einn maður slasaðist, en hitt varð í þjónustuflugi en þar slösuðust þrír menn. Fullyrða má að hurð hafi oft skollið nærri hælum, en betur farið en á horfðist, svo sem þegar kviknaði í flugvél Landgræðslu ríkisins á flugi austan Selfossflugvallar, en þar um borð voru fimm menn.

Töluvert eignatjón varð í mörgum tilvikanna. Ein flugvél eyðilagðist í flugslysi á Bakkaflugvelli, en líklegt er að gert verði við önnur íslensk loftför, sem skemmdust í flugslysum og flugatvikum á árinu.

Allmörg atvikanna vörðuðu erlendar flugvélar. Auk dauðaslyssins sem áður gat um má geta um þýska breiðþotu sem nauðlenti á Keflavíkurflugvelli eftir að eldur kviknaði um borð, bandaríska FH-227 skrúfuþotu sem magalenti á Keflavíkurflugvelli og tveggja hreyfla ítalska einkaþotu sem rann út af flugbraut þar í lendingu. Töluvert tjón varð á FH-227 flugvélinni sem enn stendur á Keflavíkurflugvelli.

Þrjár erlendar flugvélar á leið til landsins fórust utan íslenskrar lögsögu. Tvær þeirra fóru í hafið og ein fórst á Grænlandsjökli. Ein flugvél sem keypt hafði verið til landsins en var enn skrásett erlendis fórst í Ermasundi á leið til landsins. Í þessum flugslysum fórust þrír erlendir flugmenn, en einum varð bjargað um borð í íslenskt fiskiskip vestur af landinu.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals 21 tillögu til úrbóta í öryggismálum í tíu af rannsóknarskýrslum þeim sem hún gerði um flugslys og alvarleg flugatvik á árinu 1998. Tillögum þessum var öllum beint til Flugmálastjórnar Íslands, nema fjórum sem beint var til flugmálastjórna Bandaríkjanna og Þýskalands. RNF lauk ekki formlegri skýrslugerð fyrir áramótin um eitt flugslys og eitt flugumferðaratvik sem urðu á árinu, en þar verða væntanlega einnig gerðar tillögur til úrbóta í öryggismálum.

Bandaríkjamenn og Þjóðverjar brugðust skjótt við tillögum nefndarinnar og í framhaldi af skýrslu RNF var Boeing-flugvélaverkmiðjunum gert að framkvæma tilteknar fyrirbyggjandi aðgerðir. M.a. var sett sérstök skoðunaráætlun á laggirnar fyrir B-767 flugvélar og tók hún gildi í janúar 1999. Einnig var því beint til Boeing-verksmiðjanna að hanna öryggiskerfi sem taki til viðkomandi vanda og þær hafa samþykkt að gera svo.

Skv. 7. gr. laga nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa, er flugmálayfirvöldum skylt að sjá til þess að úrbótatillögur RNF séu teknar til formlegrar afgreiðslu. Flugmálastjórn vinnur að framkvæmd og afgreiðslu tillagna sem RNF gerði á árinu 1998 og verður gerð grein fyrir þeim, svo og viðbrögðum Flugmálastjórnar, í ársskýrslu RNF sem kemur væntanlega út í apríl 1999. Flestar lúta tillögur þessar að starfsreglum og vinnubrögðum á ýmsum sviðum í flugi. Einnig er þar m.a. bent á að brýnt er að sett verði reglugerð um flugvelli, sbr. 55 gr. eldri laga nr. 34/1964, um loftferðir, og skv. 56. gr. hinna nýju laga nr. 60/1998, um loftferðir.

Samgönguráðuneytið setti 25. febrúar 1998 nýja reglugerð um tilkynningarskyldu flugslysa og flugatvika.

Töflur um flugslys, alvarleg flugatvik og flugumferðaratvik.[1]

Flugslys og alvarleg flugatvik á íslenskum loftförum árin 1994–98.

Manntjón og meiðsli flokkuð eftir tegund flugstarfsemi og gerð loftfara.

TEGUND FLUG-STARFSEMI		Fjöldi slysa og atvika						Fjöldi fólks um borð í loftfari								Utan loftfars		Fjöldi alls
		Þungi		Gerð loftfars				Látnir			Meiddir			Ómeiddir				
		>5.700 kg	≤5.700 kg	Flugvél	Sviffluga	Þyrla	Annað	Áhöfn	Farþegar	Aðrir	Áhöfn	Farþegar	Aðrir	Áhöfn	Farþegar	Látnir	Meiddir	
Atvinnuflug:																		
Áætlunarflug		5	0	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	17	284	0	0	301
Leiguflug		6	0	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	59	1611	0	0	1670
Þjónustuflug		-	1	1	0	0	0	0	0	0	1	2	0	0	0	0	0	3
Verkflug		1	1	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	4	5	0	0	9
Samtals:	1998	12	2	13	0	1	0	0	**0**	**0**	**1**	**2**	**0**	**80**	**1900**	**0**	**0**	**1983**
	1997	8	3	10	0	1	0	1	0	0	1	0	0	50	367	0	0	419
	1996	5	2	7	0	0	0	0	0	0	0	0	0	54	161	0	0	215
	1995	1	1	2	0	0	0	1	0	0	0	0	0	10	42	0	0	53
	1994	1	2	2	0	1	0	0	0	0	0	1	0	8	80	0	0	89
Almennt flug (Ekki atvinnuflug):																		
Einkaflug		0	7	7	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7	3	0	1	11
Kennsluflug		0	2	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	0	0	3
Sviffflug		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Annað flug		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals:	1998	0	9	9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9	4	0	1	14
	1997	0	9	9	0	0	0	1	1	0	1	0	0	8	2	0	0	13
	1996	0	11	11	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11	12	0	0	23
	1995	0	11	9	2	0	0	2	2	0	0	0	0	8	2	0	0	14
	1994	0	9	6	3	0	0	1	1	0	0	2	0	8	13	0	0	25
Allt flug																		
Samtals:	1998	12	11	22	0	1	0	0	0	0	1	2	0	89	1904	0	1	1997
	1997	8	12	19	0	1	0	2	1	0	2	0	0	58	369	0	0	432
	1996	5	13	18	0	0	0	0	0	0	0	0	0	65	173	0	0	238
	1995	1	12	11	2	0	0	3	2	0	0	0	0	15	44	0	0	64
	1994	1	11	8	3	1	0	1	1	0	0	3	0	16	93	0	0	114

[1]Alvarleg flugatvik eru talin hér með frá 1995 og flugumferðaratvik frá 1997.

Flugslys og alvarleg flugatvik í íslenskum loftförum árin 1994–98.

Flokkuð eftir áfanga flugslóðar og flugstarfsemi.

ÁFANGI FLUG-SLÓÐAR	Reglur		Þungi			Flugstarfsemi								Flokkar			
						Atvinnuflug					Almennt flug						
	Blindflug	Sjónflug	>5.700 kg	2.250–5.700 kg	≤2.250 kg	Reglub.	Leigu	Þjónustu	Verk	Annað	Einka	Kennslu	Annað	Flugvél	Þyrla	Sviffluga	Annað
Akstur á jörðu eða kyrrstæð	3	0	3	0	0	2	1	0	0	0	0	0	0	3	0	0	0
Flugtaksbrun	0	2	0	0	2	0	0	0	0	0	2	0	0	2	0	0	0
Fyrsta klifur	2	1	2	0	1	0	2	1	0	0	0	0	0	3	0	0	0
Farflug	4	4	5	0	3	1	3	0	2	0	1	1	0	7	1	0	0
Lækkun	1	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0
Byrjunaraðflug	1	0	1	1	0	1	1	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0
Biðflug	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Lokaaðflug	0	1	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	2	0	0	0
Lendingarbrun	0	2	0	0	2	0	0	0	0	0	1	1	0	2	0	0	0
Annað/flugæfingar	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	1	0	0	1	0	0	0
Samtals: 1998	**11**	**11**	**12**	**1**	**11**	**5**	**7**	**1**	**2**	**0**	**5**	**2**	**2**	**23**	**1**	**0**	**0**
1997	6	14	7	3	10	3	2	3	3	0	7	2	0	19	1	0	0
1996	4	14	5	2	11	2	3	2	0	0	11	0	0	18	0	0	0
1995	1	12	1	0	12	1	0	0	0	1	5	4	2	11	0	2	0
1994	1	11	1	0	11	1	0	1	1	0	5	1	1	8	1	3	0
Skipting í %: 1998	**50**	**50**	**50**	**4**	**46**	**25**	**25**	**4**	**8**	**0**	**20**	**9**	**9**	**96**	**4**	**0**	**0**
1997	30	70	35	15	50	15	10	15	15	0	35	10	0	5	5	0	0
1996	22	78	28	11	61	11	17	11	0	0	61	0	0	0	0	0	0
1995	8	92	8	0	92	8	0	0	0	8	38	31	15	0	0	15	0
1994	8	92	8	0	92	10	0	10	10	0	50	10	10	8	8	25	0

Yfirlit um dauðaslys í íslenskum loftförum frá upphafi.

Nr.	Dags.	Ár	Skrásetn.	Tegund	Málsatvik í stuttu máli	Látnir
01.	27.06.	20	H-2545	Avro-504K	Barn hljóp fyrir einkaflugvél sem var í flugtaksbruni í Vatnsmýrinni í Reykjavík.	001
02.	14.04.	42	TF-ÖRN	Waco-YKS-7	Í þjónustuflugi sneri flugmaðurinn við eftir að hreyfillinn missti afl í flugtaki af Reykjavíkurflugvelli og reyndi að lenda aftur.	002
03.	13.03.	47	TF-RVI	Grumman JRF-6B	Áætlunarflugvél fórst í flugtaki af Hvammsfirði við Búðardal.	004
04.	29.05.	47	TF-ISI	Douglas C-47A	Áætlunarflugvél frá Reykjavík til Akureyrar í sjónflugi inn á Eyjafjörð flaug á Hestfjall í Héðinsfirði austan Siglufjarðar.	025
05.	30.05.	47	TF-KAT	Luscombe 8A	Kennsluflugvél stakkst til jarðar í æfingaflugi við Varmadal á Kjalarnesi.	002
06.	07.03.	48	TF-RVL	Avro Anson V	Áætlunarflugvél flaug á Norðurhálsa við Skálafell á Hellisheiði er flugmaður var að snúa við í sjónflugi frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur.	004
07.	27.03.	48	TF-SAD	Pratt&Reed	Æfingasviffluga stakkst í húsþak eftir að togvír slitnaði íflugtaki og flugmaðurinn reyndi að snúa við og lenda aftur.	002
08.	31.01.	51	TF-ISG	Douglas C-47A	Áætlunarflugvél í aðflugi um radíóvita á Álftanesi til Reykjavíkurflugvallar flaug í sjóinn út af Flekkuvík á Vatnsleysuströnd.	020
09.	11.05.	51	TF-RPM	Airspeed Consul	Einkaflugvél í ferjuflugi til Íslands flaug á heiðardrag í sjónflugi yfir hálendi Skotlands.	003
10.	05.03.	52	TF-KOS	Piper J-3	Einkaflugvél í lágflugi flaug á símastaur við Sandskeið.	001
11.	12.02.	56	TF-KAM	Fleet Finch	Einkaflugvél í sjónflugi frá Akureyri til Reykjavíkur spann til jarðar á Holtavörðuheiði.	001
12.	29.03.	58	TF-BOB	Cessna 172	Einkaflugvél í sjónflugi frá Reykjavík til Akureyrar flaug í jörð við Heiðarfjall á Öxnadalsheiði þegar flugmaður var að snúa við.	004
13.	04.01.	59	TF-HMH	Cessna 180	Þjónustuflugvél flaug í jörðina í Bíldsárskarði á Vaðlaheiði. Var í sjónflugi til Akureyrar eftir að hafa snúið frá í sjónflugi frá Akureyri að Laugaskóla í Reykjadal.	004
14.	24.04.	59	TF-EVE	Cessna 180	Sjúkraflugvél í sjónflugi norðan úr Skagafirði til Reykjavíkur flaug í jörðina í Sátudal á Snæfellsnesi.	003
15.	16.05.	62	TF-KAG	Piper J-3	Einkaflugvél í æfingaflugi flugnema spann í jörðu nálægt Korpúlfsstöðum í Mosfellsbæ.	001
16.	18.03.	63	TF-AID	PA-23-150	Atvinnuflugvél varð að nauðlenda í hafi vestan Grænlands vegna ísingar. Var í ferjuflugi frá Bandaríkjunum til Íslands.	002
17.	14.04.	63	TF-ISU	Vickers V-759	Áætlunarflugvél steyptist til jarðar á lokastefnu í aðflugi að Fornebuflugvelli við Ósló.	012
18.	13.08.	64	TF-AIH	Cessna 140	Kennsluflugvél í sjónflugi fráVestmannaeyjum til Reykjavíkur, flaug á fjallið Litla Meitil við Þrengslin.	001
19.	18.01.	66	TF-AIS	Beech C-45H	Sjúkraflugvél í aðflugi um nótt til Norðfjarðarflugvallar hafnaði í sjónum út af Norðfirði.	002
20.	03.05.	67	TF-AIO	Douglas C-47A	Vöruflutningaflugvél í sjónaðflugi að flugvellinum á Heimaey flaug á Kervíkurfjall við Stakkabót.	003
21.	31.05.	67	TF-AIJ	Piper PA-28-150	Kennsluflugvél flaug í sjóinn í lágflugi kringum bát undan Gufunesi við Reykjavík.	001

Nr.	Dags.	Ár	Skrásetn.	Tegund	Málsatvik í stuttu máli	Látnir
22.	31.07.	67	TF-FLC	Cessna 172	Farþegi hljóp í loftskrúfu einkaflugvélar fyrir flugtak af Reykjavíkurflugvelli.	001
23.	03.10.	67	TF-BGI	Piper PA-22-160	Einkaflugvél í sjónflugi frá Húsavíkurflugvelli til Reykjavíkur týndist yfir sjó.	001
24.	19.02.	68	TF-DGD	Piper PA-30	Kennsluflugvél spann til jarðar á Reykjavíkurflugvelli eftir að bilun varð í loftskrúfu annars hreyfilsins.	002
25.	15.07.	68	TF-DGF	Piper PA-28-150	Einkaflugvél í sjónflugi frá Reykjavík til Ísafjarðar spann til jarðar á Brunnhæð við Látrabjarg.	004
26.	26.09.	70	TF-FIL	Fokker F-27-300	Áætlunarflugvél í aðflugi til flugvallarins á Vogey flaug á fjall á eyjunni Myggenes í Færeyjum.	008
27.	02.12.	70	TF-LLG	Canadair CL-44J	Vöruflutningaflugvél í aðflugi til flugvallarins við Dacca í Austur-Pakistan (Bangla Desh) stakkst til jarðar í aðfluginu.	004
28.	30.07.	71	TF-JEL	Cessna 150	Einkaflugvél spann til jarðar og fórst, í lágflugi við hús í Vogum á Vatnsleysuströnd.	001
29.	11.11.	71	TF-LLJ	Canadair CL-44D4	Dráttarvél var ekið í loftskrúfu hreyfils vöruflutningaflugvélar á flugvellinum í Lúxemborg. Ökumaður dráttarvélarinnar lést.	001
30.	19.03.	72	TF-SAN	Vasama	Æfingasviffluga ofreis og stakkst til jarðar úr lítilli hæð eftir að togvír slitnaði í flugtaki af Sandskeiðsflugvelli.	001
31.	04.06.	72	TF-REH	BN-2A Islander	Farþegi í þjónustuflugi gekk í loftskrúfuna þegar flugvélin var að stöðva eftir lendingu á Akranesflugvelli.	001
32.	26.03.	73	TF-VOR	Beech D-50B	Þjónustuflugvél í blindflugi frá Akureyri til Reykjavíkur brotlenti í Búrfjöllum norðan Langjökuls eftir að báðir hreyflar hennar stöðvuðust í mikilli ísingu.	005
33.	15.07.	73	TF-REA	Mooney M-20E	Einkaflugvél í sjónflugi frá Reykjavík til Þórshafnar flaug á fjallsbrún í Snjófjöllum við Holtavörðuheiði.	004
34.	06.05.	74	TF-OAE	Douglas DC-6B	Vöruflutningaflugvél flaug í jörðina í lokaaðflugi við flugvöllinn í Nürnberg í Þýskalandi.	003
35	02.06.	74	TF-JOI	Beech B-23	Einkaflugvél í sjónflugi frá Stykkishólmi til Reykjavíkur flaug í jörðina er flugmaðurinn var að snúa við í Svínadal í Dölum.	004
36.	17.01.	75	TF-LKH	Sikorsky S-55	Þyrla í þjónustuflugi í sjónflugi frá Reykjavík að Vegamótum á Snæfellsnesi féll til jarðar við Hjarðarnes í Hvalfirði.	007
37.	25.04.	77	TF-AGN	Hughes H-269	Einkaþyrla í sjónflugi frá Reykjavík austur á Síðu flaug í snjó við Bláfell á Mælifellssandi. Flugmaður og farþegi urðu úti.	002
38.	12.08.	78	TF-FKI	Cessna 180	Fallhlífarstökkvari beið bana í lendingu við Melgerðisflugvöll.	001
39.	15.11.	78	TF-FLA	Douglas DC-8-63	Leiguflugvél fórst í lokaaðflugi að flugvellinum í Colombo á Sri Lanka.	183
40.	8.11.	79	TF-FIA	Citabria 7GCBC	Einkaflugvél í lágflugi við Sigmundarstaði í Þverárhlíð í Borgarfirði flaug á raflínu og stakkst til jarðar.	002
41.	17.02.	80	TF-REB	Piper PA-18-150	Einkaflugvél ofreis í klifri og stakkst til jarðar eftir flugtak af flugvellinum við Húsafell.	001
42.	22.09.	80	TF-RTO	BN-2A Islander	Áætlunarflugvél í sjónflugi frá Þórshöfn til Egilsstaða flaug á fjallshlíð í Smjörfjöllum.	004
43.	27.05.	81	TF-ROM	Rockwell 114A	Einkaflugvél í sjónflugi frá Reykjavík til Akureyrar stakkst stjórnlaust til jarðar við Þverárvötn á Tvídægru.	004

Nr.	Dags.	Ár	Skrásetn.	Tegund	Málsatvik í stuttu máli	Látnir
44.	04.10.81		TF-OSP	Rallye-100	Einkaflugvél brotlenti í snertilendingaræfingu á Helluflugvelli.	001
45.	05.07.82		TF-TUR	Cessna 210	Farþegi gekk í skrúfu flugvélar eftir lendingu á Sandskeiði.	001
46.	20.07.82		TF-FHJ	Piper 23-250	Þjónustuflugvél í blindaðflugi til Reykjavíkurflugvallar, flaug á Kistufell í Esju.	005
47.	26.10.82		TF-MAO	Piper PA-23-180	Einkaflugvél í sjónflugi frá Suðureyri til Ísafjarðar týndist í hafi undan Arnarfirði.	001
48.	25.04.83		TF-FLD	Cessna 150	Einkaflugvél stakkst í sjóinn við flugvöllinn á Hálsnesflugvelli í Hvalfirði.	002
49.	12.07.83		TF-JME	DHC-6	Fallhlífarstökkvari beið bana í lendingu í klettum í Grímsey.	001
50.	22.10.83		TF-FHL	MU-2B-36	Farþegi í þjónustuflugi hljóp í loftskrúfuna eftir lendingu á Reykjavíkurflugvelli.	
51.	08.11.83		TF-RAN	Sikorsky S-76A	Landhelgisgæsluþyrla af varðskipi í Jökulfjörðum fórst í æfingaflugi um nótt.	004
52	06.10.84		TF-ELS	Cessna 172P	Fallhlífarstökkvari beið bana í lendingu við Akureyrarflugvöll.	001
53.	31.01.86		TF-ZEN	Zenith CH-200	Einkaflugvél í sjónflugi við skíðasvæðið í Bláfjöllum flaug stjórnlítið í fjallshlíð.	002
54.	05.04.86		TF-ORM	Piper PA-23-250	Þjónustuflugvél í blindflugi frá Ísafirði til Reykjavíkur, flaug á fjallshlíð í Ljósufjöllum á Snæfellsnesi.	005
55.	17.06.86		TF-MOL	Maule M-5-235	Einkaflugvél spann til jarðar í aðflugsbeygju við Flúðaflugvöll.	001
56.	31.01.87		TF-ORN	Piper PA-31-350	Atvinnuflugvél í sjónaðflugi til Ísafjarðarflugvallar um nótt eftir ferjuflug frá Akureyri hafnaði í sjónum undan Arnarnesi.	001
57.	23.07.87		TF-PRT	Piper PA-28R-180	Einkaflugvél spann til jarðar við Röðul sunnan Blönduóss, rétt eftir flugtak fyrir sjónflug frá Blönduósi til Reykjavíkur.	004
58.	30.07.89		TF-TEE	Cessna 150	Einkaflugvél spann til jarðar úr lágflugi yfir fólk í heyskap við Torfastaði í Biskupstungum.	001
59.	16.07.90		TF-BIO	Piper PA-28-161	Einkaflugvél í lágflugi inn í Ásbyrgi í Kelduhverfi flaug á raflínu og stakkst til jarðar.	001
60.	13.10.90		TF-ELU	Piper PA-34-200T	Einkaflugvél stakkst í Skerjafjörð á lokastefnu til lendingar á Reykjavíkurflugvelli eftir að báðir hreyflarnir misstu afl.	001
61.	03.12.90		TF-TIU	Cessna 172	Einkaflugvél í sjónflugi var flogið bratt í jörðina á Mosfellsheiði.	001
62.	23.12.90		TF-SBH	Ka-6	Æfingasviffluga stakkst til jarðar á Melgerðismelum, eftir að annar vængurinn brotnaði af henni í flugæfingu.	001
63.	03.07.92		TF-IVI	Cessna 177RG	Einkaflugvél í sjónflugi frá Þórsmörk til Reykjavíkur flaug í hraunbreiðu í Mundahrauni sunnan Heklu.	001
64.	07.08.93		TF-ONI	Monnet Moni	Mótorsviffluga steyptist stjórnlaus til jarðar í æfingaflugi við Sandskeiðsflugvöll.	001
65.	17.11.93		TF-ELA	Do-227-204K	Hlaðmaður gekk í skrúfu þjónustuflugvélar fyrir flug frá Reykjavíkurflugvelli.	001
66.	28.08.94		TF-EGE	Cessna R172K.	Einkaflugvél spann í sjóinn í lágflugi við Borgarnes.	002
67.	30.06.95		TF-VEN	Partenavia P-68C	Atvinnuflugvél í sjónflugi frá Reykjavík til Selfossflugvallar flaug á fjallið Geitahlíð sunnan Hafravatns.	001
68.	08.07.95		TF-SBM	Mistral-C	Æfingasviffluga ofreis og stakkst til jarðar í upphafi flugtaks eftir að togvír losnaði frá henni.	001

Nr.	Dags.	Ár	Skrásetn.	Tegund	Málsatvik í stuttu máli	Látnir
69.	14.09.95		TF-ELS	Cessna 172P	Einkaflugvél í klifri inn Glerárdal, í sjónflugi frá Akureyri til Reykjavíkur, flaug á hlíð Tröllatinds við Bægisárjökul.	003
70.	05.04.97		TF-CCP	Yak-52	Einkaflugvél spann í sjóinn í æfingaflugi undan Straumsvík.	002
71.	14.09.97		TF-HHD	Agusta Bell-206BII	Þyrla í þjónustuflugi valt á hliðina í flugtaki við Nóntind við Hamarsfjörð í Suður-Múlasýslu.	001

1089. Skýrsla [602. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1997 urðu sem hér segir. Tölur frá fyrra ári eru til samanburðar.

	1997 millj. kr.	1996 millj. kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	843,9	860,8
Ferjubryggjur	11,0	49,8
Samtals	854,9	910,6

Hér á eftir fer stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað. Einnig er sérstakur kafli um rannsóknir. Þá er og fjallað um framkvæmdir við landbrotsvarnir og sagt frá framkvæmdum í höfnum sem ekki hafa notið ríkisstyrks.

RÍKISSTYRKTAR HAFNARFRAMKVÆMDIR

Grundartangi.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar.)

Akranes.

Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur var keypt og sett upp.

Í júní var boðin út vinna við þekju og lagnir nýs stálþils við Faxabryggju. Aðeins eitt tilboð barst og var það talsvert yfir kostnaðaráætlun. Tilboðinu var hafnað og framkvæmdinni frestað fram á næsta ár.

Framkvæmdakostnaður: 2,0 millj. kr.

Borgarnes.

Engar framkvæmdir.

Snæfellsbær.

Arnarstapi: Í febrúar lauk Hagtak hf. við dýpkun sem samið var um á síðasta ári. Sker vestan bryggjunnar var sprengt og efni grabbað út fyrir hafnargarðinn, alls um 1.000 m³. Kostnaður við dýpkunina reyndist talsvert lægri en búist var við. Ástæðurnar voru að uppgröftur reyndist minni en áætlað hafði verið og heimilað var að moka efninu út fyrir hafnargarðinn í stað þess að sigla því burt.

Rifshöfn: Hluti af timburbryggju (32 m langur og tæplega 5 m breiður kafli) vestast í höfninni var endurbyggður. Timbur í bryggjuna, asobe-plankar og basraloc-staurar, var keypt hjá Byko. Smíði bryggjunnar var boðin út í september og var samið við lægstbjóðanda, Guðlaug Einarsson ehf. Verkinu var ekki að fullu lokið um áramót.

Ólafsvík: Malbiksslitlag var lagt á 943 m² tengibraut frá Norðurtangabryggju að hafnarvog. Tak – Malbik ehf. í Búðardal sá um framkvæmdina.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 19,3 millj. kr.

Grundarfjörður.

Í maí lauk Oddur H. Magnússon við að dýpka í krikanum við Suðurgarð og gekk frá uppfyllingu við smábátaaðstöðuna. Kjarni og grjót framan á fyllinguna, alls 1.620 m³, var tekið við Mjósund í Hraunsfirði og í Kóngsbakkalandi í Helgafellssveit.

Samið var við Króla ehf. um kaup og uppsetningu á 40 m langri flotbryggju ásamt landgöngubrú. Heimamenn sáu um að steypa landstöpul fyrir flotbryggjuna.

Framkvæmdakostnaður: 7,3 millj. kr.

Stykkishólmur.

Steypt var 170 m² upptökubraut fyrir smábáta vestan við bryggjuna í Skipavík. Heimamenn sáu um framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 2,0 millj. kr.

Reykhólahöfn.

Engar framkvæmdir.

Vesturbyggð.

Brjánslækur: Engar framkvæmdir.

Patreksfjörður: Steypt var upptökubraut fyrir smábáta og gert við grjótvörn í krikanum við Oddann, en tjón varð á grjótvörninni veturinn 1996. Í júní voru þessi verk boðin út sameiginlega ásamt tjónsviðgerð á Bíldudal. Samið var við Friðgeir V. Hjaltalín í Grundarfirði, en hans tilboð var lægst af þremur sem bárust. Framkvæmdir við upptökubrautina og tjónsviðgerðir hófust í júlí og lauk 4. nóvember. Steypta upptökubrautin er 150 m² og um 2.000 m³ af grjóti og fyllingarefni fóru í skáann undir brautina og fláa meðfram henni. Í viðgerðina á Oddanum fóru 1.255 m³ af grjóti og kjarna sem að mestu var tekið úr Hlaðseyrarnámu. Um 460 m³ af grjóti voru teknir af Kleifaheiði.

Bíldudalur: Gert var við tjón á grjótgarðinum sunnan við Bíldudalshöfn. Friðgeir V. Hjaltalín í Grundarfirði vann verkið að undangengnu útboði í samvinnu við Patreksfjörð. Í viðgerðina fóru um 900 m³ af grjóti og kjarna. Grjótið var unnið í námu í landi Bíldudals við veginn yfir Hálfdán.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 10,9 millj. kr.

Styrkur úr Hafnabótasjóði: 5,1 millj. kr.

Tálknafjörður.

Fyrirhugað var að ljúka frágangi á lögnum og þekju við nýja stálþilið en ákveðið var að fresta því verki um tvö ár og byggja í staðinn skjólgarð vestan við smábátahöfnina. Verkið var boðið út í ágúst og samið við Friðgeir V. Hjaltalín. Byrjað var á framkvæmdum í október og þeim lokið í desember. Garðurinn er um 130 m langur og í hann fóru 4.151 m³ af grjóti og kjarna. Efnið var tekið úr námu í Mikladal.

Framkvæmdakostnaður: 5,7 millj. kr.

Bolungarvík.

Unnið var að uppsetningu ljósamasturs og frágangi á raflögn við Brjótinn. Rafsjá í Bolungarvík annaðist verkið. Frágangi á raflögninni var ekki að fullu lokið á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 1,7 millj. kr.

Ísafjarðarbær.

Þingeyri: Engar framkvæmdir.

Flateyri: Engar framkvæmdir.

Suðureyri: Gert var við tjón á skjólgarðinum austan við höfnina. Samið var við Jón og Magnús á Ísafirði um framkvæmdina. Bætt var í garðinn um 1.650 m³ af grjóti og kjarna. Efnið var tekið úr námu á Ísafirði.

Ísafjörður: Í apríl var lokið smíði ferjubryggju í Sundahöfn og dýpkun að bryggjunni. Samið var um þessi verk við Eirík og Einar Val hf. í nóvember á síðasta ári. Undirverktaki við dýpkun var Björgun ehf. og var 2.380 m³ af efni dælt upp framan við bryggjuna. Í plan fram að brúarbás fóru um 2.000 m³ af fyllingarefni og grjóti og 41 m³ af steypu fóru í brúarbásinn. Gamla ferjubrúin frá Þorlákshöfn var notuð eftir að gerðar höfðu verið á henni ýmsar lagfæringar og hún stytt í 15 m. Sjálf bryggjan er 12 m löng, byggð úr asobe-harðviði við steyptan landvegg. Hönnunardýpi við bryggjuna er 4,5 m.

Unnið var að raflögn og lýsingu á nýja þilið í bátahöfninni. Orkubú Vestfjarða lagði nýja 710A-heimtaug inn í hafnarhúsið og gekk frá inntaksbúnaði. Í apríl var boðin út smíði töfluskápa ásamt lýsingu og raflögn fram á bryggjuna. Samið var við Pólinn ehf. á Ísafirði, sem átti lægsta boðið, og luku þeir verkinu 23. júní. Settir voru upp fjórir tenglabrunnar við kant og lagt í þá fyrir fimm 125A- og fjóra 63A-tengla.

Til stóð að hefja byggingu stálþils í Sundahöfninni en því var frestað þar sem ekki var samstaða um það meðal heimamanna.

Framkvæmdakostnaður: 30,5 millj. kr.

Styrkur úr Hafnabótasjóði: 1,0 millj. kr.

Súðavík.

Í júlí var boðin út lenging og styrking grjótvarnar á Norðurgarði. Aðeins eitt tilboð barst í verkið, töluvert hærra en kostnaðaráætlunin. Tilboðinu var hafnað og ákveðið að endurskilgreina verkið og bjóða það síðan út að nýju strax á næsta ári.

Framkvæmdakostnaður: 0,8 millj. kr.

Norðurfjörður.

Engar framkvæmdir.

Drangsnes.

Í apríl var boðin út endurbygging á skjólgarði við bátahöfnina í Kokkálsvík. Samið var við Guðjón Jónsson, Nýbýlavegi 24 á Hvolsvelli, um framkvæmdina. Verkinu lauk í ágúst. Grjótvörn var endurraðað og bætt í hana 3.000 m³ af kjarna og flokkuðu grjóti.

Framkvæmdakostnaður: 6,4 millj. kr.

Hólmavík.

Unnið var við slitlag á hafnarsvæði. Tvöföld klæðning, 1.100 m², var sett á tengibraut að trébryggju við eystri hafnargarð og 102 m² slitlag steypt á vegtengingu við hafnarvog. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um útlögn á klæðningu í lok ágúst og byrjun september. Samið var við Ásmund og Ólaf sf. um steypuvinnu við hafnarvogina og luku þeir verkinu um miðjan ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 2,1 millj. kr.

Hvammstangi.

Endurbygging á fremstu 60 m af Norðurgarði var boðin út. Samið var við lægstbjóðanda, Byggingarfélagið Stapa hf. Stálþil var keypt af Hedru hf. að undangengnu útboði. Sprengt var fyrir þilinu á um 33 m kafla. Jafnframt var 140 m² svæði sprengt og dýpkað meðfram þilinu á þeim kafla. Lagðar voru ídráttarlagnir og steypt þekja við stálþilið og yfir fremsta kerið, alls 268 m². Dýpkun reyndist meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Að auki var samið um nokkur minni háttar aukaverk, svo sem varðandi breytingar á lögnum og útfærslu á kanti. Viðbótargreiðslur til verktaka vegna þessara þátta voru alls um 2,5 millj. kr. Verktími var frá júlí fram í nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 26,7 millj. kr.

Blönduós.

Gengið var frá lögnum og lýsingu við nýja viðlegukantinn norðan á bryggjunni. Samið var við Stíganda hf. um byggingu ljósamasturs- og vatnshúss. Bæjarstarfsmenn sáu um tengingu á vatnslögn og samið var við Gest Guðmundsson rafverktaka um að setja upp lýsingu og ganga frá raflögnum á bryggjunni. Vinna við ljósamastursbús hófst í mars og lokið var við raflögn og lýsingu í september.

Framkvæmdakostnaður: 4,8 millj. kr.

Skagaströnd.

Framkvæmdum við grjótvörn við enda Vesturgarðs sem hófust árið 1996 var haldið áfram. Uppgjöri vegna gjaldþrots V. Brynjólfssonar ehf. lauk í ársbyrjun. Áður en til þess kom var vinna við að leggja veg að nýrri grjótnámu, sem er í ásnum austan við Hvammskotsbruna, langt komin og búið var að flytja um 750 m³ af grjóti á lager inn á Skagaströnd. Í mars var verkið boðið út að nýju. Jafnframt var boðin út sjóvörn við Breiðablik og Straumnes. Þrjú tilboð bárust, öll töluvert yfir kostnaðaráætlun. Samið var við Rögnvald Árnason Sauðárkróki sem átti lægsta boðið, 113% m.v. kostnaðaráætlun. Vinna við grjótvörnina hófst að nýju í maí og verkinu var að fullu lokið í ágúst. Sett var grjót meðfram steinsteypukerunum á 30 m kafla að vestanverðu, fyrir endann og 20 m upp með garðinum að innanverðu. Að auki voru settir um 150 m³ af stórgrýti út á klöppina við suðvesturhornið á gömlu síldarverksmiðjunni til að draga úr ágjöf þar. Flokkað grjót var alls 6.866 m³ og kjarni 1.816 m³, samtals 8.682 m³. Samið var aukalega við verktakann um frágang á svæði við gömlu námuna í Hvammskotsbruna og við landeigendur sem tóku að sér uppgræðslu á námusvæðinu.

Framkvæmdum við innsiglingarmerki sem setja átti á Brúnkollu var frestað.
Framkvæmdakostnaður: 21,6 millj. kr.

Sauðárkrókur.

Lenging Sandfangara og grjótvinnsla fyrir Norðurgarð var boðin út. Samið var við lægstbjóðanda, Rögnvald Árnason á Sauðárkróki. Verkið hófst um miðjan apríl og lauk í ágúst. Gert hafði verið ráð fyrir að lengja Sandfangarann um 30 m en í ljós kom að garðurinn var styttri en talið var og þurfti því að lengja hann um 40 m. Nothæft grjót í brimvarnir er ekki á aðgengilegum stöðum í nágrenninu. Grjótnáma er í landi Hvalness á Skaga í um 43 km fjarlægð. Til viðbótar langri flutningsleið er burðargeta vegarins lítil. Helst þarf að sæta lagi að flytja grjót meðan frost er í jörð. Kostnaður við grjótöflun er því mjög hár. Um 5.000 m³ af grjóti og kjarna fóru í lengingu Sandfangara og 744 m³ voru teknir upp og endurraðað. Um 1.900 m³ af grjóti voru settir á lager fyrir fyrirhugaða lengingu Norðurgarðs.
Framkvæmdakostnaður: 19,1 millj. kr.

Hofsós.

Engar framkvæmdir.
Fjármagnskostnaður: 0,2 millj. kr.

Haganesvík.

Engar framkvæmdir.

Siglufjörður.

Boðin var út vinna við um 1.250 m² þekjusteypu, vatnslögn og lagningu ídráttarröra fyrir raflögn við löndunarbryggju. Samið var við Bás ehf. sem átti lægsta tilboð í verkið. Snjóbræðslulögn var sett í þekjuna á 15 × 80 m svæði. Verkið hófst í júlí og lauk um miðjan október.

Undir lok ársins var lýsing og raflögn á bryggjunni boðin út og samið við Rafbæ sf. Því verki lauk ekki á árinu.
Framkvæmdakostnaður: 12,6 millj. kr.

Hafnasamlag Eyjafjarðar.

Ólafsfjörður: Árni Helgason, verktakinn sem samið var við um grjótvörn við Norðurgarðinn 1996, fór fram á það í nóvember sama ár að fá að fresta framkvæmdum til vors þar sem ekki væri hættandi á að opna Norðurgarðinn yfir vetrartímann. Í maí 1997 hófst hann handa að nýju og lauk verkinu um miðjan nóvember. Á sama tíma var unnið við 160 m langan sjóvarnargarð við Námuveg norðan hafnarinnar og flóðavörn meðfram Ólafsfjarðará. Grjótvörnin er u.þ.b. 240 m löng og nær frá enda sjóvarnar við Námuveg út með Norðurgarðinum u.þ.b. 50 m fram fyrir Þverbryggju. Grjót og sprengdur kjarni var úr námu í landi Garðs vestan við Ólafsfjarðarvatn. Endurnýtanlegt grjót í garðstæðinu reyndist aðeins um helmingur þess sem gert hafði verið ráð fyrir og því þurfti að vinna meira magn í námunni. Flokkað grjót og kjarni sem bætt var í garðinn var um 8.100 m³. Heimamenn ákváðu að færa garðinn framar í beygjunni á móts við olíu- og lýsistankana til að fá meira landrými. Í þetta fóru að auki 4.600 m³ af kjarna sem Ólafsfjarðarbær greiddi að fullu.

Í júlí var boðin út dýpkun við Þverbryggju og inn í Vesturhöfn. Aðeins eitt tilboð barst í verkið frá Hagtaki hf. og var það töluvert yfir kostnaðaráætlun. Tilboðinu var hafnað og

samið við Hagtak um tímagjald. Verkið var unnið í október og voru 9.525 m³ af lausu efni grafnir upp úr höfninni.

Dalvík: Engar framkvæmdir.

Árskógssandur: Gengið var frá raflögn og lýsingu við nýja þilið. Samið var við Raflagnaverkstæði Tómasar um verkið en Raftákn á Akureyri sá um hönnun. Verktími var frá júní til október.

Hrísey: Á árinu var samið um aðild Hríseyjarhafnar að Hafnasamlaginu. Unnið var að frágangi á raflögn við nýja þilið. Gengið var frá raflögn og aðaltöflu í ljósamasturshúsi, lagðir rafstrengir í annan tenglaskápinn og settir upp tenglar. Hjörtur Gíslason, rafverktaki í Hrísey, annaðist raflagninguna. Verkfræðistofan Raftákn á Akureyri sá um hönnun. Eftir er að leggja rafstrengi í annan tenglaskápinn, tengja stigaljós og setja upp lýsingu í mastur.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 31,1 millj. kr.

Grímsey.

Gert var við tjón á Aðalhafnargarðinum. Bætt var um 3.800 m³ af grjóti utan á garðinn á um 60 m kafla næst landi. Grjótið var flokkað úr haugum sem til voru í námunni við flugvöllinn. Jarðverk ehf. á Dalvík annaðist þetta verk. Einnig var gert við gat á steypukeri á haus Aðalhafnargarðsins. Guðlaugur Einarsson frá Fáskrúðsfirði var fenginn til þess verks.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 6,4 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 5,8 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Hjalteyri: Engar framkvæmdir.

Akureyri: Lokið var uppgjöri á verki sem unnið var 1996. Steypt þekja og ídráttarlagnir við stálþilsbakkann í Krossanesi voru boðnar út. Samið var við lægstbjóðanda, Kötlu hf. í Árskógshreppi. Verktími var frá júní til september. Steypt var 1.200 m² þekja, byggt ljósamasturs- og vatnshús, lagðar vatnslagnir og ídráttarrör fyrir raflögn. Raflögn og lýsing við kantinn var síðan boðin út í september. Samið var við Rafeyri ehf. á Akureyri um verkið og lauk því í desember.

Svalbarðseyri: Gengið var frá grjótfláa innan hafnar. Samið var við Jarðverk á Dalvík um framkvæmdina. Verkið var unnið í desember. Í grjótvörnina fóru um 1.500 m³ af grjóti og kjarna. Efnið var tekið úr námu í grennd við þjóðveginn, 6 km sunnan Svalbarðseyrar.

Grenivík: Engar framkvæmdir.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 25,5 millj. kr.

Húsavík.

Útboð á gerð brimvarnargarðs frá enda Norðurgarðs ásamt sjóvarnargarði fór fram í júní. Samið var um bæði verkin við lægstbjóðanda, Rögnvald Árnason á Sauðárkróki. Framkvæmdir hófust um mánaðamótin september–október. Byrjað var á sjóvörninni og efni í hana fengið úr Katlanámu við Húsavík. Í nóvember var opnuð náma fyrir grjót í brimvarnargarðinn í landi Mánárbakka á Tjörnesi. Fram að áramótum voru unnir í námunni um 14.000 m³ af grjóti og flokkaðir þar í hauga og að auki 1.700 m³ sem fluttir voru á lager við Húsavíkurhöfn. Hinn 18. desember fór verktakinn í jólafrí. Þá var komin upp hugmynd um að breyta verkinu og fara með brimvarnargarð út á Böku vestan við höfnina.

Í júlí var boðin út dýpkun við Þvergarð. Verkið var ekki á áætlun fyrr en 1999 en hafnarstjórn var heimilað að bjóða það út gegn því að hún fjármagnaði hluta ríkisins þar til fjárveiting fengist á fjárlögum. Eitt tilboð barst, frá Hagtaki hf. Þar sem tilboðið var töluvert yfir

kostnaðaráætlun var því hafnað og samið við Hagtak um að vinna verkið á tímagjaldi. Laust efni var grafið upp úr Suðurhöfninni, við enda Þvergarðsins og vestan hans þannig að þar er nú um 40 m breið renna með 6–7 m dýpi. Magn uppgraftrar var alls um 8.000 m³.

Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur um veður og sjólag var keypt.

Framkvæmdakostnaður 42,8 millj. kr.

Tjörneshöfn.

Engar framkvæmdir.

Kópasker.

Unnið var við frágang raflagnar og lýsingar á breikkun aðkomuleiðar niður á bryggjuna sem gerð var á síðasta ári. Settur var upp götukassi og ljósastaur. Rafmagnsveitan annaðist verkið.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður 0,3 millj. kr.

Raufarhöfn.

Lokið var uppgjöri vegna steyptrar upptökubrautar fyrir smábáta sem gerð var á síðasta ári.

Sett var steypt slitlag, 10 cm þykkt, á tengibraut milli Hafskipabryggju og Fiskiðjubryggju. Samið var við Iðufell ehf. um framkvæmdina en Tækniþjónustan á Húsavík sá um hönnun. Uppgröftur var 135 m³, fylling undir slitlag 175 m³ og flatarmál slitlags 1.750 m². Verkið var unnið í júlí og ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 4,5 millj. kr.

Þórshöfn.

Uppgjöri vinnu við þekju og lagnir frá síðasta ári var lokið. Þá var unnið við frágang á raflögn og samið við ÞH verktaka um að endurbyggja mastursshús frammi á hafskipabryggjunni. Framkvæmdum við mastursshúsið lauk ekki á árinu.

Í júní voru boðnar út framkvæmdir við Suðurgarð og lenging Norðurgarðs ásamt sjóvörn við Bakkaveg. Samið var við lægstbjóðendur, Hjarðarnesbræður ehf. Lenging Norðurgarðsins var ekki á áætlun fyrr en á næsta ári, en heimilað var að bjóða garðana út í einu lagi. Framkvæmdir við Suðurgarðinn hófust í ágúst. Þeim lauk ekki á árinu. Grjót var tekið úr námu skammt ofan við þorpið. Mikill vatnsagi og aur í námunni olli erfiðleikum. Semja varð við verktakann um að sækja möl 20 km vegalengd til að bæta í garðinn svo hann yrði akstursfær.

Framkvæmdakostnaður: 27,0 millj. kr.

Bakkafjörður.

Gengið var frá uppgjöri og samið um verklok við Rögnvald Árnason verktaka á tjónsviðgerð á brimvarnargarðinum við Nýhöfn frá síðasta ári.

Lokið var smíði á 20 m langri viðlegubryggju við innri garð. Efni í hana, gagnvarin fura frá Superbyg, var keypt á síðasta ári. Samið var við Guðlaug Einarsson um smíðina og hófst hún um miðjan mars og lauk í byrjun maí. Heildarkostnaður við bryggjuna varð 5 millj. kr. Þar af voru 1,4 millj. kr. greiddar á síðasta ári.

Samið var við Malarvinnsluna hf. á Egilsstöðum um að leggja slitlag, tvöfalda klæðningu, á tengibraut innan hafnarsvæðisins við Nýhöfn. Flatarmál slitlags er 2.390 m². Efni í slitlagið kom frá Vegagerðinni. Undirbúningur undir slitlagið, jöfnun og fylling, var unninn af ýmsum.

Framkvæmdakostnaður: 5,6 millj. kr.
Uppgjör vegna tjóns: 5,0 millj. kr.
Styrkur úr Hafnabótasjóði: 4,5 millj. kr.

Vopnafjörður.

Í apríl var boðið út í einu lagi þrískipt grjótverk, bygging skjólgarðs við nýja smábátahöfn, grjótvörn á fláa innan hafnar og viðgerð á tjóni sem varð á innri brimvarnargarði í október 1995. Sex tilboð bárust og var samið við þann sem átti lægsta boðið, Stefán Gunnarsson á Djúpavogi. Verktaki hóf framkvæmdir í byrjun júní og lauk þeim um miðjan nóvember. Grjót var tekið í námu í landi hreppsins á Kolbeinstanga. Það var að hluta tekið úr hrúgum sem urðu afgangs á Bakkafirði á síðasta ári. Í skjólgarð við smábátahöfnina fóru 15.266 m³ af flokkuðu grjóti og kjarna. Grjótvörn fláa á hafnarsvæðinu frá miðbryggju að lýsisbryggju var endurhlaðin og bætt í hana um 7.200 m³ af flokkuðu grjóti. Grjótvörnin var færð utar á kafla, en heimamenn greiddu kostnað við það. Í tjónsviðgerð á innri brimvarnargarði fóru um 2.000 m³ af flokkuðu grjóti og 1.300 m³ af kjarna. Nam viðgerðarkostnaðurinn 4,2 millj. Hafnabótasjóður styrkti viðgerðina.

Samið var við Króla hf. í Garðabæ um kaup og uppsetningu á flotbryggju úr tveimur 20 m löngum steyptum einingum. Heimamenn báru sjálfir kostnað við ¼ hluta flotbryggjunnar þar sem ekki var metin þörf á nema 30 m bryggju og miðaðist styrkurinn við þá lengd. Starfsmenn Vopnafjarðarhrepps sáu um að steypa landstöpul fyrir flotbryggjuna. Eftir er að ganga frá lýsingu og raflögn við smábátahöfnina.

Framkvæmdakostnaður: 26,0 millj. kr.
Styrkur úr Hafnabótasjóði: 4,2 millj. kr.

Borgarfjörður eystri.

Í maí var boðin út bygging Skarfaskersgarðs sunnan við bátahöfnina hjá Hafnarhólma. Fjögur tilboð bárust en þeir sem áttu tvö lægstu boðin hættu við. Samið var við Njörð sf. um framkvæmdina á verði sem var rúmum 4% yfir kostnaðaráætlun. Verktími var frá 1. júní til 1. desember. Efni í garðinn, alls 12.841 m³ af flokkuðu grjóti og kjarna, var tekið í grjótnámunni við Ós.

Samið var við verktakann um tjónsviðgerð á eldri görðum. Bætt var 600 m³ af grjóti í brimvörn garðsins milli lands og Hafnarhólma og 75 m³ í Hólmagarð. Hafnabótasjóður styrkti viðgerðina.

Framkvæmdakostnaður: 26,1 millj. kr.
Styrkur úr Hafnabótasjóði: 1,5 millj. kr.

Seyðisfjörður.

Lokið var við smíði á húsi undir tollaðstöðu fyrir ferju sem samið var um á seinni hluta síðasta árs.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 34,1 millj. kr.

Neskaupstaður.

Lokið var uppgjöri á vinnu við þekju og lagnir á stálþil við bræðslu.

Í lok október 1996 var boðin út dýpkun hafnarinnar á svæði milli loðnubryggju og togarabryggju. Tvö tilboð bárust í verkið, annað frá Björgun ehf., 29% af áætlun, og hitt frá J&K Petersen, 173% af áætlun. Samið var við Björgun og var byrjað á verkinu í nóvember 1996 og því lokið í ársbyrjun 1997. Úttektarmæling var gerð í mars. Heimilað var að auka

dýpkunina um 5.200 m³ og samið við verktakann um viðbótina á sama einingarverði. Alls var því dælt upp úr höfninni 17.800 m³ af lausu efni. Auk þess var dýpkað rúmlega 400 m³ við nýju netaverkstæðisbryggjuna. Hafnarsjóður kostaði þá dýpkun að fullu.
Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 9,1 millj. kr.

Eskifjörður.

Unnið var að lengingu bræðslubryggju um u.þ.b. 20 m. Heimilað var að flýta verkinu en samkvæmt hafnaáætlun átti það að koma til framkvæmda á árunum 1999–2000. Heimamenn fjármagna verkið að fullu þar til fjárveiting verður til þess á fjárlögum. Stálþil var keypt frá Arbed og rekstur þilsins og fylling boðin út í júní. Samið var við lægstbjóðanda, ÞH verktaka, um framkvæmdina. Byrjað var á verkinu í ágúst og því lokið um áramót. Reknar voru 53 AZ18-plötur, settar upp stagfestingar og fyllt með 5.220 m³ af efni. Gengið var frá bráðabirgðafestingum í fyllingu og þybbur settar á þilið svo að skip gætu lagst að og bundið. Hönnunardýpi við nýja hluta bryggjunnar er 8,5 m.

Framkvæmdakostnaður: 25,0 millj. kr.

Reyðarfjörður.

Dýpkað var við vesturenda Vöruhafnarkantsins. Samið var við Björgun ehf. um framkvæmdina án útboðs. Verkið var unnið í júní. Úttektarmæling var gerð í ágúst og dælt upp 6.680 m³ af efni.

Áætlað var að setja upp festapolla við Vöruhafnarkant en því var frestað.

Framkvæmdakostnaður: 2,7 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Trévangur hf. á Reyðarfirði lauk verki við stálþil milli hafskipabryggju og Bæjarbryggju sem samið var um á síðasta ári. Vegna þess að þilið skreið fram að neðan um 40–50 cm á 15–20 m kafla voru gerðar nokkrar breytingar á kantbita. Einnig var samið við Trévang um jarðvegsskipti á um 40 m kafla framan við þilið. Nokkuð meira var fyllt upp en hönnunardýpi segir til um og er ætlunin að jafna það út þegar fyllingin hefur sest til. Vinnu við kantbita og jarðvegsskipti lauk í júlí.

Í júlí var boðin út þekja og lagnir við þilið. Samið var við lægstbjóðanda, ÓS ehf., um verkið. Vinna hófst í ágúst og lauk í lok október. Steypt var 1.070 m² þekja, byggt 5,5 × 2,5 m ljósamasturs- og vatnshús, lögð vatnslögn og ídráttarrör fyrir raflagnir.

Samið var við Guðmund Hallgrímsson rafverktaka um að ganga frá rafmagnstöflu og setja upp ljós. Frágangi raflagna á bryggjunni er ekki lokið.

Framkvæmdakostnaður: 22,9 millj. kr.

Stöðvarfjörður.

Engar framkvæmdir.

Breiðdalsvík.

Lokið var úttekt á verki sem unnið var á síðasta ári og uppgjöri við Örn Ingólfsson verktaka. Rannsóknir leiddu í ljós að steypan sem notuð var uppfyllti ekki tilskildar kröfur. Greidd voru 70% fyrir steypu í þekju og 80% fyrir steypu í ljósamasturshús.

Frestað var að bjóða út afganginn af þekju á stálþilsbryggjuna, um 1.080 m², þar sem heimamenn treystu sér ekki til að fjármagna sinn hluta.

Framkvæmdakostnaður: 0,8 millj. kr.

Djúpivogur.

Engar framkvæmdir.

Fjármagnskostnaður: 0,6 millj. kr.

Höfn í Hornafirði.

Dýpkað var innan hafnar með dýpkunarskipi hafnarinnar, Soffíu, eins og undanfarin ár. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir 12.000 m³ dýpkun og var því dælt á land á árinu. Mikill framburður sest til í höfninni og reynslan sýnir að þörf er á 12–15 þús. m³ árlegri viðhaldsdýpkun. Í hafnaáætlun 1997–2000 er miðað við 15.000 m³ ári.

Í febrúar var lokið dýpkun við loðnubryggju sem samið var um við Hagtak hf. á síðasta ári. Sprengt var 1.536 m² svæði og dýpkað í 7,5 m. Alls voru 8.800 m³ af efni grafnir upp.

Í mars lauk smíði á nýrri loðnubryggju sem samið var um við Guðlaug Einarsson á seinni hluta síðasta árs. Verkinu seinkaði nokkuð vegna þess að siglt var á bryggjuna meðan hún var enn í smíðum. Ákveðið var að lengja bryggjuna til vesturs meðfram enda gömlu bryggjunnar. Við þetta stækkaði hún um 60 m², fremri kantur hennar varð 50 m í stað 40 m og gamla bryggjan lengdist um 5 m. Landveggur var lengdur um 8 m upp með gömlu bryggjunni að austan.

Framkvæmdakostnaður: 46,0 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Lokið var við frágang raflagna á stálþilið við Lönguna. Samið var við raftækjavinnustofuna Geisla um smíði töfluskápa og lagningu raflagna í brunna. Rafmagnsveitan sá um að leggja heimtaugar.

Samið var við J&K Petersen frá Færeyjum um að dýpka við fyrirhugað stálþil austan Friðarhafnarkants. Borað var og sprengt á alls um 2.300 m² svæði austan við þilstæðið og rúmlega 12.000 m³ af lausu og föstu efni fjarlægðir. Svæðið næst þili 20 × 75 m var dýpkað í 8,0 m en aðrir hlutar svæðisins voru dýpkaðir í 7,5 m. Vinna við dýpkunina hófst í september og lauk í nóvember.

Í september var boðinn út rekstur á stálþili austan Friðarhafnarkants og steypa á kantbita. Samið var við lægstbjóðanda, Skipalyftuna ehf., um verkið. Stálþilsefni og festingar voru keyptar frá Arbed. Rekið var niður 70,0 m langt þil með hönnunardýpi 9,0 m. Í útboðinu var gert ráð fyrir að sprengja þyrfti skurð fyrir þilinu, en verktakinn tók þá ákvörðun að reka það niður án þess að sprengja. Tókst honum að koma öllum plötum niður á rétt dýpi, fyrir utan tvær plötur sem þurfti að stytta um u.þ.b. 1,0 m og tvær um 0,5 m. Verkinu var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 83,1 millj. kr.

Stokkseyri.

Engar framkvæmdir.

Eyrarbakki.

Engar framkvæmdir.

Þorlákshöfn.

Í júní var boðin út þekja og lagnir við nýja stálþilið sem nú hefur hlotið nafnið Skarfaskersbryggja. Samið var um verkið við þann sem lægst bauð, Heimi Guðmundsson bygging-

armeistara. Steypt var 3.015 m² þekja og gengið frá lögnum fyrir vatn og rafmagn á bryggjuna. Verkinu lauk í byrjun desember.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 29,8 millj. kr.

Grindavík.

Í ársbyrjun fór fram forval á verktökum vegna dýpkunar á innri hluta innsiglingarrennu og að því loknu var fjórum aðilum gefinn kostur á að bjóða í verkið. Tilboð voru opnuð þann 14. apríl og skiluðu eftirtaldir inn tilboði: J&K Petersen 119%, Ístak hf. 154% og Irish Dredging 283% af áætlun. Hagtak hf. skilaði ekki inn tilboði. Samið var við J&K Petersen. Byrjað var í maí og lauk framkvæmdum við dýpkunina í lok ágúst. Töluvert bættist við verkið frá því sem gert var ráð fyrir við útboðið. Bætt var við rúmlega 7.000 m³ greftri yst til að víkka aðkomu að rennunni. Enn fremur reyndist klöpp vera á allmiklu stærra svæði en fram kemur í jarðfræðiskýrslu. Bora og sprengja þurfti á 15.847 m² af alls um 23.600 m² svæði sem dýpkað var í 7 m. Grafnir voru upp 10.106 m³ af lausu efni og um 35.000 m³ af föstu efni voru fjarlægðir. Til verksins voru notaðir tveir gröfuprammar og tveir borflekar. Auk þess voru tveir prammar til að flytja efni, 120 m³ og 170 m³ og dráttarbátur. Hagtak hf. vann sem undirverktaki við borun, sprengingar og uppmokstur allan verktímann.

Framkvæmdakostnaður: 214,4 millj. kr.

Sandgerði.

Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur var keypt og sett upp.

Framkvæmdakostnaður: 1,4 millj. kr.

Hafnasamlag Suðurnesja.

Garður: Engar framkvæmdir.

Reykjanesbær: Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur var keypt og sett upp á hafnarskrifstofunni í Keflavík.

Lokið var við að steypa þekju og ganga frá lögnum og lýsingu við nýja kantinn í Helguvík. Samið var við Hjalta Guðmundsson um hluta af verkinu haustið 1995 og á síðasta ári var síðan samið við hann um framhald verksins.

Gert var við tjón sem varð árið 1995 á keri í aðalhafnargarðinum í Keflavík. Innri kerveggur var steyptur upp, fylling sett á bak við, gengið frá lögnum og þekja steypt. Viðlagatrygging hafnaði kröfu um að bæta tjónið og hefur hafnarsjóðurinn höfðað mál til að fá greiðslu bóta. Kostnaður við viðgerðina var áætlaður 14,2 millj. kr. og samþykkti Hafnabótasjóður að veita styrk sem næmi 60% af þeirri upphæð. Uppgjöri vegna framkvæmdarinnar var ekki lokið um áramót

Vogar: Í apríl var boðin út styrking grjótvarnar á Norðurgarði. Samið var um verkið við lægstbjóðanda, Ellert Skúlason hf. Garðurinn var endurbyggður og bætt í grjótvörnina alls 13.890 m³. Hafnabótasjóður bætti tjón á garðinum sem metið var á 2 millj. kr. og var tjónsviðgerðin felld inn í styrkinguna. Grjót til verksins var tekið í Voganámu um 1 km utan við Þorpið. Verkinu lauk um miðjan október.

Framkvæmdakostnaður: 41,0 millj. kr.

Styrkur úr Hafnabótasjóði: 8,2 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar.)

Garðabær.
Engar framkvæmdir.

Kópavogur.
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar.)

Óskipt fjárveiting.
Ýmsar minni háttar framkvæmdir, svo sem lagfæring á innsiglingarmerkjum, uppsetning stiga á bryggjur, lýsing og önnur öryggismál, voru styrktar. Almennt er miðað við að einstakar framkvæmdir kosti ekki meira en um 1,0 millj. kr.
Framkvæmdakostnaður: 3,1 millj. kr.

HAFNARFRAMKVÆMDIR SEM EKKI ERU RÍKISSTYRKTAR

Í höfnum landsins var ýmislegt gert án ríkisstyrkja. Mest eru þetta viðhaldsverkefni eða minni háttar nýbyggingar. Þó var unnið að nokkrum stærri verkefnum í höfnum á síðastliðnu ári sem ríkissjóður tók ekki þátt í. Eftirfarandi hafnir hafa komið upplýsingum um framkvæmdir á framfæri.

Grundartangi.
Hafnar voru framkvæmdir við stækkun Grundartangahafnar. Stækkunin felur í sér að byggður verður 200 m langur stálþilskantur með 13 m dýpi. Kanturinn snýr á móti suðaustri og er í framhaldi af eldri kanti sem er 55 m langur með 10 m dýpi. Gert er ráð fyrir að síðar verði hægt að endurbyggja eldri hlutann og dýpka við hann þannig að heildarlengd bryggju með 13 m dýpi verði 250 m. Markmiðið er að höfnin geti eftir stækkun tekið á móti svonefndum Panamax-skipum en það eru stærstu skipin sem geta farið um Panamaskurðinn. Þetta eru um 60.000 tonna skip, 225 m löng, mesta breidd er 32,2 m og hámarks djúprista 11,6 m. Í júlí var boðinn út rekstur á stálþili, fyllingu og steypu á kantbita. Samið var við lægstbjóðanda, Völ hf. Stálþil og festingaefni, alls um 1.200 tonn, var keypt frá Arbed. Undirverktaki við fyllingu var Björgun ehf. Rúmlega 200.000 m^3 af sjávarmöl verður dælt á land og komið fyrir í fyllingum. Gert er ráð fyrir að Völur hf. ljúki við sinn þátt verksins um mánaðamótin maí–júní á næsta ári.
Framkvæmdakostnaður: 190,0 millj. kr.

Hafnarfjörður.
Verktakinn JVJ lauk verki við Austurbakka í Straumsvík sem hófst árið 1996 og fólst í að reka niður þil, steypa kant og dýpka. Í framhaldinu var boðin út vinna við frágang á yfirborði og lögnum við kantinn. Samið var um verkið við HG malbikun ehf. Hluti þekju var steyptur og hluti malbikaður. Verkinu lauk um haustið og var Austurbakkinn, sem er 100 m kantur með 10 m dýpi, formlega tekinn í notkun í október. Alls var unnið fyrir um 40 millj. kr. á árinu og heildarkostnaður við byggingu kantsins og dýpkun er því nálægt 300 millj. kr. Einnig var hafinn undirbúningur að framkvæmdum utan Suðurgarðs með rannsóknum o.fl. Samið var við Siglingastofnun um prófun á líkönum fyrir væntanlegar nýframkvæmdir í Hafnarfjarðarhöfn og lágu niðurstöður fyrir í ársbyrjun 1998.
Framkvæmdakostnaður: 63,0 millj. kr.

Kópavogur.

Sæþór ehf. lauk dýpkun á svæði við fyrirhugaða bryggju sem samið var um undir lok síðasta árs. Í ársbyrjun var boðinn út rekstur stálþils, steypa á kantbita og bygging ljósamasturshúss og samið um verkið við lægstbjóðanda, Stapa ehf. Lokið var við þessar framkvæmdir um sumarið og bryggjan tekin í notkun. Nýi viðlegukanturinn er 75 m langur með 8 m dýpi. Eftir er að ganga frá vatns- og raflögnum við kantinn og steypa þekju.
Framkvæmdakostnaður: 44,0 millj. kr.

Reykjavík.

Helsta framkvæmd ársins var olíubryggja í Örfirisey. Unnið var að dýpkun aðsiglingar, efnisskiptum fyrir bryggju og hafin bygging skjólgarðs.

Aðrar helstu framkvæmdir á vegum Reykjavíkurhafnar á árinu voru ýmis verkefni við þróun hafnarlands og landgerð bæði í Gömlu höfninni og í Sundahöfn. Úthlutun lóða á hafnarsvæðinu hefur aukist mikið undanfarin ár. Á árunum 1995–97 hefur verið úthlutað um 30 ha af lóðum á hafnarsvæðinu og vinna við landgerð hefur því verið stór hluti framkvæmda á vegum Reykjavíkurhafnar.

Lokið var frágangi yfirborðs á Vogabakka og hafist handa við fyrsta áfanga í byggingu Skarfagarðs, sem er skjólgarður fyrir Sundahöfn.

Framkvæmdakostnaður: 250,0 millj. kr.

FERJUBRYGGJUR

Lokið var byggingu ferjuaðstöðu á Arngerðareyri. Einnig voru gerðar endurbætur á ferjubryggjunni í Bæjum og minni háttar viðgerðir á nokkrum öðrum stöðum við Ísafjarðardjúp og Breiðafjörð.

Framkvæmdakostnaður: 11,0 millj. kr.

SJÓVARNARGARÐAR

Á Akranesi var boðin út sjóvörn við Krókalón og samið við Þrótt ehf. um verkið. Byggður var rúmlega 120 m langur sjóvarnargarður sem nær frá húsi nr. 111 suður á móts við hús nr. 97 við Vesturgötu og um 50 m langur garður við norðurenda Ægisbrautar.

Í Ólafsvík var endurbyggð sjóvörn við Ennisbakka en sjóvörn sem þar var fyrir skemmdist á 170 m kafla í óveðri sem gerði í nóvember 1996.

Í Ísafjarðarbæ var unnið að styrkingu á sjóvörn á Flateyri og boðinn var út um 120 m langur kafli í sjóvörn vestan á eyrinni á Suðureyri. Samið var við Jón og Magnús um þessar framkvæmdir.

Á Blönduósi var boðin út sjóvörn sunnan Blöndu. Samið var við Rögnvald Árnason um verkið að undangengnu útboði. Byggður var upp um 90 m kafli frá ósnum suður á móts við hitaveitulagerinn við Blöndubyggð. Gamla sjóvörnin þar fyrir sunnan var lagfærð og styrkt lítils háttar.

Á Skagaströnd var gerð sjóvörn framan við tvö hús á Hólanesinu, Breiðablik og Straumnes. Lengd sjóvarnar var um 25 m á hvorum stað. Sjóvörnin var boðin út með vinnu við grjótvörn við enda Vesturgarðs. Rögnvaldur Árnason á Sauðárkróki átti lægsta boð og var samið við hann um hvorutveggja.

Á Ólafsfirði var lokið við 160 m langa sjóvörn við Námuveg og flóðavörn meðfram Ólafsfjarðará.

Á Árskógssandi var gerð 50 m löng sjóvörn neðan við bæinn Brimnes og á Svalbarðseyri var gerð 50 m löng sjóvörn við sláturhúsið. Jarðverk á Dalvík vann bæði þessi verk að undangengnu útboði.

Á Húsavík var byggður 400 m langur sjóvarnargarður undir Húsavíkurbökkum í framhaldi af sjóvörn sem komin var og náði suður fyrir sláturhúsið. Samið var við Rögnvald Árnason að undangengnu útboði. Nú er búið að verja allan þann kafla sem ráðgert var að verja í sjóvarnarskýrslunni frá 1995. Heimamenn telja þó að enn sé þörf á að verja um 150 m kafla í viðbót, suður að Hauksmýrarlæk.

Á Þórshöfn var boðin út um 300 m löng sjóvörn við Bakkaveg. Verkið var boðið út samtímis verkinu við Suðurgarð og lengingu Norðurgarðs. Samið var við Hjarðarnesbræður sem áttu lægsta boð. Verkinu var ekki lokið um áramót.

Í Vestmannaeyjum var lokið við að endurbyggja sjóvörn á Eiðinu sem samið var um við Suðurverk á síðasta ári.

Á Eyrarbakka var undir lok síðasta árs samið við Suðurverk hf. um að byggja 270 m langan sjóvarnargarð í vestur frá frystihúsinu. Lokið var við það í febrúar.

Í Ölfushreppi var unnið að sjóvörn á Hafnarnesinu við Þorlákshöfn. Samkvæmt óskum heimamanna er gerð tilraun með að hlaða upp garði fram á berginu í stað þess að byggja flóðvarnargarð frá Sporinu að vegi við fiskeldisstöð eins og skýrslan frá 1995 gerir ráð fyrir. Í þessum áfanga var lokið um helmingi þess garðs sem áætlað er að þurfi.

Í Herdísarvík var ýtt upp malarkambi við Herdísarvíkurtjörn og hnullungsgrjóti úr fjörunni raðað á kambinn. Samið var um þetta verk við SEES árið 1995 ásamt sjóvörnum á Suðurnesjum og í Bessastaðahreppi en tafir urðu á að leyfi fengist hjá Náttúruverndarráði til að hefja framkvæmdir þar til á þessu ári.

Í Bessastaðahreppi var samið við Suðurverk hf. um byggingu sjóvarnar frá Marbakka suður fyrir Litlubæjarvör nr. 4 og um 400 m kafla við Hliðsnes. Verkið hófst í byrjun nóvember og var ekki lokið um áramót.

Á Seltjarnarnesi var samið við Borgarvirki um gerð sjóvarna að undangengnu útboði. Byggður var sjóvarnargarður á kaflanum Selbraut–Sæbraut og gert við þrjú skörð sem voru komin í sjóvarnargarðinn út í Gróttu. Á norðurströndinni var hlaðin sjóvörn við Lindarbraut, Bollagarða og víðar. Sjóvörn er nú komin í gott horf meðfram allri norðurströndinni frá bæjamörkum að Gróttu að undanskildum 150 m kafla við Ráðagerði. Þessu til viðbótar lét Seltjarnarnesbær byggja sjóvarnargarða við Golfvallarveg og við golfvöllinn.

Framkvæmdakostnaður: 66,4 millj. kr.

RANNSÓKNIR

Á vegum Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum fyrir 35,1 millj. kr. Helstu verkefnisflokkar eru eftirfarandi:

Frumrannsóknir. Kostnaður 2,6 millj. kr. Með frumrannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvarðanatökum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Grunnkort af höfnum. Kostnaður 2,0 millj. kr. Dýptarmælingar voru gerðar á Sauðárkróki, Ólafsfirði, Kópaskeri og í Þorlákshöfn.

Sjávarföll og sjávarflóð. Kostnaður 2,0 millj. kr. Í samstarfi við verkfræðistofuna VST var þróað reiknilíkan fyrir sjávarföll og sjávarflóð fyrir hafsvæðið umhverfis Ísland. Reiknilíkanið veitir upplýsingar um sjávarföll utan hafna og áhlaðanda af völdum lágs loftþrýstings og vindáhlaðanda þegar líkanið er keyrt með tölvuspá Veðurstofunnar. Við kvörðun reiknilíkansins verður stuðst við sjávarfallamæla sem settir hafa verið upp í höfnum.

Líkantilraunir og frumáætlanir. Kostnaður 16,2 millj. kr. Lokið var gerð skýrslu um rannsóknir og líkantilraunir af innsiglingunni til Grindarvíkurhafnar. Niðurstöður rannsóknanna á innsiglingunni eru að lagt er til að dýpkuð verði bein innsiglingarrenna til hafnarinnar. Ysti hluti hennar verður með 9,5 m dýpi, 70 m breiður og um 450 m langur. Til að skýla innsiglingunni og höfninni er lagt til að byggðir verði tveir brimvarnargarðar út að innsiglingarrennunni.

Gert var líkan af Hafnarfjarðarhöfn og unnar tillögur að nýrri höfn utan Suðurgarðs. Þar er gert ráð fyrir allt að 600 m löngum kanti með 8 til 10 m dýpi, aðstöðu fyrir allt að 3 flotkvíar og um 24 hektara landsvæði. Gerðar voru tillögur að löndunarkanti fyrir Vopnafjarðarhöfn og ákveðið að fara í líkantilraunir árið eftir. Unnið var að tillögum að nýjum hafskipabakka fyrir Eskifjarðarhöfn og smábátahöfn á Stöðvarfirði.

Öldurannsóknir. Kostnaður 4,7 millj. kr. Unnið var að þróun gagnagrunns fyrir öldu- og veðurmælingar. Mæligögnum frá upplýsingakerfi um veður og sjólag er safnað saman hjá Siglingastofnun og þau sett í gagnagrunninn.

Öldusveigjureikningar voru gerðir fyrir Ísafjarðardjúp inn til Ísafjarðar og Súðavíkur. Þessar athuganir voru notaðar til að kanna áhrif lengingar Mávagarðs á kyrrð í Sundahöfn og áhrif dýpkunar og lengingar þverkants í Sundahöfn. Jafnframt var gerð athugun á vindöldu á Ísafjarðarpolli. Öldusveigjureikningar inn til Súðavíkurhafnar voru notaðir til að meta áhrif lengingar hafnargarðs á ölduhreyfingu innan hafnar. Unnið var að öldusveigjureikningum fyrir Skagafjörð inn til Sauðárkrókshafnar og metin hönnunaralda fyrir lengingu brimvarnargarðs. Þá var áfram unnið að öldureikningum á Faxaflóa inn til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Efnisflutningar. Kostnaður 1,6 millj. kr. Fylgst var með botnbreytingum við innsiglinguna til Hornafjarðar og víðar.

Aðrar rannsóknir. Kostnaður 6,0 millj. kr. Á árinu var byrjað að birta rauntímaupplýsingar um veður og sjólag á heimasíðu Siglingastofnunar.

Unnið var að rannsóknum á sambandi öldugerðar og öryggis og stöðugleika minni fiskiskipa í nærri brjótandi öldum með það að markmiði að nýta upplýsingakerfið til að auka öryggi sjófarenda og auðvelda sjósókn. Gerð var skýrsla um aðferðafræðina m.a. í samvinnu við Háskólann í Þrándheimi: Information System on Waves and Stability of Small Fishing Vessels.

Smíðað var líkan af fiskibátnum Skúm GK 111 og smíðaður mælir til að mæla stöðugleika líkansins í öldu. Búnaðurinn er smíðaður af Rafagnatækni og er eftirlíking af mæli, Stöðugleikavaktinni, sem settur hefur verið í fiskiskip til að fylgjast með stöðugleika þeirra.

Hafið var samstarf við Háskólann í Þrándheimi við gerð ísingarspár fyrir fiskiskip með það að markmiði að nýta upplýsingakerfið við spá um ísingu fiskiskipa.

Birt var grein um byggingu brimvarnar- og leiðigarðsins á Austurfjörutanga við Hornafjarðarós *„Berm Breakwater in the Tidal Inlet of Hornafjörður, Iceland"* á alþjóðlegu ráðstefnunni MEDCOAST '97. Unnið var að grein um grjóthrúgugarða sem birta á í mars 1998. Greinin er unnin í samvinnu við dönsku straumfræðistöðina og fjallar um reynslu af hönnun og byggingu grjóthrúgugarða á Íslandi og líkantilraunir með þessa garða sem gerðar voru í Danmörku.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1997.

Höfn	Verkefni	Styrkhlutfall	Heildarkostnaður, millj. kr.		Ríkishluti, millj. kr.
I. Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir					
Akranes	Faxabryggja, þekja, lagnir og lýsing	60%	0,6		
	Upplýsingakerfi	90%	1,4	2,0	1,7
Snæfellsbær	Rifshöfn, trébryggja endurbyggð	60%	14,0		
	Arnarstapi, dýpkun	90%	3,3		
	Arnarstapi, leiðrétting vegna dýpkunar 1996	90%	-5,2		
	Ólafsvík, leiðrétting vegna dýpkunar 1996	90%	-0,3		
	Rif, leiðrétting vegna dýpkunar 1996	90%	0,8		
	Leiðrétting vegna eldri framkvæmda	90%	-0,4		
	Ólafsvík, slitlag á tengibraut	60%	1,4		
	Fjármagnskostnaður	90%	0,6	14,2	8,0
Grundarfjörður	Dýpkun við flotbryggju	90%	0,9		
	Flotbryggja	60%	6,4	7,3	4,6
Stykkishólmur	Uppsátur fyrir smábáta	60%	2,0	2,0	1,2
Vesturbyggð	Patreksfjörður, upptökubraut	60%	4,4		
	Leiðrétting vegna fyrri ára	90%	-0,2		
	Fjármagnskostnaður	90%	1,4	5,6	3,7
Tálknafjörður	Grjótgarður við smábátahöfn	90%	5,7	5,7	5,1
Bolungarvík	Lýsing og raflögn við Brjót	60%	1,7	1,7	1,0
Ísafjarðarbær	Ísafjörður, stálþil	60%	0,1		
	Ísafjörður, ferjubryggja	90%	24,5		
	Ísafjörður, bátahöfn, raflögn og lýsing	60%	4,9	29,5	25,1
Súðavík	Grjótgarður	90%	0,8	0,8	0,7
Drangsnes	Endurbyggður skjólgarður	90%	6,4		
	Leiðrétting vegna framkvæmda fyrri ára	90%	-0,1	6,3	5,7
Hólmavík	Slitlag á tengibraut	60%	2,1	2,1	1,3
Hvammstangi	Norðurgarður, stálþil	60%	23,9		
	Norðurgarður, dýpkun	90%	2,8	26,7	16,8
Blönduós	Norðurgarður, lýsing og lagnir	60%	4,8	4,8	2,9
Skagaströnd	Grjótvörn við enda Vesturgarðs	90%	21,6	21,6	19,4
Sauðárkrókur	Norðurgarður, 60 m lenging	90%	6,7		
	Sandfangari, 30 m lenging	90%	12,4		
	Leiðrétting vegna framkvæmda fyrri ára	60%	-0,3	18,8	17,0
Hofsós	Fjármagnskostnaður	90%	0,2	0,2	0,2
Siglufjörður	Löndunarbryggja, frágangur	60%	12,6		
	Leiðrétting vegna framkvæmda fyrri ára	60%	-0,3	12,3	7,4

Höfn	Verkefni	Styrkhlutfall	Heildarkostnaður, millj. kr.		Ríkishluti, millj. kr.
Hafnasamlag	Árskógssandur, raflagnir	60%	1,7		
Eyjafjarðar	Hrísey, raflagnir við stálþil	60%	1,5		
	Ólafsfjörður, grjótvörn við Norðurgarð	90%	11,9		
	Ólafsfjörður, dýpkun	90%	13,0		
	Fjármagnskostnaður	60%	0,6		
	Fjármagnskostnaður	90%	2,4	31,1	26,9
Grímsey	Fjármagnskostnaður	90%	0,6	0,6	0,5
Hafnasamlag	Svalbarðseyri, grjótflái innan hafnar	60%	1,7		
Norðurlands	Krossanesbryggja, þekja og lagnir	60%	17,2		
	Krossanesbryggja, stálþil 1996	40%	5,1		
	Krossanesbryggja, stálþil 1996 (leiðrétting)	60%	1,3		
	Fjármagnskostnaður	90%	1,5	26,8	15,5
Húsavík	Norðurgarður lengdur	90%	28,5		
	Upplýsingakerfi	90%	1,4		
	Dýpkun við Þvergarð	90%	12,9	42,8	36,7
Kópasker	Smábátahöfn, skjólgarður	90%	0,1		
	Fjármagnskostnaður	90%	0,2	0,3	0,3
Raufarhöfn	Uppsátur fyrir smábáta	60%	0,5		
	Tengibraut	60%	4,0	4,5	2,7
Þórshöfn	Suðurgarður	90%	24,1		
	Mastурshús	60%	0,4		
	Löndunarkantur, þekja og lagnir	60%	2,5	27,0	23,4
Bakkafjörður	Skjólhöfn, slitlag	60%	2,0		
	Viðlegubryggja við innri garð	60%	3,6	5,6	3,4
Vopnafjörður	Smábátahöfn, skjólgarður	90%	12,5		
	Smábátahöfn, flotbryggja	60%	4,0		
	Grjótvörn á hafnarsvæði	60%	5,3	21,8	16,9
Borgarfjörður eystri	Skarfaskersgarður	90%	24,6	24,6	22,1
Seyðisfjörður	Tollaðstaða	60%	32,2		
	Fjármagnskostnaður	60%	1,9	34,1	20,4
Neskaupstaður	Stálþil við bræðslu, þekja og lagnir	60%	0,5		
	Dýpkun hafnar	90%	8,0		
	Fjármagnskostnaður	60%	0,6	9,1	7,9
Eskifjörður	Stálþil við bræðslu	60%	25,0		
	Leiðrétting vegna hafnarvogar	40%	-2,3		
	Leiðrétting vegna frystihúsabryggju	60%	-0,7	22,0	13,7
Reyðarfjörður	Dýpkun við vöruhafnarkant	90%	2,7	2,7	2,4
Fáskrúðsfjörður	Hafskipabryggja, þekja, lagnir og lýsing	60%	13,9		
	Leiðrétting vegna hafskipabryggju 1996	60%	0,6		
	Hafskipabryggja, stálþil	60%	9,0	23,5	14,1
Breiðdalsvík	Stálþil, þekja	60%	0,8	0,8	0,5
Djúpivogur	Fjármagnskostnaður	90%	0,6	0,6	0,5

Höfn	Verkefni	Styrkhlutfall	Heildarkostnaður, millj. kr.		Ríkishluti, millj. kr.
Höfn í Hornafirði	Dýpkun hafnar	90%	5,3		
	Dýpkun við loðnubryggju	90%	31,6		
	Loðnubryggja, stækkun	60%	9,1	46,0	38,7
Vestmannaeyjar	Dýpkun í Friðarhöfn	90%	37,6		
	Friðarhöfn, stálþil	60%	42,4		
	Stálþil við Löngu, þekja og lagnir	60%	3,1	83,1	61,1
Þorlákshöfn	Skarfaskersbryggja, þekja og lagnir	60%	24,9		
	Fjármagnskostnaður	90%	4,9	29,8	19,3
Grindavík	Dýpkun innsiglingar, fyrsti áfangi	90%	214,4		
	Leiðrétting vegna framkvæmda fyrri ára	90%	-0,8	213,6	192,3
Sandgerði	Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	90%	1,4	1,4	1,3
Hafnasamlag	Keflavík, grjótgarður	90%	0,7		
Suðurnesja	Vogar, styrking grjótvarnar	90%	20,1		
	Helguvík, lagnir, lýsing og þekja	60%	6,5		
	Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	90%	1,4	28,7	23,9
Af óskiptu fé	Vesturbyggð, stigar í Patrekshöfn	60%	0,5		
	Drangsnes, garðsendaljós	90%	0,5		
	Drangsnes, rafvæðing í Kokkálsvík	60%	1,3		
	Hvammstangi, dýpkun í smábátahöfn	90%	0,4		
	Skagaströnd, garðsendaljós	90%	0,4		
	Leiðrétting vegna Grenivíkur	60%	-0,4		
	Leiðrétting vegna Sandgerðis	60%	-0,5		
	Leiðrétting vegna innsiglingarljósa á Eskifirði	90%	-0,1		
	Leiðrétting vegna deiliskipulags á Eskifirði	60%	-0,2		
	Leiðrétting vegna innsiglingarmerkja í Vogum	90%	-0,1	1,8	1,6
	Alls ríkisstyrktar framkvæmdir		**843,9**	**843,9**	**667,9**
		40%	2,8		
		60%	295,1		
		75%	12,9		
		90%	533,1		
	Samtals		**843,9**		

Höfn	Verkefni	Styrkhlutfall	Heildarkostnaður, millj. kr.	Ríkishluti, millj. kr.
II. Ferjubryggjur				
	Ferjubryggjur, óskipt	100%	0,1	0,1
	Flatey á Breiðafirði	100%	0,1	0,1
	Staður	100%	0,3	0,3
	Gemlufall	100%	0,1	0,1
	Ögur	100%	0,3	0,3
	Arngerðareyri	100%	7,4	7,4
	Bæir	100%	2,5	2,5
	Holtsbryggja	100%	0,2	0,2
	Samtals ferjubryggjur		**11,0**	**11,0**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1997.

Höfn	millj. kr.
Akranes	3,8
Snæfellsbær	5,3
Ísafjarðarbær	5,2
Munaðarnes í Árneshreppi	0,2
Blönduós	5,3
Skagaströnd	2,0
Ólafsfjörður	4,2
Árskógssandur	4,4
Svalbarðsströnd	1,0
Grenivík	0,1
Húsavík	5,1
Þórshöfn	0,4
Vestmannaeyjar	2,6
Eyrarbakki	10,9
Ölfushreppur	2,4
Herdísarvík	1,7
Sandgerði	0,1
Bessastaðahreppur	3,6
Seltjarnarnes	8,0
Óskipt vegna áætlana	0,1
Samtals	**66,4**

Tafla III. Rannsóknarverkefni 1997.

Verkefni	millj. kr.	millj. kr.
Almennar rannsóknir, óskipt		5,7
Ýmis sérverkefni		6,8
Úthafsöldumælingar		0,1
Líkantilraunir		
Hornafjörður	0,1	
Grindavík	1,1	
Hafnafjörður	8,1	
Sameiginlegur kostnaður	3,0	12,3
Rannsóknarverkefni í höfnum		
Snæfellsbær	0,1	
Ísafjörður	1,4	
Súðavík	0,2	
Sauðárkrókur	0,8	
Ólafsfjörður	0,2	
Kópasker	0,2	
Vopnafjörður	1,4	
Borgarfjörður eystri	0,1	
Eskifjörður	0,3	
Stöðvarfjörður	0,2	
Höfn í Hornafirði	1,0	
Þorlákshöfn	0,5	
Grindavík	0,1	
Hafnasamlag Suðurnesja	0,2	
Hafnarfjörður	2,2	
Reykjavík	1,0	
Ýmsar hafnir	0,3	10,2
Samtals		**35,1**

Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerða 1997 (í millj. kr.).

Höfn	Staða ríkissjóðs í árslok 1996 Vantar	Ónotað	Ríkishluti framkvæmda 1997	Fjárveiting 1997	Staða ríkissjóðs í árslok 1997 Vantar	Ónotað
Akranes	10,9		1,7	15,0		2,4
Borgarnes		0,1	0,0			0,1
Snæfellsbær	3,9		8,0	12,3		0,4
Grundarfjörður	0,0		4,6	4,6		0,0
Stykkishólmur	0,1		1,2	1,5		0,2
Reykhólahöfn		0,1	0,0			0,1
Vesturbyggð	15,4		3,7	8,3	10,8	
Tálknafjörður		5,9	5,1	1,3		2,1
Bolungarvík		2,9	1,0	1,3		3,2
Ísafjarðarbær	1,7		25,1	33,1		6,3
Súðavík		0,6	0,7	13,4		13,3
Norðurfjörður	0,0		0,0			
Drangsnes		0,8	5,7	3,8	1,1	
Hólmavík		0,2	1,3	1,5		0,4
Hvammstangi	0,0		16,8	10,0	6,8	
Blönduós	3,0		2,9	5,0	0,9	
Skagaströnd	11,9		19,4	16,3	15,0	
Sauðárkrókur		1,2	17,0	14,6	1,2	
Hofsós	1,4		0,2	1,6	0,0	
Haganesvík			0,0			
Siglufjörður		6,0	7,4	6,8		5,4
Hafnasamlag Eyjafjarðar[1]	25,2		26,9	20,2	31,9	
Grímsey	5,7		0,5	2,4	3,8	
Hafnasamlag Norðurlands[2]	109,3		15,5	40,8	84,0	
Húsavík		8,6	36,7	33,8		5,7
Tjörnes			0,0			
Kópasker	2,6		0,3	1,7	1,2	
Raufarhöfn		0,2	2,7	2,5		
Þórshöfn	1,3		23,4	30,7		6,0
Bakkafjörður		4,2	3,4	0,2		1,0
Vopnafjörður			16,9	16,5	0,4	
Borgarfjörður eystri		1,7	22,1	16,7	3,7	
Seyðisfjörður	10,1		20,4	21,2	9,3	
Neskaupstaður	9,2		7,9	9,3	7,8	
Eskifjörður	0,5		13,7	0,5	13,7	
Reyðarfjörður		2,5	2,4	0,0		0,1
Fáskrúðsfjörður		2,6	14,1	6,3	5,2	
Stöðvarfjörður	0,2		0,0	0,2		
Breiðdalsvík		5,1	0,5			4,6

Höfn	Staða ríkissjóðs í árslok 1996 Vantar	Ónotað	Ríkishluti framkvæmda 1997	Fjárveiting 1997	Staða ríkissjóðs í árslok 1997 Vantar	Ónotað
Djúpivogur	4,3		0,5	4,8		
Höfn í Hornafirði		11,5	38,7	13,4	13,8	
Vestmannaeyjar	43,2		61,1	38,9	65,4	
Eyrarbakki		1,0	0,0			1,0
Þorlákshöfn	50,7		19,3	41,7	28,3	
Grindavík	102,8		192,3	26,0	269,1	
Sandgerði	140,9		1,3	45,5	96,7	
Hafnasamlag Suðurnesja[3]	107,3		23,9	41,2	90,3	
Hafnarfjörður	19,0		0,0		19,0	
Garðabær	0,1		0,0		0,1	
Óskipt	0,9		1,6	2,1	0,4	
Samtals	**681,9**	**55,2**	**667,9**	**567,0**	**779,9**	**52,3**

[1] Á árinu sameinaðist hafnarsjóður Hríseyjar Hafnasamlagi Eyjafjarðar.

[2] Hafnarsjóðir Svalbarðseyrar, Hjalteyrar, Grenivíkur og Akureyrar sameinuðust í Hafnasamlag Norðurlands.

[3] Á árinu sameinaðist hafnarsjóður Voga, Gerðahrepps og höfnin Keflavík – Njarðvík í Hafnasamlag Suðurnesja.

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1997.

	millj. kr.	millj. kr.
Almennar hafnir		567
Lendingarbætur		
Búðir, Snæfellsbæ	0,5	
Grunnavík, Ísafjarðarbæ	0,6	
Kjörvogur, Árneshreppi	0,1	
Broddanes, Broddaneshreppi	0,3	
Reykir á Reykjaströnd, Skarðshreppi	0,5	2
Ferjubryggjur		
Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp		5
Samtals		**574**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1997.

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-333)	millj. kr.
Akranes	5,9
Snæfellsbær	4,5
Ísafjörður	6,4
Blönduós	2,3
Höfðahreppur	1,5
Árskógshreppur	0,5
Svalbarðsstrandarhreppur	1,0
Húsavík	4,2
Þórshafnarhreppur	3,3
Ölfushreppur	2,5
Vestmannaeyjar	3,0
Bessastaðahreppur	6,5
Seltjarnarnes	4,8
Óskipt	4,6
Samtals	**51,0**

Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 1997.

Styrkir	millj. kr.	millj. kr.
a. Styrkir til nýframkvæmda		
Vesturbyggð	0,7	
Bolungarvík	0,3	
Hólmavík	0,4	
Hvammstangi	2,5	
Blönduós	1,1	
Þórshöfn	0,6	
Bakkafjörður	0,1	
Seyðisfjörður	5,2	
Sandgerði	2,0	12,9
b. Tjónastyrkir		
Drangsnes	0,4	
Vesturbyggð	4,9	
Hafnas. Eyjafjarðar	0,1	
Grímsey	5,8	
Skeggjastaðahreppur	5,3	
Vopnafjörður	4,2	
Borgarfjörður eystri	1,5	
Stöðvarfjörður	0,3	
Hafnasamlag Suðurnesja/Vogar	2,0	
Hafnasamlag Suðurnesja	6,2	30,7
Styrkir alls		**43,6**

Lán	**millj. kr.**	**millj. kr.**
a. Lán til heimahluta í nýframkvæmdum		
Hafnasjóður Snæfellsbæjar	4,8	
Stykkishólmur	0,4	
Hólmavík	0,4	
Þórshöfn	0,5	
Vopnafjörður	2,5	8,6
b. Bráðabirgðalán út á væntanlega fjárveitingu		0,0
Lán alls		**8,6**
Samtals lán og styrkir		**52,2**

1090. Skýrsla [603. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1998.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

I. FJÁRÖFLUN

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1998 áttu markaðar tekjur til vegagerðar að gefa 8.345 m.kr. á rekstrargrunni. Spá vegáætlunar var örlítið hærri eða 8.349 m.kr. Þegar tekið hafði verið tillit til framlags úr ríkissjóði vegna framkvæmdaátaks og lánahreyfinga milli vegasjóðs og ríkissjóðs auk tilfærslu í ríkissjóð sem nam 1.164 m.kr. var niðurstöðutala vegáætlunar 7.695 m.kr.

Það varð fljótlega ljóst að þungaskattur, einkum fast árgjald þungaskatts, myndi gefa nokkuð meiri tekjur en áætlað var. Fjárveitingar voru því hækkaðar um 119 m.kr. með fjáraukalögum. Samkvæmt bráðabirgðatölum virðist innheimtan hafa verið öllu meiri og miðað við þær nemur inneign vegasjóðs hjá ríkissjóði 133 m.kr.

Á árinu 1998 voru fjárlög í fyrsta sinn sett fram á rekstrargrunni og var þá einnig reynt að skilgreina mun á rekstrar- og greiðslugrunni tekjuhliðar vegáætlunar. Var áætlað að álagðar tekjur væru 60 m.kr. hærri á rekstrargrunni en greiðslugrunni en á móti var reiknað með því að tekin vinnulán yrðu 30 m.kr. lægri en árið áður. Mismunurinn var því 30 m.kr. sem rekstrargrunnur var áætlaður hærri en greiðslugrunnur. Þessi mismunur, þótt ekki sé hann hátt hlutfall af vegáætlun hefur valdið nokkrum vandræðum og í raun er ekki eðlilegt að á vegáætlun hvers árs sé ráðstafað nema því fjármagni, sem inn kemur af mörkuðum stofnum. Ákveðið hefur verið í samráði við fjármálaráðuneytið að hafa þetta að leiðarljósi við fjárlagagerð í framtíðinni og einnig að á árinu 1998 skyldi jafna mismuninn með hluta af áðurnefndri viðbótarfjárveitingu, þannig að rekstrar- og greiðslugrunnur vegáætlunar verði jafnir. Endanleg niðurstöðutala vegáætlunar 1998 er því 7.784 m.kr. bæði á rekstrar- og greiðslugrunni.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu voru innheimtar markaðar tekjur (bráðabirgðatölur) á árinu 1998 eftirfarandi:

	Vegáætlun á rekstrar-grunni m.kr.	Fjáraukalög m.kr.	Fjárveitingar á greiðslu-grunni m.kr.	Raun-tekjur m.kr.
1.1. Markaðar tekjur :				
1. Bensíngjald	5.128		5.128	5.089
2. Þungaskattur, km-gjald	2.221		2.221	2.223
3. Þungaskattur, árgjald	1.000	119	1.119	1.229
	8.349		8.468	8.541
Fært í framkvæmdaátak (1.3.1.)	-360		-360	-360
1.2. Fært í ríkissjóð	-1.164		-1.164	-1.164
	6.825		6.944	7.017
1.3. Framkvæmdaátak :				
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	360		360	360
2. Framlag úr ríkissjóði	350		350	350
3. Endurgreiðsla lánsfjár	-210		-210	-210
	500		500	500
Samtals:	7.325		7.444	7.517
1.4. Lánsfé:				
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	400		400	400
2. Vinnulán, nettó	-30	30		
Færsla tekna á greiðslugrunn		-60	-60	
Samtals:	7.695	89	7.784	7.917

Nokkur hluti af fjárveitingum til Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 1998 er um að ræða síðustu afborgun af láni Reykjavíkurborgar 201,3 m.kr., afborganir og vexti af lánum vegna ferjanna Herjólfs og Baldurs 96 m.kr., auk skerðingar samkvæmt 7. grein fjárlaga 33,3 m.kr., eða alls 330,6 m.kr. Í ríkisreikningi eru þessar upphæðir ekki færðar sem kostnaður hjá Vegagerðinni heldur sem lækkun á framlagi til hennar.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Skráningarstofunni hf. voru nýskráðar fólksbifreiðir 15.046 á árinu 1998 á móti 11.728 árið áður sem samsvarar 28% aukningu. Á sama tíma voru nýskráðar 118 hópferðabifreiðir á móti 136 árið áður eða öllu færri. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 1.543 á árinu 1998 en voru 1.297 árið áður og er aukningin þar 19%.

Áframhaldandi aukning er í innflutningi og nýskráningu bifreiða og í töflunni hér að neðan má sjá að bifreiðaeign landsmanna fer stöðugt vaxandi eftir samdráttartímabil á árunum 1990-1994. Fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa er nú komin í 510 og hefur aldrei fyrr verið meiri.

	Bifreiða-eign 31.12.96	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.97	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.98
Fólksbifreiðir	124.909	6,05	132.468	5,97	140.372
Hópferðabifreiðir	1.363	8,80	1.483	4,11	1.544
Vöru-/sendibifreiðir	15.260	5,03	16.027	3,26	16.550
Samtals	141.532	5,97	149.978	5,66	158.466

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsalan á tekjuárinu nam u.þ.b. 188 m.l og er söluaukningin milli ára um 2,7%. Tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir 189 m.l sölu og auk þess tafðist hækkun bensíngjalds í júní 1998 um hálfan mánuð þannig að tekjurnar af bensínsölunni urðu 37 m.kr. eða um 0,7% minni en áætlað var í vegáætlun.

Aukningin í bifreiðaeign landsmanna skilar sér ekki nema að hluta í aukinni bensínsölu. Líklegt er að meðalakstur á bifreið fari minnkandi með aukinni bifreiðaeign en auk þess eru nýjar bifreiðir með sparneytnari vélar en þær eldri. Aðal ástæðan er þó sú að dieselbifreiðum, einkum dieselfólksbifreiðum, fjölgar hlutfallslega meira en bensínbifreiðum og hefur sú þróun verið undanfarin ár. Fjölgun bensínbifreiða á árinu var 4,5% á meðan dieselbifreiðum fjölgaði um 13,6%. Bensínbifreiðir eru þó enn í miklum meirihluta á landinu og voru 86,4% af bifreiðaeign í árslok 1998, en til samanburðar var þetta hlutfall 88,9% í árslok 1994.

Bensíngjald var hækkað um 3,5% þann 15. júní 1998 og er bensíngjald af blýlausu bensíni nú 27,53 kr./l en 29,29 kr./l af blýbensíni en olíufélögin selja ekki lengur blýbensín á Íslandi.

Dagsetning	Bensíngjald kr./l	Hækkun %	Byggingar-vísitala stig	Bensíngjald mætti vera kr./l
15.06.98 Blýbensín	29,29	3,50	231,2	33,40
15.06.98 Blýlaust	27,53	3,50	231,2	30,54

Verð á bensíni hefur farið lækkandi. Í ársbyrjun 1998 kostaði lítrinn af 95 oct. bensíni 77,20 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Í ársbyrjun 1999 var verðið hins vegar komið niður í 70,20 kr.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla lítrar á bifr.	Verð á lítra 31.12. 92 oct.	95 oct.	98 oct.	Bensíngjald Venjulegt	Blýlaust
1987	155,7	1.324	33,7		35,4	12,60	
1988	164,8	1.321	36,6		38,3	12,60	
1989	166,4	1.336	49,9		54,1	19,39	17,74
1990	169,4	1.387	56,8		62,9	20,55	18,80
1991	175,4	1.436	59,4	63,3	66,4	22,25	20,35
1992	179,1	1.474	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,4	1.519	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40
1994	180,5	1.537	66,8	69,9	73,6	26,41	24,85
1995	179,0	1.510	67,7	70,0	73,5	26,41	24,85
1996	183,0	1.496		77,0	81,7 *)	27,11	25,51
1997	183,5	1.435		77,2	81,9	28,30	26,60
1998	188,1	1.404		72,6	77,3	29,29	27,53
janúar 1999				70,2	74,9	29,29	27,53

*) Frá 1996 er 98 oct bensín blýlaust

Eins og sjá má á töflunni fer meðaleyðsla á bensínbifreið enn minnkandi.

1.1.2.-3. Þungaskattur

Gjaldskrár þungaskatts voru ekki hækkaðar á árinu. Til stóð að hækka þær um 3,5% þann 1. júní 1998 um leið og bensíngjald átti að hækka, en þá skorti til þess lagaheimild, þar sem heimild ráðherra til að hækka gjaldskrána með reglugerð með hliðsjón af breytingum á byggingarvísitölu hafði verið tekin út úr lögunum um fjáröflun til vegagerðar. Breytingar á lögunum, sem m.a. fólu í sér heimild til hækkunar á gjaldskrám voru síðan samþykktar á Alþingi í desember 1998 og tóku gildi 1. janúar 1999 þannig að áðurnefnd 3,5% hækkun á gjaldskrám hefur nú tekið gildi, en skilaði hins vegar engum viðbótartekjum í vegasjóð á árinu 1998 eins og áætlað hafði verið.

Innheimtar tekjur af km-gjaldi þungaskatts námu alls 2.223 m.kr. Tekjuspá vegáætlunar hljóðaði upp á 2.221 m.kr. og frávik þar því einungis 2 m.kr. Innheimt árgjald þungaskatts var 1.229 m.kr. en tekjuspá vegáætlunar hafði einungis gert ráð fyrir 1.000 m.kr. þannig að tekjurnar af árgjaldinu reyndust mun meiri en áætlað var. Þetta var orðið ljóst þegar á leið árið og fékk Vegagerðin hluta af þessari innheimtuaukningu sem viðbótarfjárveitingu á fjáraukalögum.

Sem fyrr segir þá stafar þessi aukning í þungaskatti af miklum bifreiðainnflutningi og því að hlutdeild dieselbifreiða í bifreiðaeign landsmanna fer vaxandi. Einkum er þar um að ræða stærri fólksbifreiðir s.s. jeppa, en minni diesel-fólksbifreiðir eru enn ekki vænlegur kostur fyrir bifreiðaeigendur þrátt fyrir að neðstu flokkarnir í föstu árgjaldi þungaskatts hafi í raun verið lækkaðir undanfarið.

Miklar breytingar voru gerðar á lögum um fjáröflun til vegagerðar, þ.e. á þungaskattinum á árinu 1998. Samkvæmt lögum 34/1995 um vörugjald af olíu, skyldi olíugjald leysa þungaskattinn af hólmi. Eftir að gildistöku þessara laga hafði verið frestað tvívegis voru þau endanlega numin úr gildi í júní 1998 og breytingar gerðar á lögunum um fjáröflun til vegagerðar með lögum nr. 83/1998 frá júní 1998 og aftur með lögum nr. 151/1998 frá desember 1998.

Helstu breytingarnar sem gerðar hafa verið á þungaskattskerfinu eru eftirfarandi:

1) Tekið var upp 100.000 kr. fast árgjald af ökutækjum yfir 14 tonn að leyfðum heildarþunga, en km-gjaldið lækkað á móti. Festi- og tengivagnar voru síðar undanþegnir þessu fasta árgjaldi en km-gjald þeirra hækkað aftur.

2) Afsláttur af km-gjaldi af akstri vöruflutningabifreiða umfram 25.000 km á ári var afnuminn. Var hér farið að kröfum samkeppnisstofnunar, sem taldi þennan afslátt brjóta í bága við samkeppnislög. Eigendur ökutækjanna geta þó nú valið um það hvort þeir greiði fast gjald sem tekur mið af 95.000 km akstri á ári eða samkvæmt venjulega kerfinu.

3) Námubifreiðir, sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum eru nú undanþegnar skattskyldu.

4) Endurgreiðslur á þungaskatti til sérleyfishafa eru felldar brott. Í staðinn skulu þeir styrktir til aksturs á sérleyfisleiðum og skulu styrkirnir greiddir af vegafé.

5) Gjaldskrár þungaskatts skulu hækkaðar um 3,5% í ársbyrjun 1999 og um 2% til viðbótar um mitt ár 1999. Fasta 100.000 kr. gjaldið á bifreiðir yfir 14 tonn og tveir lægstu flokkar árgjalds þungaskatts eru þó undanþegnir þessum hækkunum.

Ekki er fyllilega ljóst hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa á tekjur vegáætlunar í framtíðinni en aðeins hluti breytinganna hafði tekið gildi og það einungis á seinni hluta tekjuársins 1998. Í tekjuspá vegáætlunar sem samin var haustið 1997 var gert ráð fyrir óbreyttu þungaskattskerfi, 3,5% hækkun á gjaldskrám 1. júní 1998 og 2% hækkun 1. júní 1999 auk áætlaðra verðlagshækkana.

1.2. FÆRT Í RÍKISSJÓÐ

Samkvæmt fjárlögum og vegáætlun skyldu 1.164 m.kr. af mörkuðum tekjum til vegagerðar ekki notaðar til framkvæmda heldur renna í ríkissjóð á árinu 1998. Innheimtar markaðar tekjur á árinu reyndust síðan 252 m.kr. meiri en áætlað hafði verið. Af þeim fékk Vegagerðin 119 m.kr. samkvæmt fjáraukalögum. Inneign vegasjóðs hjá ríkissjóði er því 133 m.kr. (bráðabirgðatölur).

1.3. FRAMKVÆMDAÁTAK

Framkvæmdaátak þetta hófst á árinu 1995 og skyldi standa til ársins 1999. Með nýrri samþykktri vegáætlun 1998-2002 var ákveðið að 1998 skyldi verða síðasta ár framkvæmdaátaksins. Sem fyrr kom 350 m.kr. sérstakt framlag úr ríkissjóði til þessa átaks en á móti runnu 360 m.kr. af mörkuðum tekjum til þess. Af þessum samtals 710 m.kr. var 210 m.kr. varið til að endurgreiða eftirstöðvar af láni, sem tekið var hjá ríkissjóði á fyrstu árum framkvæmdaátaksins.

1.4. LÁNSFÉ

Á árinu tók vegasjóður 400 m.kr. lán hjá ríkissjóði til að fjármagna síðari hluta vegtenginga við Hvalfjarðargöng. Lán þetta skal endurgreiðast af mörkuðum tekjum á næstu 10 árum.

Þegar vegáætlun 1998-2002 var samin, var reynt að meta mismuninn á rekstrar- og greiðslugrunni í fjárölfuninni og var því reynt að meta breytingu á stöðu vinnulána í árslok m.v. ársbyrjun og var áætlað að vinnulánin myndu lækka um 30 m.kr. Eins og áður hefur verið greint frá var ákveðið að í framtíðinni væri rétt að rekstrargrunnur og greiðslugrunnur vegáætlunar skyldu verða eins og munurinn 1998 jafnaður með hluta af þeirri viðbótarfjárveitingu sem Vegagerðin fékk á fjáraukalögum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting útgjalda að upphæð 7.695 m.kr. samkvæmt vegáætlun 1998, en fjárlög og fjáraukalög 1998 voru samtals 7.784 m.kr. á greiðslugrunni en 30 m.kr. hærri á rekstrargrunni

(Fjárhæðir í m.kr.)	Vegáætlun 1998	Breyting 1998	Fjárveiting 1998
2.1. Stjórn og undirbúningur	**306**	**15**	**321**
1. Skrifstofukostnaður o.fl.	161	15	176
2. Tæknilegur undirbúningur	145		145
2.2. Viðhald þjóðvega			
1. Almenn þjónusta	**890**		**890**
1. Sameiginlegt	244		244
2. Vegir og vegyfirborð	350		350
3. Brýr og önnur vegamannvirki	46		46
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	250		250
2. Vetrarþjónusta	**660**		**660**
3. Viðhald	**1.300**		**1.300**
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	531		531
2. Endurnýjun malarslitlaga	216		216
3. Styrkingar og endurbætur	284		284
4. Viðhald brúa og varnargarða	114		114
5. Öryggisaðgerðir	62		62
6. Vatnaskemmdir	93		93
4. Þéttbýlisvegir	**340**		**340**
2.3. Til nýrra þjóðvega			
1. Stofnvegir	**2.485**	**4**	**2.489**
1. Almenn verkefni	751		751
2. Höfuðborgarsvæðið	548	4	552
3. Stórverkefni	586		586
4. Framkvæmdaátak	500		500
5. Skeiðarársandur	100		100
2. Tengivegir	**355**		**355**
3. Til brúagerða	**160**		**160**
1. Brýr 10 m og lengri	145		145
2. Smábrýr	15		15
4. Ferðamannaleiðir		**40**	**40**
5. Girðingar	**34**		**34**
2.4. Til safnvega	**177**		**177**
2.5. Til landsvega	**52**		**52**
2.6. Til styrkvega	**25**		**25**
2.7. Til reiðvega	**22**		**22**
2.8. Til tilrauna	**69**		**69**
2.9. Til flóabáta	**420**	**30**	**450**
Samtals	7.295	89	7.384
Lán vegna Hvalfjarðarganga	400		400
Samtals á greiðslugrunni	7.695	89	7.784
Til samgönguráðuneytis skv. 7. gr. fjárlaga til átaks í ferðamálum erlendis		-18	-18
Til samgönguráðuneytis skv. fjáraukalögum til átaks í ferðamálum erlendis		-15	-15
Samtals	7.695	56	7.751

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 1998 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Gildandi vegáætlun er fyrir árin 1998-2002 og var samþykkt á Alþingi í júní 1998. Hún er sérstök að því leyti að hún nær til 5 ára. Má í raun segja að árið 1998 sé auka ár í þessari vegáætlun, því ákveðnar hafa verið ýmsar breytingar á vegáætlun, sem taka eiga gildi frá og með árinu 1999. Árið 1998 er því síðasta ár gamla kerfisins og í raun uppgjörsár þess.

Meðaltalsvísitala vegagerðar fyrir 1998 var áætluð 5700 stig. Í raun endaði hún í 5697 stigum og frávikið því einungis 0,05%. Hækkun frá meðaltalsvísitölu 1997 var 4,2%.

Markaðir tekjustofnar til vegagerðar halda áfram að vera sterkir og skila auknum tekjum. Sem fyrr segir skilaði innheimta markaðra tekna 8.541 m.kr. eða 252 m.kr. hærri upphæð en áætlað hafði verið og fékk Vegagerðin 119 m.kr. af þeim á árinu samkvæmt fjáraukalögum. Afgangurinn 133 m.kr. er inneign hjá ríkissjóði.


Í ríkissjóð runnu 1.164 m.kr. af mörkuðum tekjum en á móti kom 350 m.kr. sérstakt framlag úr ríkissjóði til framkvæmdaátaks. Nettó lántaka hjá ríkissjóði var síðan 190 m.kr. þ.e. vegasjóður endurgreiddi 210 m.kr. lán vegna framkvæmdaátaks en tók 400 m.kr. lán vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga.

Vegagerðin fékk því alls til ráðstöfunar 7.784 m.kr. sem er mjög svipuð upphæð að raungildi og árið 1997.


Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var þokkalega góð og taka vinnulána var sem fyrr með minnsta móti.

Ekki var um nein stór áföll að ræða hjá Vegagerðinni á árinu 1998 og almennt má segja að árið hafi verið nokkuð gott.

Í súluritinu hér að neðan koma fram framlög til vegamála í m.kr. á verðlagi 1998 á árunum 1964 til 1998.



Hér að neðan má sjá framlög til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1964 til 1998. Miðað er við endurskoðaðan grunn þjóðarframleiðslu.



2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 339 um síðustu áramót í 331 stöðugildum en stöðugildi með starfsnúmer eru 355, þannig að óráðið er í 24 stöðugildi. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1998 var 388, en var 395 árið 1997. Heildarvinnuframlag á árinu 1998 reiknað í dagvinnustundum nam 488 mannárum og hafði lækkað úr 534 frá árinu 1997. Launagreiðslur voru 966 m.kr. á árinu 1998 og launatengd gjöld 152 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og umdæmum.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Sam-tals
Yfirstjórn, skrifstofa	19	4	5	4	6	3	3	2	46
Tæknilegur undirbúningur	45	7	8	7	5	6	8	5	91
Vegaeftirlit	8	0	0	0	0	0	0	0	8
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	10	0	0	0	0	0	1	1	12
Iðnlærðir verkstjórar	1	1	3	1	1	3	1	2	13
Verkstjórar	1	5	6	7	6	3	10	7	45
Iðnaðarmenn	1	3	4	5	3	1	6	3	26
Vélamenn	6	2	12	9	10	7	8	9	63
Verkamenn	2	3	3	9	1	2	5	2	27
Ráðskonur, matreiðslumenn	1	1	0	1	1	1	1	2	8
Fastir starfsmenn í desember 1998	94	26	41	43	33	26	43	33	339
Fastir starfsmenn í desember 1997	92	31	39	45	36	26	45	36	350
Fastir starfsmenn í desember 1996	90	33	39	42	35	25	46	37	347
Fastir starfsmenn í desember 1995	86	34	39	43	37	26	46	35	346
Fastir starfsmenn í desember 1994	88	34	34	43	38	25	44	35	341
Fastir starfsmenn í desember 1993	86	35	32	44	35	27	46	33	338
Fastir starfsmenn í desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn í desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371

2.1.1. Skrifstofukostnaður o.fl.

Fjárveiting í vegáætlun var 161 m.kr. en þar af voru 20 m.kr. til endurgreiðslu á þungaskatti til sérleyfishafa fólksflutninga. Á fjáraukalögum 1998 var veitt 15 m.kr. fjárveiting til átaks í ferðamálum erlendis sem samgönguráðuneytið annaðist.

Til þess liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannahald.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Fjárveiting í vegáætlun var 145 m.kr.


Tæknisvið í Reykjavík nær yfir áætlanadeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Á tæknisviði fer fram hönnun brúa og aðstoð við umdæmi í veghönnun. Unnið er úr umferðartalningum og slysaskýrslum og tillögur gerðar um úrbætur á hættulegum stöðum á vegakerfinu. Umsjón með gagnabanka og vegaskrá. Haldið er utanum alla skráningu í viðhaldi og þjónustu, vinnubrögð samræmd og fjárveitingum til viðhalds og þjónustu skipt milli umdæma og þjónustusvæða. Miðlun upplýsinga til vegfarenda og almennings er sífellt mikilvægari og er henni stjórnað frá Reykjavík í samvinnu við umdæmin. Haft er eftirlit með ásþunga bifreiða, þungaskatti og ökuritum. Tölvuþjónusta er rekin í Reykjavík fyrir allar umdæmisskrifstofur og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar. Á tæknisviði er umsjón með rekstri vélakosts Vegagerðarinnar í samvinnu við umdæmi og rekin birgðastöð fyrir allt landið. Starfsmenn tæknisviðs vinna auk þess að ýmsum tilrauna- og rannsóknarverkefnum í samvinnu við rannsókna- og þróunardeild Vegagerðarinnar. Sé unnið við ákveðna framkvæmd sem hefur fjárveitingu í vegáætlun er kostnaður færður á verkið en ef vinnan tengist ekki ákveðnu verkefni er hún greidd af þessum lið.

Haldið var við skrám um þjóðvegi og lengd þeirra, en samkvæmt vegalögum er þeim skipti í fjóra flokka, stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 1. janúar 1998.


Umdæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	618	994	507	751	2.870
Reykjanes	302	172	61	43	578
Vesturland	598	715	399	177	1.889
Vestfirðir	785	386	260	102	1.533
Norðurland vestra	409	631	359	219	1.618
Norðurland eystra	673	528	357	532	2.090
Austurland	921	481	363	346	2.111
Samtals	4.306	3.907	2.306	2.170	12.689


Á tæknisviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birt í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi.


Í árslok 1998 voru stofn- og tengivegir með bundnu slitlagi 3.433 km, og hafa því lengst um 128 km frá árinu áður. Frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum.



Á síðunum hér á eftir er miðað við umferð á vegum landsins árið 1997. Vakin er athygli á því að frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum. Umferð á þessum vegum er mun meiri en annars staðar á vegum landsins og er sú viðbót sýnd sérstaklega árið 1994.






Ársumferð 1997
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

Í eftirfarandi töflu er sýnd lengd stofn- og tengivega flokkuð eftir sumardagsumferð (júní-september). Gerður er greinarmunur á vegum með bundnu slitlagi og vegum með malarslitlagi. Einnig er sýndur fjöldi ekinna km í hverju umdæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstri. Umferð er samkvæmt umferðartalningu 1997, en lengd vega miðað við ársbyrjun 1998. Vakin er athygli á því að vegir sem áður voru þjóðvegir í þéttbýli eru nú samkvæmt vegalögum nr. 45/1994 taldir til stofn- og tengivega.


		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1997														Ársumferð 1997			
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1.000	1.000-1.500	1.500-2.000	2.000-3.000	3.000-5.000	5.000-10.000	Yfir 10.000	Alls	% skipting			
Umdæmi	Gerð slit-lags	Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki 1998														Eknir m.km	Í kjörd. %	Í landi %	
		km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km				
Suðurland	Malar	266	164	266	114	23	12	0	0	0	0	0	0	0	845	23	11	2	
	Bundið	48	16	64	42	161	199	64	66	13	43	14	37	0	767	182	89	12	
	Samtals	314	180	330	156	184	211	64	66	13	43	14	37	0	1.612	205	100	14	
Reykjanes	Malar	10	26	32	19	13	0	12	4	0	0	2	1	0	119	12	2	1	
	Bundið	13	15	28	7	41	8	20	38	27	8	36	57	59	357	776	98	53	
	Samtals	23	41	60	26	54	8	32	42	27	8	38	58	59	476	788	100	54	
Vesturland	Malar	275	232	201	101	39	0	0	0	0	0	0	0	0	848	21	16	1	
	Bundið	10	1	30	52	110	77	17	54	10	71	24	0	0	456	113	84	8	
	Samtals	285	233	231	153	149	77	17	54	10	71	24	0	0	1.304	134	100	9	
Vestfirðir	Malar	169	268	290	34	0	0	0	0	0	0	0	0	0	761	14	29	1	
	Bundið	5	2	178	123	47	10	16	17	0	9	2	0	0	409	35	71	2	
	Samtals	174	270	468	157	47	10	16	17	0	9	2	0	0	1.170	49	100	3	
Norðurland	Malar	300	232	111	22	0	0	0	0	0	0	0	0	0	665	12	15	1	
vestra	Bundið	2	1	18	12	114	18	39	165	5	0	0	0	0	374	69	85	5	
	Samtals	302	233	129	34	114	18	39	165	5	0	0	0	0	1.039	81	100	6	
Norðurland	Malar	195	291	96	112	30	13	0	1	0	0	0	0	0	738	21	16	1	
eystra	Bundið	4	11	25	63	90	101	23	82	48	5	8	4	0	464	111	84	8	
	Samtals	199	302	121	175	120	114	23	83	48	5	8	4	0	1.202	132	100	9	
Austurland	Malar	163	267	229	96	43	0	0	0	0	0	0	0	0	798	21	25	1	
	Bundið	7	9	52	187	195	113	18	9	7	8	1	0	0	606	62	75	5	
	Samtals	170	276	281	283	238	113	18	9	7	8	1	0	0	1.404	83	100	6	
Samtals	Malar	1.378	1.480	1.225	498	148	25	12	5	0	0	2	1	0	4.774	124	8	8	
	Bundið	89	55	395	486	758	526	197	431	110	144	85	98	59	3.433	1.348	92	92	
	Alls	1.467	1.535	1.620	984	906	551	209	436	110	144	87	99	59	8.207	1.472	100	100	

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Í vegáætlun 1998 var fjárveiting til viðhalds þjóðvega 3.190 m.kr., og var henni varið til viðhalds og þjónustu á stofn- og tengivegum. Viðhaldi þjóðvega er skipt í almenna þjónustu, vetrarþjónustu, viðhald og þéttbýlisvegi. Sú breyting var gerð á vegalögum (nr. 45/1994), sem tóku gildi við samþykkt vegáætlunar 25. febrúar 1995 að vegir í kaupstöðum og kauptúnum voru felldir inn í þjóðvegakerfið og fjárveiting til viðhalds og þjónustu þeirra gerð að sérstökum lið undir viðhaldi þjóðvega. Fjárveiting til þéttbýlisvega var 340 m.kr. Við samanburð á þeim töflum og súluritum sem sýnd eru hér á eftir þarf að hafa í huga þá breytingu á vegalögum sem tók gildi á árinu 1995.

Markmið þjónustu og viðhalds er að stuðla að greiðum samgöngum og varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu. Samkvæmt vegalögum nr. 45/1994 er þjóðvegum skipt í eftirfarandi flokka: stofnvegir, tengivegir, safnvegir og landsvegir. Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 1998, var um 8.213 km, og árið 1997 var umferð á þeim um 1.472 milljónir ekinna km (sjá töflu hér að framan). Umferð á safn- og landsvegum er mun minni og er ekki gerð regluleg umferðartalning á þeim.

Í súluritinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við þjónustu og viðhald þjóðvega frá 1964. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 1998. Kostnaður vegna viðhalds og þjónustu þjóðvega í þéttbýli er talinn með kostnaði frá árinu 1995.



Taflan hér að neðan sýnir fjárveitingar og heildarkostnað viðhalds og þjónustu ásamt hlutdeild vetrarþjónustu á árunum 1975 til 1998. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi hvers árs. Frá og með árinu 1995 er viðhaldskostnaður þjóðvega í þéttbýli talinn með öðrum viðhaldskostnaði í samræmi við vegáætlun.

Ár	Fjárveiting í vegáætlun m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.	Vetrar-þjónusta m.kr.	Vetrarþjónusta sem hlutfall af heildarkostnaði %
1975	10,49	11,78	3,23	27,4
1976	13,81	15,04	3,19	21,2
1977	18,78	19,78	5,00	25,3
1978	32,20	34,97	8,45	24,2
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,92	16,75	20,4
1981	140,06	138,78	42,98	31,0
1982	220,90	236,90	55,90	23,6
1983	414,00	425,30	137,10	32,2
1984	532,30	556,70	156,80	28,2
1985	691,00	645,20	96,80	15,0
1986	821,10	777,00	179,10	23,1
1987	875,00	909,20	141,70	15,6
1988	1.063,00	1.055,30	248,20	23,5
1989	1.485,00	1.489,70	526,70	35,4
1990	1.852,00	1.800,82	594,80	33,0
1991	1.878,00	1.887,10	393,00	20,8
1992	2.045,00	2.082,76	466,81	22,4
1993	2.300,00	2.336,00	587,15	25,1
1994	2.481,00	2.394,51	582,40	24,3 [1]
1995	3.052,00	3.275,56	1.020,79	31,2
1996	2.935,00	3.062,80	614,22	20,1
1997	3.127,20	3.047,55	804,60	26,4
1998	3.205,00	3.313,41	806,88	24,4

[1] Frá og með 1995 er viðhaldskostnaður þjóðvega í þéttbýli meðtalinn

Kostnaður vegna viðhalds og þjónustu á þjóðvegum í þéttbýli var 279,4 m.kr. árið 1995. Þar af nam kostnaður við vetrarþjónustu í þéttbýli 69,7 m.kr. Árið 1996 var samsvarandi kostnaður 327,9 m.kr. og 85,6 m.kr., árið 1997 var samsvarandi kostnaður 319,8 m.kr. og 74,5 m.kr. og árið 1998 var samsvarandi kostnaður 340,0 m.kr. og 81,2 m.kr.

Efri taflan á blaðsíðunni hér til hliðar sýnir skiptingu á kostnaði við viðhald og þjónustu stofn- og tengivega milli umdæma 1998. Upphæðir eru í m.kr. Akstur er samkvæmt umferðartalningu 1997. Sú breyting var gerð frá og með árinu 1995 að þjóðvegir í þéttbýli eru taldir með í tölum um kostnað, vegalengdir og akstur.

Kjördæmi	Viðhald og þjónusta: Kostnaður árið 1998 m.kr.	Lengd stofn- og tengivega km	Kostnaður á hvern km þ.kr.	Akstur 1997 m.km	Kostnaður á ekna 100 km kr.	Viðhald og almenn þjónusta: Kostnaður alls m.kr.	Kostnaður á km þ.kr.	Kostnaður á ekna 100 km kr.
Suðurland	473,5	1.612	294	205	231	426,3	264	208
Reykjanes	736,7	476	1.548	788	93	594,8	1.250	75
Vesturland	477,2	1.304	366	134	356	379,5	291	283
Vestfirðir	415,5	1.170	355	49	848	263,6	225	538
Norðurland vestra	305,4	1.039	294	81	377	207,6	200	256
Norðurland eystra	455,8	1.202	379	132	345	302,3	251	229
Austurland	449,3	1.404	320	83	541	332,3	237	400
Samtals/meðaltal:	3.313,4	8.207,0	404	1.472	274	2.506,4	305	170


Í eftirfarandi töflu kemur fram kostnaður við viðhald og almenna þjónustu vega árin 1980-1998 ásamt ýmsum stærðum sem hafa áhrif á viðhaldsþörfina. Fyrir árið 1998 eru notaðar umferðartölur ársins 1997. Sú breyting er gerð frá og með árinu 1995 að þjóðvegir í þéttbýli eru taldir með í tölum um kostnað, vegalengdir og akstur.

Ár	Kostnaður m.kr.	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Kostnaður á verðlagi 1998 m.kr.	Lengd stofn- og tengivega km	Kostnaður pr. km á verðlagi 1998 þús.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á á stofn- og tengivegum m.km	Kostnaður pr. 100 ekna km verðl. 1998
1980	65,17	228	1.663	8.409	197,7	90.015	472	352,3
1981	95,80	351	1.588	8.411	188,8	95.606	485	327,4
1982	181,00	570	1.847	8.306	222,4	100.936	500	369,4
1983	288,20	1064	1.576	8.277	190,4	100.459	485	324,9
1984	399,90	1198	1.942	8.268	234,9	108.254	524	370,6
1985	548,40	1595	2.000	8.222	243,3	113.202	586	341,3
1986	597,90	1825	1.906	8.231	231,5	117.117	606	314,5
1987	767,50	2285	1.954	8.265	236,4	125.950	726	269,1
1988	807,10	2890	1.625	8.269	196,5	133.148	774	209,9
1989	963,00	3538	1.583	8.256	191,8	138.602	795	199,2
1990	1.189,75	4375	1.582	8.254	191,7	137.778	807	196,0
1991	1.494,10	4673	1.860	8.249	225,5	134.181	889	209,2
1992	1.615,95	4758	1.976	8.249	239,5	136.874	896	220,5
1993	1.749,00	4879	2.085	8.020	260,0	136.148	892	233,8
1994	1.812,11	4993	2.111	8.023	263,1	131.839	920	229,5
1995	2.254,77	5172	2.536	8.241	307,7	131.840	1.349	188,0 *)
1996	2.448,58	5312	2.681	8.205	326,8	135.284	1.376	194,9
1997	2.242,95	5615	2.324	8.186	283,9	141.532	1.472	157,9
1998	2.506,53	5817	2.507	8.207	305,4	149.978	1.472	170,3


*) Frá og með árinu 1995 eru þjóðvegir í þéttbýli meðtaldir í tölum um kostnað, vegalengdir og akstur.

Kostnaður vegna viðhalds og almennrar þjónustu á þjóðvegum í þéttbýli var 236 m.kr. árið 1995, 265 m.kr árið 1996, 254 m.kr árið 1997 og 259 m.kr. árið 1998.

Súluritið hér á eftir sýnir þróun í kostnaði við viðhald og almenna þjónustu frá árinu 1964. Kostnaður vegna viðhalds og almennrar þjónustu þéttbýlisvega er talinn með kostnaði frá 1995.



Súluritið hér að neðan sýnir kostnað við viðhald og almenna þjónustu stofnvega og tengivega á hverja ekna 100 km á verðlagi 1998. Vakin er athygli á því að breytingin sem varð á vegalögum 1995 hefur áhrif á þennan samanburð bæði hvað varðar lengd þjóðvega og umferð.



2.2.1. Almenn þjónusta

Verkefni sem tilheyra almennri þjónustu er sú viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Fjárveiting til almennrar þjónustu var 890 m.kr. og var skipt í fjóra meginflokka þ.e. til sameiginlegrar þjónustu, til vega og vegyfirborðs, til brúa og annarra vegamannvirkja og til vegmerkinga og vegbúnaðar.

2.2.1.1. Sameiginlegt

Fjárveiting til þessara verkefna var 244 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o.fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.2.1.2. Vegir og vegyfirborð

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 350 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringum á vegöxlum, vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1998 með klórkalsíum, salti, sjó eða Dustex. Í töflunni kemur einnig fram lengd malarvega með mikla sumarumferð í hverju umdæmi, annars vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 200 bílar á dag og hins vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 300 bílar á dag.

	Rykbundnir km *)						malarvegir km	
Umdæmi	klór-kalsíum	úrgangs-salt	nýtt salt	sjór	Dustex	samtals	SDU> 200	SDU> 300
Suðurland	103	408	0	1.100	0	1.611	149	35
Reykjanes	30	0	12	7	10	59	51	32
Vesturland	172	282	324	180	0	958	140	39
Vestfirðir	50	66	327	256	0	699	34	0
Norðurland vestra ...	205	0	95	17	0	317	22	0
Norðurland eystra ...	10	63	424	0	0	497	156	44
Austurland	133	175	175	200	0	683	139	43
Samtals	703	994	1.357	1.760	10	4.824	691	193

*) Hér eru taldir þeir km vegar sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

2.2.1.3. Brýr og önnur vegamannvirki

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 46 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum.

2.2.1.4. Vegmerkingar og búnaður

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 250 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

2.2.2. Vetrarþjónusta


Fjárveiting var 660 m.kr. Skuld frá fyrra ári var 11,5 m.kr. Til ráðstöfunar voru því 648,5 m.kr. Þó veturinn hafi af flestum verið talinn í meðallagi varð kostnaður með meira móti. Veldur því aðallega að vetur lagðist óvenju snemma að á Norðurlandi og varð kostnaður vetrarþjónustunnar þess vegna álíka hár seinni hluta ársins eins og fyrri hlutann, sem er óvenjulegt. Þá voru reglur um snjómokstur endurskoðaðar að hluta og þjónusta aukin. Meðal annars var fjölgað snjómokstursdögum á Snæfellsnesi og á Norð-Austurlandi, en þar var fjölgað snjómokstursdögum með ströndinni, á milli Húsavíkur og Vopnafjarðar. Lögð var aukin áhersla á hálkuvörn en það hefur aukinn kostnað í för með sér.

Kostnaður við vetrarþjónustuna varð 725,7 m.kr. Skuld sem flyst til ársins 1999 er því 77,2 m.kr.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu árin 1989 - 1998. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 1998.

Ár	Jan.-júní m.kr	Okt.-des. m. kr.	Allt árið m.kr.
1989	367	211	578
1990	591	191	782
1991	286	198	484
1992	338	225	563
1993	404	247	651
1994	373	306	679
1995	886	187	1.073
1996	299	281	580
1997	562	194	756
1998	367	359	726
Meðalkostnaður sl. 10 ára.	**448**	**240**	**687**

Hér að neðan má sjá heildarkostnað við vetrarþjónustu á árunum 1964-1998 í súluriti. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 1998. Kostnaður vegna vetrarþjónustu þjóðvega í þéttbýli er ekki meðtalinn.




Á töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 1998.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostn. á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík – Hveragerði og Þrengslavegur	48	14,8	308
Holtavörðuheiði	37	6,5	176
Fróðárheiði	14	4,0	286
Steingrímsfjarðarheiði	47	7,1	151
Siglufjarðarvegur: Ketilás – Siglufjörður	25	10,3	412
Öxnadalsheiði	25	8,2	328
Dalvík – Ólafsfjörður	18	4,1	228
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	7,7	53
Vopnafjarðarheiði	51	4,5	88
Fjarðarheiði	24	6,2	258
Oddsskarð	23	8,7	378
Vegið meðaltal			179

Á töflunni hér á eftir má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 1998. Einnig kemur fram á hve mörgum dögum ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Vetrarþjónustudagar: Alls	Hlutfall af 365 dögum: %	
Fróðárheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	67
Svínadalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	35
Kletthás	4	14	31	2	1	0	0	0	0	0	1	9	62	17	20
Hálfdán	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	72
Dynjandisheiði	20	24	31	6	0	0	0	0	0	2	5	16	104	28	19
Hrafnseyrarheiði	20	26	31	2	1	0	0	0	0	3	9	20	112	31	26
Steingrímsfjarðarheiði	0	2	3	3	0	0	0	0	0	1	0	0	9	2	59
Holtavörðuheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	82
Vatnsskarð nyrðra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	47
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	77
Lágheiði	13	22	31	8	3	0	0	0	0	14	29	22	142	39	13
Öxnadalsheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	117
Dalvík-Ólafsfjörður	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	85
Hólssandur	20	28	31	30	24	0	0	0	0	16	30	31	210	58	7
Öxarfjarðarheiði	20	28	31	30	26	0	0	0	0	17	30	31	213	58	11
Sandvíkurheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1	0	26
Vopnafjarðarheiði	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	3	1	49
Möðrudalsöræfi	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	2	2	7	2	61
Hellisheiði eystri	24	28	29	6	2	0	0	0	3	9	16	17	134	37	14
Vatnsskarð eystra	1	1	2	0	0	0	0	0	0	0	0	1	5	1	34
Fjarðarheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	109
Oddsskarð	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	91
Breiðdalsheiði	4	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	6	2	22


Takmarkanir á ásþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins 1998
58 d. oj.
46 d. oj.
12 d. 7 t.
42 d. oj.
5 d. 7 t.
23 d. oj.
5 d. 7 t.
9 d. 7 t.
29 d. 7 t.
30 d. 7 t.
41 d. oj.
33 d. 7 t.
39 d. oj.
6 d. 7 t.
39 d. 7 t.
50 d. oj.
9 d. oj.
45 d. oj.
10 d. 5 t.
6 d. 7 t.
12 d. 7 t.
11 d. oj.
7 d. 5 t.
6 d. 7 t.
40 d. 7 t.
45 d. 7 t.
50 d. 7 t.
48 d. oj.
5 d. 5 t.
28 d. 7 t.
43 d. 5 t.
48 d. 7 t.
35 d. 7 t.
21 d. 7 t.
37 d. 7 t.
32 d. 7 t.
37 d. 7 t.
35 d. 7 t.
25 d. 7 t.
16 d. 7 t.
34 d. 7 t.
10 d. 7 t.
3 d. 5 t.
46 d. 7 t.
21 d. 7 t.*
16 d. 7 t.
18 d. 7 t.*
11 d. oj.
29 d. 5 t.
10 d. 7 t.
4 d. oj.
8 d. 7 t.
27 d. 7 t. *
26 d. 7 t.
21 d. 7 t.
10 d. 7 t.
34 d. 7 t.
16 d. 5 t.
19 d. 7 t.
26 d. 7 t.*
20 d. 7 t.
15 d. 7 t.*
22 d. 7 t.
25 d. 7 t.
21 d. 7 t.
27 d. 7 t.
15 d. 7 t.
8 d. 7 t.
19 d. 5 t.
37 d. 7 t.
22 d. 7 t.
29 d. 5 t.
29 d. 5 t.
20 d. 5 t.
49 d. 7 t.
42 d. 7 t.
13 d. 5 t.
4 d. 7 t.
Vegur lokaður (v.l.), eða aðeins opinn jeppum (o.j.).
5 tonna ásþungi (5 t.).
7 tonna ásþungi (7 t.).
Kafla skipting.
Kafla skipting.
* Undanþága í 10 t, með skilyrðum um loft-þrýsting í dekkjum.

2.2.3. Viðhald

Verkefni sem falla undir viðhald vega miða að því að varðveita verðmæti vegarins og hæfni hans til að bera þann umferðarþunga, sem honum er ætlaður. Fjárveiting af vegáætlun til viðhalds vega var 1.300 m.kr. og er henni skipt í sex meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, viðhald brúa og varnargarða, öryggisaðgerðir og vatnaskemmdir.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 1998 skiptist milli hinna einstöku liða viðhalds og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

Umdæmi	Endurnýjun bundinna slitlaga þús.kr.	Endurnýjun malar-slitlaga þús.kr.	Styrkingar og endurbætur þús.kr.	Viðhald brúa og varnargarða þús.kr.	Öryggis-aðgerðir þús.kr.	Vatna-skemmdir þús.kr.	Samtals þús.kr.
Sameiginlegt	3.045	0	3.585	6.667	11.457	2.673	27.427
Suðurland	104.667	33.182	32.243	11.454	54.516	10.639	246.701
Reykjanes	196.202	2.541	172	5.901	1.982	16.995	223.793
Vesturland	84.166	33.053	43.850	45.917	20.055	0	227.041
Vestfirðir	42.268	21.312	33.500	7.557	4.834	20.667	130.138
Norðurland vestra	37.158	19.991	24.279	4.815	481	582	87.306
Norðurland eystra	47.234	64.886	36.725	102	6.010	869	155.826
Austurland	66.792	25.767	38.164	45.007	424	14.623	190.777
Samtals	581.532	200.732	212.518	127.420	99.759	67.048	1.289.009

Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Í samræmi við hana var af viðhaldsfé greiddur viðhaldskostnaður girðinga að upphæð 16 m.kr.

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 531 m.kr. Lagðir voru 448 km af bundnu slitlagi sem samsvarar um 12,8% af heildarlengd stofn- og tengivega með bundnu slitlagi. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik einungis notað á umferðarmestu vegina í nágrenni við þéttbýli. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og umdæmi eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Klæðing		Malbik		Alls	
	km	þús.m²	km	þús.m²	km	þús.m²
Suðurland	63,7	382	0,5	3	64,2	385
Reykjanes	19,3	116	28,3	170	47,7	286
Vesturland	97,3	584	4,8	29	102,1	613
Vestfirðir	52,5	315	0,0	0	52,5	315
Norðurland vestra	28,5	171	0,0	0	28,5	171
Norðurland eystra	48,5	291	0,0	0	48,5	291
Austurland	103,3	620	1,6	10	104,9	630
Samtals	413,2	2.479	35,2	212	448,4	2.691

Í þessum tölum eru ekki blettanir og hjólfarafyllingar. Allar yfirlagnir hafa verið umreiknaðar í 6 m breið slitlög.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 216 m.kr. Lagt var malarslitlag á 557 km af malarvegum sem samsvarar um 11,7% af heildarlengd stofn- og tengivega með malarslitlagi. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

Umdæmi	Óunnið efni		Unnið efni		Mölburður alls	
	km	m³	km	m³	km	m³
Suðurland	33	20.000	46	21.143	79	41.143
Reykjanes	0	0	0	0	0	0
Vesturland	22	10.795	100	23.422	122	34.217
Vestfirðir	0	0	62	16.285	62	16.285
Norðurland vestra	0	0	56	12.580	56	12.580
Norðurland eystra	0	0	123	32.460	123	32.460
Austurland	0	0	115	40.331	115	40.331
Samtals	55	30.795	502	146.221	557	177.016

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 1998 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Fyrir malarslitlag m³	Fyrir bundið slitlag m³	Fyrir burðarlag m³	Samtals m³
Suðurland	28.200	18.539	48.530	95.269
Reykjanes	0	0	0	0
Vesturland	35.477	14.297	2.432	52.206
Vestfirðir	12.584	6.430	0	19.014
Norðurland vestra	19.355	7.865	25.969	53.189
Norðurland eystra	57.725	5.339	56.449	119.513
Austurland	44.067	15.409	30.659	90.135
Samtals	197.408	67.879	164.039	429.326

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 284 m.kr. Miklum hluta þess fjár er varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar vega á árinu 1998.

	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með möl		Bundið burðarlag					
Umdæmi	km	m³	km	m³	km	m³	km	m³
Suðurland	7,7	18.556	2,3	2.800	17,5	34.706	27,5	56.062
Reykjanes	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0
Vesturland	0,0	0	4,7	3.600	7,3	8.030	12,0	11.630
Vestfirðir	0,0	0	2,6	2.730	6,5	8.467	9,1	11.197
Norðurland vestra	0,0	0	0,0	0	8,2	25.733	8,2	25.733
Norðurland eystra	0,0	0	0,0	0	25,7	26.019	25,7	26.019
Austurland	1,3	1.884	0,0	0	29,2	29.358	30,5	31.242
Samtals	9,0	20.440	9,6	9.130	94,4	132.313	113,0	161.883

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða

Fjárveiting var 114 m.kr. Stærstu viðhaldsverkefnin voru fyrsti áfangi viðgerða á stöplum Borgarfjarðarbrúar og endurnýjun á slitgólfi brúar á Skeiðará Viðhald Borgafjarðarbrúar og styrking á undirstöðum brúar á Skeiðará munu á næstu árum verða stærstu verkefni viðhalds brúa. Um 7 m.kr. var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr og 8 einbreiðar brýr voru endurnýjaðar með stálrörum. Alls var unnið við rúmlega 50 smá og stór verkefni víðs vegar um landið.

2.2.3.5. Öryggisaðgerðir

Fjárveiting í vegáætlun var 62 m.kr. Stærstum hluta fjárveitinga var varið til breikkunar einbreiðra brúa og voru breikkaðar tvær brýr á Hringveginum undir Eyjafjöllum og lokið við eitt verkefni sem byrjað var á 1997. Breikkuð var ein brú á Ólafsvíkurvegi og sett ræsi í stað einbreiðra brúa á Vesturlandi og á Vestfjörðum. Um 11 m.kr. var varið til kaupa á hraðamyndavélum og staðsetningartækjum í samvinnu við Umferðarráð og lögreglu auk vinnu við gerð slysakorta til að greina orsakir slysa og vinnu við undirbúning öryggisaðgerða.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 93 m.kr., en í samræmi við 7. gr. fjárlaga um skerðingu á ráðstöfunarfé stofnana voru 18 m.kr. greiddar til samgönguráðuneytis til átaks í ferðamálum erlendis. Til ráðstöfunar voru því 75 m.kr. Mestur kostnaður varð vegna viðgerða á sjávarrofvörnum í Reykjanesi, á Vestfjörðum og á Austurlandi, en þar hafa orðið verulegar skemmdir á vegum vegna sjávarflóða. Á Suðurlandi urðu nokkrar skemmdir vegna vatnavaxta. Á öðrum stöðum á landinu var um minni háttar viðgerðir að ræða.

2.2.4. Þéttbýlisvegir

Fjárveiting var 340 m.kr. og var henni varið til að greiða viðhald og þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlisstaða. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við 56 sveitarfélög um að þau annist þjónustu á þjóðvegum innan þeirra og 5 sveitarfélög annast einnig viðhald þjóðvega. Vegagerðin annaðist sjálf viðhald þjóðvega í öðrum sveitarfélögum og viðhald og þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

2.3. NÝIR ÞJÓÐVEGIR

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda

2.3.0.1. Bráðabirgðalán

Að venju voru tekin bráðabirgðalán til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmum vinnubrögðum. Þó voru lán þessi nú mun minni en oft áður sökum góðrar fjárhagsstöðu, en tímabundinni fjárvöntun þess í stað mætt með lánum milli verkefna. Lánin voru að meiri hluta frá bæjar- og sveitarfélögum eða alls 160,3 m.kr., en 68,1 m.kr. voru í formi vinnulána frá verktökum og 39,4 m.kr. frá öðrum aðilum. Þar af endurlánuðu sveitarfélögin 157,9 m.kr., en 109,9 m.kr. voru ný lán.

Bráðabirgðalánin til stofnvega urðu samtals 70,9 m.kr., sem var að mestum hluta vinnulán verktaka til Gilsfjarðarbrúar og nokkurra vega á Norður- og Austurlandi.

Lán til tengivega urðu samtals 186,9 m.kr., að mestum hluta endurlán og ný lán sveitarfélaga á Suðurlandi til ýmissa vega, en Landsvirkjun lánaði 39,4 m.kr. vegna virkjunarframkvæmda.

Til safnvega og annarra vega á Vesturlandi og Norðurlandi vestra fóru samtals 10 m.kr.


Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 267,8 m.kr. á móti 281,0 m.kr. í árslok árið 1997 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum í m.kr.

	Árslok 1997 m.kr.	Árslok 1998 m.kr.
Stofnvegir	82,8	70,9
Tengivegir	194,8	186,9
Safnvegir	3,4	10,0
Samtals	281,0	267,8

2.3.0.2. Fjárveitingar til nýrra þjóðvega

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun voru 3.034 m.kr. Auk þess voru 4 m.kr. af fjáraukalögum til greiðslu skulda við Reykjavíkurborg og 40 m.kr. til ferðamannaleiða sem er nýr liður í vegáætlun. Ríkissjóður tók 400 m.kr. lán til greiðslu vegtenginga við Hvalfjarðargöng. Til nýrra þjóðvega voru því 3.478 m.kr.

Á súluritinu hér til hliðar má sjá heildarframlag til nýbygginga þjóðvega á árunum 1964-1998. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 1998.



2.3.1. Stofnvegir

Fjárveitingar til stofnvega samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 2.489 m.kr.

2.3.1.1. Almenn verkefni

Fjárveitingar til almennra verkefna voru 751 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.2. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu voru 548 m.kr. og auk þess 4 m.kr. til að ljúka greiðslum skulda við Reykjavíkurborg. Skipting þeirra er sýnd í fskj.1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.3. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna í vegáætlun voru 586 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.4. Framkvæmdaátak

Fjárveitingar til framkvæmdaátaks voru 500 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.5. Skeiðarársandur

Fjárveiting til endurbyggingar mannvirkja á Skeiðarársandi var 100 m.kr. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.2. Tengivegir

Fjárveitingar til tengivega voru 355 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.3. Brýr

2.3.3.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveitingar til brúa 10 m og lengri voru 145 m.kr. í vegáætlun og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. 2.

2.3.3.2. Smábrýr

Fjárveitingar til smábrúa voru 15 m.kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í fskj. 1.

2.3.4. Ferðamannaleiðir

Í fjáraukalögum sem afgreidd voru á Alþingi í desember 1998 er 40 m.kr. fjárveiting til ferðamannaleiða. Um er að ræða nýjan lið í vegáætlun og var fjárveiting ekki notuð á árinu.

2.3.5. Girðingar

Fjárveitingar til girðinga voru 34 m.kr. Fjárveitingum var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 1998 og stöðu þessara mála í árslok.

Umdæmi	Óafgreitt 1.1.'98 Girðingar km	Óafgreitt 1.1.'98 Ristar stk.	Afgreitt 1998 Girðingar km	Afgreitt 1998 Ristar stk.	Nýjar kröfur Girðingar km	Nýjar kröfur Ristar stk.	Óafgreitt 1.1.'99 Girðingar km	Óafgreitt 1.1.'99 Ristar stk.
Suðurland	44	0	19	0	35	0	60	0
Reykjanes	0	0	0	1	0	1	0	0
Vesturland	104	0	43	0	31	0	92	0
Vestfirðir	4	1	2	1	3	0	5	0
Norðurland vestra	21	3	21	1	12	2	12	4
Norðurland eystra	119	6	5	0	0	2	114	8
Austurland	75	0	34	0	4	2	45	2
Samtals	367	10	124	3	85	7	328	14

Unnið var að uppgræðslu fyrir hluta af nýbyggingarfé og sýnir taflan hér að neðan framkvæmdir 1998 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

Umdæmi	Framkvæmdir 1998 Sáning ha.	Framkvæmdir 1998 Áburðardreifing ha.	Samtals ha.	Ósáð 1. jan. 1999 ha.
Suðurland	100	62	162	80
Reykjanes	16	31	47	28
Vesturland	81	0	81	460
Vestfirðir	26	45	71	0
Norðurland vestra	43	74	117	47
Norðurland eystra	104	119	223	471
Austurland	162	149	311	78
Samtals	532	480	1.012	1.164

2.4. SAFNVEGIR

Fjárveitingar til safnvega voru 177 m.kr. og var þeim skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í sýslum landsins í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

		Fjárveiting 1998 í þús.kr.
1.	Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu	7.874
2.	Héraðsnefnd Rangæinga	14.669
3.	Héraðsnefnd Árnessýslu	17.776
4.	Héraðsnefnd á Suðurnesjum	993
5.	Héraðsnefnd Kjósarsýslu	4.064
6.	Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu	7.471
7.	Héraðsnefnd Mýrasýslu	9.088
8.	Vegasamlag Snæfellinga	7.262
9.	Héraðsnefnd Dalasýslu	5.785
10.	Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu	2.119
11.	Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu	4.471
12.	Vegasamlag Ísafjarðarsýslu	6.991
13.	Héraðsnefnd Strandasýslu	4.797
14.	Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu	6.851
15.	Héraðsnefnd Austur-Húnvavatnssýslu	6.224
16.	Héraðsnefnd Skagfirðinga	11.297
17.	Akrahreppur	2.717
18.	Héraðsnefnd Eyjafjarðar	11.730
19.	Héraðsnefnd Þingeyinga, Suður-Þingeyjarsýsla	10.898
20.	Héraðsnefnd Þingeyinga, Norður-Þingeyjarsýsla	7.557
21.	Héraðsnefnd Múlasýslna	21.751
22.	Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu	4.615
	Samtals	177.000

2.5. LANDSVEGIR

Fjárveiting til landsvega var 52 m.kr. og var henni skipt milli umdæma eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Umdæmi	fjárveiting í þús. kr
Suðurland	8.600
Reykjanes	10.000
Vesturland	8.500
Vestfirðir	3.500
Norðurland vestra	2.000
Norðurland eystra	10.000
Austurland	8.500
Óskipt	1.400
Geymt frá fyrra ári	-500
Samtals	52.000

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

Suðurland

Fjárveiting til landsvega á Suðurlandi var 8,6 m.kr. Fjárveitingum var varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Reykjanes

Fjárveiting til landsvega á Reykjanesi var 10 m.kr. Styrktur var 4,7 km langur kafli á Heiðmerkurvegi.

Vesturland

Fjárveiting til landsvega á Vesturlandi var 8,5 m.kr. Endurbættur var 1 km langur kafli á Kaldadalsvegi (F550) og hann mölborinn. Hluti Jökulhálsleiðar (F570) var styrktur og lagfærðir snjóastaðir. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Vestfirðir

Fjárveiting til landsvega á Vestfjörðum var 3,5 m.kr. Endurbættur var hluti Seljalandsdalsvegar (637). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland vestra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi vestra var 2 m.kr. og var henni varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland eystra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi eystra var 10 m.kr. Endurbyggður var 0,8 km langur kafli á Kjarnavegi (891) og lagt á hann bundið slitlag, Verktaki var Jarðverk ehf., Nesi. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Austurland

Fjárveiting til landsvega á Austurlandi var 8,5 m.kr. Endurbættur var kafli á Jökulvegi (985). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

2.6. STYRKVEGIR

Fjárveiting til styrkvega var 25 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

Framkvæmdaflokkur	fjárveiting í þús. kr.
Götur í þéttbýli	6.150
Vegir yfir fjöll og heiðar	11.000
Annað	8.470
Geymt frá fyrra ári	-852
Óskipt	232
Samtals	25.000

2.7. REIÐVEGIR

Fjárveiting í vegáætlun var 22 m.kr. Af þeirri fjárhæð fóru 10 m.kr. til reiðvega í Eyjafirði, en Landssamband hestamannafélaga skipti 11 m.kr. á eftirfarandi hátt.

			Fjárveiting 1998 í þús.kr.
1.	Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu		2.500
2.	Hestamannafélagið	Ljúfur, Ölfusi	500
3.	–	Geysir, Rangárvallasýslu	300
4.	–	Sleipnir, Selfossi	500
5.	–	Smári, Hreppum	400
6.	–	Trausti, Laugardal	800
7.	–	Skuggi, Borgarnesi	300
8.	–	Dreyri, Akranesi	700
9.	–	Stormur,Vestfjörðum	900
10.	–	Snarfari, Skagaströnd	700
11.	–	Stígandi, Skagafirði	700
12.	–	Léttfeti, Sauðárkróki	700
13.	–	Léttir, Akureyri	1.000
14.	–	Funi, Eyjafirði	1.000
		Samtals:	11.000
	Reiðvegir í Eyjafirði		10.000
	Óskipt		1.000
		Samtals:	22.000

2.8. TILRAUNIR

Samkvæmt vegalögum er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Árið 1998 nam fjárveitingin 69 m.kr.

Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

- Steinefni, burðarlög og slitlög
  - Rannsóknir á efnisgæðum – Alverk 99
  - Berggreining - endurbætur á aðferð
  - Viðloðunarpróf
  - Veðrunarþol malbiks
  - Efnisvinnsla, verktækni/þekking
  - Aflfræðilegir eiginleikar bundinna slitlaga
  - Bikfestun burðarlaga
  - Endurskoðun verklýsinga varðandi burðarlög
  - Athugun á burðarlagi undir þunnum slitlögum
  - Hellu- og steinlagnir í vega- og gatnagerð
  - Sementsfestun efra burðarlags
  - Þjöppun og þjöppunarmælingar
  - Samevrópskt hönnunarlíkan fyrir veguppbyggingu
  - Samevrópskt verkefni varðandi niðurbrot steinefna
  - Samevrópskt verkefni um notkun falllóðsmælinga
  - Samevrópskt verkefni um áhrif „super single“ hjólbarða
  - Steinkast úr klæðingum
  - Endurskoðun markalína steinefnis í slitlög
  - Ending malbiks í tilraunaköflum
  - Hjólfarafylling undir klæðingu
  - Drenmalbik
  - Nákvæmni slitmælinga
  - Viðhaldsaðferðir
  - Úttekt á stöðu nagladekkjamála
- Vegyfirborð
  - Tilraunir með ný vegmerkingarefni
  - Samnorræn tilraun með termoplast endurskinsefni
  - Tilraunir með saltpækil o.fl. í rykbindingu
  - Prófanir á efnum og búnaði við hálkuvarnir
- Brýr og steinsteypa
  - Steypurannsóknir
  - Steypa í sjó, hönnunarforsendur
  - Hönnun göngubrúa - sveiflur og sveifluáhrif
  - Jarðskjálftamælingar í brúm
- Vatnafar, snjór og jöklar
  - Þróun Jökulsárlóns
  - Rannsóknir á flóðum vatnsfalla
  - Rekstur vatnshæðarmæla
  - Aurburðarrannsóknir
  - Vatnafar í Landbroti og Meðallandi
  - Sjálfvirk skráning á hæð Grímsvatna

- Þróun efnavöktunarkerfis til varnar mannvirkjum við flóð
- Framburður í Skeiðarárhlaupum
- Íssjármælingar á Skeiðarárjökli
- Bylgjubrots- og skjálftamælingar í Vatnajökli
- Snjóverkfræði
- Skráning snjóflóða á vegum
- Snjóflóðaviðvaranir

Samgöngu- og umferðarrannsóknir
- Flutningamagn á vegakerfinu
- Samgöngulíkan fyrir Ísland
- Áhrif reglugerða á flutningskostnað fyrirtækja
- Þróun umferðarteljara
- Flokkun umferðarslysa

Umhverfisverkefni
- Mat á loftmengun
- Mat á hávaðamengun
- Sáningartilraunir
- Þróun námukerfis Vegagerðarinnar
- Námur - efnisgæði og umhverfi
- Streymi olíuefna úr klæðingum
- Klæðing með lágu „white spirit" innihaldi
- Klæðingar með umhverfisvænna leysiefni

Tæki og búnaður
- Álag á rafgirðingar
- Harðkornadekk
- EE-hjólbarðanaglar
- Vigtunarbúnaður í vegum (umferðargreinir)
- Tölvustýrð ljósleiðaraskilti
- Búnaður til endurvinnslu á plaststikum í snjógirðingar
- Stafrænir kortgrunnar

Ýmis verkefni
- Túlkun CPT borana
- Athugun á stæðni hárra fyllinga
- Erlent rannsóknarsamstarf
- Kynningarstarf

Mörg þau verkefni sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingum og söfnun upplýsinga um ýmis atriði. Einna mest er umfang ýmiss konar rannsókna á steinefnum, burðarlögum og slitlögum, en þeim verkefnum hefur verið komið fyrir sem einu stóru hópverkefni (nefnist BUSL). Að því starfi koma einnig Reykjavíkurborg, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Háskóli Íslands. Hafið er erlent samstarf um rannsóknir og tilraunir í vegagerð með ýmsum þjóðum í Evrópu.

2.9 FLÓABÁTAR

Fjárveiting til þessa liðar samkvæmt vegáætlun var 420 m.kr. en á fjáraukalögum bættust við 30 m.kr. Á viðbótin að renna til fjármögnunar á nýrri Hríseyjarferju.

Ríkið styrkti á árinu ferjurekstur á 7 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna.

Það er stefna Vegagerðarinnar að bjóða skuli út ríkisstyrki til ferjurekstrar. Enn sem komið er hefur þó aðeins ein ferjuleið verið boðin út þ.e. Grímseyjarferjan en Vegagerðin stefnir að frekari útboðum í náinni framtíð.

Samkvæmt vegalögum ber einungis að styrkja ferjurekstur til staða, sem ekki eru í vegasambandi allt árið um kring. Þetta ákvæði snertir rekstur tveggja ferja, annars vegar Akraborgarinnar og hins vegar Djúpbátsins Fagraness.

Hvalfjarðargöng voru opnuð með viðhöfn 11. júlí 1998 og sama dag hætti Akraborg að sigla milli Akraness og Reykjavíkur. Ríkisstjórnin samþykkti tillögu samgönguráðherra um að Akraborgin yrði keypt af Skallagrími hf. gegn yfirtöku skulda og afhent Slysavarnaskóla sjómanna til eignar og umráða. Um leið var ákveðið að Vegagerðin skyldi standa skil á þeim afborgunum til ríkissjóðs, sem eftir voru af áhvílandi lánum á skipinu og var gert samkomulag við fjármálaráðuneytið þar um. Alls eru þetta um 30 m.kr. sem greiddar verða á árunum 1999-2001. Skallagrímur hf. var að meirihluta í eign ríkisins og er nú unnið að slitum félagsins.

Djúpbáturinn Fagranes hefur lengi notið opinberra styrkja. Samkvæmt vegalögum á Vegagerðin einungis að styrkja flutninga til þeirra byggðu bóla við Ísafjarðardjúp, sem ekki eru í vegasambandi allt árið. Nú er svo komið að eftir eru einungis eyjarnar Vigur og Æðey. Vegagerðin er nú með samning við Djúpbátinn hf. um að þjónusta eyjarnar. Auk þess fékk Djúpbáturinn hf. 11,1 m.kr. viðbótarstyrk á árinu samkvæmt ákvörðun samgönguráðuneytisins í samræmi við tímabundna undanþáguheimild í vegalögum, þar sem rekstrarstaða fyrirtækisins er mjög bágborin. Ljóst er að áætlanir um rekstur bílferju í Ísafjarðardjúpi hafa ekki gengið upp.

Smíði nýrrar Hríseyjarferju var boðin út á árinu og er smíði hennar hafin og er áætlað að henni ljúki á árinu 1999.

Stærsti útgjaldaliðurinn er sem fyrr afborganir og vextir af ferjulánum, en það eru lán, sem tekin voru þegar skipin voru smíðuð eða keypt. Skuldir þessar voru upphaflega allar við ríkisábyrgðasjóð, nær allar í erlendri mynt og stór hluti með breytilegum Libor vöxtum. Um leið og ríkissjóður eignast skipin og yfirtekur áhvílandi skuldir eru lánin felld niður, en Vegagerðin skal áfram greiða afborganir og vexti til ríkissjóðs. Í ríkisreikningi eru þessar greiðslur Vegagerðarinnar til ríkissjóðs færðar sem lækkun á framlagi. Greiðsla til ríkissjóðs af lánum Herjólfs er mjög lág í ár vegna aukaafborgunar, sem greidd var á árinu 1997.

Heildarútgjöld til þessa liðar á árinu 1998 námu 374,8 m.kr. og er mismunur fluttur til næsta árs.

Ferja	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrar-styrkur í m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Herjólfur	16,0	82,0	0,1	98,1
Akraborg	21,2	18,0	0,0	39,2
Baldur	80,0	51,1	1,6	132,7
Fagranes	7,1	17,8	0,0	24,9
Sævar	0,0	13,5	0,1	13,6
Hríseyjarferja nýsmíði	0,0	0,0	27,2	27,2
Sæfari	14,2	17,6	0,5	32,3
Anný	0,0	4,4	0,0	4,4
Norðurfjarðarflutningar	0,0	1,9	0,0	1,9
Sameiginlegt	0,0	0,0	0,5	0,5
Samtals	138,5	206,3	30,0	374,8

Fskj. 1

1. Til stofnvega

1.1. Almenn verkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1998
	Suðurlandsumdæmi	
36	Þingvallavegur	
02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur	33
37	Laugarvatnsvegur	
04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut	11
	Reykjanesumdæmi	
41	Reykjanesbraut	
15-18	endurbætur	45
42	Krýsuvíkurvegur	
03	Ísólfsskálavegur – Arnarfell	2
45	Garðskaga- og Sandgerðisvegur (429)	
	hringtorg og undirgöng	6
421	Vogavegur	
01	Reykjanesbraut – Vogar, lýsing	5
	Vesturlandsumdæmi	
50	Borgarfjarðarbraut	
03	Götuás – Kleppjárnsreykir	36
54	Ólafsvíkurvegur	
10	Bjarnarfoss – Egilsskarð	10
56	Vatnaheiði	10
57	Snæfellsnesvegur	
09	Kolgrafafjörður, rannsóknir	10
60	Vestfjarðavegur	
07	Búðardalur – Klofningsvegur	11
10	Gilsfjörður	63

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1998
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	71
47	jarðgöng	5
61	Djúpvegur	
11	um Víðidalsá	17
45	Hnífsdalur – Bolungarvík	10
62	Barðastrandarvegur	
02	Hvammur – Kross	34
	Norðurlandsumdæmi vestra	
1	Hringvegur	
m6	við Varmahlíð, lýsing	3
m7	um Húseyjarkvísl	13
76	Siglufjarðarvegur	
07	Hrolleifsdalsá, brú	18
09	Hraunadalur – Almenningsnöf	9
	Norðurlandsumdæmi eystra	
1	Hringvegur	
q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	50
r6-r7	Austaribrekka – Jökulsá	10
82	Ólafsfjarðarvegur	
09	Lágheiði	5
85	Norðausturvegur	
11	Lindarbrekka – Uppsveitarvegur	52
87	Kísilvegur	
04	Sýnishólar – Klambrasel	10
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
s1-s7	Biskupsháls – Skjöldólfsstaðir	4
t1	Skóghlíð – Urriðavatn	40
u5	um Fossárvík	30
x1	Smyrlabjargaá – Staðará	20
	breikkun slitlaga	15
92	Norðfjarðarvegur	
12	Neskaupsstaður	8
96	Suðurfjarðavegur	
03	Þernunes – Vattarnes	75
07	um Selá	5
99	Hafnarvegur	
02-03	Höfn í Hornafirði	5
	Samtals	751

1.2. Höfuðborgarsvæðið

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1998
1	Hringvegur	
f3	í Mosfellsbæ	210
41	Reykjanesbraut	
12	Breiðholtsbraut – Fífuhvammsvegur	91
49	Nesbraut	
02	Höfðabakki – Reykjanesbraut	23
03	gatnamót við Skeiðarvog	21
417	Bláfjallavegur	
01	Hringvegur – Bláfjöll	5
–	Greiðsla skulda í Reykjavík	202
	Samtals	552

1.3. Stórverkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1998
57	Snæfellsnesvegur	
12	Búlandshöfði	31
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	260
61	Djúpvegur	
29	Hörtná – Hagakot	65
30	Hagakot – Ögur	25
1	Hringvegur	
	tenging Norður- og Austurlands	180
t0	Jökulsá á Dal	20
–	Austurlandsgöng	3
–	Jarðgangarannsóknir	2
	Samtals	586

1.4. Framkvæmdaátak
Almenn verkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1998
	Suðurlandsumdæmi	
240	Stórhöfðavegur	
02	Hraunvegur – Stórhöfði	21
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
06-08	Flúðir – Biskupstungnabraut	8
36	Þingvallavegur	
02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur	5
1	Hringvegur	
	tengingar vegna breikkunar brúa	5
41	Reykjanesbraut	
15-18	endurbætur	30
50	Borgarfjarðarbraut	
03	Götuás – Kleppjárnsreykir	27
62	Barðastrandarvegur	
02	Hvammur – Kross	4
03	Kross – Litlahlíð	14
76	Siglufjarðarvegur	
06-07	Hofsós – Stafá	20
1	Hringvegur	
q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	51
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	kofi – Efri-Stafur	16
–	Þéttbýlisstaðir Austurlandi	
–	lagfæringar á þjóðvegum	10
	Samtals	211

Höfuðborgarsvæðið
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1998
49	Nesbraut	
02	Höfðabakki – Reykjanesbraut	72
03	gatnamót við Skeiðarvog	39
03-04	Skeiðarvogur – Snorrabraut	26
419	Höfðabakki	
02	um Gullinbrú	80
450	Sundabraut, undirbúningur	20
–	Göngubrýr og undirgöng	40
–	Óráðstafað	12
	Samtals	289
	Framkvæmdaátak samtals	500

1.5. Skeiðarársandur
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1998
1	Hringvegur	
	lagfæringar eftir hlaup í nóvember 1996	100
	Samtals	100

2. Tengivegir

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1998
	Suðurlandsumdæmi	
26	Landvegur	
02	Hagabraut – Galtalækur	18
204	Meðallandsvegur	
01	Ásgarður – Fossar	10
253	Gunnarshólmavegur	
01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	5
255	Akureyjarvegur	
01	Strandarhöfuð – Njálsbúð	5
266	Oddavegur	
01	Hringvegur – Oddi	16
275	Ásvegur	
01	Hringvegur – Ásmúli	5
32	Þjórsárdalsvegur	
02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir	15
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Önundarholtsvegur – Hamarsvegur	4
35	Biskupstungnabraut	
07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur	8
310	Votmúlavegur	
01	Eyrarbakkavegur – Gaulverjabæjarvegur	4
	Reykjanesumdæmi	
417	Bláfjallavegur	
01	Hringvegur – Bláfjöll	5
431	Hafravatnsvegur	
01	Sólheimar – Úlfarsfellsvegur	21
461	Meðalfellsvegur	
01	um Meðalfellsvatn	5
	Vesturlandsumdæmi	
50	Borgarfjarðarbraut	
03	Götuás – Kleppjárnsreykir	37
528	Norðurárdalsvegur	
01	snjóastaðir	5
540	Hraunhreppsvegur	
01	snjóastaðir	17
	Vestfjarðaumdæmi	
643	Strandavegur	
04	um Bala	10
645	Drangsnesvegur	
01	Strandavegur – Hella	27

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1998
	Norðurlandsumdæmi vestra	
702	Heggstaðanesvegur	
01	Hringvegur – Mýrar	4
704	Miðfjarðarvegur	
04	lýsing við Laugarbakka	3
752	Skagafjarðarvegur	
03	Svartárdalsvegur – Hverhólar	34
	Norðurlandsumdæmi eystra	
83	Grenivíkurvegur	
02-03	Fagribær – Grýtubakki	54
–	Þingey, göngubrú	3
	Austurlandsumdæmi	
94	Borgarfjarðarvegur	
07	á Vatnsskarði	36
924	Jökuldalsvegur eystri	
01	um Jökulsá hjá Hjarðarhaga	4
	Samtals	355

3. Til brúagerða

3.1. Brýr 10 m og lengri

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1998
37	Laugarvatnsvegur	
04	Andalækur	11
531	Brákarsund, styrkvegur	49
1	Hringvegur	
m7	Húseyjarkvísl	13
83	Grenivíkurvegur	
02	Fnjóská hjá Laufási	63
924	Jökuldalsvegur eystri	
01	Jökulsá hjá Hjarðarhaga	9
	Samtals	145

3.2. Smábrýr

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1998
57	Snæfellsnesvegur	
09	Berserkseyrará	11
1	Hringvegur	
v9	Brunnhólsá	2
v9	Lambleiksstaðakíll	2
	Samtals	15

Fskj. 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 1998

Greinargerð um nýbyggingu þjóðvega er nú sett fram í breyttu formi, þar sem greint er frá fjármögnun hvers verks og kostnaði. Af ýmsum ástæðum seinkar framkvæmdum við nokkur verkefni en önnur ganga hraðar fyrir sig. Slíkum aðstæðum er mætt með því að lána fjármagn tímabundið milli verkefna. Í þessari greinargerð er almennt notað orðið bráðabirgðalán í þeim tilfellum.

Suðurland

1 Hringvegur
tengingar vegna breikkunar brúa
Umfang verks: Tenging vegna breikkunar brúa á Holtsá, Svaðbælisá og Bakkakotsá undir Eyjafjöllum, lengd samtals 0,8 km. Breikkun brúnna er greidd af viðhaldsfé.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Framkvæmdaátak	5

Verkframvinda: Verki lauk 1998.
Verktaki: Slitlag ehf., Hellu.

Kostnaður:	m.kr.
1998	5

26 Landvegur
02 Hagabraut – Galtalækur
Umfang verks: Verki lauk 1997, en fjárveitingum var varið til greiðslu skulda.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-65
Vegáætlun 1998	
Tengivegir	18
Samtals	-47

Verkframvinda: Verk hófst 1995 og lauk 1997.

Kostnaður:	m.kr.
1998	4

Skýringar: Kostnaður 1998 er vegna frágangs og uppgræðslu vegsvæða. Fjárveitingar eru í vegáætlun 1999-2002.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur
06-08 Flúðir – Biskupstungnabraut
Umfang verks: Verki lauk 1995 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-9
Vegáætlun 1998	
Framkvæmdaátak	8
Samtals	-1

Verkframvinda: Verki lauk 1995.

32 Þjórsárdalsvegur
02 Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir
Umfang verks: Verki lauk 1997 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-87
Vegáætlun 1998	
Tengivegir	15
Samtals	-72

Verkframvinda: Verk hófst 1995 og lauk 1997.
Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 1999-2001.

33 Gaulverjabæjarvegur
01 Önundarholtsvegur – Hamarsvegur
Umfang verks: Verki lauk 1995 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-4
Vegáætlun 1998	
Tengivegir	4

Verkframvinda: Verki lauk 1995.

35 Biskupstungnabraut
07 Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur
Umfang verks: Endurbygging á 4,1 km löngum kafla milli Bræðratunguvegar og Heiðar.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -1
Vegáætlun 1995 6
Vegáætlun 1996 9
Vegáætlun 1997 12
Vegáætlun 1998
Tengivegir 8
Lán frá Þingvallavegi (36) 12
Bráðabirgðalán 1998 4
Samtals 50
Verkframvinda: Verkið var boðið út síðla árs 1997. Verki lauk 1998.
Verktaki: J.V.J. ehf., Hafnarfirði.
Kostnaður: m.kr.
1998 50
Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 1999, 2001 og 2002.

36 Þingvallavegur
02-03 Steingrímsstöð – Gjábakkavegur
Umfang verks: Endurbygging á 11,8 km löngum kafla milli Steingrímsstöðvar og Þjóðgarðs.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 33
Framkvæmdaátak 5
Samtals 38
Verkframvinda: Verk hófst 1998, áætluð verklok 1999.
Verktaki: Ingileifur Jónsson, Svínavatni.
Kostnaður: m.kr.
1998 16
Skýringar: Af fjárveitingu til verkefnisins voru 12 m.kr. lánaðar til bráðabirgða til „Biskupstungnabrautar (35), Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur“ og 10 m.kr. til „Reykjavegar (377), Austurmörk – garðyrkjuskóli“.

37 Laugarvatnsvegur
04 Reykjavegur – Biskupstungnabraut
Umfang verks: Nýbygging á 3,9 km löngum kafla og 18 m langri brú á Andalæk. Verkið er framhald verkáfanga á þessum kafla sem lauk 1997.
Framkvæmdaform:
Vegagerð, útboð.
Bygging brúar, útboð.
Smíði stálbita, samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga 22
Vegáætlun 1997 9
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 11
Til brúargerðar 11
Samtals 53
Verkframvinda: Verk hófst 1997 og er lokið byggingu brúar á Andalæk og undirbyggingu vegar. Áætluð verklok 1999.
Verktaki: Vegagerð, Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi. Brúarsmíði, JÁ verktakar, Selfossi. Smíði stálbita, Vélsmiðja KÁ hf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
1997 2
1998 46
Samtals 48
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 1999.

204 Meðallandsvegur
01 Ásgarður – Fossar
Umfang verks: Endurbygging á 3,8 km löngum kafla milli Ásgarðs og Fagurhlíðar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Tengivegir 10
Bráðabirgðalán 1998 7
Samtals 17
Verkframvinda: Verki lauk 1998.
Verktaki: Framrás ehf., Vík
Kostnaður: m.kr.
1998 17
Skýringar: Ákveðið var á verktímanum að lengja nýbygginguna, þar sem komið hafði fram aurbleyta í gamla veginum. Fjárveiting er í vegáætlun árið 2000 og var unnið efni í slitlag sem áætlað er að leggja þá.

240 Stórhöfðavegur
02 Hraunvegur – Stórhöfði
Umfang verks: Verki lauk 1994 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -21
Vegáætlun 1998
Framkvæmdaátak 21
Verkframvinda: Verk hófst 1993, verki lauk 1994.

253 Gunnarshólmavegur
01 Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi
Umfang verks: Verki lauk 1996 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -16
Vegáætlun 1998
Tengivegir 5
Samtals ..... -11
Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 1996.
Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 1999 og 2000.

255 Akureyjarvegur
01 Strandarhöfuð – Njálsbúð
Umfang verks: Verki lauk 1996 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -16
Vegáætlun 1998
Tengivegir 5
Samtals ..... -11
Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 1996.
Kostnaður: m.kr.
1998 3
Skýringar: Kostnaður 1998 er vegna frágangs vegsvæða. Fjárveitingar eru í vegáætlun 1999 og 2000.

266 Oddavegur
01 Hringvegur – Oddi
Umfang verks: Verki lauk 1994 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -17
Vegáætlun 1998
Tengivegir 16
Samtals ..... -1
Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 1994.

275 Ásvegur
01 Hringvegur – Ásmúli
Umfang verks: Endurbygging á 2,6 km löngum kafla frá Hringvegi að Skammalæk.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Tengivegir 5
Verkframvinda: Verk hófst 1998, áætluð verklok 1999.
Verktaki: Sandsalan ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
1998 5

310 Votmúlavegur
01 Eyrarbakkavegur
– Gaulverjabæjarvegur
Umfang verks: Verki lauk 1993 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -5
Vegáætlun 1998
Tengivegir 4
Samtals ..... -1
Verkframvinda: Verkið var framkvæmt árið 1993.

377 Reykjavegur
01 Austurmörk – garðyrkjuskóli
Umfang verks: Endurbygging á 0,8 km löngum kafla milli Austurmarkar og garðyrkjuskóla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán frá Þingvallavegi . 10
Bráðabirgðalán 12
Samtals 22
Verkframvinda: Verk hófst 1998, áætluð verklok 1999.

Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
1998 22
Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 1999 og 2000.

Reykjanes
Vegtengingar Hvalfjarðarganga að sunnan
Umfang verks: Lagður var nýr 1,1 km langur kafli á Hringvegi að Hvalfjarðargöngum og um 0,6 km langar tengingar á Hvalfjarðarveg (47).
Framkvæmdaform: Hringvegur, útboð Tenging við Hvalfjarðarveg, samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Fjáraukalög 1997. 10
Spölur ehf. 114
Samtals 124
Verkframvinda: Verk hófst 1997, verki lauk 1998.
Verktaki: Nesey ehf., Gnúpverjahreppi.
Kostnaður: m.kr.
1997 41
1998 83
Samtals 124
Skýringar: Vegtengingar Hvalfjarðarganga eru fjármagnaðar af lánum Spalar ehf., sem endurgreiðast af veggjaldi.

363 Valhallarvegur
01 Öxará hjá Valhöll
Umfang verks: Byggð var 28 m löng brú á Öxará hjá Valhöll í stað eldri brúar frá 1930.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1997 26
Verkframvinda: Byggingu brúar var lokið 1998 og hún tengd. Frágangi var frestað til vors 1999.
Verktaki: Feðgar ehf., Hafnarfirði.
Kostnaður: m.kr.
1998 22

41 Reykjanesbraut
Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar 1999-2002 er gert ráð fyrir 228 m.kr. til breikkunar Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur.

15-18 endurbætur
Umfang verks: Axlir á Reykjanesbraut breikkaðar og klæddar bundnu slitlagi á 12 km kafla, skeringar víkkaðar á þremur stöðum á Vogastapa og byggð undirgöng fyrir gangandi vegfarendur við Hólmsvöll í Leiru. Verkið er framhald fyrri framkvæmda til að auka umferðaröryggi á Reykjanesbraut.
Framkvæmdaform: Axlir og snjóastaðir, útboð. Undirgöng við Hólmsvöll, samningur .
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -24
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 45
Framkvæmdaátak 30
Samtals 51
Verkframvinda: Verki lauk 1998, nema lokafrágangi skeringa.
Verktaki: Axlir, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi. Snjóastaðir, Ellert Skúlason hf., Njarðvík. Undirgöng við Hólmsvöll, Golfklúbbur Suðurnesja.
Kostnaður: m.kr.
1998 51
Skýringar: Skuld frá fyrri áfanga er vegna uppsetningar á veglýsingu á árinu 1997.

48 Kjósarskarðsvegur
01 lagfæringar
Umfang verks: Endurgerð Kjósarskarðsvegar við Írafell og lögn malarslitlags á 800 m kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1997 5
Af viðhaldsfé 1997 2
Samtals 7
Verkframvinda: Verk hófst 1997, verki lauk 1998.
Verktaki: Vélgrafan ehf., Selfossi.

Kostnaður: m.kr.
1997 4
1998 5
Samtals 9
Skýringar: Fjárveitingar eru til lagfæringa á Kjósarskarðsvegi árin 2000-2002.

Þingvallahátíð
vegir að hátíðarsvæði
Umfang verks: Endurbætur á Grafningsvegi, sem felast aðallega í breytingu á hæðarlegu og breikkun vegar og bundnu slitlagi á 12,4 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 1998 22
Verkframvinda: Verk hófst 1998, áætluð verklok 2000.
Verktaki: Völur hf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
1998 22
Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 1999 og 2000.

417 Bláfjallavegur
01 Hringvegur – Bláfjöll
Umfang verks: Verki lauk 1997 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -10
Vegáætlun 1998
Tengivegir 5
Höfuðborgarsvæðið 5
Verkframvinda: Verkið var unnið á árunum 1995-1997.

42 Krýsuvíkurvegur
03 Ísólfsskálavegur – Arnarfell
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 2
Skýringar: Framkvæmdum var frestað. Fjárveiting er í vegáætlun 1999.

45 Garðskaga- og Sandgerðisvegur (429)
hringtorg og undirgöng
Umfang verks: Verki lauk 1997 og var fjárveitingum varið til greiðslu bráðabirgðaláns frá því ári.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 6
Verkframvinda: Verk hófst 1996, verki lauk 1997.
Kostnaður: m.kr.
1998 6

421 Vogavegur
01 Reykjanesbraut – Vogar, lýsing
Umfang verks: Sett var upp veglýsing á 1,4 km löngum kafla á Vogavegi.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 5
Verkframvinda: Verki lauk 1998.
Verktaki: Hitaveita Suðurnesja.
Kostnaður: m.kr.
1998 7
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 1999.

431 Hafravatnsvegur
01 Sólheimar – Úlfarsfellsvegur
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Tengivegir 21
Skýringar: Framkvæmdum var frestað til ársins 1999. Fjárveiting er á vegáætlun árið 2000.

461 Meðalfellsvegur
01 um Meðalfellsvatn
Umfang verks: Endurbætur og bundið slitlag á 2,4 km löngum kafla á Meðalfellsvegi frá Hjarðarholtsvegi að Flekkudalsvegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Tengivegir 5
Verkframvinda: Verkið var boðið út síðla árs 1998 og verður unnið á árinu 1999.
Verktaki: Fossvélar hf., Selfossi.
Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 1999.

Höfuðborgarsvæðið

1 Hringvegur

f3 í Mosfellsbæ

Umfang verks: Lagður var nýr 2 km langur kafli Hringvegar í Mosfellsbæ, ásamt aðliggjandi vegum og vegamótum. Byggð voru tvö hringtorg, undirgöng og göngubrú.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun: m.kr.

Vegáætlun 1996	29
Vegáætlun 1998	
Höfuðborgarsvæðið	210
Framkvæmdaátak (óráðstafað)	12
Bráðabirgðalán 1998	80
Samtals	331

Verkframvinda: Verk hófst 1997, verki lauk 1998.

Verktaki: Völur hf., Reykjavík.

Kostnaður: m.kr.

1997	54
1998	277
Samtals:	331

Skýringar: Verkið varð dýrara vegna mun meiri jarðvegsskipta en áætlað var. Fjárveiting er til verksins í vegáætlun árin 1999, 2000 og 2002.

41 Reykjanesbraut

Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar 1999-2002 er gert ráð fyrir 1.760 m.kr. til gatnamóta og breikkunar Reykjanesbrautar innan höfuðborgarsvæðisins. Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Reykjanesbrautar innan höfuðborgarsvæðisins.

12 Breiðholtsbraut – Fífuhvammsvegur

Umfang verks: Breyting gatnamóta Reykjanesbrautar, Nýbýlavegar og Breiðholtsbrautar. Verkið er framhald verkáfanga sem lauk 1997.

Framkvæmdaform: Útboð

Fjármögnun: m.kr.

Innistæða frá fyrri verkáfanga	5
Vegáætlun 1998	
Höfuðborgarsvæðið	91
Samtals	96

Verkframvinda: Verk hófst 1998, verkáfanga lauk 1998.

Verktaki: Heimir og Þorgeir ehf., Kópavogi.

Kostnaður: m.kr.

1998	43

Skýringar: Fjárveitingar til þessa kafla eru í vegáætlun 1999-2002.

49 Nesbraut

Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar 1999-2002 er gert ráð fyrir 883 m.kr. til gatnamóta og breikkunar Nesbrautar (Miklabraut og Hringbraut í Reykjavík). Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Nesbrautar.

02 Höfðabakki – Reykjanesbraut

Umfang verks: Breikkun Nesbrautar frá Elliðaám vestur fyrir Reykjanesbraut (Sæbraut í Reykjavík), bygging brúar yfir Reykjanesbraut og gerð nýrra gatnamóta Reykjanesbrautar og Nesbrautar. Kostnaður á árinu 1998 er vegna lokafrágangs á verki sem var boðið út 1997.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun: m.kr.

Skuld vegna fyrri verkáfanga	-73
Vegáætlun 1998	
Höfuðborgarsvæðið	23
Framkvæmdaátak	72
Samtals	22

Verkframvinda: Verk hófst 1997, verki lokið 1998.

Verktaki: Völur hf. og Sveinbjörn Sigurðsson hf., Reykjavík.

Kostnaður: m.kr

1998	-1

Skýringar: Verkið var unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg og ákveðnir verkþættir þess tilheyra gatna- og veitukerfi borgarinnar. Hluta þeirra greiddi Reykjavíkurborg á árinu 1998 og var sú greiðsla hærri en sem nam kostnaði við lokafrágang verksins.

03 gatnamót við Skeiðarvog

Umfang verks: Gerð var bráðabirgðateng-

ing við Miklubraut austan Skeiðarvogar, vegna væntanlegra vega- og brúarframkvæmda á gatnamótunum. Jafnframt er í verki þessu undirgöng, vegfyllingar og burðarlög sem verða hluti af endanlegu mannvirki mislægra gatnamóta Miklubrautar og Skeiðarvogs.
Framkvæmdaform: Útboð
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Höfuðborgarsvæðið 21
Framkvæmdaátak 39
Samtals 60
Verkframvinda: Verk hófst 1998, áætluð verklok 1999.
Verktaki: Arnar Kristjánsson ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr
1998 41
Skýringar: Mislæg gatnamót við Skeiðarvog verða boðin út í janúar 1999. Fjárveiting er til verkefnisins í vegáætlun 1999. Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg.

03-04 Skeiðarvogur – Snorrabraut
Umfang verks: Fjárveiting var ætluð til breikkunar Nesbrautar, en framkvæmdum var frestað.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Framkvæmdaátak 26
Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 2000-2002.

419 Höfðabakki
02 um Gullinbrú
Umfang verks: Verkið er boðið út í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða gerð vestri akbrautar Gullinbrúar á 1,7 km löngum kafla, frá Stórhöfða norður fyrir Hallsveg í Reykjavík ásamt gatnamótum, jarðvegsmönum og aðliggjandi göngustígum. Hins vegar er bygging 60 m langrar brúar fyrir vestari akbraut Gullinbrúar yfir Grafarvog, lagfæringar á núverandi brú og bygging göngubrúar yfir Grafarvog á milli brúnna og undir þeim.
Framkvæmdaform: Útboð
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Höfuðborgarsvæðið 80
Bráðabirgðalán 69
Samtals 149
Verkframvinda: Verk hófst 1998, áætluð verklok 1999.
Verktaki: Vegagerð, Háfell ehf., Reykjavík, Á.N. verktakar hf., Reykjavík og Borgartak hf., Reykjavík. Brúargerð, Járnbending ehf., Kópavogi.
Kostnaður: m.kr
1998 149
Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun árið 1999.

450 Sundabraut
Sundabraut , undirbúningur
Framkvæmdaform: Unnið var að rannsóknum og forhönnun á mismunandi leiðum yfir Kleppsvík í samvinnu við Reykjavíkurborg. Aðalráðgjafi er Línuhönnun hf.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Framkvæmdaátak 20
Bráðabirgðalán 1998 19
Samtals 39
Kostnaður: m.kr.
1998 39
Skýringar: Fjárveitingar til undirbúnings Sundabrautar eru í vegáætlun 1999-2002.

Göngubrýr og undirgöng
Umfang verks: Á árunum 1996-7 var byggð göngubrú yfir Nesbraut (Miklubraut í Reykjavík) á móts við Rauðagerði. Verkið var unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg sem byggði samhliða göngustíga að brúnni.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Framkvæmdaátak 40
Verkframvinda: Verk hófst 1996, verki lauk 1997.

Kostnaður: m.kr.
1998 31
Skýringar: Reykjavíkurborg fjármagnaði verkið á byggingartíma og var fjárveiting notuð til greiðslu á hlut Vegagerðarinnar í verkefninu.

Óráðstafað
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Framkvæmdaátak 12
Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu umframkostnaðar vegna Hringvegar í Mosfellsbæ.

Greiðsla skulda í Reykjavík
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Höfuðborgarsvæðið 202
Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu upp í skuld við Reykjavíkurborg í samræmi við samning borgarinnar við fjármálaráðuneytið.

Vesturland

Vegtengingar Hvalfjarðarganga að norðan
Umfang verks: Byggður nýr Hringvegur frá gangamunna um tollstöð ásamt hringtorgi við vegamót Hringvegar og Akrafjallsvegar og nýr Hringvegur frá hringtorgi að Hvalfjarðarvegi (47) við Laxá, 12,3 km og Akrafjallsvegur frá hringtorgi að Akranesvegi, 8,3 km. Í tengslum við framkvæmdir við Hvalfjarðargöng voru á árunum 1996 og 1997 endurbyggðir 2,6 km af Innrahólmsvegi og 3 km af Innnesvegi.
Framkvæmdaform: Innrahólmsvegur og Innnesvegur, útboð. Hringvegur og Akrafjallsvegur, útboð. Hringtorg og vegur að gangamunna, samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Spölur ehf. 297
Lán ríkissjóðs 400
Bráðabirgðalán 1998 40
Samtals 737
Verkframvinda: Verk hófst 1996, verki lokið 1998.
Verktaki: Innrahólmsvegur og Innnesvegur, Háfell ehf., Reykjavík. Hringvegur og Akrafjallsvegur, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi. Hringtorg og vegur að gangamunna, Fossvirki sf., Reykjavík
Kostnaður: m.kr.
1996 148
1997 385
1998 204
Samtals 737
Skýringar: Vegtengingar Hvalfjarðarganga eru fjármagnaðar af lánum Spalar ehf., sem endurgreiðast af veggjaldi og af láni sem ríkissjóður tók 1998. Fjárveitingar eru í vegáætlun 1999-2002 og á 2. og 3. tímabili langtímaáætlunar til endurgreiðslu lána. Fossvirki sf. var verktaki að Hvalfjarðargöngum og tollstöð. Eðlilegt þótti að leita samkomulags við Fossvirki um gerð vegar frá gangamunna um tollstöð, að og um hringtorg. Samkomulag náðist um verð sem byggði á tilboði lægstbjóðanda í aðra vegagerð á svæðinu.

50 Borgarfjarðarbraut
03 Götuás – Kleppjárnsreykir
Umfang verks: Endurbygging á 9,2 km kafla Borgarfjarðarbrautar frá Hnakktjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum, ásamt 68 m langri brú á Flókadalsá
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Stálsmíði brúarbita, útboð. Bygging brúar, samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1996 39
Vegáætlun 1997 30
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 36
Tengivegir 37
Framkvæmdaátak 27
Samtals 169
Verkframvinda: Verk hafið 1998, áætluð verklok 1999.
Verktaki: Vegagerð, LG véruflutningar ehf., Borgarnesi. Stálsmíði brúar,

Formaco ehf., Reykjavík. Bygging brúar, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður: m.kr.
1996 3
1997 3
1998 9
Samtals 15

Skýringar: Framkvæmdum var frestað vegna ágreinings um vegstæði. Kostnaður 1996 og 1997 vegna hönnunar á svokallaðri sáttaleið. Á haustdögum 1998 var tekin ákvörðun um að endurbyggja gamla veginn frá Flókadalsá að Kleppjárnsreykjum. Vegur og stálsmíði vegna brúar var boðið út í október og samningur gerður við brúarvinnuflokk Vegagerðarinnar um smíði brúar. Framkvæmdir hófust í byrjun desember 1998.

54 Ólafsvíkurvegur

10 Bjarnarfoss – Egilsskarð

Umfang verks: Greiddar skuldir og lokið við framkvæmdir á næsta kafla á undan 09 Urriðaá – Bjarnarfoss. Gert er ráð fyrir að áframhaldandi framkvæmdir verði á þessum kafla 1999-2001.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -10
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 10
Bráðabirgðalán 1998 5
Samtals 15

Verkframvinda: Verkinu lokið 1998.

Verktaki: Bjarni Vigfússon, Kálfárvöllum.

Kostnaður: m.kr.
1998 5

Skýringar: Til einföldunar í vegáætlun var fjárveitingin sem átti að fara í kafla 09 færð á kafla 10. Fjárveiting er til verkefnisins í vegáætlun 1999-2001. Þar sem ekki eru bein skil á milli verkhluta hefur framkvæmdin verið teygð ögn lengra en gert var ráð fyrir í upphafi.

56 Vatnaheiði

Umfang verks: Unnið var að undirbúningsrannsóknum vegna fyrirhugaðs vegar um Vatnaheiði. Unnið að rannsóknum á lífríki, fornleifum og veðurfari á Vatnaheiði og Kerlingarskarði og settar upp veðurstöðvar í því sambandi. Unnið við hönnun á leiðum um Vatnaheiði og Kerlingarskarð til samanburðar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Framkvæmdaform: Eigin vinna Vegagerðarinnar og samkvæmt samningum við ráðgjafa

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 10

Verkframvinda: Áætlað er að mati á umhverfisáhrifum verði lokið í byrjun mars 1999.

Kostnaður: m.kr.
1998 4

Skýringar: Fjárveiting er til framkvæmda í vegáætlun 2000-2002.

57 Snæfellsnesvegur

09 um Berserkseyrará

Umfang verks: Byggð ný 8 m löng brú á Berserkseyrará og nýr 0,8 km vegur um brúna.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Bygging brúar, samningur.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 10
Til brúargerðar, smábrýr 11
Bráðabirgðalán 1998 5
Samtals 26

Verkframvinda: Verki lauk 1998, en efra lagi klæðingar var frestað til 1999.

Verktaki: Vegagerð, Bjarni Vigfússon, Kálfárvöllum. Bygging brúar, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður: m.kr.
1998 26

Skýringar: Vegna mistaka er fjárveiting til verkefnisins í vegáætlun 1998 merkt til rannsókna í Kolgrafafirði. Nauðsynlegt reyndist að styrkja kafla næst framkvæmdinni og varð því um talsverða magnaukningu að ræða og endurnýjun á tveimur ræsum. Einnig var færður afleggjari að Berserkseyri.

57 Snæfellsnesvegur
12 Búlandshöfði
Umfang verks: Framkvæmdir hafnar á 8,2 km löngum kafla frá Búlandi um Búlandshöfða og að Brimilsvöllum sem unnar verða árunum 1999-2000.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Stórverkefni	31

Verkframvinda: Verk hafið í október 1998, áætluð verklok árið 2000.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum

Kostnaður:	m.kr.
1998	17

Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 1999 og 2000.

60 Vestfjarðavegur
09 Búðardalur – Klofningsvegur
Umfang verks: Framhald á verki sem hófst 1995. Í ár var lokið við endurbyggingu á 4,8 km kafli frá Glerá að Sælingsdalsvegi en sá kafli var breikkaður og styrktur með bikbundnu burðarlagi 1997. Ennfremur var unnið við gerð reiðvegar meðfram vegi næst Búðardal. Síðasti hluti framkvæmdarinnar verður boðinn út 1999.
Framkvæmdaform: Útboð 1995, samningur 1997 og 1998.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1995	34
Vegáætlun 1996	14
Vegáætlun 1997	7
Viðhaldsfé 1997	3
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni	11
Bráðabirgðalán 1998	6
Samtals	75

Verkframvinda: Verk hafið 1995, áætluð verklok 2000.
Verktaki: Útboð 1995, Borgarverk ehf., Borgarnesi. Samningur 1997, Borgarverk ehf., Borgarnesi og Gilbert Elísson, Búðardal, um gerð reiðvegar. Einnig vann vinnuflokkur Vegagerðarinnar smávegis að öðrum hluta.

Kostnaður:	m.kr.
1995	40
1996	6
1997	24
1998	5
Samtals	75

Skýringar: Annar hluti framkvæmdarinnar var bikfestun á kaflanum Glerá – Klofningsvegur. Borgarverk ehf. er eini verktakinn sem hefur tæki til slíkra framkvæmda á landinu og því samið við hann beint. Fjárveiting er í vegáætlun 1999 og 2000.

528 Norðurárdalsvegur
01 snjóastaðir
Umfang verks: Lagfæring á snjóastöðum. Verkið var unnið 1994 fyrir framkvæmdalán frá Borgarbyggð. Fjárveiting var notuð til greiðslu skulda.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-5
Vegáætlun 1998	
Tengivegir	5

Verkframvinda: Verki lauk 1994.

Brákarsund (531, styrkvegur)
Umfang verks: Gamla bogabrúin á Brákarsundi endurbyggð. Gerð var bráðabirgðafylling fyrir umferð á meðan á framkvæmdum stóð.
Framkvæmdaform: Bygging brúar, samningur. Bráðbirgðafylling, útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Til brúargerðar	49
Bráðabirgðalán	15
Samtals	64

Verkframvinda: Verki lokið 1998, nema frágangi gatna að brú.
Verktaki: Bráðbirgðafylling, Borgarverk ehf., Borgarnesi. Bygging brúar, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	64

Skýringar: Ákveðið var við hönnun verksins að notast við bogann á gömlu brúnni. Við hreinsun hans kom í ljós að

skemmdir voru meiri en áætlað var. Talið var skynsamlegt að auðvelda vinnuna með því að setja fyllingu undir brúna á meðan á framkvæmdum stæði sem síðan er fjarlægð ásamt annarri fyllingu í sundinu. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður verði um 20 m.kr. umfram fjárveitingu og þarf að sækja um fjárveitingu til greiðslu skuldarinnar við næstu endurskoðun vegáætlunar.

540 Hraunhreppssvegur

01 snjóastaðir

Umfang verks: Unnið var að lagfæringum á snjóastöðum 1994 og 1995 fyrir framkvæmdalán frá Borgarbyggð. Fjárveiting var notuð til greiðslu skulda.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-17
Vegáætlun 1998	
Tengivegir	17

574 Útnesvegur

01 um Kamb

Umfang verks: Lagt var bundið slitlag á 2,0 km kafla frá Stóra-Kambi að Gröf sem endurbyggður var að hluta 1996.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	4
Lán frá Útnesvegi um Klifhraun	14
Samtals	18

Verkframvinda: Verk hafið 1996, verki lokið 1998.

Verktaki: Bjarni Vigfússon, Kálfárvöllum.

Fjármögnun:	m.kr.
1996	4
1997	4
1998	10
Samtals	18

Skýringar: Samkvæmt ákvörðun þingmanna Vesturlands var hluti fjárveitinga frá 1994 og 1995 sem voru til Útnesvegar um Klifhraun lánaðar til þessarar framkvæmdar þar sem ekki hefur verið hægt að nýta þær vegna ákvörðunar umhverfisráðherra um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum.

5710 Arnarstapavegur

01 Útnesvegur – Arnarstapahöfn

Umfang verks: Vegur var endurbyggður og lagður bundnu slitlagi á 1,2 km löngum kafla.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Lán frá Útnesvegi um Klifhraun	10

Verkframvinda: Verk hafið 1997, verki lokið 1998.

Verktaki: Undirbygging vegar, vinnuflokkar Vegagerðarinnar. Bundið slitlag, Borgarverk ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
1997	8
1998	2
Samtals	10

Skýringar: Samkvæmt ákvörðun þingmanna Vesturlands var hluti fjárveitinga frá 1994 og 1995 sem voru til Útnesvegar um Klifhraun lánaðar til þessarar framkvæmdar þar sem ekki hefur verið hægt að nýta þær vegna ákvörðunar umhverfisráðherra um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum.

5714 Lýsuhólsvegur

01 Ólafsvíkurvegur – Lýsuhóll

Umfang verks: Vegur var endurbyggður og lagður bundnu slitlagi, alls 2,0 km.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Lán frá Útnesvegi um Klifhraun	8

Verkframvinda: Verk hafið 1997, verki lokið 1998.

Verktaki: Bjarni Vigfússon, Kálfárvöllum.

Kostnaður	m.kr.
1997	6
1998	2
Samtals	8

Skýringar: Samkvæmt ákvörðun þingmanna Vesturlands var hluti fjárveitinga frá 1994 og 1995 sem voru til Útnesvegar um Klifhraun lánaðar til þessarar framkvæmdar þar sem ekki hefur verið hægt að nýta þær vegna ákvörðunar umhverfisráðherra um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum.

Vestfirðir

60 Vestfjarðavegur
10 og 21 Gilsfjörður
Umfang verks: Nýbygging á 9,2 km löngum vegi yfir Gilsfjörð og 65 m langri brú í norðanverðum firðinum.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1993	16
Vegáætlun 1994	27
Vegáætlun 1995	65
Vegáætlun 1996	124
Vegáætlun 1997	181
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni Vesturland	63
Almenn verkefni Vestfirðir	71
Stórverkefni	260
Verktakalán 1998	17
Bráðabirgðalán 1998	109
Samtals	933

Verkframvinda: Verk hófst í febrúar 1996, áætluð verklok í júlí 1999. Lögn slitlags á veginn lauk 20. október og vígði samgönguráðherra veginn 30. október. Unnið var að frágangi til áramóta og verður honum lokið vorið 1999.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1993	10
1994	2
1995	32
1996	248
1997	280
1998	361
Samtals	933

Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun árin 1999-2002.

60 Vestfjarðavegur
47 jarðgöng
Umfang verks: Kostnaður 1998 einkum bætur.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuldir vegna framkvæmda	-33
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni	5
Samtals	-28

Verkframvinda: Verk hófst árið 1991 og lauk að mestu 1996.

Kostnaður:	m.kr.
1998	9

Skýringar: Bæturnar eru svo seint greiddar vegna málareksturs. Skuld í lok ársins var 37 m.kr. Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun árin 1999-2000.

61 Djúpvegur
11 um Víðidalsá
Umfang verks: Verki lauk 1997 en fjárveitingum er varið til greiðslu lána.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1997	16
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni	17
Samtals	33

Verkframvinda: Verki lauk árið 1997.

Kostnaður:	m.kr.
1997	30

Skýringar: Eftirstöðvar, 3 m.kr., voru fluttar til Drangsnesvegar (645).

61 Djúpvegur
Stórverkefninu Ísafjarðardjúp eru ætlaðar 548 m.kr. á 1. tímabili langtímaáætlunar og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins.

29 Hörtná – Hagakot
Umfang verks: Hafin var vinna við lögn 6,9 km langs vegarkafla frá Digranesi að Laugardalsá.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Stórverkefni	65

Verkframvinda: Verk hófst 1998, áætluð verklok 1999.
Verktaki: Jón og Magnús ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
1998	30

Skýringar: Af fjárveitingu til verkefnisins voru 35 m.kr. lánaðar til bráðabirgða til Barðastrandarvegar (62), Kross – Litla-hlíð.

30 Hagakot – Ögur
Umfang verks: Endurlögn 7,9 km langs kafla frá Laugardalsá að Ögri. Af þessum kafla voru 4,4 km lagðir 1979 og þurftu lítilla endurbóta við.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Bundið slitlag, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1997	60
Vegáætlun 1998	
Stórverkefni	25
Samtals	85

Verkframvinda: Verk hófst 1997, verki lauk 1998.
Verktakar: Vegagerð, Fylling ehf., Hólmavík. Bundið slitlag, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1997	44
1998	34
Samtals	78

61 Djúpvegur
45 Hnífsdalur – Bolungarvík
Umfang verks: Grafnir þrír snjóflóðaskápar í giljum nr. 4, 12 og 14 og jafnframt lagaður snjóflóðaskápur í gili nr. 5.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni	10

Verkframvinda: Verkið var unnið 1998.
Verktaki: Stakkafell ehf., Patreksfirði.

Kostnaður:	m.kr.
1998	7

Skýringar: Unnið er jafnt og þétt á endurbótum við veginn um Óshlíð til að minnka hættu vegna grjóthruns og snjóflóða. Nú er unnið samkvæmt áætlun nefndar frá júní 1997. Framhaldandi fjárveitingar eru til verksins. Reynt er að taka eðlilega áfanga árlega. Þessi áfangi varð ódýrari en áætlað var, áfanginn næsta ár verður þá stærri.

62 Barðastrandarvegur
Stórverkefninu Barðastrandarvegur eru ætlaðar 270 m.kr. á 1. tímabili langtímaáætlunar og verður hér gerð grein fyrir framkvæmum við einstaka kafla verkefnisins. Auk fjárveitinga af stórverkefnum eru nokkrar fjárveitingar af almennum verkefnum.

02 Hvammur – Kross
Umfang verks: Endurlögn á 4,6 km löngum vegarkafla frá Hvammi að Krossi ásamt 4 m víðum stálhólki í Vaðalsá.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Efnis-vinnsla, útboð. Bundið slitlag, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1997	4
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni	34
Framkvæmdaátak	4
Samtals	42

Verkframvinda: Verk hófst 1998, áætluð verklok 1999.
Verktaki: Vegagerð, Græðir sf., Flateyri. Efnisvinnsla, Arnarfell hf., Akureyri. Bundið slitlag, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1997	13
1998	29
Samtals	42

Skýringar: Fjárveiting sem nefnd er 1997 er hluti fjárveitingar það ár til Barðastrandarvegar en henni var ekki skipt á kafla á sama hátt og 1998.

03 Kross – Litlahlíð
Umfang verks: Lögn á 8,1 km löngum nýjum vegi frá Krossi að Litluhlíð ásamt byggingu 14 m langrar brúar á Arnarbýlisá og 10 m langrar brúar á Hagaá og lengingu stokks á Móru um 6 m. Jafnframt verða lagðir nýir safnvegir að Haga, Breiðalæk og Múla.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Brúargerð, samningur.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Framkvæmdaátak 14
Bráðabirgðalán
frá Djúpvegi (61) 35
Samtals 49
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og voru brýrnar byggðar og hafin vinna við vegagerð í nóvember. Áætluð verklok eru árið 2000.
Verktaki: Vegagerð, Norðurtak hf., Sauðárkróki. Brúargerð, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1998 50
Skýringar: Sérstakar fjárveitingar eru til brúnna á vegáætlun 1999 en af tæknilegum ástæðum var byrjað á að byggja þær.

643 Strandavegur
04 um Bala
Umfang verks: Lögn 2,2 km langs kafla frá Eyjum norður að Brimnesi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Til tengivega 10
Verkframvinda: Verk hófst 1998, verki lokið 1998.
Verktaki: Höttur sf., Fjarðarhorni.
Kostnaður: m.kr.
1998 11

645 Drangsnesvegur
01 Strandavegur – Hella
Umfang verks: Lögn á nýjum vegi frá Strandavegi í Hálsgötugili að Fiskinesi, 1,7 km og frá Kolsá að að Kleifum 1,8 km, samtals 3,5 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Til tengivega 27
Bráðabirgðalán 1998 5
Flutt af Djúpvegi(61),
um Víðidalsá 3
Samtals 35
Verkframvinda: Verk hófst 1998, áætluð verklok 1999.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík.
Kostnaður: m.kr.
1997 1
1998 34
Samtals 35
Skýringar: Boðin var út lögn beggja kaflanna, öðrum átti að ljúka að mestu 1998 og hefur hann verið tekinn í notkun og hafin er vinna við ytri kaflann. Fjárveiting er á vegáætlun 1999 til verksins.

Norðurland vestra

1 Hringvegur
m6 við Varmahlíð, lýsing
Umfang verks: Sett var upp lýsing á 500 m langan vegarkafla frá Lundi að gatnamótum Hringvegar og Skagafjarðarvegar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 3
Verkframvinda: Verki lauk 1998.
Verktaki: RARIK
Kostnaður: m.kr.
1998 2
Skýringar: Þar sem fákeppni ríkir á verktakamarkaði hvað vinnu við lýsingu varðar var samið við RARIK um verkið.

1 Hringvegur
m7 um Húseyjarkvísl
Umfang verks: Lokið var frágangi á 0,6 km löngum kafla og gerð reiðvegar. Árið 1997 var byggð ný brú á Húseyjarkvísl og undirbyggður vegur að henni.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Brúargerð, samningsverk.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1997 35
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 13
Til brúagerðar 13
Samtals 61
Verkframvinda: Verk hófst 1997, verki lauk 1998.

Verktaki: Vegagerð, Fjörður sf., Skagafirði. Brúargerð, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1997	52
1998	15
Samtals	67

76 Siglufjarðarvegur

Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar er gert ráð fyrir 177 m.kr. til Siglufjarðarvegar af fjárveitingum til stórverkefna. Auk þess eru fjárveitingar til af almennum verkefnum 67 m.kr. í vegáætlun 1998-2000 og af framkvæmdaátaki í vegáætlun 1998 20 m.kr. Samtals eru því áætlaðar 264 m.kr. til verkefnisins. Hér á að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Siglufjarðarvegar.

06-07 Hofsós – Stafá

Umfang verks: Endurbygging á 20 km löngum vegarkafla frá Hofsósi að Stafá og bygging á nýrri 17 m langri brú á Hrolleifsdalsá.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Framkvæmdaátak	20
Almenn verkefni	18
Verktakalán 1998	28
Bráðabirgðalán 1998	49
Samtals	115

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og var lokið við 8,5 km langan kafla og byggingu brúar á Hrolleifsdalsá. Áætluð verklok 1999.

Verktaki: Vegagerð, Fjörður sf., Sauðárkróki. Brúargerð, Óstak sf., Sauðárkróki Efnisvinnsla, Króksverk ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
1998	115

09 Hraunadalur – Almenningsnöf

Umfang verks: Lokið var lögn seinna lags klæðingar og frágangi á 4,5 km löngum kafla frá Hraunadal að Almenningsnöf.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1997	59
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni	9
Samtals	68

Verkframvinda: Verk hófst 1997, verki lauk 1998.

Verktaki: Möl og sandur hf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
1997	58
1998	9
Samtals	67

702 Heggstaðanesvegur

01 Hringvegur – Mýrar

Umfang verks: Lokið var við lögn malarslitlags og frágangi vegsvæðis á 5 km löngum kafla sem styrktur var 1997.

Framkvæmdaform: Útboð

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1997	3
Vegáætlun 1998	
Tengivegir	4
Samtals	7

Verkframvinda: Verk hófst 1997, verki lauk 1998.

Verktaki: Steypustöð Blönduóss ehf., Blönduósi

Kostnaður:	m.kr.
1997	4
1998	3
Samtals	7

704 Miðfjarðarvegur

04 lýsing við Laugarbakka

Umfang verks: Sett var upp lýsing á 1,0 km langan vegarkafla frá Laugarbakkaskóla að þéttbýli.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Tengivegir	3

Verkframvinda: Verki lauk 1998.

Verktaki: RARIK.

Kostnaður:	m.kr.
1998	3

Skýringar: Þar sem fákeppni ríkir á verktakamarkaði hvað vinnu við lýsingu varðar var samið við RARIK um verkið.

724 Reykjabraut
01 um Orrastaðaflóa
Umfang verks: Lokið var lögn malarslitlaga og frágangi vegsvæðis á 4,5 km löngum kafla sem byggður var 1997.
Framkvæmdaform: Útboð

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1997	23

Verkframvinda: Verk hófst 1997, verki lauk 1998.
Verktaki: Steingrímur Ingvarsson, Stóru-Giljá.

Kostnaður:	m.kr.
1997	16
1998	7
Samtals	23

752 Skagafjarðarvegur
03 Svartárdalsvegur – Hverhólar
Umfang verks: Endurbyggður var 3 km langur vegarkafli frá Tunguhálsi að Hverhólum og lokið við frágang á 2,5 km vegarkafla um Tunguháls.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Tengivegir	34

Verkframvinda: Verk hófst 1997, verki lauk 1998.
Verktaki: Fjörður sf., Skagafirði.

Kostnaður:	m.kr.
1997	15
1998	17
Samtals	32

793 Skarðsvegur
01 Flugvallarvegur – skíðasvæði
Umfang verks: Styrktur var 1,8 km langur kafli og sett malarslitlag á 2,6 km.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	2
Vegáætlun 1997	2
Samtals	4

Verkframvinda: Verki lauk 1998.
Verktaki: Stefán Einarsson, Siglufirði.

Kostnaður:	m.kr.
1998	1

Skýringar: Fjárveiting er til áframhaldandi uppbyggingar Skarðsvegar í vegáætlun árið 2000. Ekki var talin ástæða til að bjóða verkið út sökum þess hve umfang þess var lítið.

Norðurland eystra
1 Hringvegur
q7 Fosshóll – Aðaldalsvegur
Umfang verks: Nýbygging á 9,7 km löngum vegi yfir Fljótsheiði ásamt gerð safnvegar að Ingjaldsstöðum.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	25
Vegáætlun 1997	100
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni	50
Framkvæmdaátak	51
Flutt af Hringvegur, Austaribrekka – Jökulsá	11
Flutt af Norðausturvegur, Lindarbrekka – Uppsveitarvegur	3
Samtals	240

Verkframvinda: Verk hófst 1996. Lokið að mestu við veginn 1998 og lagt á hann neðra lag klæðingar. Eftir er að leggja efra lag klæðingar, allar snyrtingar, frágangur, girðingar og greiðslur bóta. Áætluð verklok 1999.
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1996	48
1997	94
1998	98
Samtals	240

Skýringar: Vegna aukaverka fór kostnaður við framkvæmdina fram úr áætlunum. Fjárveitingar eru í vegáætlun til Hringvegar á Norðurlandi 2001 og 2002.

1 Hringvegur
r6-r7 Austaribrekka – Jökulsá
Umfang verks: Nýbygging á 13,3 km löngum vegi frá Jökulsá á Fjöllum að Víðidal, ásamt 440 m langri tengingu við Hólsfjallaveg.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Seinna lag klæðingar, samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1996 91
Vegáætlun 1997 106
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 10
Samtals 207
Verkframvinda: Verk hófst 1996. Útboðsverki lauk 1997 með lögn neðra lags klæðingar. Seinna lag klæðingar var lagt 1998.
Verktaki: Vegagerð, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum Seinna lag klæðingar, vinnuflokkar Vegagerðarinnar
Kostnaður: m.kr.
1996 107
1997 78
1998 11
Samtals 196
Skýringar: Af eftirstöðvum fjárveitinga voru 11 m.kr. fluttar á Hringveg (1), Fosshóll – Aðaldalsvegur.

82 Ólafsfjarðarvegur
09 Lágheiði
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -2
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 5
Samtals 3
Skýringar: Greidd var skuld vegna framkvæmda á kaflanum Ólafsfjörður – Vatnsendi sem unnar voru 1996-1997.

85 Norðausturvegur
11 Lindarbrekka – Uppsveitarvegur
Umfang verks: Nýbygging á 5 km löngum kafla frá Lindarbrekku að Lyngási.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1997 20
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 52
Samtals 72
Verkframvinda: Verk hófst 1997. Lokið var við lagningu vegarins 1998 og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Árni Helgason, Ólafsfirði.
Kostnaður: m.kr.
1997 18
1998 39
Samtals 57
Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag klæðingar. Af eftirstöðvum fjárveitinga voru 3 m.kr. fluttar á Hringveg (1), Fosshóll – Aðaldalsvegur.

83 Grenivíkurvegur
02 Fnjóská – Laufás
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Til brúargerðar 63
Skýringar: Í samráði við þingmenn kjördæmisins var verkinu frestað vegna þess að mat á umhverfisáhrifum og lokahönnun lá ekki fyrir. Af fjárveitingu voru 22 m.kr. lánaðar til framkvæmda við Hlíðarfjallsveg (837) um Borgarbraut.

83 Grenivíkurvegur
02-03 Fagribær – Grýtubakki
Umfang verks: Nýbygging á 3,9 km löngum kafla frá Syðri-Grund að Gljúfurá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Tengivegir 54
Verkframvinda: Verkið unnið 1998. Lokið að mestu við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar. Áætluð verklok 1999.
Verktaki: Jarðverk ehf., Dalvík.
Kostnaður: m.kr.
1998 38
Skýringar: Eftir er lokafrágangur, girðingar, greiðslur bóta og leggja efra lag klæðingar.

87 Kísilvegur
04 Sýnishólar – Klambrasel
Umfang verks: Verki lauk 1997 og var fjárveiting notuð til greiðslu skulda.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-8
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni	10
Samtals	2

Verkframvinda: Verkið var unnið 1996 og 1997.

837 Hlíðarfjallsvegur
um Borgarbraut
Umfang verks: Nýbygging á 1,5 km löngum kafla frá Glerárgötu að Hlíðarbraut og bygging brúar á Glerá.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Lán frá Grenivíkurvegi (83)	22

Verktaki: Arnarfell hf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
1998	22

Skýringar: Fjárveiting er til Borgarbrautar í vegáætlun 1999 og 2000.

848 Mývatnsvegur
01 Neslandavík – Kísilvegur
Umfang verks: Nýbygging á 6,6 km löngum kafla frá Stekkjarnesi að Kísilvegi.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1997	45
Bráðabirgðalán 1998	21
Samtals	66

Verkframvinda: Verkið hófst 1997. Lokið var við lagningu vegarins 1998 og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Alverk ehf. og Þingvirki sf., Mývatnssveit.

Kostnaður:	m.kr.
1997	36
1998	30
Samtals	66

Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag klæðingar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 1999 og 2000.

Þingey, göngubrú

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Tengivegir	3

Skýringar: Framkvæmdum var frestað til 1999 vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag um staðsetningu.

Austurland
1 Hringvegur
s1-s7 Biskupsháls – Skjöldólfsstaðir
Umfang verks: Nýbygging á 33 km löngum nýjum vegi frá Langadal að Ármótaseli. Verkið er hluti af verkefninu tenging Norður- og Austurlands.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	50
Vegáætlun 1997	22
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni	4
Stórverkefni	180
Samtals	256

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í lok ágúst 1998. Undirbyggingu er að mestu lokið frá Hárekksstöðum að austurmörkum útboðs neðan Ármótasels. Um 2 km langur kafli um Ármótasel og yfir Víðidalsá tekinn í notkun síðla árs 1998.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
1998	156

Skýringar: Verkið var boðið út haustið 1997 en framkvæmdir frestuðust vegna frekara mats á umhverfisáhrifum. Áframhaldandi fjárveitingar eru til verksins árin 1999 og 2000.

1 Hringvegur
t0 Jökulsá á Dal
Umfang verks: Vega og brúagerð um Jökulsá á Dal lauk 1994, en fjárveitingum er varið til greiðslu skulda.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri árum	-20
Vegáætlun 1998	
Stórverkefni	20

Verkframvinda: Verk hófst 1993, verki lauk 1995.

1 Hringvegur
t1 Skóghlíð – Urriðavatn
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 8,8 km löngum kafla sem lokið var með klæðingu.
Framkvæmdaform: Útboð
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1997 33
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 40
Bráðabirgðalán 1998 21
Samtals 94
Verkframvinda: Verk hófst 1997, verki lauk 1998.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
1997 61
1998 33
Samtals 94
Skýringar: Fjárveiting til verksins 1999 er 52 m.kr. en kostnaður við framkvæmdina var mun lægri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

1 Hringvegur
u5 um Fossárvík
Umfang verks: Nýbygging á 2,9 km löngum kafla um Fossárvík og ný 40 m löng brú á Fossá.
Framkvæmdaform: Vegagerð og brúarsmíði, útboð. Niðurrekstur staura, samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1997 26
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 30
Verktakalán 1998 8
Bráðabirgðalán 1998 22
Samtals 86
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og er lokið að öðru leyti en að seinna klæðingarlag frestast til 1999.
Verktaki: Vegagerð og brúarsmíði, S.G. vélar ehf., Djúpavogi. Niðurrekstur staura, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1998 86
Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 1999.

1 Hringvegur
v9 Holt – Hólmsá
Umfang verks: Endurbyggður 5,6 km langur kafli og sett stálrör í stað tveggja einbreiðra brúa.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Smábrýr 4
Lagt til af viðhaldsfé 1998 13
Bráðabirgðalán 24
Samtals 41
Verkframvinda: Verki lauk 1998.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
1998 41
Skýringar: Framkvæmdum var flýtt vegna lélegs ástands vegarins. Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 1999 og 2000.

1 Hringvegur
x1 Smyrlabjargará – Staðará
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 20
Verkframvinda: Verki var frestað til ársins 1999.
Skýringar: Framkvæmdum frestað vegna mats á umhverfisáhrifum.

1 Hringvegur
Skeiðarársandur
Umfang verks: Verkið er fólgið í endurbyggingu mannvirkja á Skeiðarársandi eftir Grímsvatnahlaup í kjölfar eldgoss í Gjálp síðla árs 1996. Bygging 336 m langrar brúar á Gígjukvísl og endurbygging á 176 m af brú á Skeiðará ásamt 6,8 km löngum varnargörðum og 11,3 km löngum vegi.

Framkvæmdaform: Bráðabirgðaaðgerðir, samningar. Vegagerð, útboð. Brúargerð á Gígjukvísl, útboð. Stálsmíði fyrir Skeiðará, útboð. Endurbygging Skeiðarár, samningur. Niðurrekstur staura fyrir Gígjukvísl, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996 (viðhaldsfé)	150
Vegáætlun 1997	275
Viðlagatrygging 1997	350
Vegáætlun 1998	
Skeiðarársandur	100
Verktakalán 1998	14
Bráðabirgðalán 1998	116
Samtals	1.005

Verkframvinda: Verkið hófst að loknu Grímsvatnahlaupi í nóvember 1996 og var Hringvegurinn þá tengdur til bráðabirgða. Á árinu 1997 var endurbyggður sá hluti brúar á Skeiðará sem eyðilagðist í hlaupinu og lokið við vegagerð á austurhluta Skeiðarársands. Haustið 1997 var byrjað á framkvæmdum við Gígjukvísl og þeim lokið síðla sumars 1998.

Verktaki: Bráðabirgðatenging, ýmsir verktakar og vinnuflokkar Vegagerðarinnar. Vegagerð á austurhluta Skeiðarársands, Arnarfell ehf., Akureyri. Vega- og brúargerð um Gígjukvísl, Ármannsfell hf., Reykjavík. Endurbygging brúar á Skeiðará og niðurrekstur staura við Gígjukvísl, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1996	136
1997	485
1998	384
Samtals	1.005

Skýringar: Fjárveiting er til verksins árið 1999.

1 Hringvegur

Breikkun slitlaga

Umfang verks: Breikkað var slitlag á Hringvegi á 13,1 km löngum kafla milli Melrakkaness og Hofs.

Framkvæmdaform: Bundið slitlag, útboð. Undirbúningsvinna, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni	15
Lagt til af viðhaldsfé 1998	11
Samtals	26

Verkframvinda: Verki lokið 1998.

Verktaki: Bundið slitlag, Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum. Undirbúningsvinna, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	26

Skýringar: Ákveðið var að nota hluta af viðhaldsfé vega til að ljúka breikkun slitlags.

Þéttbýlisstaðir á Austurlandi

lagfæringar á þjóðvegum

Umfang verks:

a) Vegur breikkaður og steyptir kantsteinar á Reyðarfirði.

b) Frágangur á gatnamótum við Söluskála á Egilsstöðum.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Framkvæmdaátak	10

Verkframvinda:

a) Verki lokið 1998.

b) Verki að mestu lokið.

Verktaki:

a) Fjarðabyggð (Reyðarfjörður) og vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

b) Vinnuflokkar Vegagerðarinnar og Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum.

Skýringar á samningi: Verk lítil.

Kostnaður:	m.kr.
a) 1998	1
b) 1998	3
Samtals	4

Skýringar: Af fjárveitingum til verksins voru 4 m.kr. fluttar til verkefnisins Hafnarvegur (99), Höfn í Hornafirði.

99 Hafnarvegur

02-03 Höfn í Hornafirði

Umfang verks: Hluti Víkurbrautar á Hornafirði var endurbyggð og skipt um lagnir.

Framkvæmdaform: Útboð
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 5
Flutt af þéttbýlisstaðir
á Austurlandi 4
Samtals 9
Verkframvinda: Verki lauk 1998.
Verktaki: Ómar Antonsson, Hornafirði.
Kostnaður: m.kr.
1998 9

Austurlandsgöng
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá fyrri árum 24
Vegáætlun 1998
Stórverkefni 3
Samtals 27
Skýringar: Fjárveitingar geymast og verða notaðar til rannsókna og undirbúnings jarðgangagerðar á Austurlandi.

Jarðgangarannsóknir
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Stórverkefni 2
Skýringar: Fjárveiting geymist og verður notuð til rannsókna og undirbúnings jarðgangagerðar á Austurlandi. Fjárveitingar eru til jarðgangarannsókna í vegáætlun 1999-2002.

92 Norðfjarðarvegur
12 Neskaupsstaður
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 8
Skýringar: Verki var frestað vegna erfiðleika og óvissu um efnistöku.

93 Seyðisfjarðarvegur
03 kofi - Efri-Stafur
Umfang verks: Nýbygging á 5,3 km löngum kafla, sett stór stálræsi í Vatnshæðará og Fjarðará.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1995 31
Vegáætlun 1996 42
Vegáætlun 1998
Framkvæmdaátak 16
Bráðabirgðalán 1998 49
Samtals 138
Verkframvinda: Verk hófst 1996. Kaflanum lokið og hann tekinn í notkun árið 1997. Seinna lagi klæðingar lokið 1998.
Verktaki: Héraðsverk ehf.,Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
1996 73
1997 57
1998 8
Samtals 138
Skýringar: Fjárveiting er til verksins árið 1999. Kostnaður jókst nokkuð vegna hækkunar vegar og aukinna skeringa til að minnka snjósöfnun. Fjárveitingar í vegáætlun 1995 og 1996 voru þá ætlaðar til byggingar brúar á Eyvindará, en lánaðar til þessa verks. Við afgreiðslu vegáætlunar 1998-2002 voru ákveðnar nýjar fjárveitingar til Eyvindarárbrúar á árunum 2000 og 2001 og fyrri fjárveitingar runnu þar með til kaflans kofi – Efri-Stafur.

94 Borgarfjarðarvegur
07 á Vatnsskarði
Umfang verks: Endurbygging á 4 km löngum kafla á Vatnsskarði, frá nýbyggingarenda við Selfljót og upp í miðja brekku í austanverðu skarðinu. Verkið er hluti af endurbyggingu Borgarfjarðarvegar um Vatnsskarð.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna fyrri
framkvæmda ..... -11
Vegáætlun 1997 18
Vegáætlun 1998
Tengivegir 36
Samtals 43
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og var lokið lögn neðra burðarlagi. Áætluð verklok 1999.

Verktaki: Njörður sf., Borgarfirði eystra.
Kostnaður: m.kr.
1998 34
Skýringar: Af fjárveitingu vegáætlunar 1997 voru 11 m.kr. notaðar til greiðslu skuldar vegna framkvæmda á verkinu um Selfljót, sem unnið var á árinu 1996. Fjárveitingar eru til endurbyggingar vegarins um Vatnsskarð í vegáætlun árin 1999 og 2000.

96 Suðurfjarðavegur
03 Þernunes – Vattarnes
Umfang verks: Endurbyggður var 10,3 km langur kafli milli Þernuness og Vattarness.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1996 10
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 75
Samtals 85
Verkframvinda: Verk hófst 1996, verki lauk 1997.
Kostnaður: m.kr.
1996 14
1997 65
1998 5
Samtals 84
Skýringar: Kostnaður 1998 er greiðsla skuldar við verktaka.

96 Suðurfjarðavegur
07 um Selá í Fáskrúðsfirði
Umfang verks: Nýbygging á 1 km löngum kafla um Selá í Fáskrúðsfirði og sett stórt stálplöturæsi sem leysir af hólmi ónýta einbreiða brú.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Viðhald brúa 1997 2
Vegáætlun 1998
Almenn verkefni 5
Samtals 7
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og var kaflinn tekinn í notkun. Áætluð verklok 1999.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
1998 10
Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 1999.

917 Hlíðarvegur
06 um Gljúfursá og um Öxl
Umfang verks: Nýbygging á 2,1 km löngum kafla um Gljúfursá og gengið frá stálröri í stað gömlu brúarinnar. Styrking á 3,3 km löngum kafla innan og utan við Öxl og nýbygging á 1,24 km löngum kafla um Öxl.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1995 20
Vegáætlun 1997 36
Samtals 56
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust 1997 og vegur tekinn í notkun. Verki lauk 1998 með lögn malarslitlags.
Verktaki: Ólafur Hjaltason, Skála í Berufirði.
Kostnaður: m.kr.
1997 42
1998 8
Samtals 50

924 Jökuldalsvegur eystri
01 um Jökulsá hjá Hjarðarhaga
Umfang verks: Byggð ný 29 m löng brú ásamt tengingum.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá Lagarfljótsbrú 3
Vegáætlun 1998
Tengivegir 4
Til brúargerðar 9
Samtals 16
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og er brúarsmíði lokið en lokafrágangi vegar var frestað til 1999.
Verktaki: Stálsmíði, Vélsmiðja KÁ, Selfossi. Smíði brúar, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1998 18

Skýringar: Kostnaður vegna byggingar göngubrautar á Lagarfljótsbrú 1997 varð 3 m.kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

931 Upphéraðsvegur

04 Brekkugerði – Hengifossá

Umfang verks: Styrking á 1,4 km löngum kafla innan við Brekku og inn fyrir Hengifossá.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun: m.kr.

Vegáætlun 1996 18

Verkframvinda: Verki lauk 1998.

Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður: m.kr.

1998 6

Skýringar: Framkvæmdum frestað 1996 vegna ágreinings um vegstæði um Brekku, en á árinu 1998 unninn sá hluti sem ekki var ágreiningur um. Eftir er að bjóða út framkvæmdir um Brekku.

1091. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Samfylkingin leggur til að komið verði á samræmdu umhverfis- og auðlindaskipulagi á Íslandi sem nær til miðhálendisins. Umhverfis- og auðlindaskipulagið yrði á stjórnsýslustigi ríkis og unnið af stofnunum þess í samvinnu við einstök fagráðuneyti og væru sveitarfélög bundin af því. Í umhverfis- og auðlindaskipulagi yrði útfærð stefna stjórnvalda sem tæki til stærstu þátta í nýtingu lands og samþættingar áætlana um landnotkun og landnýtingu. Þar yrði fjallað um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki, náttúruvernd, varðveislu sögulegra minja og landnotkun í þágu atvinnuvega og byggðar í meginatriðum. Hlutverk slíks skipulags yrði m.a. endurskoðun og samhæfing landnýtingar- og landnotkunaráætlana.

Þegar sveitarfélögum sem liggja að miðhálendinu var falið að annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlunar fyrir miðhálendið vakti það hörð mótmæli af hálfu stjórnarandstöðunnar, fulltrúa orku- og ferðamála og fjölmargra samtaka um náttúruvernd og útivist. Mikilvægt er að tryggja samræmt skipulag miðhálendisins sem byggist á heildarsýn á alla hagnýtingu þess. Það eiga hin ólíku sveitarfélög erfitt með að tryggja. Því var lagt til að miðhálendið yrði gert að sérstöku stjórnsýslusvæði sem færi með skipulags- og byggingarmál. Þrátt fyrir veigamikil rök fyrir sérstöku stjórnsýsluumdæmi á miðhálendinu náði hugmyndin ekki fram að ganga og hefur sveitarfélögum nú verið falið skipulagsvaldið þar með stækkun þeirra inn að miðju landsins. Samfylkingin telur að fagleg vinnubrögð hafi skort við fyrirkomulag skipulagsmála hjá ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin hefur ekki gætt almannahagsmuna.

Samvinnunefnd miðhálendisins, sem lagt er til að sett verði á laggirnar með frumvarpi til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, getur ekki tryggt að skipulag sveitarfélaganna endurspegli stefnumið stjórnvalda á viðkomandi sviðum eða að gætt verði samræmis við skipulagningu miðhálendisins. Umboð og starfssvið nefndarinnar takmarkast við skipulagstillögur fyrri samvinnunefndar. Í þeim mörgu umsögnum sem bárust um þær tillögur komu fram alvarlegar athugasemdir um að þar væri í veigamiklum atriðum ekki tekið tillit til þeirrar stefnumörkunar sem þegar hefði verið unnin. Að mati minni hlutans getur samvinnunefndin ekki tryggt samfellu og samræmi í skipulagi miðhálendisins, a.m.k. ekki í andstöðu við einstakar sveitarstjórnir sem fara með aðalskipulag í sínu sveitarfélagi.

Samfylkingin leggur til að Alþingi afgreiði umhverfis- og auðlindaskipulag á miðhálendinu með þingsályktun. Með því móti tekur Alþingi ábyrgð á heildarskipulagi miðhálendisins. Verði þessi stefnumörkun í skipulagsmálum miðhálendisins samþykkt telur minni hlutinn að næsta skref í þessum málum verði að þetta samræmda umhverfis- og auðlindaskipulag nái til alls landsins. Minni hlutinn telur hins vegar rétt að láta þessa stefnumótun ná til miðhálendisins fyrst enda er mestur ágreiningur um skipulagsmál þar. Að mati Samfylkingarinnar er mjög mikilvægt að sátt verði um fyrirkomulag skipulagsmála í framtíðinni.

Með sérstöku auðlinda- og umhverfisskipulagi verður mótaður skipulagsrammi um þessar sameiginlegu auðlindir þjóðarinnar. Þetta skipulag varðar markmið ríkisvaldsins um framtíðarnotkun landsins og nýtingu gæða þess. Sveitarfélögin halda eftir sem áður aðal-, svæðis- og deiliskipulagsrétti sínum.

Samfylkingin telur að hefjast ætti handa við útfærslu samræmds umhverfis- og auðlindaskipulags á miðhálendinu eins og því er lýst hér að framan. Þess vegna telur minni hlutinn

ekki tímabært að afgreiða fyrirliggjandi frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 8. mars 1999.

Magnús Árni Magnússon, frsm. Margrét Frímannsdóttir.

1092. Nefndarálit [484. mál]

um frv. til. l. um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti, Jón Erling Jónasson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Jón Loftsson, skógræktarstjóra ríkisins, Andrés Arnalds frá Landgræðslu ríkisins, Huldu Valtýsdóttur og Brynjólf Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands, Kjartan Ólafsson og Bjarna Guðmundsson frá Bændasamtökum Íslands, Eddu V. Björnsdóttur frá Landssamtökum skógareigenda og Jón Kr. Arnarson frá Barra-Fossvogsstöð hf. Þá komu á fund nefndarinnar Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Árni Bragason frá Náttúruvernd ríkisins.

Umsagnir bárust frá búnaðarþingi, Skjólskógum, Landgræðslu ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands, Suðurlandsskógum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Barra-Fossvogsstöð hf., Náttúrufræðistofnun Íslands, skógræktarráðunauti Skógræktar ríkisins á Vesturlandi, Landssamtökum skógareigenda og Héraðsskógum.

Frumvarpið er í meginatriðum byggt á lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga, og er í því lagt til að landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til að stofna til landshlutabundinna skógræktarverkefna í líkingu við Suðurlandsskóga. Verði ráðherra veitt heimild til að stofna til verkefna án þess að sérstaka lagasetningu þurfi í hverju tilviki. Er stefnt að því að þegar reynsla verður komin á framkvæmd laga samkvæmt frumvarpinu, sem og lögum um Suðurlandsskóga og Héraðsskóga, fari fram endurskoðun á þeim með það að markmiði að um landshlutaverkefni gildi einn lagabálkur í stað þriggja.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að stjórnir einstakra verkefna verði skipaðar til fjögurra ára en ekki tveggja eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þá verði einn stjórnarmaður skipaður af skógræktarfélögum á viðkomandi svæði og verði stjórnarmenn því fjórir, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir verði þrír.
2. Bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða þar sem fram komi að fara skuli fram mat á umhverfisáhrifum landshlutaáætlunar áður en stofnað er til landshlutaverkefnis þar til fram hefur farið endurskoðun laga nr. 63/1993.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Egill Jónsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 1999.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Magnús Stefánsson.
Hjálmar Jónsson.	Katrín Fjeldsted.	Ágúst Einarsson.

Sigríður Jóhannesdóttir.

1093. Breytingartillögur [484. mál]

við frv. til l. um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni“ falli brott.
2. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „þriggja“ og „tveggja“ í 1. málsl. komi: fjögurra.
   b. Í stað orðanna „og sá þriðji“ í 2. málsl. komi: sá þriðji skipaður af skógræktarfélögum á viðkomandi svæði og sá fjórði.
3. Við 10. gr. Orðin „og stofnað er til skv. 8. gr. laga um skógrækt og skógvernd“ falli brott.
4. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þar til endurskoðun laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, er lokið, sbr. fyrra bráðabirgðaákvæði laga nr. 63/1993, skal landbúnaðarráðherra láta fara fram mat á umhverfisáhrifum landshlutaáætlunar áður en stofnað er til landshlutaverkefna.

1094. Breytingartillaga [352. mál]

við brtt. á þskj. 1060 [Skipulags- og byggingarlög].

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Við 2. tölul. Eftirfarandi breytingar verði á 2. efnismgr.:

a. Í stað orðanna „12 fulltrúar“ í 2. málsl. komi: 13 fulltrúar.
b. Á eftir orðinu „kjördæmi“ í 2.málsl. komi: einn af félagasamtökum um umhverfis- og náttúruvernd.
c. Í stað orðanna „fjóra áheyrnarfulltrúa“ í lokamálslið komi: þrjá.

1095. Nefndarálit [564. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. lög nr. 161/1996.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá félagsmálaráðuneyti Sturlaug Tómasson og frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana Jens Andrésson og Árna Stefán Jónsson.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er stefnt að því að auðvelda yfirtöku sveitarfélaga á þjónustu við fatlaða á grundvelli laganna. Nokkur sveitarfélög hafa sýnt því áhuga að yfirtaka þjónustu við fatlaða en þar sem skort hefur lagaákvæði um réttarstöðu starfsmanna svæðisskrifstofu málefna fatlaðra við yfirtöku sveitarfélaga á þjónustunni hefur verið vandkvæðum bundið að ganga til slíkra samninga. Tímabundnir samningar hafa engu að síður verið gerðir en í þeim samningum tókst ekki að leysa starfsmannamálin þar sem lagaákvæði skorti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir starfsmenn sem eru í starfi þegar tímabundinn þjónustusamningur tekur gildi haldi starfi sínu. Ráðningarsamband ríkisins við þessa starfsmenn helst í sjálfu sér óbreytt; þeir starfa áfram sem ríkisstarfsmenn og fá greidd laun samkvæmt sömu kjarasamningum og réttur til aðildar að lífeyrissjóðum helst óbreyttur. Stjórnunarheimildir gagnvart starfsmönnum verða hins vegar framseldar tímabundið til sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar og þessir aðilar sjá einnig um að ráða nýja starfsmenn sem þörf kann að verða á að ráða og verða þeir alfarið starfsmenn sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar en ekki í ráðningarsambandi við ríkið.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 9. mars 1999.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Siv Friðleifsdóttir.
Katrín Fjeldsted.	Magnús Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.

Arnbjörg Sveinsdóttir.

1096. Nefndarálit [252. og 253. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr 16/1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og frv. til l. um breyt. á l. nr. 18/1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málin.

Í frumvörpunum er lagt til að umræddum happdrættum verði heimilt að reka peningahappdrætti og með því verði staða þeirra bætt.

Happdrættismarkaðurinn hefur þróast ört á undanförnum árum. Happdrættum hefur fjölgað og samkeppni milli þeirra aukist. Þetta hefur m.a. leitt til þess að happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Sambands íslenskra berklasjúklinga hafa þurft að horfa upp á samdrátt ár frá ári.

Nefndin hefur skilning á vanda umræddra happdrætta og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvörpunum, en þar sem Happdrætti Háskóla Íslands hefur nú einkarétt á peningahappdrætti samkvæmt lögum nr. 13/1973, með síðari breytingum, telur nefndin ekki unnt að leggja til að þau verði samþykkt. Nefndin telur eðlilegt að happdrættismarkaðurinn í heild verði tekinn til skoðunar og að sett verði ein heildarlög um happdrætti og leggur til að málunum verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Kristján Pálsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Svanhildur Árnadóttir.	Ögmundur Jónasson.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Kristín Halldórsdóttir.

1097. Nefndarálit [564. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við það hve frumvarpið kemur seint fram eða í síðustu viku þingsins. Um er að ræða breytingu á lögum um málefni fatlaðra vegna tímabundinna samninga skv. 13. gr. laganna. Lagt er til að nýtt ákvæði til bráðabirgða heimili að hlutaðeigandi starfsmenn svæðisskrifstofu verði í þjónustu viðkomandi sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar en ekki starfsmenn ríkisins.

Minni hlutinn telur varasamt að hrófla við stéttarfélagsaðild þeirra starfsmanna sem fara tímabundið til annars rekstraraðila, eins og lagt er til í fyrirliggjandi frumvarpi. Með hliðsjón af því að fulltrúar Starfsmannafélags ríkisstofnana mæla ekki með samþykkt frumvarpsins og þess að ekki gefst nægjanlegur tími til að fara með fullnægjandi hætti yfir málið mun minni hlutinn ekki standa að afgreiðslu þess.

Um nánari skýringar vísast til meðfylgjandi álits Starfsmannafélags ríkisstofnana.

Alþingi, 9. mars 1999.

Guðný Guðbjörnsdóttir, frsm. Rannveig Guðmundsdóttir.

Fylgiskjal.

Umsögn send félagsmálaráðuneytinu um fyrirhugaðar breytingar á lögum um málefni fatlaðra.

(3. febrúar 1999.)

Starfsmannafélag ríkisstofnana hefur verið með skýra stefnu hvað varðar stöðu starfsmanna við flutning frá einum atvinnrekanda til annars. Þessi stefna hefur komið m.a. fram í bréfi félagsins til ráðuneytisins d. 17.11.1996 v/nefndar um endurskoðun á lögunum um málefni fatlaðra og í bréfi til félagsmálaráðherra d. 23. febrúar 1996 v/starfsmannamála í reynslusveitarfélögum.

Meginstefna félagsins er eftirfarandi:

1. Að öll réttindi starfsmanna við flutning á milli atvinnurekenda haldist óbreytt.
2. Að stéttarfélög haldi áfram óbreyttu umboði til kjarasamningsgerða fyrir þau störf sem flutt eru á grundvelli laga um reynslusveitarfélög.
3. Að með flutningi á verkefnum milli ríkis og sveitarfélaga haldi stéttarfélagið áfram réttinum til kjarasamningsgerðar fyrir þau störf ásamt nýju félagi sem er fyrir á þeim vettvangi. Starfsmaðurinn hafi síðan val um hvoru stéttarfélaginu hann er í, sbr. flutning á verkefnum frá sveitarfélögum til ríkisins 1990–1991.

Varðandi fyrirspurn ráðuneytisins nú, þá álítur SFR að þau störf sem fara til annars rekstraraðila samk. tímabundnum samningi samk. 13. gr. skulu áfram vera á samningssviði þess stéttarfélags sem hefur það umboð. Á það einnig við um ný störf sem hugsanlega er stofnað til á meðan samningurinn er í gildi.

Hér telur félagið að gildi nákvæmlega sömu rök og eiga við þegar um er að ræða yfirtöku verkefna á grundvelli laga um reynslusveitarfélög.

Að öðru leyti er vísað í ofangreind bréf til ráðuneytisins, sem eru meðfylgjandi.

Virðingarfyllst,
Árni St. Jónsson, framkvæmdastjóri SFR.

1098. Fyrirspurn [604. mál]

til umhverfisráðherra um Brunamálaskólann.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvers vegna hafa ekki verið sett lög um Brunamálaskólann á þessu kjörtímabili eins og áformað var?
2. Verður Brunamálaskólinn gerður að sjálfstæðri stofnun?

Skriflegt svar óskast.

1099. Fyrirspurn [605. mál]

til umhverfisráðherra um öryggis- og brunamál.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Er haft reglulegt eftirlit með slökkvibifreiðum út frá almennum og sérstökum öryggiskröfum sem gera þarf til slíkra tækja og hvernig er því eftirliti háttað?
2. Hvaða gæðakröfur eru gerðar við kaup á slökkvibifreiðum, á nýjum bifreiðum annars vegar og notuðum hins vegar? Er miðað við almennar staðlaðar reglur um gæði í því sambandi?
3. Hversu margar slökkvibifreiðar voru keyptar til landsins á árunum 1988–98 að báðum árum meðtöldum? Hversu margar þeirra voru keyptar nýjar og hversu margar voru notaðar? Hver var aldur notuðu bifreiðanna? Hvert var verð bifreiðanna? Þessar upplýsingar óskast sundurliðaðar eftir árum og eftir því hvort bifreiðarnar voru keyptar
   a. til Reykjavíkur,
   b. utan Reykjavíkur.
4. Hverjir voru seljendur bifreiðanna sem voru keyptar á þessum árum og hvaða ástæður réðu vali á seljendum?
5. Hefur Brunamálastofnun eða starfsmenn hennar haft milligöngu við kaup sveitarfélaganna á slökkvibifreiðum og öðrum aðbúnaði? Ef svo er, hvernig hefur þeirri milligöngu verið háttað?
6. Telur ráðherra að milliganga Brunamálastofnunar eða starfsmanna hennar samræmist hlutverki stofnunarinnar sem eftirlitsaðila og ráðgjafa sveitarfélaganna?
7. Telur ráðherra að hagkvæmni fyrir viðkomandi fyrirtæki hafi ávallt ráðið vali á seljanda slökkvibifreiða?
8. Telur ráðherra að ráðgjöf opinberrar stofnunar um einn seljanda slökkvibifreiða til sveitarfélaganna samræmist samkeppnislögum?

9. Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að uppræta samskiptaörðugleika milli Eldvarnaeftirlits Reykjavíkur og Brunamálastofnunar sem fram hafa komið í fjölmiðlum?

Skriflegt svar óskast.

1100. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um þjóðgarða á miðhálendinu.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Nefndinni bárust umsagnir frá Arkitektafélagi Íslands, Bændasamtökum Íslands, Ferðafélagi Íslands, Ferðaklúbbnum 4x4, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Félagi leiðsögumanna, félagsmálaráðuneyti, héraðsnefnd Árnesinga, hérðsnefnd Eyjafjarðar, héraðsnefnd Rangárvallasýslu, héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu, héraðsnefnd Þingeyjarsýslu, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, landbúnaðarráðuneyti, Landgræðslu ríkisins, Landvernd, Lögmannafélagi Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarráði, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Neytendasamtökunum, Orkustofnun, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Skipulagsstofnun, Skotveiðifélagi Íslands, Skógrækt ríkisins, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Veðurstofu Íslands og Alþýðusambandi Íslands. Voru umsagnirnar flestar jákvæðar um efni tillögunnar sem gerir ráð fyrir stofnun fjögurra stórra þjóðgarða á miðhálendinu með helstu jökla og aðliggjandi landsvæði innan sinna marka. Nefndin taldi þó rétt að takmarka ályktunina við að fela umhverfisráðherra að láta kanna möguleika á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem tæki til alls jökulsins með það í huga að unnt verði að stofna þjóðgarðinn á aldamótaárinu. Með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs fengist reynsla sem síðar gæti nýst við hugsanlegan undirbúning fleiri slíkra þjóðgarða á miðhálendinu. Vakin er athygli á að tillagan fellur vel að fyrirliggjandi skipulagstillögu um miðhálendið. Að Vatnajökli liggja ýmis svæði sem þegar njóta verndar að náttúruverndarlögum, svo sem friðland á Lónsöræfum, Kringilsárrani og Eldborgaraðir (Lakagígir). Þá nær þjóðgarðurinn í Skaftafelli nú þegar inn á Vatnajökul. Með friðlýsingu alls jökulsins tengjast þessi svæði saman í eina verndarheild.

Rétt er að taka fram að með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs væri ekki verið að hindra ferð fólks um jökulinn heldur að skapa forsendur fyrir vernd hans og nýtingu sem útivistar- og rannsóknarsvæðis til frambúðar. Jöklar landsins eru snar þáttur í náttúrufari þess og bakhjarl vatnakerfa. Vatnsvernd og verndun hreinleika jöklanna eru samofnir þættir og hafa í senn heilbrigðislegt og hagrænt gildi. Þá hefur Vatnajökull með sínum mörgu og fjölbreytilegu eldstöðvum alþjóðlegt gildi fyrir rannsóknir.

Í undirbúningi er á vegum Sameinuðu þjóðanna sérstakt „Ár fjalla 2002“. Fram hafa komið hugmyndir hjá þeim sem vinna að undirbúningi þess árs að kjörið væri að tilnefna Vatnajökulsþjóðgarð sem sérstakt framlag af Íslands hálfu í tengslum við það.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð.

Umhverfisráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi árið 2000 með það í huga að unnt verði að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á aldamótaárinu.

Alþingi, 9. mars 1999.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Hjörleifur Guttormsson.
Árni M. Mathiesen.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Magnús Árni Magnússon.

Kristján Pálsson.

1101. Nefndarálit [387. mál]

um till. til þál. um skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir um það bárust frá skólaskrifstofu Suðurlands, fræðslu- og menningarsviði Hornafjarðarbæjar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skólameistarafélagi Íslands, Grindavíkurbæ, menntamálaráðuneyti, skólaskrifstofu Húnvetninga, skólaskrifstofu Vesturlands, Kennaraháskóla Íslands, skólaþjónustu Eyþings, Kennarasambandi Íslands, skólaskrifstofu Vestfjarða, Æskulýðssambandi Íslands, Sambandi iðnmenntaskóla, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands og Barnaverndarstofu.

Í tillögunni er lagt til að menntamálaráðherra verði falið að skipa nefnd sem skipuð verði fulltrúum aðila sem sinna að ákveðnu marki uppeldishlutverki barna á skólaaldri. Lagt er til að nefndinni verði falið að skila tillögum um aukinn aga í skólum landsins.

Nefndin leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 9. mars 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.	Hjálmar Árnason, frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Guðný Guðbjörnsdóttir.		Kristín Ástgeirsdóttir.

1102. Nefndarálit [203. mál]

um till. til þál. um stofnun þjóðbúningaráðs.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Kvenfélagasambandi Íslands, Þjóðminjasafni Íslands, Elsu E. Guðjónsson, textíl- og búningafræðingi, Árbæjarsafni og Heimilisiðnaðarfélagi Íslands.

Íslenskir búningar eru hluti af íslenskri menningu og setja svip á hátíðisdaga þjóðarinnar. Séu þeir bornir af kunnáttu eru þeir vel til þess fallnir að vekja athygli á íslenskri menningu. Þeir eru arfleifð sem ber að vernda og virða og því mikilvægt að varðveita þekkingu á þeim og gerð þeirra.

Í tillögunni er lagt til að þjóðbúningaráði verði falið að setja upp ráðgjafarþjónustu sem afli heimilda um íslenska þjóðbúninginn og sinni á sem aðgengilegastan hátt miðlun upplýsinga til almennings. Auk þess verði því falið að stuðla að því að sérfræðingur með menntun á sviði búninga og textíla verði ráðinn hið fyrsta við Þjóðminjasafn Íslands. Verkefni sérfræðingsins yrði m.a. að vinna úr og ganga frá skrám, sýnishornum og upplýsingum sem safnið fengi frá leiðbeiningarþjónustunni sem ráðinu yrði falið að starfrækja, auk þess að vinna að rannsóknum á sviði búninga og textíla.

Í tillögunni er enn fremur lagt til að ráðinu verði falið að beita sér fyrir því að markviss fræðsla um íslenska þjóðbúninga verði tekin upp í grunnskólum landsins jafnframt því að kennurum og kennaraefnum verði séð fyrir staðgóðri þekkingu á þeim. Til að viðhalda þekkingu á íslenskum þjóðbúningum verður að telja æskilegt að kynning á þeim fari fram á einhverju stigi grunnskólans, t.d. í tengslum við kennslu í sögu eða samfélagsfræði.

Nefndin mælir með að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 9. mars 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Arnbjörg Sveinsdóttir.

Kristín Ástgeirsdóttir. | Guðný Guðbjörnsdóttir.

1103. Nefndarálit [327. mál]

um till. til þál. um kortlagningu ósnortinna víðerna á Íslandi.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust um það frá umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga og Landmælingum Íslands.

Í tillögunni er lagt til að umhverfisráðherra verði falið að láta kortleggja ósnortin víðerni á Íslandi. Fyrir tæpum tveimur árum samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um varðveislu ósnortinna víðerna Íslands þar sem umhverfisráðherra var falin stefnumörkun um varðveislu

þeirra og að stofna starfshóp sem falið yrði það verkefni að skilgreina hugtakið ósnortin víðerni. Starfshópurinn var stofnaður í september 1997 og lauk hann störfum í febrúar á síðasta ári. Í frumvarpi til laga um náttúruvernd sem nú liggur fyrir þinginu er lagt til að skilgreining sú sem hópurinn lagði til á ósnortnum víðernum verði lögfest. Nefndin telur að eðlilegt framhald þessa máls sé að ósnortin víðerni landsins verði kortlögð.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 9. mars 1999.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Hjörleifur Guttormsson.
Árni M. Mathiesen.	Magnús Árni Magnússon.	Kristján Pálsson.
	Ísólfur Gylfi Pálmason.	

1104. Nefndarálit [585. mál]

um frv. til l. um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Magnússon frá iðnaðarráðuneyti, Eggert J. Hilmarsson frá fjármálaráðuneyti, Breka Karlsson frá Kvikmyndasjóði Íslands, Guðjón Rúnarsson og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands og kvikmyndagerðarmennina Ara Kristinsson, Jón Þór Hannesson og Snorra Þórisson.

Í frumvarpinu er lagt til að ákveðið hlutfall framleiðslukostnaðar við kvikmyndagerð sem til fellur hér á landi verði endurgreitt að verkinu loknu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Er gert ráð fyrir að þessar ráðstafanir komi til með að laða að erlenda kvikmyndagerðarmenn og leiði það til þess að íslenskt fagfólk þjálfist til sjálfstæðra verka á þessu sviði. Þá er gert ráð fyrir að tækjakostur kvikmyndaiðnaðarins hér á landi muni batna auk þess sem náttúru landsins og menningu verði komið á framfæri.

Meiri hlutinn telur ljóst að ef auka á veg kvikmyndaiðnaðarins hér á landi verði að mæta kröfum kvikmyndaframleiðenda um stuðning með einhverjum hætti. Telur meiri hlutinn að sú ráðstöfun sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu sé kvikmyndaiðnaðinum til verulegra hagsbóta og komi til með að auka tekjur ríkis og þjóðar af greininni.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 9. mars 1999.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal.
Katrín Fjeldsted.	Guðjón Guðmundsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Magnús Árni Magnússon.		Gísli S. Einarsson.

1105. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 18. gr. 2. málsl. falli brott.

1106. Nefndarálit [196. mál]

um till. til þál. um eflingu íþróttasamstarfs milli Vestur-Norðurlanda.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem flutt er af þingmönnum í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins. Alþingi hefur lagt áherslu á góð og náin samskipti við næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga. Telur nefndin að tillagan falli vel að þeim markmiðum og leggur til að hún verði **samþykkt.**

Alþingi, 9. mars 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Svanfríður Jónasdóttir.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Árni Johnsen.	Ólafur Örn Haraldsson.

1107. Nefndarálit [195. mál]

um till. til þál. um eflingu internetsamvinnu skóla á Vestur-Norðurlöndum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem flutt er af þingmönnum í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins. Alþingi hefur lagt áherslu á góð og náin samskipti við næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga. Telur nefndin að tillagan falli vel að þeim markmiðum og leggur til að hún verði **samþykkt.**

Alþingi, 9. mars 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Svanfríður Jónasdóttir.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Árni Johnsen.	Ólafur Örn Haraldsson.

1108. Nefndarálit [197. mál]

um till. til þál. um að setja á stofn vestnorrænan menningarsjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem flutt er af þingmönnum í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Nefndin tekur undir þá skoðun flutningsmanna að ein af forsendum þess að sameiginleg menning Vestur-Norðurlanda nái að styrkja stöðu sína og eflast í framtíðinni sé að sköpuð verði betri skilyrði fyrir menningarlega samvinnu þeirra á milli. Tillögur menntamálanefndar um samþykkt þingsályktunartillagna um eflingu internetsamvinnu skóla á Vestur-Norðurlöndum og eflingu íþróttasamstarfs milli Vestur-Norðurlanda ganga í þessa átt.

Vestnorræna ráðið samþykkti á ársfundi sínum í júní á síðasta ári að stofnun sérstaks vestnorræns menningarsjóðs væri leið að því marki að efla og þróa menningarsamstarf landanna. Nefndin telur þá hugmynd athyglisverða en telur eðlilegt að hún verði rædd nánar milli ríkisstjórna landanna og þeim gefinn kostur á að útfæra hana frekar eða koma fram með aðrar sambærilegar hugmyndir.

Nefndin leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 9. mars 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Svanfríður Jónasdóttir.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Árni Johnsen.	Ólafur Örn Haraldsson.

1109. Nefndarálit [509. mál]

um frv. til l. um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein frá menntamálaráðuneyti og Gunnar Jóhann Birgisson hrl., Pál Skúlason rektor og Þórð Kristinsson frá Háskóla Íslands, Guðvarð Má Gunnlaugsson og Sveinbjörn Gizurarson frá Félagi háskólakennara og Ásdísi Magnúsdóttur og Pétur Maack Þorsteinsson frá stúdentaráði Háskóla Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar þess að almenn lög voru sett um háskóla í árslok 1997. Þau lög, nr. 136/1997, hafa að geyma meginreglur um starfsemi háskóla þar sem kveðið er almennt á um hlutverk háskóla, stjórnsýslu hans og fjárveitingar til hans frá ríkisvaldinu. Við setningu laganna var gert ráð fyrir að lög hvers háskóla yrðu endurskoðuð og einfölduð, nánari útfærslur á starfsemi hvers skóla yrði að finna í sérlögum, reglugerð og öðrum reglum hvers skóla. Ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við þetta.

Í frumvarpinu er að finna grundvallarreglur um stjórnskipulag, stjórnsýslu, starfslið og nemendur skólans. Nánari reglur um starfsemi Háskóla Íslands setur háskólaráð sem er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Í samræmi við lög um háskóla, nr. 136/1997, er eitt af grundvallarmarkmiðum frumvarpsins að auka sjálfstæði Háskóla Íslands. Kemur það m.a. fram í því að lagt er til að háskólinn fái aukið vald til þess að setja sjálfur reglur um ýmis framkvæmdar- og útfærsluatriði, án atbeina menntamálaráðherra. Í samræmi við það er lagt til í frumvarpinu að háskólarektor ráði kennara skólans og flesta aðra starfsmenn í stað menntamálaráðherra eins og nú er. Einnig er gert ráð fyrir að reglur sem varða starfsemi skólans og deilda innan hans verði settar af aðilum innan háskólans en samkvæmt gildandi lögum setur ráðherra í reglugerð ýmsar af þessum reglum. Þá eru lagðar til róttækar breytingar á æðstu stjórn háskólans en gert er ráð fyrir að hún verði falin háskólaráði og rektor. Þá er gert ráð fyrir að komið verði á háskólafundi sem yrði eins konar þing háskólamanna þar sem saman koma fulltrúar deilda og stofnana háskólans, fulltrúar starfsmanna, stjórnsýslunnar, stúdenta og þjóðlífs. Honum er ætlað tvenns konar hlutverk, annars vegar að vera samráðsvettvangur og koma að sameiginlegum málefnum háskólans og hins vegar að veita

umsögn þegar meginreglur er varða stjórnskipulag háskólans eru settar. Æðsta stjórn háskólans er í höndum háskólaráðs, rektors og sameiginlegrar stjórnsýslu.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar til samræmingar annars vegar við lög um háskóla, nr. 136/1997, og hins vegar við lög um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, og frumvarp um Háskólann á Akureyri sem liggur fyrir þinginu:

1. Lögð er til orðalagsbreyting á 3. mgr. 2. gr. þar sem tilvísun til háskólaráðs hefur fallið út í frumvarpinu.
2. Í lögum um háskóla er í 3. mgr. 19. gr. kveðið á um að í sérlögum skuli setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla. Í 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um greiðslu skrásetningargjalds. Fjárhæð skrásetningargjalds tekur mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og annars sem skólinn lætur nemendum í té og er nauðsynlegt vegna starfsemi skólans. Nefndin leggur til orðalagsbreytingu á þeirri grein til samræmis við sérlög um aðra háskóla en í 2. mgr. 4. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, er að finna sambærilegt orðalag. Með breytingunni kveður frumvarpið á um að við skrásetningu til náms greiði stúdent skrásetningargjald, allt að 25.000 kr. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.
3. Nefndin leggur til orðalagsbreytingu á 2. mgr. 18. gr. til samræmis við sambærileg ákvæði í frumvörpum sem eru til afgreiðslu í þinginu um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands og um Háskólann á Akureyri. Lögð skal áhersla á að háskólaráði er heimilt að semja við ýmsa aðila, t.d. stúdentaráð Háskóla Íslands sem samtök stúdenta, um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskóla Íslands að því tilskildu að farið sé að ákvæðum 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Samið hefur verið við stúdentaráð hingað til um að veita ákveðna þjónustu og komið hefur fram í máli fulltrúa Háskóla Íslands að engin áform eru uppi um að breyta því fyrirkomulagi.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. mars 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Svanhildur Árnadóttir.
Elín R. Líndal.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Árni Johnsen.

1110. Breytingartillögur [509. mál]

við frv. til l. um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Áður en lögum og reglum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið skal háskólaráð leita umsagnar háskólafundar um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli.
2. Við 13. gr. Á undan tölunni „25.000“ í 3. mgr. komi: allt að.
3. Við 18. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Háskólaráði er heimilt að semja við stúdenta, samtök þeirra og félög, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskóla Íslands, enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

1111. Nefndarálit [528. mál]

um frv. til l. um náttúruvernd.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jóhannesson og Guðjón Ólaf Jónsson frá umhverfisráðuneyti, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins og Sigurgeir Þorgeirsson og Jón Benediktsson frá Bændasamtökunum. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Rannsóknarráði Íslands, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Ungmennafélagi Íslands, Samtökum ferðaþjónustunnar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnun Háskóla Íslands, Eyþingi — Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun, Landssambandi veiðifélaga, Siglingastofnun Íslands, Vinnueftirliti ríkisins, Kennaraháskóla Íslands, Vinnuveitendasambandinu, Skotveiðifélagi Íslands, Jarðfræðifélagi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, SAMÚT (Samtökum útivistarfélaga), Félagi landfræðinga, Félagi húsbílaeigenda, Landsvirkjun, Landvernd, embætti yfirdýralæknis, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Skipulagsstofnun, Náttúruvernd ríkisins, Vegagerðinni, Hellarannsóknafélagi Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Orkustofnun, Félagi leiðsögumanna, Landgræðslu ríkisins, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Fuglaverndarfélagi Íslands, veiðimálastjóra, Náttúrufræðistofu Kópavogs, umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga, Ferðafélagi Íslands, Bændasamtökum Íslands, Flugmálastjórn, Umhverfissamtökum Íslands, laganefnd Arkitektafélags Íslands, Veðurstofu Íslands, Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands, Landmælingum Íslands, Fjallinu, félagi jarð- og landfræðinema við Háskóla Íslands, Þjóðminjasafni Íslands, Æðarræktarfélagi Íslands, veiðistjóraembættinu, búnaðarþingi, Náttúruverndarráði, Náttúrustofu Austurlands og Hafrannsóknastofnuninni.

Lengi hefur verið beðið eftir heildstæðu frumvarpi á sviði náttúruverndar. Núgildandi lög um náttúruvernd eru nr. 93/1996. Þau tóku við af lögum sem voru frá árinu 1971. Helstu breytingar í lögunum frá árinu 1996 lutu að stjórnsýslu á sviði náttúruverndar en efnisbreyt-

ingar voru smávægilegar. Það þótti hins vegar horfa til skilningsauka og einföldunar að setja heildstæð lög þar sem breytingar voru viðamiklar og snertu flestar greinar laganna. Til stóð svo í framhaldi af því að endurskoða efnisþætti sem snúa að náttúruvernd og er þeirri vinnu nú lokið með framlagningu þessa frumvarps. Í því eru lögð til ýmis nýmæli og er mörgum mikilvægum þáttum gert hærra undir höfði en verið hefur í eldri lögum. Höfð hefur verið hliðsjón af alþjóðasamningum sem Íslendingar eru aðilar að og með því móti er leitast við að færa Ísland nær öðrum þjóðum á sviði náttúruverndar.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar frumvarp Hjörleifs Guttormssonar um náttúruvernd (84. mál á þskj. 84) þar sem lagðar eru til ýmsar efnislegar breytingar á lögunum frá 1996 sem eru í samræmi við það sem kemur fram í þessu frumvarpi. Þegar því frumvarpi sem hér um ræðir var vísað til nefndarinnar ákvað hún hins vegar að einbeita sér alfarið að afgreiðslu þess.

Við umfjöllun nefndarinnar á frumvarpinu kom í ljós að ekki var ágreiningur milli nefndarmanna um grundvallaratriði þess þótt margar athugasemdir væru gerðar við það. Frumvarpið var lagt fram seint á yfirstandandi þingi en nefndinni hafa þó borist margar umsagnir um það og hefur hún farið yfir þær. Miklar umræður hafa farið fram í nefndinni og leggur hún til að ákveðnar breytingar verði gerðar. Helstu efnisbreytingar eru þessar:

1. Nefndin leggur til orðalagsbreytingu á 1. mgr. 1. gr. Í stað þess að talað verði um samskipti manns og náttúru verði talað um samskipti manns og umhverfis. Nefndin lítur svo á að það sé heppilegra orðalag með tilliti til þess að telja verður að maðurinn sé hluti af náttúrunni. Í 3. mgr. sömu greinar er lagt til að bætt verði við markmiðssetninguna að stuðlað verði að vernd auðlinda þjóðarinnar. Að mati nefndarinnar hlýtur það að vera eitt af markmiðum náttúruverndar og því er sjálfsagt að geta þess.
2. Lagt er til að 2. gr. frumvarpsins gildi einnig um landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 41/1979. Íslendingar hafa tekið á sig ýmsar skyldur með aðild að ýmsum alþjóðlegum samningum, t.d. Bernarsamningnum um vernd villtrar náttúru í Evrópu og Ríósamningnum um líffræðilega fjölbreytni. Frumvarpinu er m.a. ætlað að sinna þessum skyldum og því mikilvægt að ákvæði þess gildi einnig um náttúru hafsins. Tekið er fram í frumvarpinu að það breyti í engu ákvæðum annarra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum til lands og sjávar. Nefndin telur hins vegar rétt að til staðar séu lög um náttúruvernd sem taki til þeirra atriða sem ekki er getið um í sérlögum.
3. Nefndin leggur til viðbót við skilgreiningu frumvarpsins á ræktuðu landi. Nefndin lítur svo á að viðbótin taki fyrst og fremst til skógræktar á fyrstu stigum, þ.e. þegar plöntur eru á viðkvæmu stigi og lítt sýnilegar (t.d. lægri en 50 cm á hæð).
4. Lagt er til að í 2. mgr. 4. gr. verði kveðið á um að ráðherra hafi samráð við hlutaðeigandi aðila og aðra sem við á hverju sinni um mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmd og fræðslu á því sviði. Nefndinni hefur verið bent á að ýmsum aðilum er falið lögbundið hlutverk á sviðum sem tengjast stefnumótun og fleiru á sviði náttúruverndar en ekki var gert ráð fyrir þeim í frumvarpinu. Nefndin leggur því til að í stað þess að telja upp tilgreinda aðila verði ráðherra falið að útfæra nánar við hverja skuli haft samráð og hvernig og taki við það tillit til gildandi löggjafar og hlutverks þeirra aðila sem starfa á hverju sviði.
5. Lagðar eru til breytingar á c-lið 6. gr. í samræmi við það að ýmsum aðilum er falið að fara með almennt eftirlit í samræmi við hlutverk sitt í stjórnsýslunni. Má sem dæmi nefna sýslumenn og lögreglu og Vegagerðina. Náttúruvernd ríkisins er ekki ætlað að taka yfir neitt af hlutverkum þessara aðila. Einnig er lögð til breyting á k-lið greinarinnar vegna útgáfu náttúruminjaskrár, sbr. 67. gr. Nefndin vill leggja til að í stað þess

að tala einungis um útgáfu skrárinnar verði einnig fjallað um skráningu náttúruminja. Felst í því að ákvörðun um ný svæði á náttúruminjaskrá er alltaf aðgengileg almenningi, t.d. á netinu, í stað þess að bíða þurfi útgáfu nýrrar náttúruminjaskrár.

6. Lagt er til í 1. mgr. 7. gr. að Náttúruvernd ríkisins sé einnig heimilt að fela einstaklingum og lögaðilum almennt eftirlit með náttúru landsins. Það hefur tíðkast hjá Náttúruvernd ríkisins undanfarin ár að hafa eftirlitsráðgjafa í öllum landshlutum og sinna þeir almennu eftirliti með náttúru landsins og vinna í samráði við náttúruverndarnefndir sveitarfélaga. Leggur nefndin til að þetta fyrirkomulag verði lögfest en góð reynsla er komin á það. Tillaga nefndarinnar felur það einnig í sér að öðrum en einstaklingum verði falið eftirlitið, svo sem fyrirtækjum eða öðrum aðilum. Náttúruvernd ríkisins verður í sjálfsvald sett að ákveða hverjum hún vill fela eftirlitið en umhverfisráðherra verður þó að staðfesta samninga sem hún gerir um þetta efni.
7. Lögð er til sú breyting á 1. mgr. 8. gr. að Náttúruverndarráð skuli starfrækja skrifstofu með a.m.k. einum fastráðnum starfsmanni. Nefndin telur mikilvægt að starfsemi Náttúruverndarráðs verði fest í sessi og ein leið til þess er að setja það í lög að það hafi sjálfstæða skrifstofu. Starfsemi Náttúruverndarráðs eykst með hverju árinu og nefndin telur tímabært að það starfi sjálfstætt með eigin skrifstofu og fastráðinn starfsmann sem sinni eingöngu verkefnum sem heyra undir starfsemi Náttúruverndarráðs.
8. Nefndin leggur til breytingu á 2. mgr. 10. gr. sem felur það í sér að forstöðumenn allra stofnana sem starfa á sviði náttúrufræða eigi aðild að náttúruverndarþingi í stað þess að telja upp einstakar stofnanir. Náttúruverndarþing er vettvangur þeirra sem fjalla um náttúruverndarmál og því mikilvægt að sérfræðiþekking á þeim sviðum sem fjallað er um hverju sinni sé tryggð. Bent skal á að stjórnsýsla þessara mála hefur breyst síðustu ár og áratugi og nefndin telur eðlilegra að kveðið sé á um að forstöðumenn þeirra stofnana sem starfi á sviði náttúruverndar eigi sæti á náttúruverndarþingi og það þannig tryggt að nauðsynleg sérfræðiþekking sé til staðar.
9. Lagðar eru til breytingar á 11. gr. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar varðandi greiðslu kostnaðar af náttúruverndarnefndum. Meginreglan skal vera sú að sveitarstjórnir greiði kostnað sem hlýst af störfum nefndanna enda starfa þær á þeirra vegum. Í öðru lagi eru gerðar tvær breytingar sem eru til þess fallnar að auka yfirsýn Náttúruverndar ríkisins yfir starfsemi náttúruverndarnefnda. Þannig skal tilkynna til Náttúruverndar ríkisins um kjör í náttúruverndarnefndir eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar og í lok hvers árs skulu nefndirnar senda skýrslu til Náttúruverndarráðs með yfirliti yfir störf sín.
10. Lagðar eru til breytingar á 13. gr., orðalags- og efnisbreytingar. Nefndin telur eðlilegt að kveðið sé á um að á leið sinni um landið skuli menn sýna landeigendum og öðrum rétthöfum lands tillitssemi og virða hagsmuni þeirra. Með því að vísa til lands almennt er ekki aðeins átt við eignarlönd heldur einnig þjóðlendur. Þá leggur nefndin til að orðið „prílur“ sé fellt brott. Enginn eðlismunur er á göngustiga og prílu og því skal nota annað orðið. Í lokamálsgreininni leggur nefndin til að orðuð verði varúðarregla og kveðið á um að för manna um land sé ekki á ábyrgð eiganda þess eða rétthafa. Þannig ber ferðamönnum að gæta varúðar og almenna reglan er sú að þeir bera sjálfir það tjón sem þeir verða fyrir á för sinni um landið. Er þetta gert til að taka af allan vafa um að lögunum er ekki ætlað að setja nýjar reglur um skaðabótaábyrgð landeigenda eða annarra rétthafa. Að sama skapi er lögunum ekki ætlað að breyta núverandi réttarástandi til að draga úr þeirri ábyrgð sem hugsanlega hvílir á landeigendum og öðrum rétthöfum. Ræðst það af ákvæðum annarra laga og meginreglum skaðabótaréttar.

11. Nefndin leggur til að gerðar verði takmarkanir á heimildarákvæði 1. mgr. 14. gr. sem heimilar mönnum án sérstaks leyfis landeiganda að fara um óræktað land og hafa þar dvöl. Eiganda eða rétthafa eignarlands er heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustiga umferð manna og dvöl á afgirtu óræktuðu landi. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að þessir aðilar telji ástæðu til að nýta þessa heimild. Má þar nefna beit eða aðra notkun á landinu. Þrátt fyrir þessa heimild landeiganda til að banna eða takmarka för almennings um afgirt svæði í byggð er það álit nefndarinnar að í þeim tilvikum er ríkisvaldið veitir einstaklingum og félögum stuðning til skógræktar, skuli stuðningurinn skilyrtur því að landeigendur heimili almenningi för um skógræktarsvæði þegar skógrækt er komin af fyrstu stigum. Því er lögð til breyting á 2. mgr.
12. Á 17. gr. er að mestu um orðalagsbreytingar að ræða. Í síðari málslið 2. mgr. er jöklum þó bætt inn í reglugerðarákvæði. Getur ráðherra þannig í reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, takmarkað eða bannað akstur á snjó og jöklum þar sem hætta er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.
13. Miklar umræður spunnust um 20. gr. sem fjallar um heimild manna til að slá upp viðlegutjöldum og leggur nefndin til nokkrar breytingar. Nefndin telur staðsetningu og umhverfi hafa þýðingu fyrir það hvar heimilt er að tjalda. Samkvæmt breytingum sem lagðar eru til á 1. mgr. er gert ráð fyrir að við alfaraleið í byggð sé heimilt að tjalda til einnar nætur á óræktuðu landi, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. þar sem eiganda eða rétthafa er heimilt að takmarka eða banna með merkingum dvöl eða umferð manna um afgirt óræktað land. Með byggð er átt við byggt svæði eða land, hvort sem er þéttbýlt eða strjálbýlt. Ef tjaldað er nálægt bústöðum eða bæjum manna eða ef um fleiri en þrjú tjöld er að ræða skal þó ætíð afla leyfis landeiganda eða annars rétthafa áður en slegið er upp tjöldum. Skv. 2. mgr. er heimilt að tjalda við alfaraleið í óbyggðum á eignarlandi eða þjóðlendu. Með óbyggðum er einkum átt við hálendi eða öræfi þar sem fólk býr ekki að jafnaði og ekki er að finna bústaði eða bæi manna. Skv. 3. mgr. er heimilt að tjalda utan alfaraleiðar á eignarlandi eða þjóðlendu nema annað sé tekið fram í sérreglum sem gilda um viðkomandi svæði. Takmarkast heimildin við göngutjöld. Með ferðum utan alfaraleiðar er átt við ferðir sem ekki þurfa að tengjast vegum eða stígum og leiðin getur legið um holt og móa. Göngutjald er létt tjald sem menn bera, draga eða reiða, t.d. í gönguferðum eða öðrum ferðum, og með sérreglum er átt við þær reglur sem kunna að gilda fyrir svæðið, t.d. um umgengni á því, og settar eru af bæru stjórnvaldi. Lokamálsgreinin hnykkir á því sem kemur fram í 17. gr., að akstur utan vega sé óheimill, auk þess sem orðuð er almenn leiðbeiningarregla um umgengni á tjaldstað.
14. Lögð er til sú breyting á 22. gr. að alltaf skuli haft samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans þegar hópferðir um eignarlönd eru skipulagðar í atvinnuskyni.
15. Að mestu er um orðalagsbreytingar að ræða á 23. gr. Nefndin leggur þó til að bætt verði við að sömu reglur gildi um það þegar girða skal yfir forna þjóðleið og aðra stíga.
16. Lagðar eru til breytingar á 35. gr. Nefndin leggur til að sömu reglur gildi um hönnun allra mannvirkja án tillits til stærðar þeirra og að þess verði ávallt gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.
17. Nefndin leggur til að notuð verði orðin „uppgræðsla lands“ í 36. gr. í stað orðsins „landgræðsla“. Í orðinu uppgræðsla felst merkingin beinar aðgerðir til ræktunar lands og með hliðsjón af heiti og efni greinarinnar er eðlilegra að það sé notað en það síðara sem getur hugsanlega einnig haft merkinguna friðun lands fyrir beit án þess að þar fari fram ræktun.

18. Lögð er til sú breyting á d-lið 1. mgr. 37. gr. að hrúður og hrúðurbreiður bætist við þær landslagsgerðir sem njóti sérstakrar verndar. Á jarðhitasvæðum þar sem vatnshveravirkni hefur verið mikil geta myndast breiður af kísli sem mynda áberandi fleti í landslagi, t.d. á Geysissvæðinu og Hveravöllum. Þetta er eitt af því sem skapar náttúru Íslands sérstöðu og því eðlilegt að það njóti sérstakrar verndar. Á 2. mgr. 37. gr. eru lagðar til breytingar. Skv. 33. gr. skal leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum. Umsögn þessara aðila liggur því þegar fyrir ef aðalskipulag hefur verið gert fyrir viðkomandi svæði þar sem þeir taka afstöðu til skipulags á því. Nefndin leggur þó til að leitað verði umsagnar þeirra ef aðalskipulag hefur verið samþykkt fyrir viðkomandi svæði fyrir gildistöku þessa frumvarps, verði það að lögum.
19. Lagt er til að í 38. gr. verði kveðið á um að leita verði umsagnar auk þess sem tilkynnt verði til Náttúruverndar ríkisins um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði náttúruminjum á náttúruminjaskrá sem ekki eru friðaðar.
20. Ákvæðið sem nefndin leggur til að bætt verði við 39. gr. frumvarpsins er í núgildandi lögum en hefur fallið niður við vinnu nefndarinnar sem samdi frumvarpið. Orðalagsbreytingin sem nefndin leggur til að verði gerð á fyrirsögn greinarinnar og samsvarandi breytingar á greininni eru lagðar til af þeirri ástæðu að nefndin er sammála því viðhorfi sem hefur komið fram við meðferð málsins að skógur teljist til gróðurs og því sé eðlilegt að tala um hann í sömu merkingunni.
21. Breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á 1. mgr. 41. gr. eru annars vegar til að hnykkja á því að sé kveðið á um þetta efni í öðrum lögum gangi þau ákvæði framar ákvæðum frumvarpsins. Hins vegar er lagt til að breytt verði til samræmis við breytingu á skilgreiningu 3. gr. á ræktuðu landi þar sem land í skógrækt er fellt undir skilgreiningarnar. Nefndin telur rétt að umhverfisráðherra geti þrátt fyrir skilgreiningu 3. gr. kveðið á í reglugerð um tegundir sem heimilt er að rækta hérlendis, þar með talið á skógræktarsvæðum.
22. Lagt er til að við 44. gr. bætist nýr málsliður þar sem kveðið er á um að ef talið er að um mannvistarleifar eða mannvirki sé að ræða sem hafi menningarsögulegt gildi skuli tilkynna það til Þjóðminjasafns Íslands eða aðila er starfar í umboði þess. Við þetta mat skal hafa hliðsjón af ákvæðum laga nr. 88/1989 um stjórn og skipulag þjóðminjavörslu þar sem er að finna ítarlegri reglur um slíkar minjar. Að öðru leyti er um orðalagsbreytingar að ræða.
23. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 47. gr. Breytingar á 1. mgr. eru í samræmi við lög nr. 73/1990 en samkvæmt ákvæðum þeirra er óheimilt að leita að efnum og taka eða nýta efni af eða úr hafsbotni án skriflegs leyfis iðnaðarráðherra. Nefndin leggur til að ráðherra verði gert að leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins áður en slíkt leyfi er veitt. Breyting er lögð til á 2. mgr. til að tryggja að umsagnir Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefndar liggi fyrir áður en leyfi til efnistöku er veitt. Í 3. mgr. er lagt til að takmörkuð verði heimild til minni háttar efnistöku til eigin nota til að gæta samræmis við ákvæði 37. gr. þar sem ákveðnum landslagsgerðum er veitt sérstök vernd. Slíkum landslagsgerðum er óheimilt að raska með minni háttar efnistöku.
24. Lagt er til að í 48. gr. verði notað orðið „námuréttarhafi“ í stað „framkvæmdaraðili“. Ekki er sjálfgefið að um sama aðilann sé að ræða og nefndin telur eðlilegra að skyldur sem kveðið er á um í greininni séu lagðar á námuréttarhafa.

25. Lagðar eru til breytingar á 49. gr. þar sem fjallað er um endurnýtingu efsta hluta jarðvegs. Í mörgum tilvikum er slíkur jarðvegur ríkur af lífrænum efnum. Við undirbúning námuvinnslu er í mörgum tilvikum unnt að fletta jarðvegi og gróðri ofan af námusvæði og haugsetja sérstaklega. Að verki loknu er unnt að jafna þessu efni að nýju yfir sár námunnar og flýta með því gróðurmyndun að nýju.
26. Breyting sem lögð er til á d-lið 50. gr. er til samræmingar; ákvæðið varðar þær náttúruminjar sem fjallað er um í 54. gr.
27. Breytingar sem lagðar eru til á 2. mgr. 52. gr. eru orðalagsbreytingar. Í nýrri málsgrein er lagt til að lögfest verði að Náttúruvernd ríkisins geri tillögur um verndaráætlun og landnotkun innan þjóðgarða og skulu þær staðfestar af ráðherra. Þjóðgarðar og meðferð þeirra er í umsjón Náttúruverndar ríkisins og því eðlilegt að stofnunin geri tillögu um verndaráætlun þeirra.
28. Lagt er til að í 54. gr. verði orðið „náttúruminjar“ notað. Það er skilgreint í frumvarpinu og nefndin telur því eðlilegra að nota það. Að öðru leyti er um orðalagsbreytingar að ræða.
29. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 57. gr.
30. Á 2. mgr. 60. gr. er um orðalagsbreytingar að ræða. Breytingar sem lagðar eru til á 1. og 3. mgr. eru gerðar til að gera efni þeirra skýrara.
31. Í 62. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar. Kveðið verði á um að Náttúruvernd ríkisins veiti almennt upplýsingar um friðlýst svæði, þar með talið um friðlýsingu, en heimildir stofnunarinnar eru ekki tæmandi taldar.
32. Með breytingartillögum við 65. gr. leggur nefndin til að umhverfisráðherra skuli a.m.k. á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt. Með þessu ákvæði yrði ráðherra veitt heimild til að láta vinna slíka áætlun oftar teldi hann ástæðu til. Enn fremur er lagt til að náttúrustofur verði meðal þeirra sem sjá um undirbúning og öflun gagna við gerð áætlunarinnar. Þær eru meðal þeirra sem geta búið yfir nauðsynlegri þekkingu og því sjálfsagt að hafa samráð við þær.
33. Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á 2. mgr. 66. gr. hvað varðar tillit til hvers náttúruverndaráætlun taki. Lagt er til að hún taki til helstu tegunda búsvæða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana en við gerð hennar verði m.a. tekið tillit til ósnortinna víðerna án þess að hún taki beinlínis til þeirra. Hugtakið hefur verið skilgreint af nefnd á vegum umhverfisráðherra, en hafa ber í huga að hugtakið ósnortin víðerni hefur ekki unnið sér fastan sess í umfjöllun um skipulag og landnotkun. Nefndin leggur því til að ekki verði að sinni kveðið afdráttarlaust á um að náttúruverndaráætlun taki til ósnortinna víðerna.
34. Í 67. gr. er lagt til að heildstæð náttúruminjaskrá verði gefin út fimmta hvert ár og birt í Stjórnartíðindum en ráðherra geti hvenær sem er birt ákvarðanir um ný svæði sem tekin eru á skrána. Ákvarðanir um ný svæði sem færð eru á skrána verða birtar sérstaklega í Stjórnartíðindum, sbr. ákvæði 62. gr.
35. Á 1. mgr. 70. gr. er lögð til orðalagsbreyting til samræmis við aðrar greinar frumvarpsins. Auk þess er lagt til að fleiri aðilar geti haldið opnum ýmsum stígum og svæðum til að greiða fyrir að almenningur fái notið náttúrunnar. Meðal helstu breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er að auka ábyrgð heimamanna á framkvæmd náttúruverndarlaga. Því er ástæðulaust annað en að hvetja til þess að sveitarfélög séu meðal þeirra sem hafi frumkvæði að því að auka áhuga almennings á að stunda útivist.
36. Með breytingu á ákvæði til bráðabirgða I er lagt til að því verði seinkað til ársins 2002 að umhverfisráðherra leggi í fyrsta sinn fyrir Alþingi náttúruverndaráætlun skv. 65. gr.

Nefndinni hefur verið bent á að áður þurfi að fara fram umfangsmikil gagnaöflun og því sé óraunhæft að ætla að ráðherra geti lagt áætlunina fyrir fyrr en árið 2002.

37. Lagt er til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að sveitarstjórnir skuli ljúka úttekt á ástandi skv. 44. gr. og skila skriflegri greinargerð þar að lútandi til Náttúruverndar ríkisins eigi síðar en árið 2002. Eðlilegt er að setja þessari úttekt tímamörk til að auðvelda Náttúruvernd ríkisins að meta ástandið í þessum efnum á ákveðnum tímapunkti og grípa hugsanlega til aðgerða telji hún að horfi til spjalla á náttúru.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. mars 1999.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.
Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Magnús Árni Magnússon, með fyrirvara.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Kristján Pálsson.	Tómas Ingi Olrich.

1112. Breytingartillögur [528. mál]

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „náttúru“ í 1. mgr. komi: umhverfis.
   b. Á undan orðunum „nýtingu auðlinda“ í 3. mgr. komi: vernd og.
2. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Lög þessi gilda á íslensku landi og í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979.
3. Við 3. gr. Á eftir orðinu „áburðargjöf“ í 7. tölul. komi: land í skógrækt.
4. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu á því sviði skal ráðherra hafa samráð við hlutaðeigandi aðila, stofnanir og félagasamtök eftir því sem við á hverju sinni.
5. Við 6. gr.
   a. C-liður orðist svo: eftirlit með umferð og umgengni á svæðum í óbyggðum í samvinnu við önnur stjórnvöld.
   b. Í stað orðanna „útgáfu náttúruminjaskrár“ í k-lið komi: skráningar náttúruminja og útgáfu náttúruminjaskrár.

6. Við 7. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Náttúruvernd ríkisins er heimilt að fela náttúrustofum, náttúruverndarnefndum, sbr. 11. gr., einstaklingum og lögaðilum að annast almennt eftirlit með náttúru landsins.
7. Við 8. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Náttúruverndarráð skal starfrækja skrifstofu með a.m.k. einum fastráðnum starfsmanni.
8. Við 10. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Á náttúruverndarþingi skulu m.a. eiga sæti Náttúruverndarráð og fulltrúar náttúrustofa, náttúruverndarnefnda, hagsmunaaðila, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra aðila sem vinna að náttúruvernd, svo og forstjórar stofnana á sviði náttúrufræða.
9. Við 11. gr.
   a. Í stað 4. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sveitarstjórnir greiða kostnað sem hlýst af störfum náttúruverndarnefnda nema öðruvísi sé ákveðið. Tilkynnt skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til Náttúruverndar ríkisins um kjör í náttúruverndarnefndir.
   b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Náttúruverndarnefndir skulu veita Náttúruvernd ríkisins yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs.
10. Við 13. gr.
   a. Greinin orðist svo:

      Á ferð sinni um landið skulu menn sýna landeiganda og öðrum rétthöfum lands fulla tillitssemi, virða hagsmuni þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, þar á meðal skógræktar og landgræðslu, og fylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum varðandi ferð og umgengni um landið.

      Fara skal eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum og vegum eftir því sem auðið er, hlífa girðingum, fara um hlið eða göngustiga þegar þess er kostur og ef farið er um lokuð hlið skal loka þeim eftir að gengið hefur verið um þau. Sérstök aðgát skal höfð í nánd við búsmala, selalátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði.

      För manna um landið er ekki á ábyrgð eiganda lands eða rétthafa að öðru leyti en því sem leiðir af ákvæðum annarra laga og almennum skaðabótareglum.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *För um landið og umgengni.*
11. Við 14. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á eignarlandi í byggð er eiganda eða rétthafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustiga umferð manna og dvöl á afgirtu óræktuðu landi.
   b. 2. mgr. orðist svo:

      För um ræktað land, sbr. 7. tölul. 3. gr., og dvöl þar er háð samþykki eiganda þess eða rétthafa. Sama gildir um skógræktarsvæði í byggð sem ekki eru í eigu eða umsjá ríkis eða sveitarfélaga, önnur en náttúrulega birkiskóga og kjarr. Sé skógrækt styrkt með opinberu fé skal kveða svo á í samningi við eiganda eða rétthafa lands að hann tryggi almenningi með reglum sem hann setur frjálsa för um landið eftir að fyrstu stigum skógræktar er lokið.
12. Við 17. gr.
   a. Í stað orðanna „jörð er frosin og snævi þakin“ í síðari málslið 1. mgr. komi: jörð er snævi þakin og frosin.

b. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo: Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, takmarkað eða bannað akstur á jöklum og á snjó þar sem hætta er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.

13. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Við alfaraleið í byggð er heimilt, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 14. gr., að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum til einnar nætur á óræktuðu landi, en leita skal leyfis landeiganda eða annars rétthafa áður en tjaldað er nærri bústöðum manna eða bæ og ætíð ef um fleiri en þrjú tjöld er að ræða eða ef tjaldað er til fleiri en einnar nætur.

Við alfaraleið í óbyggðum, hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu, er heimilt að setja niður hefðbundin viðlegutjöld.

Utan alfaraleiðar, hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu, er heimilt að setja niður göngutjöld nema annað sé tekið fram í sérreglum sem kunna að gilda um viðkomandi landsvæði.

Á ræktuðu landi, sbr. 7. tölul. 3. gr., má aðeins slá upp tjöldum með leyfi eiganda þess eða rétthafa.

Við tjöldun skal ætíð virða ákvæði 17. gr. um bann við akstri utan vega, svo og gæta fyllsta hreinlætis og varúðar á tjaldstað.

14. Við 22. gr. Orðin „eftir atvikum“ falli brott.

15. Við 23. gr. 1. mgr. orðist svo:

Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Þegar girða á yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu eða göngustiga.

16. Við 30. gr. Orðið „þeirra“ í 3. málsl. falli brott.

17. Við 35. gr.

a. Orðin „stórra“ og „eins og kostur er“ falli brott.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Hönnun mannvirkja.*

18. Við 36. gr. Í stað orðsins „landgræðslu“ komi: uppgræðslu lands.

19. Við 37. gr.

a. Við d-lið 1. mgr. bætist: svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m^2 að stærð eða stærri.

b. 2. mgr. orðist svo:

Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun landslagsgerða skv. 1. mgr. nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir.

20. Við 38. gr. Í stað orðanna „Tilkynna skal“ í 1. mgr. komi: Leita skal umsagnar og tilkynna.

21. Við 39. gr.

a. Í stað orðanna „á sviði gróður- og skógverndar“ í 1. mgr. komi: til að vernda skóga og önnur gróðursamfélög.

b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Vernd skóga og annarra gróðursamfélaga.*

22. Við 41. gr. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
    Að því leyti sem ekki er kveðið á um í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, getur ráðherra veitt leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera.
    Ráðherra skal í reglugerð kveða á um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi, sbr. þó 1. mgr. Þar má m.a. birta skrá yfir tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins, svo og yfir tegundir sem heimilt er að rækta hérlendis og sleppa í villtri náttúru, þar með talið á skógræktarsvæðum.
23. Við 44. gr.
    a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Þegar sérstök ástæða er til og ætla má að um sé að ræða mannvirki eða mannvistarleifar sem hafi menningarsögulegt gildi skal gera Þjóðminjasafni Íslands, eða aðila sem starfar í umboði þess, viðvart áður en ráðist er í frágang mannvirkja eða mannvistarleifa samkvæmt þessari grein.
    b. Á eftir orðunum „og ljóst er“ í 3. mgr. komi: af umfangi aðgerða.
    c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Eignir í hirðuleysi, eyðijarðir og úrbætur.*
24. Fyrirsögn V. kafla orðist svo: **Landslagsvernd.**
25. Við 47. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Iðnaðarráðherra skal þó leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins áður en leyfi er veitt.
    b. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Náttúruvernd ríkisins og náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr., skal liggja fyrir umsögn þeirra um framkvæmdina áður en leyfi er veitt.
    c. 3. mgr. orðist svo:
        Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða landslagsgerðir sem njóta verndar skv. 37. gr.
26. Við 48. gr. Í stað orðanna „framkvæmdaraðila“ í 1. mgr. og „framkvæmdaraðili“ í 2. mgr. komi: námuréttarhafa, og: námuréttarhafi.
27. Við 49. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námasvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði.
    b. Í stað orðsins „framkvæmdaraðila“ í 2. og 3. mgr. komi: námuréttarhafa.
28. Við 50. gr. Við d-lið bætist: og 1. mgr. 54. gr.
29. Við 52. gr.
    a. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þjóðgarðsverðir annast daglegan rekstur þjóðgarða og gera tillögur til Náttúruverndar ríkisins um rekstur þeirra.
    b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
        Náttúruvernd ríkisins gerir tillögur um verndaráætlun og landnotkun innan þjóðgarða og skulu þær staðfestar af ráðherra.
30. Við 54. gr.
    a. Í stað orðanna „í landhelgi“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: innan landhelgi
    b. Í stað orðsins „náttúrumyndanir“ í fyrri og síðari málslið 1. mgr. komi: náttúruminjar.
    c. Orðið „öðru“ á undan orðunum „menningarlegu sjónarmiði“ í fyrri málslið 1. mgr. falli brott.
    d. Í stað orðsins „náttúrumyndanir“ í 2. mgr. komi: náttúruminjar.

e. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Friðlýsing náttúruminja í hafi.*

31. Við 57. gr. Í stað orðanna „stofna með sér samvinnunefnd“ í 1. málsl. komi: gera með sér samvinnusamning og stofna samvinnunefnd.
32. Við 60. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:
    Í friðlýsingu skal m.a. kveðið á um:
    a. meginatriði verndunar náttúruminja,
    b. hversu víðtæk friðunin er,
    c. að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar,
    d. umferð og umferðarrétt almennings,
    e. notkun veiðiréttar.
    b. Í stað orðsins „njóti“ í 2. mgr. komi: fái notið.
    c. Á undan orðunum „raski svo“ í 3. mgr. komi: á friðlýstu svæði.
33. Við 62. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Náttúruvernd ríkisins skal merkja og veita upplýsingar um friðlýst svæði eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt þykir að mati stofnunarinnar.
34. Við 65. gr.
    a. Á eftir orðunum „Umhverfisráðherra skal“ í 1. mgr. komi: eigi sjaldnar en.
    b. Á eftir orðunum „Náttúrufræðistofnun Íslands“ í 2. mgr. komi: náttúrustofur.
35. Við 66. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda búsvæða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til:
    a. menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar,
    b. nauðsynjar á endurheimt búsvæða,
    c. nýtingar mannsins á náttúrunni,
    d. ósnortinna víðerna.
36. Við 67. gr. Greinin orðist svo:
    Umhverfisráðherra skal gefa út heildstæða náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Birta má hvenær sem er ákvarðanir um ný svæði sem tekin eru á náttúruminjaskrá.
    Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar.
37. Við 70. gr.
    a. Í stað orðanna „getur Náttúruvernd ríkisins“ í 1. mgr. komi: geta sveitarfélög, Náttúruvernd ríkisins“.
    b. Í stað orðsins „girðingarstiga“ í 1. mgr. komi: göngustiga.
38. Við 71. gr. Í stað orðanna „úthlutanir úr honum o.fl.“ í 3. mgr. komi: og úthlutanir úr honum.
39. Við ákvæði til bráðabirgða I. Í stað ártalsins „2000“ komi: 2002.
40. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Sveitarstjórnir skulu eigi síðar en árið 2002 hafa lokið úttekt á ástandi skv. 44. gr. og skila Náttúruvernd ríkisins skriflegri greinargerð þar að lútandi.

1113. Svar [153. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um umönnunargreiðslur.

Hver eru áhrif breytinga sem gerðar voru í maí 1997 á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð?

a. *Hversu margir aðstandendur fatlaðra eða langveikra barna fá nú umönnunargreiðslur, hver er heildarfjöldi innan hvers greiðsluflokks og um hvaða upphæðir er að ræða í hverju tilviki?*

b. *Hversu margir fengu sambærilegar umönnunargreiðslur fyrir breytinguna, um hvaða hópa er þar að ræða og hver er fjöldinn innan hvers greiðsluflokks?*

Í ársbyrjun 1997 fengu 1.917 foreldrar umönnunarstyrki eða bætur með 2.027 börnum og voru 996 af þessum börnum með þágildandi umönnunarkort sem lækkaði lækniskostnað. Í ársbyrjun 1999 fengu 1.745 foreldrar umönnunargreiðslur, -styrki eða -bætur með 1.931 barni og 918 börn til viðbótar voru eingöngu með umönnunarkort, sem lækkar læknis- og lyfjakostnað. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu milli fötlunar- og sjúkdómaflokka og hvaða mánaðargreiðslur foreldrar fengu miðað við 1. janúar 1997 og 1. janúar 1999. Þar kemur fram að í ársbyrjun 1997 voru 68 börn metin í 1. flokk, 154 voru metin í 2. flokk og 366 í 3. flokk, alls 588 börn. Tveimur árum síðar voru 97 börn metin í 1. flokk, 260 í 2. flokk og 543 voru metin í 3. flokk eða alls 900 börn. Í 4. og 5. flokki voru 1.439 börn árið 1997 en 1.949 börn árið 1999.

Þegar þessar breytingar eru skoðaðar er mikilvægt að hafa í huga að megintilgangur laga- og reglugerðarbreytinganna var að reyna að koma betur til móts við foreldra barna með alvarlega fötlun og sjúkdóma og má segja að þau börn flokkist nær öll í 1., 2. og 3. flokk samkvæmt nýju reglugerðinni en gátu verið í öllum flokkunum fimm fyrir reglugerðarbreytingu.

Tafla 1. Samanburður á umönnunargreiðslum 1. janúar 1997 og 1. janúar 1999.

1. flokkur: Fjölfötluð börn eða börn með lífshættulega sjúkdóma.

1997				1999		
		mánaðargreiðslur				mánaðargreiðslur
fjöldi	**mat**	**1997**	**1999**	**fjöldi**	**mat**	**1999**
2	44 klst.	12.876	14.846	11	0%	0
15	87,5 klst.	25.608	29.526	6	50%	33.039
12	131 klst.	38.340	44.206			
10	153 klst.	44.778	51.629			
27	175 klst.	51.216	59.052	74	100%	66.078
2	200 klst.	58.532	68.023	7	125%	82.328
68				**97**		

2. flokkur: Börn með alvarlega fötlun eða sjúkdóma.

1997				1999		
		mánaðargreiðslur				mánaðargreiðslur
fjöldi	**mat**	**1997**	**1999**	**fjöldi**	**mat**	**1999**
6	40 klst.	10.280	11.396	4	0%	0
20	44 klst.	12.876	14.846	9	25%	16.520
67	87,5 klst.	25.608	20.526	1	35%*	23.127
31	131 klst.	38.340	44.206	99	43%	28.414
29	153 klst.	44.778	51.629	128	85%	56.166
1	0 klst.*			16	87,5 klst.	29.526
				3	131 klst.	44.206
154				**260**		

3. flokkur: Börn með verulega fötlun eða alvarlega sjúkdóma.

1997				1999		
		mánaðargreiðslur				mánaðargreiðslur
fjöldi	**mat**	**1997**	**1999**	**fjöldi**	**mat**	**1999**
21	30 klst.	7.710	8.547	1	0%	0
204	44 klst.	12.876	14.846	230	25%	16.520
98	87,5 klst.	25.608	29.526	175	35%	23.127
43	131 klst.	38.340	44.206	99	70%	46.255
				1	30 klst.	8.547
				19	44 klst.	14.846
				17	87,5 klst.	29.526
				1	131 klst.	44.206
366				**543**		

4. flokkur: Börn með alvarleg þroska- og hegðunarvandamál og börn sem þurfa aðstoð vegna hjálpartækja.

1997				1999		
		mánaðargreiðslur				mánaðargreiðslur
fjöldi	**mat**	**1997**	**1999**	**fjöldi**	**mat**	**1999**
5	0 klst.*			2	0%	0
1	12 klst.*	3.084	3.419	693	25%	16.520
661	20 klst.	5.140	5.698	186	20 klst.	5.698
1	30 klst.*	7.710	8.547			
201	44 klst.	12.876	14.846	17	44 klst.	14.846
63	87,5 klst.	25.608	20.526	7	87,5 klst.	29.526
932				**906**		

*skráningarvilla varðandi flokk, klst. eða %.

5. flokkur: Börn með vægari þroska- og hegðunarvandamál og börn sem þurfa lyf eða meðferð heima.

1997				1999		
		mánaðargreiðslur				mánaðargreiðslur
fjöldi	**mat**	**1997**	**1999**	**fjöldi**	**mat**	**1999**
1	0 klst.*			958	0%	0
331	12 klst.	3.084	3.419	108	12 klst.	3.419
2	20 klst.*	5.140	5.698	1	20 klst.*	5.698
1	30 klst.*	7.710	8.547			
172	44 klst.	12.876	14.846	16	44 klst.	14.846
507				**1.043**		

*skráningarvilla varðandi flokk, klst. eða %.

c. *Hversu margir fá hærri greiðslur eftir breytinguna, um hvaða hópa er þar að ræða, hver er fjöldinn innan hvers greiðsluflokks og hver er hækkunin í hverju tilviki?*
d. *Hversu margir fá nú lægri umönnunargreiðslur en fyrir breytinguna, um hvaða hópa er að ræða, hver er fjöldinn innan hvers greiðsluflokks og hver er lækkunin á greiðslum í hverju tilviki?*
e. *Hversu margir þeirra sem áður fengu umönnunargreiðslur fá nú eingöngu umönnunarskírteini sem aðeins veita rétt til lyfja og læknishjálpar? Um hvaða hópa fatlaðra eða langveikra barna er þar að ræða, skipt eftir greiningu?*

Erfiðlega gekk að fá þessar upplýsingar frá Skýrr, en bornir voru saman tölvulistar yfir börn, sem voru í umönnunarkerfinu í ársbyrjun 1997 og 1999.

Í ársbyrjun 1997 var 31 **umönnunarbarn með æxli**, þar af fengu 11 háar greiðslur sem miðast við 131–175 klst., 6 miðað við 87,5 klst. og 14 miðað við 12–44 klst. Þetta endurspeglar bæði meðferðartíma og eftirlitstíma eftir meðferð. Tveimur árum síðar fá 20 börn hæstu greiðslur 85–100%, 5 fá 25% og 11 eru einungis með umönnunarkort.

Börn með ónæmisvanda eða alvarlegar sýkingar voru 4 í ársbyrjun 1997, þar af fékk 1 háar greiðslur (153 klst.) en 3 lágar (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 15, þar af fá 2 háar greiðslur (70–100%), 1 fær 43%, 3 fá 25% og 10 börn eru með umönnunarkort eingöngu.

Börn með blóðsjúkdóma voru 9 í ársbyrjun 1997, þar af fékk 1 háar greiðslur (153 klst.), 2 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 6 lágar greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 7, þar af fær 1 100% greiðslur, 2 fá 35%, 2 fá 25%, 1 fær 44 klst. og 1 er með umönnunarkort.

Börn með sykursýki voru 52 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 2 háar greiðslur (131 klst.), 3 miðgreiðslur (87,5 klst.) en 47 lægri greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 eru börnin enn 52, þar af fá 40 25% greiðslur, 1 fær 35% greiðslur og 11 eru enn metin samkvæmt gamla kerfinu.

Börn með innkirtlavanda og efnaskiptasjúkdóma voru 26 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 11 háar greiðslur (131–175 klst.), 7 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 8 lægri greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru þau 21, þar af fær 1 100% greiðslur, 8 fá 35–43%, og hin fá lægri greiðslur.

Börn með einhverfu eða Asperger-heilkenni voru 61 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 11 háar greiðslur (131–153 klst.), 34 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 16 lægri (30–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin alls 98, þar af fá 35 háar greiðslur (70–100% eða 131 klst.), 52

miðgreiðslur (35–43% eða 87,5 klst.), 8 lægri greiðslur (25% eða 44 klst.) og 3 eru með umönnunarkort en enga greiðslu vegna vistunar.

Börn með ýmsa geðkvilla voru 21 í ársbyrjun 1997 og fengu öll lágar greiðslur á bilinu 12–44 klst. Í ársbyrjun 1999 voru þau 31, þar af fær 1 70% greiðslur, 4 fá 35–43%, 24 fá 25% greiðslur, 5 eru með umönnunarkort og 5 eru enn metin samkvæmt gamla kerfinu (20–44 klst.).

Vægt þroskaheft börn voru 98 í ársbyrjun 1997, þar af fékk 1 barn háar greiðslur (131 klst.), 14 fengu miðgreiðslur (87,5 klst.) en 73 fengu lágar (20–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin alls 134, þar af fá 16 háar greiðslur 70–85%, 58 miðgreiðslur, (35–43%), 55 lágar greiðslur (25%), 4 eru enn metin samkvæmt gamla kerfinu og 1 barn er með kort en enga greiðslu vegna vistunar.

Miðlungs þroskaheft börn voru 26 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 2 háar greiðslur (131 klst.), 6 miðgreiðslur (87,5 klst.), og 18 lágar (30–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 37, þar af fá 12 háar greiðslur (70–100%), 15 miðgreiðslur (35–43%), 6 lágar (25%) og 4 eru enn metin samkvæmt gamla kerfinu (87,5 klst.).

Alvarlega þroskaheft börn voru 19 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 11 háar greiðslur (131–153 klst.) og 8 miðgreislur (87,5 klst.). Þau voru 36 í ársbyrjun 1999, þar af fá 25 háar greiðslur (85–100% eða 131 klst.), 6 miðgreiðslur (43–50%) og 5 eru með umönnunarkort en enga greiðslu vegna vistunar.

Börn með óskilgreinda þroskahömlun voru 37 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 4 háar greiðslur (131–175 klst.), 8 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 25 lægri greiðslur (20–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 13, þar af fá 9 hæstu greiðslur (70–100%), 2 miðgreiðslur (35–50%), 1 lágar (25%) og 1 er með kort en án greiðslu vegna vistunar.

Börn með ýmsa heilasjúkdóma, meðfædda eða seinna tilkomna voru 115 í ársbyrjun 1997. Af þeim fékk 31 hæstu greiðslur 131–175 klst., 24 fengu miðgreiðslur (87,5 klst.) og 60 lægri greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 117, þar af fá 60 háar greiðslur (70–125%, eða 131 klst.), 21 fær miðgreiðslur 35–43%, 27 lágar (25%) og 2 eru með umönnunarkort eingöngu. Enn eru 7 metin samkvæmt gamla kerfinu.

Flogaveik börn voru 32 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 6 háar greiðslur (131–200 klst.), 4 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 22 lægri greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 31, þar af fá 2 háar greiðslur (70%), 3 miðgreiðslur (35–43%), 10 lágar (25%), 9 eru með umönnunarkort eingöngu og 7 eru enn metin samkvæmt gamla kerfinu.

Börn með tauga- og vöðvasjúkdóma voru 19 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 5 háar greiðslur (131–175 klst.), 3 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 11 lægri greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 16, þar af fá 8 háar greiðslur (70–125%), 2 miðgreiðslur (35%), 5 lágar greiðslur (25%) og 1 er með umönnunarkort eingöngu vegna vistunar.

Blind börn og sjónskert og börn með alvarlega augnsjúkdóma voru 21 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 4 háar greiðslur (131 klst.), 9 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 8 lægri greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 31, þar af fá 9 háar greiðslur (70–100%), 14 miðgreiðslur (35–50%), 6 lágar greiðslur (25%) og 2 eru enn metin samkvæmt gamla kerfinu (87,5 klst.).

Heyrnarskert og heyrnarlaus börn og börn með ýmis eyrnavandamál voru 54 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 11 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 43 lægri greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 58, þar af fá 4 háar greiðslur (85%), 19 miðgreiðslur, 26 lægri greiðslur (25%), 1 er með umönnunarkort eingöngu og 7 metin samkvæmt gamla kerfinu.

Börn með klofinn hrygg og/eða vatnshöfuð voru 19 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 6 háar greiðslur (131–175 klst.), 4 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 9 lægri greiðslur (20–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 20, þar af fá 13 háar greiðslur (70–100%), 5 miðgreiðslur (35–43%), 1 lægri greiðslur (25%) og 1 er metið samkvæmt gamla kerfinu (87,5 klst.).

Börn með hjartasjúkdóma og meðfædda hjartagalla voru 31 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 4 hæstu greiðslur (131–175 klst.), 12 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 15 lægri greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 65, þar af fá 11 háar greiðslur 70–125%, 2 miðgreiðslur (35%), 11 lágar greiðslur (25%) og 34 eru með umönnunarkort eingöngu. Enn eru 7 börn metin samkvæmt gamla kerfinu (12–87,5 klst.).

Börn með skarð í vör og/eða góm voru 14 í ársbyrjun 1997. Þau fengu öll lágar greiðslur (12–44 klst.) nema 1 sem fékk miðgreiðslur (87,5 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 14, þar af fá 6 25% greiðslur og 4 eru einungis með umönnunarkort. Enn eru 4 börn metin samkvæmt gamla kerfinu (12–44 klst.).

Börn með þvag- og kynfærasjúkdóma voru 10 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 2 hæstu greiðslur (131–153 klst.), 2 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 6 lágar greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 10, þar af fá 2 miðgreiðslur (43%), 5 25% greiðslur og 2 eru með umönnunarkort eingöngu. Þá er 1 barn enn metið samkvæmt gamla kerfinu (44 klst.).

Börn með asma, exem og ofnæmissjúkdóma voru 392 í ársbyrjun 1997, þar af fékk 1 barn miðgreiðslur (87,5 klst.), öll hin fengu lágar greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 620 og eru langflest einungis með umönnunarkort nema um flókna sjúkdóma sé að ræða, þá hafa verið metnar 25% umönnunargreiðslur (t.d. blettaskalli, hreisturhúð o.fl.).

Börn með meltingarfærasjúkdóma voru 13 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 2 börn háar greiðslur (131–200 klst.), 1 barn fékk miðgreiðslur (87,5) og 9 fengu lágar greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 15, þar af fá 2 70% greiðslur, 2 fá 35–43% greiðslur, 7 fá 25% greiðslur. 2 eru einungis með umönnunarkort og 2 voru enn metin samkvæmt gamla kerfinu (12–44 klst.).

Börn með nýrnasjúkdóma voru 11 í ársbyrjun 1997, þar af fékk 1 háar greiðslur (153 klst.), 4 fengu miðgreiðslur (87,5 klst.) og 6 fengu lágar greiðslur (12–44 klst.). Tveimur árum síðar voru börnin 14, þar af fá 3 miðgreiðslur (35%), 4 fá 25% greiðslur og 8 eru með umönnunarkort eingöngu.

Börn með liðagigt voru 14 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 2 miðgreiðslur (87,5 klst.) og 12 lágar greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 14, þar af fá 6 25% greiðslur, 5 eru með umönnunarkort og 3 metin samkvæmt gamla kerfinu (12 klst.).

Börn með bæklunarsjúkdóma voru alls 69 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 9 háar greiðslur (131–175 klst.), 13 miðgreiðslur (87,5) og 47 lágar greiðslur. Í ársbyrjun 1999 voru 62 börn með bæklunarsjúkdóma, þar af fá 11 háar greiðslur (70–100%), 12 fá 35% greiðslur, 17 fá 25% greiðslur og 19 börn eru einungis með umönnunarkort. Enn eru 3 börn metin samkvæmt gamla kerfinu.

Börn með litningagalla voru 61 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 11 háar greiðslur (131–153 klst.), 23 fengu miðgreiðslur (87,5 klst.) og 27 lágar greiðslur (12–44 klst.). Í ársbyrjun 1999 voru börnin 64, þar af fá 32 hæstu greiðslur (70–100%), 15 miðgreiðslur (43%), 6 fá 25% greiðslur og 3 eru einungis með umönnunarkort. Enn eru 8 börn metin samkvæmt gamla kerfinu (44, 87,5, 131 klst.).

Fyrirburar voru 3 í ársbyrjun 1997, 1 fékk miðgreiðslur (87,5 klst.) og 2 fengu 44 klst. Í ársbyrjun 1999 voru þeir 8, þar af fá 2 70% greiðslur, 1 fær 35% greiðslur og 5 börn eru með umönnunarkort.

Börn með axlarklemmuskaða voru 16 í ársbyrjun 1997 og fengu öll lágar greiðslur (12–44 klst.). Þau voru 16 í ársbyrjun 1999, þar af fá 2 25% greiðslur en hin eru með umönnunarkort.

Börn sem lentu í alvarlegum slysum voru 13 í ársbyrjun 1997, þar af fengu 3 miðgreiðslur (87,5 klst.), hin lágar greiðslur. Í ársbyrjun 1999 voru slysabörn 11, þar af fá 5 háar greiðslur (70–125%), 4 fá 35% greiðslur og 2 eru með umönnunarkort.

Þá eru ótalin öll þau hundruð barna sem eru **misþroska, seinþroska, tornæm og/eða ofvirk** en í ársbyrjun 1997 fengu langflest þeirra lágar greiðslur (20 klst.), en sum fengu 44 klst. og örfá 87,5 klst. Nú fá þau nær eingöngu annaðhvort 25% greiðslur eða engar greiðslur.

Upptalning þessi er ekki tæmandi heldur er hér einungis stiklað á stóru. Mun meiri tíma þarf til frekari úrvinnslu.

f. Hefur staða allra þessara barna sem um ræðir verið metin sérstaklega af fagaðilum eftir gildistöku laganna eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu? Ef ekki, hvaða forsendur voru þá fyrir breytingum í þeim tilvikum sem um ræðir?

Hér er væntanlega átt við það að í greinargerð samráðsnefndar TR, Þroskahjálpar og Umhyggju var lögð áhersla á að ítarlegri kröfur yrðu nú gerðar til þroskamælinga vegna þroskafrávika barna sem og til vandaðra hegðunarathugana vegna hegðunarfrávika barna. Að fenginni slíkri athugun mætti meta foreldrum 25% umönnunargreiðslur ef börnin væru með alvarlega þroskaröskun sem jafna mætti við fötlun eða alvarlega hegðunarröskun sem jafna mætti við geðræna sjúkdóma. En varðandi fötluð börn hefur þessi háttur jafnan verið á bæði nú og á tímum eldri reglugerðar.

Óhætt er að svara spurningunni játandi. Meiri kröfur eru nú gerðar til þroskamælinga og hegðunarathugnana en áður þegar metin er alvarleg þroska- og hegðunarröskun barna. Helstu fagaðilar sem sinna þessu hlutverki eru sérmenntaðir barnalæknar og barnageðlæknar, sálfræðingar, talmeinafræðingar, sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar. Einnig er leitað eftir mati leikskólakennara og kennara ef við á.

Í desember 1997 setti tryggingaráð svokallaðar vinnureglur TR-reglugerðinni til frekari stuðnings. Vinnureglur þessar kveða nánar á um þau viðmið sem fara ber eftir við gerð umönnunarmats og voru þær samdar í samráði við ýmsa sérfræðinga, foreldrafélög og hagsmunasamtök.

Síðastliðið haust var aftur leitað til sömu aðila varðandi ábendingar um það sem betur mætti fara í vinnureglum TR og hafa borist fjölmargar ábendingar sem reynt verður að fella að reglunum. Þeirri endurskoðun ætti að ljúka fyrir vorið.

g. Hver voru heildarútgjöld ríkisins vegna umönnunargreiðslna til foreldra fatlaðra og langveikra barna á árunum 1996 og 1997 á verðlagi þessa árs og hver eru áætluð útgjöld árið 1998?

Þessu svarar hagdeild Tryggingastofnunar ríkisins á þann veg að á núgildandi verðlagi hafi umönnunargreiðslur verið rúmar 374 millj. kr. fyrir árið 1996, rúmar 400 millj. kr. fyrir árið 1997 og 540 millj. kr. fyrir árið 1998. Uppreiknað miðað við vísitölu neysluverðs eru þessar tölur 387 millj. kr. 1996 og 407 millj. kr. 1997. Kostnaður vegna ársins 1998 varð umtalsvert hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og eru á því nokkrar augljósar skýringar.

Samstarfsnefnd TR, Þroskahjálpar og Umhyggju lagði fram 2–3 reiknilíkön þegar reiknað var út hversu mikinn kostnað breytingar á lögum og reglugerð mundu hafa í för með sér. Eitt þeirra var svona:

1. fl.: Öll börn fengju hæstu geiðslur (þá 175 klst.).
2. fl.: Helmingur fengi hæstu greiðslur (153 klst.), fjórðungur miðgreiðslur (87,5 klst.) og fjórðungur lægstu greiðslur (44 klst.).
3. fl.: Fjórðungur fengi hæstu greiðslur (131 klst.), fjórðungur miðgreiðslur (87,5 klst.) og fjórðungur fengi lægstu greiðslur (44 klst.).
4. fl.: Þriðjungur fengi greiðslur (44 klst.) en aðrir engar greiðslur.
5. fl.: Engar greiðslur.

Því miður láðist að gera ráð fyrir *kostnaði vegna afturvirkra greiðslna*, en samkvæmt almannatryggingalögum er heimilt að meta bætur allt að tvö ár aftur í tímann og er um umtalsverða upphæð að ræða á hverju ári.

Raunveruleg skipting 1. janúar 1999 er á þennan veg:

1. fl.: Af 97 börnum fá 80 eða um 80% hæstu greiðslur (100/125%), 6 fá 50% greiðslur vegna mikillar vistunar utan heimilis, 11 eru vistuð að fullu á vistheimilum fyrir fötluð börn og fá ekki greiðslur.
2. fl.: Af 260 börnum fá 128 eða um 50% hæstu greiðslur (85%), 99 eða tæp 40% fá miðgreiðslur (43%), 10 eða 4% fá lægstu greiðslur (25/35%), 4 börn eru vistuð að fullu og fá ekki greiðslur og 19 eru enn metin samkvæmt gamla kerfinu.
3. fl.: Af 543 börnum fá 99 eða 18% hæstu greiðslur (70%), 175 eða 32% fá miðgreiðslur (35%), 230 eða 42% fá lægstu greiðslur (25%), 1 barn fær ekki greiðslu vegna vistunar og 38 börn eru enn metin samkvæmt gamla kerfinu.
4. fl.: Af 906 börnum fá 693 eða 77% 25% greiðslur samkvæmt nýja kerfinu, 3 börn fá ekki greiðslur vegna vistunar og 210 börn eru enn metin samkvæmt gamla kerfinu.
5. fl.: Af 1.043 börnum eru 918 eða 88% metin samkvæmt nýja kerfinu og fá ekki greiðslur, 125 börn eru enn metin samkvæmt gamla kerfinu.

Frá reiknilíkaninu skeikar mest hvað varðar fjölda barna með greiðslur í 4. flokki. Einnig eru fleiri börn í 2. flokki með miðgreiðslur, en á móti eru færri börn í 3. flokki með hæstu greiðslur. Þessu til viðbótar verður að gera ráð fyrir meiri kostnaði vegna afturvirkra greiðslna. Þyngst vegur þó að fjöldi barna í þremur efstu flokkunum hefur nær tvöfaldast, var 588 en er nú 900. Það verður þó fyrst og fremst að teljast vísbending um að aðaltilgangi breytingarinnar hafi verið náð, þ.e. að veita meiri aðstoð til foreldra þeirra barna sem glíma við alvarlega sjúkdóma og fötlun. Í ársbyrjun 1997 fengu 1.917 foreldrar umönnunarbætur eða styrki með 2.027 börnum. Nú tveimur árum síðar fá 1.745 foreldrar umönnunargreiðslur og kort vegna 1.931 barns og til viðbótar eru 918 börn með umönnunarkort eingöngu. Alls eru því umönnunarbörnin 2.849.

Nýja reglugerðin tók gildi 1. september 1997. Þegar var hafist handa við að gera breytingar á umönnunarmati. Þetta var umfangsmikið verk og var einungis hluta vinnunnar lokið í árslok 1997. Niðurstöðutölur fyrir það ár, 400 millj. kr., endurspegla því ekki nema hluta þess kostnaðar, sem breytingin leiddi af sér. Í árslok 1998 má segja að í langflestum tilvikum hafi mati verið breytt samkvæmt nýju reglugerðinni, af 2.849 börnum eru einungis 392 börn sem eftir er að meta samkvæmt nýja kerfinu. Þegar að endurmati kemur má búast við því að allstór hluti þessara barna verði metinn í 5. flokk og fái umönnunarkort, sem lækkar lækna- og lyfjakostnað, en engar umönnunargreiðslur. Heildarkostnaður vegna umönnunargreiðslna fyrir árið 1998 varð 540 millj. kr.

1114. Svar [446. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað líður mati á framlagi kvenna til ferðaþjónustu í landinu og hugmyndum um aðgerðir til að auka það, sbr. lið 10.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?*
2. *Er hafin könnun stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 10.3 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?*
3. *Hvað líður gerð jafnréttisáætlana í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 10.3 í framkvæmdaáætluninni?*

Mjög ófullkomnar upplýsingar eru til um mat á framlagi kvenna til ferðaþjónustu, en þær benda þó til að fleiri konur starfi við hana en karlmenn og gæti munurinn verið um 10 hundraðshlutar.

Skipting starfsmanna í ferðaþjónustu árið 1998 var sem hér segir:

	Karlar	**Konur**
Hótel og veitingahúsarekstur	2.000	2.500
Flugsamgöngur	1.500	1.100
Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	200	500

Heimild: Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands.

Undanfarin þrjú ár hefur ráðuneytið ráðið fjóra jafnsetta háskólamenntaða starfsmenn, þrjár konur og einn karl, til starfa á aðalskrifstofu þess. Þar að auki var starfsmaður ráðuneytisins í Brussel skipaður skrifstofustjóri í ráðuneytinu. Ráðuneytið telur sig hafa með þessu fylgt stefnu ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum eins og hún kemur fram í téðri þingsályktun.

Stofnunum samgönguráðuneytis hefur verið kynnt þingsályktunin með bréfi. Mælst hefur verið til að stofnanirnar taki lið 10.3 sérstaklega til athugunar og úrvinnslu.

1115. Svar [538. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um endurskoðun slysabóta sjómanna.

1. *Hefur ráðherra skipað nefnd til að hrinda í framkvæmd ályktun Alþingis frá 7. maí 1994 um endurskoðun slysabóta sjómanna?*

Með ályktun Alþingis frá 7. maí 1994 um endurskoðun slysabóta sjómanna var samgönguráðherra falið að skipa nefnd til að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- eða líkamstjóns. Nefndin var skipuð af samgönguráðherra 29. nóvember 1994. Enn fremur fól samgönguráðuneytið nefndinni að gera tillögur um endurskoðun á reglugerð nr. 31/1964, um greiðslur bóta fyrir eignir íslenskra skipverja.

2. *Ef svo er, hverjir eiga sæti í nefndinni?*

Í nefndinni áttu sæti:

Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur, sem var formaður nefndarinnar og skipaður af samgönguráðherra,

Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands,

Elvar Örn Unnsteinsson héraðsdómslögmaður, tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands,

Benedikt Valsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands,

Örn Pálsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Landssambandi smábátaeigenda,

Jónas Haraldsson lögfræðingur, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna,

Jón H. Magnússon lögfræðingur, tilnefndur af Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða,

Kristján Guðmundsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Rannsóknarnefnd sjóslysa,

Sigmar Ármannsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga,

Páll Hjartarson deildarstjóri, tilnefndur af Siglingastofnun Íslands.

3. *Hefur nefndin lokið störfum og skilað áliti?*

Nefndin lauk störfum með bréfi til samgönguráðherra 25. maí 1998 og meðfylgjandi er skýrsla nefndarinnar.

Fylgiskjal.

Skilabréf formanns nefndar um bótarétt sjómanna vegna slysa, til samgönguráðherra.
(25. maí 1998.)

I.

Þann 7. maí 1994 samþykkti Alþingi þingsályktun um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum. Samkvæmt henni ályktaði Alþingi að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga nr. 34/1985 um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- eða líkamstjóns. Þá voru í ályktuninni taldir upp aðilar, sem skipa skyldu fulltrúa í nefndina.

Með bréfi dags. 29. nóvember 1994 skipuðuð þér, hæstvirtur samgönguráðherra, eftirtalda í nefnd þá, sem þingsályktunin mælti fyrir um:

Arnmund Backman, tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands,
Benedikt Valsson, tilnefndan af Farmanna- og fiskimanna sambandi Íslands,
Elvar Unnsteinsson, tilnefndan af Vélstjórafélagi Íslands,
Jón H. Magnússon, tilnefndan af Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða,
Jónas Haraldsson, tilnefndan af Landssambandi íslenskra útvegsmanna,
Kristján Guðmundsson, tilnefndan af Rannsóknanefnd sjóslysa,
Páll Hjartarson, tilnefndan af Siglingamálastofnun ríkisins,
Sigmar Ármannsson, tilnefndan af Sambandi íslenskra tryggingafélaga,
Örn Pálsson, tilnefndan af Landssambandi smábátaeigenda
og Bjarna Þórðarson, sem þér skipuðuð formann nefndarinnar án tilnefningar.

Arnmundur Backman hefur ekki tekið þátt í starfi nefndarinnar um nokkurt skeið vegna veikinda og óskaði Sjómannasamband Íslands eftir því að Björn L. Bergsson tæki sæti hans í nefndinni. Aðrir nefndarmenn töldu ekkert því til fyrirstöðu og hefur hann starfað í nefndinni síðan. Helgi Jóhannesson gegndi störfum ritara nefndarinnar til hausts 1996 en þá tók Ólöf Nordal við starfi hans.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur m.a. efnislega fram, að það sem valdi því að þessu máli sé hreyft sé að slys á sjó séu langtum algengari en slys á landi. Slys á sjó verði jafnframt miklu oftar rakin til óhappatilvika en á landi. Hlutlæg ábyrgð atvinnurekenda vegna hættulegs atvinnurekstrar hafi ekki verið viðurkennd í íslenskum skaðabótarétti til þessa. Venjulegt sakarmat sé lagt til grundvallar, hvort sem um sé að ræða t.d. skrifstofustarf eða starf á skipi. Tilgangur nefndarskipunarinnar sé að kanna bótarétt sjómanna og leggja fram tillögur til úrbóta. Í því efni sé einkum um tvennt að ræða, annars vegar að hækka hlutfall hinnar hlutlægu ábyrgðar skv. 172. gr. siglingalaga, þ.e. bótafjárhæðir slysatryggingar sjómanna, eða að gera ábyrgð útgerðarmanns vegna vinnuslysa hlutlæga að öllu eða verulegu leyti með breyttri skaðabótareglu vegna hættulegs atvinnurekstrar og breyttri sönnunarreglu vegna fjölda óhappatilvika, sem ekki teljast bótaskyld skv. gildandi rétti.

II.

Nefndin hefur með hliðsjón af þessu skilgreint verkefni sitt svo, að annars vegar skyldi hún skoða skaðabótareglur þær sem gilda er sjómenn slasast við störf sín í þágu útgerðar. Hins vegar skyldi nefndin skoða þær bótafjárhæðir sem greiða skal úr slysatryggingu þegar sjómaður slasast, og fellur þar með undir hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns, eða ábyrgð án sakar eins og stundum er orðað.

Í IX. kafla siglingalaga nr. 34/1985 er fjallað um þessa þætti báða en auk þess hafa sjómenn og útgerðarmenn samið um hækkun bóta slysatryggingar frá því sem lögin kveða á um. Lögunum var síðast breytt að þessu leyti 1985 en að stofni til eru ákvæðin frá 1973. Á árinu 1972 voru í gildi um þriggja mánaða skeið ákvæði sem kváðu á um hlutlæga ábyrgð útgerðarmanna gagnvart sjómönnum, þ.e. úgerðarmenn voru bótaskyldir vegna allra slysa sem sjómenn urðu fyrir í starfi í þeirra þágu. Þessum ákvæðum siglingalaga breytti Alþingi síðan með lögum sem komu til framkvæmda 1. janúar 1973, en þá var jafnframt kveðið á um sérstaka slysatryggingu.

Nefndin hefur kynnt sér skaðabótareglur þær sem gilda í Noregi og Danmörku að því er sjómenn snertir. Báðar þjóðir styðjast við sömu reglu og Íslendingar, þ.e. svonefnda sakarreglu, en hún gerir ráð fyrir bótaskyldu af hálfu vinnuveitanda ef tjónþoli getur sýnt fram á, að slys verði rakið til vanbúnaðar eða gáleysis af hálfu vinnuveitandans eða starfsmanna hans.

Þá hefur nefndin kynnt sér slysabætur annarra starfshópa og á meðfylgjandi fylgiskjölum 1 og 2 er að finna samanburð á bótum til nokkurra starfshópa

annars vegar við upphaf starfs nefndarinnar og hins vegar eins og þær munu væntanlega verða á miðju þessu ári. Bætur til sjómanna hafa hækkað hlutfallslega mun meira en slysabætur til hinna starfshópanna. Stafar það af ákvæðum kjarasamnings milli fiskimanna og útvegsmanna, sem Alþingi hefur lögfest, og kjarasamnings milli farmanna og kaupskipaútgerða.

III.

Nefndarmenn hafa ekki orðið sammála um afstöðu til viðfangsefnis nefndarinnar og með bréfi þessu fylgja tvær tillögur varðandi framhald málsins. Önnur tillagan felur í sér að skaðabótaábyrgð útgerðarmanna verði hlutlæg, þ.e. að þeir beri bótaábyrgð á slysum er sjómenn verða fyrir í starfi í þágu útgerðar án tillits til sakar. Hin tillagan gerir ráð fyrir að ekkert frekar verði aðhafst af hálfu löggjafarvaldsins að því er varðar bótaábyrgð eða vátryggingarfjárhæðir í slysatryggingu sjómanna. Eðlilegt sé að sjómenn og útgerðarmenn ákveði í kjarasamningum hvernig málum sé skipað að þessu leyti.

IV.

Með bréfi dags. 14. mars 1995 fól samgönguráðuneytið nefndinni að gera tillögur um endurskoðun á reglugerð 31/1964 um greiðslur bóta fyrir eignir íslenskra skipverja. Nefndin hefur rætt erindi þetta ítarlega og m.a. beitt sér fyrir könnun á verðmæti þeirra eigna sem skipverjar hafa með sér um borð í skipi. Endurheimtur svara voru ekki nægjanlega góðar og þess vegna teljast niðurstöður svara ekki fullnægjandi í þessu sambandi. Þá var leitað eftir upplýsingum um skipan mála hjá dönskum og norskum sjómönnum. Er hún með hliðstæðum hætti og eru fjárhæðir þar nokkru hærri en hér gerist.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afstöðu til erindis ráðuneytisins og því fylgja hér með tillögur einstakra nefndarmanna.

V.

Nefndin lítur svo á að hún hafi með afhendingu þessara gagna lokið störfum.

Með vinsemd og virðingu
Bjarni Þórðarson,
formaður nefndarinnar.

Hjálagt: Fskj. 1 og 2, fimm tillögur.

Fskj. 1.

Bætur vegna vinnuslysa 1. júlí 1998.

Í töflunni eru sýndar dánar- og örorkubætur í slysatryggingum nokkurra starfshópa miðað við mismunandi fjölskylduhagi. Lífeyrisgreiðslur til barna og maka eru núvirtar miðað við 3% vexti p.a.

	Sjómenn	Almennt ASÍ fólk	Verkstjórar	Ríkisstarfs-menn	Bankamenn
1. Einhleypur og barnlaus					
Eingreiðsla	788.402	345.800	409.300	816.200	532.900
Sjómenn í hlutfalli við starfshóp		228,0	192,6	96,6	147,9
2. Einhleypur, 2 börn, 4 ára og 10 ára					
Eingreiðsla	3.386.699	1.671.200	2.711.300	4.133.300	2.605.600
Mánaðarlegar greiðslur	2.718.543				
Samtals	6.105.242	1.671.200	2.711.300	4.133.300	2.605.600
Sjómenn í hlutfalli við starfshóp		365,3	225,2	147,7	234,3
3. Giftur og barnlaus					
Eingreiðsla	3.386.699	1.495.900	2.206.400	4.081.200	2.355.500
Mánaðarlegar greiðslur	629.891				
Samtals	4.016.590	1.495.900	2.206.400	4.081.200	2.355.500
Sjómenn í hlutfalli við starfshóp		268,5	182,0	98,4	170,5
4. Giftur og 2 börn, 4 ára og 10 ára					
Eingreiðsla	3.386.699	2.071.700	3.079.000	5.713.600	3.249.900
Mánaðarlegar greiðslur	3.348.434				
Samtals	6.735.133	2.071.700	3.079.000	5.713.600	3.249.900
Sjómenn í hlutfalli við starfshóp		325,1	218,7	117,9	207,2
Örorkubætur					
25% örorka	1.358.925	654.375	798.150	1.284.300	1.247.925
50% örorka	4.076.450	1.963.125	2.394.450	3.852.900	3.743.775
100% örorka	12.229.313	5.889.375	7.183.350	11.558.700	11.231.325
Sjómenn í hlutfalli við starfshóp		207,7	170,2	105,8	108,9

Fskj. 2.

Bætur vegna vinnuslysa 1. janúar 1995.

Í töflunni eru sýndar dánar- og örorkubætur í slysatryggingum nokkurra starfshópa miðað við mismunandi fjölskylduhagi. Lífeyrisgreiðslur til barna og maka eru núvirtar miðað við 3% vexti p.a.

	Sjómenn	Almennt ASÍ fólk	Verkstjórar	Ríkisstarfs-menn	Bankamenn
1. Einhleypur og barnlaus					
Eingreiðsla	627.063	320.800	378.700	764.600	500.700
Sjómenn í hlutfalli við starfshóp		195,5	165,6	82,0	125,2
2. Einhleypur, 2 börn, 4 ára og 10 ára					
Eingreiðsla	1.741.835	1.550.200	2.514.600	3.872.100	2.448.100
Mánaðarlegar greiðslur	2.294.223				
Samtals	4.036.058	1.550.200	2.514.600	3.872.100	2.448.100
Sjómenn í hlutfalli við starfshóp		260,4	160,5	104,2	164,9
3. Giftur og barnlaus					
Eingreiðsla	1.741.835	1.387.500	2.046.500	3.823.500	2.213.100
Mánaðarlegar greiðslur	531.492				
Samtals	2.273.327	1.387.500	2.046.500	3.823.500	2.213.100
Sjómenn í hlutfalli við starfshóp		163,8	111,1	59,5	102,7
4. Giftur og 2 börn, 4 ára og 10 ára					
Eingreiðsla	1.741.835	1.921.700	2.855.700	5.352.700	3.053.500
Mánaðarlegar greiðslur	2.825.715				
Samtals	4.567.550	1.921.700	2.855.700	5.352.700	3.053.500
Sjómenn í hlutfalli við starfshóp		237,7	159,9	85,3	149,6
Örorkubætur					
25% örorka	864.650	606.950	740.275	1.203.200	1.172.425
50% örorka	2.593.750	1.820.850	2.220.825	3.609.600	3.517.275
100% örorka	7.781.310	5.462.550	6.662.475	10.828.800	10.551.825
Sjómenn í hlutfalli við starfshóp		142,4	116,8	71,9	73,7

Tillaga undirritaðra nefndarmanna um breytingar á ákvæðum reglna nr. 31/1964.

2. gr. breytist svo að allar grunnfjárhæðir hækki um 30 af hundraði (30%). Jafnframt verði sú breyting á að upphæðir, sem um getur í greininni skuli hér eftir breytast í samræmi við breytingar á neysluvísitölu, með grunnvísitölu maímánaðar 1998, þ.e. 183,1 stig.

Rétt er einnig að lokamálsgrein 4. gr. reglnanna breytist þannig að felld verði niður tilvísan til sjómannalaga nr. 67/1963 og í staðinn komi tilvísan til 69. gr. núgildandi sjómannalaga nr. 35/1985.

Hafa ber í huga hér að rétt getur verið að gefa út nýjar reglur, sem hafi að geyma ofangreindar breytingar á núgildandi reglum.

Undirritaðir nefndarmenn leyfa sér að vísa til þeirra breytinga á siglingum og útgerð sem hafa orðið frá því núgildandi reglur voru gefnar út. Veiðiferðir eru oft orðnar mun lengri en áður var, aðbúnaður sjómanna um borð í íslenskum skipum er allt annar og betri auk þess sem rauntekjur hafa hækkað um u.þ.b. 30% frá því fyrri reglur voru settar.

Allt ofangreint leiðir til þess að íslenskir sjómenn hafa mun meira af persónulegum munum með sér um borð en áður tíðkaðist, bæði vegna starfa sinna og vegna þeirra fristunda sem menn eiga um borð.

Að því er varðar tengingu bótafjárhæða við neysluvísitölu vísast til þess að í sambærilegum reglum í Noregi og Danmörku er miðað við almennar verðbreytingar. Til upplýsingar má geta þess að vísitala neysluverðs, án húsnæðis, hefur hækkað um 35% umfram hækkun á fatnaðarlið vísitölu framfærslukostnaðar á gildistíma reglnanna.

Undirrituðum þykir rétt að komið sé til móts við þessar breyttu aðstæður með því að taka tillit til hækkunar rauntekna þar sem ætla má að hækkun þeirra leiði til þess að einkamunir séu bæði fleiri og dýrari, en áður var.

Að síðustu skal upplýst að breytingar þær sem hér eru lagðar til hafa í för með sér óverulegan útgjaldaauka fyrir útgerðina í landinu.

Reykjavík, 21. maí 1998.

Elvar Örn Unnsteinsson,
Benedikt Valsson,
Páll Hjartarson,
Björn L. Bergsson,
Kristján Guðmundsson.

Tillaga um breytingar á reglugerð nr. 31/1964, um greiðslu bóta fyrir eignir skipverja, sem farist hafa við sjóslys eða bruna.

Ákvæði um að útgerðarmenn skuli bæta sjómönnum tjón á eigum þeirra vegna skipsskaða hafa verið í sjómannalögum um áratuga skeið. Nánari reglur hafa verið settar í reglugerð og núgildandi reglugerð er nr. 31/1964. Samkvæmt þeirri reglugerð skulu bæturnar nema sannvirði þeirra eigna sem fórust eða eyðilögðust. Jafnframt er sett tiltekið hámark á fjárhæð bóta úr hendi útgerðarmannsins og að auki er gert ráð fyrir að eigur sem skipverjinn þarf gagngert að nota við störf sín skuli bætt til viðbótar. Núgildandi sjómannalög eru hins vegar frá árinu 1985 en ekki virðist þá hafa verið talin ástæða til að endurskoða reglugerðina frá 1964. Hliðstæð ákvæði er að finna í löggjöf Dana og Norðmanna.

Samkvæmt reglugerð nr. 31/1964 breytast hámarksfjárhæðir bóta eins og fatnaðarliður vísitölu framfærslukostnaðar miðað við grunnvísitöluna 150 (Þá var í gildi vísitala sem miðaði við grunnvísitölu 100 í mars 1959.). Þessi vísitala hefur breyst þannig að nú er hún 110.490 og hefur því 736,6 faldast á þessum tíma. Á sama tíma hefur vísitala framfærslukostnaðar og síðan vísitala neysluverðs 841,6 faldast og vísitala vöru og þjónustu 1.013,7 faldast. Vísitala neysluverðs hefur því á þessu árabili hækkað um 14,2% og vísitala vöru og þjónustu um 37,6% umfram hækkun fatnaðarliðarins. Gildandi fjárhæðir hjá Dönum og Norðmönnum eru nokkru hærri en reglugerðin gerir ráð fyrir.

Það er og hefur verið vilji löggjafans að útgerðarmenn séu ábyrgir að ákveðnu marki fyrir því tjóni sem sjómenn verða fyrir, er skip þeirra ferst eða eldur grandar eignum þeirra. Spurningin sem svara verður er hvort það hámark bóta sem tilgreint er í reglugerðinni sé hæfilegt eða ekki. Ætla verður að sjómenn sem hafi verulegar eignir með sér beri áhættuna að hluta eða tryggi hagsmuni sína sérstaklega. Hins vegar verður að telja ljóst að á þeim 34 árum sem liðin eru síðan reglugerðin var sett hafi aðstæður hjá sjómönnum að þessu leyti breyst þannig að breyting á fatnaðarlið vísitölu neysluverðs geti ekki mælt með raunhæfum hætti breytinguna á verðmæti þeirra eigna sem sjómenn hafa með sér um borð

Við undirritaðir teljum nauðsynlegt að kanna með öruggum og hlutlausum hætti verðmæti þessara eigna sjómanna á hinum ýmsu tegundum skipa og leiða af niðurstöðu þeirrar könnunar hæfilegt hámark bóta. Þar til slík könnun hefur farið fram og reglugerðin verið endurskoðuð á grundvelli niðurstaðna hennar, teljum við eðlilegt að hækka þær fjárhæðir sem nú eru í gildi nokkuð eða um 15-20% og tengja breytingar á fjárhæðunum síðan við vísitölu neysluverðs.

Reykjavík, 25. maí 1998.

Sigmar Ármannsson,
Bjarni Þórðarson,
Örn Pálsson.

Breytingar á ákvæðum reglna nr. 31/1964, um farangurstryggingar skipverja.

Þann 29.nóvember 1994 skipaði samgönguráðherra nefnd til að endurskoða ákvæði siglingalaga um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- og líkamstjóns.

Með bréfi dags. 30. janúar 1995 féllst samgönguráðuneytið á beiðni FFSÍ á að taka reglur um bótagreiðslur varðandi eigur skipverja sem farast við sjótjón eða bruna til umfjöllunar og athugunar. Hefur nefndin gert það.

Að mati undirritaðra hefur ekki verið sýnt fram á það með raunhæfum hætti að eigur skipverja séu vantryggðar að þessu leyti. Þessi trygging sem og aðrar tryggingar útgerðarmanna vegna skipverja eru í raun kjarasamningsatriði. Var ekki við farangurstryggingum hróflað í síðustu kjarasamningum, eins og raun varð á með líf- og örorkutryggingar sjómanna.

Benda má á það að eftir að reglurnar voru settar 1964 hafa orðið breytingar í kjarasamningum þar sem nokkrar breytingar hafa orðið á því sem skipverjar þurfa að hafa með sér og kosta af eigin fé. Hefur m.a. verið samið um að útgerð greiði að hluta eða öllu leyti vinnufatnað skipverja og á kaupskipum fá skipverjar nú frían rúmfatnað.

Þá leggja undirritaðir áherslu á, ef eigi að breyta reglum, þurfi að yfirfara þær efnislega og samræma þær gildandi reglum á norðurlöndum, þar sem t.d. er gerður skýr munur á bótafjárhæðum, annars vegar skipverja í daglegum ferðum og hins vegar þeirra, sem eru í löngum útiverum, eins og t.d. á vinnsluskipum.

Með vísan til framanritaðs telja undirritaðir að ekki sé ástæða til að hækka fjárhæðir farangurstrygginga að svo komnu máli.

Reykjavík, 25. maí 1998.

Jónas Haraldsson,
Jón H. Magnússon.

Tillaga undirritaðra nefndarmanna um afgreiðslu á þingsályktun frá 7. maí 1994

Í bréfi sem formaður nefndarinnar mun senda samgönguráðherra verður gerð grein fyrir aðdraganda að skipun nefndarinnar, viðfangsefni hennar og athugunum.

Undirritaðir nefndarmenn telja á þessu stigi ekki ástæðu til að breyta núgildandi skaðabótareglum, og mæla fyrir um aðrar og strangari bótareglur útgerðarmanna en almennt tíðkast hér á landi í atvinnurekstri. Mjög veigamikil rök verða að hníga að því eigi að lögbjóða slíkt gagnvart einni starfsstétt. Þótt slysatíðni sé meiri meðal sjómanna en hjá flestum öðrum stéttum teljum við það ekki nægjanleg rök. Þá lítum við til fyrri afskipta Alþingis af málinu, og tilhögun þessara mála í þeim ríkjum, sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við, og íslensk útgerð á í beinni og óbeinni samkeppni við.

Siglingalög kveða á um sérstaka slysatryggingu sem útgerðarmanni er skylt að kaupa til hagsbóta fyrir sjómenn í þjónustu hans. Auk þess er útgerðarmönnum skylt að tryggja sjómenn samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar eins og öðrum vinnuveitendum. Að hluta breytast bætur á sama hátt og bætur almannatrygginga, en þær bætur sem eru í formi eingreiðslu, þ.e. dánarbætur og örorkubætur, breytast eins og laun. Í kjarasamningum hafa sjómenn og útgerðarmenn síðan samið um að hækka þær bætur sem eru í formi eingreiðslu umfram hinar lögmæltu viðmiðanir. Með lögum nr. 10 frá 27. mars 1998 um kjaramál fiskimanna skyldu efnisákvæði miðlunartillagna, sem ríkissáttasemjari lagði fram til lausnar kjaradeilum í fiskiskipaflotanum þann 16. mars 1998, gilda um kaup og kjör hlutaðeigandi sjómanna. Í þessari lagasetningu Alþingis fólst enn veruleg hækkun þessara bóta. Áður höfðu farmenn og kaupskipaútgerðir samið um hækkun dánarbóta, en kostnað af hækkun örorkubóta skyldu farmenn hins vegar bera sjálfir.

Meginreglan hér á landi er sú, að aðilar semja um rétt til bóta vegna vinnuslysa í kjarasamningum. Hlýtur slíkt að teljast eðlilegt, enda eru réttindi þessi nátengd launakjörum starfsmanna. Kjarasamningar fiskimanna og útvegsmanna skulu gilda óbreyttir frá 27. mars 1998 til 15. febrúar 2000, sbr. lög nr. 10/1998, og á það að sjálfsögðu einnig við um ákvæði hans varðandi slysabætur

sjómanna. Gildistími kjarasamninga farmanna er svipaður. Með hliðsjón af þessari stöðu telja undirritaðir einsýnt, að ekki verði gerðar breytingar á fjárhæðum bóta úr slysatryggingu sjómanna fyrr en á árinu 2000. Verður og að líta svo á, að Alþingi sjálft telji að þessum málum sé skipað á viðunandi hátt a.m.k. til þess tíma.

Undirritaðir nefndarmenn telja því ekki ástæðu til frekari afskipta löggjafans af fyrirkomulagi bótaskyldu útgerðarmanna og fjárhæð bóta úr slysatryggingu sjómanna samkvæmt siglingalögum.

Reykjavík, 25. maí 1998.

Sigmar Ármannsson,
Bjarni Þórðarson,
Örn Pálsson,
Jón H. Magnússon,
Páll Hjartarson,
Jónas Haraldsson.

Tillaga undirritaðra nefndarmanna um breytingu á 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

172. gr. orðist svo:

"Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjónar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er valdur að því fyrir ásetning eða stórfellt gáleysi.
Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla skv. 1. mgr.
Um fjárhæð og útreikning dánar- og slysabóta fer eftir ákvæðum skaðabótalaga, eins og þau eru hverju sinni."

5. tl. 175. gr. siglingalaga falli brott.

Undirritaðir nefndarmenn telja að með ofangreindri breytingu á 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. og brottfalli 5. tl. 175. gr., náist svipuð réttarstaða fyrir sjómenn á íslenskum skipum og er fyrir hendi fyrir tjónþola í umferðarslysum skv. ákvæðum umferðarlaga, þ.e. ábyrgð útgerðarmanns verður hlutlæg. Er þannig komið í veg fyrir hinn mikla mun sem er á bótum til handa sjómönnum í slysatilvikum, eftir því hvort um er að ræða ábyrgðarskylt tjón eða tjón sem fellur undir slysatryggingu útgerðarmanns.

Rétt er hér að benda á að uppgjör úr slysatryggingu útgerðarmanns leiðir til mjög lágra bóta, sé miðað við ákvæði skaðabótalaga. Ástæður þessa eru af tvennum toga. Annars vegar vegna þess að örorka er metin læknisfræðilega við uppgjör úr slysatryggingu, en fjárhagslega við uppgjör skv. skaðabótalögum og hins vegar vegna þess að grunnfjárhæðir slysatryggingarinnar eru án tengsla við líklegar framtíðartekjur hins slasaða.

Að mati undirritaðra er breytingin sem hér er lögð til réttlætanleg þar sem slysatíðni á skipum er með því hæsta sem gerist í samanburði við aðra vinnustaði. Sjómannsstörf eru þannig mjög hættuleg. Að auki er sönnunaraðstaða hins slasaða sjómanns oft erfið þar sem slysin verða yfirleitt úti á sjó og hinn slasaði á þess engan kost að halda til haga sönnunargögnum. Auk þessa er mikill misbrestur á því að útgerðarmenn sinni þeirri sjálfsögðu skyldu sinni, þegar slys ber að höndum, að sjá til þess að fram fari sjópróf eða

lögreglurannsókn, um leið og skip kemur að landi. Að síðustu má geta þess að hættueiginleikar bifreiða, sem leiða til þeirra bótareglna sem þar gilda, eru svipaðir eða hinir sömu og skipa. Er hér átt við að skip, líkt og bifreiðar, eru á stöðugri hreyfingu. Jafnframt er mikill og öflugur vélbúnaður um borð í flestum íslenskum skipum, sem enn eykur hættuna á slysum.

Ekki er rétt, að mati undirritaðra, að bera saman réttarstöðu launþega í landi og sjómanna, að því er varðar bætur vegna slysa. Er það vegna sérstöðu sjómannsstarfsins. Jafnframt verður að hafa í huga að sjómennska og útgerð er íslensku þjóðinni lífsnauðsyn og verður að tryggja sjómönnum réttarstöðu í dánar- og slysatilvikum í samræmi við mikilvægi og hættueiginleika starfans.

Að síðustu er rétt að það komi fram að verði ofangreind regla að lögum, má ætla að útgerðarmenn beiti sér fyrir því af fullum krafti að öll tæki og búnaður um borð í íslenskum skipum séu ávallt í góðu lagi og jafnvel að óháður aðili, t.d. Siglingastofnun, geri úttekt á tækjum og búnaði skipa, oftar en nú er. Ætti það að leiða til fækkunar slysa um borð og þar með mögulega til lægri útgjalda útgerðarmanna vegna tryggingariðgjalda.

Reykjavík, 21. maí 1998.

Elvar Örn Unnsteinsson,
Benedikt Valsson,
Björn L. Bergsson,
Kristján Guðmundsson.

1116. Svar [574. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um álver á Keilisnesi og virkjanir vegna þess.

1. *Hvenær og í tíð hvaða ráðherra var gefið út virkjanaleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun?*

Iðnaðarráðherra gaf út leyfi til Landsvirkjunar til að reisa og reka 210 MW virkjun í Fljótsdal 24. apríl 1991. Jón Sigurðsson var iðnaðarráðherra þegar leyfið var gefið út. Leyfið byggðist á heimild í lögum nr. 60/1981, um raforkuver, fyrir virkjun Jökulsár í Fljótsdal með allt að 330 MW afli. Hjörleifur Guttormsson var iðnaðarráðherra þegar lögin voru sett.

2. *Hvaða áform voru uppi um álver á Keilisnesi? Lá fyrir mat á því hver hefði orðið losun svokallaðra gróðurhúsalofttegunda frá slíkri verksmiðju?*


Áform um álver á Keilisnesi, kennt við Atlantsál, byggðist á íslensku frumkvæði sem hófst 1987. Á síðustu stigum miðaðist verkefnið við álver með um 230 þúsund tonna árlegri framleiðslugetu, en möguleikum til að tvöfalda framleiðsluna síðar.

Atlantsálsfyrirtækin sóttu um starfsleyfi fyrir álver með bréfi til Hollustuverndar ríkisins 28. júní 1990. Í framhaldi af því var unnið að gerð starfsleyfis og við þá vinnu var meðal annars lagt mat á losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðsluna. Í skýrslu þáverandi iðnaðarráðherra til Alþingis um stöðu samninga um nýtt álver á þskj. 8 á 113. löggjafarþingi 1990 segir meðal annars í fylgiskjali VIII *Greinargerð um umhverfisahrif álvera. Samanburður á Eyjafirði, Keilisnesi og Reyðarfirði vegna staðarvals:* „Við rekstur 200 þúsund tonna álvers má reikna með að yfir 300 þúsund tonn af koltvísýringi myndist. Það er töluverð viðbót við það sem myndast hér á landi og má hafa það í huga vegna umræðunnar um hugsanleg gróðuhúsaáhrif koltvísýrings á veðurfar. Á hinn bóginn yrði þessi viðbót til hvar svo sem þetta ál yrði framleitt og margfalt meira yrði raforkuþörf þess mætt með olíu- eða kolaorkuveri.“ Í þessu sambandi má einnig benda á að fjallað er um álframleiðslu og gróðurhúsaáhrif í kafla 3.2.3 í skýrslu þáverandi umhverfisráðherra til Alþingis á þskj. 145 á 115. löggjafarþingi árið 1991. Þar segir:

„Þegar eitt tonn af áli er framleitt myndast u.þ.b. 1,2[1] tonn af kolefnistvíoxíði. Auk þess myndast lítils háttar af tetraflúorkolefni og hexaflúoretan. Óvíst er hversu mikið myndast af síðasttöldu efnunum. Samkvæmt norskum heimildum er talið að í álverum sem nota forbökuð skaut myndist aðeins um 2% af því sem myndast ef Söderbergaðferðin er notuð. Öll þrjú ofantalin efni eru fyrst og fremst talin auka á svokölluð gróðurhúsaáhrif.

Óbeint veldur álframleiðsla víða um heim aukinni koltvíoxíðslosun, þar sem kol, gas eða olía eru notuð til raforkuvinnslu. Koltvíoxíð sem losnar við framleiðslu rafmagns, sem framleitt er með kolum, gasi eða olíu vegna álframleiðslu er mun meira en það sem kemur frá álframleiðslunni sjálfri, eins og greinilega má sjá á mynd 2.

[1] Athugasemd: Á væntanlega að vera 1,5.



Mynd 2. Losun á koltvíoxíði vegna rafmagnsframleiðslu og rafgreiningar.“

3. *Hvaða virkjanir var fyrirhugað að reisa í tengslum við álver á Keilisnesi? Hversu stór hefðu uppistöðulónin orðið og hver hefðu umhverfisáhrif slíkra virkjana orðið að öðru leyti?*

Í lögum um raforkuver nr. 60/1981, eins og þeim var breytt með lögum nr. 74/1990, segir í ákvæði I til bráðabirgða:

„Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með um 200 þús. tonna framleiðslugetu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun:

1. Fljótsdalsvirkjun.
2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.
3. Stækkun Kröfluvirkjunar og 1. áfanga Nesjavallavirkjunar takist samningar við Hitaveitu Reykjavíkur um samrekstur virkjunarinnar við raforkukerfi landsins.“

Áætlanir Landsvirkjunar vegna orkuöflunar fyrir álver á Keilisnesi miðuðust eðlilega við þetta bráðabirgðaákvæði og fyrirtækið gerði ráð fyrir að ráðist yrði í eftirtaldar orkuöflunaraðgerðir:

1. Að ljúka byggingu Blönduvirkjunar og stækkun Blöndulóns úr 220 Gl miðlun í 400 Gl miðlun með 4 m vatnsborðshækkun.
2. Aflaukningu Búrfellsvirkjunar um 100 MW.
3. Stækkun Kröfluvirkjunar um 30 MW.
4. 1. áfanga Nesjavallavirkjunar 30 MW.
5. Stækkun Þórisvatnsmiðlunar um 350 Gl með 4 m vatnsborðshækkun.
6. Fljótsdalsvirkjun 210 MW með 500 Gl miðlun á Eyjabökkum.

Af áðurnefndri upptalningu hafa 1.–4. tölul. þegar komið til framkvæmda (aflaukning Búrfellsvirkjunar 60 MW) vegna orkuöflunar fyrir stækkun Ísals, álver Norðuráls á Grundartanga og stækkun Járnblendiverksmiðjunnar.

Eftirfarandi tafla sýnir miðlunarlón eða stækkun á miðlunum í rekstri sem fyrirhugað var að gera vegna álversins á Keilisnesi.

	Flatarmál	**þar af gróið**	**Miðlun**
	km²	**km²**	**Gl**
Stækkun Blöndulóns[1)]	11	10	180
5. áfangi Kvíslaveitu[1)]	3	-	-
Stækkun Þórisvatnsmiðlunar	7	-	350
Fljótsdalsvirkjun	43	27	500
Samtals	**64**	**37**	**1.030**

[1)] Framkvæmdum lokið.

Helstu umhverfisáhrif virkjana sem fyrirhugað var að reisa vegna álvers á Keilisnesi:

Stækkun Blöndulóns. Með stækkun Blöndulóns úr 220 Gl í 400 Gl var náð endanlegri stærð virkjunar eins og kveðið var á um í virkjunarsamningi frá 1982. Með stækkun lónsins jókst flatarmál þess um 11 km² og þar af var gróið land um 10 km². Í stað þess gróðurs sem farið hefur undir lón hefur verið ræktað upp örfoka land í grennd við lónið.

5. áfangi Kvíslaveitu. Með 5. áfanga Kvíslaveitu varð til lítið uppistöðulón í farvegi Þjórsár þaðan sem efstu kvíslum árinnar var veitt yfir til Kvíslavatns. Stærð lónsins er um 3 km² og var lónstæðið nánast allt í farvegi árinnar. Önnur röskun í landi var veituskurður um 1,2 km á lengd.

Stækkun Þórisvatns. Með stækkun Þórisvatns var áformað að hækka stíflumannvirki um 4 m og auka þannig miðlunarrými um 350 Gl. Með þeirri vatnsborðshækkun hefði yfirborð vatnsins aukist úr 88 km² í 95 km² sem er nánast ógróið land.

Jarðhitavirkjanir. Umhverfisáhrif vegna 30 MW raforkuframleiðslu á Nesjavöllum hafa verið afar lítil þar eð vinnsluholur og lagnir voru fyrir hendi og aðeins þurfti að reisa byggingar til raforkuvinnslunnar. Leggja þurfti raflínu frá Nesjavöllum í Korpu og var sú lína að hluta í jarðstreng.

Við Kröflu voru fyrir hendi byggingar og búnaður fyrir stækkun stöðvarinnar, en hins vegar þurfti að bora fleiri vinnsluholur fyrir 30 MW stækkun hennar. Umhverfisáhrif vegna þessarar stækkunar voru því í lágmarki.

Fljótsdalsvirkjun. Könnun náttúrufars á fyrirhuguðu virkjunarsvæði hófst sumarið 1975 og var þá tengd hugmyndum um svonefnda Bessastaðaárvirkjun. Einnig hófust það ár fyrstu rannsóknir á Eyjabökkum og nokkru síðar á veituleið út Fljótsdalsheiði. Þessar náttúrufarsrannsóknir stóðu samfellt yfir til ársins 1982 og náðu einnig yfir nálæg landsvæði til að fá samanburð á milli landsvæða sem virkjunin hefði áhrif á og annarra sem að takmörkuðu eða engu leyti yrðu fyrir áhrifum hennar. Frá árinu 1982 og fram til ársins 1998 var aðeins unnið við vöktun á dýralífi svæðisins og þá einkum talningu gæsa og hreindýra.

Á árunum 1989–90 var fyrirkomulag virkjunarinnar endurskoðað m.a. til að draga úr áhrifum hennar á umhverfið. Endurskoðunin leiddi til að í stað þess að veita vatni frá Eyjabakkamiðlun um skurði og vötn út alla Fljótsdalsheiði að inntaki á Teigsbjargi yrði vatninu veitt um heilboruð rúmlega 30 km löng jarðgöng að inntaki virkunarinnar. Með þessu móti yrði hægt að minnka það land er færi undir vatn vegna virkjunarinnar um rúmlega 30 km^2. Virkjunarleyfi iðnaðarráðherra miðast við þessa tilhögun virkjunarinnar. Áður en virkjunartilhögun var breytt yfir í jarðgangavirkjun var fyrirhugaður aðveituskurður frá miðlunarlóni að inntakslóni ofan við stöðvarhús talinn hafa í för með sér mikla röskun á allri Fljótsdalsheiði.

Langmestu umhverfisáhrif virkjunarinnar verða af völdum Eyjabakkalóns sem verður um 43 km^2 að flatarmáli og þar af er gróið land sem fer undir lónið um 27 km^2. Í skýrslum um náttúrurfar á Eyjabökkum er lögð áhersla á sérstöðu tveggja náttúrufarslegra fyrirbæra, Þóriseyjar, fyrir grósku gróðurs miðað við hæð yfir sjó og jökulgarða, svonefnda Hrauka, eða jarðvegsmúga, sem aðeins eiga hliðstæður hér á landi í Kringilsárrana. Á þeim tíma er rannsóknir stóðu yfir var ekki talið að heiðargæs væri í þeim mæli í felli á Eyjabakkasvæðinu að ástæða væri til að tilgreina það sem sérstakt náttúrufarslegt gildi. Frá þeim tíma hefur fjöldi gæsa í felli stórlega aukist á svæðinu og var mestur fjöldi þeirra árið 1991 um 13.000, en hefur minnkað aftur á síðustu árum.

Ekki er vitað hve mikil áhrif miðlunarlón mundi hafa á viðveru geldgæsa á svæðinu. Gæsir í felli kjósa almennt að hafa stöðuvatn nærri til að geta forðað sér ef vá ber að höndum, en einnig þurfa þær gróðurlendi nærri til að nærast. Ekki er talið að lónið geti haft verulega hamlandi áhrif á far hreindýra þar eð þau kjósa fremur að fara yfir vötn og lón en straumvatn.

Með gerð Sauðárveitu austan Eyjabakkalóns er áformað að veita efsta hluta Sauðár, Grjótár og Kelduár til lónsins. Veituskurðir verða um 2 km á lengd og liggja í að mestu ógrónu hrjóstrugu landi á svokölluðum Hraunum. Rennsli í þessum ám minnkar um 25–30% af heildarrennslinu í dag niðri í Fljótsdal. Talið er að veitan gæti bætt líffræðileg skilyrði í ánum þar eð stórlega mun draga úr flóðvatni og jökulþáttur þess mun hverfa.

Nokkur röskun verður í landi vegna minni háttar veitu Grjótár og Hölknár yfir til Laugarár. Sama á við um útgröft efnis frá aðrennslisgöngum virkjunar og frá stöðvarhússvæði. Annað rask á yfirborði af völdum framkvæmda verður hverfandi lítið.

Með miðlun Jökulsár mun farvegur árinnar neðan lónsins verða vatnslítill; að vori og fram eftir sumri verður þar nokkuð leysinga- og grunnvatnsrennsli og í góðum vatnsárum verður eitthvert rennsli um yfirfall stíflunnar. Fossar í farvegi árinnar munu því missa svip sinn.

Aurburður í Jökulsá í Fljótsdal er talinn vera um 350.000 m^3 á ári, þar af er áætlað að um 200.000 m^3 séu grófur aurburður sem fellur út í miðlunarlóni, en fínni aurburður mun falla áfram til Lagarfljóts. Talið er að aðeins 5–10% miðlunarrýmis lónsins muni skerðast á næstu 100 árum. Rennsli um Lagarfljót mun jafnast með miðlun virkjunarinnar og draga mun úr hæðarsveiflum vatnsborðs þar.

1117. Breytingartillaga [324. mál]

við frv. til l. um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 9. gr. skal margföldunarstuðull samkvæmt þeirri málsgrein vera 1,505 frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2001.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 11. gr. skal margföldunarstuðull samkvæmt þeirri málsgrein vera 0,797 frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2001.

1118. Nefndarálit [526. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Sigríði A. Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sveitarfélögum sé heimilt að setja gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi sé eftirlitið á vegum sveitarfélaganna sjálfra. Með frumvarpinu er horfið frá því að ráðherra setji hámarksgjaldskrá sem gildi fyrir öll sveitarfélög. Í stað þess er lagt til að gefnar verði út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sem settar verði á grundvelli 1. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til eina breytingu á frumvarpinu. Eðlilegt þykir að fulltrúi atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu í heilbrigðisnefndinni hafi fulla aðild að nefndinni og hafi atkvæðisrétt á fundum hennar.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jafnt í nefndinni. Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að til-

nefna einn fulltrúa í nefndina til viðbótar en hann hefur ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni. Sömu reglur gilda um varamenn.

Alþingi, 10. mars 1999.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm. | Árni M. Mathiesen. | Kristján Pálsson.

Tómas Ingi Olrich. | Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1119. Frumvarp til laga [223. mál]

um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs skal varðveitt í sérstakri deild sem haldið skal aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins. Deildin skal veita framlög til þróunar- og markaðsverkefna samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur og staðfestar eru af ráðherra. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 9. gr. er árlega heimilt að verja hluta höfuðstólsins til sömu verkefna.

2. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ársreikningi skal fylgja skrá yfir hlutafjárkaup, lánveitingar og óafturkræf framlög Nýsköpunarsjóðs.

3. gr.

5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með lögunum fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1120. Þingsályktun [92. mál]

um hvalveiðar.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 stendur ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er.

1121. Þingsályktun [95. mál]

um sérstakt átak til að draga úr reykingum kvenna.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 95.

1122. Þingsályktun [45. mál]

um vegtolla.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort unnt sé og skynsamlegt að beita vegtollum til þess að draga úr þörf fyrir gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar. Miðað verði við að heildarskattheimta af bifreiðum og umferð aukist ekki.

1123. Þingsályktun [378. mál]

um rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um að Siglingastofnun Íslands hefji sem fyrst undirbúningsrannsóknir og hagrænar athuganir á stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn.

1124. Breytingartillaga [16. mál]

við till. til þál. um þjóðgarða á miðhálendinu.

Frá Ólafi Erni Haraldssyni.

Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um Vatnajökulsþjóðgarð.

1125. Breytingartillaga [471. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

Við 3. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. og lokamálslið 4. gr. bætist: að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

1126. Þingsályktun [342. mál]

um íslenska hestinn.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að undirbúa í samvinnu við önnur stjórnvöld og samtök að íslenskir hestar og hestamenn gegni veigamiklu hlutverki við opinberar móttökur erlendra þjóðhöfðingja og við önnur hátíðleg tækifæri.

1127. Þingsályktun [100. mál]

um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Alþingi ályktar að stefna beri að því að matvælaframleiðsla á Íslandi skuli vera á forsendum sjálfbærrar þróunar fyrir árið 2003.

Jafnframt skuli stefnt að því að auka hlut landbúnaðarafurða sem vottaðar eru lífrænar.

1128. Þingsályktun [204. mál]

um þriggja fasa rafmagn.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 222.

1129. Frumvarp til laga [546. mál]

um búnaðarfræðslu.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI
Gildissvið, hlutverk og yfirstjórn.

1. gr.

Lög þessi taka til menntastofnana landbúnaðarins sem eru Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði, Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar samkvæmt lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra ber ábyrgð á að gæði menntunar sem menntastofnanir landbúnaðarins veita samkvæmt lögum þessum uppfylli þau skilyrði sem gerð eru samkvæmt lögum nr. 136/1997, um háskóla, og nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

3. gr.

Með búnaðarfræðslu er átt við skipulegt nám og kennslu, rannsóknir, fræðslu og aðra leiðsögn er lýtur að vörslu, meðferð, ræktun og nytjun lands, annarra jarðargæða og búfjár til framleiðslu matvæla og hráefna til iðnaðarframleiðslu eða annarrar verðmætasköpunar og markaðssetningu þeirra afurða, svo og verndun lands og endurheimt landkosta. Búnaðarfræðsla spannar vísindalegt starf og þekkingarmiðlun um sérsvið landbúnaðar og fjölþættra landnytja, svo sem búvöruframleiðslu, akuryrkju, landgræðslu, garðyrkju, skógrækt, hlunnindi, veiðar í ám og vötnum, fiskeldi og ferðaþjónustu, svo og tæknimál, markaðsmál, vistfræði og umhverfismál sem tengjast þessum sviðum.

Markmið búnaðarfræðslu er:

a. að veita fræðslu, hagnýta starfsmenntun og háskólamenntun studda rannsóknum fyrir samkeppnishæfan og fjölþættan landbúnað sem byggist á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda landsins,
b. að veita endurmenntun á þeim námssviðum sem lög þessi taka til.

4. gr.

Búfræðsluráð er landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um mörkun heildarstefnu í búfræðslumálum og samræmingu starfa þeirra er að þeim vinna.

Landbúnaðarráðherra skipar búfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Búfræðsluráð skal skipað níu fulltrúum: rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, skólameisturum búnaðarskólanna á Hólum í Hjaltadal og Reykjum í Ölfusi, tveimur fulltrúum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum fulltrúa kjörnum af búnaðarþingi og tveimur fulltrúum kennara tilnefndum af félagi þeirra, auk formanns sem landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra skal setja almennar reglur um eftirfarandi þætti í starfsemi menntastofnana landbúnaðarins:

1. Með hvaða hætti þær uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað.
2. Með hvaða hætti þær uppfylla rannsóknarhlutverk sitt, skyldur um eftirlit með gæðum rannsóknanna og nýtingu þeirra fjármuna sem til þeirra er varið.
3. Kærur eða málskotsrétt nemenda í málum þar sem þeir telja brotið á rétti sínum. Slíkar reglur geta falið í sér ákvæði um að kærumál nemenda skuli fara fyrir sérstaka áfrýjunarnefnd sem hafi endanlegt úrskurðarvald.

Landbúnaðarráðherra ákveður verkaskiptingu á milli skólanna.

6. gr.

Menntastofnunum landbúnaðarins ber að hafa í starfi sínu samstarf við aðra skóla og vísindastofnanir hér á landi og erlendis um menntun og rannsóknir. Um þetta er heimilt að gera sérstaka samninga.

II. KAFLI
Nám og kennsla.

7. gr.

Yfirstjórn hverrar stofnunar tekur ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, náms, námsmats og rannsókna og aðra þætti er lúta að málefnum hennar, enda samrýmist verkefnin heildarstefnu í búfræðslumálum, sbr. 4. gr.

8. gr.

Menntastofnanir landbúnaðarins annast búnaðarnám sem lýkur með skilgreindum prófgráðum búnaðarbrauta, svo og tækni- eða sveinsprófi, háskólanám sem lýkur með skilgreindum námsgráðum, svo sem kandídats- (BS-gráðu), meistara- eða doktorsprófi, og endurmenntun á þeim námssviðum sem fjallað er um í lögum þessum. Nám við skólana skal samhæft áfanga- og einingakerfi framhalds- og háskóla.

9. gr.

Nemendur sem hefja nám á búnaðarbrautum skólanna skulu hafa lokið grunnskólanámi eða hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun.

Yfirstjórn hvers skóla setur sérstök viðbótarinntökuskilyrði.

10. gr.

Nemendur sem hefja háskólanám í landbúnaði skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar háskólans. Háskólaráð getur ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði fyrir hverja skilgreinda námsbraut háskólanámsins.

Inntökuskilyrði í háskólanám í landbúnaði og námskröfur svari til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

11. gr.

Almennt búnaðarnám skólanna skal skipuleggja sem eins til þriggja ára nám. Kennsla skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Búnaðarnáminu skal ljúka með prófgráðum af búnaðarbrautum eða sveinsprófi sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri verkefnum sem tilheyra námi til viðkomandi prófgráðu samkvæmt námskrá.

12. gr.

Almennt háskólanám skal miðast við þriggja til fjögurra ára nám. Heimilt er að bjóða upp á sérhæfðar styttri námsbrautir. Kennsla skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári. Háskólanáminu skal ljúka með prófgráðu sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri verkefnum sem tilheyra námi til prófgráðunnar.

13. gr

Fyrir hverja skilgreinda námsbraut skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talda starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Á grundvelli námskrár skal árlega gefin út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði sem varða skipulag náms.

Landbúnaðarráðherra skal að fengnum tillögum búfræðsluráðs staðfesta námskrár og gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður.

14. gr.

Nú er í almennum framhaldsskóla stofnað til búnaðarnámsbrautar, og skal þá námskrá slíkrar kennslu, fyrirkomulag á verknámi og námsmat hljóta samþykki búfræðsluráðs. Búfræðsluráð ákveður hvort eða hvenær slíkur skóli getur veitt prófgráðu búnaðarnáms.

15. gr.

Yfirstjórn hverrar stofnunar skal staðfesta reglur um skráningu nemenda í einstakar námsbrautir þar sem nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í viðkomandi námsbraut.

Yfirstjórn hverrar stofnunar tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningar- og kennslugjalda sem nemendum er gert að greiða við upphaf skólaárs. Skrásetningar- og kennslugjöld skulu taka mið af sannanlegum kostnaði vegna innritunar, pappírsvara og kennsluefnis sem skólinn lætur nemendum í té og nauðsynlegt er vegna starfsemi hans.

Þeir einir teljast nemendur menntastofnana landbúnaðarins sem skrásettir hafa verið til náms á hverjum tíma.

III. KAFLI
Rannsóknir.

16. gr.

Við menntastofnanir landbúnaðarins skulu stundaðar rannsóknir. Rannsóknirnar skulu skipulagðar með öðrum rannsóknum á sviði landbúnaðar- og landnýtingar.

Leggja skal áherslu á grunnrannsóknir til öflunar vísindalegrar þekkingar, jafnt sem þróunarvinnu sem felst í að staðfæra þekkingu, sem og markaðsfærslu og vöruþróun afurða. Einnig geta stofnanirnar annast þjónusturannsóknir í þágu landbúnaðar og annarra aðila.

Til að sinna rannsóknarhlutverki sínu skulu stofnanirnar hafa umráð yfir nauðsynlegum búrekstri og hafa aðgang að landi, búfé, húsnæði og tækjum til rannsókna og tilrauna.

17. gr.

Heimilt er að ráða sérfræðinga að menntastofnunum landbúnaðarins sérstaklega til rannsókna og geta þeir haft kennsluskyldu við viðkomandi stofnun hver á sínu sviði. Við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við skólana skulu gilda sambærilegar reglur og eiga við um ráðningu kennara, sbr. 26. og 33. gr.

18. gr.

Heimilt er að stofna sérstaka rannsóknarsjóði til eflingar rannsóknastarfi stofnananna. Um þá skulu settar skipulagsskrár sem dómsmálaráðherra staðfestir og þær birtar í Stjórnartíðindum.

IV. KAFLI
Endurmenntun og leiðbeiningar.

19. gr.

Við menntastofnanir landbúnaðarins má starfrækja endurmenntunardeildir á þeim námssviðum sem fjallað er um í lögum þessum.

Yfirstjórn hverrar stofnunar setur nánari reglur um starfshætti endurmenntunardeildar, svo og um fjárhæð námskeiðsgjalda.

20. gr.

Menntastofnanir landbúnaðarins geta annast leiðbeiningar og ráðgjöf í landbúnaði og á skyldum sviðum. Um þetta skal gera samninga við hlutaðeigandi fagsamtök og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni.

V. KAFLI
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.
Stjórn og starfslið.

21. gr.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans.

22. gr.

Stjórn Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er falin háskólaráði og rektor.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, markar stefnu, m.a. í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag hans og samþykkir starfs- og rekstraráætlanir.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans. Á milli funda háskólaráðs hefur rektor ákvörðunarvald í umboði ráðsins í öllum málum háskólans. Önnur verkefni rektors eru skilgreind í erindisbréfi hans.

23. gr.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar fastráðinna kennara og tveir til vara kjörnir á almennum fundi fastráðinna starfsmanna hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi nemenda og einn til vara kjörnir hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans.
4. Einn fulltrúi kosinn af búnaðarþingi til tveggja ára í senn.
5. Einn fulltrúi og einn til vara skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn.
6. Einn fulltrúi og einn til vara skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.

Varaforseta kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa fastráðinna kennara skólans og er hann staðgengill rektors í forföllum hans.

24. gr.

Rektor boðar til funda í háskólaráði. Óski þrír háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins. Háskólaráðsfundur er ályktunarbær ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði forseta úr. Varamenn sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

25. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar.

Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu.

Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.

26. gr.

Kennarar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri eru prófessorar, dósentar, lektorar og stundakennarar. Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur fastráðinna kennara.

27. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora og stundakennara. Umsækjendur um prófessors-, dósents- og lektorsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni upplýsingar um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir.

Kennarar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu.

Skipa skal þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Rektor skipar dómnefnd, einn mann eftir tilnefningu landbúnaðarráðherra og tvo menn eftir tilnefningu háskólaráðs og skipar rektor annan þeirra formann nefndarinnar. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa a.m.k. meistaraprófi úr háskóla og skulu a.m.k. tveir nefndarmanna starfa utan háskólans.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum manni má veita prófessors-, dósents- eða lektorsstarf nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

28. gr.

Við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri skal starfrækt búnaðarnámsbraut. Heimilt er að ráða kennara að búnaðarnámsbraut skólans sem ekki uppfylla skilyrði til háskólakennslu, sbr. 27. gr. Um yfirstjórn búnaðarnáms á Hvanneyri fer eftir ákvæðum 22.–23. gr. laga þessara og er rektor Landbúnaðarháskólans jafnframt yfirmaður þess.

VI. KAFLI
Menntastofnanirnar á Hólum í Hjaltadal og Reykjum í Ölfusi. Stjórn og starfslið.

29. gr.

Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal, og Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi eru vísinda- og menntastofnanir landbúnaðarins sem veita nemendum sínum menntun og þjálfun á sértækum sviðum íslensks landbúnaðar.

30. gr.

Stjórn Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins er falin skólanefnd og skólameistara.

Skólanefnd er ráðgefandi um skipulag, stefnu og áherslur í kennslu, rannsóknum og öðrum verkefnum stofnananna.

Skólameistari er yfirmaður stjórnsýslu stofnunarinnar og er æðsti fulltrúi hennar gagnvart mönnum og stofnunum innan hennar og utan og ber ábyrgð á starfsemi hennar. Skólameistari hefur frumkvæði að því að skólanefnd marki heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar. Skólameistari ræður kennara og annað starfsfólk stofnunarinnar. Önnur verkefni skólameistara eru skilgreind í erindisbréfi hans.

31. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna skólanefndir við búnaðarskólana til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd Hólaskóla eiga sæti einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, einn fulltrúi búnaðarþings, tveir fulltrúar bænda í Hólastifti og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu samtaka sveitarfélaganna í Hólastifti. Nefndin kýs sér sjálf formann. Í skólanefnd Garðyrkjuskólans að Reykjum eiga sæti einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins, einn fulltrúi til-

nefndur af búnaðarþingi, einn fulltrúi Sambands garðyrkjubænda, einn fulltrúi Félags garðyrkjumanna og einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum skólans. Nefndin kýs sér sjálf formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar í hvorri skólanefnd eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

32. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar skólameistara til fimm ára að fenginni tillögu skólanefndar. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Landbúnaðarráðherra er heimilt að endurskipa sama mann skólameistara að fengnum tillögum skólanefndar. Hæfni umsækjenda um embætti skólameistara skal metin eftir menntun, stjórnunarreynslu og vísinda- og kennslustörfum.

33. gr.

Kennarar og aðrir sérfræðingar við stofnanirnar skulu hafa lokið háskólaprófi í landbúnaðarfræðum eða hafa hliðstæða menntun. Þeir skulu auk kennslu vinna að rannsóknum og öðrum hliðstæðum störfum í þágu stofnunarinnar.

Heimilt er að ráða kennara í verklegum greinum sem hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og starfsþjálfunar á viðkomandi sviði að mati skólameistara.

34. gr.

Heimilt er að stofna til kennslu á háskólastigi við Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins á afmörkuðum sviðum með samþykki landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn búfræðsluráðs, enda sé slíkt nám í fullu samræmi við annað nám á háskólastigi samkvæmt lögum þessum og viðurkennt skv. 2. mgr. 2. gr. og 5. gr. laga þessara að mati búfræðsluráðs.

VII. KAFLI
Fjárhagur.

35. gr.

Kostnaður við störf menntastofnana landbúnaðarins er greiddur af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Hver stofnun hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Landbúnaðarráðherra gerir tillögur um fjárveitingar til hverrar stofnunar.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða að við gjaldtöku sé mætt þeim kostnaði sem rekstur stofnananna hefur í för með sér.

36. gr.

Menntastofnunum landbúnaðarins er heimilt að afla sértekna með:

a. skólagjöldum, sbr. 15. gr.,
b. rekstri þjónustustarfsemi sem tengist skólastöðunum,
c. búrekstri,
d. ráðgjafarþjónustu og
e. öðrum hætti er samrýmist meginverkefnum þeirra.

Menntastofnunum landbúnaðarins er heimilt að koma á fót og eiga aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum til styrktar og eflingar meginviðfangsefnum þeirra.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerðum, starfsreglum og samþykktum.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins, með síðari breytingum, og lög nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu, með síðari breytingum.

39. gr.

Við gildistöku þessara laga renna eignir Bændaskólans á Hvanneyri til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri yfirtekur einnig allar kvaðir og skuldbindingar Bændaskólans á Hvanneyri gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum.

Við gildistöku laga þessara renna eignir Bændaskólans á Hólum til Hólaskóla. Hólaskóli yfirtekur einnig allar kvaðir og skuldbindingar Bændaskólans á Hólum gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum.

40. gr.

Jarðirnar Hólar, Hvanneyri og Reykir eru lögbýli og eru með gögnum sínum og gæðum lagðar undir tilheyrandi menntastofnanir. Starfsemin á jörðunum skal þjóna þeim heildarmarkmiðum sem sett eru fyrir hverja stofnun og því hlutverki sem þær gegna í sínu nánasta umhverfi, sem og á landsvísu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nemendur sem við gildistöku laga þessara stunda nám í framangreindum skólum eiga rétt á að ljúka prófum samkvæmt gildandi námsskipulagi skólanna við gildistöku laganna. Nemendur geta þó lokið prófum samkvæmt nýju skipulagi skólanna ef þeir kjósa svo.

Skipað og ótímabundið ráðið starfsfólk Bændaskólans á Hvanneyri, Bændaskólans á Hólum og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum skal halda stöðum sínum. Þeir einir geta þó orðið prófessorar, dósentar og lektorar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri sem uppfylla kröfur 7. gr. laga nr. 136/1997, um háskóla.

Skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri verður rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Skólastjóri Bændaskólans á Hólum verður skólameistari Hólaskóla og skólastjóri Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum verður skólameistari Garðyrkjuskóla ríkisins.

1130. Frumvarp til laga [471. mál]

um breytingu á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, 1. gr., svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka eftirtaldar virkjanir:

1. Virkjun fallvatns sem veitt er um Vatnsfellsveitu úr Þórisvatni í Krókslón (Vatnsfellsvirkjun) með allt að 110 MW afli.
2. Virkjun á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW afli.
3. Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Námafjall (Bjarnarflagsvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Þá er iðnaðarráðherra heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði leyfi til að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Veiting leyfa skv. 1. og 2. mgr. er háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og því að uppfyllt séu skilyrði annarra laga. Þá getur ráðherra sett nánari skilyrði í virkjunarleyfi.

2. gr.

Í stað „1. gr.“ í 3. og 4. gr. laganna, er verða 4. og 5. gr., kemur hvarvetna: 1. og 2. gr.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra fellur brott lokamálsliður 1. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum. Við 2. mgr. sömu greinar bætist: Vatnsfellsvirkjun, með allt að 110 MW afli, Búðarhálsvirkjun, með allt að 120 MW afli, og Bjarnarflagsvirkjun, með allt að 40 MW afli.

1131. Nefndarálit [81. mál]

um till. til þál. um vinnuumhverfi sjómanna.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur um fjallað um málið. Umsagnir um það bárust frá Vélstjórafélagi Íslands, Siglingastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Hollustuvernd ríkisins og umhverfisráðuneyti. Þá óskaði nefndin eftir umsögn samgöngunefndar og er hún birt sem fylgiskjal með álitinu.

Í tillögunni er lagt til að fela ríkisstjórninni að stuðla að því að vinnuumhverfi sjómanna sé bætt. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að vinna að setningu reglna á þessu sviði er hafin en nú nýverið hafa verið settar tvær reglugerðir sem gilda um þetta efni, sbr. umsögn samgöngunefndar. Nefndin telur mikilvægt að því starfi verði haldið áfram og leggur til að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 10. mars 1999.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Árni M. Mathiesen.
Hjörleifur Guttormsson.	Tómas Ingi Olrich.	Kristján Pálsson.
Magnús Árni Magnússon.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Fylgiskjal.

Umsögn samgöngunefndar.
(3. mars 1999.)

Með bréfi, dags. 12. febrúar 1999, óskaði umhverfisnefnd eftir umsögn samgöngunefndar um framangreint þingmál. Þess var óskað að svar bærist eigi síðar en 26. febrúar 1999. Nefndin tók erindið fyrir á fundi sínum 23. febrúar sl. og eftir athugun málsins taldi nefndin þörf á að kalla fulltrúa Siglingastofnunar Íslands á sinn fund.

Á fundi samgöngunefndar í dag var málið tekið fyrir og komu Hermann Guðjónsson og Ari Guðmundsson frá Siglingastofnun Íslands til viðræðna um það. Nefndin byggir álit sitt á fundi með fulltrúum Siglingastofnunar og umsögn hennar um málið á 122. löggjafarþingi (þskj. 855, 500. mál).

Siglingastofnun Íslands hefur í samvinnu við samgönguráðuneytið unnið að setningu reglugerða á því sviði sem tillagan fjallar um. Í desember 1998 var gefin út reglugerð nr. 785/1998, um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum, og reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum. Reglugerðirnar eru settar með stoð í lögum nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, og með hliðsjón af tilskipunum ESB. Við nánari skoðun á fyrirmælum þeirra telur samgöngunefnd að þær falli að efni tillögunnar. Siglingastofnun vinnur nú að nánari útfærslu á einstökum ákvæðum reglugerðanna og telur nefndin mikilvægt að efni tillögunnar verði haft til hliðsjónar við þá vinnu.

Samgöngunefnd **styður samþykkt** tillögunnar en bendir á að í greinargerð með tillögunni er talið að lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildi um borð í íslenskum skipum. Í 2. gr. laganna er kveðið á um að lögin gildi ekki ef lög mæli á annan veg. Samgöngunefnd vill vekja athygli umhverfisnefndar á lögum nr. 35/1993, um eftilit með skipum. Í 3. gr. er m.a. mælt fyrir um hvernig vinnusvæði og vistarverur skipverja skuli vera. Skv. 4. gr. laganna er samgönguráðherra falið að setja reglur um aðbúnað og vinnuaðstöðu skipverja, svo sem hönnun og merkingar vinnusvæða, notkun og viðhald vinnutækja og öryggis-

búnaðar og heilbrigðis- og hollustuhætti í skipum. Þá er ráðherra jafnframt falið að setja reglugerðir um eftirlit með skipum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Samkvæmt framanrituðu virðist málið fremur falla undir málefnasvið samgöngunefndar en umhverfisnefndar. Þar sem tillagan gerir ráð fyrir að fela ríkisstjórninni að framkvæma efni tillögunnar má gera ráð fyrir að samgönguráðherra verði falið að vinna að framkvæmd hennar og gerir nefndin því ekki athugasemdir við meðferð umhverfisnefndar á málinu.

F.h. formanns samgöngunefndar

Einar Farestveit, nefndarritari.

1132. Tillaga til þingsályktunar [606. mál]

um sýslur.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að fjalla um stöðu sýslna í íslenskri löggjöf, landfræðileg mörk þeirra og hvort festa skuli þau í sessi með löggjöf. Að starfi nefndarinnar loknu leggi ráðherra málið fyrir Alþingi til upplýsinga og ákvörðunar um framtíðarstöðu sýslna.

Greinargerð.

Eftir breytingu á sveitarstjórnarlögum 1986 (lög nr. 8/1986) og aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði með lögum nr. 92/1989 heyra sýslur í íslenskri stjórnsýslu að mestu eða öllu sögunni til. Orðið sýslumaður vísar ekki lengur til landfræðilegs umdæmis og fylgja stjórnsýsluumdæmi þeirra nú ekki þeim mörkum sem áður voru hefðbundin sýslumörk heldur miðast við mörk og heiti sveitarfélaga. Um þetta vísast til skriflegs svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn flutningsmanns um sýslur á 122. lögjafarþingi, 668. mál, sem birt er sem fylgiskjal 1 með tillögunni. Stjórnskipuleg staða einstakra sýslna er þar sögð mismunandi eftir því hvort mörk þeirra falla saman við mörk stjórnsýsluumdæmis einstaks sýslumanns.

Almenningur er almennt ekki meðvitaður um þessar breytingar á stöðu sýslna og jafnvel embættismenn og stjórnmálamenn velkjast í vafa um stöðu þeirra. Um það vísast meðal annars til fyrrgreinds svars ráðherra á Alþingi og til auglýsinga ráðuneyta, sbr. meðfylgjandi frásögn úr Morgunblaðinu 9. maí 1996 í fylgiskjali II. Skýrt dæmi um þetta er að finna í nýlegum bæklingi, Um hálendi Íslands — fjársjóður þjóðarinnar, gefnum út af ríkisstjórn Íslands. Þar er birtur uppdráttur af Íslandi sem í texta er sagður sýna sýslumörk, en í skýringum kemur fram að um er að ræða umdæmamörk sýslumanna!

Í máli almennings, handbókum og kennsluefni fyrir skóla og víðar lifa sýslur áfram góðu lífi. Í lögum og einnig í stjórnarskrá lýðveldisins er enn vísað til sýslna í nokkrum tilvikum. Sýslumörk eru hins vegar farin á flot í meðförum manna eins og að framan greinir, þar eð ruglað er saman umdæmum sýslumanna og sýslum sem landfræðilegum einingum. Að mati flutningsmanns er full ástæða til að varpa ljósi á þetta samhengi og að Alþingi taki síðan afstöðu til stöðu sýslna framvegis. Þetta er bæði menningarsögulegt og hagnýtt viðfangsefni. Það sýnir sig að þörf er á stærri landfræðilegum einingum að vísa til en sveitarfélögum. Þótt

þau fari stækkandi með sameiningu getur orðið bið á að þau fylli út í sýslurnar í landfræðilegum skilningi og með öllu óvíst að mörk yrðu hin sömu. Allt eru þetta rök fyrir því að rýna þurfi í málið af vísum mönnum.

Um tilurð og þróun sýslna hérlendis má meðal annars vísa í fróðlega ritgerð Axels Kristinssonar: Embættismenn konungs fyrir 1400 (Saga XXXVI (1998), bls. 113–152) þar sem nefndar eru ýmsar heimildir. Í ritgerð þessari segir m.a. (bls. 121–122):

„Á síðari tímum hafa sýslur verið fastar landfræðilegar einingar með ákveðin nöfn. Þannig var það ekki á miðöldum. Sýsla merkti þá það svæði sem embættismaður hafði til yfirsóknar. Áherslan var á embættismanninn en ekki landsvæðið. Sýsluheitið var heldur ekki einskorðað við veraldlega valdsmenn því oft var talað um sýslur biskupa framan af. Sýsla var embætti valdsmannsins og það svæði sem hann stjórnaði, hversu stórt eða lítið sem það var. Flest bendir til að stærð sýslna og mörk þeirra hafi verið mjög á reiki og farið mest eftir því samkomulagi sem hver sýslumaður náði við konung eða hirðstjóra.

Landshættir hafa þó oft sett sýslum eðlileg mörk sem gátu haldist þótt nýir sýslumenn kæmu til. Einnig hafði þinga- og fjórðungaskipanin áhrif á sýsluskiptinguna og smám saman mynduðust hefðir um það hvar sýslumörk skyldu vera. Það er þó ekki fyrr en eftir lok miðalda að sýslurnar verða að föstum landfræðilegum einingum. Þetta sést vel á því að sýslunöfn þau sem við þekkjum koma ekki til sögunnar fyrr en á 16. öld — þau elstu eru frá fyrri hluta aldarinnar en flest birtast ekki í heimildum fyrr en um miðja öldina, þegar konungsvald var mjög að eflast og má þannig setja þau í samband við skilvirkara stjórnkerfi konungs á þeim tíma.“

Eðlilegt þykir að forsætisráðherra skipi þá nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir þar eð málið er ekki sérstaklega á borði dómsmálaráðherra og varðar stjórnsýslu og menningarsögu í víðu samhengi. Vonandi verður tillagan til þess að óvissu um mörk og stöðu sýslna verði eytt og staða þeirra verði lýðum ljós.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur. Sjá þskj. 1251 (668. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 5382–5383.
II. Forsætisráðuneytið vísar til sýslumarka í auglýsingu en sýslur „eru ekki til lengur“ (Mbl. 9. maí 1996).

1133. Frumvarp til laga [607. mál]

um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður er verði 2. málsl., svohljóðandi: Aðsetur hans er á Selfossi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari hluta síðasta árs kom fram tillaga frá landbúnaðarráðherra um að kannað yrði hvort hægt væri að flytja aðsetur Lánasjóðs landbúnaðarins frá Reykjavík. Var það tekið til skoðunar í stjórn sjóðsins sem komst að þeirri niðurstöðu að ekkert væri því til fyrirstöðu að sjóðurinn gæti þjónað viðskiptamönnum sínum frá öðrum stað en Reykjavík. Eftir ítarlega könnun lagði stjórn Lánasjóðsins til við landbúnaðarráðherra að höfuðstöðvar sjóðsins yrðu fluttar á Selfoss og hefur hann fallist á þá tillögu.

Nokkur vinna hefur verið lögð í fyrirhugaðan flutning sjóðsins. Þá var nýráðnum framkvæmdastjóra hans gerð grein fyrir fyrirhugðum flutningi er hann var ráðinn til starfsins.

Það sem sett hefur strik í reikninginn í þessum áformum er dómur Hæstaréttar frá 18. desember 1998 þar sem ákvörðun umhverfisráðherra um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness var dæmd ólögmæt þar eð ráðherra hefði ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar. Í dómi Hæstaréttar segir að þótt ekki séu bein fyrirmæli um það í lögum að ríkisstofnun skuli staðsett í Reykjavík verði ekki talið að það eitt gefi ráðherra frjálst val um hvar hún skuli vera. Þá megi helst skýra vöntun á ákvæðum um þetta í lögum með því að fyrirmæli séu í stjórnarskrá um staðsetningu ráðuneyta. Hafi það verið talið svo sjálfsagt fram á hin síðari ár að stofnanir, sem undir þau heyrðu, hefðu einnig aðsetur í höfuðborginni að ekki þyrfti að taka það fram í lögum.

Með hliðsjón af framangreindum dómi Hæstaréttar og stöðu málsins að öðru leyti telur nefndin nauðsynlegt að afla lagaheimildar þar sem kveðið er á um að aðsetur Lánasjóðs landbúnaðarins skuli vera á Selfossi.

1134. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um undirritun Kyoto-bókunarinnar.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Á fund nefndarinnar kom Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins. Umsagnir bárust frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, Landsvirkjun, Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands. Þá óskaði nefndin eftir umsögn utanríkismálanefndar og er hún birt sem fylgiskjal með þessu áliti.

Ísland hefur tekið virkan þátt í alþjóðlegri umræðu um umhverfismál og tók meðal annars þátt í lokagerð rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem undirritaður var fyrir Íslands hönd á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro 12. júní 1992. Með ályktun Alþingis frá 7. maí 1993 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda þennan samning fyrir Íslands hönd. Ísland tók einnig virkan þátt í undirbúningsvinnu bókunar við samninginn sem lokið var við í Kyoto 10. desember 1997 og hefur verið kennd við þá borg. Gerð Kyoto-bókunarinnar var hins vegar ekki lokapunktur í samningaferlinu. Ólokið er útfærslu sveiganleikaákvæða bókunarinnar sem svo hafa verið nefnd, þ.e. viðskiptum með losunarkvóta, sameiginlegri framkvæmd verkefna í löndum ríkja OECD og Austur-Evrópu (Annex I ríki samningsins) og verkefnum í þróunarríkjunum. Í Kyoto var einnig ákveðið að taka til skoðunar stöðu ríkja þar sem einstök verkefni mundu hafa veruleg hlutfallsleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda á skuldbindingartímabili bókunarinnar, árin

2008–2012. Hefur þetta verið nefnt íslenska ákvæðið. Fyrsta umfjöllun um þetta ákvæði lokasamþykktar Kyoto-fundarins var á fundi undirnefnda rammasamningsins í Bonn í júní 1998 og síðan var málið aftur til umfjöllunar á fjórða aðildarríkjaþingi rammasamningsins í Buenos Aires í nóvember sama ár. Á því gerði Ísland tillögu að ákvörðun í málinu sem naut stuðnings Bandaríkjanna, Ástralíu, Sviss og Mónakó en andstöðu ESB, Kanada, smáeyjaríkja og þróunarríkja. Málflutningur þeirra sem voru andsnúnir íslensku tillögunni sýndi að enn skortir nokkuð á að fullur skilningur sé á sérstöðu Íslands. Þótt engin ákvörðun hafi verið tekin um íslenska ákvæðið á fundinum í Buenos Aires tryggðu góð og fagleg vinnubrögð íslensku samningamannanna að umfjöllun um málið verður haldið áfram með það fyrir augum að afgreiða það á næsta aðildarríkjaþingi sem haldið verður í haust. Fyrir liggur einnig að semja þarf frekar um bindingu koltvíoxíðs með ræktun og þar er mikilvægt að fá viðurkennt að aðgerðir í landgræðslu verði metnar í því sambandi.

Ísland hefur mikla sérstöðu meðal þjóða heims þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda og hefur mikla hagsmuni af því að reynt verði til þrautar að fá hana viðurkennda við samningaborð aðildarríkja rammasamningsins um loftslagsbreytingar. Í áliti utanríkismálanefndar kemur fram að meiri hlutinn telur að undirritun Kyoto-bókunarinnar af hálfu Íslands væri til þess fallin að veikja tiltrú viðsemjenda okkar á því að ásættanleg útfærsla íslenska ákvæðisins sé forsenda fyrir aðild okkar að bókuninni eins og stjórnvöld hafa lýst yfir allt frá lokum Kyoto-ráðstefnunnar. Þá er það yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að Ísland gerist aðili að bókuninni, enda verði tryggt að við getum áfram nýtt endurnýjanlegar orkulindir bæði til þess að tryggja framfarir og velmegun hér á landi og til þess að draga úr notkun mengandi orkugjafa í heiminum. Meiri hlutinn styður þessi sjónarmið. Hann telur jafnframt að málflutningur Íslands í alþjóðlegum samningaviðræðum sem byggður er á málefnalegum og lagalegum grunni eigi ekki að skaða ímynd Íslands á alþjóðavettvangi sem merkisbera náttúru- og umhverfisverndar eins og minni hluti utanríkismálanefndar óttast.

Með vísan til framangreinds og meðfylgjandi álits meiri hluta utanríkismálanefndar telur meiri hlutinn að undirritun Kyoto-bókunarinnar sé ótímabær og leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 9. mars 1999.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Árni M. Mathiesen.
Kristján Pálsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Fylgiskjal.

Álit utanríkismálanefndar
(5. mars 1999.)

Á fundi utanríkismálanefndar í dag var tekin fyrir beiðni umhverfisnefndar um að utanríkismálanefnd gæfi umsögn um 41. mál, undirritun Kyoto-bókunarinnar. Á fund nefndarinnar komu Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins, og Helgi Ágústsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins. Nefndin fjallaði einnig um málið á fundi sínum 24. febrúar sl. að viðstöddum utanríkisráðherra.

Nefndin er ekki einhuga í afstöðu sinni til málsins.

Meiri hlutinn (TIO, ÁMM, ÁRÁ, GMS, LMR, SF) telur að samþykkt tillögunnar mundi ekki styðja hagsmuni Íslendinga og mælir því **ekki með samþykkt** hennar. Samhliða samþykkt Kyoto-bókunarinnar var ákveðið að taka til skoðunar stöðu ríkja þar sem einstök verkefni mundu hafa veruleg hlutfallsleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda á skuldbindingartímabilinu. Hefur þetta verið nefnt íslenska ákvæðið. Enn standa yfir samningaviðræður um útfærslu á ákvæðinu. Undirritun Kyoto-bókunarinnar af hálfu Íslands væri til þess fallin að veikja tiltrú viðsemjenda okkar á því að ásættanleg útfærsla íslenska ákvæðisins sé forsenda fyrir aðild okkar að bókuninni eins og stjórnvöld hafa lýst yfir allt frá lokum Kyoto-ráðstefnunnar. Sérstaklega ber að hafa í huga að enginn munur er á réttarstöðu þeirra aðildarríkja bókunarinnar sem undirrita hana fyrir 15. mars og þeirra sem gerast aðilar að henni síðar. Þá er enn fremur ljóst að Kyoto-bókunin öðlast ekki gildi fyrr en að nokkrum árum liðnum og því er enn töluverður tími til stefnu fyrir Íslendinga að gerast stofnaðilar að henni. Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar, og skoðun meiri hlutans, að Ísland gerist aðili að bókuninni, enda verði tryggt að við getum áfram nýtt endurnýjanlegar orkulindir bæði til þess að tryggja framfarir og velmegun hér á landi og til þess að draga úr notkun mengandi orkugjafa í heiminum.

Minni hlutinn og fulltrúar Samfylkingarinnar (ÖS, MF, SighB) leggja hins vegar til að tillagan verði **samþykkt**. Með því lýsi Alþingi yfir þeirri skoðun sinni að það hafi verið rangt af íslensku ríkisstjórninni að ákveða að undirrita ekki Kyoto-bókunina fyrir 15. mars. Undirritun bókunarinnar er ekki bindandi í skilningi þjóðaréttar. Hún felur hins vegar í sér yfirlýsingu um stefnu Íslendinga varðandi þá niðurstöðu sem felst í Kyoto-bókuninni við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Þess vegna telja fulltrúar Samfylkingarinnar að ákvörðun ríkisstjórnarinnar sé röng og skemmi ímynd Íslands á alþjóðavettvangi sem merkisbera náttúru- og umhverfisverndar. Þeir telja hana sömuleiðis ekki þjóna heildarhagsmunum Íslands, en rætist verstu spár um loftslagsbreytingar af völdum losunar gróðurhúsalofttegunda gæti það hugsanlega leitt til þess að landið yrði óbyggilegt. Þá telja fulltrúar Samfylkingarinnar ákvörðunina fráleitt heppilega til að ná fram skilningi annarra þjóða á því sem ríkisstjórnin hefur skilgreint sem „sérstöðu“ landsins og taka heils hugar undir þá skoðun Halldórs Þorgeirssonar, aðalsamningamanns Íslands á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, að höfnun á að undirrita bókunina tefji fyrir því að Ísland nái fram samningsmarkmiðum sínum.

Tómas Ingi Olrich formaður.

1135. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um undirritun Kyoto-bókunarinnar.

Frá 1. minni hluta umhverfisnefndar.

Um allan heim hafa menn áhyggjur af vaxandi gróðurhúsaáhrifum í andrúmsloftinu af mannavöldum sem valdið geta verulegum breytingum á veðurfari og lífsskilyrðum. Þjóðir heims hafa almennt viðurkennt þessa hættu og þá staðreynd að engin ein þjóð geti brugðist við vandanum án samvinnu við aðrar. Eftir flóknar og tímafrekar viðræður milli þjóða sem hófust 1988 um aðgerðir til að sporna gegn loftslagsbreytingum náðist samkomulag um alþjóðlegan samning sem undirritaður var af flestum þjóðum heims á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó de Janeiró í Brasilíu í júní 1992.

Með undirritun Ríó-samningsins höfðu þjóðir heims í sameiningu mótað stefnu og fundið leiðir sem miða að því að draga úr losun koltvíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Ísland tók þátt í gerð þessa samnings um loftslagsbreytingar, undirritaði hann árið 1992 og staðfesti aðild sína að honum. Með aðild að samningnum samþykkti Ísland að taka þátt í því með öðrum þróuðum ríkjum að vinna að því að losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið yrði ekki meiri árið 2000 en hún var árið 1990.

Áður en loftslagssamningurinn var samþykktur af Íslands hálfu hafði íslenska ríkið skuldbundið sig til að vinna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum. Í norrænu umhverfisáætluninni sem samþykkt var 1989 eru t.d. ákvæði um aðgerðir til að draga úr koltvíoxíðmengun í andrúmslofti. Á ráðherrafundi, sem haldinn var í tengslum við aðra alþjóðlegu veðurfarsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf í nóvember 1990, samþykkti umhverfisráðherra fyrir hönd Íslands yfirlýsingu þess efnis að aðildarríki Evrópusambandsins og EFTA, auk Japans, Ástralíu, Nýja-Sjálands og Kanada, skuldbinda sig til að draga úr losun koltvíoxíðs út í andrúmsloftið þannig að hún verði ekki meiri árið 2000 en hún var í viðkomandi landi árið 1990.

Nú þegar á reynir og þjóðir heims hafa komið sér saman um samræmdar aðgerðir til að ná því langþráða markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið ætlar Ísland að skerast úr leik samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Það er ljóst að ekki verður unnt að halda losuninni óbreyttri á milli áranna 1990 og 2000, en aðildarríki Ríó-samningsins um loftslagsbreytingar hafa nú með Kyoto-bókuninni komið sér saman um það raunhæfa markmið að draga þannig úr losuninni með sameiginlegu átaki að hún verði 5,2% minni á tímabilinu 2008–2012 en hún var árið 1990. Skuldbindingarnar eru mismunandi milli einstakra ríkja eða frá 8% minni losun upp í að heimila 10% meiri losun.

Íslandi er heimilt samkvæmt Kyoto-bókuninni að losa 10% meira en gert var 1990, eða mest allra þeirra ríkja sem hafa skuldbundið sig til aðgerða samkvæmt samningnum. Þrátt fyrir að Ísland hafi fengið sérstöðu sína viðurkennda, þ.e. smæð hagkerfisins og hlutfallslega mikla nýtingu vistvænna orkugjafa, og fengið rúmastar heimildir allra þjóða ætlar meiri hluti umhverfisnefndar í félagi við ríkisstjórnina að koma í veg fyrir að Ísland taki áfram þátt í sameiginlegri baráttu þjóða við loftslagsbreytingar af mannavöldum.

Með því að undirrita Kyoto-bókunina núna eru send þau skilaboð til annarra þjóða að Ísland stefni að því að staðfesta hana síðar og að Ísland ætli ekki, eitt OECD-ríkja, að skerast úr leik þegar loksins hefur náðst samkomulag um raunhæfar aðgerðir. Hin eiginlega aðild að bókuninni verður ekki fyrr en undirritunin hefur verið staðfest með samþykki Alþingis þannig að undirritunin er í raun viljayfirlýsing. Þau rök sem meiri hlutinn færir fram gegn því að gefa slíka viljayfirlýsingu eru því óskiljanleg að mati 1. minni hluta.

Það er útúrsnúningur að halda því fram að undirritun Kyoto-bókunarinnar þýði að Íslendingar geti ekki haldið áfram að nýta endurnýjanlegar orkulindir landsins. Undirritun og fullgilding bókunarinnar síðar mun ekki koma í veg fyrir nýtingu orkulindanna. Fullgilding mun takmarka möguleika til að nýta orkuna í mengandi stóriðju, en ekki á nokkurn annan hátt. Undirritun bókunarinnar mun hins vegar hvetja stjórnvöld til að leita leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið og til að endurmeta margvíslega þætti í samfélaginu með það fyrir augum að draga úr útblæstri skaðlegra lofttegunda, t.d. frá fiskiskipum og samgöngutækjum.

Jafnframt mun undirritun hvetja til endurskoðunar á áformum um mengandi stóriðju og annarra leiða til að nýta orkuna í fallvötnum landsins og jarðhitasvæðum. Einnig mun þurfa að skoða vel leiðir til að draga úr mengun andrúmsloftsins með landgræðslu og skógrækt í samræmi við systursamninginn frá Ríó de Janeiró um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Með honum er ekki síður verið að taka á mikilvægum umhverfismálum en með samningnum um loftslagsbreytingar.

Það sem skiptir máli er að undirritun nú mun hvetja til þess að gerðar verði raunhæfar framkvæmdaáætlanir sem miði að því að ná settu markmiði Kyoto-bókunarinnar og þeim framfylgt í stað þess að virða þær að vettugi líkt og gert var við þær sem samþykktar hafa verið á undanförnum árum.

Staða Íslands í samfélagi þjóðanna mun veikjast verulega ef Kyoto-bókunin verður ekki undirrituð fyrir 15. mars 1999. Verulega mun draga úr möguleikum Íslands til að hafa áhrif á þróun umhverfismála í heiminum og þar á meðal á þróun mála er varða mengun hafsins og nýtingu fiskimiða og annarra auðlinda sjávar. Hnattræn vandamál á sviði umhverfisverndar og nýtingar auðlinda jarðarinnar varða hagsmuni Íslendinga og þau verða ekki leyst nema með sameiginlegu átaki þjóða heimsins. Að skerast úr leik nú í sameiginlegri baráttu þjóðanna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum með því að neita að gefa þá viljayfirlýsingu sem felst í undirritun bókunarinnar er vísasta leiðin til að gera Ísland að áhrifalausu jaðarríki á hjara heims.

Að mati 1. minni hluta er mun sterkara fyrir íslensku þjóðina, sem vill láta til sín taka í umhverfismálum á alþjóðavettvengi, að undirrita Kyoto-bókunina núna og vera áfram með í sameiginlegri baráttu þjóða gegn loftslagsbreytingum. Það veikir stöðu þjóðarinnar að skerast nú úr leik og slíta samstarfi á þessu sviði við önnur ríki Norðurlanda og OECD.

Fyrsti minni hluti leggur til að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 9. mars 1999.

Margrét Frímannsdóttir, frsm. Magnús Árni Magnússon.

1136. Skýrsla [198. mál]

forsætisráðherra um stöðu, aðbúnað og kjör öryrkja, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Inngangur.

Síðasta haust óskuðu nokkrir þingmenn stjórnarandstöðunnar eftir skýrslu frá forsætisráðherra um stöðu, aðbúnað og kjör öryrkja. Þjóðhagsstofnun vann skýrsluna. Upplýsingar hafa m.a. verið sóttar til Tryggingastofnunar ríkisins, fjármálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Eins og fram kemur í skýrslunni hefur hagur öryrkja sífellt batnað á undanförnum árum. Kaupmáttur bóta hefur aukist og þjónusta við öryrkja hefur aukist og orðið fjölbreytilegri. Á næstu árum þarf þó enn frekar að styrkja stöðu þessa hóps og þá sérstaklega með áherslu á endurhæfingu svo að flestir verði sjálfbjarga um tekjuöflun og til sjálfstæðs lífs.

1. Hækkun örorkulífeyris og tekjutryggingar síðustu fimm ár í samanburði við þróun lágmarkslauna, að teknu tilliti til eingreiðslna og tekjutryggingarauka.

Síðastliðin fimm ár hafa lágmarkslaun hækkað verulega umfram almenn laun. Að baki þessari þróun liggur einkum það að samið hefur verið um eingreiðslur sem hafa vegið þungt hjá hinum lægstlaunuðu. Í síðustu kjarasamningum voru lægstu laun hækkuð verulega eða upp í 70 þús. kr. Frá 1993–98 hafa lágmarkslaun með eingreiðslum hækkað um 52% en launavísitala Hagstofu Íslands um 29,8%. Þannig hækkuðu lágmarkslaun um 17% umfram launavísitöluna. Hafa þarf í huga að afar fáir þiggja laun samkvæmt lágmarkstaxta og í raun var verið að færa taxta að raunverulegum launum. Bætur almannatrygginga hafa fylgt almennum kjarasamningum og því er nærtækara að miða við hvernig laun á almennuum markaði hafa þróast. Tafla 1 sýnir að laun á almennum markaði hafa hækkað um 25,4 stig eða ámóta og lágmarksbætur einhleypra.

Tekið hefur verið tillit til umsamdra eingreiðslna við ákvörðun bóta almannatrygginga. Örorkulífeyrir og tekjutrygging hafa hækkað um 17,4% á þessu tiltekna árabili. Þegar heimilisuppbótum er bætt við nemur hækkunin 24,3%. Heimilisuppbótin hækkaði um rúm 40% 1. júní 1997, en á móti var dregið úr heimild til niðurfellingar á áskriftargjöldum að Ríkisútvarpinu og fastagjaldi símans.

Kaupmáttur lífeyrisþega sem nýtur óskertra heimilisuppbóta hefur hækkað um tæp 14% en kaupmáttur grunnlífeyris og tekjutryggingar örorkulífeyrisþega hefur hækkað um 7,5%.

Í töflu 1 eru þessar vísitölur sýndar og forsendur í viðaukatöflu V.I.1. Eingreiðslur eru meðtaldar í tölum um laun og bætur.

Tafla 1. Vísitölur launa og bóta.
1993 = 100

	Lágmarks-laun	Launa-vísitala	Launavísitala miðað við almennan markað	Grunnlífeyrir og tekjutrygging Með heimilis-uppbótum	
1993	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
1994	101,0	101,2	100,9	99,4	99,4
1995	107,2	105,8	105,2	102,1	102,4
1996	114,2	112,5	110,7	106,2	106,5
1997	129,3	118,6	117,2	114,3	110,6
1998	152,1	129,8	125,4	124,3	117,4

2. Fjöldi öryrkja sem njóta fullrar tekjutryggingar. Samanburður við aðrar Norðurlandaþjóðir.

Tekjutryggingin var lögfest árið 1972. Á þeim rúmlega aldarfjórðungi sem liðinn er hafa geysilegar breytingar orðið á lífeyriskerfi landsmanna. Þar ber auðvitað langhæst hversu hinum almennu lífeyrissjóðum hefur vaxið fiskur um hrygg. Af þessum ástæðum segir þróunin frá 1972 lítið. Hlutfall þeirra sem fá fulla tekjutryggingu hefur farið lækkandi meðal annars vegna hærri lífeyris frá sjóðunum. Tekjutrygging var hugsuð sem tímabundið úrræði sem smám saman viki fyrir greiðslum úr lífeyrissjóðum eftir því sem þeir efldust, sérstaklega á það við um ellilífeyri. Með hækkandi örorkugreiðslum úr lífeyrissjóðum má búast við að hlutfall þeirra sem njóta fullrar tekjutryggingar lækki í samræmi við uppbyggingu almannatrygginga.

Undanfarin ár hefur verið leitast við að draga úr jaðaráhrifum í almannatryggingakerfinu, meðal annars með því að færa fastagjald af síma og afnotagjald Ríkisútvarpsins inn í heimilisuppbót og með því að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skerðir ekki lengur bætur almannatrygginga. Þá voru frítekjumörk nýverið hækkuð verulega þannig að jaðaráhrifin koma fram við mun hærri tekjur en áður og hafa þar af leiðandi áhrif á færri lífeyrisþega. Þetta er jafnframt meiri hvati til að afla eigin tekna en var fyrir breytinguna.

Tryggingastofnun hefur ekki haldbærar eldri tölur en frá 1993 og eru þær sýndar í töflu 2.

Tafla 2. Fjöldi öryrkja með fulla tekjutryggingu.

	Fjöldi með fulla tekjutryggingu	Örorkulífeyris-þegar alls	Hlutfall með óskerta tekjutryggingu, %
1993	2.902	5.963	48,7
1994	3.067	6.540	46,9
1995	3.319	7.175	46,3
1996	3.368	7.577	44,5
1997	3.483	7.776	44,8
1998	3.396	7.980	42,6

Þótt greina megi ákveðin líkindi með lífeyriskerfum Norðurlandanna er fjölmargt sem skilur á milli. Nefna má að í Danmörku eru örorkugreiðslur einvörðungu frá almannatryggingum, í Noregi er engin tekjutenging, en aftur eru reglur í Finnlandi þannig að þegar örorkulífeyrir frá lífeyrissjóði fer yfir ákveðið mark falla örorkugreiðslur almannatrygginga alveg niður. Því er afar vafasamt að bera saman fjölda þeirra sem fá óskertar bætur á Norðurlöndum.

3. Fjöldi öryrkja á vinnumarkaði og á atvinnuleysisskrá.

Helsta heimildin um atvinnuþátttöku landsmanna og starfshlutfall er vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands. Sú könnun er byggð á úrtaki og þar kemur ekki fram hvort menn eru öryrkjar eða ekki. Þó svo væri gæfi það ekki marktækar upplýsingar um starfshlutfall öryrkja. Nokkra vísbendingu um atvinnuþátttöku öryrkja má fá úr skattframtölum. Samkvæmt athugun Þjóðhagsstofnunar fengu 37,8% öryrkja atvinnutekjur á árinu 1997, sjá nánar í töflu V.II.9 í viðauka. Í ljósi þess að meðalatvinnutekjurnar eru lágar eða sem svarar 36.500 kr. á mánuði er líklegt að starfshlutfall flestra sé lágt. Þá er þess einnig að gæta að margir öryrkjar vinna á vernduðum vinnustöðum.

Þjóðhagsstofnun athugaði einnig hversu margir öryrkjar hefðu talið fram atvinnuleysisbætur fyrir árið 1997. Niðurstaðan var sú að 4,5% öryrkja höfðu fengið atvinnuleysisbætur að meðaltali 190 þús. kr. á árinu. Vinnumálastofnun félagsmálaráðuneytisins sér um atvinnuleysisskráningu. Engar upplýsingar er þar að fá um fjölda öryrkja á atvinnuleysisskrá og því ekki hægt að gera þróun undanfarinna fimm ára skil.

4. Meðalmánaðargreiðslur ríkisins til öryrkja á síðasta ári.

Ríki og sveitarfélög inna af hendi ýmsar greiðslur til öryrkja. Þar munar auðvitað mest um greiðslur almannatrygginga. Samkvæmt bráðabirgðatölum um greiðslur almannatrygginga til örorkulífeyrisþega námu þær 4.912 millj. kr. á árinu 1998 og meðalfjöldi lífeyrisþega var 7.870. Meðalgreiðslur á mann námu því 52.000 kr. á mánuði. Nánari skipting eftir tegund greiðslna kemur fram í töflu V.I.2 í viðauka.

Örorkustyrkþegar voru 1.617 talsins að meðaltali á síðasta ári. Greiðslur til þeirra námu alls 312,7 millj. kr. og komu því að jafnaði 16.100 kr. í hlut hvers þeirra á mánuði.

Alls var greiddur endurhæfingarlífeyrir að fjárhæð 212,4 millj. kr. Skipist fjárhæðin milli 247 lífeyrisþega og meðalgreiðsla á mánuði var því 72.000 kr.

5. Hlutfall örorkulífeyrisgreiðslna ríkisins af vergri landsframleiðslu og útgjöld á íbúa samanborið við aðrar Norðurlandaþjóðir.

Alls námu greiðslur vegna örorkulífeyris og tekjutryggingar 3.483 millj. kr. (þ.m.t. endurhæfingarlífeyrir) árið 1998, sem er 0,62% af landsframleiðslu.

Mismunur á útgjöldum vegna örorkulífeyris í einstökum löndum skýrist af fjölmörgum þáttum. Þar má nefna fjölda örorkulífeyrisþega, mismunandi skilgreiningu á örorku og loks lífeyris- og bótakerfi viðkomandi landa.

Skilgreining örorku er mismunandi eftir löndum. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um að miða örorku við læknisfræðilega kvarða fremur en möguleika manna til að afla tekna eins og verið hefur um langt árabil. Bætur til öryrkja eru greiddar í tveimur flokkum eftir örorkustigi, þ.e. örorkustyrkur og örorkulífeyrir. Til þess að eiga rétt á örorkulífeyri þarf viðkomandi að vera metinn a.m.k. 75% öryrki, en rétt á örorkustyrk eiga þeir sem eru a.m.k. 50% öryrkjar. Mikill munur er á réttindum þessara hópa í almannatryggingakerfinu. Réttur örorkustyrksþega takmarkast við grunnlífeyri, bílakaupastyrk og bensínstyrk. Í Svíþjóð öðlast

menn sem teljast 25% öryrkjar hins vegar rétt til örorkugreiðslna í hlutfalli við örorku. Miðað er við 40% örorku í Finnlandi, en í hinum löndunum er miðað við 50% örorku. Ítrekað er að skilgreining á örorku er mismunandi í löndunum og þarf að skoða hlutfall örorku í ljósi þess.

Fjöldi öryrkja á Norðurlöndum er sýndur í töflu 3. Þar kemur fram að á árinu 1995 voru 5,4% Íslendinga á aldrinum 16–64 ára örorkulífeyrisþegar. Flestir örorkulífeyrisþegar voru í Finnlandi 9% og fæstir í Danmörku 4,3%. Næstfæstir voru þeir á Íslandi.

Tafla 3. Fjöldi öryrkja á Norðurlöndum 1995.

	Hlutfall af íbúafjölda.
Ísland [1]	5,4%
Danmörk	4,3%
Finnland	9,2%
Noregur	7,4%
Svíþjóð	7,6%

[1] Örorkulífeyris- og styrkþegar.

Heimild: Social Protection in the Nordic Countries 1996.

Við þennan samanburð þarf að hafa fyrrgreindar skilgreiningar á örorku í huga. Í töflu 3 var miðað við öryrkja á aldrinum 16–64 ára. Við samanburð á örorkulífeyrisgreiðslum í töflu 4 þarf einnig að hafa í huga að eftirlaunaaldur er ekki sá sami í löndunum fimm því að réttur til örorkugreiðslna fellur niður þegar öryrki kemst á ellilífeyri. Finnar og Svíar komast á eftirlaun 65 ára, en miðað er við 67 ára aldur á Íslandi, Noregi og Danmörku.

Tafla 4. Örorkulífeyrir sem hlutfall af landsframleiðslu á Norðurlöndum 1996.

	Ríki og lífeyrissjóðir, %	Frá ríki, %
Ísland	1,49	1,01
Danmörk	2,35	1,78
Finnland	3,8	0,71
Noregur	3,11	0,93
Svíþjóð	2,75	0,79

Heimild: Social Protection in the Nordic Countries 1996.

Einfaldur samanburður á félagslegum útgjöldum í hlutfalli við landsframleiðslu sýnir aðeins ófullkomna mynd. Á undanförnum árum hefur OECD einmitt brugðið ljósi á nettó félagsleg útgjöld að teknu tilliti til skattlagningar á lífeyri og bætur. Að þessu athuguðu breytist myndin af félagslegum útgjöldum verulega. Í þessum útreikningum kemur fram að félagsleg útgjöld á Norðurlöndunum eru hvað hæst meðal aðildarríkjanna í hlutfalli við landsframleiðslu áður en tekið er tillit til skatta. Danir og Svíar vörðu um 36% landsframleiðslu til opinberra félagsmála, en t.d. í Bandaríkjunum var hlutfallið 17% og 26% í Bretlandi. Þegar hins vegar tillit er tekið til skattlagningar félagslegra bóta jafnast þessi munur verulega. Nettóútgjöld Dana nema samkvæmt OECD 24% af landsframleiðslu og Svía um 27%, en nettóútgjöld Breta eru 24,5% og Bandaríkjamanna 24,5%. Í síðastnefnda landinu eru margvísleg félagsleg útgjöld á ábyrgð einkaaðila auk þess sem skattar á félagslegar bætur eru lágar. Ekki liggja fyrir viðlíka reikningar fyrir Ísland, en þetta er dregið fram hér til að undirstrika hversu takmarkaða sögu útgjöldin ein og sér segja.

6. Mánaðarlegur framfærslukostnaður örorkulífeyrisþega og tekjur hér á landi samanborið við örorkulífeyrisþega annars staðar á Norðurlöndum.

Um þetta eru engar upplýsingar til, hvorki hér á landi né annars staðar á Norðurlöndum. Hér er væntanlega átt við einhvers konar lágmarksframfærslu. Það er hugtak sem er nánast óbrúklegt því að þarfir manna eru ólíkar og það sem einum finnst munaður finnst öðrum lífsnauðsyn. Neyslukannanir sem gerðar eru hér á landi sem og annars staðar á Norðurlöndum eru byggðar á úrtaki allra heimila og gefa ekki marktækar niðurstöður um neyslu öryrkja.

7. Hlutfall öryrkja sem eiga einungis rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun eða sambærilegum opinberum aðilum og hlutfall öryrkja sem fá innan við 30 þús. kr. á mánuði í greiðslur frá lífeyrissjóðum.

Ítarlega umfjöllun um þetta er að finna í viðauka II. Þar kemur fram að 57% öryrkja fá greiðslur úr lífeyrissjóði og 43% fá engar greiðslur. Skiptingu eftir fjárhæð greiðslna er að finna í töflu 5.

Tafla 5. Greiðslur úr lífeyrissjóði 1997.

	Innan við 10 þús. kr. á mánuði	10–20 þús. kr. á mánuði	20–30 þús. kr. á mánuði	Meira en 30 þús. kr. á mánuði
Fjöldi	994	970	947	2.103
Hlutfall	19,8%	19,3%	18,9%	41,9%
Meðalgreiðsla, þús. kr. á mánuði	5,2	14,8	24,8	55,9

8. Skattbyrði örorkulífeyrisþega.

Tekjuskattskerfið er þannig uppbyggt að þegar kaupmáttur vex hækkar skatturinn hlutfallslega meira, en þegar kaupmáttur minnkar léttist skattbyrðin. Er kerfið hugsað til að vinna á móti hagsveiflum og jafna sveiflur í ráðstöfunartekjum einstaklinga. Þessi áhrif eru mjög áberandi í þróun undanfarinna ára þegar almennur kaupmáttur hefur vaxið hröðum skrefum. Skattleysismörk hafa tekið mið af verðlagsbreytingum en ekki almennum tekjubreytingum. Persónuafsláttur hefur lækkað um 1,7% frá 1993. Á móti vegur lækkun skatthlutfalls í staðgreiðslu um 2,32 prósentustig eða úr 41,34% í 39,02%. Í ársbyrjun 1999 lækkaði hlutfallið enn í 38,34%. Í tengslum við síðustu kjarasamninga var ráðist í breytingar á skattkerfinu sem miðuðu að því að lækka jaðarskatta. Þá skiptir breyting á skattalegri meðferð lífeyrisiðgjalds miklu fyrir hinn almenna launþega. Hvað lífeyrisþeganna varðar skiptir frádráttur lífeyrsiðgjalds ekki eins miklu máli því þeir hafa yfirleitt litlar atvinnutekjur. Af þessum sökum er viðbúið að skattbyrði örorkulífeyriþega hafi þyngst á undanförnum fimm árum með vaxandi kaupmætti.

Gróf áætlun var gerð um þróun tekjuskattsstofns örorkulífeyriþega árin 1993–98. Gengið var út frá meðaltekjum ársins 1997 samkvæmt skattframtali og tekjur annarra ára áætlaðar miðað við viðeigandi vísitölur eftir tekjuliðum. Áætluð skattbyrði þeirra er sýnd í töflu 6 en nánari sundurliðun er að finna í viðauka, töflu V.I.3.

Tafla 6. Áætlun um tekjur og skattar öryrkja 1993–98.
(Fjárhæðir í þús. kr. á ári.)

	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Einhleypir						
Heildartekjur	832	841	858	892	944	1.011
Tekjuskattsstofn	832	841	857	887	938	1.004
Reiknaðir skattar	59	65	65	78	99	112
Vaxtabætur	9	10	10	12	13	13
Barnabætur	–	–	–	–	–	–
Nettóskattar	50	55	55	66	87	98
Ráðstöfunartekjur	783	786	803	826	857	912
Kaupmáttur ráðstöfunartekna, 1993 = 100	100,0	99,0	99,5	100,1	102,0	106,8
Einstæðir foreldrar						
Heildartekjur	1.203	1.217	1.241	1.282	1.336	1.404
Tekjuskattsstofn	726	734	748	774	819	878
Reiknaðir skattar	15	20	20	30	49	62
Vaxtabætur	41	45	47	55	57	60
Barnabætur	248	249	255	256	256	256
Nettóskattar	-275	-274	-283	-280	-263	-253
Ráðstöfunartekjur	1.478	1.492	1.524	1.562	1.600	1.657
Kaupmáttur ráðstöfunartekna, 1993 = 100	100,0	99,5	99,9	100,2	100,8	102,7
Hjón						
Heildartekjur	2.229	2.252	2.338	2.470	2.590	2.802
Tekjuskattsstofn	2.229	2.252	2.322	2.410	2.517	2.723
Reiknaðir skattar	351	368	386	422	468	502
Vaxtabætur	26	28	30	34	36	38
Barnabætur	29	29	30	30	30	30
Nettóskattar	296	311	326	357	402	434
Ráðstöfunartekjur	1.933	1.942	2.012	2.113	2.188	2.368
Kaupmáttur ráðstöfunartekna, 1993 = 100	100,0	99,0	100,9	103,6	105,4	112,2

9. Hlutfall greiðslna úr lífeyrissjóðakerfi eða öðrum sparnaðarformum til öryrkja í samanburði við greiðslur úr almannatryggingakerfi.

Athugun Þjóðhagsstofnunar á skattframtölum örorkulífeyrisþega leiðir í ljós að 57% þeirra fengu greiðslur úr lífeyrissjóðum á árinu 1997 og var meðalgreiðsla til þeirra 385 þús. kr. eða um 32 þús. kr. á mánuði. Heildargreiðslur úr lífeyrissjóði námu 1.928 millj. kr., en greiðslur frá Tryggingastofnun til sömu örorkulífeyrisþega námu 3.925 millj. kr. samkvæmt skattframtölum þeirra. Hlutur lífeyrissjóðanna í lífeyri þessara öryrkja var því 32,9%.

10. Félagsleg aðstoð við öryrkja, fjárveitingar til hennar frá ríki og sveitarfélögum og hlutfall þeirra af landsframleiðslu samanborið við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.

Gögn eru ekki tiltæk um hversu miklu er varið til félagslegrar aðstoðar til öryrkja sérstaklega hjá ríki og sveitarfélögum. Örorkulífeyrisþegar eiga rétt á aðstoð samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og fatlaðir njóta félagslegrar aðstoðar frá ríki samkvæmt lögum um málefni fatlaðra (sbr. 13. kafla). Öryrkjar njóta enn fremur aðstoðar félagsþjónustu sveitarfélaga, þegar svo ber undir, en í gögnum þeirra kemur almennt ekki fram hvort aðstoð er veitt

vegna örorku. Af gögnum Félagsþjónustunnar í Reykjavík má hins vegar ráða að fjöldi öryrkja á aldrinum 18–66 ára hefur farið hlutfallslega lækkandi miðað við sama aldurshóp allra þeirra er njóta fjárhagsaðstoðar. Ekki hafa fengist samsvarandi upplýsingar frá öðrum sveitarfélögum. Hafa verður í huga að umtalsverðar breytingar voru gerðar á reglum um fjárhagsaðstoð á því tímabili sem hér er miðað við og tekjumörk fyrir aðstoð það lág að margir lífeyrisþegar sem áður áttu rétt á aðstoð misstu þann rétt. Viðmiðunarmörkin eru 53.596 kr. og hafa verið óbreytt síðan í apríl 1995.

Tafla 7. Fjöldi heimila er njóta fjárhagsaðstoðar Félagsþjónustunnar í Reykjavík.

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Allir	2.553	2.574	2.567	2.419	2.891	3.293	3.788	3.680	3.529
Þar af öryrkjar	546	549	568	475	490	552	564	532	472
Hlutfall,%	21,3	21,3	22,1	19,6	16,9	16,8	14,9	14,5	13,4

Tafla 7 sýnir að fjöldi öryrkja sem notið hefur fjárhagsaðstoðar í Reykjavík hefur verið tiltölulega stöðugur. Hlutfall þeirra af heild fer lækkandi m.a. vegna vaxandi atvinnuleysis fram til 1995. Þá þarf einnig að hafa í huga að í ársbyrjun 1995 tóku lög um húsaleigubætur gildi og með tilkomu þeirra dró úr fjárhagsaðstoð vegna húsaleigu. Í desember árið 1998 fengu 590 öryrkjar húsaleigubætur í Reykjavík af alls 2.274 bótaþegum, eða 25,9% af heild.

Samanburður við aðrar Norðurlandaþjóðir er óraunhæfur vegna takmarkaðra upplýsinga.

11. Tekju- og eignadreifing öryrkja í samanburði við aðra þjóðfélagshópa.

Ítarlega er fjallað um þetta efni í viðauka II. Dreifing tekna öryrkja er verulega frábrugðin tekjudreifingu allra framteljenda. Helsti munurinn er sá að meiri jöfnuður er í tekjum öryrkja. Hins vegar er eignadreifingin mjög svipuð meðal öryrkja og annarra.

12. Aðstoð hjálparstofnana við öryrkja.

Upplýsingar frá hjálparstofnunum sýna að öryrkjum sem leita til þeirra hafi fjölgað á síðari árum. Líklegt er að skýring þessa sé að nokkru leyti sú að reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar og fleiri sveitarfélaga hefur verið breytt þannig að margir lífeyrisþegar eiga ekki lengur rétt á aðstoð frá félagsmálastofnunum. Þá hafði aukið atvinnuleysi áhrif á hag öryrkja eins og annarra. Ekki liggja fyrir athuganir eða tölulegar upplýsingar til að sýna þróunina en brýnt er að kanna aðstæður þess hóps sem hefur þurft að leita sér aðstoðar.

13. Árleg hækkun framlaga til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og til reksturs stofnana og þjónustu við fatlaða og fjölgun vistrýma.

Í töflu 8 er sýnt hvernig framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og til reksturs stofnana fatlaðra hafa þróast frá 1990 til fjárveitinga þessa árs og eru tölurnar á föstu verðlagi. Fram kemur að verulegar sveiflur hafa verið í raunaukningu í framlögum til sjóðsins frá einu ári til annars, sem einkum skýrist af því að byggingarframkvæmdir hafa verið mismiklar. Hins vegar hefur verið mikill og stöðugur vöxtur í rekstri og þjónustu við fatlaða. Þannig aukast framlög ríkissjóðs til reksturs stofnana fatlaðra um 35% að raungildi frá árinu 1993–99.

Tafla 8. Framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og til málefna fatlaðra 1990–99.
(Í millj. kr. á verðlagi ársins 1999.)

	Framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra		Framlög til reksturs stofnana fatlaðra	
	Millj. kr.	Breyting frá fyrra ári	Millj. kr.	Breyting frá fyrra ári
1990	312		1.792	
1991	311	-0,4%	1.928	7,5%
1992	401	28,6%	2.011	4,4%
1993	365	-9,0%	2.177	8,2%
1994	379	4,0%	2.227	2,3%
1995	583	53,9%	2.272	2,0%
1996	433	-25,7%	2.359	3,8%
1997	179	-58,6%	2.514	6,6%
1998	313	74,6%	2.853	13,5%
1999	235	-25,0%	2.937	2,9%

Tafla 9 sýnir hvernig vistun fatlaðra hefur verið háttað undanfarin ár. Stefna stjórnvalda hefur verið sú að auka framboð vistrýmis í sambýlum og í félagslegum íbúðum en dregið er úr rýmum á vistheimilum, eins og taflan sýnir.

Tafla 9. Vistrými fatlaðra.

	1991	1995	1999
Sambýli	226	314	434
Sjálfstæð búseta (félagslegar íbúðir o.fl.)	45	206	285
Vistheimili	294	247	194
Samtals	**565**	**767**	**913**

Heimild: Félagsmálaráðuneyti.

14. Örorkulífeyrisþegar á leigumarkaði.

Engar upplýsingar eru til um hversu margir örorkulífeyrisþegar eru leigjendur. Hins vegar má athuga hversu margir þeirra eiga íbúðarhúsnæði. Samkvæmt athugun Þjóðhagsstofnunar áttu 40% einhleypra öryrkja fasteign og 89% hjóna. Með auknu framboði á félagslegu húsnæði má gera ráð fyrir að þeim öryrkjum sem teljast leigjendur fjölgi.

15. Skerðing eða svipting tekjutryggingar öryrkja vegna tekna maka.

Í töflu 10 eru upplýsingar um fjölda giftra örorkulífeyrisþega sem fá ekki fulla tekjutryggingu vegna tekna maka. Nánari sundurliðun eftir aldri og kyni er að finna í viðauka, töflu V.I.4. Ekki reyndist unnt að finna eldri tölur.

Tafla 10. Fjöldi öryrkja með skerta tekjutryggingu vegna tekna maka.

	1995	1996	1997	1998
Fjöldi með skerðingu vegna tekna maka	1.664	1.892	2.150	2.335
Fjöldi alls með tekjutryggingu	5.906	6.283	6.327	6.464
Hlutfall með skerðingu, %	28,1	30,1	34,0	36,1

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

Taflan ber með sér að þeim giftu örorkulífeyrisþegum sem fá ekki fulla tekjutryggingu vegna tekna maka hefur fjölgað hlutfallslega á þeim fjórum árum sem hér eru lögð til grundvallar. Þróunina má einkum rekja til vaxandi kaupmáttar og aukinnar atvinnuþátttöku.

Í lok síðasta árs var gerð breyting á tilhögun á frítekjumörkum tekjutryggingar vegna tekna maka og kom sú breyting til framkvæmda 1. janúar sl. Frítekjumark vegna tekna hjóna þar sem annað er öryrki var hækkað úr 20.112 kr. í 40.224 kr. Það þýðir að þau fá óskerta tekjutryggingu við heimilistekjur allt að 90.504 kr. á mánuði í stað 40.224 kr. sem áður var. Heildartekjur hjóna þar sem annað er öryrki voru tæplega 2.650 þús. kr. árið 1997 og tekjur makans voru um 1.740 þús. kr. Áætlað er að þessi breyting muni auka tekjur hjóna þar sem annað er öryrki um 200 millj. kr. og þannig verði snúið við þeirri þróun sem lýst er í töflu 10 og hlutfallið lækki.

Tafla 11 sýnir hvernig tekjur maka öryrkja dreifast. Taflan sýnir að lítil fylgni er milli tekna makanna og jafnframt að nokkur hópur maka öryrkja aflar hárra tekna en tekjur annarra eru aftur lágar.

Tafla 11. Tekjur giftra öryrkja og maka þeirra 1997.
(Tekjubil miðast við tekjur maka.)

Árstekjur, þús. kr.	Fjöldi	Meðaltekjur maka	Meðaltekjur öryrkja
0	54	0	533
1–200	198	95	556
200–400	187	304	505
400–600	209	497	550
600–800	259	701	615
800–1.000	322	900	621
1.000–1.200	318	1.098	635
1.200–1.400	271	1.300	551
1.400–1.600	243	1.499	579
1.600–1.800	227	1.701	504
1.800 og yfir	1.127	2.949	451
Samtals	**3.415**	**1.589**	**534**

16. Hámarkslífeyrir úr almannatryggingakerfinu samanborið við aðrar Norðurlandaþjóðir.

Eins og fram kemur að framan eru lífeyriskerfi Norðurlanda um margt ólík og því segir takmarkaða sögu að draga fram hámarkslífeyrisgreiðslur úr almannatryggingakerfi.

Tafla 12. Grunnlífeyrir og „tekjutrygging" á Norðurlöndum.
(Ísl. kr. á mánuði miðað við jafnvirðisgildi gjaldmiðla.)

	Grunnlífeyrir	„Tekjutrygging"	Samtals
Ísland	13.373	26.615	39.988
Danmörk	35.016	34.712	69.728
Finnland	5.815	27.199	33.015
Noregur	28.806	17.729	46.535
Svíþjóð	22.516	13.020	35.536

Heimild: Social Protection in the Nordic Countries 1996, NOSOSCO, 1998.

Taflan gefur ekki góða mynd af stöðu öryrkja í þessum löndum. Ástæða þess er fyrst og fremst sú hversu mikill munur er á uppbyggingu lífeyriskerfa og þá einkum er varðar þátt almannatrygginga annars vegar og lífeyrissjóða hins vegar. Til þess að bera saman þessi lífeyriskerfi er nauðsynlegt að setja fram „dæmigerð tilvik", sem sýna hvernig kerfin starfa nú.

Dæmi um Ísland er unnið þannig að gert er ráð fyrir að maður afli meðallauna (um 125 þús. kr.) frá tvítugu til fimmtugs og hann verði þá öryrki. Gert er ráð fyrir að hann hafi greitt af þessum launum í lífeyrissjóð samkvæmt þeim reglum er í gildi voru hjá almennu lífeyrissjóðunum 1996. Árlega vann hann sér rúmlega 2,5 lífeyrisstig á starfsævi sinni og örorkulífeyrisréttindin eru byggð á framreikningi til 67 ára aldurs. Þetta gefur viðkomandi rétt á örorkulífeyri sem nemur um 87 þús. kr. á mánuði. Samanburður við greiðslur til öryrkja úr lífeyrissjóði sem fram koma í þessari skýrslu benda til þess að margir öryrkjar hafi ekki sinnt um að greiða í lífeyrissjóði á starfsævi sinni. Iðgjald til lífeyrissjóðs, 4% af tekjum, eru talin með sköttum áður en til örorku kom.

Sá samanburður sem fram kemur við önnur ríki Norðurlanda í töflu 12 sýnir að ráðstöfunartekjur Íslendinga lækka minna en hinna þjóðanna. Lægri skattbyrði öryrkja í öllum löndunum má m.a. rekja til ýmissa tryggingagjalda sem einungis starfandi fólk greiðir.

Tafla 13. Ráðstöfunartekjur og skattar öryrkja í „dæmigerðum tilvikum".

	Fyrir örorku		Eftir örorku		Ráðstöfunartekjur eftir örorku sem hlutfall af ráðstöfunartekjum fyrir örorku
	Ráðstöfunar-tekjur	Skattbyrði, %	Ráðstöfunar-tekjur	Skattbyrði, %	
Danmörk	105.685	44,8	90.519	17,9	85,6
Finnland	92.068	38,2	61.152	27,3	66,4
Ísland	94.727	24,8	85.508	18,6	90,3
Noregur	113.624	29,7	74.406	15,6	65,5
Svíþjóð	89.286	34,0	71.627	28,9	80,2

Heimild: Social Protection in the Nordic Countries, www.nom-nos.dk/nososco.htm og Þjóðhagsstofnun.

Í töflu V.I.4 í viðauka I er að finna nánari upplýsingar um þetta efni.

17. Áform ríkisstjórnarinnar um að treysta hag og aðbúnað öryrkja.

Á undanförnum árum hefur hagur og aðbúnaður öryrkja batnað verulega. Er þar ekki síst að þakka þeim öra hagvexti sem hefur verið hér á landi. Ráðstöfunartekjur heimilanna hafa verið að hækka langt umfram verðlag. Til að mynda jókst kaupmáttur lífeyrisþega sem nýtur óskertrar heimilisuppbótar um 14% á árunum 1993–98. Við bætist hækkun frítekjumarks sem ákveðið var um síðustu áramót auk 4% hækkunar bóta. Bætur til öryrkja hafa jafnan miðast við hækkun launa í landinu. Þannig mun áframhaldandi verðstöðugleiki og vöxtur í efnahagslífi landsmanna stuðla að því að kjör öryrkja verði enn betri en þau hafa verið.

Auk þess sem bætur til öryrkja hafa hækkað á undanförnum árum hefur önnur þjónusta og niðurgreiðsla til þeirra aukist á liðnum árum. Þannig hafa t.d. húsaleigubætur skilað þessum hópi umtalsverðum ávinningi og mikil uppbygging hefur verið í málefnum fatlaðra í tíð núverandi ríkisstjórnar. Áfram verður unnið að því að tryggja þessum hópi og öllum öðrum landsmönnum sem besta heilbrigðisþjónustu.

Leita þarf nýrra leiða til að auka fjölbreytni þjónustu við öryrkja svo að hver og einn geti fengið þann stuðning sem honum hentar best. Mikilvægt er að öryrkjar hafi sem mest val um þá þjónustu sem þeir þurfa hverju sinni. Því hefur á undanförnum árum verið lögð áhersla á að fjölga sambýlum fatlaðra enda það búsetuform sem mest spurn er eftir meðal fatlaðra. Á árunum 1991–96 tvöfaldaðist fjöldi sambýla fatlaðra í landinu. Síðan þá hefur þeim enn fjölgað og munu gera það á næstu árum. Þá hefur verið leitað nýrra leiða við rekstur og fjármögnun þjónustu við öryrkja. Sjálfseignarstofnanir og einkaaðilar hafa í ríkari mæli tekið að sér að annast afmarkaða þjónustuþætti. Framhald verður á þessari þróun á næstu árum.

Endurhæfing öryrkja er mikilvæg til að fjölga þeim sem geta tekið upp fyrri lífshætti og orðið sjálfstæðir í tekjuöflun. Aukin áhersla hefur verið lögð á endurhæfingu að undanförnu og ljóst er að svo verður áfram. Áfram verður lögð áhersla á að fjölga atvinnuúrræðum fatlaðra og á að þeir öðlist reynslu og þjálfun sem veitir þeim greiðari aðgang að almennum vinnumarkaði.

Bótakerfi landsmanna er flókið í uppbyggingu og getur leitt til ósamræmis og getur fólk í sams konar aðstöðu fengið mismunandi bætur. Á næstu árum er mikilvægt að einfalda kerfið og gera það þá skiljanlegra fyrir almenning og þá sérstaklega þá sem það er ætlað. Þeir sem þurfa á stuðningi samfélagsins að halda eiga að hafa greiðan aðgang að slíkri þjónustu. Ljóst þarf að vera hvaða þjónusta er í boði. Það á ekki á að leggja á þá einstaklinga sem í hlut eiga mikla og oft flókna vinnu til að fá notið þess sem þeim er ætlað. Tryggja verður jafnræði allra öryrkja.

18. Skattlagning greiðslna til öryrkja og aldraða úr lífeyrissjóðum.

Í þarsíðustu kjarasamningum varð sátt um það á milli launþega, atvinnurekenda og ríkisins að iðgjöld í lífeyrissjóði skyldu vera að fullu frádráttarbær frá skattskyldum tekjum og að útgreiddur lífeyrir skyldi vera skattlagður eins og tekjur almennt. Á þetta fyrirkomulag þarf að reyna áður en ákvörðun er tekin um hvort snúa skuli frá þessari stefnu. Í lífeyrismálum er mikilvægt að hafa í huga að verið er að leggja til hliðar peninga sem eiga að nýtast jafnvel mörgum áratugum síðar. Gæta þarf samræmis á milli þess sem gert er nú og þess sem verður þegar lífeyrissjóðakerfið hefur náð jafnvægi. Það var í slíku langtímasamhengi sem núverandi stefna var mörkuð.

Viðauki I.
Ýmsar töflur.

Tafla V.I.1. Lágmarkslaun og bætur almannatrygginga 1993–98.
Krónur að meðaltali á mánuði með eingreiðslum.

	Lágmarks-laun	Launa-vísitala	Örorku-lífeyrir	Tekju-trygging	Heimilis-uppbót	Sérstök heimilisuppbót	Hámarksbætur til einhleyps[1]	Grunnlífeyrir og tekjutrygging
1993	47.940	100,0	12.329	25.924	8.572	5.896	52.721	38.253
1994	48.440	101,2	12.329	25.706	8.500	5.847	52.382	38.035
1995	51.403	105,8	12.822	26.330	8.706	5.989	53.847	39.152
1996	54.743	112,5	13.373	27.360	9.047	6.224	56.004	40.733
1997	61.972	118,6	14.243	28.074	11.578	6.387	60.282	42.318
1998	72.908	129,8	15.123	29.795	13.858	6.778	65.554	44.918

Vísitölur 1993 = 100.

	Lágmarks-laun	Launa-vísitala	Örorku-lífeyrir	Tekju-trygging	Heimilis-uppbót	Sérstök heimilisuppbót	Hámarksbætur til einhleyps[1]	Grunnlífeyrir og tekjutrygging
1993	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
1994	101,0	101,2	100,0	99,2	99,2	99,2	99,4	99,4
1995	107,2	105,8	104,0	101,6	101,6	101,6	102,1	102,4
1996	114,2	112,5	108,5	105,5	105,5	105,6	106,2	106,5
1997	129,3	118,6	115,5	108,3	135,1	108,3	114,3	110,6
1998	152,1	129,8	122,7	114,9	161,7	115,0	124,3	117,4

Kaupmáttur 1993 = 100.

	Lágmarks-laun	Launa-vísitala	Örorku-lífeyrir	Tekju-trygging	Heimilis-uppbót	Sérstök heimilisuppbót	Hámarksbætur til einhleyps[1]	Grunnlífeyrir og tekjutrygging
1993	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
1994	99,5	99,7	98,5	97,7	97,7	97,7	97,9	98,0
1995	103,9	102,5	100,8	98,4	98,4	98,4	99,0	99,2
1996	108,2	106,7	102,8	100,0	100,0	100,0	100,7	100,9
1997	120,4	110,5	107,6	100,8	125,8	100,9	106,5	103,0
1998	139,3	118,9	112,3	105,2	148,0	105,3	113,9	107,5

[1] Tekur til örorkulífeyris og tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar.

Tafla V.I.2. Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins til öryrkja 1997–98. Fjárhæðir í þús. kr.

	1997	1998
Örorkulífeyrisþegar		
Örorkulífeyrir	1.347.019	1.474.859
Tekjutrygging	1.860.288	2.008.025
Barnalífeyrir	513.761	556.048
Makabætur	20.333	20.066
Heimilisuppbót	256.781	312.110
Sérstök heimilisuppbót	43.500	49.410
Uppbætur	267.442	264.755
Bensínstyrkur	105.701	112.021
Vasapeningar	40.804	40.140
Bílakaupastyrkir	68.659	74.195
Samtals	**4.524.288**	**4.911.629**
Meðalgreiðsla á mánuði	**377.024**	**409.302**
Meðalfjöldi lífeyrisþega	**7.646**	**7.870**
Þús. kr. á lífeyrisþega á mánuði	**49**	**52**
Endurhæfingarlífeyrisþegar		
Lífeyrir	60.123	63.419
Tekjutrygging	73.930	81.762
Barnalífeyrir	53.931	52.306
Makabætur	309	527
Heimilisuppbót	5.785	7.863
Sérstök heimilisuppbót	1.414	1.752
Uppbætur	3.448	3.830
Bensínstyrkur	1.548	986
Samtals	**200.488**	**212.445**
Meðalgreiðsla á mánuði	**16.707**	**17.704**
Meðalfjöldi lífeyrisþega	**255**	**247**
Þús. kr. á lífeyrisþega á mánuði	**66**	**72**
Örorkustyrkþegar		
Örorkustyrkur	194.286	227.118
Barnalífeyrir	59.300	72.880
Bensínstyrkur	8.255	7.871
Bílakaupastyrkur	5.630	4.925
Samtals	**267.471**	**312.794**
Meðalgreiðsla á mánuði	**22.289**	**26.066**
Meðalfjöldi styrkþega	**1.520**	**1.617**
Þús. kr. á styrkþega á mánuði	**15**	**16**

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

Tafla V.I.3. „Dæmigerð“ tilvik um mann sem verður öryrki 50 ára miðað við hámarksréttindi.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Einhleypur og barnlaus					
1. *Tekjur á mánuði fyrir örorku*					
Viðmiðunarlaun	191.465	148.919	125.917	161.721	135.348
Helmingur viðmiðunarlauna	95.728	74.459	62.958	80.861	67.674
75% af viðmiðunarlaunum	143.597	111.689	94.438	121.291	101.511
25% umfram viðmiðunarlaun	239.325	186.149	157.396	202.151	169.185
50% umfram viðmiðunarlaun	287.193	223.378	188.875	242.582	203.022
2. *Ráðstöfunartekjur á mánuði fyrir örorku*					
Viðmiðunarlaun	105.685	92.068	94.727	113.624	89.286
Helmingur viðmiðunarlauna	61.643	54.012	59.635	61.044	47.186
75% af viðmiðunarlaunum	82.581	74.293	77.181	88.324	68.340
25% umfram viðmiðunarlaun	123.654	109.213	112.273	134.598	107.057
50% umfram viðmiðunarlaun	140.259	124.055	129.818	154.999	121.431
3. *Örorkulífeyrir*					
Viðmiðunarlaun	110.286	84.139	105.001	88.206	100.697
Helmingur viðmiðunarlauna	110.286	55.630	91.600	52.184	60.900
75% af viðmiðunarlaunum	110.286	66.156	98.290	70.132	80.799
25% umfram viðmiðunarlaun	110.286	105.174	117.632	106.146	112.582
50% umfram viðmiðunarlaun	110.286	126.209	138.484	119.542	112.582
4. *Ráðstöfunartekjur á mánuði eftir örorku*					
Viðmiðunarlaun	90.519	61.152	85.508	74.406	71.627
Helmingur viðmiðunarlauna	90.519	59.648	77.727	52.184	47.587
75% af viðmiðunarlaunum	90.519	59.662	81.611	64.289	58.655
25% umfram viðmiðunarlaun	90.519	72.114	92.841	87.186	79.394
50% umfram viðmiðunarlaun	90.519	82.472	104.948	96.417	79.394
5. *Ráðstöfunartekjur eftir örorku sem hlutfall af ráðstöfunartekjum fyrir örorku*					
Viðmiðunarlaun	86%	66%	90%	65%	80%
Helmingur viðmiðunarlauna	147%	110%	130%	85%	101%
75% af viðmiðunarlaunum	110%	80%	106%	73%	86%
25% umfram viðmiðunarlaun	73%	66%	83%	65%	74%
50% umfram viðmiðunarlaun	65%	66%	81%	62%	65%
6. *Skattbyrði fyrir örorku*					
Viðmiðunarlaun	45%	38%	25%	30%	34%
Helmingur viðmiðunarlauna	36%	27%	5%	25%	30%
75% af viðmiðunarlaunum	42%	33%	18%	27%	33%
25% umfram viðmiðunarlaun	48%	41%	29%	33%	37%
50% umfram viðmiðunarlaun	51%	44%	31%	36%	40%
7. *Skattbyrði eftir örorku*					
Viðmiðunarlaun	18%	27%	19%	16%	29%
Helmingur viðmiðunarlauna	18%	-7%	15%	0%	22%
75% af viðmiðunarlaunum	18%	10%	17%	8%	27%
25% umfram viðmiðunarlaun	18%	31%	21%	18%	29%
50% umfram viðmiðunarlaun	18%	35%	24%	19%	29%

Ath.: Viðmiðunarlaunin eru byggð á athugunum OECD, sjá Tax/benefit position of Employees 1995–96. Heimild: Social Protection in the Nordic countries 1996, sjá www.nom-nos.dk/nosoco.htm. Heimild fyrir íslenska dæminu: Þjóðhagsstofnun.

Tafla V.I.4. Fjöldi örorkulífeyrisþega sem orðið hafa fyrir skerðingu eða sviptingu tekjutryggingar vegna tekna maka 1995–98.

	Með skerðingu vegna tekna maka				Fjöldi örorku-lífeyrisþega með tekjutryggingu			Hlutfall með skerðingu vegna tekna maka
1995	Karlar	Konur	Alls	Aldur	Karlar	Konur	Alls	
fæddir 1920–29	51	63	114	66– 75	137	202	339	33,6%
fæddir 1930–39	316	431	747	56–65	813	1.186	1.999	37,4%
fæddir 1940–49	153	227	380	46–55	505	649	1.154	32,9%
fæddir 1950–59	89	150	239	36–45	508	540	1.048	22,8%
fæddir 1960–69	54	104	158	26–35	420	420	840	18,8%
fæddir 1970–79	9	17	26	16–25	292	234	526	4,9%
Samtals	672	992	1.664		2.675	3.231	5.906	28,2%
1996	Karlar	Konur	Alls	Aldur	Karlar	Konur	Alls	
fæddir 1920–29	7	13	20	67–76	19	29	48	41,7%
fæddir 1930–39	369	537	906	57–66	885	1.344	2.229	40,6%
fæddir 1940–49	173	272	445	47–56	550	711	1.261	35,3%
fæddir 1950–59	107	183	290	37–46	531	586	1.117	26,0%
fæddir 1960–69	66	125	191	27–36	434	456	890	21,5%
fæddir 1970–79	14	26	40	17–26	318	420	738	5,4%
Samtals	736	1.156	1.892		2.737	3.546	6.283	30,1%
1997	Karlar	Konur	Alls	Aldur	Karlar	Konur	Alls	
fæddir 1930–39	398	577	975	58–67	862	1.320	2.182	44,7%
fæddir 1940–49	210	368	578	48–57	595	787	1.382	41,8%
fæddir 1950–59	113	233	346	38–47	578	656	1.234	28,0%
fæddir 1960–69	70	149	219	28–37	461	492	953	23,0%
fæddir 1970–79	10	22	32	18–27	309	267	576	5,6%
Samtals	801	1.349	2.150		2.805	3.522	6.327	34,0%
1998	Karlar	Konur	Alls	Aldur	Karlar	Konur	Alls	
fæddir 1930–39	376	591	967	59–68	749	1.203	1.952	49,5%
fæddir 1940–49	234	421	655	49–58	655	846	1.501	43,6%
fæddir 1950–59	131	283	414	39–48	592	713	1.305	31,7%
fæddir 1960–69	72	181	253	29–38	483	509	992	25,5%
fæddir 1970–79	14	31	45	19–28	317	287	604	7,5%
fæddir 1980 -89		1	1	9–18	64	46	110	0,9%
Samtals	827	1.508	2.335		2.860	3.604	6.464	36,1%

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

Viðauki II.
Tekjur og eignir öryrkja.

Í gögnum skattyfirvalda má aðgreina þá öryrkja sem fengu greiddan örorkulífeyri eða örorkustyrk frá öðrum framteljendum. Hins vegar er engin leið að nálgast upplýsingar um tekjur öryrkja sem hafa of háar tekjur til að eiga rétt á þessum bótum.[1]

Ýmis vandkvæði koma upp þegar skattframtöl öryrkja eru skoðuð. Fyrst og fremst kemur í ljós að framtaldar tekjur margra eru óeðlilegar lágar og er þá litið til ýmissa þátta eins og lífeyris frá Tryggingastofnun. Einnig kemur í ljós óeðlilegur munur á framtöldum tekjum og tekjum samkvæmt staðgreiðslu hjá nokkrum hópi öryrkja.

Helstu ástæðurnar fyrir því hversu margir eru með það sem telja verður óeðlilega lágar tekjur eru eftirfarandi.

— Framteljandi hefur látist á tekjuárinu og því ná framtaldar tekjur einungis til hluta ársins. Framtöl flestra þessara framteljenda fá sérmeðferð og eru merkt sérstaklega. En nokkuð er um að slíka merkingu vanti og því eru lágar tekjur oft eina vísbendingin um að framtal sé óeðlilegt.
— Framteljandi skilar ekki skattframtali eða skilar ófullnægjandi framtali. Skattstjórar áætla skattstofna þessara framteljenda en engar aðrar nothæfar upplýsingar um tekjur og eignir er að hafa úr þessum framtölum.
— Réttur öryrkja til lífeyris frá Tryggingastofnun fellur niður ef hann dvelur langdvölum á sjúkrastofnun. Ef viðkomandi öryrki hefur engar eða mjög lágar tekjur á hann rétt á vasapeningum frá Tryggingastofnun. Vasapeningar voru að hámarki um 136.217 kr. á árinu 1997 og töldu 109 framteljendur fram þessa fjárhæð sem greiðslu frá Tryggingastofnun.
— Framteljandi búsettur erlendis en á eignir hér á landi. Í framtali viðkomandi öryrkja koma einungis fram upplýsingar um eignir en tekjurnar eru taldar fram þar sem hann er búsettur.

Annað vandamál sem kemur upp er hvernig fara eigi með uppgefnar tekjur öryrkja sem eru á dvalarheimilum. Greiðslur Tryggingastofnunar vegna dvalarkostnaðar eru taldar fram með tekjum lífeyrisþegans þótt hann fái aldrei þær greiðslur sjálfur þannig að tekjur hans og enn frekar ráðstöfunartekjur eru mun hærri samkvæmt skattframtali en þær eru í raun og veru. Skattframtöl þessara framteljenda eru sérmerkt.

Til þess að gefa sem gleggsta mynd af kjörum öryrkja var ákveðið að sleppa þeim framtölum sem eru með áætlaða álagningu eða framtölum sem fá sérmeðferð. Einnig er þeim sem eru á dvalarheimilum sleppt og loks er þeim sleppt sem eru með tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum[2] en með því móti falla flestir lífeyrisþegar sem dvelja á stofnunum út. Rökin fyrir því að sleppa lífeyrisþegum sem dvelja á stofnunum eru þau að tekjur þeirra endurspegli ekki lífskjör nema að litlu leyti. Er þetta svipað því sem gert er víða erlendis en þar eru stofnanaheimili einatt ekki með í tekjukönnunum.

Að teknu tilliti til framangreindra atriða nær athugunin á tekjum öryrkja til 8.763 framteljenda sem samsvarar um 89% þeirra sem fengu greiddan örorkulífeyri eða örorkustyrk á árinu 1997. Um 56% þeirra eru einhleyp og skipting kynjanna er þannig að konur eru um

---

[1] Árið 1997 féllu greiðslur örorkulífeyris niður ef tekjur voru hærri en xxx kr.

[2] Viðmiðunarmörkin voru sett sem 75% af samtölu óskerts örorkulífeyris og tekjutryggingar Tryggingastofnunar. Árið 1997 voru þessi mörk um 381 þús. kr. hjá einhleypum og um 722 þús. kr. hjá hjónum.

59% og karlar um 41%. Tafla V.II.1 sýnir skiptingu öryrkja eftir aldri, en lítill munur er þar eftir kynjum.

Tafla V.II.1. Aldurssamsetning öryrkja 1997.
Samkvæmt skattframtölum.

Aldur	Fjöldi	Hlutfall
19 ára og yngri	165	2%
20–24 ára	372	4%
25–49 ára	3.614	41%
50–64 ára	3.355	38%
65 og eldri	1.257	14%
Samtals	8.763	100%

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tekjur öryrkja eru af ýmsum toga. Hér á eftir verður fjallað fjallað sérstaklega um nokkra þessara liða en fyrst verður þó fjallað um heildartekjur öryrkja, dreifingu þeirra og samanburð við aðra framteljendur.

Heildartekjur.

Tafla V.II.2 sýnir heildartekjur öryrkja og allra framteljenda á aldrinum 26–65 ára. Rétt er að geta þess að fjármagnstekjur eru ekki meðtaldar. Ástæðan fyrir því er hversu misvel þær eru taldar fram.


Tafla V.II.2. Meðaltekjur öryrkja 1997.
Fjárhæðir í þús. kr.

	Öryrkjar	Allir 26–55 ára	Hlutfall
Einhleypir	986,3	1.598,7	61,7%
Barnlausir	943,9	1.649,6	57,2%
Einstæðir foreldrar	1.336,4	1.367,3	97,7%
Hjón	2.585,8	3.805,7	67,9%
Bæði öryrkjar	1.943,8		
Annað öryrki	2.643,4		

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Eins og sjá má í töflunni eru tekjur öryrkja, að einstæðum foreldrum undanskildum, mun lægri en tekjur þeirra sem eru á aldrinum 26–65 ára. Tekjur einhleypra öryrkja nema um 57% af tekjum allra einhleypra einstaklinga og tekjur hjóna með skerta örorku eru um 68% tekna allra hjóna. Hins vegar eru tekjur einstæðra foreldra ámóta hjá öryrkjum og öðrum.


Mynd V.II.1.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Dreifing tekna öryrkja er mun jafnari en allra framteljenda á aldrinum 26–65 ára, eins og sjá má á myndum V.II.1 og V.II.2. Af mynd V.II.1 má ráða að um 73% einhleypra öryrkja eru með árstekjur á bilinu 600–1.200 þús. kr. og fá þeir um 65% af tekjunum í sinn hlut. Þótt framteljendur á aldrinum 26–65 ára séu einnig flestir á sama tekjubili eru það þó einungis 32% og hlutur þeirra af tekjunum nemur um 18%. Þessa niðurstöðu má rekja til mikillar tekjutengingar bóta.

Mynd V.II.2.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Mynd V.II.2 sýnir tekjudreifingu hjóna þar sem a.m.k. annað er öryrki samanborið við dreifingu tekna allra hjóna á aldrinum 26–65 ára. Fjórðungur öryrkja hjóna er með árstekjur á bilinu 1,5–2 millj. kr. en algengustu tekjur annarra hjóna liggja á bilinu 3–3,5 millj. kr.


Ráðstöfunartekjur og skattbyrði.

Hér að framan hefur verið fjallað um dreifingu heildartekna öryrkja en heildartekjurnar segja ekki nema hluta sögunar því að það sem skiptir í raun máli eru ráðstöfunartekjurnar þar sem búið er að taka tillit til skattgreiðslna, barna- og vaxtabóta. Skattkerfið á Íslandi er stigvaxandi og því er dreifing ráðstöfunartekna mun jafnari en dreifing heildartekna.

Mynd V.II.3 sýnir heildartekjur, ráðstöfunartekjur og skattbyrði öryrkja. Þar má sjá að ráðstöfunartekjur einstæðra foreldra eru meiri en heildartekjur þeirra, þ.e. skattbyrði þeirra er neikvæð. Eins og við er að búast er skattbyrði hjóna þar sem einungis annað er öryrki mest og nemur hún 15% af tekjum þeirra. Til samanburðar má nefna skattbyrði allra hjóna er um 20,3%. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um ráðstöfunartekjur og skattbyrði allra einhleypra og einstæðra foreldra.

Myndin sýnir einnig glöggt hvernig skattkerfið jafnar tekjumuninn sem er á milli hjóna þegar annað er öryrki og þeirra hjóna sem bæði eru öryrkjar. Heildartekjur fyrri hópsins námu um 74% af tekjum þess síðarnefnda en hlutfallið er 81% þegar ráðstöfunartekjur þessara hópa eru bornar saman.

Mynd V.II.3.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.


Samsetning tekna.

Eins og áður segir eru tekjur öryrkja samsettar úr mörgum þáttum. Mynd V.II.4 sýnir hlutfallslegt vægi ýmissa liða í heildartekjum öryrkja, eftir hjúskaparstöðu þeirra.

Ástæðan fyrir því hversu mikið vægi liðurinn „aðrar tekjur“ hefur hjá einstæðum foreldrum er sú að þar eru m.a. reiknaðar meðlagsgreiðslur með börnum þeirra.

Eins og sést á myndinni er samsetning tekna hjóna þar sem annað er öryrki ólík tekjusamsetningu hinna hópanna á myndinni því að tekjur maka nema um 65% af heildartekjum hjónanna.

Mynd V.II.4.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Þó að myndin sýni hlutfallslegt vægi einstakra liða í tekjum öryrkja þá er mjög breytilegt hversu margir hafa þessar tekjur og einnig hversu miklar þær eru. Því verður fjallað nánar um einstaka þætti í tekjum öryrkja.

Atvinnutekjur.

Tæp 38% öryrkja telja fram atvinnutekjur og eru þær að meðaltali um 440 þús. kr., eða um 37 þús. kr. á mánuði. Verulegur munur er á atvinnuþátttöku og tekjum öryrkja eftir kyni. Um 45% karla telja fram atvinnutekjur, að meðaltali 522 þús. kr., en einungis um 32% kvenna er með atvinnutekjur og nema þær um 355 þús. kr. að meðaltali. Atvinnutekjur þeirra öryrkja sem eru giftir eða í sambúð eru um 550 þús. kr. en um 360 þús. kr. hjá einhleypum en lítill munur er hins vegar á því hversu stór hluti þessara hópa telur fram atvinnutekjur.

Fjöldinn sem telur fram atvinnutekjur ætti að gefa nokkuð góða mynd af atvinnuþátttöku öryrkja en segir ekkert til um vinnutíma þeirra. Ef meðaltekjur þeirra eru bornar saman við tekjur annarra framteljenda er ljóst að stór hluti þeirra er ekki í fullu starfi.

Tafla V.II.3. Atvinnutekjur öryrkja 1997.

Aldur	Hlutfall öryrkja með tekjur	Meðaltekjur
19 ára og yngri	74,5%	212,0
20–24	66,7%	348,4
25–49	44,5%	447,6
50–64	30,6%	476,6
65 ára og eldri	24,3%	430,7
Samtals	37,8%	438,9


Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Greiðslur úr lífeyrissjóði.

Um 57% öryrkja fá greiðslur úr lífeyrissjóði og er hlutfallið svipað hjá báðum kynjunum. Eins og við er að búast, og sést glögglega á mynd V.II.5, er verulegur munur á greiðslum úr lífeyrissjóði eftir aldri. Innan við 7% þeirra sem eru yngri en 25 ára fá slíkar greiðslur en tæp 80% þeirra sem eru á aldrinum 65–67 ára. Þessi munur skýrist af atvinnuþátttöku fram að örorku.

Greiðslur úr lífeyrissjóði nema að meðaltali 385 þús. kr. og eru greiðslur til karla mun hærri, 490 þús. kr., en til kvenna þar sem greiðslurnar eru 310 þús. kr. Eins og mynd V.II.5 sýnir eru greiðslurnar hæstar til þeirra sem eru á aldrinum 25–49 ára, 423 þús. kr.

Mynd V.II.5.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Í töflu V.II.4 er litið á það hvernig greiðslur úr lífeyrissjóði skiptast á milli þeirra öryrkja sem á annað borð fá greiðslur þaðan. Þar kemur meðal annars fram að um 42% þeirra fá yfir 360 þús. kr. á ári, eða 30 þús. kr. á mánuði, og eru þær greiðslur að meðaltali 670 þús. kr. Um 20% fá aftur á móti innan við 120 þús. kr. á ári.

Tafla V.II.4. Greiðslur úr lífeyrissjóði eftir hjúskaparstöðu.
Fjárhæðir í þús. kr.

	<120		120–240		240–360		360<	
	Hlutfall	Meðal-greiðslur	Hlutfall	Meðal-greiðslur	Hlutfall	Meðal-greiðslur	Hlutfall	Meðal-greiðslur
Einhleypir	20,3%	61,9	18,3%	178,0	18,7%	299,5	42,7%	631,0
Barnlausir	19,7%	61,9	18,4%	179,4	19,6%	299,6	42,2%	632,8
Einstæðir foreldrar	24,7%	61,7	17,4%	166,4	11,5%	298,1	46,3%	618,6
Giftir eða í sambúð	19,3%	64,2	20,3%	179,6	19,1%	296,8	41,2%	709,1
Samtals	19,8%	63,0	19,3%	178,9	18,9%	298,1	41,9%	670,3

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Greiðslur frá Tryggingastofnun.

Eins og fram kom hér að framan ná upplýsingar um tekjur öryrkja einungis til þeirra sem fengu greiddan örorkulífeyri eða örorkustyrk. Af því leiðir að allir sem þessi athugun nær til fá greiðslur frá Tryggingastofnun.

Greiðslur frá Tryggingastofnun eru taldar fram á tveimur stöðum á skattframtali einstaklinga: Annars vegar sem „skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun" en til þess liðar teljast m.a. allar lífeyris- og bótagreiðslur og hins vegar sem „skattfrjálsar greiðslur frá Tryggingastofnun" en undir þann lið heyra m.a. barnameðlög. Þessi umfjöllun tekur einungis til skattskyldra greiðslna, enda eru skattfrjálsu greiðslurnar að mestu óháðar því hvort framteljandi sé öryrki eða ekki.

Tafla V.II.5 sýnir greiðslur frá Tryggingastofnun eftir hjúskaparstöðu. Rétt er að geta þess að innifalið í greiðslum til einstæðra foreldra eru mæðralaun, sem námu 40.170 kr. á ári með tveimur börnum og 104.459 kr. með þremur börnum. Lausleg áætlun sýnir að aðrar greiðslur frá Tryggingastofnun til þeirra hafi numið 480 þús. kr. að meðaltali.

Tafla V.II.5. Greiðslur frá Tryggingastofnun 1997.
Fjárhæðir í þús. kr. á ári.

	Meðalgreiðslur
Einhleypir	550,7
Barnlausir	558,0
Einstæðir foreldrar	490,0
Giftir eða í sambúð	314,9
Samtals	447,8

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Eins og fram kemur í töflu V.II.6 eru greiðslur frá Tryggingastofnun hæstar til þeirra yngstu sem er í samræmi við að fæstir þeirra fá greiðslur úr lífeyrissjóði. Einnig kemur fram í töflunni að greiðslur til karla eru um 6% hærri en greiðslur til kvenna.

Tafla V.II.6. Greiðslur frá Tryggingastofnun, eftir aldri og kyni, 1997.
Fjárhæðir í þús. kr. á ári.

Aldur	Karlar	Konur	Samtals
16–19	519,9	535,1	527,4
20–24	523,6	527,2	525,3
25–49	470,4	422,7	443,6
50–64	447,5	428,4	435,6
65 ára og eldri	439,8	470,7	459,0
Samtals	462,3	437,7	447,8

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Vægi greiðslna frá Tryggingastofnun í heildartekjum öryrkja er mjög mismunandi. Um 15,5% einhleypra og einstæðra foreldra hafa engar aðrar tekjur en greiðslur Tryggingastofnunar en hjá um 35% þessa hóps er hlutur greiðslna Tryggingastofnunar innan við 50% af heildartekjum þeirra.

Atvinnuleysisbætur.

Um 4,5% öryrkja fengu greiddar atvinnuleysisbætur á árinu 1997 og námu þær að meðaltali 191 þús. kr. Skiptingin á milli kynja var þannig að 5,3% karla og 3,9% kvenna fengu slíkar bætur. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um það hversu lengi þeir hafa verið á atvinnuleysiskrá en bæturnar fara hækkandi eftir aldri og eru hæstar hjá þeim sem eru á aldrinum 65–67 ára sem bendir til þess að þeir hafi verið lengur á atvinnuleysisskrá en aðrir.

Eignir og skuldir.

Tafla V.II.7 sýnir fasteignir öryrkja í samanburði við alla framteljendur á aldrinum 26–65 ára. Þar kemur m.a. fram að um 40% einhleypra öryrkja eiga fasteign en 54% allra framteljenda á aldrinum 26–65 ára. Minni munur er á hlutfallinu hjá hjónum þar sem um 89% öryrkja eiga fasteign en 92% heildarinnar. Meiri munur er hins vegar á verðmæti fasteigna hjóna en einhleypra.

Tafla V.II.7. Fasteignir í árslok 1997.
Fjárhæðir í þús. kr.

	Öryrkjar		26–65 ára	
	Hlutfall þeirra sem eiga fasteign	Meðaleign	Hlutfall þeirra sem eiga fasteign	Meðaleign
Einhleypir	40,4%	4.557,5	54,2%	5.127,0
Barnlausir	38,5%	4.359,2	51,8%	4.972,6
Einstæðir foreldrar	56,4%	5.674,4	65,3%	5.698,3
Hjón	89,0%	7.440,5	91,6%	8.544,8
Bæði öryrkjar	73,2%	6.592,4		
Annað öryrki	90,4%	7.502,1		

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Ekki eru fyrirliggjandi neinar upplýsingar um það hversu stór hluti þeirra öryrkja sem ekki eiga fasteign eru í leiguhúsnæð en gera má ráð fyrir að a.m.k. hluti einhleypra öryrkja búi hjá foreldrum.

Af töflu V.II.8 má ráða að eignarskattsstofn öryrkja er lægri en allra framteljenda. Hjá einhleypum er munurinn 15% en 10% hjá hjónum. Ef litið er á skuldir kemur í ljós að hjá hjónum eru skuldir öryrkja um 20% lægri en hjá öllum framteljendum. Aftur á móti er óverulegur munur á skuldum einhleypra og að teknu tilliti til þess að eignarskattsstofn öryrkja er lægri má reikna með að þeir séu skuldsetnari en aðrir framteljendur.


Tafla V.II.8. Eignarskattsstofn og skuldir í árslok 1997.
Fjárhæðir í þús. kr.

	Eignarskattsstofn, þús. kr.		Skuldir, þús. kr.	
	Öryrkjar	Allir framteljendur	Öryrkjar	Allir framteljendur
Einhleypir	2.775	3.235	2.602	2.760
Barnlausir	2.844	3.334	2.215	2.281
Einstæðir foreldrar	2.165	2.297	4.304	4.207
Hjón	7.063	7.911	3.951	4.983
Bæði öryrkjar	5.458		3.414	
Annað öryrki	7.190		3.995	

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Af mynd V.II.6 má ráða að ekki er verulegur munur á dreifingu eignarskattsstofns hjóna. Þó er meiri samþjöppun eignarskattsstofns öryrkja á bilinu 4–8 millj. kr. en hjá hjónum í heild.

Mynd V.II.6.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Ýmsar töflur um tekjur og eignir öryrkja 1997.

Tafla V.II.9. Atvinnutekjur eftir hjúskaparstöðu.
Fjárhæðir í þús. kr.

		Með atvinnutekjur		
	Fjöldi	Fjöldi	%	Meðaltekjur
Einhleypir	4.940	1.930	39,1	360,9
Barnlausir	4.406	1.735	39,4	361,9
Einstæðir foreldrar	534	195	36,5	351,9
Giftir eða í sambúð	3.823	1.381	36,1	547,8
Samtals	8.763	3.311	37,8	438,9

Tafla V.II.10. Atvinnutekjur eftir kyni og aldri.
Fjárhæðir í þús. kr.

		Með atvinnutekjur		
Karlar	Fjöldi	Fjöldi	%	Meðaltekjur
19 ára og yngri	84	66	78,6	248,3
20–24	193	134	69,4	404,1
25–49	1.585	798	50,3	549,9
50–64	1.268	468	36,9	555,9
65 ára og eldri	476	164	34,5	496,3
Samtals	3.606	1.630	45,2	522,0

Konur	Fjöldi	Með atvinnutekjur Fjöldi	%	Meðaltekjur
19 ára og yngri	81	57	70,4	170,0
20–24	179	114	63,7	283,1
25–49	2.029	811	40,0	347,0
50–64	2.087	558	26,7	410,1
65 ára og eldri	781	141	18,1	354,5
Samtals	5.157	1.681	32,6	358,2

Karlar og konur	Fjöldi	Með atvinnutekjur Fjöldi	%	Meðaltekjur
19 ára og yngri	165	123	74,5	212,0
20–24	372	248	66,7	348,4
25–49	3.614	1.609	44,5	447,6
50–64	3.355	1.026	30,6	476,6
65 ára og eldri	1.257	305	24,3	430,7
Samtals	8.763	3.311	37,8	438,9

Tafla V.II.11. Greiðslur úr lífeyrissjóði eftir hjúskaparstöðu. Fjárhæðir í þús. kr.

	Fjöldi	Lífeyrissjóðsgreiðslur Fjöldi	%	Meðalgreiðslur
Einhleypir	4.940	2.445	49,5	370,5
Barnlausir	4.406	2.158	49,0	371,2
Einstæðir foreldrar	534	287	53,7	365,2
Giftir eða í sambúð	3.823	2.569	67,2	398,0
Samtals	8.763	5.014	57,2	384,5

Tafla V.II.12. Greiðslur úr lífeyrissjóði eftir kyni og aldri. Fjárhæðir í þús. kr.

Karlar	Fjöldi	Með greiðslur Fjöldi	%	Meðalgreiðslur
19 ára og yngri	84	3	3,6	96,1
20–24	193	10	5,2	608,4
25–49	1.585	761	48,0	552,2
50–64	1.268	916	72,2	462,2
65ára og eldri	476	394	82,8	433,8
Samtals	3.606	2.084	57,8	489,9

Konur	Fjöldi	Með greiðslur Fjöldi	%	Meðalgreiðslur
19 ára og yngri	81	7	8,6	123,9
20–24	179	16	8,9	272,8
25–49	2.029	978	48,2	322,8
50–64	2.087	1.342	64,3	311,1
65 ára og eldri	781	587	75,2	287,7
Samtals	5.157	2.930	56,8	309,6

Karlar og konur	Fjöldi	Með greiðslur Fjöldi	%	Meðalgreiðslur
19 ára og yngri	165	10	6,1	115,6
20–24	372	26	7,0	401,9
25–49	3.614	1.739	48,1	423,2
50–64	3.355	2.258	67,3	372,4
65 ára og eldri	1.257	981	78,0	346,4
Samtals	8.763	5.014	57,2	384,5

Tafla V.II.13. Greiðslur frá Tryggingastofnun sem hlutfall af heildartekjum. Einhleypir framteljendur (barnlausir og einstæðir foreldrar).

Hlutfall	Karlar Fjöldi	Greiðslur frá Tryggingastofnun	Heildartekjur	Konur Fjöldi	Greiðslur frá Tryggingastofnun	Heildartekjur	Einhleypir, samtals Fjöldi	Greiðslur frá Tryggingastofnun	Heildartekjur
1–10%	96	121,1	1.988,3	82	101,8	1.903,6	178	112,2	1.949,3
11–50%	600	380,1	1.208,2	884	424,0	1.277,0	1.484	406,2	1.249,2
51–89%	904	606,5	860,5	1.123	630,1	921,2	2.027	619,6	894,1
90–99%	261	674,5	711,3	222	679,2	716,3	483	676,7	713,6
100%	362	661,0	661,0	406	678,4	678,4	768	670,2	670,2
Samtals	2.223	541,3	953,0	2.717	558,3	1.013,6	4.940	550,7	986,3

Tafla V.II.14. Atvinnuleysisbætur. Fjárhæðir í þús. kr.

	Fjöldi	Fjöldi	Með atvinnuleysisbætur, %	Meðalgreiðslur
Einhleypir	4.940	227	4,6	183,3
Barnlausir	4.406	198	4,5	184,0
Einstæðir foreldrar	534	29	5,4	178,6
Giftir eða í sambúð	3.823	168	4,4	200,5
Samtals	8.763	395	4,5	190,6

Tafla V.II.15. Atvinnuleysisbætur eftir kyni og aldri. Fjárhæðir í þús. kr.

Karlar	Fjöldi	Fjöldi	Með atvinnuleysisbætur, %	Meðalgreiðslur
19 ára og yngri	84	4	4,8	49,3
20–24	193	8	4,1	89,9
25–49	1.585	82	5,2	172,6
50–64	1.268	79	6,2	241,7
65 ára og eldri	476	19	4,0	282,5
Samtals	3.606	192	5,3	205,9

Konur	Fjöldi	Fjöldi	Með atvinnuleysis-bætur, %	Meðalgreiðslur
19 ára og yngri	81	2	2,5	23,8
20–24	179	8	4,5	118,7
25–49	2.029	97	4,8	185,3
50–64	2.087	73	3,5	168,0
65 ára og eldri	781	23	2,9	197,1
Samtals	5.157	203	3,9	176,2
Karlar og konur	Fjöldi	Fjöldi	Með atvinnuleysis-bætur, %	Meðalgreiðslur
19 ára og yngri	165	6	3,6	40,8
20–24	372	16	4,3	104,3
25–49	3.614	179	5,0	179,5
50–64	3.355	152	4,5	206,3
65 ára og eldri	1.257	42	3,3	235,8
Samtals	8.763	395	4,5	190,6

Tafla V.II.16. Samsetning heildartekna.

	Atvinnutekjur	Greiðslur frá Tryggingastofnun	Greiðslur úr lífeyrissjóði	Aðrar tekjur	Tekjur maka
Einhleypir	14,3%	55,8%	18,6%	11,3%	..
Barnlausir	15,1%	59,1%	19,3%	6,5%	..
Einstæðir foreldrar	9,6%	36,7%	14,7%	39,0%	..
Hjón, bæði öryrkjar	13,9%	46,4%	29,0%	10,7%	..
Hjón, annað öryrki	7,9%	11,0%	10,0%	5,3%	65,8%

Tafla V.II.17. Ráðstöfunartekjur.
Fjárhæðir í þús. kr.

	Heildartekjur	Skattar	Vaxtabætur	Barnabætur	Ráðstöfunartekjur	Skattbyrði
Einhleypir	986,3	100,2	17,4	27,6	931,2	5,6%
Barnlausir	943,9	100,8	12,6	–	855,8	9,3%
Einstæðir foreldrar	1.336,4	95,6	57,1	255,6	1.553,5	-16,2%
Hjón, bæði öryrkjar	1.943,8	183,5	32,0	28,7	1.821,1	6,3%
Hjón, annað öryrki	2.643,4	463,4	36,3	30,9	2.247,2	15,0%

1137. Nefndarálit [5. mál]

um till. til þál. um að íslenska táknmálið verði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, á Vestfjörðum, á Suðurlandi og á Austurlandi, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Námsgagnastofnun, félagsmálaráðuneyti, Vesturhlíðarskóla, Heyrnarhjálp og Félagi heyrnarlausra.

Í tillögunni er lagt til að menntamálaráðherra verði falið að undirbúa frumvarp til laga um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra hér á landi.

Eins og segir í greinargerð með tillögunni er íslenskan ekki viðurkennt móðurmál Íslendinga í lögum eða stjórnarskránni enda gerist þess ekki þörf, hún er móðurmál Íslendinga og enginn dregur það í efa. Yrði það lögfest að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra hér á landi mundi það hafa víðtæk áhrif. Slíka lagasetningu þyrfti að undirbúa af kostgæfni til að hún skilaði tilætluðum árangri. Af þeirri ástæðu telur nefndin ekki rétt að tillagan verði samþykkt óbreytt. Menntamálanefnd telur mikilvægt að málið verði skoðað vel og gerð athugun á hvort rétt sé að festa það í lög að táknmálið verði móðurmál heyrnarlausra eða hvort hægt sé að tryggja réttarstöðu heyrnarlausra á annan hátt.

Á undanförnum árum hefur ýmislegt áunnist í málefnum heyrnarlausra. Má sem dæmi nefna Samskiptamiðstöðina og kennslu í táknmálstúlkun í Háskóla Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að menntamálaráðherra verði falið að láta gera athugun á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi í samanburði við réttarstöðu heyrnarlausra í nágrannalöndunum með það að markmiði að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins.

Alþingi, 10. mars 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Svanfríður Jónasdóttir.	Hjálmar Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Ólafur Örn Haraldsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Árni Johnsen.

1138. Nefndarálit [526. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Minni hlutinn er andvígur þeim breytingum sem í frumvarpinu felast og telur að mun betur hefði þurft að athuga heimildir um að setja gjaldskrár af hálfu sveitarfélaga fyrir eftirlitsskyldu.

Þá er minni hlutinn andvígur breytingatillögu meiri hlutans þar sem verið er að setja fulltrúa atvinnurekenda á hverju eftirlitssvæði inn í heilbrigðisnefndir með fullum réttindum. Slíkt stangast á við eðlilega stjórnsýslu og veitir þeim sem haft skal eftirlit með ákaflega sterka stöðu. Er ólíklegt að slík stjórnsýsla samræmist alþjóðlegum venjum og kann að varða alþjóðlegar skuldbindingar.

Með vísan til þessa leggur minni hlutinn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. mars 1999.

Hjörleifur Guttormsson.

1139. Nefndarálit [585. mál]

um frv. til l. um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Frumvarpið er nýkomið fram og var fyrst vísað til iðnaðarnefndar sl. mánudag, 1. mars 1999. Því hefur allt of lítill tími gefist til efnislegrar skoðunar málsins. Tvísýnt verður að teljast að lögleiða þá endurgreiðslu af innlendum kostnaði við framleiðslu kvikmynda sem fyrst og fremst er verið að leggja í vegna gerðar erlendra kvikmynda hérlendis. Í þessu svonefnda hvatakerfi getur falist umtalsverð mismunun á aðstöðu innlendra framleiðenda gagnvart erlendum.

Með vísan til þessa leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 10. mars 1999.

Hjörleifur Guttormsson.

1140. Svar [596. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um þróun kaupmáttar.

1. *Hvernig hefur kaupmáttur, þ.e. hækkun umfram neysluverðsvísitölu, eftirfarandi þátta þróast hvert síðustu þriggja kjörtímabila:*
   a. *bóta almannatrygginga (grunnlífeyris, tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar),*
   b. *lífeyris frá lífeyrissjóðum,*
   c. *húsaleigubóta,*
   d. *atvinnuleysisbóta,*
   e. *launa á almennum markaði,*
   f. *launa opinberra starfsmanna,*
   g. *lágmarkslauna?*

Bætur almannatrygginga.

Kaupmáttur *grunnlífeyris almannatrygginga:*
lækkaði um 16,2% á kjörtímabilinu 1987–91,
lækkaði um 6,1% á kjörtímabilinu 1991–95,
en hækkaði um 10,9% á yfirstandandi kjörtímabili fram til janúar í ár.

Kaupmáttur *tekjutryggingar:*
lækkaði um 6,4% á kjörtímabilinu 1987–91,
lækkaði um 6,1% á kjörtímabilinu 1991–95,
en hækkaði um 21,9% á yfirstandandi kjörtímabili fram til janúar í ár.

Kaupmáttur *heimilisuppbótar:*
lækkaði um 11,3% á kjörtímabilinu 1987–91,
lækkaði um 6,1% á kjörtímabilinu 1991–95
en hækkaði um 71,4% á yfirstandandi kjörtímabili fram til janúar í ár.

Kaupmáttur *sérstakrar heimilisuppbótar:*
lækkaði um 8,8% frá því hún kom til 1. september 1987 út kjörtímabilið 1991,
lækkaði um 6,1% á kjörtímabilinu 1991–95,
en hækkaði um 21,9% á yfirstandandi kjörtímabili fram til janúar í ár.

(Sjá nánar í töflu 5 í viðauka.)

Lífeyrir frá lífeyrissjóðum.

Kaupmáttur *lífeyris almennra lífeyrissjóða:*
lækkaði um 15,3% á kjörtímabilinu 1987–91,
lækkaði um 2,6% á kjörtímabilinu 1991–95,
en hækkaði um 0,1% á yfirstandandi kjörtímabili fram til janúar í ár.

Er það í eðlilegu samræmi við almenna verðtryggingu lífeyris frá lífeyrissjóðum sem miðast við verðlag.

(Sjá nánar í töflu 5 í viðauka.)

Húsaleigubætur.

Húsaleigubætur voru teknar upp í öllum sveitarfélögum 1. janúar 1998 en áður var það háð ákvörðun einstakra sveitarfélaga hvort slíkar bætur væru greiddar. Þær voru fyrst teknar upp í 28 sveitarfélögum árið 1995. Bótafjárhæðir voru óbreyttar frá árinu 1995 allt þar til

1. janúar sl. Þá hækkuðu húsaleigubætur um 13%. Frá 1. janúar 1995 til 1. janúar 1999 hækkaði neysluverðsvísitala um 6,8%.

Atvinnuleysisbætur.
Kaupmáttur *atvinnuleysisbóta:*
lækkaði um 14,7% á kjörtímabilinu 1987–91,
lækkaði um 7,2% á kjörtímabilinu 1991–95,
en hækkaði um 11,4% á yfirstandandi kjörtímabili fram til janúar í ár.
(Sjá nánar í töflu 5 í viðauka.)

Laun á almennum markaði.
Kaupmáttur launa á *almennum markaði:*
lækkaði um 10,6% á kjörtímabilinu 1987–91,
lækkaði um 4,3% á kjörtímabilinu 1991–95,
en hækkaði um 18,5% á yfirstandandi kjörtímabili fram til janúar í ár.
(Sjá nánar í töflu 6 í viðauka.)

Laun opinberra starfsmanna.
Kaupmáttur *launa opinberra starfsmanna og bankamanna:*
lækkaði um 14,2% á kjörtímabilinu 1987–91,
lækkaði um 1,8% á kjörtímabilinu 1991–95,
en hækkaði um 29% á yfirstandandi kjörtímabili fram til janúar í ár.
(Sjá nánar í töflu 6 í viðauka.)

Lágmarkslaun.
Kaupmáttur *lágmarkslauna:*
lækkaði um 20,1% á kjörtímabilinu 1987–91,
lækkaði um 5,4% á kjörtímabilinu 1991–95,
en hækkaði um 38,6% á yfirstandandi kjörtímabili fram til janúar í ár.
(Sjá nánar í töflu 6 í viðauka.)

b. Hefur orðið umtalsverð fjölgun eða fækkun í hópi þeirra sem fá bætur, laun eða lífeyri, sbr. a–g-lið 1. tölul.?

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda einstaklinga sem talið hafa fram laun, greiðslur frá lífeyrissjóðum og frá almannatryggingum frá 1988–97.

	Laun og starfstengdar greiðslur	Greiðslur frá Tryggingastofnun	Greiðslur frá lífeyrissjóðum	Atvinnuleysisbætur
1988	140.497	41.222	20.365	
1989	142.380	42.530	21.718	
1990	143.503	44.943	23.121	
1991	144.986	46.071	24.544	
1992	145.481	47.365	25.801	
1993	145.866	46.872	27.116	
1994	147.190	47.613	28.161	
1995	147.225	47.779	29.204	17.350
1996	148.186	44.376	30.099	14.857
1997	150.471	45.085	31.103	12.409

Þannig fjölgaði launþegum um rúmlega 7% á tímabilinu 1988–97, þeim sem þiggja greiðslur frá Tryggingastofnun fjölgaði um rúmlega 9% á sama tímabili og þeim sem fá lífeyrisgreiðslur fjölgaði um tæp 53%. Atvinnuleysisbætur voru ekki færðar sem sér liður á skattframtali fyrr en 1995. Taka ber fram að fjölmargir fá bætur um skamma hríð, en skráð atvinnuleysi er umreiknað miðað við ársverk. Þetta skýrir það að atvinnuleysisbótaþegar eru mun fleiri en nemur fjölda skráðra atvinnulausra.

c. Hafa nýjar tegundir bóta bæst við eða eldri fallið brott á tímabilinu, sbr. 1. tölul?

Þegar litið er yfir síðustu tólf ár er viðbúið að ýmsar breytingar hafi orðið á bótaflokkum, en ekki eru tök á neinu tæmandi yfirliti hér. Á sviði almannatrygginga má nefna sérstaka heimilisuppbót sem tekin var upp í september 1987, umönnunarbætur voru fluttar frá málefnum fatlaðra til almannatrygginga árið 1991. Þá má nefna húsaleigubætur sem byrjað var að greiða 1995.

d. Hvaða hópar njóta húsaleigubóta og í hvaða hlutföllum?

Upplýsingar eru eingöngu til fyrir Reykjavík. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu milli helstu hópa á árinu 1997. Tekið skal fram að þessar upplýsingar eru misvísandi þegar um hjón eða sambýlisfólk er að ræða þar sem skráð er félagsstaða þess sem um bæturnar sækir. Það skýrir m.a. fjölda heimavinnandi.

	Fjöldi	Hlutfallsleg skipting
Nemendur	1.112	34,4
Öryrkjar	403	12,5
Ellilífeyrisþegar	145	4,4
Heimavinnandi	29	0,9
Atvinnulausir	374	11,6
Í atvinnu	1.166	36,1
Samtals	3.229	99,9

Viðauki.

Tafla 1. Bætur almannatrygginga, lífeyrir og atvinnuleysisbætur

Krónur á mánuði, meðaltöl ársfjórðunga

Ár	Fjórð-ungur	Grunnlíf-eyrir (1)	Teku-trygging (2)	Heimilisuppbót Almenn (3)	Heimilisuppbót Sérstök (4)	Samtals (1)+(2)+(3)+(4)	Lífeyrir alm.sjóða (6)	Atvinnu-leysis-bætur (7)
1988	1	7.275	10.660	4.294	----	22.228	26.705	26.671
1. kjörtímabil	2	7.441	12.256	4.392	----	24.089	27.289	27.479
	3	7.581	13.166	4.475	1.026	26.248	27.866	28.428
	4	8.129	14.118	4.799	3.301	30.347	29.975	30.581
1988	1	8.649	15.450	5.252	3.612	32.964	30.553	30.581
	2	8.996	16.070	5.463	3.757	34.287	33.330	35.132
	3	9.577	17.107	5.816	4.000	36.500	34.045	35.886
	4	9.577	17.620	5.990	4.120	37.307	34.045	35.886
1989	1	9.617	17.693	6.015	4.137	37.463	34.258	36.184
	2	10.040	18.471	6.279	4.319	39.109	36.235	37.666
	3	10.340	19.999	6.798	4.677	41.814	38.263	38.834
	4	10.768	20.810	7.074	4.866	43.519	39.930	40.500
1990	1	10.962	20.168	6.856	4.716	42.701	40.666	41.242
	2	11.071	20.369	6.924	4.763	43.127	41.071	42.791
	3	11.181	21.601	7.343	5.051	45.175	41.480	42.068
	4	11.286	23.166	7.875	5.417	47.744	41.946	43.462
1991	1	11.604	21.351	7.258	4.992	45.206	43.052	43.663
2. kjörtímabil	2	11.920	21.932	7.455	5.128	46.436	44.433	45.841
	3	12.123	26.653	8.947	6.154	53.877	45.602	45.613
	4	12.123	23.792	8.087	5.563	49.565	45.602	45.613
1992	1	12.123	22.305	7.582	5.215	47.225	45.621	45.613
	2	12.260	22.558	7.668	5.274	47.760	45.721	48.110
	3	12.329	26.314	8.945	6.153	53.740	46.130	46.388
	4	12.329	24.952	8.482	5.834	51.598	46.187	48.369
1993	1	12.329	24.801	8.431	5.799	51.360	46.525	46.388
	2	12.329	22.684	7.711	5.304	48.028	46.782	48.369
	3	12.329	26.314	8.945	6.153	53.740	47.176	46.388
	4	12.329	27.070	9.202	6.329	54.930	47.719	48.369
1994	1	12.329	22.684	7.711	5.304	48.028	47.685	46.388
	2	12.329	22.684	7.711	5.304	48.028	47.771	48.369
	3	12.329	27.584	9.377	6.450	55.739	48.042	46.388
	4	12.329	27.070	9.202	6.329	54.930	48.227	48.369
1995	1	12.526	23.047	7.834	5.389	48.797	48.432	47.601

Ár	Fjórð-ungur	Grunnlíf-eyrir (1)	Teku-trygging (2)	Heimilisuppbót Almenn (3)	Heimilisuppbót Sérstök (4)	Samtals (1)+(2)+(3)+(4)	Lífeyrir alm.sjóða (6)	Atvinnu-l.bætur (7)
3. kjörtímabil	2	12.921	23.773	8.081	5.559	50.334	48.446	51.880
	3	12.921	27.418	9.320	6.411	56.071	48.703	50.028
	4	12.921	28.211	9.589	6.597	57.318	49.145	51.694
1996	1	13.373	24.605	8.364	5.754	52.096	49.236	52.728
	2	13.373	24.605	8.364	5.754	52.096	49.602	54.313
	3	13.373	28.214	9.591	6.598	57.775	49.926	52.728
	4	13.373	29.034	9.870	6.789	59.066	50.287	54.244
1997	1	13.823	25.432	8.645	5.947	53.846	50.220	57.339
	2	14.186	26.101	10.075	6.104	56.466	50.483	57.339
	3	14.423	28.276	13.520	6.613	62.832	50.765	57.339
	4	14.541	29.429	14.071	6.883	64.924	51.179	57.339
1998	1	15.123	27.824	13.304	6.507	62.758	51.263	59.632
	2	15.123	27.824	13.304	6.507	62.758	51.611	59.632
	3	15.123	27.824	13.304	6.507	62.758	51.676	59.632
	4	15.123	30.607	14.634	7.158	67.521	51.705	59.632
1999	Spá 1	15.307	30.945	14.796	7.237	68.285	51.789	61.720

Aths. Sérstök heimilisuppbót var fyrst greidd í september 1987. Grundvallarlaun almennu lífeyrissjóðanna voru tengd launum fram til ársloka 1990. Frá 1. janúar 1991 eru grundvallarlaunin miðuð við vístitölu neysluverðlags.

Tafla 2. Vísitölur launa, verðlags og lágmarkslaun

Vísitölur 1990=100. Meðaltöl ársfjórðunga

Ár	Fjórð-ungur	Launa-vísitala (1)	Almennur markaður (2)	Opinberir starfsm.og bankam. (3)	Lágmarks-laun (4)	Verðlag (5)
1988	1	*61,0*	*59,6*	*63,2*	26.667	53,1
1. kjörtímabil	2	*64,9*	*63,8*	*66,6*	27.289	55,5
	3	*67,5*	*66,9*	*68,5*	27.866	58,6
	4	*76,1*	*76,7*	*75,4*	29.975	62,3
1988	1	*78,6*	*78,4*	*78,8*	29.975	66,4
	2	*82,2*	*82,4*	*81,8*	32.347	70,2
	3	*87,9*	*88,9*	*86,3*	33.040	75,2
	4	*89,1*	*90,6*	*87,0*	34.589	76,1
1989	1	*89,9*	*91,2*	*88,0*	33.242	79,7
	2	*94,2*	*96,0*	*91,6*	36.953	85,2
	3	*95,9*	*97,2*	*94,0*	35.953	89,4
	4	*100,5*	*102,2*	*98,0*	40.620	94,1
1990	1	100,0	100,0	100,0	38.332	97,5
	2	101,1	101,0	101,1	44.596	99,6
	3	102,2	102,2	102,4	42.583	101,0
	4	103,3	103,3	103,3	42.986	101,9
1991	1	106,3	106,1	106,5	40.582	103,3
2. kjörtímabil	2	109,3	109,2	109,3	47.239	105,7
	3	113,1	113,1	113,2	44.495	108,4
	4	111,9	111,3	112,8	45.728	109,9
1992	1	112,0	111,3	112,9	42.395	110,4
	2	113,3	112,7	114,2	51.730	110,6
	3	114,0	113,4	114,9	43.116	111,0
	4	114,2	113,5	115,4	53.263	111,3
1993	1	114,6	113,6	116,0	43.116	113,6
	2	114,9	113,7	116,6	51.930	114,5
	3	115,0	113,7	116,9	43.116	116,5
	4	115,3	113,9	117,5	53.597	117,1
1994	1	115,6	114,1	117,7	43.116	116,6
	2	116,0	114,4	118,4	53.930	116,9
	3	116,6	114,9	119,2	43.116	117,4
	4	117,0	115,3	119,7	53.597	117,4
1995	1	118,2	117,0	120,2	44.711	118,3

Ár	Fjórð-ungur	Launa-vísitala (1)	Almennur markaður (2)	Opinberir starfsm.og bankam. (3)	Lágmarks-laun (4)	Verðlag (5)
3. kjörtímabil	2	121,3	120,0	123,2	55.032	118,4
	3	122,7	120,5	126,3	46.838	119,5
	4	123,8	120,9	128,3	59.032	119,9
1996	1	128,6	125,4	133,7	49.538	120,6
	2	129,3	125,8	134,7	57.282	121,5
	3	129,5	125,9	135,0	49.538	122,4
	4	129,8	126,3	135,4	62.615	122,5
1997	1	130,4	127,0	135,9	53.837	122,9
	2	136,5	134,6	139,2	63.761	123,6
	3	138,4	135,3	143,0	60.961	124,4
	4	140,0	135,8	146,2	69.328	124,7
1998	1	147,3	142,0	155,7	70.000	125,5
	2	148,3	142,3	157,7	72.933	126,3
	3	149,8	142,8	160,9	70.000	126,9
	4	151,1	143,3	163,3	78.700	126,2
1999	Spá 1	158,7	151,9	169,8	81.455	126,5

Aths. Launavísitala Hagstofu Íslands var tekin upp í ársbyrjun 1990. Tölur fyrir þann tíma eru byggðar á tölum Kjararannsóknarnefndar og gögnum frá fjármálaráðuneyti. Athugast ber að eingreiðslur, s.s. desemberuppót er ekki meðtalin í þeim gögnum. Hagstofan dreifir eingreiðslum yfir árið, en í tölum um lágmarkslaun eru eingreiðslur færðar á þann fjórðung er þær koma til greiðslu.

Tafla 3. Kaupmáttur bóta almannatrygginga, lífeyris og atvinnuleysisbóta
Vísitölur 1990=100

Ár	Fjórð-ungur	Grunnlíf-eyrir (1)	Tekju-trygging (2)	Heimilisuppbót Almenn (3)	Heimilisuppbót Sérstök (4)	Samtals (1)+(2)+(3)+(4)	Lífeyrir alm.sjóða (6)	Atvinnu-leysis-bætur (7)
1987	1	123,2	94,2	111,6		93,7	121,9	118,6
1. kjörtímabil	2	120,6	103,6	109,2		97,2	119,1	116,9
	3	116,2	105,3	105,3		100,2	115,1	114,4
	4	117,3	106,2	106,2	106,2	109,0	116,5	115,8
1988	1	117,1	109,1	109,1	109,1	111,1	111,4	108,6
	2	115,3	107,4	107,4	107,4	109,4	115,1	118,1
	3	114,5	106,7	106,7	106,7	108,6	109,7	112,6
	4	113,2	108,6	108,6	108,6	109,8	108,4	111,3
1989	1	108,5	104,2	104,2	104,2	105,3	104,2	107,2
	2	106,0	101,7	101,7	101,7	102,8	103,0	104,3
	3	104,0	104,9	104,9	105,0	104,7	103,7	102,5
	4	102,9	103,7	103,7	103,7	103,5	102,8	101,6
1990	1	101,0	97,0	97,0	97,0	98,0	101,0	99,8
	2	99,9	95,9	95,9	95,9	96,9	99,9	101,3
	3	99,6	100,3	100,3	100,3	100,1	99,5	98,3
	4	99,5	106,6	106,6	106,6	104,8	99,7	100,6
1991	1	101,0	96,9	96,9	96,9	97,9	101,0	99,7
2. kjörtímabil	2	101,4	97,3	97,3	97,3	98,3	101,8	102,3
	3	100,5	115,3	113,8	113,8	111,2	101,9	99,3
	4	99,2	101,5	101,5	101,5	100,9	100,5	97,9
1992	1	98,8	94,8	94,8	94,8	95,8	100,1	97,5
	2	99,6	95,6	95,6	95,6	96,6	100,1	102,6
	3	99,9	111,2	111,2	111,2	108,4	100,7	98,6
	4	99,6	105,2	105,2	105,2	103,8	100,5	102,6
1993	1	97,5	102,4	102,4	102,4	101,2	99,2	96,3
	2	96,8	92,9	92,9	92,9	93,9	99,0	99,7
	3	95,1	105,9	105,9	105,9	103,2	98,1	93,9
	4	94,6	108,4	108,4	108,4	104,9	98,7	97,4
1994	1	95,0	91,2	91,2	91,2	92,2	99,0	93,8
	2	94,8	91,0	91,0	91,0	91,9	98,9	97,6
	3	94,4	110,2	110,2	110,2	106,3	99,1	93,2
	4	94,4	108,1	108,1	108,1	104,7	99,5	97,2
1995	1	95,1	91,3	91,3	91,3	92,3	99,1	94,9

Ár	Fjórð-ungur	Grunnlíf-eyrir (1)	Tekju-trygging (2)	Heimilisuppbót Almenn (3)	Heimilisuppbót Sérstök (4)	Samtals (1)+(2)+(3)+(4)	Lífeyrir alm.sjóða (6)	Atvinnu-leysis-bætur (7)
1995	2	98,1	94,1	94,1	94,1	95,1	99,1	103,3
	3	97,2	107,6	107,6	107,6	105,0	98,7	98,7
	4	96,9	110,3	110,3	110,3	107,0	99,3	101,7
1996	1	99,7	95,7	95,7	95,7	96,7	98,9	103,2
	2	99,0	95,0	95,0	95,0	96,0	98,9	105,5
	3	98,2	108,1	108,1	108,1	105,6	98,8	101,6
	4	98,1	111,1	111,1	111,1	107,9	99,4	104,4
1997	1	101,1	97,1	97,1	97,1	98,1	99,0	110,1
	2	103,2	99,0	112,5	99,1	102,3	98,9	109,5
	3	104,2	106,5	149,9	106,6	113,0	98,8	108,7
	4	104,8	110,6	155,6	110,7	116,5	99,4	108,4
1998	1	108,3	104,0	146,2	104,0	111,9	98,9	112,1
	2	107,6	103,3	145,3	103,3	111,2	99,0	111,4
	3	107,2	102,9	144,7	102,9	110,7	98,7	110,9
	4	107,7	113,7	160,0	113,8	119,7	99,2	111,5
1999	1	108,7	114,7	161,3	114,7	120,8	99,1	115,1

Tafla 4. Kaupmáttur launa
Vísitölur 1990=100

Ár	Fjórð-ungur	Launa-vísitala (1)	Almennur markaður (2)	Opinberir starfsm.og bankam. (3)	Lágmarks-laun (4)
1987	1	113,2	110,5	117,3	119,3
1. kjörtímabil	2	115,2	113,1	118,2	116,8
	3	113,4	112,4	115,0	112,8
	4	120,3	121,1	119,0	114,2
1988	1	116,5	116,2	116,8	107,2
	2	115,3	115,6	114,7	109,5
	3	115,1	116,4	113,0	104,3
	4	115,4	117,2	112,5	108,0
1989	1	111,1	112,7	108,8	99,1
	2	108,9	111,0	105,8	103,0
	3	105,7	107,1	103,5	95,5
	4	105,2	107,0	102,5	102,5
1990	1	100,9	100,9	100,8	93,3
	2	99,9	99,8	99,8	106,3
	3	99,6	99,6	99,7	100,1
	4	99,7	99,7	99,7	100,1
1991	1	101,3	101,1	101,4	93,3
2. kjörtímabil	2	101,8	101,7	101,7	106,1
	3	102,7	102,7	102,7	97,4
	4	100,2	99,7	100,9	98,8
1992	1	99,9	99,3	100,6	91,2
	2	100,8	100,3	101,5	111,0
	3	101,1	100,6	101,8	92,2
	4	101,0	100,4	102,0	113,6
1993	1	99,3	98,4	100,4	90,1
	2	98,8	97,8	100,2	107,7
	3	97,2	96,1	98,7	87,9
	4	96,9	95,7	98,6	108,6
1994	1	97,6	96,3	99,2	87,8
	2	97,6	96,3	99,6	109,5
	3	97,8	96,3	99,9	87,2
	4	98,1	96,6	100,2	108,4
1995	1	98,3	97,3	99,9	89,7

Ár	Fjórð-ungur	Launa-vísitala (1)	Almennur markaður (2)	Opinberir starfsm.og bankam. (3)	Lágmarks-laun (4)
1995	2	100,8	99,7	102,3	110,3
	3	101,0	99,2	103,9	93,0
	4	101,6	99,2	105,2	116,9
1996	1	105,0	102,4	109,0	97,5
	2	104,8	101,9	109,0	111,9
	3	104,1	101,2	108,4	96,1
	4	104,3	101,5	108,7	121,3
1997	1	104,5	101,8	108,8	104,0
	2	108,7	107,2	110,8	122,5
	3	109,5	107,0	113,0	116,3
	4	110,5	107,2	115,2	131,9
1998	1	115,5	111,4	122,0	132,4
	2	115,6	110,9	122,8	137,1
	3	116,2	110,8	124,7	131,0
	4	117,9	111,8	127,3	148,1
1999	1	123,4	118,2	132,0	152,8

Tafla 5. Kaupmáttur bóta almannatrygginga, lífeyris og atvinnuleysisbóta
Vísitölur upphaf kjörtímabila

Ár	Fjórðungur	Grunnlíf-eyrir (1)	Tekju-trygging (2)	Heimilisuppbót Almenn (3)	Heimilisuppbót Sérstök (4)	Samtals (1)+(2)+(3)+(4)	Lífeyrir alm.sjóða (6)	Atvinnu-leysis-bætur (7)
1987	1							
1. kjörtímabil	2	100,0	100,0	100,0		100,0	100,0	100,0
	3	96,4	101,7	96,4		103,1	96,6	97,9
	4	97,3	102,5	97,3	100,0	112,1	97,8	99,1
1988	1	97,1	105,3	99,9	102,7	114,3	93,5	93,0
	2	95,6	103,7	98,4	101,1	112,5	96,6	101,1
	3	95,0	103,0	97,7	100,4	111,8	92,1	96,4
	4	93,9	104,8	99,5	102,2	112,9	91,0	95,2
1989	1	90,0	100,5	95,4	98,0	108,3	87,4	91,7
	2	87,9	98,2	93,1	95,7	105,7	86,5	89,3
	3	86,3	101,3	96,1	98,8	107,7	87,0	87,7
	4	85,3	100,1	95,0	97,6	106,5	86,3	86,9
1990	1	83,8	93,6	88,8	91,3	100,8	84,8	85,4
	2	82,9	92,6	87,8	90,3	99,7	83,8	86,7
	3	82,6	96,8	91,9	94,4	103,0	83,5	84,1
	4	82,5	102,9	97,6	100,3	107,9	83,6	86,1
1991	1	83,8	93,6	88,7	91,2	100,8	84,7	85,3
2. kjörtímabil	2	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
	3	99,2	118,5	117,0	117,0	113,1	100,1	97,0
	4	97,8	104,4	104,4	104,4	102,7	98,7	95,7
1992	1	97,4	97,4	97,4	97,4	97,4	98,4	95,3
	2	98,3	98,3	98,3	98,3	98,3	98,3	100,3
	3	98,5	114,3	114,3	114,3	110,3	98,9	96,4
	4	98,3	108,1	108,1	108,1	105,6	98,8	100,3
1993	1	96,2	105,2	105,2	105,2	102,9	97,4	94,2
	2	95,5	95,5	95,5	95,5	95,5	97,3	97,5
	3	93,9	108,9	108,9	108,9	105,0	96,4	91,8
	4	93,3	111,4	111,4	111,4	106,8	96,9	95,2
1994	1	93,8	93,8	93,8	93,8	93,8	97,3	91,7
	2	93,5	93,5	93,5	93,5	93,5	97,2	95,4
	3	93,2	113,3	113,3	113,3	108,1	97,4	91,1
	4	93,1	111,1	111,1	111,1	106,5	97,7	95,0
1995	1	93,9	93,9	93,9	93,9	93,9	97,4	92,8

Ár	Fjórðungur	Grunnlíf-eyrir (1)	Tekju-trygging (2)	Heimilisuppbót Almenn (3)	Heimilisuppbót Sérstök (4)	Samtals (1)+(2)+(3)+(4)	Lífeyrir alm.sjóða (6)	Atvinnu-leysis-bætur (7)
1995	2	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
	3	99,1	114,3	114,3	114,3	110,4	99,6	95,6
	4	98,8	117,2	117,2	117,2	112,5	100,2	98,4
1996	1	101,7	101,7	101,7	101,7	101,7	99,8	99,8
	2	100,9	100,9	100,9	100,9	100,9	99,8	102,1
	3	100,1	114,8	114,8	114,8	111,0	99,7	98,3
	4	100,0	118,1	118,1	118,1	113,4	100,3	101,1
1997	1	103,1	103,1	103,1	103,1	103,1	99,9	106,6
	2	105,2	105,2	119,5	105,2	107,5	99,9	105,9
	3	106,2	113,2	159,2	113,2	118,8	99,7	105,2
	4	106,9	117,5	165,3	117,6	122,5	100,3	104,9
1998	1	110,5	110,5	155,4	110,5	117,7	99,9	108,5
	2	109,7	109,7	154,4	109,8	116,9	99,9	107,8
	3	109,3	109,3	153,7	109,3	116,4	99,6	107,3
	4	109,9	120,8	170,0	120,9	125,9	100,2	107,9
1999	1	110,9	121,9	171,4	121,9	127,0	100,1	111,4

Tafla 6. Kaupmáttur launa

Vísitölur upphaf kjörtímabila

Ár	Fjórð-ungur	Launa-vísitala (1)	Almennur markaður (2)	Opinberir starfsm.og bankam. (3)	Lágmarks-laun (4)
1987	1				
1. kjörtímabil	2	100,0	100,0	100,0	100,0
	3	98,5	99,3	97,3	96,6
	4	104,4	107,0	100,7	97,8
1988	1	101,1	102,7	98,8	91,8
	2	100,1	102,2	97,1	93,7
	3	99,9	102,9	95,6	89,3
	4	100,2	103,6	95,2	92,4
1989	1	96,5	99,6	92,0	84,8
	2	94,6	98,1	89,6	88,2
	3	91,7	94,6	87,6	81,8
	4	91,3	94,5	86,7	87,8
1990	1	87,6	89,2	85,3	79,9
	2	86,7	88,2	84,4	91,0
	3	86,5	88,1	84,4	85,7
	4	86,6	88,2	84,3	85,7
1991	1	88,0	89,4	85,8	79,9
	2	100,0	100,0	100,0	100,0
	3	100,9	101,0	101,0	91,9
	4	98,5	98,1	99,3	93,1
1992	1	98,2	97,6	99,0	86,0
	2	99,1	98,6	99,9	104,7
	3	99,4	98,9	100,2	87,0
	4	99,3	98,8	100,3	107,1
1993	1	97,6	96,8	98,8	84,9
	2	97,1	96,2	98,5	101,5
	3	95,5	94,5	97,1	82,8
	4	95,2	94,1	97,0	102,4
1994	1	95,9	94,7	97,6	82,7
	2	96,0	94,7	97,9	103,2
	3	96,1	94,8	98,2	82,2
	4	96,4	95,1	98,6	102,1
1995	1	96,6	95,7	98,2	84,6

Ár	Fjórð-ungur	Launa-vísitala (1)	Almennur markaður (2)	Opinberir starfsm.og bankam. (3)	Lágmarks-laun (4)
1995	2	100,0	100,0	100,0	100,0
	3	100,2	99,5	101,6	84,3
	4	100,8	99,5	102,9	106,0
1996	1	104,1	102,6	106,6	88,4
	2	103,9	102,2	106,6	101,5
	3	103,3	101,5	106,0	87,1
	4	103,4	101,7	106,2	110,0
1997	1	103,6	102,0	106,3	94,3
	2	107,9	107,5	108,3	111,1
	3	108,6	107,3	110,5	105,4
	4	109,6	107,5	112,7	119,6
1998	1	114,6	111,7	119,3	120,1
	2	114,6	111,2	120,0	124,3
	3	115,3	111,1	121,9	118,8
	4	116,9	112,1	124,4	134,2
1999	1	122,4	118,5	129,0	138,6

1141. Svar [595. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um örorkulífeyri og launatekjur.

1. *Hver verður örorkulífeyrir, svo og aðrar bætur, 25 ára manns sem verður 100% öryrki, miðað við að hann hafi eftirfarandi mánaðarlaun:*
   a. *80.000 kr.,*
   b. *120. 000 kr.,*
   c. *160.000 kr.,*
   d. *200.000 kr.*

   og hafi í fimm ár greitt iðgjald af tekjum sínum í lífeyrissjóð, búi einn í leiguíbúð og borgi 35.000 kr. í leigu á mánuði?

   Svar óskast sundurliðað þannig:
   a. *Örorkulífeyrir frá lífeyrissjóði (t.d. Lífeyrissjóði verslunarmanna og Lífeyrissjóðnum Framsýn).*
   b. *Örorkulífeyrir, tekjutrygging, heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót frá Tryggingastofnun ríkisins.*
   c. *Húsaleigubætur frá sveitarfélagi.*
2. *Hvernig breytast ráðstöfunartekjur þessa manns fyrir tekjuskatt og eftir tekjuskatt þegar hann verður 100% öryrki að teknu tilliti til iðgjalds í lífeyrissjóð og félagsgjalds?*

Svör við 1. og 2. lið, um mánaðarlegar tekjur þess manns sem um ræðir, má sjá í eftirfarandi töflum.

Án tekjuskatta										
Fyrir örorku			Lífeyrissjóður verzlunarmanna				Lífeyrissjóðurinn Framsýn			
Tekjur	Húsaleigu-bætur	Tekjur - 4% iðgj. - 1% félgj +húsal.b.	Örorkulíf. frá lífeyris sjóði	Örorkulíf. +bætur frá Almannatr.	Húsaleigu-bætur	Lífeyrir og bætur alls	Örorkulíf. frá lífeyris sjóði	Örorkulíf. +bætur frá Almannatr.	Húsaleigu-bætur	Bætur alls
0	9.800	9.800	0	66.078	9.800	75.878				
80.000	9.800	85.800	50.820	45.696	9.800	106.316	45.584	49.147	9.800	104.531
120.000	9.800	123.800	76.230	28.942	9.800	114.972	68.376	34.120	9.800	112.296
160.000	6.600	158.600	101.640	15.728	9.800	127.168	91.168	19.093	9.800	120.061
200.000	1.800	191.800	127.050	15.728	9.800	152.578	113.960	15.728	9.800	139.488

Án tekjuskatta, HLUTFÖLL										
Fyrir örorku			Lífeyrissjóður verzlunarmanna				Lífeyrissjóðurinn Framsýn			
Tekjur	Húsaleigu-bætur	Tekjur - 4% iðgj. - 1% félgj +húsal.b.	Örorkulíf. frá lífeyris sjóði	Örorkulíf. +bætur frá Almannatr.	Húsaleigu-bætur	Lífeyrir og bætur alls	Örorkulíf. frá lífeyris sjóði	Örorkulíf. +bætur frá Almannatr.	Húsaleigu-bætur	Bætur alls
80.000	11%	100%	59%	53%	11%	124%	53%	57%	11%	122%
120.000	8%	100%	62%	23%	8%	93%	55%	28%	8%	91%
160.000	4%	100%	64%	10%	6%	80%	57%	12%	6%	76%
200.000	1%	100%	66%	8%	5%	80%	59%	8%	5%	73%

Eftir tekjuskatta										
Fyrir örorku			Lífeyrissjóður verzlunarmanna				Lífeyrissjóðurinn Framsýn			
Tekjur	Skatt-skyldar tekjur	Tekjur - 4% iðgj. - 1% félgj +húsal.b.- tekjusk.			Skatt-skyldar tekjur	Lífeyrir og bætur eftir tekjusk.			Skatt-skyldar tekjur	Lífeyrir og bætur eftir tekjusk.
0	9.800	9.800			75.878	70.115				
80.000	86.600	75.927			106.316	88.883			104.531	87.783
120.000	125.000	99.204			114.972	94.221			112.296	92.571
160.000	160.200	120.508			127.168	101.741			120.061	97.359
200.000	193.800	140.826			152.578	117.409			139.488	109.337

Eftir tekjuskatta, HLUTFÖLL										
Fyrir örorku			Lífeyrissjóður verzlunarmanna				Lífeyrissjóðurinn Framsýn			
Tekjur		Tekjur - 4% iðgj. - 1% félgj +húsal.b.- tekjusk.				Lífeyrir og bætur eftir tekjusk.				Lífeyrir og bætur eftir tekjusk.
80.000		100%				117%				116%
120.000		100%				95%				93%
160.000		100%				84%				81%
200.000		100%				83%				78%

Eins og fram kemur í töflunum munu ráðstöfunartekjur manns, sem fyrir örorku var með 80.000 kr. brúttómánaðartekjur, aukast um 16–17% við að hljóta 100% örorku. Hins vegar munu ráðstöfunartekjur manns, sem fyrir örorku hafði 120.000 kr. brúttómánaðartekjur eða hærri, lækka nokkuð við örorku. Þannig mun t.d. sá sem fyrir örorku hafði 200.000 kr. brúttómánaðartekjur hafa 78–83% fyrri ráðstöfunartekna við örorku, eftir því hvorn lífeyrissjóðinn hann greiddi í.

Til samanburðar voru reiknaðar ráðstöfunartekjur einstaklings sem aldrei hafði verið á vinnumarkaði og því ekki greitt til lífeyrissjóðs en hann væri með 75.878 kr. til ráðstöfunar fyrir skatta en 70.115 kr. eftir skatta. Er það ákveðið lágmark.

3. *Á hann kost á frekari bótum eða uppbótum frá Tryggingastofnun ríkisins?*

Frekari uppbætur er heimilt að greiða í eftirfarandi tilfellum:

— Vegna mikils umönnunarkostnaðar, sem heimilishjálp eða aðrir opinberar aðilar greiða ekki. Þegar verulega fatlaður einstaklingur á í hlut getur slíkur kostnaður numið nokkrum milljónum króna á ári.
— Vegna verulegs sjúkra- eða lyfjakostnaðar sem sjúkratryggingar greiða ekki.
— Vegna húsaleigu sem fellur utan húsaleigubóta.
— Vegna vistunarkostnaður á dvalarheimilum, stofnunum, sambýlum og áfangastöðum.
— Að auki á hann rétt á að sækja um bifreiðastyrk og bensínstyrk, sé hann hreyfihamlaður, og á rétt á öllum þeim hjálpartækjum sem hann þarf á að halda.

4. *Hvaða kjara nýtur hann sem hann naut ekki áður en hann varð öryrki?*

Hann nýtur sömu kjara og lífeyrisþegar almennt, til dæmis tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar auk grunnlífeyris. Þá veita sveitarfélög ýmsa aðstoð, til dæmis afslætti af fasteignagjöldum eða félagsaðstoð. Að auki er fjöldi fyrirtækja og stofnana sem veita lífeyrisþegum afslátt af þjónustu sinni, svo sem sundstaðir, strætisvagnar, flugfélög og leikhús. Enn fremur eru veittar sérstakar uppbætur vegna lyfja- og lækniskostnaðar.

Þannig greiða handhafar örorkuskírteina þriðjung lækniskostnaðar og einn níunda hluta þess kostnaðar sem fer fram yfir 3.000 kr. á mánuði. Eins njóta öryrkjar betri kjara við endurhæfingu og geta fengið sérstakan endurhæfingarlífeyri.

5. *Hvaða kostnaður fellur að jafnaði á einstakling eftir að hann verður öryrki og hvaða kostnaðarliðir minnka eða hverfa?*

Kostnaður öryrkja getur orðið töluverður vegna örorku þeirra. Reynt er að koma til móts við öryrkja með lægri lyfja- og lækniskostnaði og lægri þjálfunarkostnaði. Í mörgum tilfellum fellur niður kostnaður í sambandi við vinnu sem öryrkinn getur ekki eða lítt stundað. Þar má nefna ferðakostnað, fatakostnað o.fl.

1142. Svar [442. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

1. *Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að tryggja að rannsóknir á lyfjum taki mið af áhrifum þeirra á karla annars vegar og konur hins vegar, sbr. lið 6.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?*

Í frumvarpi til laga um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994, ásamt síðari breytingum, sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu, er að finna ákvæði um klínískar prófanir á lyfjum. Þar er m.a. gert ráð fyrir að framkvæmd þeirra verði í samræmi við reglur um góða starfshætti í klínískum tilraunum (GCP: Good Clinical Practice), Helsinkisáttmálann, siðareglur og lög um réttindi sjúklinga. Fyrrgreint frumvarp hlaut ekki umfjöllun á 122. löggjafarþingi en ráðgert er að það verði endurflutt á næsta þingi. Jafnframt vinnur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að gerð nýrrar reglugerðar um klínískar lyfjaprófanir sem er í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á því sviði á Evrópska efnahagssvæðinu undanfarin ár.

Jafnframt ber að geta þess að vinnuhópur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði árið 1995 til þess að skoða heilsufar kvenna mun skila ráðherra áliti og tillögum fyrri hluta marsmánaðar þar sem m.a. er fjallað um mikilvægi þess að byggja á kynbundnum upplýsingum á sem flestum sviðum heilbrigðisþjónustu og að efla rannsóknir með tilliti til mismunandi þarfa kynjanna.

2. *Hversu margir karlar sem beitt hafa konur (og/eða börn) ofbeldi hafa leitað sér aðstoðar og notið þeirrar meðferðar sem boðið er upp á, sbr. lið 6.4 í framkvæmdaáætluninni? Hver er reynslan af þeirri meðferð?*

Samkvæmt upplýsingum karlanefndar Jafnréttisráðs hófst tilraunaverkefnið „Karlar til ábyrgðar“ í lok apríl 1998. Verkefnið felst í því að bjóða þeim körlum sem beitt hafa ofbeldi á heimilum sálfræðimeðferð. Verkefnið er unnið að frumkvæði karlanefndar Jafnréttisráðs en félagsmálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Rauði kross Íslands hafa veitt fé til verkefnisins. Rauði krossinn sér um daglega framkvæmd þess. Hinn 27. janúar sl. höfðu alls 39 karlar haft samband við Rauða krossinn vegna þessa, 26 höfðu skilað sér í einstaklingsviðtöl og voru viðtöl fjögur að meðaltali. Sex karlar voru útskrifaðir úr einstaklingsviðtölum, níu höfðu hætt, en þrír voru í einstaklingsviðtölum. Alls átta karlar höfðu far-

ið í hópmeðferð og voru tveir útskrifaðir þaðan. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samþykkti í síðasta mánuði, að ósk karlanefndar Jafnréttisráðs, að veita 500 þús. kr. styrk til verkefnisins „Karlar til ábyrgðar".

Að því er varðar reynslu af meðferðinni skal tekið fram að sérstök matsnefnd er starfandi, en hana skipa Karl Steinar Valsson, afbrotafræðingur og aðstoðaryfirlögregluþjónn, Sæunn Kjartansdóttir, hjúkrunarfræðingur og sálgreinir, og Vilborg G. Guðnadóttir, framkvæmdastjóri Kvennaathvarfsins. Nefndin fundar reglulega með meðferðaraðilum og fylgist þannig með framgangi verkefnisins, en samkvæmt upplýsingum karlanefndar Jafnréttisráðs er of snemmt að meta árangur meðferðarinnar. Tilraunaverkefnið „Karlar til ábyrgðar" er hugsað sem tveggja ára tilraun en að þeim tíma liðnum mun nefndin leggja heildarmat á verkefnið og árangur þess. Mat meðferðaraðila er hins vegar að veruleg breyting til hins betra hafi orðið hjá þeim körlum sem hafa komið til þeirra. Ljóst er að margir karlar leita sér aðstoðar þar sem þeir vita að hegðun þeirra er alvarlegt vandamál. Að því leyti telur karlanefnd Jafnréttisráðs að þegar sé unnt að fullyrða að árangurinn sé góður.

Að lokum má geta þess að vinnuhópur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði árið 1995 til þess að skoða heilsufar kvenna mun skila ráðherra áliti og tillögum fyrri hluta marsmánaðar þar sem m.a. er fjallað um hvernig megi bregðast við heimilisofbeldi. Þar er lagt til að heimilisofbeldi verði skráð og meðhöndlað sem heilsufarslegt vandamál og að heilbrigðisþjónustan komi á fót skipulögðu kerfi úrlausna fyrir þolendur jafnt sem gerendur. Lagt er til að kannað verði hvort heppilegt sé að nota neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis sem fyrirmynd sérstakrar móttöku þolenda heimilisofbeldis.

3. *Hvað líður átaki til að auka fræðslu fyrir verðandi feður og fræðslu fyrir starfsfólk heilbrigðisstofnana, sbr. lið 6.5 í framkvæmdaáætluninni?*

Áherslur heilbrigðisstarfsfólks í mæðravernd, við fæðingu og sængurlegu taka mið af virkri þátttöku föður. Fræðsla fyrir verðandi foreldra er nú hluti af mæðravernd um allt land. Í auknum mæli hefur verið lögð áhersla á þátt feðra og sérstaka fræðslu sem þeir þarfnast. Á sumum stöðum hafa verið sérstakir tímar fyrir feður og eru heilbrigðisyfirvöld nú að skoða þá leið með það fyrir augum að mælast til þess að þeir sem annast mæðra- og/eða foreldravernd um allt land taki upp slíka fræðslu í ljósi jákvæðrar reynslu sem hún virðist hafa gefið.

Annað nýmæli sem hefur verið tekið upp á kvennadeild Landspítalans og fyrirhugað er að gera víðar er að einskorða heimsóknir til mæðra í sængurlegu við maka, systkini ungbarnsins og afa og ömmur og að lengja jafnframt samverutíma þeirra verulega. Markmið þessara breytinga var að draga úr heimsóknarálagi á konur og auka möguleika á stuðningi og fræðslu fyrir foreldra. Hefur þessi nýbreytni reynst mjög vel, einkum hvað varðar möguleika til að fræða og leiðbeina báðum foreldrum.

4. *Hvað líður úttekt á reglum um vistunarmat með tilliti til kynjanna, sbr. lið 6.7 í framkvæmdaáætluninni?*

Samkvæmt upplýsingum sem Anna Birna Jensdóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri á öldrunarsviði Sjúkrahúss Reykjavíkur, hefur tekið saman kemur eftirfarandi fram í rannsókninni „Daglegt líf á hjúkrunarheimili" og RAI-mælingum, sem mæla raunverulegan aðbúnað aldraðra á öldrunarstofnunum á Íslandi, sbr. reglugerð nr. 546 /1995, varðandi kynskiptingu þeirra einstaklinga er þar vistast árin 1994, 1996 og 1997:

Hjúkrunarrými (hjúkrunarheimili).

	1997 (71% skil, af öllu landinu)	1996 Höfuðborgar-svæðið (61% skil)	1996 Landsbyggð (61% skil)	1994 Höfuðborgar-svæðið, hjúkrunar- og þjónusturými	1994 Akureyri, hjúkrunar- og þjónusturými
Karlar	31,1%	28,4%	35,5%	33,4%	34,6%
Konur	68,9%	71,6%	64,5%	66,6%	65,4%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Fjöldi	1.196	565	629	1.211	162
Alls	**1.196**	**1.191**		**1.373**	

Þjónusturými (dvalar- og vistheimili).

	1997 (71% skil, af öllu landinu)	1996 höfuðborgar-svæðið (61% skil)	1996 landsbyggð (61% skil)
Karlar	42,6%	41,3%	43,7%
Konur	57,4%	58,7%	56,3%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%
Fjöldi	1.135	397	382

	1997	1996	1994
Alls í hjúkrunar- og þjónusturými	2.331	1.970	1.373

Mun fleiri konur eru á öldrunarstofnunum en karlar. Kemur þar fyrst og fremst til lengri lífaldur kvenna. Hlutfallslega eru þó fleiri karlar í þjónusturými en í hjúkrunarrými, þótt konur séu þar einnig í meiri hluta. Árið 1994 höfðu íbúar á öldrunarstofnunum dvalið þar að meðaltali liðlega þrjú og hálft ár, en 1996 hafði dvölin styst í tæplega þrjú ár í hjúkrunarrými og 3,6 ár í þjónusturými. Árið 1997 hafði meðaltíminn aftur lengst í 3,2 ár í hjúkrunarrými og 4 ár í þjónusturými.

Á Íslandi er heilsufar fólks í hjúkrunarrými, bæði karla og kvenna, bágborið og hjúkrunarþarfir miklar. Til að mynda eiga 65% við minnisskerðingu að stríða og langflestir við verulega færnisskerðingu og fjölþættan heilsufarsvanda. Frá því að reglugerð um vistunarmat, nr. 16/1990, var sett fer enginn á öldrunarstofnun nema að undangengnu mati á þörf fyrir hjúkrun. Við alþjóðlegan samanburð sést að þyngdarstuðull (case mix index) er að meðaltali 1,0 á Íslandi sem er í hærri kantinum. Reglugerðin um vistunarmat virðist því skila því að aldraðir vistast ekki í hjúkrunarrými á Íslandi nema þeir raunverulega þurfi þess. Enn fremur sést að umönnunarþarfir eru heldur meiri hjá þeim sem vistast á öldrunarstofnunum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, 1,01, en á stofnunum á landsbyggðinni þar sem þyngdarstuðullinn er 0,95. Gera má ráð fyrir að úti á landi þar sem sólarhringsþjónustu heimahjúkrunar skortir vistist sumir á stofnun sem fengju heimahjúkrun ef þeir byggju í Reykjavík.

Heilsufar þeirra sem eru í þjónusturými er mun betra en þeirra sem eru í hjúkrunarrými og líkara heilsufari þeirra er njóta heimahjúkrunar. Tiltölulega heilsugóðir karlar virðast frekar nýta sér þjónusturými en konur sem kjósa heldur heimahjúkrun. Þyngdarstuðullinn var því 0,76 í þjónusturými 1994 og 0,8 árið 1996, í samanburði við 1,0 í hjúkrunarrými. Þjón-

usturými stefnir í að verða úrelt úrræði þar sem aldraðir kjósa frekar að fá heimaþjónustu en að vistast á dvalar- og vistheimilum við tiltölulega góða heilsu. Þjónusturými virðast ekki hafa mætt þeim þörfum sem urðu til þess að fólk fluttist þangað, svo sem vegna einmanaleika, þunglyndis eða bjargarleysis. RAI-mælingar hafa sýnt að hlutfall slíks vanda er hærra þar en hjá fólki í hjúkrunarrými, enda eru fagaðilar að sama skapi ekki til staðar til að hjálpa viðkomandi til að takast á við vandann. Flutningurinn einn og sér leysir ekki vanlíðan eða vandamál viðkomandi, þó svo að aðstoð sé veitt við heimilisþrif, matargerð og þvotta.

Ýmsar sjúkdómsmyndir birtast öðruvísi hjá körlum en konum. Einkenni minnisskerðingar hjá körlum eru t.d. oft erfiðari umhverfinu en hjá konum og getur þýtt að þeir eru í brýnni þörf fyrir aðstoð en kona sem á við sama vanda að etja. Þegar litið er til fjölda þeirra sem eru minnisskertir, þ.e. 65%, sést að ekki er ólíklegt að karlar fái fyrr pláss en konur ef þarfir þeirra eru meiri. Konur hafa enn fremur yfirleitt betra stuðningskerfi en karlar, sérstaklega eftir missi maka. Það getur haft áhrif á vistun í þjónusturými þar sem síður er horft til hjúkrunarþarfa vegna lélegs heilsufars eða færnistaps en til úrræðaleysis og bjargarleysis við heimilisstörf.

Heimahjúkrun á fjórum heilsugæslustöðvum á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Samkvæmt RAI-rannsókn sem framkvæmd var meðal aldraðra á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem nutu þjónustu heimahjúkrunar eða dagspítala árið 1997 kom fram eftirfarandi kynskipting:

	Heilsugæsla		Dagspítali	
	Hlutfall	**Fjöldi**	**Hlutfall**	**Fjöldi**
Karlar	21,4%	55	17,5%	7
Konur	78,6%	202	82,5%	33
Alls	100,0%	257	100,0%	40

Mun fleiri konur njóta heimahjúkrunar og dagspítalaþjónustu en karlar. Meðalaldur var 84 ár, rúmlega helmingur voru ekkjur og ekklar og 62,5% bjuggu ein. Nærri 40% fengu heimahjúkrun í kjölfar sjúkrahúsdvalar og aðeins 14,4% voru í langtímahjúkrun á eigin heimili. Einungis 36,7% höfðu skert minni.

Úttekt á afdrifum þeirra sem bíða eftir vistun og eru með gilt vistunarmat.

Samkvæmt könnun Gunnhildar Sigurðardóttir voru 1.165 einstaklingar metnir á tímabilinu 1. janúar 1990 til 31. desember 1993. Á þessu þriggja ára biðtímabili reyndust einungis 220 einstaklingar vera eftir á vistunarskrá, aðrir höfðu fengið vistun eða látist. Af þessum 220 reyndist aðeins 31, eða 14,1%, bíða eftir vistun en 95, eða 43,2%, reyndust ekki tilbúnir að vistast strax þó svo að pláss fengist. Alls reyndust 53 úr hópnum vistaðir á 20 mismunandi stofnunum, þar með talið á öldrunarlækningadeildum. Þegar skoðað er lengra tímabil, eins og gert er í könnun Gunnhildar, kemur fram að ýmsir óska eftir vistunarmati og eru metnir í þörf án þess að vera tilbúnir að vistast í þjónusturými þótt það stæði til boða. Fólk sýnir forsjálni, svona ef heilsufarið versnaði en svo gerist það ekki og þörfin og viljinn fyrir vistun verður ekki fyrir hendi.

Af framangreindum upplýsingum er ekki hægt að draga þá ályktun að kyn þess er bíður vistunar skeri úr um hvort vistunarrými fæst. Heilsufar og hjúkrunarþarfir viðkomandi eru þar alls ráðandi. Búseta í dreifbýli eða byggð, hvort fólk býr eitt eða með maka eða öðrum,

hvort völ er á öflugri heimaþjónustu og hvernig aðgengi er að vistrýmum (mikill munur er þar á Stór-Reykjavíkursvæði og landsbyggð) eru áhrifaþættir er vega mun þyngra en kyn á Íslandi.

5. *Hvaða líður könnun á útreikningi örorkumatsbóta með tilliti til kynjanna, sbr. lið 6.8 í framkvæmdaáætluninni?*

Við útreikning örorkumatsbóta hjá Tryggingastofnun ríkisins er hvorki fyrir hendi kynjabundinn greinarmunur né kynjabundin flokkun af neinu tagi. Tryggingastofnun ríkisins hefur ekki hafið gerð á sérstakri könnun á útreikningi örkumatsbóta með tilliti til kynjanna.

6. *Hvenær hefst herferð gegn reykingum og fíkniefnanotkun sem tekur sérstaklega mið af mismunandi stöðu kynjanna, sbr. lið 6.9 í framkvæmdaáætluninni?*

Herferð gegn reykingum er þegar hafin en þó eru ákveðnir þættir enn í undirbúningi. Tóbaksvarnanefnd styrkti rannsókn dr. Sigrúnar Aðalbjarnardóttur á tengslum tóbaksreykinga ungmenna við sjálfsmat, stjórnrót, depurð, félagslegan kvíða og streitu. Sigrún kynnti nefndarmönnum niðurstöðurnar í janúar síðastliðnum og ætlar að gera tillögur um hvernig vinna mætti út frá þeirri hugmynd að forsendur reykinga hjá piltum og stúlkum geti verið mismunandi. Í tóbaksvörnum verður á þessu ári lögð áhersla á að draga úr reykingum kvenna og ungra stúlkna. Tillögur auglýsingastofu sem notaðar verða í áróðursherferð á árinu eru á lokastigi. Verður ýmislegt gert til að reyna að hafa áhrif á stúlkur og konur sérstaklega og vekja athygli þeirra á alvarlegum afleiðingum reykinga. Þekktir Íslendingar verða meðal annars fengnir til að koma fram í auglýsingum og fleira er í bígerð. Þegar hefur birst fyrsta myndin sem notuð verður í þessari herferð (Mbl. 11. febrúar 1999). Það er mynd af reykjandi barni í móðurkviði og verður henni dreift í fyrirtæki, heilsugæslustöðvar og sjúkrahús til að reyna að hafa áhrif á verðandi mæður sem reykja.

Tóbaksvarnanefnd telur mjög mikilvægt að stemma stigu við óbeinum auglýsingum. Samkvæmt upplýsingum frá nefndinni hefur verið gert samkomulag við fyrirsætuskrifstofuna Eskimó módels, sem annast framkvæmd Ford-fyrirsætukeppninnar, um að eingöngu reyklausar stúlkur fái að taka þátt í keppninni. Gerð verður veggmynd með þeim stúlkum sem komast í úrslit keppninnar til dreifingar í skóla, félagsmiðstöðvar og víðar. Þegar hefur verið gerð veggmynd með sigurvegaranum 1998 og verður henni dreift um allt land. Þá munu fulltrúar frá skrifstofunni óska eftir því að fá að heimsækja skóla haustið 1999 og ræða við nemendur um útlit, klæðaburð, snyrtimennsku og skaðsemi tóbaks. Eskimó módels munu ekki heimila fyrirsætum á þeirra vegum að láta mynda sig með sígarettur í tískuþáttum og auglýsingum eða fyrir forsíður. Sömu skilyrði verða í Elite-fyrirsætukeppninni í ár og í fegurðarsamkeppni Íslands (sem var líka reyklaus 1998). Talið er mjög þýðingarmikið að útrýma reykingum meðal stúlkna í þessum hópum, sem eru oft fyrirmyndir þúsunda annarra.

Veggmynd með þremur til fjórum þekktustu íþróttakonum landsins, m.a. Völu Flosadóttur og Guðrúnu Arnardóttur, verður dreift á öllum íþróttamótum ungu kynslóðarinnar á næstu mánuðum og fá allir keppendur veggmynd með sér heim. Einnig verður útbúin veggmynd með þekktum karlkyns íþróttamönnum og dreift á sömu mótum.

Stefnt er að því að hefja samstarf við verslun á næstu mánuðum um sölu á bolum með skemmtilegum slagorðum gegn reykingum sem höfða sérstaklega til ungra stúlkna. Hugmyndir eru uppi um að fá nokkrar þekktar fyrirmyndir stúlkna til að auglýsa bolina til að auka vinsældir þeirra og eftirspurn. Vinna við þetta er langt komin.

Alþjóðleg samkeppni um reyklausa bekki hefst meðal nemenda í 7. og 8. bekk grunnskóla

næsta haust og verða veitt fjölbreytt og áhugaverð verðlaun. Einn bekkur á Íslandi á möguleika á að vinna utanlandsferð.

Hvað varðar áróður gegn reykingum karlmanna á árinu er stefnt að því að fá auglýsingu frá bandaríska krabbameinsfélaginu þar sem lögð er áhersla á að reykingar valdi oft getuleysi karlmanna á besta aldri. Auglýsingin verður sýnd í sjónvarpi.

Auk þessa verður rekinn áróður gegn reykingum og komið á framfæri fræðslu um skaðsemi þeirra sem höfða mun jafnt til beggja kynja.

Nýtt áfengis- og vímuvarnaráð tók til starfa 1. janúar sl. á grundvelli laga nr. 76/1998. Ráðið er nú langt komið með smíði stefnu þar sem m.a. er fjallað um hvernig æskilegt sé að haga áfengis- og vímuvörnum innan heilsugæslunnar, ekki síst með tilliti til neyslu kvenna almennt og í tengslum við mæðra- og ungbarnavernd.

Jafnframt ber að geta þess að vinnuhópur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði árið 1995 til þess að skoða heilsufar kvenna mun skila ráðherra áliti og tillögum fyrri hluta marsmánaðar þar sem m.a. er lagt til að reykingar kvenna séu skilgreindar sem heilsufarslegt vandamál og að gripið verði til viðeigandi ráðstafana. Þá er lagt til að áfengismeðferð kvenna á Íslandi verði endurskoðuð.

7. *Hvað líður könnun ráðuneytisins á áhrifum karlmennskuímynda á áhættuhegðun karla, sbr. lið 6.10 í framkvæmdaáætluninni? Hvenær er niðurstaðna að vænta?*

Á vegum landlæknisembættisins, heilsueflingar, hafa verið gerðar tvær kannanir er lúta annars vegar að áhættuhegðun ungs fólks og hins vegar að lífsháttum og líðan Íslendinga á árunum 1994 og 1996. Niðurstöður þeirra kannana leiddu m.a. í ljós að stúlkur nota frekar bílbelti en piltar, stúlkur nota frekar verjur en piltar og að karlar neyta áfengis oftar en konur og taka síður mið af hollustu við matarinnkaup og matargerð en konur. Einnig leiddu þessar kannanir í ljós að karlar hreyfa sig oftar en konur og árið 1996 greindist ekki merkjanlegur munur eftir kynjunum meðal þeirra sem reyktu.

8. *Er hafin úttekt á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og þeim fjölmörgu stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 6.12 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?*

Ekki hefur verið gerð sérstök úttekt á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu en þess má geta að fleiri konur en karlar gegna stjórnunarstöðum innan ráðuneytisins. Ekki hafa verið gerðar sérstakar úttektir á stöðu jafnréttismála í undirstofnunum ráðuneytisins en eftirfarandi upplýsingar hafa verið unnar á Landspítalanum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Um 80% starfsmanna stofnana ráðuneytisins eru konur og er stór hluti þeirra fagmenntaður. Í yfirstjórn Landspítalans eru tíu karlar í starfi sviðsstjóra og sjö konur. Á næsta stigi stjórnenda eru 50 karlar og 47 konur. Sameiginleg stjórn lækna og hjúkrunarfræðinga á læknasviðum spítalans leiðir til jafnrar skiptingar kynja við stjórn. Á Sjúkrahúsi Reykjavíkur eru ellefu karlmenn yfirmenn sviða og tíu konur. Yfirmenn klínískra deilda eru 26 karlar en 42 konur. Við tillögugerð fyrir jafnréttisáætlun á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, sbr. svar við 9. lið, var safnað gögnum um jafnrétti kynjanna, t.d. um starfsaðstöðu, yfirvinnu og laun.

9. *Hvað líður gerð jafnréttisáætlana í ráðuneytinu og stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 6.12 í framkvæmdaáætluninni? Hversu margar stofnanir hafa þegar sett sér slíkar áætlanir og hver er reynslan af þeim?*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki hafið gerð jafnréttisáætlunar. Hvað varðar undirstofnanir þá samþykkti stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur þann 8. maí 1998 ítarlega jafnréttisáætlun. Í upphafi áætlunarinnar segir að markmið hennar sé að Sjúkrahús Reykjavíkur, sem sé einn stærsti vinnustaður Reykjavíkurborgar, verði fyrirmynd hvað varðar jafnrétti kynjanna. Til þess að ná þessu markmiði sé nauðsynlegt að öll starfsemi stofnunarinnar taki mið af jafnréttissjónarmiðum og að markvissum aðgerðum sé beitt til að ná fram jafnrétti. Í því skyni hyggist stofnunin vinna sérstaklega að því að styrkja hlut kvenna þar sem það eigi við. Á grundvelli áætlunarinnar hefur verið skipuð fimm manna jafnréttisnefnd á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem ætlað er að fylgja áætluninni eftir. Jafnréttisáætlunin tekur bæði til starfsmannahalds og þjónustuhlutverks sjúkrahússins og markar upphafið að skipulegu jafnréttisstarfi innan þess. Jafnréttisnefndin skal gera starfsáætlun fyrir hvert ár og endurskoða áætlunina á þriggja ára fresti samhliða birtingu jafnréttisskýrslu.

Í riti Landspítalans sem gefið var út í mars 1997 og nefnist „Landspítalinn: Framtíðarsýn, stefna og markmið“ er sérstaklega kveðið á um að stuðlað skuli að starfsánægju og jafnrétti. Þar kemur því fram að jafnrétti er hluti af stefnu og markmiðum stofnunarinnar. Þá hefur Landspítalinn tekið þátt í verkefni félagsmálaráðuneytisins um kynhlutlaust starfsmat.

Loks skal þess getið að settur hefur verið á fót starfshópur sjúkrahúsanna í Reykjavík sem gera á áætlun og tillögur um sameiginlega starfsmannastefnu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítalans. Þar verður m.a. hugað að stöðu jafnréttismála. Starfshópnum er ætlað að skila áliti á næstu vikum.

1143. Fyrirspurn [608. mál]

til menntamálaráðherra um jöfnun námskostnaðar.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hver hefur árleg hækkun á „jöfnun námskostnaðar“ verið á nemanda frá árinu 1995, hlutfallslega og í krónum talið, skipt eftir:
   a. ferðastyrkjum,
   b. dvalarstyrkjum?
2. Hver er upphæð þessara styrkja nú og hvað má reikna með að hún sé hátt hlutfall framfærslukostnaðar nemenda?
3. Hvaða reglur eru lagðar til grundvallar við úthlutun þessara styrkja?

Skriflegt svar óskast.

1144. Þingsályktun [16. mál]

um Vatnajökulsþjóðgarð.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð.

Umhverfisráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi árið 2000 með það í huga að unnt verði að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á aldamótaárinu.

1145. Lög [354. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1026.

1146. Lög [183. mál]

um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1027 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

6. gr. laganna, sbr. lög nr. 42/1996, orðast svo:

Bætur fyrir varanlega örorku skal meta til fjárhæðar á grundvelli örorkustigs tjónþola skv. 5. gr., árslauna hans skv. 7. gr. og eftirfarandi töflu, þannig að margfölduð séu saman örorkustig, árslaun og stuðull töflunnar í samræmi við aldur tjónþola á þeim tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við:

Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull
0	11,438	25	15,101	50	7,834
1	11,746	26	14,567	51	7,626
2	12,064	27	14,161	52	7,370
3	12,389	28	13,750	53	7,139
4	12,724	29	13,474	54	6,932
5	13,067	30	12,813	55	6,678
6	13,420	31	12,595	56	6,378
7	13,782	32	12,367	57	6,037
8	14,155	33	12,150	58	5,687

Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull
9	14,537	34	11,915	59	5,329
10	14,929	35	11,678	60	4,960
11	15,332	36	11,433	61	4,581
12	15,746	37	11,180	62	4,211
13	16,171	38	10,988	63	3,841
14	16,608	39	10,784	64	3,451
15	17,057	40	10,577	65	3,038
16	17,517	41	10,358	66	2,567
17	17,990	42	10,083	67	2,067
18	18,476	43	9,851	68	1,994
19	18,031	44	9,565	69	1,902
20	17,572	45	9,265	70	1,783
21	17,106	46	9,014	71	1,626
22	16,626	47	8,750	72	1,412
23	16,130	48	8,440	73	1,109
24	15,619	49	8,116	74	0,667

Sé tjónþoli orðinn 75 ára á þeim tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við, en hafi stundað vinnu þegar tjón varð, skal ákvarða honum bætur skv. 1. mgr. og skal þá notaður margfeldisstuðullinn 0,667.

Bótafjárhæðin skal greidd í einu lagi.

1147. Lög [135. mál]

um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1028.

1148. Lög [199. mál]

um opinberar eftirlitsreglur.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1030.

1149. Lög [388. mál]

um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1031.

1150. Lög [226. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1034.

1151. Lög [260. mál]

um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1037.

1152. Lög [281. mál]

um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1038.

1153. Lög [225. mál]

um Orkusjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1039.

1154. Lög [510. mál]

um Háskólann á Akureyri.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1073.

1155. Lög [511. mál]

um breyting á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1074.

1156. Lög [184. mál]

um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1035 með þessari breytingu:

18. gr. hljóðar svo:
Aðalstjórn skal tilkynna ráðherra um samninga sem gerðir hafa verið skv. 14. eða 15. gr. laga þessara.

1157. Lög [44. mál]

um afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28 4. febrúar 1952.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 44.

1158. Þingsályktun [581. mál]

um fullgildingu samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 964.

1159. Þingsályktun [573. mál]

um staðfestingu samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 940.

1160. Þingsályktun [160. mál]

um markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að leita samstarfs við samtök og fyrirtæki í atvinnulífinu um gerð markaðsáætlunar um sölu á íslensku dilkakjöti erlendis.

1161. Þingsályktun [241. mál]

um stuðning ríkisvaldsins við kræklingarækt og annan fjörubúskap.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa, með lagasetningu ef þarf, kræklingaeldi og hvers konar annan fjörubúskap sem ætla má að verði á næstu árum tekinn upp á lögbýlum sem aðgang eiga að sjó og að sjá til þess að á viðeigandi rannsóknastofnunum verði sú sérfræðiþekking fyrir hendi sem að haldi má koma og þarf til þess að leiðbeina væntanlegum ræktendum skelfisks og hafa fullnægjandi eftirlit með framleiðslu þeirra í samræmi við kröfur einstakra markaða.

1162. Þingsályktun [203. mál]

um stofnun þjóðbúningaráðs.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 221.

1163. Fyrirspurn [609. mál]

til samgönguráðherra um breytingar á vélarstærð skipa.

Frá Ólafi Erni Haraldssyni.

1. Hvaða vinnureglur liggja til grundvallar þegar veitt er heimild til breytingar á skráðri vélarstærð skipa samkvæmt reglugerð nr. 143/1984?
2. Hvaða skip (nafngreind) hafa fengið heimild til breytingar á vélarstærð frá því að reglugerðin tók gildi, hvenær fengu þau heimild (dagsetningar) og hver var vélarstærð þeirra (kW) fyrir og eftir breytingu?
3. Hve mörgum og hvaða skipum (nafngreindum) hefur verið synjað um breytingu á skráðu afli aðalvéla skipa, hvenær var þeim synjað (dagsetningar) og hvaða forsendur og vinnureglur hafa legið að baki synjuninni?

Skriflegt svar óskast.

1164. Tillaga til þingsályktunar [610. mál]

um háskólamiðstöð Austurlands á Eiðum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta hið fyrsta kanna möguleika á að koma upp háskólamiðstöð Austurlands á Eiðum og nýta í því skyni land og húseignir ríkisins á staðnum. Horft verði meðal annars til námsbrauta í umhverfisfræðum og tengdum greinum, svo sem á sviði landnota, gróður- og jarðvegsverndar og skógræktar.

Ráðherra skili Alþingi niðurstöðum könnunarinnar og tillögum um framhald málsins á vorþingi árið 2000.

Greinargerð.

Gildi háskólastofnana á landsbyggðinni.

Fátt er mikilvægara nú um stundir en framboð á menntun á öllum skólastigum. Góðir menntunarmöguleikar varða bæði æskufólk og þá sem eldri eru og þörf hafa fyrir endurmenntun og símenntun allt æviskeiðið. Fyrir farsæla byggðaþróun skipta góðir skólar og fjölbreytt framboð á fræðslu afar miklu, og samspil skóla við atvinnu- og menningarlíf á viðkomandi svæðum.

Á Austurlandi er hafið framboð á háskólanámi og endurmenntun í formi fjarkennslu á vegum Fræðslunets Austurlands sem formlega var stofnað til sumarið 1998. Sú starfsemi er gott skref og tengist sérstaklega framhaldsskólum í fjórðungnum. En þar má ekki láta staðar numið.

Austfirðingar þurfa á því að halda að í fjórðungnum verði rennt stoðum undir háskólamenntun á völdum sviðum eins og gerst hefur í flestum öðrum landshlutum. Nægir þar að minna á Háskólann á Akureyri og Samvinnuháskólann á Bifröst. Fleiri háskólastofnanir eru á döfinni eins og stjórnarfrumvarp um búnaðarfræðslu (546. mál á 123. löggjafarþingi) ber vott um. Öllum ber saman um hvílík lyftistöng slíkar fræðamiðstöðvar eru fyrir viðkomandi landshluta og um leið fyrir landið allt. Austurland má ekki verða afskipt í þessari þróun og því er nú flutt tillaga um háskólamiðstöð Austurlands á Eiðum.

Endurreisn menntaseturs.

Eiðar voru um aldarskeið höfuðmenntasetur Austurlands. Þar starfaði búnaðarskóli á tímabilinu 1883–1918 en síðan Alþýðuskólinn á Eiðum 1919–95. Þá var skólinn settur undir Menntaskólann á Egilsstöðum, en samrekstur náms á Egilsstöðum og Eiðum gafst ekki vel og lagðist skólastarf af á Eiðum frá og með vorinu 1998. Á Eiðum hefur um langt skeið verið starfræktur grunnskóli og er nú unnið að tengslum hans við aðra grunnskóla í sameinuðu sveitarfélagi á Austur-Héraði. Þá hefur á Eiðum verið miðstöð íþróttastarfsemi á vegum Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands frá því um miðja öldina.

Tilaunir til að finna Eiðastað og húsakynnum Alþýðuskólans annað hlutverk hafa staðið yfir um skeið en engan sýnilegan árangur borið. Vorið 1998 voru stofnuð Samtök Eiðavina með það að markmiði „að stuðla að endurreisn Eiðastaðar, í þágu menningar- og athafnalífs á Austurlandi“. Hafa samtökin undir forustu Vilhjálms Einarssonar, fyrrverandi skólameistara, velt upp ýmsum hugmyndum um starfsemi til menningarauka á staðnum.

Að mati flutningsmanna er tímabært að að fela yfirstjórn menntamála að láta kanna grundvöll fyrir háskólamiðstöð á Eiðum. Háskólastofnun þar miðsvæðis á Fljótsdalshéraði yrði mennta- og menningarlífi á Austurlandi mikil lyftistöng og félli einkar vel að æskilegri byggðaþróun.

Fyrri hugmyndir og tillögur um háskólanám á Austurlandi.

— Á árunum 1984–89 urðu til á Austurlandi hugmyndir um sérkennslunám fyrir kennara sem leiddu til náms með fjarkennslusniði í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands. Frumkvöðlar að málinu voru Berit Johnsen sérkennslufulltrúi og Guðmundur Magnússon fræðslustjóri. Ýtti þessi tilraun meðal annars undir stofnun farskóla Kennaraháskólans 1992.

— Árið 1988 tók Farskóli Austurlands til starfa og var þar um nýmæli í íslenskum fræðslumálum að ræða. Skólinn hefur starfað í tengslum við Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað en starfsemi hans farið fram að heita má í öllum byggðarlögum fjórðungsins.

— Á vettvangi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA) var sumarið 1996 rætt um nauðsyn þess að koma á háskólamenntun á Austurlandi. Aðalfundur SSA 1996 gerði svo hljóðandi ályktun um málið:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, haldinn í Neskaupstað 29. og 30. ágúst 1996, felur stjórn SSA að undirbúa í samvinnu við stjórnvöld og forsvarsmenn skóla á háskólastigi að koma á fót háskólamenntun á Austurlandi í tengslum við austfirskt atvinnulíf og til að efla þekkingu og menntun í fjórðungnum."

— Haustið 1996 fluttu þrír þingmenn Austurlandskjördæmis, Hjörleifur Guttormsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Jón Kristjánsson, tillögu til þingsályktunar um upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi. Var tillagan endurflutt ári síðar undir heitinu Miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi. Um tillöguna var fjallað í menntamálanefnd en hún hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

— Framangreind þingsályktunartillaga ýtti undir að stofnað var til háskólanefndar á vegum SSA hausið 1996, en sú nefnd undir formennsku Emils Björnssonar undirbjó og mótaði tillögur um Fræðslunet Austurlands sem tók til starfa sumarið 1998. Var meðal annars fjallað um málið á aðalfundi SSA 1997 og á fundum með þingmönnum kjördæmisins. Var fjármagn veitt til undirbúnings á fjárlögum ársins 1998. Samkvæmt skipulagsskrá Fræðslunets Austurlands frá 30. október 1998 er meginmarkmið þess að bæta aðgengi íbúa fjórðungsins að háskólanámi og símenntun og styrkja með því jákvæða byggðaþróun. Fræðslunetið er skipulagt sem sjálfseignarstofnun með tíu manna stjórn stofnaðila.

Nýting eigna Eiðaskóla fyrir háskólastig.

Í ársbyrjun 1991 setti Berit Johnsen sérkennslufulltrúi fram hugmynd um að nýta Eiðaskóla sem eins konar miðstöð fyrir námskeiðahald, fjarkennslu og stuðning við námsmenn á háskólastigi. Yrði hann rekstrarlega sjálfstæð stofnun undir menntamálaráðuneytinu og þjónaði öllu landinu. Hvatti hún til þess „að menntamálaráðuneytið kannaði möguleika á að koma á hægfara breytingum á hlutverki skólans". Sú hugmynd hlaut þá ekki brautargengi.

Eiðar henta eins og áður greinir afar vel sem setur háskólamiðstöðvar fyrir Austurland. Staðurinn er aðeins í um tíu mínútna akstursfjarlægð frá Egilsstöðum þar sem er aðalflugvöllur á Mið-Austurlandi og varaflugvöllur í millilandaflugi. Umhverfi Eiðastaðar er einkar vinalegt og land jarðarinnar víðfeðmt og gróðursælt. Er landið vel til fjölþættra rannsókna og tilrauna fallið, drjúgur hluti þess nú afgirtur og náttúruleg gróðurframvinda hafin eftir

friðun fyrir beit. Getur landið haft verulegt gildi til rannsókna og tilrauna í tengslum við þær námsgreinar sem sérstaklega er bent á í tillögunni. Með sérstökum samningi sem gerður var 17. júní 1978 milli umboðsmanns Eiðastólsjarða og Skógræktar ríkisins sem fékk með samningnum afnotarétt af landi Eiða til uppgræðslu skógar og nytja af honum tók Skógræktin „að sér umhirðu þess skógar, sem þar er og upp mun vaxa, og sér um girðingar og viðhald þeirra".

Ástand húseigna Eiðaskóla var metið í apríl 1998. Segir í matsgerð sem unnin var á vegum Ríkiskaupa, menntamálaráðuneytis og Framkvæmdasýslu að heildar-„sannvirði" (ekki söluverðmæti) húseignanna sé um 250 millj. kr. Er þá land jarðarinnar ekki metið til fjár en Eiðajörð virðist óskipt, að því er segir í matsgerðinni, og „jafnvel óvíst um skiptingu milli jarðarinnar og næstu jarðar, sem nefnist Ormsstaðir". Heildarkostnaður við nauðsynlegar viðgerðir húseigna var af sömu aðilum metinn á 35,6 millj. kr.

Hvaða námsbrautir koma til álita?

Í þingsályktunartillögunni er sérstaklega vísað til námsbrauta í umhverfisfræðum og tengdum greinum, svo sem á sviði landnota, gróður- og jarðvegsverndar og skógræktar. Engan veginn er þó lagt til að sú könnun sem tillagan gerir ráð fyrir takmarkist við þær brautir. Nauðsynlegt er að farið sé opnum huga yfir sviðið og horft til mismunandi kosta. Ástæða þess að vísað er til umhverfisfræða og skyldra greina er sú að gera má ráð fyrir verulegri þörf á aukinni þekkingaröflun og fræðslu á því sviði. Fljótsdalshérað býður upp á einkar heppilega umgjörð um háskólanám og námskeið tengd ýmsum umhverfisþáttum, svo sem gróður- og jarðvegsvernd, skógrækt og búvísindum.

Þá er eðlilegt að á Eiðum yrði boðið upp á margvísleg námskeið og endurmenntun á háskólastigi, meðal annars tengd kennaranámi og endurmenntun kennara. Þá væri og eðlilegt að starfsemi á vegum Fræðslunets Austurlands geti fengið inni á Eiðum eftir því sem þörf væri talin á.

Samvinna við aðrar háskólastofnanir.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir sem bestum tengslum háskólamiðstöðvar Austurlands við aðrar háskólastofnanir, bæði Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands sem og minni háskólastofnanir eins og Samvinnuháskólann á Bifröst og háskóladeildir menntastofnana landbúnaðarins á Hvanneyri og Hólum í Hjaltadal, svo og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Jafnframt er sjálfsagt að gera þar ráð fyrir fullkominni aðstöðu til fjarkennslu með nettengslum við aðrar háskólastofnanir í landinu. Gera má ráð fyrir að þáttur í starfi háskólamiðstöðvar Austurlands yrði stuðningur við þá sem stunda fjarnám en ættu kost á að njóta hefðbundinnar kennslu inn á milli.

Mikilvæg pólitísk stefnumörkun.

Ákvörðun um stofnun háskólamiðstöðvar á Eiðum í kjölfar könnunar ráðuneytis og frekari stefnumörkunar stjórnvalda gæti haft mikið gildi fyrir Austurland og um leið fyrir háskólamenntun í landinu. Þótt hér sé rætt um „miðstöð" og nýtingu húseigna ríkisins á staðnum í hennar þágu verður að ætla að það yrði aðeins fyrsta skref í uppbyggingu öflugrar háskólastofnunar á Austurlandi. Þróun á sviði menntamála er ör og gildi framhaldsmenntunar fer vaxandi ár frá ári. Landsfjórðungur eins og Austurland má ekki verða þar afskiptur. Því er hér lögð áhersla á að þeirri könnun sem tillagan gerir ráð fyrir verði hraðað og ekkert það gert á meðan á henni stendur sem rýrt geti möguleika á nýtingu Eiðastaðar og húseigna ríkisins þar fyrir fræðslu á háskólastigi í framtíðinni.

1165. Tillaga til þingsályktunar [611. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 10. mars 1999 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 25. mars 1999.

1166. Svar [587. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um húshitunarkostnað.

1. *Hvernig hefur þróun rafhitunarkostnaðar verið frá því að niðurgreiðslur á rafhitun hófust 1982?*

Eftirfarandi tafla sýnir verð á kílóvattstund (kwst.) miðað við kaup á 32.800 kwst. á ári samkvæmt algengasta gjaldskrárlið Rafmagnsveitna ríkisins fyrir hitun íbúðarhúsnæðis (C1 — rofin daghitun). Tekið skal fram að meðalnotkun á þessum gjaldskrárlið hjá Rafmagnsveitunum er nú tæplega 30.000 kwst. á ári og því er hér gert ráð fyrir rúmlega 9% meiri notkun. Frá 1980 til og með 1988 sýnir taflan meðalverð viðkomandi árs en frá október 1989 verð þegar gjaldskrá hefur verið breytt, niðurgreiðslur auknar og/eða afslætti orkufyrirtækjanna breytt. Fært hefur verið til verðlags í mars 1999 miðað við vísitölu neysluverðs. Rétt er að taka fram að farið var að greiða niður rafmagn til hitunar íbúðarhúsnæðis 1. október 1982. Í töflunni kemur fram að meðalverðið var hæst árið 1982 eða 4,66 en það er nú 2,45 kr. á kwst. sem jafngildir um 53% af verðinu árið 1982.

Tími Dags.	Verð Kr. á kwst.	Tími Dags.	Verð Kr. á kwst.
1980	3,86	1. júní 1991	2,62
1981	3,98	1. júlí 1991	2,80
1982	4,66	1. okt. 1991	2,95
1983	4,15	1. jan. 1993	3,06
1984	3,41	1. ágúst 1993	3,13
1985	2,95	1. jan. 1994	3,20
1986	2,85	1. mars 1994	3,03
1987	2,88	1. mars 1995	2,71
1988	2,93	1. apríl 1996	2,73
1. okt. 1989	2,99	1. apríl 1997	2,82
1. febr. 1990	3,14	1. jan. 1998	2,77
1. jan. 1991	3,16	1. jan. 1999	2,45

2. *Hvaða breytingar urðu á rafhitunarkostnaði með auknum fjárveitingum til niðurgreiðslna á þessu ári (á kwst. og staðalíbúðarhúsnæði)?*

Í fjárlögum yfirstandandi árs voru fjárveitingar til niðurgreiðslu á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis auknar um rúmlega 100 millj. kr. Með hliðsjón af því voru niðurgreiðslur

á gjaldskrárlið C1 (rofin daghitun) hækkaðar frá og með 1. janúar sl. úr 1,47 kr. á kwst. í 1,77 kr. á kwst. eða úr 44.100 kr. í 53.100 kr. á íbúð á ári, miðað við 30.000 kwst. notkun á ári. Niðurgreiðslur á raforku til hitunar í sveitum og orku frá rafkyntum hitaveitum voru auknar til samræmis við hækkun niðurgreiðslna á rofinni daghitun. Með hækkun niðurgreiðslna ríkissjóðs lækkaði hitunarkostnaður meðalnotandans miðað við algengasta hitunartaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins úr 78.306 kr. á ári (2,61 kr. á kwst.) í tæplega 68.840 kr. (2,295 kr. á kwst.) þ.e. lækkunin nemur rúmlega 12%. Eins og fram kom í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar er meðalnotkun á þessum gjaldskrárlið hjá Rafmagnsveitum ríkisins nú tæplega 30.000 kwst. á ári. Miðað við sömu orkukaup og í töflunni hér að framan, 32.800 kwst. á ári, lækkaði kostnaðurinn úr 89.851 kr. á ári (2,739 kr. á kwst.) í 80.385 kr. (2,451 kr. á kwst.).

Árlegur kostnaður fjölskyldu sem notar 30.000 kwst. á ári og býr á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins væri rúmlega 151 þús. kr. (5,046 kr. á kwst.) ef ekki kæmu til niðurgreiðslur ríkissjóðs, afsláttur orkufyrirtækjanna og endurgreiðslur á hluta af virðisaukaskatti. Kostnaðurinn er hins vegar tæplega 69 þús. kr. (2,295 kr. á kwst.) og notandinn greiðir því rúmlega 45%.

3. *Hvaða munur er á kostnaði við hitun íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, á veitusvæði Rariks og á veitusvæði Orkubús Vestfjarða?*

Það er nokkrum erfiðleikum bundið að bera saman kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis með rafmagni og heitu vatni. Meðal annars er rafmagn selt í kwst. en heitt vatn yfirleitt í rúmmetrum og því þarf að meta hversu margar kwst. fást úr hverjum rúmmetra af heitu vatni. Hér verður miðað við að 44,4 kwst. fáist úr hverjum rúmmetra af heitu vatni hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Í eftirfarandi samanburði er miðað við að orkuþörfin sé 32.800 kwst. á ári og að rafmagn sé keypt samkvæmt gjaldskrárlið fyrir rofna daghitun hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Þetta jafngildir því að keyptir séu 739 rúmmetrar á ári af heitu vatni.

Orkuveitusvæði	Kr. á ári	Hlutfall
Orkuveita Reykjavíkur	49.760	1,00
Orkubú Vestfjarða	69.543	1,40
Rafmagnsveitur ríkisins	80.385	1,62

Við lok síðasta áratugar var hlutfallið milli Rafmagnsveitnanna og Hitaveitu Reykjavíkur (nú Orkuveitu Reykjavíkur) um 2,2, fram á miðjan þennan áratug var það milli 2,0 og 2,1 en er nú komið niður í 1,62 eins og fram kemur í töflunni. Það hefur náðst verulegur árangur í að jafna orkuverð á síðustu árum.

4. *Hver yrði viðbótarkostnaður ef hámark niðurgreiðslna yrði miðað við 35.000kwst. í stað 30.000 kwst. eins og nú er?*

Ekki hefur verið unnt að leggja nákvæmt mat á hver viðbótarkostnaður yrði við að greiða niður allt að 35.000 kwst. á ári í stað 30.000 þar sem stutt er síðan fyrirspurnin kom fram. Fjárveitingar á fjárlögum til niðurgreiðslna á raforku fara til notenda á orkuveitusvæðum fimm orkufyrirtækja vegna kaupa á rafmagni eða heitu vatni frá rafkyntum hitaveitum, hvort tveggja til hitunar á íbúðarhúsnæði. Gert er ráð fyrir að fyrirspurnin taki bæði til niðurgreiðslna á rafmagni og heitu vatni, en í báðum tilvikum eru allt að 30.000 kwst. á ári greiddar niður. Jafnframt er gert ráð fyrir að hámark niðurgreiðslna vegna hitunar samkvæmt

marktaxta (A5) hækki í sömu hlutföllum eða úr 42.000 kwst. á ári í 49.000 kwst. Upplýsinga var aflað frá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, en tæplega 88% af fjárveitingunni fer til notenda á orkuveitusvæðum þeirra. Samkvæmt því má áætla að kostnaður ríkissjóðs mundi aukast um 41 millj. kr. á ári við að greiða niður allt að 35.000 kwst. á ári í stað 30.000 kwst. Ekki hefur verið lagt mat á hver hækkunin yrði hjá Landsvirkjun, Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins, en hjá þeim miðast afsláttur sem veittur er á sölu rafmagns til hitunar íbúðarhúsnæðis einnig við 30.000 kwst. á ári.

5. Hyggst ráðherra breyta reglum um hámark niðurgreiðslna?

Ekki eru áform um að breyta reglum um hámark niðurgreiðslna. Mörkin voru lækkuð þegar niðurgreiðslur voru auknar 1. júní árið 1991. Ástæður fyrir því voru einkum tvær. Meginástæðan var að mikilvægt er að í verðinu sem notendur greiða fyrir síðustu kílóvattstundirnar sé hvati til að húsráðendur nýti orku sem fer til húshitunar með skilvirkum hætti þannig að þeir sem nota óeðlilega mikla orku grípi til aðgerða til að draga úr notkuninni, m.a. með því að auka einangrun, skipta um gler og bæta hitastýringu. Til þess að að aðstoða þessa húseigendur er verið að undirbúa sérstakt átak sem tryggi þeim aðgang að upplýsingum, ráðgjöf o.fl. Þess er vænst að með slíkum aðgerðum megi aðstoða þessa húsráðendur til að lækka kostnað sinn og það varanlega. Hin ástæðan var sú að með lægra marki mætti nýta betur þá fjárveitingu sem fer til niðurgreiðslna á hverju ári. Þannig væru minni líkur á að farið yrði fram út fjárveitingu eða að hún yrði ekki nýtt að fullu vegna ytri aðstæðna, svo sem veðurfars.

6. Hver yrði kostnaðurinn ef reglur um hámark niðurgreiðslna yrðu felldar niður?

Vísað er til fyrirvara varðandi upplýsingar í 4. lið fyrirspurnarinnar. Með þeim fyrirvörum má áætla að kostnaður ríkissjóðs mundi aukast um 95 millj. kr. á ári við að fella niður hámark á niðurgreiðslum. Ekki hefur verið lagt mat á hver hækkunin yrði hjá Landsvirkjun, Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins, en hjá þeim miðast afsláttur sem veittur er af sölu rafmagns til hitunar íbúðarhúsnæðis einnig við 30.000 kwst. á ári.

1167. Lög [414. mál]

um alþjóðleg viðskiptafélög.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1033 með þessari breytingu:

21. gr. hljóðar svo:

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

1168. Lög [359. mál]

um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 495.

1169. Lög [327. mál]

um kortlagningu ósnortinna víðerna á Íslandi.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 404.

1170. Lög [590. mál]

um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 986.

1171. Lög [591. mál]

um breytingu á lögum nr. 137/1998, um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 987.

1172. Lög [592. mál]

um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1005.

1173. Lög [593. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1008.

1174. Lög [594. mál]

um breytingu á lögum nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1014.

1175. Lög [223. mál]

um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1119.

1176. Lög [546. mál]

um búnaðarfræðslu.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1129.

1177. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um undirritun Kyoto-bókunarinnar.

Frá 2. minni hluta umhverfisnefndar.

Íslenska ríkisstjórnin gerir mikil mistök með því að undirrita ekki Kyoto-bókunina við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Ísland stendur eitt OECD-ríkja þar eð öll önnur hafa þegar undirritað bókunina. Fyrir liggur að samningamenn umhverfisráðherra eru ósammála ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að undirrita ekki bókunina.

Stefna ríkisstjórnarinnar að krefjast frekari tilslakana en Ísland fékk í Kyoto er röng. Hún byggist á þeirri stóriðjustefnu sem er helsta flagg ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Vegna þessarar stefnu hafa Íslendingar þegar gengið gegn markmiðum sjálfs loftslagssamningsins þess efnis að takmarka losun árið 2000 við það sem var árið 1990. Stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar hleypa losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis upp úr öllu valdi á sama tíma og flestar aðrar ríkar þjóðir taka á sig skuldbindingar um samdrátt.

Ísland sem eitt best stæða ríki heims og sem var úthlutað meira svigrúmi til losunar gróðurhúsalofttegunda en nokkru öðru iðnríki í Kyoto gerir nú kröfu um að fá stóriðju hérlendis tekna út fyrir sviga. Fyrir því eru hvorki efnahagsleg né siðræn rök. Með ákvörðun sinni taka íslensk stjórnvöld mikla áhættu að því er varðar heildarhagsmuni landsins.

Aðild að Kyoto-bókuninni kemur ekki í veg fyrir að Íslendingar nýti endurnýjanlegar orkulindir sína, eins og skilja má af málflutningi ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar á Alþingi. Íslendingar þurfa á þessum orkulindum að halda til annarra nota en binda hana í málmbræðslum í hálfa öld eða lengur. Umfang þessara orkulinda er ekki meira en svo að þær munu verða fullnýttar um miðja næstu öld að teknu eðlilegu tilliti til verndar náttúru landsins.

Þingflokkur óháðra flutti í þingbyrjun tillögu um sjálfbæra orkustefnu. Þar er sýnt fram á með skýrum rökum að sé ætlunin að láta innlenda, vistvæna orku koma í stað innflutts jarðefnaeldsneytis eiga menn fullt í fangi með að reisa tilheyrandi virkjanir, án þess að ganga óhóflega á náttúru landsins. Allt tal ráðamanna um að okkur beri að hlaupa undir bagga með heimsbyggðinni og taka hér við mengandi stóriðjurekstri er rökleysa.

Því miður er það ekki aðeins ríkisstjórnin sem styður áframhaldandi uppbyggingu þungaiðnaðar með málbræðslum. Fulltrúar Samfylkingarinnar sem hér flytja tillögu um undirritun Kyoto-bókunarinnar eru þessa dagana með stuðningi við frumvarp ríkisstjórnarinnar um raforkuver að skrifa upp á virkjanir sem fóðra eiga stóriðjuver með orku. Talsmenn Samfylkingarinnar í einstökum kjördæmum, meðal annars á Austurlandi, Reykjanesi og Vesturlandi, tala fyrir áframhaldandi stóriðjuuppbyggingu. Álbræðsla á vegum Norsk Hydro með 480 þúsund tonna framleiðslugetu á ári mundi losa nær 1 milljón tonna af gróðurhúsalofttegundum, en heildarlosun hérlendis er nú um 2,8 milljónir tonna. Það er þannig engin samkvæmni í kröfu Samfylkingarinnar um undirritun Kyoto-bókunarinnar og algjörlega holt undir stuðningi þeirra við þau mörk sem Íslandi var úthlutað í Kyoto.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð er eina stjórnmálaaflið sem er sjálfu sér samkvæmt í loftslagsmálunum. Þingflokkur óháðra styður að sjálfsögðu undirritun Kyoto-bókunarinnar fyrir 15. mars nk. Meðfylgjandi er samþykkt þingflokksins sem gerð var 23. febrúar 1999, strax og fréttist af ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þá fylgir álitinu til fróðleiks skriflegt svar umhverfisráðherra við fyrirspurn undirritaðs á 122. löggjafarþingi um stefnumörkun vegna Kyoto-bókunarinnar. Einnig fylgir grein eftir undirritaðan um loftslagsráðstefnuna í Buenos Aires sem birtist í Morgunblaðinu 1. desember 1998.

Annar minni hluti **styður** þingmálið eindregið.

Alþingi, 10. mars 1999.

Hjörleifur Guttormsson.

Með nefndarálitun voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Fádæma skammsýni — Ályktun þingflokks óháðra vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að undirrita ekki Kyoto-bókunina (fréttatilkynning 23. febrúar 1999).
II. Svar umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um stefnumörkun vegna Kyoto-bókunarinnar. Sjá þskj. 960 (472. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 4089–4091.
III. Ísland og loftslagsþingið í Buenos Aires. Hjörleifur Guttormsson (Mbl. 1. desember 1998).

1178. Þingsályktun [196. mál]

um eflingu íþróttasamstarfs milli Vestur-Norðurlanda.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 213.

1179. Þingsályktun [195. mál]

um eflingu internetsamvinnu skóla á Vestur-Norðurlöndum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 212.

1180. Þingsályktun [81. mál]

um vinnuumhverfi sjómanna.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 81.

1181. Þingsályktun [5. mál]

um að íslenska táknmálið verði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Alþingi ályktar að menntamálaráðherra verði falið að láta gera athugun á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi í samanburði við réttarstöðu heyrnarlausra í nágrannalöndunum með það að markmiði að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins.

1182. Lög [471. mál]

um breytingu á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1130 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Við lögin bætist ný grein, 1. gr., svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka eftirtaldar virkjanir:

1. Virkjun fallvatns sem veitt er um Vatnsfellsveitu úr Þórisvatni í Krókslón (Vatnsfellsvirkjun) með allt að 110 MW afli.
2. Virkjun á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW afli.
3. Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Námafjall (Bjarnarflagsvirkjun) með allt að 40 MW afli, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Þá er iðnaðarráðherra heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði leyfi til að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Veiting leyfa skv. 1. og 2. mgr. er háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og því að uppfyllt séu skilyrði annarra laga. Þá getur ráðherra sett nánari skilyrði í virkjunarleyfi.

4. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra fellur brott lokamálsliður 1. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum. Við 2. mgr. sömu greinar bætist: Vatnsfellsvirkjun, með allt að 110 MW afli, Búðarhálsvirkjun, með allt að 120 MW afli, og Bjarnarflagsvirkjun, með allt að 40 MW afli, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

1183. Lög [324. mál]

um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1032 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 9. gr. skal margföldunarstuðull samkvæmt þeirri málsgrein vera 1,505 frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2001.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 11. gr. skal margföldunarstuðull samkvæmt þeirri málsgrein vera 0,797 frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2001.

1184. Frumvarp til laga [520. mál]

um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.

b. Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur samkvæmt staðli sem læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins semur á grundvelli afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. Staðallinn skal staðfestur af tryggingaráði og birtur í reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur. Tryggingayfirlækni er heimilt að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu áður en til örorkumats kemur, sbr. 8. gr. laga um félagslega aðstoð.

Tryggingastofnun er heimilt að semja um kostnað sjúkratrygginga vegna mats á möguleikum til endurhæfingar.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins gefur út örorkuskírteini til þeirra sem metnir eru a.m.k. 75% öryrkjar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. laga þessara gilda um þá einstaklinga sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku þeirra en ekki um þá sem metnir höfðu verið til örorku samkvæmt ákvæðum eldri laga, nema þeir sæki sérstaklega um það.

1185. Frumvarp til laga [521. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Í stað 7. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 7. gr.–7. gr. b, svohljóðandi:

a. (7. gr.)

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt lögum þessum leggur sjálfstæð og óháð nefnd, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurð á málið.

Ráðherra skipar þrjá menn í nefndina og jafnmarga til vara til sex ára í senn. Hæstiréttur tilnefnir tvo menn. Skal annar þeirra uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og vera formaður nefndarinnar en hinn skal vera læknir og varaformaður hennar. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Heimilt er að endurskipa nefndarmenn.

b. (7. gr. a.)

Kæra til úrskurðarnefndar almannatrygginga skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Á skrifstofu Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar skulu liggja frammi eyðublöð í þessu skyni og skulu starfsmenn stofnunarinnar veita nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra.

Tryggingastofnun ríkisins skal láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á að afla frá stofnuninni.

Nefndinni skal heimilt að ráða sér starfsmenn til undirbúnings úrlausnum mála og til almennra skrifstofustarfa eftir nánari ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn ef hún telur þörf á. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

Nefndarmönnum, starfsmönnum og ráðgjöfum nefndarinnar er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni berst mál.

Formaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls.

Um málsmeðferð nefndarinnar fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

c. (7. gr. b.)

Úrskurðarnefnd almannatrygginga er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Að kröfu málsaðila getur nefndin ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að málsaðili beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestunarúrskurði og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem eru til meðferðar hjá henni, þar til dómur gengur í málinu.

Tryggingaráð getur höfðað dómsmál til að fá hnekkt úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga.

Nefndin skal birta helstu úrskurði sína með aðgengilegum og skipulegum hætti. Úrskurðirnir skulu birtir án nafna, kennitalna eða annarra persónugreinanlegra auðkenna.

Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna. Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

2. málsl. 3. mgr. 9. gr. a laganna orðast svo: Um málskot fer skv. 7. gr.–7. gr. b.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og hafa verið búsettir hér á landi, sbr. I. kafla A, a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur árlegur ellilífeyrir, 188.736 kr., greiðist þeim einstaklingum sem hafa verið búsettir hér á landi, sbr. I. kafla A, a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. mgr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við búsetutímann.

b. 3. mgr. orðast svo:

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að miða lífeyri beggja við búsetutíma þess sem á lengri réttindatíma, sbr. síðasta málslið 2. mgr. Þá er og heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. málsl. og a-liður 1. mgr. orðast svo: Rétt til örorkulífeyris eiga þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi, sbr. I. kafla A, eru á aldrinum 16 til 67 ára og:
   a. hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér búsetu.

b. Í stað orðsins „lögheimilistíma“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: búsetutíma.

6. gr.

Í stað orðanna „átt hér lögheimili“ í 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: búið hér á landi.

7. gr.

3. og 4. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Að jafnaði skal móðir hafa búsetu hér á landi, sbr. I. kafla A, við fæðingu barns og hafa búið hér á landi síðustu 12 mánuðina fyrir fæðinguna. Nánar skal kveðið á um búsetuskilyrði í reglugerð.

8. gr.

1. og 2. málsl. a-liðar 16. gr. laganna orðast svo: Foreldrar, sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi, eiga rétt á fæðingardagpeningum samkvæmt grein þessari, enda hafi þeir að jafnaði haft búsetu hér á landi, sbr. I. kafla A, síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna og séu búsettir hér á landi við fæðingu barnsins. Nánar skal kveðið á um búsetuskilyrði í reglugerð.

9. gr.

3. mgr. 16. gr. a laganna orðast svo:

Faðir í fæðingarorlofi á rétt á greiðslu fæðingarstyrks í hlutfalli við lengd orlofsins og að uppfylltum skilyrðum um búsetu, sbr. 1. mgr. 15. gr. Þá á hann rétt á hlutfallslegri greiðslu fæðingardagpeninga í samræmi við búsetuskilyrði í a-lið 16. gr. og ákvæði d-liðar 16. gr.

10. gr.

2. málsl. 2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo: Heimilt er þó að greiða bætur samkvæmt nánari reglum sem tryggingaráð setur þótt liðið sé ár frá því að slys bar að höndum ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

11. gr.

1. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að veita undanþágu frá slysatryggingu skv. a-lið 1. mgr. eftir nánari reglum er tryggingaráð setur ef hlutaðeigandi er sannanlega tryggður samkvæmt erlendri slysatryggingalöggjöf.

12. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Tryggingaráð setur reglur um endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti fyrir sjúkrahjálp sem sérstakir samningar sjúkratrygginga samkvæmt framansögðu ná ekki yfir.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sá sem verið hefur búsettur hér á landi í sex mánuði, sbr. I. kafla A, telst sjúkratryggður, nema annað leiði af milliríkjasamningum.
b. Í stað orðsins „lögheimilisskilyrði“ í 4. mgr. kemur: búsetuskilyrði.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. F-liður 1. mgr. orðast svo: Að greiða kostnað vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar. Tryggingaráð setur reglur um greiðslu kostnaðar samkvæmt þessum staflið.
b. 2. mgr. fellur brott.

15. gr.

2. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Tryggingaráð skal setja reglur um að hvaða marki Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að endurgreiða manni kostnað, vegna veikinda eða slyss erlendis, sem hann fengi ella ekki endurgreiddan frá stofnuninni.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Heimilt er þó að víkja frá þessum tímamörkum samkvæmt reglum er tryggingaráð setur.
b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslu slíkra dagpeninga.

17. gr.

2. málsl. 64. gr. laganna orðast svo: Í slíkum samningum má m.a. kveða svo á að búsetutímabil, atvinnutímabil eða tryggingatímabil í öðru samningsríki skuli talin jafngilda búsetutíma á Íslandi, hvort sem um er að ræða íslenska þegna eða þegna annarra samningsríkja.

II. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eiga lögheimili“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eru búsett.
b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Heimilt er að greiða maka einstaklings sem sætir gæsluvist eða afplánar fangelsi mæðra- eða feðralaun samkvæmt reglum er tryggingaráð setur, enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

19. gr.

9.–12. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 13. gr. barnalaga eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa uppi á því og er þá heimilt að greiða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám, í samræmi við þessa málsgrein, eftir reglum er tryggingaráð setur. Tryggingastofnun getur krafist framlagningar skattframtala með umsóknum um barnalífeyri. Heimilt er að greiða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám, samkvæmt reglum er tryggingaráð setur, ef ljóst er að ungmenninu er ókleift að innheimta greiðslur samkvæmt úrskurði á grundvelli 1. mgr. 13. gr. barnalaga. Í reglum sem tryggingaráð setur um rétt til barnalífeyris samkvæmt framansögðu er heimilt að líta til efnahags barns og annarra tekna sem það hefur.

20. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að hækka umönnunargreiðslur um allt að 25% eftir reglum sem tryggingaráð setur.

21. gr.

Orðin „á lögheimili hér á landi og“ í 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

22. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga um almannatryggingar gilda um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á, m.a. um kærurétt til úrskurðarnefndar almannatrygginga og um hækkun bóta.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í fyrsta skipti er skipað verður í úrskurðarnefnd almannatrygginga skal formaður skipaður til sex ára, varaformaður til fjögurra ára og þriðji nefndarmaðurinn til tveggja ára. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

1186. Frumvarp til laga [484. mál]

um landshlutabundin skógræktarverkefni.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta í landinu og verndun og umhirðu þess skóglendis sem fyrir er.

2. gr.

Landshlutaverkefni.

Landbúnaðarráðherra er heimilt eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og að fengnu áliti Skógræktar ríkisins að stofna til sérstakra landshlutaverkefna í skógrækt. Landshlutaverkefni í skógrækt eru samkvæmt lögum þessum sjálfstæð verkefni sem fá framlög til skógræktar á tilteknu landsvæði.

3. gr.

Skilgreiningar.

Fjölnytjaskógrækt. Í lögum þessum er greint milli tveggja greina fjölnytjaskógræktar, annars vegar ræktunar timburskóga, með það markmið að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, og hins vegar ræktunar landbótaskóga, en þá er fyrst og fremst lögð áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi.

Skjólbelti. Skjólbelti eru í lögum þessum greind í tvo flokka. Annars vegar eru belti sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði og hins vegar belti sem hugsuð eru sem undanfari skógræktar á bersvæði.

4. gr.

Landshlutaáætlun og samningar við þátttakendur.

Fyrir hvert landshlutaverkefni skal gera sérstaka landshlutaáætlun. Áætlunin skal vera til a.m.k. 40 ára og skiptast í tíu ára tímabil. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis.

Gera skal samninga sem landbúnaðarráðherra staðfestir við hvern og einn þátttakanda verkefnis og þinglýsa þeim á viðkomandi jörð. Samningar skulu taka til afmarkaðs lands sem tekið er til ræktunar í hverju tilviki og kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri og annað sem þurfa þykir.

5. gr.

Kostnaður.

Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði hvers landshlutaverkefnis greiðist með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðherra samþykkir skógræktar- og skjólbeltakostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins og verkefnisstjórna.

Landshlutaverkefnin greiða undirbúnings- og rekstrarkostnað og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða þau ákveðinn hluta af samþykktum kostnaði við skógrækt og skjólbeltarækt á lögbýlum óháð búsetu, með kvöðum um endurgreiðslu til ríkissjóðs, sbr. 6. gr. Hlutfallsleg greiðsla landshlutaverkefnanna af samþykktum kostnaði er ákveðin í reglugerð settri af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum stjórna verkefnanna.

6. gr.

Skipting tekna af landshlutaverkefnum.

Til ríkissjóðs skal greiða 15% af söluverðmæti hvers rúmmetra trjáviðar á rót og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga. Undanþegin er grisjun fyrstu 40 árin, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu og innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Forgangur að vinnu.

Skógareigendur, sem hafa til umráða jarðir sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við viðkomandi landshlutaverkefni, skulu hafa forgang að vinnu á þeirra vegum. Nýti þeir ekki forgangsréttinn skulu aðrir skógareigendur sem aðild eiga að landshlutaverkefninu hafa forgang að vinnunni.

8. gr.

Stjórn og rekstur.

Landbúnaðarráðherra skipar fjögurra manna stjórn fyrir hvert verkefni til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af félögum skógarbænda á viðkomandi svæði, annar af Skógrækt ríkisins, sá þriðji skipaður af skógræktarfélögum á viðkomandi svæði og sá fjórði er skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn verkefnisins og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir. Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur. Skógrækt ríkisins veitir aðstoð og faglegar leiðbeiningar við verkefnin samkvæmt samstarfssamningi viðkomandi aðila.

9. gr.

Ársskýrslur og ársreikningar.

Ársskýrslur og ársreikningar landshlutaverkefna skulu samþykktir af viðkomandi stjórn og skulu enn fremur staðfestir af landbúnaðarráðherra. Þar skal koma fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga landshlutaverkefna skal birta í Stjórnartíðindum, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

10. gr.
Önnur verkefni.

Landbúnaðarráðherra getur, í samráði við skógræktarstjóra, falið stjórn landshlutaverkefna umsjón skógræktarverkefna þar sem einstaklingum og félagasamtökum er veittur stuðningur til skógræktar.

11. gr.
Reglugerð og almenn lagaákvæði.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð skóga landshlutaverkefna samkvæmt ákvæðum laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Að fjórum árum liðnum skal endurskoða lög þessi ásamt lögum um Héraðsskóga, nr. 32/1991, og Suðurlandsskóga, nr. 93/1997.

II.

Þar til endurskoðun laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, er lokið, sbr. fyrra bráðabirgðaákvæði laga nr. 63/1993, skal landbúnaðarráðherra láta fara fram mat á umhverfisáhrifum landshlutaáætlunar áður en stofnað er til landshlutaverkefna.

1187. Frumvarp til laga [509. mál]

um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

I. KAFLI
Hlutverk Háskóla Íslands.

1. gr.
Hlutverk.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsókna- og fræðslustofnun er veiti nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu.

Háskóli Íslands skal einnig sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi, miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og öðrum reglum er gilda um skólann.

II. KAFLI
Stjórn Háskóla Íslands.

2. gr.
Stjórnskipulag háskólans.

Háskóladeildir eru grunneiningar Háskóla Íslands. Um starfsemi deilda gilda ákvæði III. kafla laga þessara. Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild, heimspekideild, tannlæknadeild, verkfræðideild, raunvísindadeild og félagsvísindadeild. Háskólaráð tekur ákvörðun um stofnun og niðurlagningu deilda. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en deildir eru lagðar niður, nýjar stofnaðar eða aðrar breytingar gerðar á deildaskipan.

Stjórn Háskóla Íslands er falin háskólaráði, háskólarektor og deildarfundum og deildarforsetum. Í tengslum við stjórn háskólans er efnt til háskólafundar samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Áður en lögum og reglum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið skal háskólaráð leita umsagnar háskólafundar um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega eina deild, og skal háskólaráð þá leita álits hennar áður en það lætur uppi umsögn sína. Varði mál sérstaklega háskólastofnun sem ekki heyrir undir deild skal háskólaráð leita álits hennar áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólaráð skal kveða nánar á um skipulag sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og stjórnsýslu deilda og stofnana. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

3. gr.
Hlutverk háskólaráðs.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum skólans og stofnana sem honum tengjast og fer með almennt eftirlit með starfsemi hans og rekstri samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum og reglum settum með stoð í þeim.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum háskólans.

Háskólaráði er heimilt að stofna sérstaka rannsóknar- og þróunarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá sem menntamálaráðherra staðfestir. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.
Skipan háskólaráðs.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess.
2. Fjórir fulltrúar kjörnir til tveggja ára úr hópi kennara í fullu starfi sem skipaðir eru eða ráðnir ótímabundið, og skal við kosningu þeirra gætt að því að einn fulltrúi sé af hverju eftirtalinna fræðasviða: hugvísindasviði, heilbrigðisvísindasviði, samfélagsvísindasviði og verkfræði- og raunvísindasviði.
3. Einn fulltrúi samtaka háskólakennara kjörinn til tveggja ára úr hópi kennara eða sérfræðinga í fullu starfi.
4. Tveir fulltrúar stúdenta kjörnir hlutfallskosningu til tveggja ára í sérstökum kosningum þar sem allir skrásettir stúdentar háskólans hafa kosningarrétt.
5. Tveir fulltrúar sem menntamálaráðherra skipar til tveggja ára í senn.

Kjósa skal og tilnefna tvo varamenn fyrir hvern fulltrúa.

Háskólaráð setur nánari reglur um kosningarrétt og kjörgengi, vægi atkvæða, undirbúning og framkvæmd kosninga kennara og stúdenta í ráðið. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt. Háskólaráðsfulltrúar kjósa úr sínum hópi varaforseta ráðsins.

5. gr.

Fundir háskólaráðs.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski helmingur fulltrúa í háskólaráði fundar er rektor skylt að boða til hans.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært nema sjö atkvæðisbærir háskólaráðsmenn sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði rektors úr eða þess er gegnir forsetastörfum.

Ef kjörinn háskólaráðsfulltrúi getur ekki sótt fund skal boða varamann hans til fundarsetu.

Rektor boðar fundi háskólaráðs. Rita skal fundargerð. Háskólaráð setur reglur um undirbúning funda, fundarboð, fundarsköp, birtingu ákvarðana og annað er lýtur að starfsháttum ráðsins og ekki er ákveðið í lögum þessum.

6. gr.

Rektor.

Háskólarektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með allri starfsemi háskólans, þar með talið ráðningar- og fjármálum einstakra deilda og stofnana. Rektor á frumþkvæði að því að háskólafundur marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Á milli funda háskólaráðs fer rektor í umboði þess með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans.

Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og setur því erindisbréf eða starfslýsingar.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að kosningu, tilnefningu og embættisgengi rektors. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

7. gr.

Hlutverk háskólafundar.

Háskólafundur er samráðsvettvangur háskóladeilda og háskólastofnana. Háskólafundur vinnur að þróun og eflingu Háskóla Íslands og mótar og setur fram sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólafundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskólans og deilda hans.

Háskólafundur er ályktunarbær um þau málefni sem honum eru falin samkvæmt lögum þessum eða reglum settum með stoð í þeim. Ályktanir háskólafundar skulu kynntar háskólaráði, rektor, deildarforsetum, forstöðumönnum háskólastofnana og öðrum þeim er þær kunna að varða. Ákvörðunum háskólaráðs eða annarra stofnana háskólans verður ekki skotið til háskólafundar.

8. gr.

Skipan háskólafundar.

Á háskólafundi eiga sæti rektor og forsetar háskóladeilda. Þar sem eru 40 eða fleiri kennarar og sérfræðingar í fullu starfi í deild eða stofnunum sem heyra undir deild skal deildin

eiga, auk deildarforseta, einn fulltrúa til viðbótar á háskólafundi og síðan einn fulltrúa í viðbót fyrir hverja 40 starfsmenn í fullu starfi. Þá skal deild að auki eiga einn fulltrúa á háskólafundi úr hópi kennara eða þeirra sem gegna vísinda- og fræðistörfum í fullu starfi fyrir hverja 400 stúdenta sem skráðir eru til náms í deildinni tveimur mánuðum fyrir háskólafund. Fulltrúar deilda, aðrir en deildarforsetar, skulu kjörnir á deildarfundi. Auk framangreindra eiga eftirtaldir aðilar sæti á háskólafundi, tilnefndir eða kjörnir til tveggja ára í senn: tveir fulltrúar samtaka háskólakennara kjörnir í skriflegri kosningu úr hópi félagsmanna sem ekki gegna störfum deildarforseta, tveir fulltrúar starfsmanna við stjórnsýslu háskólans kjörnir í skriflegri atkvæðagreiðslu, einn fulltrúi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra. Auk þess skal eiga sæti á háskólafundi einn fulltrúi samtaka stúdenta á móti hverjum fimm fulltrúum annarra aðila innan háskólans, og skulu þeir kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn.

Rektor boðar háskólafund, er forseti hans og stýrir fundi. Ritari háskólaráðs er jafnframt ritari háskólafundar.

Háskólafund skal halda að minnsta kosti einu sinni á hverju missiri. Æski $\frac{2}{3}$ hlutar fulltrúa á háskólafundi fundar er rektor skylt að boða til hans.

Háskólafundur setur nánari reglur um skipan og fundarsköp háskólafundar. Í reglum skal m.a. kveða á um kosningu og setu fulltrúa annarra stofnana og samtaka á háskólafundi en þeirra sem taldir eru í 1. mgr. og um atkvæðisrétt þeirra.

III. KAFLI
Háskóladeildir og stofnanir.

9. gr.
Háskóladeildir og rannsóknastofnanir.

Háskóladeildir eru grunneiningar háskólans. Innan þeirra fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Deildir eru sjálfstæðar um eigin málefni innan þeirra marka er sameiginlegar reglur háskólans setja. Reglubundið mat skal fara fram á starfsemi deilda í samræmi við ákvæði laga og reglna sem um það gilda.

Við háskóladeildir er heimilt að starfrækja rannsóknastofnanir og rannsóknastofur samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur. Háskóladeildum og stofnunum er heimilt að stunda þjónusturannsóknir og standa fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Hver deild eða rannsóknastofnun skal gera sérstakar samþykktir um slíkar þjónusturannsóknir og kennslu sem háskólaráð staðfestir.

Hver deild semur kennsluskrá fyrir sig, og skal þar m.a. gerð grein fyrir skipan náms í deildinni, námsframvindu, hámarksnámstíma, prófgráðum, prófgreinum og prófkröfum, námskeiðum sem í boði eru og vægi þeirra, kennsluháttum, starfsþjálfun, missiraskiptingu, stjórn deildar og skiptingu í skorir og félagsmálum stúdenta. Árlega skal gefin út kennsluskrá fyrir háskólann í heild.

10. gr.
Stjórn deilda.

Deildarfundur fer með ákvörðunarvald í málefnum hverrar deildar og er deildarforseti framkvæmdastjóri hennar. Deildarfundir geta framselt ákvörðunarvald sitt í einstökum málum eða málaflokkum til deildarráða. Deildarforseti á frumkvæði að mótun heildarstefnu fyrir deild, hefur eftirlit með starfi og stjórnsýslu deildar, ræður starfslið að stjórnsýslu hennar og ber ábyrgð á fjármálum deildar gagnvart háskólaráði og rektor.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsemi deilda, stjórn þeirra, deildarráð, skiptingu deilda í skorir, námsnefndir, kjör deildarforseta og hlutverk þeirra og deildar- og skorarfundi. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

IV. KAFLI
Háskólakennarar og nemendur.

11. gr.
Háskólakennarar og sérfræðingar.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og lektorar, þar á meðal erlendir lektorar, aðjúnktar og stundakennarar. Kennara má ráða í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Heimilt er að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

Heimilt er að ráða til háskólans eða stofnana hans fólk til vísinda- og fræðistarfa án kennsluskyldu. Skulu starfsheiti þeirra vera sérfræðingur, fræðimaður eða vísindamaður.

Heimilt er að ráða kennara til háskólans tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal háskólaráð setja reglur. Sama á við um þá sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa.

Háskólaráð setur almennar reglur um starfsheiti og starfsskyldur háskólakennara og þeirra sem ráðnir eru í starf sérfræðings, fræðimanns eða vísindamanns. Háskóladeild ákveður hvernig starfsskyldur einstakra kennara skulu skiptast. Háskólastofnun ákveður hvernig starfsskyldur sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna skulu skiptast samkvæmt þeim reglum sem háskólaráð eða deild hefur sett.

Háskólaráð setur almennar reglur um leyfi kennara og þeirra sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa frá störfum, og skulu allar ákvarðanir deilda og stofnana um leyfi þeirra teknar á grundvelli slíkra almennra reglna.

12. gr.
Ráðning í kennara- og sérfræðingsstörf.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, sérfræðinga, vísinda- og fræðimenn og forstöðumenn háskólastofnana samkvæmt tillögu háskóladeildar eða stjórnar háskólastofnunar. Deildarforsetar ráða aðjúnkta, stundakennara og annað starfsfólk deildar og stofnana sem heyra undir deild. Forstöðumaður háskólastofnunar sem ekki heyrir undir deild ræður annað starfsfólk stofnunar.

Engan má ráða í starf prófessors, dósents, lektors, vísindamanns, fræðimanns eða sérfræðings við háskólann eða háskólastofnun nema hann hafi lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafi jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Umsækjendur um þessi störf skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Hver háskóladeild eða háskólastofnun getur með samþykki háskólaráðs gert frekari menntunarkröfur.

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjanda til að gegna kennarastarfi eða vísinda- og fræðistörfum. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og deild sú eða stofnun sem hann á að starfa við þann þriðja, og skal hann jafnframt vera formaður dómnefndar. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Háskólarektor skipar ritara dómnefnda sem fylgist með störfum nefndanna og er þeim til aðstoðar.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna

starfinu. Engum umsækjanda má veita starf nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur að gegna því.

Þegar álit dómnefndar liggur fyrir skal tillaga um veitingu starfsins ákveðin í samræmi við reglur hverrar deildar eða stofnunar sem háskólaráð hefur staðfest.

Heimilt er, án auglýsingar, að flytja lektor í dósentsstarf, dósent í prófessorsstarf, sérfræðing í starf fræðimanns og fræðimann í starf vísindamanns, enda liggi fyrir hæfnisdómur dómnefndar. Á sama hátt er heimilt, samkvæmt samkomulagi deildar og stofnunar, að flytja sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn í starf lektors, dósents eða prófessors, enda hafi þeir þá kennslu- og stjórnunarskyldu í deild.

Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar, auglýsingar um störf, umsóknir og meðferð þeirra, skipan og störf dómnefnda, framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna og tilflutning starfsmanna.

Þegar sérstaklega stendur á getur háskólarektor, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennarastarfi við háskólann án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

13. gr.

Nemendur í Háskóla Íslands.

Nemendur, sem hefja nám í Háskóla Íslands, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Heimilt er að veita öðrum en þeim sem uppfylla framangreind skilyrði rétt til þess að hefja nám við háskólann ef þeir að mati viðkomandi deildar búa yfir hliðstæðum þroska og þekkingu og stúdentsprófið veitir. Háskólaráð skal setja sérstakar reglur um rétt þeirra til að stunda nám við háskólann.

Háskólaráð setur, að fenginni tillögu deildar, nánari reglur um inntöku stúdenta í einstakar námsgreinar í grunn- og framhaldsnámi. Í reglum þessum skal m.a. heimilt að binda aðgang að námsgreinum frekari skilyrðum um undirbúning en fram koma í 1. mgr. og takmarka fjölda stúdenta í grunn- og framhaldsnám.

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, allt að 25.000 kr. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila. Háskólaráði er heimilt að verja hluta skrásetningargjaldsins til Félagsstofnunar stúdenta.

Þeir einir teljast stúdentar við Háskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms. Í reglum sem háskólaráð setur má kveða nánar á um árlega skrásetningu stúdenta.

Háskóladeild er heimilt að meta nám sem stúdent hefur stundað utan deildarinnar, þ.m.t. við aðra innlenda eða erlenda háskóla, sem hluta af námi við deildina.

V. KAFLI
Kennsla, próf o.fl.

14. gr.

Háskólaár og missiri. Námseiningar, kennsla og kennsluhættir.

Háskólaráð setur reglur um lengd háskólaárs og skiptingu þess í kennslumissiri. Heimilt er að ákveða mismunandi missiraskiptingu fyrir einstakar deildir. Fyrirlestrar, æfingar og námskeið í háskóladeildum eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu nema háskóladeild mæli öðruvísi fyrir.

Kennsla í Háskóla Íslands skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og við-

veru í kennslustundum og prófum. Háskólaráð skal setja almennar reglur um mat námskeiða til eininga. Einstakar deildir skulu setja sér almennar reglur um kennslu og kennsluhætti.

15. gr.

Prófgráður, próf, námstími o.fl.

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt. Háskólaráð skal enn fremur setja almennar reglur um meistara- og doktorsnám, svo og um vörn sérstakra doktorsritgerða.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglum háskólaráðs. Sameiginleg stjórnsýsla háskólans annast skipulag og framkvæmd prófa.

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Háskólarektor skipar prófdómara að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara sem lokið hafa viðurkenndu háskólaprófi í þeirri grein sem dæma skal og njóta viðurkenningar á starfssviði sínu. Prófdómarar skulu skipaðir til þriggja ára í senn nema skipun sé skv. 3. mgr.

16. gr.

Veiting doktorsnafnbótar.

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu sérstöku doktorsnámi eða með vörn sérstakrar doktorsritgerðar. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema með samþykki ¾ hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs.

17. gr.

Agaviðurlög.

Rektor getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdent kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

VI. KAFLI
Ákvæði sem varða fjárhag, fyrirtæki og stofnanir.

18. gr.
Gjöld fyrir þjónustu.

Háskóla Íslands skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Honum er enn fremur heimilt að taka gjöld fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt ákvæði þessu.

Háskólaráði er heimilt að semja við stúdenta, samtök þeirra og félög, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskóla Íslands, enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

19. gr.
Ársfundur Háskóla Íslands, stofnanir, aðild að fyrirtækjum o.fl.

Háskóli Íslands skal árlega halda opinn ársfund þar sem fjárhagur skólans og meginatriði starfsáætlunar hans eru kynnt. Háskólaráð skal setja reglur um fyrirkomulag ársfundar.

Háskóla Íslands skal heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að miðla, hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð fer með eignarhlut háskólans í slíkum fyrirtækjum. Jafnframt er háskólanum heimilt að starfrækja stofnanir sem eru á verksviði hans og heyra beint undir háskólaráð.

Háskóla Íslands er heimilt að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði skólans um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna.

VII. KAFLI
Birting reglna, gildistaka o.fl.

20. gr.
Birting reglna.

Reglur þær, sem háskólaráð setur samkvæmt lögum þessum, skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Háskólaráð skal gefa út handbók sem hefur að geyma ákvæði gildandi laga og reglna sem á hverjum tíma eru í gildi fyrir Háskóla Íslands.

21. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. maí 1999 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 131 31. desember 1990, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða í lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara skulu menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra hafa komið sér saman um reglur um starfstengsl prófessora læknadeildar við heilbrigðisstofnanir. Þar til slíkt samkomulag hefur náðst skulu gilda um það efni ákvæði 38. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990.

Starfandi háskólaráð skal setja reglur til bráðabirgða um kosningarrétt, undirbúning og framkvæmd kosninga kennara og stúdenta í háskólaráð, sbr. 3. mgr. 4. gr. þessara laga,

þannig að nýtt háskólaráð geti hafið störf eigi síðar en 1. maí 1999. Jafnframt setur starfandi háskólaráð reglur fyrir háskólafund um fundarsköp, sbr. 4. mgr. 8. gr., og ákveður hvenær háskólafundur verður fyrst kallaður saman. Þessar reglur skulu endurskoðaðar er nýtt háskólaráð hefur verið skipað og háskólafundur hefur verið skipaður.

Núverandi rektor Háskóla Íslands situr út yfirstandandi kjörtímabil sitt, en að því loknu skal skipa rektor til fimm ára skv. 6. gr. laga þessara.

Ákvæði reglugerðar fyrir Háskóla Íslands, nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, og þeirra reglna sem háskólaráð hefur sett gilda, að svo miklu leyti sem þau fara ekki gegn þessum lögum, þar til háskólaráð hefur sett nýjar reglur samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hið sama gildir um reglugerðir háskólastofnana sem nú eru í gildi og settar hafa verið með stoð í gildandi lögum.

1188. Frumvarp til laga [352. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 2. mgr. orðast svo: Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli, sbr. þó 12. gr. a.
b. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu í samráði við Skipulagsstofnun koma á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags, sbr. þó 12. gr. a og 6. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. a, er orðast svo:

Skipulag miðhálendisins.

Miðhálendið markast af línu sem mótuð var við gerð svæðisskipulags miðhálendisins af sérstakri samvinnunefnd sem skipuð var samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði skv. 1. gr. laga nr. 73/1993. Samvinnunefnd miðhálendis eða hlutaðeigandi sveitarfélög geta, eftir að hafa haft samráð sín á milli, gert tillögur til ráðherra um breytingar á markalínu miðhálendisins. Tekur ráðherra afstöðu til slíkra tillagna og ákveður hvort gera skuli breytingar á markalínunni.

Eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skipar ráðherra samvinnunefnd miðhálendis til fjögurra ára í senn sem gerir tillögu um svæðisskipulag miðhálendisins. Í nefndinni skulu eiga sæti 12 fulltrúar, einn tilnefndur úr hverju kjördæmi, einn af félagasamtökum um útivist, einn af félagsmálaráðherra og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar og fara með oddaatkvæði og hinn koma úr kjördæmi sem liggur að miðhálendinu en úr sveitarfélagi sem liggur ekki að því. Fulltrúar kjördæma sem liggja að miðhálendinu skulu tilnefndir af sveitarfélögum kjördæmisins sem eiga land að miðhálendinu. Fjórðungssamband Vestfjarða tilnefndir fulltrúa Vestfjarðakjördæmis, Reykjavíkurborg fulltrúa Reykjavíkurkjördæmis og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefna saman fulltrúa Reykjaneskjördæmis. Ráðherra er heimilt að skipa allt að fjóra áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt í nefndina.

Samvinnunefnd miðhálendis annast gerð svæðisskipulags miðhálendisins og gætir þess að samræmi sé innbyrðis með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga á svæðinu og að samræmi sé milli þeirra og svæðisskipulags miðhálendisins. Nefndin skal leita eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga við mótun tillögu að svæðisskipulagi. Þegar ný samvinnunefnd miðhálendis tekur til starfa skal hún meta hvort nauðsynlegt sé að endurskoða svæðisskipulag miðhálendisins.

Kostnaður við gerð svæðisskipulags miðhálendisins greiðist úr ríkissjóði.

Umhverfisráðherra setur samvinnunefnd miðhálendis starfsreglur að fenginni umsögn hennar og Skipulagsstofnunar.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, er orðast svo:

Kynning, auglýsing, samþykkt og staðfesting skipulags miðhálendisins.

Áður en tillaga að svæðisskipulagi miðhálendis er tekin til formlegrar afgreiðslu í samvinnunefnd miðhálendis skulu tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt á almennum fundi eða fundum eða á annan fullnægjandi máta og skal kynningin auglýst á áberandi hátt. Einnig skal tillagan kynnt hlutaðeigandi sveitarstjórnum.

Að lokinni kynningu skv. 1. mgr. skal samvinnunefnd miðhálendis senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt.

Samvinnunefnd miðhálendis skal auglýsa tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis eða breytingu á því á áberandi hátt. Tillagan skal a.m.k. auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í Lögbirtingablaðinu. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Tillagan skal liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, hlutaðeigandi sveitarfélögum og í öllum kjördæmum landsins. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkur henni.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal samvinnunefnd miðhálendis fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Niðurstaða samvinnunefndar miðhálendis skal auglýst. Ákveði samvinnunefnd miðhálendis að breyta tillögunni í grundvallaratriðum skal breytt tillaga auglýst á nýjan leik.

Þegar samvinnunefnd miðhálendis hefur samþykkt tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis skal hún senda Skipulagsstofnun hana til afgreiðslu, ásamt athugasemdum og umsögn nefndarinnar um þær, innan átta vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir skv. 3. mgr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn nefndarinnar um þær.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga barst henni gera tillögu til umhverfisráðherra um staðfestingu svæðisskipulagsins, synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta.

Umhverfisráðherra staðfestir svæðisskipulag miðhálendis og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Á eftir 14. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr. a, er orðast svo:

Breyting á svæðisskipulagi miðhálendis.

Nú telur samvinnunefnd miðhálendis að breyta þurfi svæðisskipulagi miðhálendis og fer þá um málsmeðferð skv. 13. gr. a. Telji sveitarstjórn sveitarfélags sem telst til miðhálendis að breyta þurfi svæðisskipulaginu sendir hún samvinnunefnd miðhálendis rökstudda tillögu um breytinguna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sé um að ræða aðalskipulagstillögu sem nær til miðhálendisins skal hún að auki auglýst í Lögbirtingablaðinu og liggja frammi hjá Skipulagsstofnun.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Skipulagsstofnun leitar umsagnar samvinnunefndar miðhálendis um tillögur að aðalskipulagi sveitarfélaga innan miðhálendis, sbr. 3. mgr. 12. gr. a.

6. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu og liggja frammi hjá Skipulagsstofnun.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 2. tölul. orðast svo: Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áðurgerðan samning, sbr. þó 12. gr. a.
b. 6. tölul. orðast svo: Kostnaður við gerð grunnkorta sem nauðsynleg eru vegna svæðis- og aðalskipulags skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 3. tölul. og 12. gr. a.

8. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýtt ákvæði sem orðast svo:

Í fyrsta skipti skal samvinnunefnd miðhálendis skipuð, sbr. 2. mgr. 12. gr. a laganna, þegar eftir gildistöku laga þessara fram til næstu reglulegu sveitarstjórnarkosninga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1189. Frumvarp til laga [528. mál]

um náttúruvernd.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið laganna.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda á íslensku landi og í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979.

Lögin breyta í engu ákvæðum annarra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum til lands og sjávar.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Afréttur:* Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.
2. *Eignarland:* Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
3. *Fólkvangur:* Landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota.
4. *Ósnortið víðerni:* Landsvæði sem er a.m.k. 25 km^2 að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.
5. *Náttúruminjar:*
   Náttúruverndarsvæði.
   Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr.
6. *Náttúruverndarsvæði:*
   Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti.
   Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr.
   Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

7. *Ræktað land:* Garðar og tún og akrar, þ.e. land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.
8. *Þjóðlenda:* Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

II. KAFLI
Stjórn náttúruverndarmála.

4. gr.
Yfirstjórn umhverfisráðherra.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

Við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu á því sviði skal ráðherra hafa samráð við hlutaðeigandi aðila, stofnanir og félagasamtök eftir því sem við á hverju sinni.

5. gr.
Náttúruvernd ríkisins.

Náttúruvernd ríkisins er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

Umhverfisráðherra skipar forstjóra Náttúruverndar ríkisins til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólamenntun og sérþekkingu sem nýtist honum í starfi. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, ber ábyrgð á rekstri hennar og ræður starfsmenn.

Umhverfisráðherra skal setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra Náttúruverndar ríkisins og um innra skipulag stofnunarinnar.

6. gr.
Hlutverk Náttúruverndar ríkisins.

Hlutverk Náttúruverndar ríkisins er:

a. umsjón, rekstur og eftirlit með náttúruverndarsvæðum í samræmi við lög,
b. eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum; umhverfisráðherra skal, að höfðu samráði við aðrar stofnanir og aðila sem fara með eftirlit samkvæmt sérstökum lögum, setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirlit stofnunarinnar,
c. eftirlit með umferð og umgengni á svæðum í óbyggðum í samvinnu við önnur stjórnvöld,
d. undirbúningur að friðlýsingu svæða, umsjón með gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði og skráning náttúruminja,
e. mat á verndargildi náttúru Íslands og náttúruminja,
f. fræðsla á náttúruverndarsvæðum og almenn fræðsla um náttúruvernd, m.a. í fjölmiðlum,
g. rekstur gestastofa á náttúruverndarsvæðum,
h. álitsgerð vegna meiri háttar framkvæmda og rekstrar,
i. friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar, sbr. 39. gr.,
j. skýrslugerð til umhverfisráðherra um ástand náttúruverndarsvæða í umsjá stofnunarinnar, framkvæmdir á þeim og annað sem máli skiptir og varðar vörslu svæðanna,
k. undirbúningur og öflun gagna vegna náttúruverndaráætlunar, sbr. 65. gr., og skráningar náttúruminja og útgáfu náttúruminjaskrár, sbr. 67. gr.,
l. veiting leyfa samkvæmt lögum þessum,
m. önnur störf að náttúruvernd samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

7. gr.

Framkvæmd eftirlits.

Náttúruvernd ríkisins er heimilt að fela náttúrustofum, náttúruverndarnefndum, sbr. 11. gr., einstaklingum og lögaðilum að annast almennt eftirlit með náttúru landsins. Um slíkt skal gera samning sem umhverfisráðherra staðfestir. Í samningnum skal m.a. kveðið á um greiðslur fyrir eftirlitið, menntun eftirlitsmanna, skýrslugerð og annað sem máli skiptir.

Telji Náttúruvernd ríkisins nauðsynlegt að haldið verði uppi sérstöku eftirliti með framkvæmdum skal gera um það samkomulag við framkvæmdaraðila. Í samkomulaginu skal taka mið af innra eftirliti hans og eftirliti annarra opinberra aðila. Þar skulu kostnaðarliðir áætlaðir eins og mögulegt er hverju sinni og ber framkvæmdaraðila að endurgreiða Náttúruvernd ríkisins útlagðan kostnað við eftirlitið. Rísi ágreiningur milli aðila um efni samkomulagsins eða greiðslur fyrir eftirlitið sker ráðherra úr.

Að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins setur ráðherra gjaldskrá um kostnað við eftirlit með framkvæmdum. Þar skal m.a. kveðið á um umfang opinbers eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda sem taka mið af innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem eftirlitið beinist að.

8. gr.

Náttúruverndarráð.

Náttúruverndarráð skal skipað níu mönnum. Umhverfisráðherra skipar fimm þeirra í upphafi náttúruverndarþings, fjóra að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands og Ferðamálaráðs og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Fjórir skulu kosnir á náttúruverndarþingi, sbr. 10. gr. Varamenn skulu skipaðir og kosnir með sama hætti. Náttúruverndarráð skal starfrækja skrifstofu með a.m.k. einum fastráðnum starfsmanni.

Framlag skv. 3. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, rennur til Náttúruverndarráðs. Annan kostnað sem leiðir af störfum ráðsins skal greiða úr ríkissjóði.

9. gr.

Hlutverk Náttúruverndarráðs.

Náttúruverndarráð skal stuðla að náttúruvernd og vera umhverfisráðherra, Náttúruvernd ríkisins og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um náttúruverndarmál.

Náttúruverndarráð gerir tillögur til ráðherra um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir og fjallar um náttúruverndaráætlun, sbr. 65. og 66. gr., áður en hún er lögð fyrir Alþingi.

Náttúruverndarráð fylgist með þróun náttúruverndar á alþjóðavettvangi.

Náttúruverndarráð fer með málefni Friðlýsingarsjóðs, sbr. 71. gr.

10. gr.

Náttúruverndarþing.

Umhverfisráðherra skal boða til náttúruverndarþings að loknum alþingiskosningum og síðan tveimur árum síðar.

Náttúruverndarþing er vettvangur þeirra sem fjalla um náttúruverndarmál. Á náttúruverndarþingi skulu m.a. eiga sæti Náttúruverndarráð og fulltrúar náttúrustofa, náttúruverndarnefnda, hagsmunaaðila, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra aðila sem vinna að náttúruvernd, svo og forstjórar stofnana á sviði náttúrufræða. Jafnframt skulu fulltrúar ráðuneyta og þingflokka á Alþingi eiga rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, svo

og sviðsstjórar Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands og forstöðumenn setra síðarnefndu stofnunarinnar.

Hlutverk náttúruverndarþings er að fjalla um náttúruvernd og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Skal ráðið leggja fyrir þingið skýrslu um störf sín.

Formaður Náttúruverndarráðs setur þingið og stýrir því uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp. Náttúruverndarráð skal semja reglur fyrir hvert náttúruverndarþing þar sem kveðið er á um seturétt á þinginu, kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa. Reglurnar skal auglýsa á fullnægjandi hátt fjórum vikum fyrir upphaf náttúruverndarþings. Verði ágreiningur um kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa skal málum vísað til úrskurðar á þinginu sjálfu.

Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra.

11. gr.

Náttúruverndarnefndir.

Á vegum hvers sveitarfélags eða héraðsnefndar starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sveitarstjórnir og héraðsnefndir ákveða fjölda nefndarmanna, kjósa þá til fjögurra ára, velja formann og setja nefndinni erindisbréf. Varamenn skulu kosnir með sama hætti. Sveitarstjórnir greiða kostnað sem hlýst af störfum náttúruverndarnefnda nema öðruvísi sé ákveðið. Tilkynnt skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til Náttúruverndar ríkisins um kjör í náttúruverndarnefndir.

Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á náttúruna, og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruverndarnefndir skulu leita aðstoðar og ráðgjafar Náttúruverndar ríkisins þegar ástæða er til. Náttúruvernd ríkisins og fulltrúar náttúruverndarnefnda skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári. Náttúruverndarnefndir skulu veita Náttúruvernd ríkisins yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk náttúruverndarnefnda og tengsl þeirra við náttúrustofur samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

III. KAFLI
Almannaréttur, umgengni og útivist.

12. gr.

Réttindi og skyldur almennings.

Almenningi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi.

Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt.

13. gr.

För um landið og umgengni.

Á ferð sinni um landið skulu menn sýna landeiganda og öðrum rétthöfum lands fulla tillitssemi, virða hagsmuni þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, þar á meðal skógræktar og landgræðslu, og fylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum varðandi ferð og umgengni um landið.

Fara skal eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum og vegum eftir því sem auðið er, hlífa girðingum, fara um hlið eða göngustiga þegar þess er kostur og ef farið er um lokuð hlið skal loka þeim eftir að gengið hefur verið um þau. Sérstök aðgát skal höfð í nánd við búsmala, selalátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði.

För manna um landið er ekki á ábyrgð eiganda lands eða rétthafa að öðru leyti en því sem leiðir af ákvæðum annarra laga og almennum skaðabótareglum.

14. gr.

Umferð gangandi manna.

Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða rétthafa, að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélknúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dveljast þar. Á eignarlandi í byggð er eiganda eða rétthafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustiga umferð manna og dvöl á afgirtu óræktuðu landi.

För um ræktað land, sbr. 7. tölul. 3. gr., og dvöl þar er háð samþykki eiganda þess eða rétthafa. Sama gildir um skógræktarsvæði í byggð sem ekki eru í eigu eða umsjá ríkis eða sveitarfélaga, önnur en náttúrulega birkiskóga og kjarr. Sé skógrækt styrkt með opinberu fé skal kveða svo á í samningi við eiganda eða rétthafa lands að hann tryggi almenningi með reglum sem hann setur frjálsa för um landið eftir að fyrstu stigum skógræktar er lokið.

15. gr.

Umferð hjólandi manna.

Þegar farið er á reiðhjólum um landið skal fylgt vegum og skipulögðum reiðhjólastígum eins og kostur er.

16. gr.

Umferð ríðandi manna.

Þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er.

Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín.

Heimilt er mönnum, að fengnu leyfi eiganda eða rétthafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðhöldum eða næturhólfum, enda valdi það ekki spjöllum á náttúru landsins. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur.

Þar sem svo háttar til skal haft samráð við landverði eða umsjónaraðila á staðnum þegar farið er um eða dvalist á náttúruverndarsvæðum, sbr. IV. kafla.

Umhverfisráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um umferð ríðandi manna og rekstur hrossa.

17. gr.

Akstur utan vega.

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum, svo og á snjó utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin.

Umhverfisráðherra kveður, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, í reglugerð á um aðrar undanþágur frá banni skv. 1. málsl. 1. mgr., m.a. vegna starfa manna við landbúnað, landmælingar, línu- og vegalagnir og rannsóknir. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, takmarkað eða bannað akstur á jöklum og á snjó þar sem hætta er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.

Ólögmætur akstur utan vega varðar refsingu, sbr. 76. gr.

18. gr.

Umferð um vötn.

Um umferð um vötn fer samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923.

19. gr.

Takmörkun umferðar í óbyggðum.

Náttúruvernd ríkisins getur í verndarskyni tímabundið takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum, enda hafi stofnunin að jafnaði gert grein fyrir fyrirhugaðri lokun í skýrslu skv. 2. mgr. Slíkar ákvarðanir skal umhverfisráðherra staðfesta og birta í Stjórnartíðindum.

Skal stofnunin á hverju hausti gera úttekt á ástandi svæða í óbyggðum og gefa ráðherra skýrslu um niðurstöður úttektarinnar. Í skýrslunni skal koma fram hvaða svæði eru í hættu og hvar geti komið til lokana. Stofnunin skal birta niðurstöður skýrslunnar með auglýsingu í dagblöðum og Lögbirtingablaði.

20. gr.

Heimild til að tjalda.

Við alfaraleið í byggð er heimilt, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 14. gr., að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum til einnar nætur á óræktuðu landi, en leita skal leyfis landeiganda eða annars rétthafa áður en tjaldað er nærri bústöðum manna eða bæ og ætíð ef um fleiri en þrjú tjöld er að ræða eða ef tjaldað er til fleiri en einnar nætur.

Við alfaraleið í óbyggðum, hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu, er heimilt að setja niður hefðbundin viðlegutjöld.

Utan alfaraleiðar, hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu, er heimilt að setja niður göngutjöld nema annað sé tekið fram í sérreglum sem kunna að gilda um viðkomandi landsvæði.

Á ræktuðu landi, sbr. 7. tölul. 3. gr., má aðeins slá upp tjöldum með leyfi eiganda þess eða rétthafa.

Við tjöldun skal ætíð virða ákvæði 17. gr. um bann við akstri utan vega, svo og gæta fyllsta hreinlætis og varúðar á tjaldstað.

21. gr.

Takmarkanir á heimild til að tjalda.

Þegar sérstaklega stendur á getur eigandi lands eða rétthafi takmarkað eða bannað að tjöld séu reist þar sem veruleg hætta er á að náttúra landsins geti beðið tjón af.

Hafi eigandi lands eða rétthafi útbúið sérstakt tjaldsvæði á landi sínu er honum heimilt að beina fólki þangað og taka gjald fyrir veitta þjónustu þar.

22. gr.

Skipulagðar hópferðir.

Þegar skipulagðar eru hópferðir í atvinnuskyni um eignarlönd skal hafa samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans. Eftir því sem við verður komið skal tjalda á skipulögðum tjaldsvæðum sé gert ráð fyrir að gista í tjöldum í ferðinni.

23. gr.

Girðingar.

Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Þegar girða á yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu eða göngustiga.

Skylt er að halda girðingu svo vel við að mönnum og skepnum stafi ekki hætta af. Að öðru leyti fer um girðingar, viðhald þeirra og upptöku eftir girðingarlögum, nr. 10/1965, og eftir atvikum öðrum lögum.

24. gr.

Tínsla berja, sveppa, fjallagrasa og jurta.

Í þjóðlendum og afréttum er öllum heimil tínsla berja, sveppa, fjallagrasa og jurta.

Tínsla í eignarlöndum er háð leyfi eiganda lands eða rétthafa. Þó er mönnum heimil tínsla til neyslu á vettvangi.

25. gr.

Tínsla fjörugróðurs.

Í fjörum þjóðlendna er öllum heimil tínsla sölva, þangs, þara og annars fjörugróðurs.

Tínsla í fjörum eignarlanda er háð leyfi eiganda eða rétthafa lands. Þó er mönnum heimil tínsla til neyslu á vettvangi.

26. gr.

Tínsla í atvinnuskyni.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs í atvinnuskyni, m.a. um að tilkynna skuli Náttúrufræðistofnun Íslands um magn og tegund þess sem tínt er og tínslustað og þegar sérstaklega stendur á að leyfi Náttúruverndar ríkisins þurfi til tínslu einstakra tegunda eða á einstökum svæðum.

27. gr.

Tæki og verkfæri til tínslu.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um notkun tækja og verkfæra til tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs. Er honum heimilt að leggja bann við notkun þeirra ef hætta er á að hún valdi spjöllum á náttúru landsins.

IV. KAFLI

Rekstur náttúruverndarsvæða.

28. gr.

Umsjón með náttúruverndarsvæðum.

Náttúruvernd ríkisins hefur umsjón með náttúruverndarsvæðum nema annað sé tekið fram í lögum. Umhverfisráðherra getur falið stofnuninni umsjón með öðrum svæðum sem sérstök þykja sakir landslags, gróðurfars eða dýralífs.

29. gr.

Landverðir.

Á náttúruverndarsvæðum starfa landverðir og aðrir starfsmenn. Hlutverk landvarða er m.a. að sjá um eftirlit og fræðslu.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, nánari ákvæði um menntun og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum.

30. gr.

Umsjón falin öðrum.

Náttúruvernd ríkisins getur falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að þjóðgörðum undanskildum. Gera skal sérstakan samning um umsjón og rekstur svæðanna sem umhverfisráðherra staðfestir. Í samningnum skal kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð á svæðunum og aðrar framkvæmdir, landvörslu, menntun starfsmanna, móttöku ferðamanna og fræðslu, svo og gjaldtöku, sbr. 32. gr. Náttúruvernd ríkisins hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar.

31. gr.

Gestastofur.

Náttúruvernd ríkisins er heimilt að stofna og reka gestastofur á náttúruverndarsvæðum eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Hafa skal samstarf við náttúrustofur, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, um rekstur gestastofa þegar við á. Gera skal sérstakan samning um samstarfið sem umhverfisráðherra staðfestir.

Náttúruvernd ríkisins getur falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur gestastofa. Um slíkt skal gera sérstakan samning sem ráðherra staðfestir.

32. gr.

Gjaldtaka o.fl.

Náttúruvernd ríkisins eða sá aðili sem falinn hefur verið rekstur náttúruverndarsvæðis getur ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu. Rekstraraðili náttúruverndarsvæðis getur enn fremur ákveðið gjald fyrir aðgang að svæðinu ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.

Tekjum samkvæmt síðari málslið 1. mgr. skal varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því.

Eigi síðar en í september ár hvert skal Náttúruvernd ríkisins leggja fyrir umhverfisráðherra til staðfestingar skrá yfir gjöld sem stofnunin hyggst innheimta næsta ár á eftir. Staðfesti ráðherra gjaldskrána skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Náttúruvernd ríkisins eða öðrum umsjónaraðila náttúruverndarsvæðis er heimilt að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum og um önnur atriði er greinir í III. kafla, sbr. og 60. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

V. KAFLI

Landslagsvernd.

33. gr.

Gerð skipulagsáætlana.

Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda, sbr. 11. gr., við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.

34. gr.

Meiri háttar framkvæmdir.

Meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

35. gr.

Hönnun mannvirkja.

Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

36. gr.

Ræktun.

Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

37. gr.

Sérstök vernd.

Eftirtaldar landslagsgerðir njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m^2 að stærð eða stærri,
c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m^2 að stærð eða stærri,
e. sjávarfitjar og leirur.

Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun landslagsgerða skv. 1. mgr. nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir.

38. gr.

Hætta á röskun náttúruminja.

Leyfi Náttúruverndar ríkisins þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum. Leita skal umsagnar og tilkynna Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá, sbr. 67. og 68. gr.

Leiti framkvæmandi ekki leyfis skv. 1. mgr. er Náttúruvernd ríkisins heimilt að krefjast þess með skriflegri áskorun að framkvæmdir verði ekki hafnar eða þær stöðvaðar. Verði ekki orðið við áskorun stofnunarinnar er henni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni, sbr. 73. gr., og leita atbeina lögreglu ef með þarf.

39. gr.

Vernd skóga og annarra gróðursamfélaga.

Umhverfisráðherra getur í samráði við landbúnaðarráðherra ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir til að vernda skóga og önnur gróðursamfélög.

Náttúruvernd ríkisins skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Slíkt eftirlit má þó fela gróðurverndarnefndum að fengnu samþykki umhverfisráðherra og landbúnaðarráðherra.

Náttúruvernd ríkisins skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

40. gr.

Steindir.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands og umsögn iðnaðarráðuneytis, mælt fyrir í reglugerð um vernd steinda, m.a. um að leyfi Náttúruverndar ríkisins þurfi til töku ákveðinna tegunda þeirra úr föstum jarðlögum.

41. gr.

Innflutningur, ræktun og dreifing lifandi lífvera.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, getur ráðherra veitt leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi, sbr. þó 1. mgr. Þar má m.a. birta skrá yfir tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins, svo og yfir tegundir sem heimilt er að rækta hérlendis og sleppa í villtri náttúru, þar með talið á skógræktarsvæðum.

Ráðherra skipar til fjögurra ára nefnd sérfræðinga stjórnvöldum til ráðgjafar um innflutning, ræktun og dreifingu framandi lífvera. Skulu stjórnvöld leita umsagnar nefndarinnar og Náttúruverndar ríkisins áður en tekin er ákvörðun um innflutning, ræktun eða dreifingu nýrra tegunda lifandi lífvera. Í nefndinni skulu eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, einn samkvæmt tilnefningu Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til lifandi smitefna, sbr. lög um ónæmisaðgerðir, nr. 38/1978, erfðabreyttra lífvera, sbr. lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, sjávarafla, sbr. lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, og þeirra tegunda sjávarspendýra sem lifa hér við land.

42. gr.

Áletranir á náttúrumyndanir.

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar og varða refsingu skv. 76. gr., sbr. og 75. gr.

43. gr.

Auglýsingar utan þéttbýlis.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um efni greinarinnar og úrskurðar um vafaatriði.

44. gr.

Eignir í hirðuleysi, eyðijarðir og úrbætur.

Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðir, áhöld eða mannvirki, þar á meðal girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru er eiganda skylt að fjarlægja það.

Fari jörð í eyði er landeiganda skylt að ganga svo frá húsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta. Þegar sérstök ástæða er til og ætla má að um sé að ræða mannvirki eða mannvistarleifar sem hafi menningarsögulegt gildi skal gera Þjóðminjasafni Íslands, eða aðila sem starfar í umboði þess, viðvart áður en ráðist er í frágang mannvirkja eða mannvistarleifa samkvæmt þessari grein.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum á kostnað þess er skylt var að annast þær en hefur látið það ógert. Sveitarstjórn getur þó, þegar sérstaklega stendur á og ljóst er af umfangi aðgerða að umrætt sveitarfélag hefur ekki með hliðsjón af fjölda íbúa og tekjum þess fjárhagslega getu til framkvæmda, leitað eftir því við umhverfisráðherra að hann annist nauðsynlegar framkvæmdir. Fallist ráðherra á þá málaleitan tekur hann við framkvæmd mála samkvæmt grein þessari.

VI. KAFLI
Nám jarðefna.

45. gr.

Gildissvið.

Ákvæði kafla þessa gilda um efnistöku í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og, eftir því sem við á, um efnistöku af eða úr hafsbotni í íslenskri landhelgi og efnahagslögsögu.

46. gr.

Skipulag efnistökusvæða.

Um skipulag efnistökusvæða fer eftir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og reglum settum samkvæmt þeim.

47. gr.

Heimild til efnistöku.

Um leyfi til efnistöku af eða úr hafsbotni utan netlaga fer eftir ákvæðum laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990. Iðnaðarráðherra skal þó leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins áður en leyfi er veitt.

Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Náttúruvernd ríkisins og náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr., skal liggja fyrir umsögn þeirra um framkvæmdina áður en leyfi er veitt. Enn fremur gilda um efnistöku á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða landslagsgerðir sem njóta verndar skv. 37. gr.

48. gr.

Áætlun um efnistöku.

Áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. gr. skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Náttúruvernd ríkisins skal hafa eftirlit með efnistöku á landi, sbr. og b-lið 6. gr. og 2. og 3. mgr. 7. gr. Er stofnuninni heimilt að krefjast þess að námuréttarhafi leggi fram tryggingu sem stofnunin telur fullnægjandi fyrir áætluðum kostnaði við eftirlit og frágang efnistökusvæða.

49. gr.

Frágangur efnistökusvæða.

Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námasvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði. Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi.

Sé frágangur ekki í samræmi við áætlun um efnistöku, sbr. 48. gr., getur Náttúruvernd ríkisins gefið námuréttarhafa fyrirmæli um að ljúka frágangi innan tiltekins frests sem þó skal aldrei vera lengri en eitt ár. Er stofnuninni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni, sbr. 73. gr.

Beri aðgerðir Náttúruverndar ríkisins skv. 2. mgr. ekki árangur skal sveitarstjórn ganga frá efnistökusvæði á kostnað námuréttarhafa í samræmi við gerða áætlun, sbr. 48. gr. Skal trygging skv. 48. gr. ganga til greiðslu kostnaðar.

Efnistökusvæði skal ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Náttúruvernd ríkisins getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvun.

Förgun úrgangs á efnistökusvæðum skal vera í samræmi við gerða áætlun, sbr. 48. gr., og lög og reglur um hollustuhætti og mengunarvarnir.

VII. KAFLI

Friðlýstar náttúruminjar.

50. gr.

Flokkar friðlýstra náttúruminja.

Friðlýstar náttúruminjar skiptast í eftirfarandi flokka:

a. þjóðgarða, sbr. 51. gr.,
b. friðlönd, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 53. gr.,
c. náttúruvætti á landi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr., og í hafi, sbr. 1. mgr. 54. gr.,
d. friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 54. gr.,
e. fólkvanga, sbr. 55. gr.

51. gr.

Stofnun þjóðgarða.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag eða lífríki eða á því hvíli söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.

Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda.

Ráðherra er heimilt að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórna til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða.

52. gr.

Rekstur þjóðgarða.

Í hverjum þjóðgarði starfar þjóðgarðsvörður sem forstjóri Náttúruverndar ríkisins ræður. Þjóðgarðsverðir skulu hafa sérþekkingu og reynslu sem nýtist þeim í starfi.

Þjóðgarðsverðir annast daglegan rekstur þjóðgarða og gera tillögur til Náttúruverndar ríkisins um rekstur þeirra. Náttúruvernd ríkisins getur falið þjóðgarðsvörðum eftirlit og umsjón á öðrum svæðum sem stofnunin ber ábyrgð á.

Náttúruvernd ríkisins gerir tillögur um verndaráætlun og landnotkun innan þjóðgarða og skulu þær staðfestar af ráðherra.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings.

53. gr.

Friðlýsing annarra náttúruminja á landi.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðlýst:

1. Landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags eða lífríkis. Friðlýst landsvæði nefnast friðlönd.
2. Náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella og dranga, svo og fundarstaði steingervinga, sjaldgæfra steintegunda og steinda, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu. Friðlýstar náttúrumyndanir nefnast náttúruvætti.
3. Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

Friðlýsing skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

54. gr.

Friðlýsing náttúruminja í hafi.

Umhverfisráðherra getur, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum að fengnum tillögum eða áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands eða Náttúruverndarráðs, friðlýst innan landhelgi og efnahagslögsögu náttúruminjar í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruminjar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu.

Ákvæði annarra greina þessa kafla gilda eftir því sem við á um friðlýstar náttúruminjar í hafi.

55. gr.

Stofnun fólkvangs.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og áliti Náttúruverndar ríkisins, lýst tiltekið landsvæði, sem ætlað er til útvistar og almenningsnota, fólkvang.

Vilji eitt sveitarfélag eða fleiri að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur skal það eða þau gera tillögu um slíkt til Náttúruverndar ríkisins þar sem m.a. skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunni að setja umráðarétti eigenda eða rétthafa viðkomandi landsvæðis.

56. gr.

Kostnaður við stofnun og rekstur fólkvangs.

Hlutaðeigandi sveitarfélög bera allan kostnað af stofnun og rekstri fólkvangs að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði og skal honum skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Hætti sveitarfélag þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega.

57. gr.

Samvinnunefnd um rekstur fólkvangs.

Sveitarfélög sem standa að rekstri fólkvangs skulu gera með sér samvinnusamning og stofna samvinnunefnd sem starfar í samráði við Náttúruvernd ríkisins. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið ræður afl atkvæða. Þegar um er að ræða atriði sem hafa sérstakan kostnað í för með sér fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila, sbr. 56. gr.

58. gr.

Undirbúningur friðlýsingar.

Náttúruvernd ríkisins annast undirbúning friðlýsingar, sbr. þó 2. mgr. 55. gr. Leita skal samráðs við Hafrannsóknastofnunina við undirbúning friðlýsingar skv. 54. gr. Náttúruvernd ríkisins skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Náist samkomulag um friðlýsingu skal málinu vísað til umhverfisráðherra til frekari ákvörðunar.

59. gr.

Samkomulag næst ekki um friðlýsingu.

Náist ekki samkomulag um friðlýsingu skal málinu vísað til meðferðar umhverfisráðherra. Ráðherra sendir landeigendum og öðrum rétthöfum lands er friðlýsing snertir, svo og sveitarfélögum, tillögu að friðlýsingu, jafnframt því að birta hana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og eftir atvikum á þann hátt sem venja er að birta auglýsingar stjórnvalda á viðkomandi stað.

Skal þeim sem hagsmuna eiga að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu, koma að mótmælum og gera bótakröfur til ráðherra innan þriggja mánaða.

Að loknum þeim fresti skal ráðherra taka ákvörðun um friðlýsingu og um eignarnám ef þörf krefur, sbr. 64. gr.

60. gr.

Efni friðlýsingar.

Í friðlýsingu skal m.a. kveðið á um:

a. meginatriði verndunar náttúruminja,
b. hversu víðtæk friðunin er,

c. að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar,
d. umferð og umferðarrétt almennings,
e. notkun veiðiréttar.

Í friðlýsingu má enn fremur setja fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir til þess að almenningur fái notið þess svæðis sem friðlýst er, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

Ef ætla má að fyrirhugaðar framkvæmdir á friðlýstu svæði raski svo náttúrulegu umhverfi að hætta sé á að ákveðnar lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi eyðist eða verði fyrir verulegum skaða getur umhverfisráðherra látið friðlýsingu taka til banns við slíkum framkvæmdum, enda sé áður fengin umsögn Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

61. gr.

Meðferð máls.

Um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

62. gr.

Auglýsingar og merkingar.

Umhverfisráðherra skal birta ákvörðun um friðlýsingu og ákvæði hennar í Stjórnartíðindum.

Náttúruvernd ríkisins skal merkja og veita upplýsingar um friðlýst svæði eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt þykir að mati stofnunarinnar.

63. gr.

Röskun friðlýstra náttúruminja.

Friðlýstum náttúruminjum má enginn granda, spilla né breyta. Varðar röskun þeirra refsingu skv. 76. gr., sbr. og 75. gr.

64. gr.

Heimild til eignarnáms.

Umhverfisráðherra er heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til að framkvæma friðlýsingu samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun bóta fer eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

VIII. KAFLI
Náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá.

65. gr.

Náttúruverndaráætlun.

Umhverfisráðherra skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi.

Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar.

66. gr.

Efni náttúruverndaráætlunar.

Í náttúruverndaráætlun skv. 65. gr. skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi, sem ástæða þykir

til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins.

Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda búsvæða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til:

a. menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar,
b. nauðsynjar á endurheimt búsvæða,
c. nýtingar mannsins á náttúrunni,
d. ósnortinna víðerna.

Þá skal m.a. miðað við þau svæði sem áætlunin tekur til:

a. hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu,
b. séu óvenjutegundarík eða viðkvæm fyrir röskun,
c. séu nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda,
d. hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi,
e. séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla,
f. hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi,
g. séu einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta.

67. gr.

Náttúruminjaskrá.

Umhverfisráðherra skal gefa út heildstæða náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Birta má hvenær sem er ákvarðanir um ný svæði sem tekin eru á náttúruminjaskrá.

Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar.

68. gr.

Efni náttúruminjaskrár.

Í náttúruminjaskrá skulu vera sem gleggstar upplýsingar um:

a. friðlýstar náttúruminjar,
b. náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun, sbr. 65. gr.,
c. aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.

Í náttúruminjaskrá skal lýst sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu náttúruminja.

69. gr.

Sala jarðar sem er á náttúruminjaskrá.

Um sölu jarðar sem öll eða að hluta er á náttúruminjaskrá fer eftir ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, en þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

70. gr.
Útivistarsvæði.

Til stuðnings við útivist geta sveitarfélög, Náttúruvernd ríkisins eða náttúruverndarnefndir gengist fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr, hlið og göngustiga og afmarkað tjaldsvæði og gert annað það er þurfa þykir í þessu skyni.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki eigenda eða rétthafa lands.

71. gr.
Friðlýsingarsjóður.

Á vegum umhverfisráðuneytis skal starfa Friðlýsingarsjóður. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að náttúruvernd og friðlýsingu svæða og auka fræðslu um náttúruvernd og náttúrufar.

Náttúruverndarráð fer með vörslu Friðlýsingarsjóðs og er jafnframt stjórn sjóðsins.

Umhverfisráðherra skal, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, setja í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Friðlýsingarsjóðs og úthlutanir úr honum.

72. gr.
Kostnaður við framkvæmd laganna.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara skal greiddur úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

73. gr.
Dagsektir.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum eða til þess að láta af atferli sem er ólögmætt. Hámark dagsekta skal ákveða í reglugerð.

74. gr.
Ágreiningur um framkvæmd laganna.

Rísi ágreiningur um ákvörðun annars aðila en umhverfisráðherra um framkvæmd laga þessara er heimilt að kæra umrædda ákvörðun til ráðherra sem kveður upp endanlegan úrskurð á stjórnsýslustigi. Um kærurétt og málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

75. gr.
Spjöll á náttúru landsins.

Hver sá sem veldur á ólögmætan hátt spjöllum á náttúru landsins, hvort heldur er af gáleysi eða ásetningi, skal sæta refsingu skv. 76. gr.

76. gr.
Refsiábyrgð.

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

77. gr.

Skaðabætur.

Hver sá er fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda skv. VII. kafla laga þessara á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði sé ekki öðruvísi ákveðið. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

78. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 123/1940, um bann gegn jarðraski, með síðari breytingum, og náttúruverndarlög, nr. 93/1996, með síðari breytingum.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, sem sett eru samkvæmt eldri lögum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.

79. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 2. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
2. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 21. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
3. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 2. mgr. 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
4. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 5. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, kemur: Náttúruverndar ríkisins og sérfræðinganefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.
5. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 4. gr. laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
6. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 7. tölul. 2. mgr. 4. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, kemur: Náttúruvernd ríkisins.
7. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 4. mgr. 13. gr. laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, kemur: Náttúruverndar ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Umhverfisráðherra skal eigi síðar en árið 2002 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn náttúruverndaráætlun skv. 65. gr.

II.

Umhverfisráðherra skal fela Náttúruvernd ríkisins, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og framkvæmdaraðila, að gera tillögur um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og eftir atvikum þeirra sem nú eru í notkun og ekki liggur fyrir áætlun um frágang á. Skal stofnunin gera áætlun um frágang svæðanna og kostnað við hann, svo og tillögur um greiðslu kostnaðar. Þá skal stofnunin enn fremur hafa umsjón með frágangi svæðanna. Skal honum lokið eigi síðar en árið 2003.

III.

Sveitarstjórnir skulu eigi síðar en árið 2002 hafa lokið úttekt á ástandi skv. 44. gr. og skilað Náttúruvernd ríkisins skriflegri greinargerð þar að lútandi.

1190. Frumvarp til laga [526. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

1. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jafnt í nefndinni. Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina til viðbótar en hann hefur ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni. Sömu reglur gilda um varamenn.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, útgáfu starfsleyfa og vottorða, sé eftirlitið á vegum sveitarfélaga. Leita skal umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og hollustuháttaráðs áður en gjaldskrá er sett. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Hvert eftirlitssvæði skal hafa sameiginlega gjaldskrá og skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd láta birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Heimilt er utanríkisráðherra að setja gjaldskrá og innheimta gjald á varnarsvæðum. Umhverfisráðherra skal gefa út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga.

3. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög geta sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim, enda falli þau undir lögin. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds,
2. meðferð úrgangs og skolps,
3. gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu,
4. ábyrgðartryggingar.

Heilbrigðisnefnd semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Sé um að ræða ný-

mæli í samþykktum sveitarfélaga skal ráðherra leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins áður en hann staðfestir samþykktina.

Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

Samþykktir samkvæmt þessari grein skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá um innheimtu gjalda skv. 1. mgr. að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi, leiga eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Sveitarfélag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1191. Þingsályktun [356. mál]

um langtímaáætlun í gerð jarðganga á Íslandi.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Áætlunin feli í sér úttekt á kostum sem taldir eru á jarðgangagerð á landinu, kostnaðarmat og arðsemismat einstakra framkvæmda og forgangsröðun verkefna. Sérstaklega verði horft til framkvæmda sem rjúfa vetrareinangrun, koma í stað annarrar kostnaðarsamrar vegagerðar, stytta vegalengdir eða stækka atvinnusvæði. Áætlunin liggi fyrir áður en lokið verður við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar.

1192. Breytingartillaga [509. mál]

við frv. til l. um Háskóla Íslands.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Svanfríði Jónasdóttur.

Við 18. gr. 2. mgr. orðist svo:

Háskólaráði er heimilt að semja við stúdentaráð, félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskóla Íslands enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

1193. Svar [551. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um áhrif Nesjavallavirkjunar á lífríki Þingvallavatns.

1. *Hversu miklu affallsvatni er veitt frá Nesjavallavirkjun til Þingvallavatns eða í grunnvatn sem streymir til Þingvallavatns?*

Afköst orkuvers Orkuveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum eru 200 MW í varmaorkuveri og 60 MW í raforkuveri. Starfsemi hófst í orkuverinu árið 1990 og þar til seint á nýliðnu ári voru afköst orkuversins smám saman aukin. Affallsvatni frá Nesjavallavirkjun má skipta í tvo meginflokka, annars vegar skiljuvatn, sem er jarðhitavatn frá borholunum, og hins vegar þéttivatn, sem er jarðhitagufa sem hefur verið þétt í orkuverinu.

Til þess að framleiða 60 MW af rafafli þarf um 110 kg/sek. af 190°C jarðgufu. Gufan er síðan nýtt til þess að hita upp kalt grunnvatn til hitaveitunota. Við það þéttist hún og er fargað í grunna borholu rétt við virkjunina. Helstu efni sem fylgja þéttivatninu eru um 15–20 mg/kg af koltvíildi (CO_2) og um 4 mg/kg af brennisteinsvetni (H_2S).

Hluti skiljuvatns sem berst frá borholunum og fylgir gufunni er nýttur við upphitun á grunnvatni til hitaveitunota. Rennsli þess er um 180 l/sek. Vatnið er síðan losað í Nesjavallalæk og er þá um 50–60°C heitt. Rennsli skiljuvatns er nokkru meira en nýtist virkjuninni, eða um 240 l/sek. Umframmagni, sem er um 60 l/sek., er veitt ónotuðu í Nesjavallalæk um 450 metrum ofar og er þá um 100°C heitt. Á neðri staðnum er styrkur koltvíoxíðs í vatninu um 30 mg/kg og brennisteinsvetnis um 60 mg/kg en allmiklu lægri á efri staðnum. Vatnið hverfur niður í grunnvatn um sprungu í hrauninu (Lækjarhvarf) um 2 km neðan við neðri losunarstaðinn og um 3,5 km frá strönd Þingvallavatns. Þessi grunnvatnsstraumur hefur verið metinn um 1600 l/sek.

2. *Hvaða skaðleg efni og efnasambönd eru í affallsvatninu og hver verður styrkur þeirra þegar þau berast í Þingvallavatn?*

Styrkur uppleystra efna er nokkru meiri í háhitavatni en köldu grunnvatni. Við aðskilnað vatns og gufu dreifast efnin milli fasanna eftir náttúru efnanna. Langflest efnin sitja eftir í vatninu en nokkur, sérstaklega gastegundir, dreifast milli vatns og gufu.

Af aðalefnum í vatni og gufu eru það helst kísill og brennisteinsvetni sem eru virk í affallinu frá virkjuninni. Kísillinn situr alfarið eftir í skiljuvatninu og er það yfirmettað af kísli þegar því er veitt í Nesjavallalækinn og verða því nokkrar útfellingar í lækjarfarveginum næst losunarstaðnum. Brennisteinsvetni í vatninu oxast yfir í súlfat þegar það kemst í samband við súrefni andrúmsloftsins. Þetta gerist strax í Nesjavallalæknum og er ferlinu lokið áður en vatnið berst í grunnvatnið.

Í lindum við Þingvallavatn þar sem áhrifa losunarinnar gætir hefur styrkur kísils aukist úr 15–20 mg/kg í 50–60 mg/kg, súlfats úr 12 mg/kg í 20 mg/kg og klórs úr 7 mg/kg í 20 mg/kg.

Sjónir manna beinast hins vegar einkum að snefilmálmum (þungmálmum) sem fylgt geta háhita og sérstaklega kvikasilfri og arseni sem mælast í hærri styrk í þéttri gufu og skiljuvatni en í köldu yfirborðsvatni og grunnvatni. Fram að þessu hefur styrkur þessara efna hins vegar mælst lágur í lindum við Þingvallavatn þar sem áhrifa affallsvatnsins gætir.

3. *Hvaða áhrif munu þessi efni hafa á lífríki Þingvallavatns og hversu vel hefur það verið kannað?*

Grunnvatnsstreymi í efstu jarðlögum á Nesjavallasvæðinu er í átt að Þingvallavatni. Við ströndina eru nokkrar lindir. Tekin eru reglulega sýni á sex stöðum við vatnið, við Lækjarhvarf og í vatnsbólinu við Grámel. Í sýnunum er fylgst með styrk allra aðalefna auk hitastigs. Þar fyrir utan hafa verið gerðar rannsóknir á lífríki vatnsins á þessu svæði og sértækar rannsóknir á þungmálmum, bæði í lindum og lífríki. Mælingar á lífríki og seti í nágrenni linda annars vegar og í þjóðgarðinum hins vegar sýna lágan styrk þessara efna í lífríki og niðurstöður benda heldur ekki til að munurinn á mæligildum milli þessara staða sé marktækur.

Athygli vekur hins vegar að mikill breytileiki blýmagns í sýnum af síkjamara og vatnabobba bendir til að víða megi finna staðbundna blýmengun á botni sem sérfræðingar töldu líklegast að rekja mætti til blýnotkunar vegna veiðarfæra.

Mikilvægt er að reglulegum mælingum verði haldið áfram til að byggja upp nauðsynlegan gagnagrunn um ástand svæðisins og vatnsins í heild. Slíkur gagnagrunnur sem byggður er á reglulegum vöktunarmælingum er nauðsynlegur til þess að unnt sé að meta áhrif framkvæmda og túlka breytingar á mæligildum og lífríki sem kunna að líta dagsins ljós í framtíðinni.

4. *Hvaða áhrif munu efnin í affallsvatninu hafa á nýtingarhæfni hitaveituvatnsins sem sent er frá Nesjavallavirkjun til höfuðborgarsvæðisins?*

Kalt vatn frá Grámel við Þingvallavatn er hitað upp í Nesjavallavirkjun og notað til húshitunar á höfuðborgarsvæðinu. Vatnafræðilegar rannsóknir sýna að Grámelur er utan þess svæðis þar sem áhrifa jarðhitaíblöndunar gætir. Affallsvatnið frá Nesjavallavirkjun mun því ekki hafa áhrif á nýtingarhæfni hitaveituvatnsins sem sent er frá Nesjavallavirkjun til höfuðborgarsvæðisins.

5. *Hversu mikið af næringarefnum er áætlað að berist til Þingvallavatns frá Nesjavallavirkjun, sumarbústöðum, ferðamönnum og af völdum annarrar landnýtingar og hvaða áhrif munu efnin hafa á lífríki vatnsins og útlit þess?*

Aukin ákoma áburðarefna eykur frumframleiðni og getur breytt hraða á flutningi efnis milli fæðuþrepa og rýrt vatnsgæði, sem er helsta einkenni tærra vatna. Frumframleiðsla svifþörunga í Þingvallavatni er talin takmörkuð af köfnunarefni um mitt sumarið. Þá eykst tærleiki vatnsins og meginframframleiðslan fer fram á botninum. Ákoma sem hefði áhrif á þessi einkenni gæti breytt búsvæðum fiska og þar með haft bein áhrif á ólík afbrigði bleikjunnar í vatninu.

Á þessari öld hefur köfnunarefni í andrúmslofti aukist í heiminum vegna aukinnar losunar á köfnunarefnisoxíðum. Heildarlosun Íslendinga árið 1997 er t.d. talin um 28.600 tonn. Efnamælingar á ískjörnum frá Grænlandi sýna að köfnunarefni í úrkomu á norðurslóðum hefur aukist frá því fyrir 100 árum. Notkun tilbúins áburðar almennt í landbúnaði jókst eftir miðja þessa öld, en aftur hefur dregið úr notkuninni eftir 1980.

Áætla má að ákoma köfnunarefnis á vatnasvæði Þingvallavatns með úrkomu nemi um 380 tonnum á ári. Ákoma vegna áburðarnotkunar og skólps frá íbúum, sumarbústöðum og ferðamönnum á svæðinu eykur ákomu umfram náttúrulega ákomu um u.þ.b. 25%. Stærsti hluti ákomunnar, sérstaklega sá hluti sem berst á gróið land, binst í gróðri og jarðvegi en berst ekki í vatnið.

Náttúrulegt írennsli köfnunarefnis í Þingvallavatn með lindum er áætlað 116 tonn á ári. Írennsli vegna áburðar og skólps gæti aukið írennsli köfnunarefnis umfram náttúrulegt

írennsli um 15% og er hlutur skólps um þriðjungur, enda berst það greiðar í vatnið en áburður sem dreift er á gróið land. Írennsli vegna Nesjavallavirkjunar og tengdra mannvirkja hefur ekki verið metið sérstaklega.

Reikningsæfingum eins og hér að framan sem eingöngu eru byggðar á gefnum forsendum verður að taka með varúð því að þær eru í eðli sínu óvísindalegar og geta gefið tilefni til ófrjórra deilna um forsendur. Því skiptir miklu fyrir aðgerðir til verndar vatninu og eins fyrir skipulag að vöktunarmælingar verði efldar til að ákvarðanir megi taka á grundvelli beinna mælinga og góðrar þekkingar.

1194. Breytingartillögur [520. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, sem orðist svo:

a. (2. gr.)
Í stað orðanna „4. mgr. 12. gr.“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 5. mgr. 12. gr.

b. (3. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „3. mgr. 12. gr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr. 12. gr.

b. Í stað orðanna „4. mgr. 12. gr.“ í 2. mgr. kemur: 5. mgr. 12. gr.

1195. Frumvarp til laga [612. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 1/1999:

a. Í stað dagsetningarinnar „30. september“ í 2. mgr. kemur: 31. október.

b. Í stað orðanna „lögum þessum“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: lögum nr. 1/1999.

c. Í stað hlutfallstölunnar „25%“ í lokamálslið 3. mgr. kemur: 10%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðbirgða XXIII í lögunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 1/1999:

a. Í stað dagsetningarinnar „1. mars 1999“ í 14. mgr. kemur: 15. apríl 1999.

b. Við ákvæðið bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði þessa bráðabirgðaákvæðis er heimilt að veita báti sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga og kýs að stunda veiðar með krókaaflamarki frá og með fiskveiðiárinu 2000/2001 leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki

frá og með 15. apríl 1999 og til upphafs fiskveiðiársins 2000/2001. Úthlutað þorskaflahámark báts þann tíma skal vera hið sama og reiknað krókaaflamark hans samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999. Á tímabilinu skulu að öðru leyti gilda sömu reglur og takmarkanir um veiðar þessara báta og annarra báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki, þar með talið um framsal þorskaflahámarksins. Á fiskveiðiárinu 1998/1999 skal draga frá úthlutuðu þorskaflahámarki þann þorskafla sem bátar skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar hafa aflað fram til 15. apríl 1999. Hafi bátur aflað meira á því tímabili en sem nemur úthlutuðu þorskaflahámarki er honum óheimilt að stunda veiðar fyrr en flutt hefur verið á hann þorskaflahámark sem samsvarar umframveiði. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir 15. apríl 1999 hvort óskað er eftir því að nýta heimild skv. 1. málsl. Um ákvörðun aflahlutdeildar þeirra báta, sem kjósa að stunda veiðar með þorskaflahámarki samkvæmt þessari málsgrein, í ýsu, ufsa og steinbít skal fara samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun til báta sem stundað hafa veiðar með dagatakmörkunum, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Veiðar krókabáta á krókaaflamarki úr öðrum stofnum en tilgreindum eru ekki bundnar aflatakmörkunum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXV í lögunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 1/1999:

a. Í stað orðanna „árlega 4.000 lestum af þorski, að frádregnum 601 lest sem úthlutað er skv. 3. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II og úthlutun skv. 2. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: árlega 3.000 lestum af þorski.
b. Í stað orðanna „og eru“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: og voru þann dag.
c. Við 1. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Endurnýi útgerð bát sem á rétt á úthlutun samkvæmt þessari málsgrein, með nýsmíði eða kaupum á öðrum bát, skal úthluta til þess báts er í staðinn kemur, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem verið er að endurnýja og ekki samið um annað. Tilkynna skal Fiskistofu um slíka endurnýjun og hvorum bátnum skal fylgja úthlutun samkvæmt þessari málsgrein. Jafnframt skal sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samkvæmt reglum þessarar málsgreinar viðbótaraflaheimildum til báta sem hafa komið í stað annarra á tímabilinu frá 1. september 1997 til gildistöku þessara laga, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem endurnýjaður var og skerðir slík úthlutun ekki rétt annarra samkvæmt málsgreininni.
d. Í stað orðanna „sem eru minni en 10 brl. eða 10 brúttótonn“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: sem voru minni en 10 brl. eða 10 brúttótonn 1. janúar 1991 eða 1. desember 1998.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Breytingarnar lúta að veiðum krókabáta og er markmið þeirra að ná frekari sátt um fiskveiðistjórnun þeirra

og gera mönnum kleift að halda áfram útgerð þessa bátaflota. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

— Að bátum sem veiða samkvæmt sóknardagakerfi á grundvelli 6. gr. laganna verði heimilað að stunda veiðar fram til 31. október ár hvert í stað 30. september eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.
— Að sett verði þrengri mörk fyrir fækkun sóknardaga milli fiskveiðiára þannig að þeim verði aldrei fækkað um meira en 10% á milli ára.
— Að bátum sem nú stunda veiðar samkvæmt sóknardagakerfi og hafa valið að stunda veiðar með krókaaflamarki frá og með fiskveiðiárinu 2000/2001 verði heimilað að fá úthlutað þorskaflahámarki og stunda veiðar samkvæmt því frá og með 15. apríl 1999 til 31. ágúst 2000. Um úthlutun á þorskaflahámarki fer ekki samkvæmt ákvæðum laga nr. 83/1995 heldur skal þeim úthlutað sama magni og þeir hlytu samkvæmt úthlutun krókaaflamarks. Að öðru leyti munu sömu reglur gilda um þessa báta og gilda nú um þorskaflahámarksbátana. Þessi tímabundna úthlutun hefur hvorki áhrif á heildaraflahlutdeild né skiptingu aflahlutdeilda í ýsu, ufsa og steinbít. Þetta val mun einungis geta átt sér stað einu sinni og bátar geta ekki horfið frá vali sínu eftir að það hefur verið tilkynnt. Gert er ráð fyrir að Fiskistofu verði tilkynnt fyrir 15. apríl nk. hyggist bátar nýta sér þessa heimild.
— Að eigendum báta verði gefinn kostur á því að endurskoða val milli sóknardagakerfis og krókaaflamarks. Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu breytast forsendur og því er réttlætismál og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að gefa mönnum kost á að velja að nýju við þessar aðstæður. Fresturinn er framlengdur og verða menn að velja fyrir 15. apríl 1999, þ.e. tilkynning að berast í síðasta lagi 14. apríl.
— Að við ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögunum verði bætt reglu um að veiðar krókaaflamarksbáta úr öðrum stofnum en þar eru tilgreindir séu ekki bundnar aflatakmörkunum.
— Að jöfnunarúthlutun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXV í lögunum verði ákveðin 3.000 tonn á ári og sé sú úthlutun óháð öðrum úthlutunum samkvæmt lögunum.
— Að ákveðin verði viðmiðunardagsetning um hvenær bátar þurfi að hafa verið minni en 200 brúttótonn til að eiga rétt á úthlutun samkvæmt bráðbirgðaákvæði XXV. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að menn fari að laga báta að lagaákvæðinu en engin vísiregla er um við hvaða tímamark á að miða, hvort miða eigi við stærð ár hvert eða í upphafi eins og frumvarpið gengur út á.
— Á sama hátt verði fastákveðið við hvaða tíma miða skuli 5% aukningu aflahlutdeildar báta minni en 10 brl. eða 10 brúttótonn.
— Að jöfnunarúthlutun verði flutt milli báta við endurnýjun með kaupum eða nýsmíði, enda sé ekki samið um annað. Auk þess verði sjávarútvegsráðherra veitt heimild til að rétta hlut þeirra sem endurnýjað hafa skip sín frá 1. september 1997 og fram til gildistöku þessara laga þannig að sambærilegar reglur gildi um þá báta og aðra sem endurnýjaðir eru síðar. Er gert ráð fyrir því að sjávarútvegsráðherra setji hlutlægar reglur um þessa úthlutun.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

1196. Þingsályktun [611. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1165.

1197. Lög [520. mál]

um breytingar á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.
b. Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur samkvæmt staðli sem læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins semur á grundvelli afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. Staðallinn skal staðfestur af tryggingaráði og birtur í reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur. Tryggingayfirlækni er heimilt að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu áður en til örorkumats kemur, sbr. 8. gr. laga um félagslega aðstoð.
   Tryggingastofnun er heimilt að semja um kostnað sjúkratrygginga vegna mats á möguleikum til endurhæfingar.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Tryggingastofnun ríkisins gefur út örorkuskírteini til þeirra sem metnir eru a.m.k. 75% öryrkjar.

2. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 12. gr.“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 5. mgr. 12. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „3. mgr. 12. gr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr. 12. gr.
b. Í stað orðanna „4. mgr. 12. gr.“ í 2. mgr. kemur: 5. mgr. 12. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. laga þessara gilda um þá einstaklinga sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku þeirra en ekki um þá sem metnir höfðu verið til örorku samkvæmt ákvæðum eldri laga, nema þeir sæki sérstaklega um það.

1198. Lög [521. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1185.

1199. Lög [547. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 872.

1200. Lög [484. mál]

um landshlutabundin skógræktarverkefni.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1186.

1201. Lög [564. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 924.

1202. Lög [585. mál]

um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 978.

1203. Lög [509. mál]

um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1187.

1204. Lög [352. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1188.

1205. Lög [528. mál]

um náttúruvernd.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1189.

1206. Lög [526. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1190.

1207. Lög [607. mál]

um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1133.

1208. Lög [612. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1195.

1209. Fyrirspurn [613. mál]

til landbúnaðarráðherra um sölu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hvert var söluverðmæti þess áburðar sem lá tilbúinn til sölu og afhendingar þegar sala Áburðarverksmiðjunnar fór fram?
2. Hver var sjóðstaða fyrirtækisins þegar sala þess fór fram?
3. Hvert var verðmæti þeirra fasteigna sem fylgdu með við sölu Áburðarverksmiðjunnar?
4. Hverjir eru möguleikar núverandi eiganda til að ráðstafa lóðarréttindum á því landi sem Áburðarverksmiðjan hefur umráðarétt yfir ef hún verður ekki lengur starfrækt?

Skriflegt svar óskast.

1210. Svar [613. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um sölu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi.

1. *Hvert var söluverðmæti þess áburðar sem lá tilbúinn til sölu og afhendingar þegar sala Áburðarverksmiðjunnar fór fram?*

Hreint söluverðmæti fullunnins áburðar, tilbúins til sölu og afhendingar 1. mars sl. var u.þ.b. 750 millj. kr. Áburðarsala á sér eingöngu stað á vorin og miðast birgðastaða 1. mars við að nægjanlegur áburður hafi verið framleiddur og sé til staðar þegar sú sala fer fram. Eitt og sér segir söluverðmæti fullunnins áburðar ekkert til um hvert er hugsanlegt verð hluta-

bréfa fyrirtækisins. (Sjá nánar svar við 3. lið þar sem fjallað er um upplausnar- og tekjuvirði fyrirtækisins.)

2. *Hver var sjóðstaða fyrirtækisins þegar sala þess fór fram?*
Sjóðsstaða er samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu handbært fé. Hún var 1. mars u.þ.b. 19 millj. kr.

3. *Hvert var verðmæti þeirra fasteigna sem fylgdu með við sölu Áburðarverksmiðjunnar?*
Fasteignamat húsa og lóða er 629,7 millj. kr. samkvæmt Fasteignamati ríkisins frá 31. desember 1998 og brunabótamat 1.940 millj. kr. Bókfært verð fasteigna 1. mars 1999 var 414 millj. kr. Engin þessara talna segir til um raunvirði fasteignanna. Verðmæti, eða raunvirði fasteigna, byggist annars vegar á því á hvaða verði einhver er reiðubúinn að kaupa þær, einar og sér, og hins vegar á notagildi þeirra miðað við þá starfsemi sem fasteignirnar hýsa og þjóna í nútíð og framtíð. Flestar fasteignir í eigu Áburðarverksmiðjunnar hf. eru sérhæfðar byggingar fyrir áburðarframleiðslu og hafa margar hverjar eingöngu notagildi sem slíkar. Verðmæti þeirra er því háð því hvort áburðarframleiðslu verður haldið áfram. Þegar hlutabréf í fyrirtæki sem ætlað er að halda áfram í rekstri eru keypt eru einstakar eignir sjaldnast metnar til verðs heldur er svokallað tekjuvirði fjárfestingarinnar lagt til grundvallar kaupverði, þ.e. hvaða hagnaði gert er ráð fyrir að fjárfestingin skili í framtíðinni. Miðist kaupverð hlutabréfanna hins vegar við að hætta innan tíðar starfsemi viðkomandi fyrirtækis er áætlað upplausnarvirði lagt til grundvallar. Þá skiptir söluverð einstakra eigna máli en einnig, og ekki síður, hvað kostar að rífa og fjarlægja sérhæfðar byggingar og annan búnað sem engum nýtist lengur. Upplausnarvirði Áburðarverksmiðjunnar hf. var metið áður en hlutabréfin í fyrirtækinu voru auglýst til sölu. Niðurstaðan var 1.000 millj. kr., sem er sama tala og seljandi áskildi sem lágmarksverð hlutabréfanna. Söluverð reyndist hins vegar 1.257 millj. kr.

4. *Hverjir eru möguleikar núverandi eiganda til að ráðstafa lóðarréttindum á því landi sem Áburðarverksmiðjan hefur umráðarétt yfir ef hún verður ekki lengur starfrækt?*
Lóðarsamningur Áburðarverksmiðjunnar hf. er við Reykjavíkurhöfn f.h. Reykjavíkurborgar. Í honum segir: „Lóðin er leigð til þess að reisa á henni og reka verksmiðju til vinnslu áburðar, áburðargeymslu og annarrar starfsemi leigutaka, að meðtalinni verslun með tilbúinn áburð.“ Breyting á nýtingu lóðar utan þessa ramma er háð samþykki lóðareiganda, þ.e. Reykjavíkurhafnar, og er bundin hafnsækinni starfsemi sem útilokar m.a. íbúðabyggð. Þegar aðalskipulag var samþykkt 1990 var lóð Áburðarverksmiðjunnar hf. færð á framtíðarhafnarsvæði við Eiðsvík. Aðalskipulag sem samþykkt var 1996 staðfesti þetta. Deiliskipulag er fyrir hendi en komi til breytingar á nýtingu lóðarinnar þarf að gera nýtt deiliskipulag og leggja fyrir skipulagsnefnd Reykjavíkur.

1211. Svar [339. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um vaxtabætur af húsnæðisláni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvernig má gera ráð fyrir að vaxtabætur 1 millj. kr. húsbréfaláns þróist miðað við meðaltekjur og meðalfjölskyldustærð allt greiðslutímabil 25 ára húsbréfaláns? Í svarinu óskast

hvert ár tilgreint fyrir sig miðað við breytingar á höfuðstól og afborgunum og að gert verði ráð fyrir 1,5% verðbólgu á ári allan lánstímann.

Að gefnum tekjum viðkomandi skuldara skerðast vaxtabætur um fasta krónutölu. Vaxtabætur vegna hverrar milljónar af húsbréfalánum og öðrum lánum eru því breytilegar eftir því hve há heildarskuldin er og vaxtagreiðslur miklar.

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaðar vaxtabætur hjóna á hverju ári miðað við upphaflega lántöku að fjárhæð 5–12 millj. kr. Miðað er við að greiðslukjör af öllum lánunum séu svipuð og eru nú af húsbréfum. Reiknað er með 5,1% ársvöxtum auk verðtryggingar og að afborganir séu fjórar á ári. Reiknað er með 1,5% verðbólgu á ári. Miðað er við að meðallaun hjóna séu 3,4 millj. kr. á ári og reiknað með að þau hækki einnig um 1,5% á ári. Enn fremur er reiknað með að hámark vaxtabóta hækki um sama hlutfall á ári. Miðað við þessar forsendur skapast ekki réttur til vaxtabóta fyrr en skuld er komin yfir 4 millj. kr. og vara greiðslur vaxtabóta í 8–20 ár, eftir fjárhæð upphaflegs láns. Ekki er reiknað með skerðingu vegna eigna en gera má ráð fyrir að þær mundu stytta greiðslutíma vaxtabóta nokkuð.

Áætlaðar árlegar vaxtabætur, þús. kr.

	Upphaflegt lán, þús. kr.							
Ár	**5.000**	**6.000**	**7.000**	**8.000**	**9.000**	**10.000**	**11.000**	**12.000**
1	49	100	151	202	233	233	233	233
2	45	95	146	197	237	237	237	237
3	40	90	140	190	240	240	240	240
4	34	84	134	183	233	244	244	244
5	28	77	126	176	225	247	247	247
6	21	70	118	167	216	251	251	251
7	14	62	110	157	205	253	255	255
8	6	53	100	147	194	241	259	259
9	-	44	90	135	181	227	262	262
10	-	33	78	123	168	212	257	266
11	-	22	66	109	153	196	239	270
12	-	10	52	94	136	178	220	262
13	-	-	37	78	118	158	199	239
14	-	-	21	60	98	137	176	214
15	-	-	4	40	77	114	150	187
16	-	-	-	19	54	88	123	157
17	-	-	-	-	28	61	93	125
18	-	-	-	-	1	31	60	90
19	-	-	-	-	-	-	25	51
20	-	-	-	-	-	-	-	10
21	-	-	-	-	-	-	-	-

Bent skal á að framangreindir útreikningar taka mið af ákveðnum fyrir fram gefnum forsendum, þar sem m.a. er ekki reiknað með skerðingu vegna eigna, og ber að skoða þá í því ljósi.

1212. Skýrsla [614. mál]

dómsmálaráðherra um útgjöld vegna laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, skal dómsmálaráðherra á ári hverju til ársloka 2000 gera Alþingi grein fyrir þeim útgjöldum sem lögin hafa í för með sér. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir útgjöldum á árinu 1998.

Lögin um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota tóku gildi 1. júlí 1996. Gilda þau um tjón sem leiðir af brotum á almennum hegningarlögum sem framin voru 1. janúar 1993 og síðar, og eru skilyrði fyrir greiðslu bóta úr ríkissjóði nánar tilgreind í lögunum.

Heildargreiðsla úr ríkissjóði árið 1998 nam 25.383.809 kr. í 40 málum eða 634.595 kr. að meðaltali.

1213. Svar [600. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um löggæslu í Grindavík.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Er ráðherra tilbúinn að styðja ákvörðun sýslumannsins í Keflavík um að leggja niður bakvaktir hjá lögreglunni í Grindavík þó að sýnt hafi verið fram á að það hafi ekki sparnað í för með sér og tryggi ekki sem skyldi öryggi íbúanna í Grindavík?*
2. *Telur ráðherra að löggæslu sé sinnt nægilega vel í verstöðvarbæ þar sem búa 2.169 manns og þar á ofan yfir 200 manns sem búa nú í verbúðum, auk þess sem fjölmargir bætast í hópinn í landlegum, þegar tekur minnst 25 mínútur að kalla til lögregluaðstoð úr næstu opinni lögreglustöð frá kl. 1 eftir miðnætti í miðri viku?*
3. *Er ráðherra tilbúinn að staðfesta með lögum eða reglugerð að lögreglustöð skuli vera áfram í Grindavík?*
4. *Er ráðherra tilbúinn til að staðfesta að áfram verði rekin umboðsskrifstofa sýslumanns í Grindavík eins og verið hefur?*

Í tilefni af umræðum um breytingar á skipulagi löggæslu í Grindavík, sem sýslumaðurinn í Keflavík hefur ráðist í að undanförnu, óskaði ráðuneytið eftir faglegu mati ríkislögreglustjóra á þeirri ákvörðun sýslumannsins í Keflavík að fella niður bakvaktir á útstöð lögreglunnar í Grindavík. Í svarbréfi ríkislögreglustjóra kemur fram að stöður lögreglumanna í lögregluliði sýslumannsins í Keflavík eru samtals 38, þar af fimm í Grindavík. Þetta er næststærsta lögreglulið landsins ásamt Hafnarfirði, en þar eru jafnmargir lögreglumenn. Í Hafnarfirði eru samkvæmt tölum ríkislögreglustjóra 734 íbúar á hvern lögreglumann en í Keflavík 416 og af því má sjá að lögreglulið sýslumannsins í Keflavík er mjög vel mannað og vel í stakk búið til að þjóna öllum íbúum lögsagnarumdæmisins. Í bréfi sínu áréttar ríkislögreglustjóri að gefnu tilefni að hér sé um eitt lögreglulið að ræða en ekki tvö, þó svo að hverfastöð sé í Grindavík. Umdæmið nái ekki aðeins til Grindavíkur heldur einnig Innri- og Ytri-Njarðvíkur, Garðs, Sandgerðis, Hafna og Voga. Á þessum stöðum eru engar úthverfastöðvar en löggæslunni er sinnt frá Keflavík.

Skoðun ríkislögreglustjóra er að óeðlilegt sé að lögreglumenn sem staðsettir eru í Grindavík sinni bakvöktum sjúkra- og slökkviliðs þar sem Neyðarlínan hf. býður þessa þjónustu og annast hana í flestum byggðarlögum landsins. Það segi sig sjálft að meira öryggi felist í því fyrir borgarana að hringja að nóttu til í Neyðarlínuna eða varðstofu lögreglunnar í Keflavík, þar sem eru sólarhringsvaktir og allur tæknibúnaður til frekari útkalla fyrir hendi, en að hringja á einkaheimili lögreglumanns og vekja hann. Miklu fremur megi leiða að því líkur að erfitt sé fyrir lögreglumann sem vakinn er fyrirvaralaust heima hjá sér að taka í svefnrofunum við boðum um alvarleg slys, óhöpp eða aðra atburði. Í framhaldi af móttöku slíkra boða þarf hann að koma boðum áfram en klæða sig jafnframt og komast á staðinn. Með hliðsjón af framangreindu telur ríkislögreglustjóri ákvörðun sýslumanns í Keflavík eðlilega og styður hana.

Eftir að hafa kynnt sér forsendurnar að baki ákvörðunar sýslumannsins í Keflavík, og með hliðsjón af mati ríkislögreglustjóra, styður ráðuneytið þá ákvörðun sýslumannsins í Keflavík að leggja niður bakvaktir um nætur hjá lögreglumönnum í Grindvík, enda bendir ekkert til þess að með því verði öryggi íbúa á svæðinu skert eða eftirlit minna en verið hefur. Sú reynsla sem komin er á þetta fyrirkomulag frá 1. mars sl. styður það að mati sýslumanns að þessi breyting hafi ekki haft í för með sér skerðingu á öryggi íbúa í Grindavík. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum í Keflavík eru ekki fyrirhugaðar á þessu ári frekari skipulagsbreytingar hjá lögreglu eða á skrifstofu sýslumanns í Grindavík.

1214. Svar [566. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um stöðu sjávarútvegsbyggða sem misst hafa veiðiheimildir og kvótalítilla útgerða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur sjávarútvegsráðuneytið að undanförnu skoðað sérstaklega stöðu sjávarútvegsbyggða sem misst hafa frá sér veiðiheimildir þannig að grundvöllur útgerðar og fiskvinnslu er brostinn?*
2. *Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar á þessu sviði sem falið gætu í sér úrlausn fyrir sjávarútvegsbyggðir í vanda og jafnframt nýst kvótalitlum útgerðum og auðveldað öðrum að hefja útgerð?*

Frumskilyrði þess að byggð haldist kringum landið er að fiskstofnar séu í þannig ástandi að þeir gefi mestan mögulegan afrakstur. Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að laga stjórnkerfið að þessu markmiði. Þorskveiðar og -vinnsla hafa verið undirstaða sjávarútvegs í landinu. Ástand þorskstofnsins var orðið slæmt í upphafi áratugarins og ljóst að grípa yrði til sérstakra ráðstafana vegna þess. Sett var á fót nefnd sem skyldi fjalla um hagkvæmustu nýtingu þorskstofnsins og koma með tillögur um hana. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að ákveða aflareglu fyrir þorskstofninn. Ríkisstjórnin samþykkti þessa tillögu og frá fiskveiðiárinu 1995/1996 hefur heildaraflamark af þorski verið 25% af veiðistofninum. Þessi aðgerð, ásamt víðtækum friðunaraðgerðum, hefur skilað árangri og er nú svo komið að heildaraflamark af þorski er 250 þús. tonn í ár, en til samanburðar var það 155 þús. tonn á fiskveiðiárinu 1995/1996 þegar aflareglunni var beitt í fyrsta sinn. Þessi upp-

bygging þorskstofnsins er gríðarlega mikilvæg fyrir þá staði sem háðir eru sjávarútveginum og frekari uppbygging annarra stofna mun styrkja þá enn frekar.

Undanfarin ár hafa átt sér stað miklar breytingar í sjávarútveginum og hafa þær ekki síst komið fram í uppstokkun eignarhalds og skipulagi fyrirtækja. Samvinna og samruni fyrirtækja frá ýmsum stöðum á landinu hafa orðið algengari og samhliða því hafa viðhorf til rekstrar fyrirtækja breyst, m.a. með samningum um fiskkaup. Þessi þróun hefur haft í för með sér breytta áherslu á skipulagningu veiða og vinnslu sem hefur m.a. leitt til þess að umsvif hafa minnkað á einstöku stöðum en aukist á öðrum. Með bættum samgöngum og stækkun sveitarfélaga hafa atvinnusvæði einnig stækkað. Almennt hefur fjárhagsstaða fyrirtækja í sjávarútvegi verið að styrkjast, þó með undantekningum líkt og í öðrum rekstri.

Lögð hefur verið fram á Alþingi skýrsla um sjávarútveg Íslendinga – þróun, stöðu og horfur, sem unnin var í tilefni af Ári hafsins, 1998. Höfundur hennar er Birgir Þór Runólfsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands. Skýrslan geymir miklar upplýsingar um þróun sjávarútvegs, þar á meðal breytingar á aflahlutdeild, löndun, vinnslu og afkomu fyrirtækja. Um þessi efni er vísað til skýrslunnar.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum hefur sjávarútvegsráðuneytið ekki beitt sér fyrir sértækum aðgerðum varðandi einstök byggðarlög vegna minnkandi aflaheimilda. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 1/1999 hefur Byggðastofnun hins vegar til árlegrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskígildislestum til að styðja byggðarlög sem hafa lent í vanda í kjölfar samdráttar í sjávarútvegi.

Ráðuneytið hefur ekki áætlanir um sérstakar aðgerðir til aðstoðar við útgerðir sem eiga skip með lítið aflamark. Vandamál þau sem nú eru mikið rædd má rekja til breyttra tækifæra útgerða þessara báta til að afla sér veiðiheimilda, í kjölfar lausnar á verkfalli sjómanna sem tengdist m.a. viðskiptum með aflamark. Breytingar á starfsumhverfinu krefjast breytinga á þeirri lausn og er ólíklegt að ráðist verði í aðgerðir sem verði til að auka deilurnar frekar.

Rétt er að minna á í þessu sambandi að víða í heiminum keppast þjóðir við að ná betra jafnvægi milli sóknargetu fiskiskipaflota og afrakstursgetu fiskstofna til þess að fullnægja kröfum um sjálfbærar veiðar. Íslendingar hafa náð góðum árangri í þessu efni með markaðskerfi í fiskveiðum. Mat ráðuneytisins er að þjóðir sem beitt hafa miðstýrðum aðferðum við fiskveiðistjórnun hafi ekki náð jafngóðum árangri við verndun og uppbyggingu fiskstofna.

Í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, eru ekki heimildir til að grípa til aðgerða af því tagi sem hér er rætt um. Aftur á móti er í 9. gr. laganna heimild til ráðherra til að mæta áföllum vegna fyrirsjáanlegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Í ráðuneytinu er verið að kanna hvernig megi beita þessari heimild þannig að bætur komi til aðila sem verða fyrir verulegri skerðingu við minnkandi heildaraflamark í einstökum tegundum, svo sem innfjarðarrækju, en ákvarðanir þar um eru teknar í tengslum við heildaraflaákvörðun.

1215. Tillaga til þingsályktunar [615. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 25. mars 1999.

1216. Svar [578. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um afföll á húsbréfalánum.

1. Hver var heildarfjöldi húsbréfalána árin 1990–93?

Heildarfjöldi húsbréfalána sem samþykkt voru af húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins var sem hér segir á framangreindu tímabili:

	1990	1991	1992	1993
Janúar	28	457	483	263
Febrúar	30	549	304	298
Mars	41	320	382	402
Apríl	37	458	259	232
Maí	61	402	315	356
Júní	135	275	517	436
Júlí	231	704	509	357
Ágúst	133	398	287	311
September	354	366	448	479
Október	356	422	490	423
Nóvember	423	527	334	453
Desember	443	152	300	243
Alls	**2.272**	**5.030**	**4.628**	**4.253**

2. Hve há voru afföll húsbréfalána í prósentum þennan tíma að meðaltali eftir mánuðum?

Afföll eða yfirverð af húsbréfalánunum sem slíkum eru engin, en afföll eða yfirverð koma hins vegar til þegar húsbréf sem skipt er fyrir fasteignaveðbréf eru seld á verðbréfamarkaði. Seljendur húsbréfanna eru í flestum tilfellum seljendur íbúða eða íbúðarbyggjendur.

Þar sem ekki er vitað nákvæmlega hvort og þá hvenær húsbréf voru seld er ekki hægt að segja með neinni vissu fyrir um afföll húsbréfa í hverju einstöku tilviki. Miðað við ávöxtunarkröfu húsbréfa á verðbréfamarkaði er hægt að reikna meðaltal affalla í hverjum mánuði. Útreikningar miðast við ávöxtunarkröfu þeirra húsbréfaflokka sem húsbréfadeild afgreiddi á hverjum tíma:

	1990	1991	1992	1993
Janúar	7,3%	11,4%	19,4%	13,7%
Febrúar	7,3%	13,7%	17,8%	12,3%
Mars	7,2%	14,8%	15,2%	10,6%
Apríl	7,7%	17,9%	13,4%	10,8%
Maí	9,6%	20,4%	10,3%	11,2%
Júní	9,5%	21,8%	10,2%	13,2%
Júlí	10,1%	21,0%	11,4%	11,6%
Ágúst	10,9%	20,8%	14,4%	11,2%
September	10,8%	22,4%	14,3%	12,7%
Október	10,7%	22,2%	14,5%	11,3%
Nóvember	12,4%	20,3%	16,0%	7,2%
Desember	11,5%	19,6%	15,4%	4,6%

3. Hve háar upphæðir þurftu húsbréfakaupendur að greiða á þessum árum?

Gert er ráð fyrir að með þessari spurningu sé átt við hversu mikil afföll hafi lent á hverjum lántakanda á þessum tíma. Erfitt að fullyrða nokkuð um það með neinni vissu þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um sölu húsbréfa á markaðnum. Ef hins vegar er gert ráð fyrir að húsbréfin hafi verið seld í sama mánuði og afgreiðsla lánsins á sér stað og með þeim afföllum sem meðaltal mánaðarins segir til um ættu afföll að hafa verið sem hér segir miðað við meðaltalslánið í hverjum mánuði (í þús. kr.):

	1990	1991	1992	1993
Janúar	272	393	506	363
Febrúar	245	433	489	315
Mars	268	469	418	294
Apríl	303	556	393	321
Maí	349	639	286	304
Júní	310	641	275	351
Júlí	318	577	327	321
Ágúst	320	593	405	305
September	317	694	403	342
Október	340	634	397	298
Nóvember	330	549	429	204
Desember	379	529	428	133

Miðað við spurninguna má ætla að verið sé að spyrjast fyrir um heildarafföll á tímabilinu miðað við heildarfjölda afgreiddra lána. Í töflunni hér að framan er að finna nálgun við sennileg afföll miðað við meðallánið eins og það var á hverjum tíma, þannig að ef litið er til heildarfjölda lána eins og fram kemur í töflunni í svari við fyrsta lið væri nálgun við heildarafföllin sem hér segir eftir mánuðum (í þús. kr.):

	1990	1991	1992	1993
Janúar	7.619	179.408	244.375	95.547
Febrúar	7.338	237.546	148.594	93.894
Mars	10.990	150.126	159.577	118.010
Apríl	11.196	254.771	101.848	74.583
Maí	21.270	256.899	90.085	108.141
Júní	41.789	176.237	141.958	152.843
Júlí	73.419	406.065	166.399	114.424
Ágúst	42.597	236.039	116.225	94.783
September	112.160	253.885	180.444	163.815
Október	121.200	267.545	194.630	125.965
Nóvember	139.516	289.525	143.248	92.436
Desember	167.876	80.441	128.297	32.409

Samkvæmt því sem hér kemur fram má því búast við því að heildarafföll fyrir þetta tímabil hafi verið um 6,6 milljarðar króna á verðlagi hvers tíma, en ef þessi afföll eru reiknuð til verðlags í janúar 1999 eru þau orðin rúmlega 7,6 milljarðar króna.

4. Hve hátt fóru afföllin á einn einstakling á þessum tíma?

Ómögulegt er að finna í hvaða tilfelli afföllin hafi náð hámarki á þessum tíma. Kemur það til af því að engar upplýsingar berast til húsbréfadeildar um sölu húsbréfa á almennum verðbréfamarkaði.

1217. Svar [445. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

1. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að auka fræðslu um jafnrétti kynjanna og til að jafna aðstöðumun þeirra í skólum landsins, sbr. inngang að aðgerðaáætlun menntamálaráðuneytisins í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?

Ákvæði um jafnrétti kynjanna eru samofin markmiðum í nýjum aðalnámskrám fyrir grunn- og framhaldsskóla. Undirbúningur að gerð aðalnámskránna var í samráði við jafnréttisnefnd menntamálaráðuneytisins, en hlutverk þeirrar nefndar var m.a. að gera tillögur um stefnumörkun varðandi jafnrétti í skólum. Í skólastefnu ráðuneytisins sem birtist í ritinu *Enn betri skóli* segir:

„Í nýjum aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla verður sérstaklega tekið mið af lögum um grunnskóla og stefnu menntamálaráðuneytisins í jafnréttismálum en þar er kveðið á um að nemendum sé ekki mismunað eftir kyni, búsetu, stétt, uppruna, trú eða fötlun. Þetta þýðir að allir skuli fá sem jöfnust tækifæri til menntunar. Þetta þýðir ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur jafngild tækifæri.

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að skólar búi bæði kynin jafnt undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu almennt, fræði bæði drengi og stúlkur um stöðu kynjanna og mannréttindi og vinni gegn misrétti.“

Þessi stefnumið koma skýrast fram í almennum hluta aðalnámskrár og námskrá í lífsleikni.

Í almennum hluta aðalnámskrár eru jafnréttissjónarmið höfð að leiðarljósi um almenna menntun á Íslandi. Þau ákvæði sem þar koma fram eiga við um alla hluta nýrrar aðalnámskrár, svo sem einstaka greinahluta námskrárinnar.

Lífsleikni er ný kennslugrein í íslenskum grunn- og framhaldsskólum. Er henni ætlaður sérstakur tími á stundarskrá nemenda frá 4.–10. bekk grunnskóla og er í aðalnámskrá jafnframt bent á mikilvægi þess að skólar nýti sér kjarnaþætti greinarinnar við nám hjá yngri nemendum. Öllum nemendum í framhaldsskólum verður auk þessa gert skylt að ljúka þriggja eininga áfanga í lífsleikni.

Í formála að aðalnámskrá grunnskóla kemur m.a. fram:

„Samkvæmt lögum og ýmsum skuldbindingum íslenska ríkisins, innlendum og erlendum, ber íslenskum menntayfirvöldum að veita börnum og ungmennum ýmsa fræðslu sem stendur utan hefðbundinna námsgreina. Má þar nefna 26. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 10. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 117. grein umferðarlaga og 14. grein laga um tóbaksvarnir.“

Námskrá í lífsleikni er m.a. ætlað að gera skólum auðveldara með að verða við þessum kröfum á heildstæðan hátt og um leið að koma til móts við kröfur um uppeldishlutverk skóla.

Í námskrá í lífsleikni er að finna markmið sem bæði beint og óbeint stuðla að því að styrkja einstaklinginn, að hann öðlist samfélagslega yfirsýn, að hann geti gert raunhæfar áætlanir um náms- og starfsleiðir sem standa honum til boða að loknu grunnskólanámi, að hann öðlist áræði til þess að móta eigin lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt og að setja sér markmið sem lúta að framtíðinni. Nánari útfærsla um jafnréttismiðuð markmið námskrárinnar er að finna í áfangamarkmiðum og þrepamarkmiðum fyrir einstaka aldurshópa.

Meðal markmiða í lífsleikni sem snerta almenn jafnréttissjónarmið og hægt er að nýta til samþættingar má benda á þrepamarkmið í 4. bekk: „Að geta velt fyrir sér jafnréttishugtakinu út frá ýmsum sjónarhornum. Til að mynda á að vera jafnrétti á milli manna og dýra, á milli kónga og þegna, barna og fullorðinna."

Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla eru skýr ákvæði sem stuðla að þessu. Má þar sérstaklega nefna það sem fram kemur í almennum hluta aðalnámskrár.

— Hlutverk og markmið grunnskóla (1999: 12, 14, 15).
— Aðalnámskrá grunnskóla. — Hlutverk aðalnámskrár (1999: 19–20).
— Skólanámskrá (1999: 20–25).
— Kennsla og kennsluhættir (1999: 29–30).
— Námsgögn (1999: 31–32).
— Velferð nemenda (1999: 45–49).

Í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla (6. kafla) er kveðið á um hlutverk og inntak skólanámskrár. Þar segir m.a. að skólar skuli gera grein fyrir því hvernig þeir ætli að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi (sbr. 2. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla). Einnig segir að við gerð skólanámskrár skuli tekið mið af lögum, reglugerðum og reglum, m.a. um jafnan rétt allra til náms, óháð litarhætti, þjóðerni og kynferði, og um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Jafnréttisfræðsla er enn fremur tekin sem dæmi um sérstök viðfangsefni sem framhaldsskólum ber að halda úti og fjalla um í skólanámskrá.

2. *Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að hafa áhrif á mjög svo hefðbundið náms- og starfsval pilta og stúlkna, sbr. lið 9.2 í framkvæmdaáætluninni?*

Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd sem á að gera tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna. Nefndin var skipuð í september 1998 þegar jafnréttisnefnd menntamálaráðuneytisins lauk störfum. Þessar nefndir voru skipaðar í kjölfar þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi sl. vor og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd fagfólks í uppeldis- og kennslumálum sem geri tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna, en upplýsingar um misvægi í sérfræðiþjónustu, athygli kennara og námsárangri benda til að úrbóta sé þörf. Jafnframt geri nefndin tillögur um viðeigandi breytingar á kennaranámi."

Nefndin er skipuð Ingu Dóru Sigfúsdóttur, sem er formaður, Önnudís Grétu Rudolfsdóttur, Ingólfi V. Gíslasyni, Kristjáni M. Magnússyni og Ragnhildi Bjarnadóttur.

Ekki eru áformaðar sérstakar aðgerðir til að breyta hefðbundnu náms- og starfsvali í framhaldsskólum. Hins vegar má benda á að á fyrri hluta ársins 1998 skipaði menntamálaráðherra 14 starfsgreinaráð til að gera tillögur um starfsnám á framhaldsskólastigi. Starfsgreinaráðin ná til allra helstu atvinnuvega og starfsgreina þjóðarinnar og eru þau að vinna

að tillögum um nýtt starfsnám og endurskoðun á því starfsnámi sem fyrir er innan ramma aðalnámskrár framhaldsskóla. Á næstu árum ættu því að opnast nýir möguleikar til náms og starfa fyrir pilta og stúlkur.

3. *Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að bjóða kennurum og skólastjórnendum upp á aukna fræðslu um jafnrétti kynjanna, sbr. lið 9.3 í framkvæmdaáætluninni?*

Námsgagnastofnun er ætluð sérstök 40 millj. kr. fjárveiting 1999 til útgáfu, m.a. á námsefni í lífsleikni.

Aukin áhersla og fjárveiting að upphæð 18 millj. kr. árið 1999 vegna endurmenntunar kennara og skólastjórnenda í tengslum við nýja aðalnámskrá grunnskóla.

4. *Hvað líður rannsókn á stöðu og líðan kynjanna í skólakerfinu, sbr. lið 9.4 í framkvæmdaáætluninni?*

Á málþingi sem haldið var á vegum karlanefndar Jafnréttisráðs og menntamálaráðuneytisins í nóvember 1997 var gerð grein fyrir fyrsta hluta rannsóknarinnar Ungt fólk '97, rannsókn um líðan og árangur kynjanna í skólum, sem unnin var af Ingu Dóru Sigfúsdóttur, deildarstjóra hjá RUM (sjá rit um erindi frá þessu málþingi, *Strákar í skóla,* 1998). Samkvæmt upplýsingum frá Ingu Dóru Sigfúsdóttur er vinna við annan hluta þessarar rannsóknar að hefjast.

5. *Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir niðurstöðum kannana á íþróttaiðkun stúlkna, sbr. lið 9.5 í framkvæmdaáætluninni?*

Nýjar aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla bjóða upp á meiri fjölbreytni í íþróttaiðkun og líkams- og heilsurækt en áður hefur verið.

Íþróttahreyfingin hefur frá 1996 haft markvissa stefnumótun í þjálfun og íþróttauppeldi barna og unglinga. (Sjá rit ÍSÍ, *Íþróttir barna og unglinga,* 1997).

6. *Hvað líður aðgerðum til að auka áhuga stúlkna á stærðfræði og raungreinum, sbr. lið 9.7 í framkvæmdaáætluninni?*

Ef litið er á námskrá í stærðfræði og náttúrufræði í grunnskóla er ekki að finna markmið sem beinlínis kveða á um að auka áhuga stúlkna á stærðfræði og raungreinum. Markmiðin eru ætluð báðum kynjum jafnt. Hins vegar má benda á að almennur hluti námskrár á við allar greinar og þar eru skýr ákvæði um jafnrétti, sbr. svar við fyrsta lið.

7. *Hversu mörg þróunarverkefni sem snerta jafnréttisfræðslu hafa notið styrkja úr þróunarsjóði grunnskóla frá því að sjóðurinn var stofnaður, sbr. lið 9.8 í framkvæmdaáætluninni, og hvert verður framhaldið á því starfi?*

Nefnd skulu nokkur dæmi um þróunarverkefni sem snerta jafnréttisfræðslu og notið hafa styrkja úr þróunarsjóði grunnskóla.

1991–1992: Myllubakkaskóli. — Stelpur og strákar í takt við tímann. Dalvíkurskóli. — Sjálfsmennskubraut.

1992–1993: Grandaskóli. — Breyttir tímar.

1998–1999: Grundaskóli. — Stærðfræði skiptir máli.

8. *Hvað líður athugun á aðgengi kvenna að fjölmiðlum landsins og þeim karl- og kvenímyndum sem þar birtast, sbr. lið 9.11 í framkvæmdaáætluninni?*

Á vegum Hilmars Þórs Bjarnasonar, stundakennara við HÍ, eru tveir vinnuhópar að skoða hvernig karlar og konur birtast (umfjöllun og aðgengi) í íslenskum fjölmiðlum. Verkefni þessi eru unnin fyrir nefnd Skrifstofu jafnréttismála og menntamálaráðuneytisins um fjölmiðla og konur.

Samkvæmt upplýsingum frá Hilmari Þór er annar hópurinn að innihaldsgreina eina viku af sjónvarpsefni (RÚV og Stöð 2) þar sem nákvæmlega verður kortlagt í hve miklum mæli rætt er við konur og karla, í sambandi við hvaða málaflokka og hvaða stöðum þessir einstaklingar gegna. Einnig verða fjölmargir aðrir þættir skoðaðir.

Hinn hópurinn er að innihaldsgreina eina viku af dagblöðum (Morgunblaðið, Dagur, DV). Sams konar þættir verða hér til athugunar. Einnig verður skoðað í hve miklum mæli karlar og konur skrifa í blöðin. Þessi tvö verkefni eru rétt nýhafin. Hóparnir eiga að skila af sér fljótlega upp úr næstu mánaðarmótum.

9. *Hvað líður áformum um að auka fræðslu til ýmissa hópa um afleiðingar ofbeldis, sbr. lið 9.12 í framkvæmdaáætluninni?*

Í fyrsta lagi skal bent á rannsókn á einelti í íslenskum grunnskólum. Fer rannsóknin fram á árunum 1998 og 1999. Ákvörðun um að gera þessa rannsókn má m.a. rekja til þess að umboðsmaður barna óskaði eftir samvinnu við menntamálaráðherra um upplýsingaöflun úr grunnskólum vegna eineltis. Í rannsókninni verður m.a. leitast við að fá svör við því hvert er umfang eineltis á Íslandi og hvernig börn og ungmenni skilgreina einelti. Einnig verður aflað upplýsinga um hvar einelti gegn börnum og unglingum á sér helst stað, hverjir verða fyrir því og hverjir beita því.

Ætlunin er að þekkingin sem aflað verður með rannsókninni nýtist til að meta bestu forvarnarúrræðin gegn einelti og hvernig þeim verður hrundið í framkvæmd.

Í öðru lagi má benda á að reglugerð um aga í grunnskólum er í endurskoðun í menntamálaráðuneytinu. Við endurskoðunina verður höfð hliðsjón af vinnu starfshóps sem er að fjalla um skólareglur og aga í grunnskólum. Í starfshópnum eru fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Skólastjórafélagi Íslands, Heimili og skóla og umboðsmaður barna.

10. *Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 9.13 í framkvæmdaáætluninni? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?*

Innan menntamálaráðuneytisins hefur jafnan verið leitast við að gæta jafnrar stöðu kynjanna. Meðal æðstu embættismanna þess eru fjórar konur og þrír karlar. Ráðuneytisstjóri er kona og skrifstofustjórar eru sex, þrjár konur og þrír karlar (sjá fylgiskjal). Leitast er við að vinna í samræmi við þau jafnréttissjónarmið að störf innan ráðuneytisins séu ekki kynbundin og að starfsmenn af báðum kynjum komi jafnt til greina við verkefnaval. Hvað varðar stofnanir sem undir ráðuneytið heyra þá hefur þeim verið sent bréf þar sem óskað er eftir svörum við 10. og 11. lið fyrirspurnarinnar en þau bárust ekki í tæka tíð.

11. *Hvaða líður gerð jafnréttisáætlana í ráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyra, sbr. lið 9.13 í framkvæmdaáætluninni? Hversu margar stofnanir sem heyra undir ráðuneytið hafa þegar sett sér slíkar áætlanir og hver er reynslan af þeim?*

Unnið er að gerð jafnréttisáætlunar innan ráðuneytisins. Eins og fram kemur í 10. lið hefur undirstofnunum verið sent bréf þar sem m. a. er óskað eftir upplýsingum um hvað liði jafnréttisáætlunum innan þeirra en svör bárust ekki í tæka tíð.

Fylgiskjal.

Menntamálaráðuneyti.

	Heildarfjöldi	Karlar	Konur
BHM-starfsmenn	29	13	16
BSRB-starfsmenn	26	8	18
Embættismenn	7	3	4
„Ráðherraraðaðir“ (2 í C-ramma, 1 í B-ramma)	3	3	
I. Embættismenn (kjaranefnd):			
1. Ráðuneytisstjóri			1
2. Skrifstofustjóri 1		1	
3. Skrifstofustjóri 2		2	3
II. BHM-starfsmenn:			
4. Deildarstjóri 1/verkefnisstjóri		3	3
5. Deildarstjóri 2/verkefnisstjóri			
6. Sérfræðingar/verkefnisstjórar		10	10
7. Almennir starfsmenn, háskólamenntaðir			2
8. Annað			1
III. BSRB-starfsmenn:			
9. Stjórnunarstörf 1 (C)		1	2
10. Stjórnunarstörf 2			
11. Sérhæfð störf (B)		2	16
12. Almenn störf (A)		5	
13. Annað			

1218. Svar [580. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um sérstakan stuðning við handverksfólk í dreifbýli.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggur félagsmálaráðherra á sérstakar aðgerðir til að styrkja framleiðslu íslenskra handverksmuna sem hefur skapað fólki í sveitum atvinnu? Ef svo er, hverjar eru þær?

Í janúar á þessu ári samþykkti ríkisstjórnin stuðning stjórnvalda við handverk. Samþykktin fól m.a. í sér að verkefni sem rekið hefur verið undir nafninu Handverk og hönnun verði haldið áfram og að það fái fjárhagslegan stuðning frá forsætisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti

og Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Stuðningurinn við verkefnið verði samtals 13 millj. kr. á ári. Enn er eftir að taka ákvörðun um skiptingu fjárins en búast má við að hlutur félagsmálaráðuneytis verði 3.250.000 kr.

Markmið starfsemi Handverks og hönnunar er að stuðla að viðvarandi vexti handverks, að bæta menntun og þekkingu handverksfólks og efla gæðavitund í greininni. Lögð er áhersla á að þjónusta verkefnisins nýtist um allt land.

Nýlega hafa verið lagðar fyrir félagsmálaráðherra tillögur nefndar sem gert var að endurskoða starf Atvinnusjóðs kvenna og gera tillögur um framhald þess. Nefndin leggur til að beinn styrkur til Handverks og hönnunar nemi 1.000.000 kr. á ári, til viðbótar því sem kemur frá ráðuneytunum og Framleiðnisjóði landbúnaðarins, en opið er fyrir umsóknir úr öllum öðrum atvinnugreinum til sjóðsins. Jafnframt er gerð tillaga um að áhersla verði lögð á þrjár aðalgreinar við hverja úthlutun. Val á greinum fer eftir atvinnuástandi í landinu og hverjum landshluta fyrir sig og kappkostað verður að verkefnin stuðli að sem mestri fjölbreytni í atvinnumálum kvenna um allt land.

1219. Viðbótarsvar [215. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um kostnað af breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur heildarkostnaður verið af breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög og sölu á hlutafé í eigu ríkisins á yfirstandandi kjörtímabili? — Óskað er sundurliðunar eftir verkefnum og einnig hverjir hafa þegið greiðslur hverju sinni fyrir þessi verkefni, þar á meðal söluþóknun verðbréfafyrirtækja sem annast hafa sölu bréfanna.

Með bréfi, dags. 8. desember sl., svaraði fjármálaráðherra fyrirspurn þessari að svo miklu leyti sem unnt var (þskj. 435). Þegar unnið var að svarinu höfðu ekki borist upplýsingar frá Landsbanka Íslands hf., Búnaðarbanka Íslands hf. og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. um kostnað þeirra af hlutafélagavæðingu. Var því ákveðið að skipta svarinu. Nú hafa þessar upplýsingar borist og fara því hér á eftir upplýsingar um kostnað af hlutafélagavæðingu fyrrgreindra aðila. Við vinnslu á svarinu leitaði fjármálaráðuneytið eftir upplýsingum frá viðkomandi fyrirtækjum ásamt því að leitað var eftir áliti viðskiptaráðuneytisins.

Það skal sérstaklega tekið fram að skv. 21. gr. laga nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, og 20. gr. laga nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., skal allur kostnaður af stofnun hlutafélaganna og yfirtöku þeirra á fyrri rekstri greiðast af hlutafélögunum sjálfum. Við ákvörðun kostnaðar vegna hlutafélagavæðingarinnar í svari þessu verður því að hafa í huga að þeir aðilar er svarið lýtur að eru sjálfstæð fyrirtæki með sitt eigið reikningshald. Skilgreining hvers aðila fyrir sig á kostnaði við hlutfélagavæðingu er því ekki með samræmdum hætti.

1. Landsbanki Íslands hf.

Landsbanki Íslands var gerður að hlutafélagi með lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Stofnað var hlutafélag þann 10.

september 1997 sem yfirtók rekstur og starfsemi Landsbanka Íslands, svo og eignir hans og skuldbindingar frá og með 1. janúar 1998.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum var kostnaður hans við breytingu yfir í hlutafélag eftirfarandi, í kr.:

1.	Hlutafélagaskrá og starfsleyfi	166.603
2.	Sérfræðiþjónusta	3.818.042
3.	Þóknun nefndarmanna og bankaráðsmanna	4.234.502
4.	Kynningarfundur fyrir erlenda banka í London	1.768.790
5.	Greitt til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis v/ útlagðs kostnaðar	688.973
	Samtals:	**10.676.910**

Það skal sérstaklega tekið fram að hér er um ytri kostnað bankans að ræða. Ekki hefur því verið reiknað með kostnaði vegna vinnu starfsmanna innan bankans og þess óbeina kostnaðar sem óhjákvæmilega verður vegna hennar, auk kynningarmála, ferðakostnaðar og breytinga á merkingum félagsins.

2. Búnaðarbanki Íslands hf.

Búnaðarbanki Íslands var gerður að hlutafélagi með lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Stofnfundur var haldinn í september 1997 og tók bankinn til starfa sem hlutafélag 1. janúar 1998.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum var kostnaður hans við breytingu yfir í hlutafélag eftirfarandi, í kr.:

1.	Hlutafélagaskrá og starfsleyfi	164.980
2.	Sérfræðiþjónusta	252.984
3.	Þóknun nefndarmanna og bankaráðsmanna	4.006.084
4.	Kynningarfundur fyrir erlenda banka í London	2.674.197
5.	Greitt til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis v/útlagðs kostnaðar	688.973
6.	Auglýsinga og kynningarmál	3.311.388
7.	Ferðakostnaður	774.512
	Samtals:	**11.873.118**

Auk þessa afskrifaði bankinn birgðir af ýmsum skjölum og tékkheftum sem innihéldu heiti bankans í texta. Sá kostnaður var **9.004.364 kr.**

Það skal tekið sérstaklega fram að hér er ótalinn sá kostnaður sem felst í vinnu starfsmanna við undirbúning, kynningarmál og ýmis önnur störf.

3. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. var stofnaður um áramótin 1997–98, með sameiningu Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs í FBA og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Við þær breytingar var stofnað til töluverðs kostnaðar. Hins vegar var óverulegur hluti þeirra bein afleiðing af því að stofnað var hlutafélag um reksturinn.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum var kostnaður hans við breytingu yfir í hlutafélag eftirfarandi, í kr.:

1.	Hlutafélagaskrá og starfsleyfi	160.000
2.	Sérfæðiþjónusta	902.635
3.	Þóknun nefndarmanna	300.000
4.	Stimpilgjöld	34.000.000
	Samtals:	**35.362.625**

1220. Viðbótarsvar [274. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um verkefni VSÓ-verkfræðistofu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða verkefnum hefur VSÓ-verkfræðistofan sinnt fyrir opinberar stofnanir frá árinu 1991 og fram á þennan dag?*
2. *Hve miklar greiðslur hefur VSÓ fengið fyrir verk sín í heild og hvernig skiptist sú fjárhæð eftir einstökum verkum og ráðuneytum?*

Með bréfi 16. febrúar sl. svaraði fjármálaráðherra fyrirspurn þessari (þskj. 851). Í umræðum á Alþingi var leitað eftir því að ráðherrann veitti ítarlegri upplýsingar en þær sem fram komu í upprunalega svarinu. Féllst ráðherra á það að athuguðu máli, sbr. yfirlýsingu hans á Alþingi 26. febrúar sl.

Fjármálaráðherra hefur nú látið vinna viðbótarsvar og er það meðfylgjandi. Við vinnslu á svarinu var leitað aðstoðar Ríkisbókhalds.

Í svari þessu eru birt yfirlit sem unnin hafa verið í tengslum við fyrirspurnina um kaup ríkisins á þjónustu frá VSÓ-verkfræðistofunni tímabilið 1991–98. Hér er í raun um afar víðtæka fyrirspurn að ræða sem hefur kallað á verulega vinnu bæði innan Ríkisbókhalds og hjá fjölmörgum ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum sem leita þurfti til varðandi upplýsingar. Svör liggja fyrir frá öllum stofnunum nema þremur heilbrigðisstofnunum, þ.e. á Akranesi, Sauðárkróki og Neskaupstað. Þá barst ekki svar frá Happdrætti Háskóla Íslands sem er ríkisfyrirtæki í B-hluta.

Meðfylgjandi yfirlit sýna árleg viðskipti A-hluta ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja í B-hluta við VSÓ tímabilið 1991–98. *Yfirlit 1* sýnir þjónustukaup A-hluta frá VSÓ og *yfirlit 2* þjónustukaup einstakra ríkisfyrirtækja í B-hluta frá VSÓ.

Yfirlit 1. Kaup A-hluta á þjónustu VSÓ árin 1991–98.

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	619.773
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	465.631
13-102	Þjóðskráin	58.524
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***1.143.928***
	Árið 1991 samtals	***1.143.928***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	4.275.300
02-201	Háskóli Íslands	791.518
02-222	Æfinga-og tilr.skóli Kennaraháskóla Ísl.	4.653
02-319	Framhaldsskólar, almennt	13.604.782
04-501	Bændaskólinn á Hvanneyri	40.425
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	128.858
10-211	Vegagerð ríkisins	3.190.717
13-102	Þjóðskráin	875.806
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***22.912.059***
	Árið 1992 samtals	***22.912.059***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*	Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	278.748
02-201	Háskóli Íslands	378.666
02-319	Framhaldsskólar, óskiptur rekstur	5.144.946
05-901	SKRIFST.RANNSÓKNAST.ATVINNUVEGANNA	112.935
06-190	Ýmis kostnaður ráðuneytis	5.154.944
06-390	Ýmis löggæslukostnaður	632.273
06-490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsemb.	124.500
08-371	RÍKISSPÍTALAR	727.528
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	1.120.500
09-999	Ýmis verkefni	994.286
10-190	Ýmis kostnaður ráðuneytis	620.894
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	4.322.820
13-101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	158.698
13-102	Þjóðskráin	141.803
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***19.913.541***
	Árið 1993 samtals	***19.913.541***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
01-101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa		151.636
02-201	Háskóli Íslands		1.776.357
02-319	Framhaldsskólar, óskipt		81.797
02-350	FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI		19.112
02-902	Þjóðminjasafn Íslands		10.322
05-901	Skrifst.rannsóknast.atvinnuveganna		94.812
06-390	Ýmis löggæslukostnaður		1.728.661
08-371	RÍKISSPÍTALAR		33.960.030
09-999	Ýmis verkefni		404.282
10-211	VEGAGERÐIN		7.056.591
13-102	Þjóðskráin		18.215
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***45.301.815***
		Árið 1994 samtals	***45.301.815***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands		976.776
02-523	Fósturskóli Íslands		91.695
06-190	Ýmis verkefni		523.811
06-390	Ýmis löggæslukostnaður		2.297.444
08-371	Ríkisspítalar		13.062.781
09-901	Framkvæmdasýslan		124.501
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs		1.191.975
10-190	Ýmis verkefni		604.631
10-211	VEGAGERÐIN		15.478.001
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins		35.367
13-101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa		140.575
13-102	Þjóðskráin		108.983
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***34.636.540***
		Árið 1995 samtals	***34.636.540***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1996
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands		742.132
02-982	Listir, framlög		508.077
06-390	Ýmis löggæslukostnaður		1.026.260
08-371	Ríkisspítalar		49.197
09-901	Framkvæmdasýslan		102.688
10-211	VEGAGERÐIN		6.156.669
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins		29.137
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins		283.144
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***8.897.304***
		Árið 1996 samtals	***8.897.304***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
01-902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum		37.132
02-201	Háskóli Íslands		3.472.279
02-523	Fósturskóli Íslands		7.097
02-982	Listir, framlög		2.137.463
06-101	Dóms-og kirkjumálaráðun., aðalskrifstofa		580.873
08-371	Ríkisspítalar		11.618.129
09-901	Framkvæmdasýslan		21.669
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs		986.047
10-211	VEGAGERÐIN		19.989.615
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins		211.299
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***39.061.603***
		Árið 1997 samtals	***39.061.603***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
01-251	Safnahús		110.631
02-201	Háskóli Íslands		333.073
02-318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður		5.041.498
02-564	Listdansskólinn		52.009
02-972	Íslenski dansflokkurinn		58.438
02-982	Listir, framlög		3.347.991
06-390	Ýmis löggæslukostnaður		4.159.386
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna		312.682
08-370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi		2.567.234
08-371	Ríkisspítalar		4.318.102
09-901	Framkvæmdasýslan		7.822.646
10-211	VEGAGERÐIN		17.506.760
11-201	Iðntæknistofnun Íslands		24.277
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins		37.298
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***45.692.025***

581296-2669	*VSÓ-ráðgjöf á Akureyri ehf*		Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
05-202	Hafrannsóknastofnun		80.000
		VSÓ-ráðgjöf á Akureyri ehf samtals	***80.000***
		Árið 1998 samtals	***45.772.025***
		Viðskipti við VSÓ 1991-1998 samtals	***217.638.815***

Yfirlit 2. Kaup B-hluta á þjónustu VSÓ árin 1991–98.

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
22-276	Byggingasjóður rannsókna.í þágu atv.veg		51.015
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS		25.504.036
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		13.485.300
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***39.040.351***
		Árið 1991 samtals	***39.040.351***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns		138.852
29-981	Fasteignir ríkissjóðs		1.731.173
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		8.254.007
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***10.124.032***
		Árið 1992 samtals	***10.124.032***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS		586.271
29-931	Arnarhvoll		651.622
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		1.188.022
77-990	JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA		3.633
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***2.429.548***
		Árið 1993 samtals	***2.429.548***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
29-931	Arnarhvoll		1.956.413
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		599.803
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***2.556.216***
		Árið 1994 samtals	***2.556.216***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
29-931	Arnarhvoll		565.993
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		459.620
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***1.025.613***
		Árið 1995 samtals	***1.025.613***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1996
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús		103.006
30-101	Póstur og sími		511.192
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***614.198***
		Árið 1996 samtals	***614.198***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*		Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP		64.191
		VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***64.191***
		Árið 1997 samtals	***64.191***
		Viðskipti við VSÓ 1991-1998 samtals	***55.854.149***

1221. Viðbótarsvar [319. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um verkefni verkfræðistofa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða verkfræðistofur hafa unnið fyrir opinberar stofnanir frá árinu 1991? Hvaða verkefnum hafa þær sinnt?*
2. *Hverjar voru heildargreiðslur til verkfræðistofa á fyrrnefndu tímabili? Hvernig skiptist sú fjárhæð á milli verkfræðistofa:*
   a. *eftir einstökum verkefnum,*
   b. *eftir ráðuneytum?*

Með bréfi 16. febrúar sl. svaraði fjármálaráðherra fyrirspurn þessari (þskj. 850). Í umræðum á Alþingi var leitað eftir því að ráðherrann veitti ítarlegri upplýsingar en þær sem fram komu í upprunalega svarinu. Féllst ráðherra á það að athuguðu máli, sbr. yfirlýsingu hans á Alþingi 26. febrúar sl.

Fjármálaráðherra hefur nú látið vinna viðbótarsvar og er það meðfylgjandi. Við vinnslu á svarinu var leitað aðstoðar Ríkisbókhalds.

Í svari þessu eru birt yfirlit sem unnin hafa verið í tengslum við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar alþingismanns um kaup ríkisins á þjónustu verkfræðistofa tímabilið 1991–98. Hér er um afar víðtæka fyrirspurn að ræða sem hefur kallað á verulega vinnu bæði innan Ríkisbókhalds og hjá fjölmörgum ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum sem leita þurfti til varðandi upplýsingar. Svör liggja fyrir frá öllum stofnunum nema þremur heilbrigðisstofnunum, þ.e. á Akranesi, Sauðárkróki og Neskaupstað. Þá barst ekki svar frá Happdrætti Háskóla Íslands sem er ríkisfyrirtæki í B-hluta. Væntanlega er ekki um háar fjárhæðir í þjónustukaupum frá verkfræðistofum hjá þessum aðilum að ræða.

Við vinnslu svarsins var unnið eftir ákveðnum forsendum. Í fyrsta lagi var ekki augljóst hvað fellur undir verkfræðistofur. Ákveðið var að miða við atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, *74.20 Starfsemi arkitekta og verkfræðinga og skyld tækniráðgjöf.* Jafnframt var ákveðið að afmarka svarið við þrjá flokka sem falla þar undir, þ.e. *74.20.1 Verkfræðileg ráðgjöf og önnur tæknileg ráðgjafastarfsemi við byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð, 74.20.2 Verkfræðiráðgjöf varðandi framleiðslu- og véltækni, 74.20.9 Önnur tæknileg ráðgjöf.* Aflað var upplýsinga úr fyrirtækjaskrá Hagstofunnar um kennitölur og nöfn þeirra aðila sem falla undir framangreinda starfsemi. Í reikningshaldi ríkisins voru síðan keyrðar út upplýsingar um viðskipti við þá.

Meðfylgjandi yfirlit sýna árleg viðskipti A-hluta ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja í B-hluta við verkfræðistofur tímabilið 1991–98. *Yfirlit 1* sýnir kaup A-hluta á verkfræðiþjónustu þar sem fram koma viðskipti hvers ráðuneytis við hverja verkfræðistofu. *Yfirlit 2* sýnir viðskipti A-hluta aðila við hverja verkfræðistofu skipt niður á stofnanir. *Yfirlit 3* sýnir kaup ríkisfyrirtækja í B-hluta frá einstökum verkfræðistofum. *Yfirlit 4* sýnir viðskipti einstakra verkfræðistofa við ríkisfyrirtæki í B-hluta.

Yfirlit 1. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1991.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1991			
00 Æðsta stjórn ríkisins			
480187-1729	Rafhönnun hf		5.696
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		5.142
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		7.928
650681-0109	Þorgeir Bergsson sf		24.768
		00 Æðsta stjórn ríkisins samtals	*43.534*
01 Forsætisráðuneyti			
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		9.493
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		93.703
		01 Forsætisráðuneyti samtals	*103.196*
02 Menntamálaráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		320.174
661077-0269	Delta ehf,verkfræðistofa		20.163
700186-1649	Fjarhitun hf		1.787.479
510573-0729	Hnit hf		488.356
670284-0509	Hugvél,verkfræðistofa		608.734
430572-0169	Hönnun hf		24.006
621079-0189	Línuhönnun hf		78.674
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf		192.141
480187-1729	Rafhönnun hf		1.224.929
661076-0119	Raftákn ehf		13.446
410288-1689	Raftæknistofan hf		259.622
620774-0149	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf		13.894
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		627.562
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf		8.541
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		51.872
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		2.506.843
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf		353.493
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		15.510
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		138.478
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		7.157.345
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		70.000
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf		556.484
620188-1239	Verkfræðistofan Hamraborg		532.026
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf		415.446
590785-0329	Verkvangur ehf		1.649.301
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		619.773
591087-1269	WVS-verkfræðiþjónusta		119.830
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		83.440
		02 Menntamálaráðuneyti samtals	*19.937.562*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1991		
03 Utanríkisráðuneyti		
590190-1799	Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf	817.343
	03 Utanríkisráðuneyti samtals	*817.343*
04 Landbúnaðarráðuneyti		
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa	24.382
690485-0529	Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb	204.902
510573-0729	Hnit hf	1.012.643
480187-1729	Rafhönnun hf	7.700
661076-0119	Raftákn ehf	70.105
480888-1549	Stoð sf	267.219
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	48.020
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	67.081
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	580.449
590785-0329	Verkvangur ehf	141.209
	04 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*2.423.710*
05 Sjávarútvegsráðuneyti		
480187-1729	Rafhönnun hf	34.748
600187-1399	Skipahönnun ehf	36.000
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	54.347
651187-1259	Verkvís sf	563.760
	05 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*688.855*
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	31.743
690688-1319	Elco ehf	31.125
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	584.746
510573-0729	Hnit hf	213.454
430572-0169	Hönnun hf	62.449
480187-1729	Rafhönnun hf	372.520
661076-0119	Raftákn ehf	635.904
600187-1399	Skipahönnun ehf	1.653.800
591283-0149	Tækniverk sf	360.298
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	3.486
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	5.052
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	426.383
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	342.483
	06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals	*4.723.443*
07 Félagsmálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	268.142
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	127.884
	07 Félagsmálaráðuneyti samtals	*396.026*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1991		
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
700186-1649	Fjarhitun hf	514.138
430572-0169	Hönnun hf	28.822
621079-0189	Línuhönnun hf	4.012.065
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf	1.927.496
620884-0579	Ráðtækni,ráðgjöf	3.010.480
451078-0549	Símtækni ehf	764.357
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	261.116
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf	63.277
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	180.834
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	7.125.196
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf	816.286
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	12.852.142
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	46.735
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	7.163.318
620188-1239	Verkfræðistofan Hamraborg	505.390
650681-0109	Þorgeir Bergsson sf	25.269
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	785.808
	08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*40.082.729*
09 Fjármálaráðuneyti		
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	2.069.372
480187-1729	Rafhönnun hf	3.491.299
430975-0489	Ráðgjöf ehf	96.463
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	310.700
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	465.631
	09 Fjármálaráðuneyti samtals	*6.433.465*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1991			
10 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		76.626
690688-1319	Elco ehf		167.438
700186-1649	Fjarhitun hf		181.843
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa		135.981
510573-0729	Hnit hf		6.095.616
430572-0169	Hönnun hf		2.535.292
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		567.567
621079-0189	Línuhönnun hf		947.026
630371-0829	Mat sf,verkfræðistofa		4.649.469
661076-0119	Raftákn ehf		811.224
410288-1689	Raftæknistofan hf		96.352
441187-1659	St. Ó. Stefánsson ehf		1.923.637
480888-1549	Stoð sf		162.299
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		10.908
600188-1949	Verkfræðistofa Bjórns Ólafs ehf		2.524.977
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		3.196.154
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		3.266.636
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		1.132.623
610678-0419	Verkfræðistofan Burður ehf		94.823
		10 Samgönguráðuneyti samtals	*28.576.491*
11 Iðnaðarráðuneyti			
630678-1459	Bene ehf		459.313
591087-1189	EBH-verkfræðiþjónusta		416.121
490279-0169	Fjölhönnun ehf		1.238.875
510573-0729	Hnit hf		479.632
430572-0169	Hönnun hf		149.947
621079-0189	Línuhönnun hf		161.576
451078-0549	Símtækni ehf		25.775
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		24.936
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		1.063.760
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf		5.183
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		6.722.128
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf		14.940
481191-1309	Verkfræðistofan Vatnaskil sf		820.049
591087-1269	WVS-verkfræðiþjónusta		194.904
		11 Iðnaðarráðuneyti samtals	*11.777.139*
13 Hagstofa Íslands			
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		58.524
		13 Hagstofa Íslands samtals	*58.524*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1991			
14 Umhverfisráðuneyti			
700186-1649	Fjarhitun hf		1.285.254
510573-0729	Hnit hf		4.150.495
430572-0169	Hönnun hf		60.780
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		47.980
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		192.577
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		98.875
		14 Umhverfisráðuneyti samtals	*5.835.961*
		Árið 1991 samtals	***121.897.978***

Yfirlit 1. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1992.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1992			
00 Æðsta stjórn ríkisins			
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		26.406
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		31.772
650681-0109	Þorgeir Bergsson sf		31.844
		00 Æðsta stjórn ríkisins samtals	*90.022*
01 Forsætisráðuneyti			
451078-0549	Símtækni ehf		167.371
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		8.724
		01 Forsætisráðuneyti samtals	*176.095*
02 Menntamálaráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		1.104.733
591087-1189	EBH-verkfræðiþjónusta		56.000
700186-1649	Fjarhitun hf		999.516
510573-0729	Hnit hf		68.355
621079-0189	Línuhönnun hf		45.993
480187-1729	Rafhönnun hf		1.209.126
410288-1689	Raftæknistofan hf		422.743
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf		17.546
680377-0149	Tæknihönnun,verkfræðiþjónusta		52.178
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		47.211
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		1.185.992
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf		324.820
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		6.735
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		6.022.647
590785-0329	Verkvangur ehf		3.433.858
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		18.676.253
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		192.573
		02 Menntamálaráðuneyti samtals	*33.866.279*
03 Utanríkisráðuneyti			
590190-1799	Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf		1.062.863
600991-1329	Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf		116.308
		03 Utanríkisráðuneyti samtals	*1.179.171*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1992		
04 Landbúnaðarráðuneyti		
690485-0529	Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb	383.310
510573-0729	Hnit hf	188.458
661076-0119	Raftákn ehf	34.941
480888-1549	Stoð sf	448.341
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	315.725
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	40.425
	04 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*1.411.200*
05 Sjávarútvegsráðuneyti		
510573-0729	Hnit hf	8.251
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	217.641
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	23.869
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	6.166
590785-0329	Verkvangur ehf	20.530
	05 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*276.457*
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	636.495
621079-0189	Línuhönnun hf	76.442
480187-1729	Rafhönnun hf	221.558
661076-0119	Raftákn ehf	1.089.584
691289-2069	Raftækniþjónusta Trausta ehf	55.806
451078-0549	Símtækni ehf	2.486.007
600187-1399	Skipahönnun ehf	118.000
480888-1549	Stoð sf	24.402
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	37.599
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	3.170
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	183.870
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	36.594
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	157.936
	06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals	*5.127.463*
07 Félagsmálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	767.027
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	520.735
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	558.439
	07 Félagsmálaráðuneyti samtals	*1.846.201*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1992		
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
520570-0639	Byggð ehf,verkfræðistofa	367.898
700186-1649	Fjarhitun hf	2.245.069
430572-0169	Hönnun hf	50.391
621079-0189	Línuhönnun hf	3.995.429
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf	1.771.902
480187-1729	Rafhönnun hf	54.843
620884-0579	Ráðtækni,ráðgjöf	3.406.807
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	251.683
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	250.000
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	8.420.970
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf	542.236
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	7.156.905
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	1.735.826
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	1.067.704
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	128.858
621091-1079	Þ.Eiríksson ehf	110.470
650681-0109	Þorgeir Bergsson sf	6.317
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	795.654
	08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*32.358.962*
09 Fjármálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	3.723.115
520570-0639	Byggð ehf,verkfræðistofa	336.150
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	356.166
480187-1729	Rafhönnun hf	3.360.541
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	5.012
	09 Fjármálaráðuneyti samtals	*7.780.984*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1992			
10 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		2.799.325
530790-1189	Efli ehf,verkfræðistofa		71.588
690688-1319	Elco ehf		191.615
510573-0729	Hnit hf		4.587.339
430572-0169	Hönnun hf		1.863.558
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		1.990.564
621079-0189	Línuhönnun hf		18.272.933
630371-0829	Mat sf,verkfræðistofa		4.700.135
661076-0119	Raftákn ehf		6.225
451078-0549	Símtækni ehf		1.453.952
600187-1399	Skipahönnun ehf		50.000
610988-1489	Skipalínan sf		1.759.960
441187-1659	St. Ö. Stefánsson ehf		3.625.425
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf		1.940.244
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		90.510
600991-1329	Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf		887.655
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		1.961.115
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		790.347
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		1.723.740
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		3.190.717
		10 Samgönguráðuneyti samtals	*51.956.947*
11 Iðnaðarráðuneyti			
410382-0249	Aquasoft ehf		338.530
630678-1459	Bene ehf		1.788.623
510573-0729	Hnit hf		2.977.999
430572-0169	Hönnun hf		125.214
621079-0189	Línuhönnun hf		79.310
480187-1729	Rafhönnun hf		22.716
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		6.872
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		19.861
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		5.911.243
481191-1309	Verkfræðistofan Vatnaskil sf		1.181.770
650681-0109	Þorgeir Bergsson sf		53.074
		11 Iðnaðarráðuneyti samtals	*12.505.212*
13 Hagstofa Íslands			
410288-1689	Raftæknistofan hf		489.311
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		875.806
		13 Hagstofa Íslands samtals	*1.365.117*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1992			
14 Umhverfisráðuneyti			
410382-0249	Aquasoft ehf		1.067.359
700186-1649	Fjarhitun hf		2.138.774
510573-0729	Hnit hf		3.327.502
480187-1729	Rafhönnun hf		8.112
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		123.436
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		149.845
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf		60.730
		14 Umhverfisráðuneyti samtals	*6.875.758*
		Árið 1992 samtals	***156.815.868***

Yfirlit 1. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1993.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1993			
00 Æðsta stjórn ríkisins			
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		1.654.140
650681-0109	Þorgeir Bergsson sf		53.074
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		247.645
		00 Æðsta stjórn ríkisins samtals	*1.954.859*
01 Forsætisráðuneyti			
700186-1649	Fjarhitun hf		626.281
621079-0189	Línuhönnun hf		332.850
480187-1729	Rafhönnun hf		138.437
		01 Forsætisráðuneyti samtals	*1.097.568*
02 Menntamálaráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		1.193.732
530890-1049	Bil ehf		62.250
700186-1649	Fjarhitun hf		1.150.387
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa		68.282
510573-0729	Hnit hf		195.026
621079-0189	Línuhönnun hf		67.383
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf		27.888
480187-1729	Rafhönnun hf		490.422
661076-0119	Raftákn ehf		27.959
510179-0729	Ráðgjöf og hönnun sf		752.975
451078-0549	Símtækni ehf		407.010
680377-0149	Tæknihönnun,verkfræðiþjónusta		148.653
650883-0399	Tækniþjónustan ehf		229.952
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		4.227
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		752.694
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf		36.298
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		14.133
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		4.809.128
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf		19.861
621287-1179	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf		5.977.378
590785-0329	Verkvangur ehf		3.499.081
510193-2889	Verkþjónusta Kristjáns ehf		133.620
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		5.802.360
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		6.627
		02 Menntamálaráðuneyti samtals	*25.877.326*
03 Utanríkisráðuneyti			
590190-1799	Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf		6.547.579
		03 Utanríkisráðuneyti samtals	*6.547.579*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1993		
04 Landbúnaðarráðuneyti		
690485-0529	Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb	37.314
510573-0729	Hnit hf	4.391
480888-1549	Stoð sf	723.365
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	487.714
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	37.201
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	641.211
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	107.187
	04 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*2.038.383*
05 Sjávarútvegsráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	47.665
510573-0729	Hnit hf	43.239
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf	189.549
600187-1399	Skipahönnun ehf	230.850
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf	7.968
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	95.576
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	96.866
590785-0329	Verkvangur ehf	53.585
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	112.935
	05 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*878.233*
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
661077-0269	Delta ehf,verkfræðistofa	42.000
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	2.119.935
510573-0729	Hnit hf	135.271
621079-0189	Línuhönnun hf	52.753
480187-1729	Rafhönnun hf	3.475
661076-0119	Raftákn ehf	380.249
691289-2069	Raftækniþjónusta Trausta ehf	42.786
451078-0549	Símtækni ehf	943.352
600187-1399	Skipahönnun ehf	274.305
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	175.017
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	4.084
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	120.824
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	3.533
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf	39.168
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	391.302
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	69.542
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	591.930
700993-2569	Verkfræðistofan Fengur ehf	174.864
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	29.831
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	5.911.717
	06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals	*11.505.938*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1993		
07 Félagsmálaráðuneyti		
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	54.282
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	180.113
	07 Félagsmálaráðuneyti samtals	*234.395*
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
520570-0639	Byggð ehf,verkfræðistofa	3.174.688
700186-1649	Fjarhitun hf	778.828
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	155.625
621079-0189	Línuhönnun hf	6.289.697
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf	326.688
480187-1729	Rafhönnun hf	226.436
661076-0119	Raftákn ehf	322.805
620884-0579	Ráðtækni,ráðgjöf	42.392
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	1.666.582
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	668.883
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	39.840
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	11.830.799
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf	1.128.383
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	7.644.628
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	1.231.794
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	2.802.160
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	2.158.613
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf	586.397
520187-1389	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf	29.693
620188-1239	Verkfræðistofan Hamraborg	1.397.412
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	727.528
621091-1079	Þ.Eiríksson ehf	873.754
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	2.103.363
	08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*46.206.988*
09 Fjármálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	15.525
520570-0639	Byggð ehf,verkfræðistofa	180.525
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa	731.562
641086-1509	Lagnatækni ehf	456.915
480187-1729	Rafhönnun hf	2.052.176
621287-1179	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf	294.040
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	2.114.786
	09 Fjármálaráðuneyti samtals	*5.845.529*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1993			
10 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		24.112.651
410382-0249	Aquasoft ehf		2.496.912
690688-1319	Elco ehf		451.082
510573-0729	Hnit hf		6.323.813
430572-0169	Hönnun hf		4.071.987
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		1.118.327
621079-0189	Línuhönnun hf		31.703.428
630371-0829	Mat sf,verkfræðistofa		4.855.309
661076-0119	Raftákn ehf		46.394
451078-0549	Símtækni ehf		612.846
610988-1489	Skipalínan sf		1.340.000
691292-2909	Skipasýn ehf		50.000
441187-1659	St. Ö. Stefánsson ehf		2.196.204
480888-1549	Stoð sf		109.918
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		216.879
650883-0399	Tækniþjónustan ehf		12.948
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf		2.747.804
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		1.936.039
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		121.917
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		14.879.973
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		5.059.331
700993-2569	Verkfræðistofan Fengur ehf		250.000
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		4.943.714
		10 Samgönguráðuneyti samtals	*109.657.476*
11 Iðnaðarráðuneyti			
410382-0249	Aquasoft ehf		256.570
630678-1459	Bene ehf		3.001.387
510573-0729	Hnit hf		1.750.943
621079-0189	Línuhönnun hf		786.603
480187-1729	Rafhönnun hf		1.088.709
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		23.994
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		226.246
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		1.162.444
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		1.706.130
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf		123.692
481191-1309	Verkfræðistofan Vatnaskil sf		671.462
		11 Iðnaðarráðuneyti samtals	*10.798.180*
13 Hagstofa Íslands			
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		300.501
		13 Hagstofa Íslands samtals	*300.501*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1993			
14 Umhverfisráðuneyti			
410382-0249	Aquasoft ehf		3.261.383
700186-1649	Fjarhitun hf		1.539.462
510573-0729	Hnit hf		4.493.246
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		15.330
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		357.075
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		116.635
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		36.623
		14 Umhverfisráðuneyti samtals	*9.819.754*
		Árið 1993 samtals	***232.762.709***

Yfirlit 1. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1994.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1994			
00 Æðsta stjórn ríkisins			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		7.149.134
510573-0729	Hnit hf		91.103
621079-0189	Línuhönnun hf		363.623
480187-1729	Rafhönnun hf		2.187.914
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		538.187
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		2.229.298
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		1.071.591
650681-0109	Þorgeir Bergsson sf		173.671
		00 Æðsta stjórn ríkisins samtals	*13.804.521*
01 Forsætisráðuneyti			
700186-1649	Fjarhitun hf		1.593.261
621079-0189	Línuhönnun hf		26.191
480187-1729	Rafhönnun hf		1.259.633
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		1.613.623
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		151.636
		01 Forsætisráðuneyti samtals	*4.644.344*
02 Menntamálaráðuneyti			
640394-2429	Alfa verkfræðistofa ehf		744.417
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		3.491.320
661077-0269	Delta ehf,verkfræðistofa		33.604
700186-1649	Fjarhitun hf		1.221.427
621079-0189	Línuhönnun hf		2.061.540
480187-1729	Rafhönnun hf		1.869.822
661076-0119	Raftákn ehf		3.789
510179-0729	Ráðgjöf og hönnun sf		67.230
451078-0549	Símtækni ehf		91.293
680377-0149	Tæknihönnun,verkfræðiþjónusta		22.298
620774-0149	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf		123.733
650883-0399	Tækniþjónustan ehf		100.971
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		66.566
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		3.257.815
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf		191.393
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		794.706
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		19.914
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		3.731.028
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		60.960
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		15.429
590785-0329	Verkvangur ehf		992.075
510193-2889	Verkþjónusta Kristjáns ehf		34.891
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		1.887.588
		02 Menntamálaráðuneyti samtals	*20.883.809*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1994		
03 Utanríkisráðuneyti		
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf	93.227
	03 Utanríkisráðuneyti samtals	*93.227*
04 Landbúnaðarráðuneyti		
621079-0189	Línuhönnun hf	546.280
661076-0119	Raftákn ehf	37.350
480888-1549	Stoð sf	341.390
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	30.848
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	853.250
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	244.430
590785-0329	Verkvangur ehf	54.974
	04 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*2.108.522*
05 Sjávarútvegsráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	347.966
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	575.831
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	327.661
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	274.184
700993-2569	Verkfræðistofan Fengur ehf	425.025
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	94.812
	05 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*2.045.479*
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
600694-2009	Allrahanda rekstur ehf	71.836
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	103.102
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	659.850
661076-0119	Raftákn ehf	129.296
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	167.988
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	314.469
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	7.073
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf	156.310
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	4.262
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	23.843
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	368.382
700993-2569	Verkfræðistofan Fengur ehf	112.320
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	1.728.661
	06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals	*3.847.392*
07 Félagsmálaráðuneyti		
600694-2009	Allrahanda rekstur ehf	92.747
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	31.126
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	133.333
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	300.185
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	498.000
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf	410.850
	07 Félagsmálaráðuneyti samtals	*1.466.241*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1994		
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
600694-2009	Allrahanda rekstur ehf	23.378
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	791.189
520570-0639	Byggð ehf,verkfræðistofa	430.335
700186-1649	Fjarhitun hf	481.497
510573-0729	Hnit hf	9.979
621079-0189	Línuhönnun hf	2.872.844
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf	923.252
480187-1729	Rafhönnun hf	65.418
430682-0409	Rafmiðstöðin sf	40.286
661076-0119	Raftákn ehf	587.662
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	1.267.448
510594-2669	Snertill	9.323
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	58.266
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	174.401
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	19.706.895
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf	567.755
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	15.779.361
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	391.716
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	6.436.744
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	2.309.937
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf	16.994
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	175.253
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf	672.379
620188-1239	Verkfræðistofan Hamraborg	247.736
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	33.960.030
621091-1079	Þ.Eiríksson ehf	47.017
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	2.764.138
	08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*90.811.233*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1994		
09 Fjármálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	11.671.689
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa	227.611
700186-1649	Fjarhitun hf	1.707.008
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	325.654
430572-0169	Hönnun hf	83.313
641086-1509	Lagnatækni ehf	1.330.987
621079-0189	Línuhönnun hf	21.529.430
480187-1729	Rafhönnun hf	21.232.789
621294-3269	Rafteikning hf	7.733.544
410288-1689	Raftæknistofan hf	160.635
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf	224.000
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	270.987
701293-4609	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf	481.589
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	5.939.532
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	22.752
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	732.971
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	22.198.147
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	793.379
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf	927.687
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	512.243
621287-1179	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf	1.807.032
590785-0329	Verkvangur ehf	283.308
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	404.282
621091-1079	Þ.Eiríksson ehf	1.182.477
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	129.921
	09 Fjármálaráðuneyti samtals	*101.912.967*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1994			
10 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		25.910.146
410382-0249	Aquasoft ehf		422.503
690688-1319	Elco ehf		156.748
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa		220.780
510573-0729	Hnit hf		6.737.144
430572-0169	Hönnun hf		4.214.935
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		2.748.796
621079-0189	Línuhönnun hf		5.744.663
630371-0829	Mat sf,verkfræðistofa		5.823.717
661076-0119	Raftákn ehf		93.248
451078-0549	Símtækni ehf		169.060
610988-1489	Skipalínan sf		100.000
691292-2909	Skipasýn ehf		455.091
441187-1659	St. Ö. Stefánsson ehf		727.058
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		1.192.461
520587-1289	Útgerðartækni ehf		50.000
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf		2.186.320
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		1.052.867
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		16.650.846
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		6.319.103
700993-2569	Verkfræðistofan Fengur ehf		1.450.000
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		7.056.591
		10 Samgönguráðuneyti samtals	*89.482.077*
11 Iðnaðarráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		243.695
630678-1459	Bene ehf		518.826
510573-0729	Hnit hf		3.901.402
430572-0169	Hönnun hf		39.280
621079-0189	Línuhönnun hf		926.940
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		52.788
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		2.113
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		246.532
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		1.032.069
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		2.139.700
481191-1309	Verkfræðistofan Vatnaskil sf		681.288
		11 Iðnaðarráðuneyti samtals	*9.784.633*
12 Viðskiptaráðuneyti			
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		4.974
		12 Viðskiptaráðuneyti samtals	*4.974*
13 Hagstofa Íslands			
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		18.215
		13 Hagstofa Íslands samtals	*18.215*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1994			
14 Umhverfisráðuneyti			
410382-0249	Aquasoft ehf		34.302
700186-1649	Fjarhitun hf		601.710
510573-0729	Hnit hf		2.243.741
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		1.059.261
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		164.569
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		229.202
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		38.988
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf		186.455
		14 Umhverfisráðuneyti samtals	*4.558.228*
		Árið 1994 samtals	***345.465.862***

Yfirlit 1. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1995.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1995			
00 Æðsta stjórn ríkisins			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		10.549.278
510573-0729	Hnit hf		92.613
621079-0189	Línuhönnun hf		16.143
480187-1729	Rafhönnun hf		2.863.687
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		2.201.536
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		2.402.016
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		49.196
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		1.785.380
		00 Æðsta stjórn ríkisins samtals	*19.959.849*
01 Forsætisráðuneyti			
700186-1649	Fjarhitun hf		197.713
621079-0189	Línuhönnun hf		444.567
480187-1729	Rafhönnun hf		13.699
410288-1689	Raftæknistofan hf		38.159
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		300.151
		01 Forsætisráðuneyti samtals	*994.289*
02 Menntamálaráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		3.866.463
700186-1649	Fjarhitun hf		303.825
510573-0729	Hnit hf		169.667
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		24.002
621079-0189	Línuhönnun hf		14.363.160
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf		6.984
480187-1729	Rafhönnun hf		3.742.269
661076-0119	Raftákn ehf		510.020
621294-3269	Rafteikning hf		278.888
451078-0549	Símtækni ehf		3.803
420675-0389	Skipatækni ehf		13.106
650883-0399	Tækniþjónustan ehf		273.157
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		356.552
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf		55.801
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		123.581
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		1.282.995
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf		254.040
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		104.159
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		72.454
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		6.700.519
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		7.742
590785-0329	Verkvangur ehf		113.455
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		1.068.471
		02 Menntamálaráðuneyti samtals	*33.695.113*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1995		
03 Utanríkisráðuneyti		
691289-2069	Raftækniþjónusta Trausta ehf	1.374
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	38.034
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf	165.948
	03 Utanríkisráðuneyti samtals	*205.356*
04 Landbúnaðarráðuneyti		
690485-0529	Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb	9.011
510573-0729	Hnit hf	20.113
621079-0189	Línuhönnun hf	1.021.682
480187-1729	Rafhönnun hf	10.371
661076-0119	Raftákn ehf	983.550
621294-3269	Rafteikning hf	394.222
480888-1549	Stoð sf	1.229.376
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	243.655
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	7.575
	04 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*3.919.555*
05 Sjávarútvegsráðuneyti		
510573-0729	Hnit hf	4.981
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	135.456
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	244.376
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	299.839
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	45.845
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	165.162
590785-0329	Verkvangur ehf	320.728
	05 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*1.216.387*
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
600694-2009	Allrahanda rekstur ehf	57.700
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	173.573
591087-1189	EBH-verkfræðiþjónusta	234.869
510573-0729	Hnit hf	187.893
621294-3269	Rafteikning hf	939.504
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	1.349.854
480888-1549	Stoð sf	465.000
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	19.920
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	25.412
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	2.821.255
	06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals	*6.274.980*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1995		
07 Félagsmálaráðuneyti		
661076-0119	Raftákn ehf	11.976
621294-3269	Rafteikning hf	37.830
410288-1689	Raftæknistofan hf	1.381.000
510195-2729	Umsjá ehf	378.325
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	1.369.500
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	60.714
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf	15.631
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	369.241
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	25.352
610678-0419	Verkfræðistofan Burður ehf	1.523.500
621287-1179	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf	50.000
	07 Félagsmálaráðuneyti samtals	*5.223.069*
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
600694-2009	Allrahanda rekstur ehf	69.986
520570-0639	Byggð ehf,verkfræðistofa	1.428.017
700186-1649	Fjarhitun hf	246.217
621079-0189	Línuhönnun hf	1.401.673
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf	668.010
480187-1729	Rafhönnun hf	22.192
661076-0119	Raftákn ehf	761.636
621294-3269	Rafteikning hf	743.661
431078-1399	Ráðbarður sf	78.246
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	1.944.926
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	40.000
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	13.790.814
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf	37.514
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	14.680.067
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	4.817.297
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	2.363.329
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf	152.546
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	13.062.781
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	1.075.689
	08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*57.384.601*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1995			
09 Fjármálaráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		8.037.577
700186-1649	Fjarhitun hf		1.213.391
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa		125.449
430572-0169	Hönnun hf		1.025.217
641086-1509	Lagnatækni ehf		896.778
621079-0189	Línuhönnun hf		12.689.914
480187-1729	Rafhönnun hf		8.790.657
621294-3269	Rafteikning hf		5.361.837
410288-1689	Raftæknistofan hf		54.241
431078-1399	Ráðbarður sf		443.394
620774-0149	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf		9.804
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		232.893
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf		388.651
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		510.271
701293-4609	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf		576.253
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		3.747.039
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		951.655
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		2.548.306
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		15.718.517
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf		131.214
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		5.729.226
520187-1389	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf		218.000
621287-1179	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf		400.000
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		1.316.476
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		438.268
		09 Fjármálaráðuneyti samtals	*71.555.028*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1995			
10 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		17.669.616
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa		449.281
700186-1649	Fjarhitun hf		659.277
510573-0729	Hnit hf		10.539.001
430572-0169	Hönnun hf		13.820.582
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		858.508
621079-0189	Línuhönnun hf		34.436.633
630371-0829	Mat sf,verkfræðistofa		6.014.706
560986-1309	Nýja teiknistofan ehf		164.199
661076-0119	Raftákn ehf		2.920.582
621294-3269	Rafteikning hf		493.554
410288-1689	Raftæknistofan hf		6.737.232
451078-0549	Símtækni ehf		10.566
441187-1659	St. Ö. Stefánsson ehf		299.265
480888-1549	Stoð sf		106.510
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		828.622
501293-2459	Útrás ehf		217.626
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf		291.307
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf		1.648.856
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		125.415
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		868.424
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		754.555
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		9.927.873
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		3.771.306
700993-2569	Verkfræðistofan Fengur ehf		350.000
481191-1309	Verkfræðistofan Vatnaskil sf		373.500
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		16.082.632
		10 Samgönguráðuneyti samtals	*130.419.628*
11 Iðnaðarráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		142.674
630678-1459	Bene ehf		150.217
700186-1649	Fjarhitun hf		998.215
510573-0729	Hnit hf		2.216.261
621079-0189	Línuhönnun hf		723.760
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		180.261
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		225.341
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		4.078.115
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf		1.190.299
481191-1309	Verkfræðistofan Vatnaskil sf		253.124
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		35.367
		11 Iðnaðarráðuneyti samtals	*10.193.634*
12 Viðskiptaráðuneyti			
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		16.982
		12 Viðskiptaráðuneyti samtals	*16.982*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1995			
13 Hagstofa Íslands			
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		249.558
		13 Hagstofa Íslands samtals	*249.558*
14 Umhverfisráðuneyti			
700186-1649	Fjarhitun hf		206.671
510573-0729	Hnit hf		118.483
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		1.440.739
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		26.045
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		1.762.145
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		148.688
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf		322.067
		14 Umhverfisráðuneyti samtals	*4.024.838*
		Árið 1995 samtals	***345.332.867***

Yfirlit 1. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1996.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1996			
00 Æðsta stjórn ríkisins			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		9.784.580
510573-0729	Hnit hf		20.250
621079-0189	Línuhönnun hf		159.358
480187-1729	Rafhönnun hf		955.510
410288-1689	Raftæknistofan hf		77.065
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		392.454
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		551.800
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		2.591.799
710796-2899	VSB-verkfræðistofa ehf		55.138
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		84.341
		00 Æðsta stjórn ríkisins samtals	*14.672.295*
01 Forsætisráðuneyti			
700186-1649	Fjarhitun hf		92.856
621079-0189	Línuhönnun hf		26.539
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		9.960
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		89.834
		01 Forsætisráðuneyti samtals	*219.189*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1996			
02 Menntamálaráðuneyti			
640394-2429	Alfa verkfræðistofa ehf		188.269
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		1.867.758
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa		179.207
700186-1649	Fjarhitun hf		31.225
510573-0729	Hnit hf		222.037
621079-0189	Línuhönnun hf		25.277.031
480187-1729	Rafhönnun hf		7.688.505
661076-0119	Raftákn ehf		8.934
621294-3269	Rafteikning hf		710.970
440693-2539	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf		513.838
650883-0399	Tækniþjónustan ehf		319.498
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		245.763
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		2.925.525
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf		178.989
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		1.065.678
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		16.390
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		118.346
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		6.669.279
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		104.581
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		149.400
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf		285.888
590785-0329	Verkvangur ehf		1.038.671
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		1.250.209
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		141.323
		02 Menntamálaráðuneyti samtals	*51.197.314*
03 Utanríkisráðuneyti			
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf		131.282
		03 Utanríkisráðuneyti samtals	*131.282*
04 Landbúnaðarráðuneyti			
430572-0169	Hönnun hf		127.920
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		44.820
621079-0189	Línuhönnun hf		728.393
661076-0119	Raftákn ehf		33.532
621294-3269	Rafteikning hf		30.315
480888-1549	Stoð sf		1.315.282
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		646.565
		04 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*2.926.827*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1996		
05 Sjávarútvegsráðuneyti		
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	128.819
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf	115.357
691295-4439	R.J. verkfræðingar ehf	31.106
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	39.601
700993-2569	Verkfræðistofan Fengur ehf	258.860
590785-0329	Verkvangur ehf	281.027
	05 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*854.770*
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	128.993
681294-3099	Framrás verkfræðistofa ehf,Rvík	66.500
510573-0729	Hnit hf	8.496
621079-0189	Línuhönnun hf	92.686
621294-3269	Rafteikning hf	846.367
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	672.998
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	31.025
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	113.988
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	475.142
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	18.152
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	1.026.260
	06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals	*3.480.607*
07 Félagsmálaráðuneyti		
621294-3269	Rafteikning hf	119.147
410288-1689	Raftæknistofan hf	16.270
480888-1549	Stoð sf	185.257
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	99.600
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	30.154
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	104.468
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	2.340.000
710796-2899	VSB-verkfræðistofa ehf	39.636
	07 Félagsmálaráðuneyti samtals	*2.934.532*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1996		
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
600694-2009	Allrahanda rekstur ehf	119.376
520570-0639	Byggð ehf,verkfræðistofa	252.797
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf	21.788
621079-0189	Línuhönnun hf	115.993
430682-0409	Rafmiðstöðin sf	59.162
661076-0119	Raftákn ehf	925.193
621294-3269	Rafteikning hf	1.374.066
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	2.066.664
451078-0549	Símtækni ehf	121.724
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	8.739.843
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	16.270.368
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	910.577
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	5.529.519
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	2.183.129
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	49.197
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	2.032.678
	08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*40.772.074*
09 Fjármálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	6.056.339
700186-1649	Fjarhitun hf	1.609.059
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	66.600
510573-0729	Hnit hf	371.812
430572-0169	Hönnun hf	401.236
621079-0189	Línuhönnun hf	6.586.551
691295-4439	R.J. verkfræðingar ehf	133.239
480187-1729	Rafhönnun hf	5.025.285
621294-3269	Rafteikning hf	6.819.093
410288-1689	Raftæknistofan hf	333.671
431078-1399	Ráðbarður sf	508.800
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	12.077
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf	457.039
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf	215.136
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	286.350
701293-4609	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf	23.743
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	1.021.005
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	176.249
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	1.086.610
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	8.418.647
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf	11.293
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	3.227.912
620188-1239	Verkfræðistofan Hamraborg	307.266
621295-2259	Verkfræðiþjónusta Akraness ehf	33.316
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	102.688
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	249.000
	09 Fjármálaráðuneyti samtals	*43.540.016*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1996			
10 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		14.689.559
700186-1649	Fjarhitun hf		954.731
510573-0729	Hnit hf		20.768.981
430572-0169	Hönnun hf		15.109.488
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		808.771
621079-0189	Línuhönnun hf		20.020.690
630371-0829	Mat sf,verkfræðistofa		5.238.881
560986-1309	Nýja teiknistofan ehf		36.802
661076-0119	Raftákn ehf		3.790.239
621294-3269	Rafteikning hf		11.005.243
410288-1689	Raftæknistofan hf		10.102.720
451078-0549	Símtækni ehf		84.530
420675-0389	Skipatækni ehf		264.490
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		366.591
620774-0149	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf		143.237
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		7.044
501293-2459	Útrás ehf		2.187.572
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf		3.061.671
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf		2.565.720
701293-4609	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf		2.841.057
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		137.800
600991-1329	Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf		1.334.744
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		2.433.804
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		338.239
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		9.689.139
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		2.378.970
700993-2569	Verkfræðistofan Fengur ehf		209.959
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		6.156.669
		10 Samgönguráðuneyti samtals	*136.727.341*
11 Iðnaðarráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		163.684
510573-0729	Hnit hf		43.357
621079-0189	Línuhönnun hf		2.226.469
691295-4439	R.J. verkfræðingar ehf		109.026
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		504.973
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		13.521
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		809.250
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		4.538.934
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf		414.285
481191-1309	Verkfræðistofan Vatnaskil sf		253.124
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		29.137
		11 Iðnaðarráðuneyti samtals	*9.105.760*
12 Viðskiptaráðuneyti			
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		64.376
		12 Viðskiptaráðuneyti samtals	*64.376*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1996			
14 Umhverfisráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		305.194
510573-0729	Hnit hf		3.491.893
480187-1729	Rafhönnun hf		70.234
621294-3269	Rafteikning hf		118.275
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		1.110.101
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		163.059
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		183.212
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf		117.837
481191-1309	Verkfræðistofan Vatnaskil sf		124.500
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		283.144
		14 Umhverfisráðuneyti samtals	*5.967.449*
		Árið 1996 samtals	***312.593.832***

Yfirlit 1. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1997.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1997			
00 Æðsta stjórn ríkisins			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		7.337.986
510573-0729	Hnit hf		42.873
621079-0189	Línuhönnun hf		158.339
480187-1729	Rafhönnun hf		1.400.753
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		1.286.397
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		1.389.981
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		843.535
710796-2899	VSB-verkfræðistofa ehf		7.192
		00 Æðsta stjórn ríkisins samtals	*12.467.056*
01 Forsætisráðuneyti			
510573-0729	Hnit hf		100.516
480187-1729	Rafhönnun hf		68.128
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		37.132
		01 Forsætisráðuneyti samtals	*205.776*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1997			
02 Menntamálaráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		745.932
460297-2229	Ái ehf		448.649
510573-0729	Hnit hf		77.420
510393-2529	Hús og ráðgjöf ehf		127.239
430572-0169	Hönnun hf		28.218
461282-0329	Íslenska iðntækniþjónustan ehf		40.961
621079-0189	Línuhönnun hf		13.568.377
480187-1729	Rafhönnun hf		1.810.331
661076-0119	Raftákn ehf		22.161
621294-3269	Rafteikning hf		768.933
451078-0549	Símtækni ehf		616.717
510594-2669	Snertill		219.787
711296-3289	Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf		21.805
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		6.536
650883-0399	Tækniþjónustan ehf		12.450
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		65.176
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		4.439.676
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf		425.229
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		654.716
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		114.898
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		2.475.333
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		219.394
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf		125.688
621295-2259	Verkfræðiþjónusta Akraness ehf		6.707
590785-0329	Verkvangur ehf		468.424
510193-2889	Verkþjónusta Kristjáns ehf		10.200
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		5.616.839
591087-1269	WVS-verkfræðiþjónusta		15.494
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		74.683
		02 Menntamálaráðuneyti samtals	*33.227.973*
03 Utanríkisráðuneyti			
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf		91.094
		03 Utanríkisráðuneyti samtals	*91.094*
04 Landbúnaðarráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		45.025
490197-2309	Forverk ehf		14.324
621079-0189	Línuhönnun hf		152.480
480187-1729	Rafhönnun hf		354.151
661076-0119	Raftákn ehf		73.611
621294-3269	Rafteikning hf		17.631
420585-0639	Stoð ehf		123.740
480888-1549	Stoð sf		58.888
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		217.825
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf		774.314
		04 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*1.831.989*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1997		
05 Sjávarútvegsráðuneyti		
691292-2909	Skipasýn ehf	13.746.349
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	57.351
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	25.866
700993-2569	Verkfræðistofan Fengur ehf	91.080
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	41.290
590785-0329	Verkvangur ehf	105.812
	05 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*14.067.748*
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	31.321
510573-0729	Hnit hf	18.470
621294-3269	Rafteikning hf	349.030
590190-1799	Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf	5.963.595
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	172.307
520587-1289	Útgerðartækni ehf	2.066.606
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	47.341
700993-2569	Verkfræðistofan Fengur ehf	188.190
700197-3289	Verkfræðiþjónustan ehf,Hornaf	82.170
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	580.873
	06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals	*9.499.903*
07 Félagsmálaráðuneyti		
410288-1689	Raftæknistofan hf	610.050
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	16.808
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	65.839
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	429.980
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf	333.013
610678-0419	Verkfræðistofan Burður ehf	684.750
710796-2899	VSB-verkfræðistofa ehf	281.335
	07 Félagsmálaráðuneyti samtals	*2.421.775*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1997		
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
520570-0639	Byggð ehf,verkfræðistofa	338.331
700186-1649	Fjarhitun hf	166.648
490197-2309	Forverk ehf	90.202
621079-0189	Línuhönnun hf	239.378
661076-0119	Raftákn ehf	390.642
621294-3269	Rafteikning hf	322.596
431078-1399	Ráðbarður sf	73.600
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	1.893.980
510594-2669	Snertill	54.049
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	328.404
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	82.917
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	8.826.624
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf	320.104
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	21.164.577
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	937.868
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	709.447
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	685.161
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf	315.581
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	11.618.129
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	752.204
	08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*49.310.442*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1997		
09 Fjármálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	4.422.459
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa	170.065
700186-1649	Fjarhitun hf	1.631.916
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	734.174
430572-0169	Hönnun hf	171.190
641086-1509	Lagnatækni ehf	2.128.582
621079-0189	Línuhönnun hf	10.510.194
480187-1729	Rafhönnun hf	4.299.383
621294-3269	Rafteikning hf	2.978.686
410288-1689	Raftæknistofan hf	758.483
431078-1399	Ráðbarður sf	906.875
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	23.172
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf	1.001.851
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	281.846
701293-4609	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf	224.939
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	324.821
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	46.592
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	2.409.294
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	7.096.834
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	1.647.728
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf	259.939
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	2.176.837
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf	871.500
620188-1239	Verkfræðistofan Hamraborg	582.920
621295-2259	Verkfræðiþjónusta Akraness ehf	368.052
710796-2899	VSB-verkfræðistofa ehf	1.381.950
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	1.007.716
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	4.716.786
	09 Fjármálaráðuneyti samtals	*53.134.784*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1997			
10 Samgönguráðuneyti			
640394-2429	Alfa verkfræðistofa ehf		871.500
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		11.316.930
700186-1649	Fjarhitun hf		81.365
490279-0169	Fjölhönnun ehf		10.992.730
490197-2309	Forverk ehf		36.418
510573-0729	Hnit hf		7.206.004
430572-0169	Hönnun hf		6.952.051
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		886.694
621079-0189	Línuhönnun hf		35.713.729
630371-0829	Mat sf,verkfræðistofa		5.522.646
480187-1729	Rafhönnun hf		71.722
661076-0119	Raftákn ehf		210.755
621294-3269	Rafteikning hf		3.123.891
410288-1689	Raftæknistofan hf		1.576.966
451078-0549	Símtækni ehf		3.522
420675-0389	Skipatækni ehf		187.019
510594-2669	Snertill		8.190
441187-1659	St. Ö. Stefánsson ehf		1.284.894
420585-0639	Stoð ehf		217.166
480888-1549	Stoð sf		190.000
711296-3289	Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf		22.989
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		1.264.970
620774-0149	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf		12.325
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		7.283
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf		3.052.898
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf		1.946.506
701293-4609	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf		4.911.111
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		67.050
600991-1329	Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf		1.523.876
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		2.708.915
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		18.326
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		11.272.964
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		1.540.103
700993-2569	Verkfræðistofan Fengur ehf		35.310
481191-1309	Verkfræðistofan Vatnaskil sf		1.241.888
700197-3289	Verkfræðiþjónustan ehf,Hornaf		40.712
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		19.989.615
		10 Samgönguráðuneyti samtals	*136.111.033*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1997			
11 Iðnaðarráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		649.496
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa		15.836
510573-0729	Hnit hf		5.268.809
621079-0189	Línuhönnun hf		457.323
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		140.309
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		806.497
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		3.920.323
		11 Iðnaðarráðuneyti samtals	*11.258.593*
12 Viðskiptaráðuneyti			
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		27.355
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf		102.284
		12 Viðskiptaráðuneyti samtals	*129.639*
13 Hagstofa Íslands			
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		18.737
		13 Hagstofa Íslands samtals	*18.737*
14 Umhverfisráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		700.000
510573-0729	Hnit hf		3.022.028
621079-0189	Línuhönnun hf		623.280
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		321.210
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		247.406
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf		182.188
481191-1309	Verkfræðistofan Vatnaskil sf		124.500
700197-3289	Verkfræðiþjónustan ehf,Hornaf		622.500
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		211.299
		14 Umhverfisráðuneyti samtals	*6.054.411*
		Árið 1997 samtals	***329.830.953***

Yfirlit 1. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1998.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1998			
00 Æðsta stjórn ríkisins			
621079-0189	Línuhönnun hf		702.546
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf		10.100
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		1.160.282
		00 Æðsta stjórn ríkisins samtals	*1.872.928*
01 Forsætisráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		11.087.584
510573-0729	Hnit hf		155.022
621079-0189	Línuhönnun hf		2.252.296
480187-1729	Rafhönnun hf		4.589.311
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		2.052.242
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		1.051.738
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		405.048
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		110.631
		01 Forsætisráðuneyti samtals	*21.703.872*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1998			
02 Menntamálaráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		365.540
460297-2229	Ái ehf		210.655
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa		229.053
680198-2259	Hljóðvist & hönnun ehf		32.000
650298-2689	Hljóðvist ehf		182.975
510573-0729	Hnit hf		18.675
510393-2529	Hús og ráðgjöf ehf		46.003
641086-1509	Lagnatækni ehf		9.049
621079-0189	Línuhönnun hf		12.316.006
480187-1729	Rafhönnun hf		539.936
661076-0119	Raftákn ehf		248.725
621294-3269	Rafteikning hf		58.957
410288-1689	Raftæknistofan hf		3.349.550
451078-0549	Símtækni ehf		468.856
510594-2669	Snertill		190.491
650883-0399	Tækniþjónustan ehf		123.285
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		111.247
510195-2729	Umsjá ehf		180.525
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		3.433.920
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf		205.517
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		186.080
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		75.000
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		1.939.965
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		836.313
610678-0419	Verkfræðistofan Burður ehf		2.800.578
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf		267.130
590785-0329	Verkvangur ehf		19.621
510193-2889	Verkþjónusta Kristjáns ehf		716.360
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		8.833.009
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		799.274
		02 Menntamálaráðuneyti samtals	*38.794.295*
03 Utanríkisráðuneyti			
590190-1799	Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf		21.987
		03 Utanríkisráðuneyti samtals	*21.987*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1998		
04 Landbúnaðarráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	34.371
490197-2309	Forverk ehf	68.767
510573-0729	Hnit hf	22.056
621079-0189	Línuhönnun hf	338.142
480187-1729	Rafhönnun hf	383.627
420585-0639	Stoð ehf	26.295
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	4.482
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf	132.281
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	40.525
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	19.198
700197-3289	Verkfræðiþjónustan ehf,Hornaf	40.463
	04 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*1.110.207*
05 Sjávarútvegsráðuneyti		
700186-1649	Fjarhitun hf	369.337
621294-3269	Rafteikning hf	395.489
691292-2909	Skipasýn ehf	2.971.737
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	496.165
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	37.756
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	1.189.142
590785-0329	Verkvangur ehf	44.988
581296-2669	VSÓ-ráðgjöf á Akureyri ehf	80.000
	05 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*5.584.614*
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
591087-1189	EBH-verkfræðiþjónusta	181.670
510573-0729	Hnit hf	11.538
621294-3269	Rafteikning hf	255.051
590190-1799	Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf	2.000.000
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	678.629
520587-1289	Útgerðartækni ehf	303.197
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	4.472.068
	06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals	*7.902.153*
07 Félagsmálaráðuneyti		
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	622.500
621294-3269	Rafteikning hf	29.699
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	1.176.525
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	58.261
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	1.165.422
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf	37.001
610678-0419	Verkfræðistofan Burður ehf	235.878
710796-2899	VSB-verkfræðistofa ehf	83.962
	07 Félagsmálaráðuneyti samtals	*3.409.248*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1998		
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
520570-0639	Byggð ehf,verkfræðistofa	463.439
700186-1649	Fjarhitun hf	160.774
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	9.776
680198-2259	Hljóðvist & hönnun ehf	9.932.619
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf	156.497
621079-0189	Línuhönnun hf	1.017.211
480187-1729	Rafhönnun hf	727.378
661076-0119	Raftákn ehf	1.406.905
621294-3269	Rafteikning hf	388.767
410288-1689	Raftæknistofan hf	76.624
610584-1019	Raförninn ehf	367.725
431078-1399	Ráðbarður sf	32.000
640192-2169	Ráðvís hönnun ehf	1.136.494
711296-3289	Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf	5.029.668
620774-0149	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf	57.519
510195-2729	Umsjá ehf	176.790
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	7.614.546
470277-0259	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf	36.708
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	20.678.248
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	309.750
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	3.165.805
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	1.616.804
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	6.885.336
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	253.140
	08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*61.760.523*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1998			
09 Fjármálaráðuneyti			
640394-2429	Alfa verkfræðistofa ehf		154.629
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		38.997.999
700186-1649	Fjarhitun hf		16.215.689
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa		1.953.024
490197-2309	Forverk ehf		187.088
510573-0729	Hnit hf		20.000
430572-0169	Hönnun hf		594.286
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		1.600.330
480598-2539	Klettur verkfræðistofa ehf		30.503
641086-1509	Lagnatækni ehf		1.175.853
621079-0189	Línuhönnun hf		21.553.733
480187-1729	Rafhönnun hf		17.983.992
420198-2999	Raflagnateiknist Thomasar K ehf		112.050
621294-3269	Rafteikning hf		4.902.215
410288-1689	Raftæknistofan hf		923.436
691289-2069	Raftækniþjónusta Trausta ehf		691
620269-1589	Stefán Sigurðsson ehf		299.998
530197-2719	Tækniþjónusta SÁ ehf		1.061.781
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf		2.728.319
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		3.905.263
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		1.493.974
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		2.402.278
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		19.810.685
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		8.175.904
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf		1.291.804
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		3.525.370
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf		5.298.710
520187-1389	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf		255.763
610678-0419	Verkfræðistofan Burður ehf		487.150
621295-2259	Verkfræðiþjónusta Akraness ehf		20.350
710796-2899	VSB-verkfræðistofa ehf		5.818.148
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		7.822.646
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		1.037.032
		09 Fjármálaráðuneyti samtals	*171.840.693*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1998		
10 Samgönguráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	14.288.500
490279-0169	Fjölhönnun ehf	6.689.658
490197-2309	Forverk ehf	28.005
510573-0729	Hnit hf	12.475.097
430572-0169	Hönnun hf	5.424.435
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf	139.705
480598-2539	Klettur verkfræðistofa ehf	622.500
621079-0189	Línuhönnun hf	66.234.222
630371-0829	Mat sf,verkfræðistofa	6.148.510
661076-0119	Raftákn ehf	74.501
621294-3269	Rafteikning hf	2.096.286
410288-1689	Raftæknistofan hf	576.530
451078-0549	Símtækni ehf	316.489
550698-3159	Skinfaxi ehf	104.268
420675-0389	Skipatækni ehf	100.927
441187-1659	St. Ö. Stefánsson ehf	4.311.759
420585-0639	Stoð ehf	238.655
460295-2389	Strendingur ehf	887.311
711296-3289	Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf	3.526.554
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf	1.341.412
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	578.989
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf	1.035.106
600188-1949	Verkfræðistofa Bjarnar Ólafs ehf	312.371
701293-4609	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf	3.996.340
450298-2639	Verkfræðistofa Guðjóns Þ.S ehf	570.000
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	226.557
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	3.218.762
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	21.366.616
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	7.395.207
481191-1309	Verkfræðistofan Vatnaskil sf	3.289.912
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	109.561
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	17.506.760
	10 Samgönguráðuneyti samtals	*185.231.505*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1998			
11 Iðnaðarráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		65.785
700186-1649	Fjarhitun hf		94.813
510285-1159	Geca ehf		1.153.692
510573-0729	Hnit hf		3.132.767
430572-0169	Hönnun hf		35.654
621079-0189	Línuhönnun hf		250.000
480187-1729	Rafhönnun hf		75.270
621294-3269	Rafteikning hf		199.200
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		106.564
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		661.936
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		1.237.951
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		5.466.273
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		61.575
		11 Iðnaðarráðuneyti samtals	*12.541.480*
12 Viðskiptaráðuneyti			
480187-1729	Rafhönnun hf		87.636
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		6.256
		12 Viðskiptaráðuneyti samtals	*93.892*
13 Hagstofa Íslands			
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		133.842
		13 Hagstofa Íslands samtals	*133.842*
14 Umhverfisráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		384.000
510573-0729	Hnit hf		5.595.380
430572-0169	Hönnun hf		1.786.901
600298-2329	Hönnun og ráðgjöf Akranesi ehf		31.299
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		342.375
480598-2539	Klettur verkfræðistofa ehf		109.062
701293-4609	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf		162.991
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		12.545
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		389.679
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf		54.531
		14 Umhverfisráðuneyti samtals	*8.868.763*
		Árið 1998 samtals	***520.870.002***

Yfirlit 2. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1991.

470671-0179 Almenna verkfræðistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	30.480
02-205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	289.694
06-303	Prestaköll og prófastsdæmi	31.743
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	268.142
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	76.626
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***696.685***

630678-1459 Bene ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-301	Orkustofnun	459.313
	Bene ehf samtals	***459.313***

661077-0269 Delta ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	20.163
	Delta ehf,verkfræðistofa samtals	***20.163***

591087-1189 EBH-verkfræðiþjónusta

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	416.121
	EBH-verkfræðiþjónusta samtals	***416.121***

690688-1319 Elco ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-206	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	31.125
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	167.438
	Elco ehf samtals	***198.563***

630678-0809 Ferill ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-235	Landgræðsla ríkisins	24.382
	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***24.382***

700186-1649 Fjarhitun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	260.073
02-571	Sjómannaskólahúsið	9.274
02-610	Héraðsskólar almennt	807.613

02-979	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	710.519
08-355	Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	298.800
08-469	Heilsuhæli náttúrulækningafélags Íslands	215.338
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	181.843
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	1.285.254
	Fjarhitun hf samtals	***3.768.714***

490279-0169 Fjölhönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-201	IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS	1.238.875
	Fjölhönnun ehf samtals	***1.238.875***

680286-2489 Forsjá ehf - verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-202	Ríkissaksóknari	11.956
06-204	Borgarfógetinn í Reykjavík	45.062
06-210	Héraðsdómstólar	63.764
06-211	Sýslumenn og bæjarfógetar	157.200
06-303	Prestaköll og prófastsdæmi	306.764
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	2.069.372
10-341	SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS	135.981
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***2.790.099***

690485-0529 Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-501	Bændaskólinn á Hvanneyri	204.902
	Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb samtals	***204.902***

510573-0729 Hnit hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	348.158
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	140.198
04-206	RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS	1.012.643
06-251	Landhelgisgæsla Íslands	8.010
06-281	Dómsmál, ýmis starfsemi	205.444
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	6.095.616
11-301	Orkustofnun	479.632
14-201	Náttúruverndarráð	210.152
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	3.940.343
	Hnit hf samtals	***12.440.196***

670284-0509 Hugvél,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	608.734
	Hugvél,verkfræðistofa samtals	***608.734***

430572-0169 Hönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	24.006
06-101	Dóms-og kirkjumálaráðun., aðalskrifstofa	62.449
08-572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	28.822
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	2.535.292
11-240	lönaðarrannsóknir	145.189
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	4.758
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	60.780
	Hönnun hf samtals	***2.861.296***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	567.567
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***567.567***

621079-0189 Línuhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	8.649
02-979	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	70.025
08-366	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	571.659
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	3.440.406
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	947.026
11-203	RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS	63.131
11-301	Orkustofnun	98.445
	Línuhönnun hf samtals	***5.199.341***

630371-0829 Mat sf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	4.649.469
	Mat sf,verkfræðistofa samtals	***4.649.469***

670379-0439 Rafhönnun - VBH ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	192.141
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	1.927.496
	Rafhönnun - VBH ehf samtals	***2.119.637***

480187-1729 Rafhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	5.696
02-201	Háskóli Íslands	1.097.620
02-979	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	127.309
04-503	GARÐYRKJUSKÓLI RIKISINS	7.700
05-202	HAFRANNSÓKNASTOFNUN	34.748
06-208	Rannsóknarlögregla ríkisins	68.359
06-210	Héraðsdómstólar	113.276
06-303	Prestaköll og prófastsdæmi	190.885
09-201	Ríkisskattstjóri	645.415
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	394.538
09-999	Ýmis verkefni	2.451.346

	Rafhönnun hf samtals	***5.136.892***

661076-0119 Raftákn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	13.446
04-502	Bændaskólinn á Hólum	70.105
06-211	Sýslumenn og bæjarfógetar	635.904
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	811.224
	Raftákn ehf samtals	***1.530.679***

410288-1689 Raftæknistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	259.622
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	96.352
	Raftæknistofan hf samtals	***355.974***

590190-1799 Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
03-390	ÞROUNARSAMVINNUSTOFNUN ISLANDS	817.343
	Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf samtals	***817.343***

430975-0489 Ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	96.463
	Ráðgjöf ehf samtals	***96.463***

620884-0579 Ráðtækni,ráðgjöf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	3.010.480
	Ráðtækni,ráðgjöf samtals	***3.010.480***

451078-0549 Símtækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	764.357
11-101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	25.775
	Símtækni ehf samtals	***790.132***

600187-1399 Skipahönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-202	HAFRANNSÓKNASTOFNUN	36.000
06-251	Landhelgisgæsla Íslands	1.653.800
	Skipahönnun ehf samtals	***1.689.800***

441187-1659 St. Ö. Stefánsson ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	1.923.637

	St. Ö. Stefánsson ehf samtals	***1.923.637***

480888-1549 Stoð sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-502	Bændaskólinn á Hólum	267.219
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	162.299
	Stoð sf samtals	***429.518***

591283-0149 Tækniverk sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-251	Landhelgisgæsla Íslands	360.298
	Tækniverk sf samtals	***360.298***

620774-0149 Tækniþjónusta Vestfjarða ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-306	Menntaskólinn á Ísafirði	13.894
	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf samtals	***13.894***

510286-2009 Tölvu- og verkfræðiþjónustan

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-101	Embætti forseta Íslands	3.586
00-201	Alþingi	1.556
01-101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	9.493
02-101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	10.937
02-201	Háskóli Íslands	616.625
06-209	Lögregluskóli ríkisins	3.486
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	239.151
08-396	Lyfjanefnd	21.965
09-101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	72.392
09-201	Ríkisskattstjóri	238.308
10-651	Ferðamálaráð	10.908
	Tölvu- og verkfræðiþjónustan samtals	***1.228.407***

530994-2799 Verkfræðistofa Austurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-363	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	63.277
	Verkfræðistofa Austurlands ehf samtals	***63.277***

600188-1949 Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	8.541
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	2.524.977
	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***2.533.518***

620185-1169 Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-979	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	51.872

08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	180.834
	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf samtals	***232.706***

660290-1769 Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-101	Embætti forseta Íslands	7.928
01-101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	93.703
02-201	Háskóli Íslands	1.264.606
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	28.362
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	43.863
02-350	FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI	88.376
02-571	Sjómannaskólahúsið	13.406
02-979	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	1.068.230
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	7.125.196
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***9.733.670***

470277-0259 Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	353.493
08-301	Landlæknir	346.616
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	469.670
	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf samtals	***1.169.779***

701283-1129 Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	15.510
05-901	SKRIFSTOFA RANNSÓKNASTOFNANA ATVINNUVEGA	54.347
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	12.852.142
11-201	IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS	3.167
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	21.769
14-410	Veðurstofa Íslands	47.980
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***12.994.915***

560175-0869 Verkfræðistofa Norðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	91.074
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	47.404
04-502	Bændaskólinn á Hólum	48.020
06-225	SÝSLUMAÐUR OG BÆJARFÓGETI AKUREYRI	5.052
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	46.735
	Verkfræðistofa Norðurlands ehf samtals	***238.285***

650778-0229 Verkfræðistofa Siglufjarðar sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	3.196.154
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***3.196.154***

611276-0289 Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	1.957.245
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	53.299
02-302	MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	27.045
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	2.141.302
02-354	FJÖLBRAUTASKÓLI VESTURLANDS	65.985
02-979	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	2.802.611
02-989	Ýmis íþróttamál	109.858
04-501	Bændaskólinn á Hvanneyri	67.081
06-210	Héraðsdómstólar	270.093
06-211	Sýslumenn og bæjarfógetar	39.976
06-213	SÝSLUMAÐUR BORGARNESI	116.314
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.457.120
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	5.706.198
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	3.266.636
11-203	RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS	313.242
11-301	Orkustofnun	750.518
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	192.577
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***19.337.100***

430475-0299 Verkfræðistofa Stanley Páls ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-201	IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS	5.183
	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***5.183***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-503	GARÐYRKJUSKÓLI RIKISINS	580.449
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	225.519
10-651	Ferðamálaráð	907.104
14-201	Náttúruverndarráð	98.875
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***1.811.947***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	70.000
11-240	Iðnaðarrannsóknir	36.820
11-301	Orkustofnun	6.685.308
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***6.792.128***

420288-1909 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf

Ráðunevti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	556.484
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	14.940
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***571.424***

610678-0419 Verkfræðistofan Burður ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	94.823
	Verkfræðistofan Burður ehf samtals	***94.823***

620188-1239 Verkfræðistofan Hamraborg

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	532.026
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	505.390
	Verkfræðistofan Hamraborg samtals	***1.037.416***

481191-1309 Verkfræðistofan Vatnaskil sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-301	Orkustofnun	820.049
	Verkfræðistofan Vatnaskil sf samtals	***820.049***

490784-0399 Verkfræðistofan Vista ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-501	Tækniskóli Íslands	17.129
02-903	Þjóðskjalasafn Íslands	56.227
02-979	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	342.090
06-206	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	342.483
	Verkfræðistofan Vista ehf samtals	***757.929***

590785-0329 Verkvangur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	793.459
02-514	IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK	465.251
02-979	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	390.591
04-206	RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS	141.209
	Verkvangur ehf samtals	***1.790.510***

651187-1259 Verkvís sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-299	ÝMISLEGT Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS	563.760
	Verkvís sf samtals	***563.760***

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	619.773
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	465.631
13-102	Þjóðskráin	58.524
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***1.143.928***

591087-1269 WVS-verkfræðiþjónusta

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	119.830
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	194.904
	WVS-verkfræðiþjónusta samtals	***314.734***

650681-0109 Þorgeir Bergsson sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	24.768
08-584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	25.269
	Þorgeir Bergsson sf samtals	***50.037***

570573-0129 Önn ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	83.440
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	127.884
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	785.808
	Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***997.132***
	Árið 1991 samtals	***121.897.978***

Yfirlit 2. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1992.

470671-0179 Almenna verkfræðistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	1.036.806
02-906	Listasafn Einars Jónssonar	37.794
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	30.133
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	767.027
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	3.723.115
10-211	Vegagerð ríkisins	2.799.325
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***8.394.200***

410382-0249 Aquasoft ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-240	Iðnaðarrannsóknir	297.540
11-299	Iðja og iðnaður, framlög	40.990
14-190	Umhverfismál, ýmis verkefni	1.067.359
	Aquasoft ehf samtals	***1.405.889***

630678-1459 Bene ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-301	Orkustofnun	1.788.623
	Bene ehf samtals	***1.788.623***

520570-0639 Byggð ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	367.898
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	336.150
	Byggð ehf,verkfræðistofa samtals	***704.048***

591087-1189 EBH-verkfræðiþjónusta

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	56.000
	EBH-verkfræðiþjónusta samtals	***56.000***

530790-1189 Efli ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

10-211	Vegagerð ríkisins	71.588
	Efli ehf,verkfræðistofa samtals	***71.588***

690688-1319 Elco ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	Vegagerð ríkisins	191.615
	Elco ehf samtals	***191.615***

700186-1649 Fjarhitun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	64.462
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	458.158
02-603	Héraðsskólinn Reykjanesi	4.301
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	472.595
08-355	Héraðssjúkrahúsið Blönduósi	75.584
08-469	Heilsuhæli náttúrulækningafélags Íslands	2.142.095
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	27.390
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	2.138.774
	Fjarhitun hf samtals	***5.383.359***

680286-2489 Forsjá ehf - verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	528.880
06-712	Prestssetur	107.615
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	356.166
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***992.661***

690485-0529 Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-501	Bændaskólinn á Hvanneyri	383.310
	Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb samtals	***383.310***

510573-0729 Hnit hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	38.616
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	29.739
04-206	RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS	181.019
04-501	Bændaskólinn á Hvanneyri	7.439
05-202	HAFRANNSÓKNASTOFNUN	8.251
10-211	Vegagerð ríkisins	4.587.339
11-301	Orkustofnun	2.977.999
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	3.224.728
14-410	Veðurstofa Íslands	102.774

	Hnit hf samtals	***11.157.904***

430572-0169 Hönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	50.391
10-211	Vegagerð ríkisins	1.863.558
11-203	RANNSÓKNAST. BYGGINGARIÐNAÐARINS	75.136
11-240	Iðnaðarrannsóknir	50.078
	Hönnun hf samtals	***2.039.163***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	Vegagerð ríkisins	1.990.564
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***1.990.564***

621079-0189 Línuhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	10.448
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	35.545
06-712	Prestssetur	76.442
08-366	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	1.707.266
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	2.288.163
10-211	Vegagerð ríkisins	18.272.933
11-203	RANNSÓKNAST. BYGGINGARIÐNAÐARINS	79.310
	Línuhönnun hf samtals	***22.470.107***

630371-0829 Mat sf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	Vegagerð ríkisins	4.700.135
	Mat sf,verkfræðistofa samtals	***4.700.135***

670379-0439 Rafhönnun - VBH ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	1.771.902
	Rafhönnun - VBH ehf samtals	***1.771.902***

480187-1729 Rafhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	1.209.126
06-291	Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	14.692
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	43.897

06-391	Húsnæði löggæslustofnana	61.081
06-712	Prestssetur	101.888
08-572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	54.843
09-101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	404.224
09-201	Ríkisskattstjóri	1.294.184
09-212	Skattamál, ýmis útgjöld	532.316
09-999	Ýmis verkefni	1.129.817
11-102	Einkaleyfastofan	22.716
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	8.112
	Rafhönnun hf samtals	***4.876.896***

661076-0119 Raftákn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-502	Bændaskólinn á Hólum	34.941
06-424	SÝSLUMAÐURINN AKUREYRI	46.039
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	1.043.545
10-211	Vegagerð ríkisins	6.225
	Raftákn ehf samtals	***1.130.750***

410288-1689 Raftæknistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	422.743
13-101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	489.311
	Raftæknistofan hf samtals	***912.054***

691289-2069 Raftækniþjónusta Trausta ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-436	SÝSLUMAÐURINN HAFNARFIRÐI	55.806
	Raftækniþjónusta Trausta ehf samtals	***55.806***

590190-1799 Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
03-390	ÞROUNARSAMVINNUSTOFNUN ISLANDS	1.062.863
	Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf samtals	***1.062.863***

620884-0579 Ráðtækni,ráðgjöf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	3.406.807
	Ráðtækni,ráðgjöf samtals	***3.406.807***

640192-2169 Ráðvís hönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-516	IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI	17.546
08-271	TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS	251.683
	Ráðvís hönnun ehf samtals	***269.229***

451078-0549 Símtækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-901	Húsameistari ríkisins	167.371
06-190	Ýmis kostnaður ráðuneytis	591.679
06-211	HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR	72.273
06-291	Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	1.015.898
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	806.157
10-211	Vegagerð ríkisins	1.453.952
	Símtækni ehf samtals	***4.107.330***

600187-1399 Skipahönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	118.000
10-341	SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS	50.000
	Skipahönnun ehf samtals	***168.000***

610988-1489 Skipalínan sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-341	SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS	1.759.960
	Skipalínan sf samtals	***1.759.960***

441187-1659 St. Ö. Stefánsson ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	Vegagerð ríkisins	3.625.425
	St. Ö. Stefánsson ehf samtals	***3.625.425***

480888-1549 Stoð sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-502	Bændaskólinn á Hólum	448.341
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	24.402
	Stoð sf samtals	***472.743***

680377-0149 Tæknihönnun,verkfræðiþjónusta

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-319	Framhaldsskólar, almennt	52.178
	Tæknihönnun,verkfræðiþjónusta samtals	***52.178***

650883-0399 Tækniþjónustan ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-425	SÝSLUMAÐURINN HÚSAVÍK	37.599
	Tækniþjónustan ehf samtals	***37.599***

510286-2009 Tölvu- og verkfræðiþjónustan

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-101	Embætti forseta Íslands	26.406
02-201	Háskóli Íslands	45.169
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	2.042
09-101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.012
11-201	IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS	6.872
	Tölvu- og verkfræðiþjónustan samtals	***85.501***

600188-1949 Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	Vegagerð ríkisins	1.940.244
	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***1.940.244***

620185-1169 Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	250.000
	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf samtals	***250.000***

660290-1769 Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-901	Húsameistari ríkisins	8.724
02-201	Háskóli Íslands	1.178.269
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	7.723
05-901	SKRIFST.RANNSÓKNASTOFNANA ATVINNUVEGANNA	217.641
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	8.420.970
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***9.833.327***

470277-0259 Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	324.820
08-101	Heilbr.og tryggingam.ráðun., aðalskrifst	18.757
08-301	Landlæknir	17.080
08-370	Sjúkrahús í Reykjavík	21.099
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	485.300
	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf samtals	***867.056***

701283-1129 Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-901	SKRIFST.RANNSÓKNASTOFNANA ATVINNUVEGANNA	23.869
06-211	HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR	3.170
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	7.156.905
10-211	Vegagerð ríkisins	90.510
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***7.274.454***

600991-1329 Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
03-102	Varnarmálaskrifstofa	116.308
10-211	Vegagerð ríkisins	887.655
	Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf samtals	***1.003.963***

560175-0869 Verkfræðistofa Norðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	6.735
	Verkfræðistofa Norðurlands ehf samtals	***6.735***

650778-0229 Verkfræðistofa Siglufjarðar sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	Vegagerð ríkisins	1.961.115
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***1.961.115***

611276-0289 Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	3.371.637
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	115.369
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	478.557
02-909	Blindrabókasafn Íslands	52.141
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	1.949.290
02-989	Ýmis íþróttamál	55.653

06-291	Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	43.451
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	140.419
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	1.482.197
08-430	Sjálfsbjörg,hjúkrunar og endurhæfingarst	55.363
08-572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	198.266
10-211	Vegagerð ríkisins	790.347
11-301	Orkustofnun	19.861
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	123.436
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***8.875.987***

711291-2379 Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
07-951	Brunamálastofnun ríkisins	520.735
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	1.067.704
	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***1.588.439***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-503	GARÐYRKJUSKÓLI RIKISINS	315.725
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	558.439
10-211	Vegagerð ríkisins	1.299.206
10-651	Ferðamálaráð	424.534
14-201	Náttúruverndarráð	149.845
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***2.747.749***

650380-0619 Verkfræðistofa Suðurnesja ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	60.730
	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf samtals	***60.730***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	31.772
11-101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	195.616
11-240	Iðnaðarrannsóknir	341.287
11-301	Orkustofnun	5.374.340
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***5.943.015***

481191-1309 Verkfræðistofan Vatnaskil sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-301	Orkustofnun	1.181.770
	Verkfræðistofan Vatnaskil sf samtals	***1.181.770***

490784-0399 Verkfræðistofan Vista ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-203	RANNSÓKNASTOFNUN FISKIÐNAÐARINS	6.166
06-311	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	36.594
	Verkfræðistofan Vista ehf samtals	***42.760***

590785-0329 Verkvangur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	3.206.398
02-524	Þroskaþjálfaskóli Íslands	227.460
05-901	SKRIFST.RANNSÓKNASTOFNANA ATVINNUVEGANNA	20.530
	Verkvangur ehf samtals	***3.454.388***

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	4.275.300
02-201	Háskóli Íslands	791.518
02-222	Æfinga-og tilr.skóli Kennaraháskóla Ísl.	4.653
02-319	Framhaldsskólar, almennt	13.604.782
04-501	Bændaskólinn á Hvanneyri	40.425
08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	128.858
10-211	Vegagerð ríkisins	3.190.717
13-102	Þjóðskráin	875.806
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***22.912.059***

621091-1079 Þ.Eiríksson ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-532	Heilsugæslustöðin Ísafirði	110.470
	Þ.Eiríksson ehf samtals	***110.470***

650681-0109 Þorgeir Bergsson sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	31.844
08-584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	6.317
11-203	RANNSÓKNAST. BYGGINGARIÐNAÐARINS	53.074
	Þorgeir Bergsson sf samtals	***91.235***

570573-0129 Önn ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	192.573
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	157.936

08-371	RÍKISSPÍTALAR, RAUÐARÁRSTÍG 31	795.654
	Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***1.146.163***
	Árið 1992 samtals	***156.815.868***

Yfirlit 2. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1993.

470671-0179 Almenna verkfræðistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	1.193.732
05-203	RANNSÓKNASTOFNUN FISKIÐNAÐARINS	47.665
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	15.525
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	24.112.651
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***25.369.573***

410382-0249 Aquasoft ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	2.496.912
11-240	Iðnaðarrannsóknir	256.570
14-190	Umhverfismál, ýmis verkefni	3.125.820
14-410	Veðurstofa Íslands	135.563
	Aquasoft ehf samtals	***6.014.865***

630678-1459 Bene ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-301	Orkustofnun	3.001.387
	Bene ehf samtals	***3.001.387***

530890-1049 Bil ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	62.250
	Bil ehf samtals	***62.250***

520570-0639 Byggð ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	283.860
08-510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	1.698.615
08-511	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. nyrðra	819.148
08-512	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. syðra	87.772
08-514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturb.umdæmi	285.293
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	180.525
	Byggð ehf,verkfræðistofa samtals	***3.355.213***

661077-0269 Delta ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-231	Málskostnaður í opinberum málum	42.000
	Delta ehf,verkfræðistofa samtals	***42.000***

690688-1319 Elco ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	451.082
	Elco ehf samtals	***451.082***

630678-0809 Ferill ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	183.762
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	547.800
	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***731.562***

700186-1649 Fjarhitun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	626.281
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	29.990
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	613.614
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	506.783
08-355	Sjúkrahús A- Húnvetninga, Blönduósi	293.295
08-431	Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands	485.533
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	1.539.462
	Fjarhitun hf samtals	***4.094.958***

680286-2489 Forsjá ehf - verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	68.282
06-591	Fangelsisbyggingar	1.522.335
06-712	Prestssetur	597.600
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	155.625
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***2.343.842***

690485-0529 Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-501	Bændaskólinn á Hvanneyri	37.314
	Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb samtals	***37.314***

510573-0729 Hnit hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	162.022
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	33.004
04-206	RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS	4.391
05-202	HAFRANNSÓKNASTOFNUN	43.239
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	135.271
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	6.323.813
11-301	Orkustofnun	1.750.943
14-190	Umhverfismál, ýmis verkefni	639.449
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	2.502.347
14-310	Landmælingar Íslands	1.351.450

	Hnit hf samtals	***12.945.929***

430572-0169 Hönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	4.071.987
	Hönnun hf samtals	***4.071.987***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-203	RANNSÓKNASTOFNUN FISKIÐNAÐARINS	189.549
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	1.118.327
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***1.307.876***

641086-1509 Lagnatækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	456.915
	Lagnatækni ehf samtals	***456.915***

621079-0189 Línuhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-901	Húsameistari ríkisins	34.102
01-902	Þingvellir, þjóðgarður og Þingvallanefnd	298.748
02-201	Háskóli Íslands	34.269
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	33.114
06-391	Húsnæði löggæslustofnana	52.753
08-366	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	8.962
08-367	Sjúkrahúsið Keflavík	1.620.183
08-371	RÍKISSPÍTALAR	4.615.883
08-421	Víðines, vistheimili	44.669
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	31.703.428
11-203	RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS	786.603
	Línuhönnun hf samtals	***39.232.714***

630371-0829 Mat sf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	4.855.309
	Mat sf,verkfræðistofa samtals	***4.855.309***

670379-0439 Rafhönnun - VBH ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	27.888
08-371	RÍKISSPÍTALAR	326.688
	Rafhönnun - VBH ehf samtals	***354.576***

480187-1729 Rafhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	138.437

02-201	Háskóli Íslands	490.422
06-391	Húsnæði löggæslustofnana	3.475
08-575	Heilsugæslustöðin Hellu	226.436
09-200	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	22.547
09-201	Ríkisskattstjóri	156.850
09-212	Skattamál, ýmis útgjöld	555.944
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	1.311.933
09-999	Ýmis verkefni	4.902
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	1.088.709
	Rafhönnun hf samtals	***3.999.655***

661076-0119 Raftákn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	27.959
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	95.020
06-591	Fangelsisbyggingar	285.229
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	322.805
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	46.394
	Raftákn ehf samtals	***777.407***

691289-2069 Raftækniþjónusta Trausta ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-436	SÝSLUMAÐURINN Í HAFNARFIRÐI	42.786
	Raftækniþjónusta Trausta ehf samtals	***42.786***

590190-1799 Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
03-390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	6.547.579
	Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf samtals	***6.547.579***

510179-0729 Ráðgjöf og hönnun sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-514	IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK	752.975
	Ráðgjöf og hönnun sf samtals	***752.975***

620884-0579 Ráðtækni,ráðgjöf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-371	RÍKISSPÍTALAR	42.392
	Ráðtækni,ráðgjöf samtals	***42.392***

640192-2169 Ráðvís hönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-271	TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS	1.666.582
	Ráðvís hönnun ehf samtals	***1.666.582***

451078-0549 Símtækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

02-221	Kennaraháskóli Íslands	407.010
06-211	HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR	22.823
06-212	HÉRAÐSDÓMUR VESTURLANDS	38.038
06-216	HÉRAÐSDÓMUR AUSTURLANDS	15.215
06-218	HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS	68.470
06-291	Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	410.818
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	387.988
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	612.846
	Símtækni ehf samtals	***1.963.208***

600187-1399 Skipahönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-202	HAFRANNSÓKNASTOFNUN	230.850
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	274.305
	Skipahönnun ehf samtals	***505.155***

610988-1489 Skipalínan sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-341	SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS	1.340.000
	Skipalínan sf samtals	***1.340.000***

691292-2909 Skipasýn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-341	SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS	50.000
	Skipasýn ehf samtals	***50.000***

441187-1659 St. Ö. Stefánsson ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	2.196.204
	St. Ö. Stefánsson ehf samtals	***2.196.204***

480888-1549 Stoð sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-502	Bændaskólinn á Hólum	723.365
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	109.918
	Stoð sf samtals	***833.283***

680377-0149 Tæknihönnun,verkfræðiþjónusta

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-319	Framhaldsskólar, óskiptur rekstur	148.653
	Tæknihönnun,verkfræðiþjónusta samtals	***148.653***

701292-2439 Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-202	HAFRANNSÓKNASTOFNUN	7.968
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	216.879

	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***224.847***

650883-0399 Tækniþjónustan ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-362	FRAMHALDSSKÓLINN Á HÚSAVÍK	229.952
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	175.017
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	54.282
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	12.948
	Tækniþjónustan ehf samtals	***472.199***

510286-2009 Tölvu- og verkfræðiþjónustan

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-208	ÖRNEFNASTOFNUN	4.227
04-501	Bændaskólinn á Hvanneyri	487.714
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	4.084
08-510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	290.265
08-512	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. syðra	12.890
08-514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturb.umdæmi	365.728
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	23.994
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	9.810
14-310	Landmælingar Íslands	5.520
	Tölvu- og verkfræðiþjónustan samtals	***1.204.232***

600188-1949 Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	2.747.804
	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***2.747.804***

620185-1169 Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-206	RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS	37.201
08-430	Sjálfsbjörg,hjúkrunar og endurhæfingarst	39.840
	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf samtals	***77.041***

660290-1769 Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	729.300
02-221	Kennaraháskóli Íslands	12.919
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	10.475
05-901	SKRIFST.RANNSÓKNAST.ATVINNUVEGANNA	95.576
06-231	Málskostnaður í opinberum málum	120.824
08-371	RÍKISSPÍTALAR	11.788.118
08-568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	42.681
11-201	IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS	226.246
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***13.026.139***

470277-0259 Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

02-201	Háskóli Íslands	36.298
08-101	Heilbr.og tryggingam.ráðun., aðalskrifst	46.893
08-301	Landlæknir	209.282
08-371	RÍKISSPÍTALAR	840.946
08-399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	31.262
	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf samtals	***1.164.681***

701283-1129 Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-901	SKRIFST.RANNSÓKNAST.ATVINNUVEGANNA	96.866
08-371	RÍKISSPÍTALAR	7.644.628
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***7.741.494***

560175-0869 Verkfræðistofa Norðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	14.133
06-424	SÝSLUMAÐURINN Á AKUREYRI	3.533
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.231.794
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	1.936.039
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	357.075
	Verkfræðistofa Norðurlands ehf samtals	***3.542.574***

650778-0229 Verkfræðistofa Siglufjarðar sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-422	SÝSLUMAÐURINN Á SIGLUFIRÐI	39.168
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	121.917
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***161.085***

611276-0289 Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	3.960.449
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	361.776
02-302	MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	80.584
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	406.319
04-235	Landgræðsla ríkisins	119.021
04-246	Veiðimálastofnun	5.610
04-501	Bændaskólinn á Hvanneyri	516.580
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	221.804
06-591	Fangelsisbyggingar	169.498
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	634.433
08-371	RÍKISSPÍTALAR	1.962.542
08-430	Sjálfsbjörg,hjúkrunar og endurhæfingarst	205.185
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	14.879.973
11-301	Orkustofnun	1.162.444
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	116.635
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***24.802.853***

711291-2379 Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

00-201	Alþingi	1.654.140
06-390	Ýmis löggæslukostnaður	69.542
07-951	Brunamálastofnun ríkisins	180.113
08-371	RÍKISSPÍTALAR	2.158.613
14-101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	36.623
	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***4.099.031***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-503	GARÐYRKJUSKÓLI RÍKISINS	107.187
06-591	Fangelsisbyggingar	591.930
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	5.059.331
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***5.758.448***

650380-0619 Verkfræðistofa Suðurnesja ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-353	FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA	19.861
08-367	Sjúkrahúsið Keflavík	586.397
	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf samtals	***606.258***

520187-1389 Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-101	Heilbr.og tryggingam.ráðun., aðalskrifst	29.693
	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf samtals	***29.693***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	112.375
11-301	Orkustofnun	1.593.755
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***1.706.130***

420288-1909 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	123.692
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***123.692***

700993-2569 Verkfræðistofan Fengur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	174.864
10-341	SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS	250.000
	Verkfræðistofan Fengur ehf samtals	***424.864***

620188-1239 Verkfræðistofan Hamraborg

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-371	RÍKISSPÍTALAR	1.397.412
	Verkfræðistofan Hamraborg samtals	***1.397.412***

481191-1309 Verkfræðistofan Vatnaskil sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-301	Orkustofnun	671.462
	Verkfræðistofan Vatnaskil sf samtals	***671.462***

490784-0399 Verkfræðistofan Vista ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-311	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	29.831
	Verkfræðistofan Vista ehf samtals	***29.831***

621287-1179 Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	1.013.523
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	4.963.855
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	294.040
	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf samtals	***6.271.418***

590785-0329 Verkvangur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-221	Kennaraháskóli Íslands	192.141
02-318	Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnk	2.676.247
02-514	IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK	618.629
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	12.064
05-901	SKRIFST.RANNSÓKNAST.ATVINNUVEGANNA	53.585
	Verkvangur ehf samtals	***3.552.666***

510193-2889 Verkþjónusta Kristjáns ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-516	IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI	133.620
	Verkþjónusta Kristjáns ehf samtals	***133.620***

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	278.748
02-201	Háskóli Íslands	378.666
02-319	Framhaldsskólar, óskiptur rekstur	5.144.946
05-901	SKRIFST.RANNSÓKNAST.ATVINNUVEGANNA	112.935
06-190	Ýmis kostnaður ráðuneytis	5.154.944
06-390	Ýmis löggæslukostnaður	632.273
06-490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsemb.	124.500
08-371	RÍKISSPÍTALAR	727.528
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	1.120.500
09-999	Ýmis verkefni	994.286
10-190	Ýmis kostnaður ráðuneytis	620.894
10-211	VEGAGERÐ RÍKISINS	4.322.820
13-101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	158.698
13-102	Þjóðskráin	141.803

	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***19.913.541***

621091-1079 Þ.Eiríksson ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-421	Víðines, vistheimili	333.349
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	117.105
08-567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	423.300
	Þ.Eiríksson ehf samtals	***873.754***

650681-0109 Þorgeir Bergsson sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	53.074
	Þorgeir Bergsson sf samtals	***53.074***

570573-0129 Önn ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	247.645
02-201	Háskóli Íslands	6.627
08-324	HEYRNAR OG TALMEINASTÖÐ ÍSLANDS	275.788
08-371	RÍKISSPÍTALAR	1.798.967
08-512	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. syðra	4.554
08-514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturb.umdæmi	24.054
	Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***2.357.635***
	Árið 1993 samtals	***232.762.709***

Yfirlit 2. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1994.

640394-2429 Alfa verkfræðistofa ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-422	NÁMSGAGNASTOFNUN	744.417
	Alfa verkfræðistofa ehf samtals	***744.417***

600694-2009 Allrahanda rekstur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-423	SÝSLUMAÐURINN Á ÓLAFSFIRÐI	71.836
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	92.747
08-552	Heilsugæslustöðin Dalvík	23.378
	Allrahanda rekstur ehf samtals	***187.961***

470671-0179 Almenna verkfræðistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	7.149.134
02-201	Háskóli Íslands	17.021
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	23.473
02-903	Þjóðskjalasafn Íslands	190.177
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	3.260.649
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	347.966
06-321	Almannavarnir ríkisins	103.102
08-371	Ríkisspítalar	791.189
09-901	Framkvæmdasýslan	11.634.128
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	37.561
10-211	VEGAGERÐIN	25.910.146
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	243.695
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***49.708.241***

410382-0249 Aquasoft ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	422.503
14-190	Ýmis verkefni	34.302
	Aquasoft ehf samtals	***456.805***

630678-1459 Bene ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-301	Orkustofnun	518.826
	Bene ehf samtals	***518.826***

520570-0639 Byggð ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

08-510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	253.950
08-511	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. nyrðra	119.677
08-512	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. syðra	28.975
08-514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturb.umdæmi	27.733
	Byggð ehf,verkfræðistofa samtals	***430.335***

661077-0269 Delta ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	33.604
	Delta ehf,verkfræðistofa samtals	***33.604***

690688-1319 Elco ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	156.748
	Elco ehf samtals	***156.748***

630678-0809 Ferill ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	42.828
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	93.935
09-999	Ýmis verkefni	90.848
10-211	VEGAGERÐIN	220.780
	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***448.391***

700186-1649 Fjarhitun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-190	Ýmis verkefni	1.593.261
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	1.043.963
02-999	Ýmis verkefni	177.464
08-355	Sjúkrahús A- Húnvetninga, Blönduósi	239.062
08-431	Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands	242.435
09-901	Framkvæmdasýslan	1.707.008
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	601.710
	Fjarhitun hf samtals	***5.604.903***

680286-2489 Forsjá ehf - verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-202	Hafrannsóknastofnun	575.831
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	659.850
09-901	Framkvæmdasýslan	325.654
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***1.561.335***

510573-0729 Hnit hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	91.103
08-371	RÍKISSPÍTALAR	9.979
10-211	VEGAGERÐIN	6.737.144
11-301	Orkustofnun	3.901.402

14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	2.196.870
14-410	Veðurstofa Íslands	46.871
	Hnit hf samtals	***12.983.369***

430572-0169 Hönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	83.313
10-211	VEGAGERÐIN	4.214.935
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	39.280
	Hönnun hf samtals	***4.337.528***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	2.748.796
14-190	Ýmis verkefni	1.059.261
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***3.808.057***

641086-1509 Lagnatækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	1.267.564
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	63.423
	Lagnatækni ehf samtals	***1.330.987***

621079-0189 Línuhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	363.623
01-902	Þingvellir, þjóðgarður og Þingvallanefnd	26.191
02-201	Háskóli Íslands	2.010.525
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	51.015
04-271	Bændaskólinn á Hólum	546.280
08-367	Sjúkrahúsið Keflavík	95.014
08-371	RÍKISSPÍTALAR	2.777.830
09-901	Framkvæmdasýslan	21.529.430
10-211	VEGAGERÐIN	5.744.663
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	926.940
	Línuhönnun hf samtals	***34.071.511***

630371-0829 Mat sf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	5.823.717
	Mat sf,verkfræðistofa samtals	***5.823.717***

670379-0439 Rafhönnun - VBH ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-371	RÍKISSPÍTALAR	923.252
	Rafhönnun - VBH ehf samtals	***923.252***

480187-1729 Rafhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	2.187.914
01-101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	432.846
01-190	Ýmis verkefni	826.787
02-201	Háskóli Íslands	1.824.132
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	45.690
08-575	Heilsugæslustöðin Hellu	65.418
09-201	Ríkisskattstjóri	1.067.822
09-901	Framkvæmdasýslan	20.164.967
	Rafhönnun hf samtals	***26.615.576***

430682-0409 Rafmiðstöðin sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-581	Heilsugæslustöð Suðurnesja	40.286
	Rafmiðstöðin sf samtals	***40.286***

661076-0119 Raftákn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	3.789
04-271	Bændaskólinn á Hólum	37.350
06-424	SÝSLUMAÐURINN Á AKUREYRI	129.296
08-355	Sjúkrahús A- Húnvetninga, Blönduósi	8.062
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	579.600
10-211	VEGAGERÐIN	93.248
	Raftákn ehf samtals	***851.345***

621294-3269 Rafteikning hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	7.733.544
	Rafteikning hf samtals	***7.733.544***

410288-1689 Raftæknistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	160.635
	Raftæknistofan hf samtals	***160.635***

510179-0729 Ráðgjöf og hönnun sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-514	IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK	67.230
	Ráðgjöf og hönnun sf samtals	***67.230***

640192-2169 Ráðvís hönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	167.988
08-201	REKSTRARSJÓÐUR	1.267.448

	Ráðvís hönnun ehf samtals	***1.435.436***

451078-0549 Símtækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-221	Kennaraháskóli Íslands	91.293
10-211	VEGAGERÐIN	169.060
	Símtækni ehf samtals	***260.353***

610988-1489 Skipalínan sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins	100.000
	Skipalínan sf samtals	***100.000***

691292-2909 Skipasýn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	55.091
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins	400.000
	Skipasýn ehf samtals	***455.091***

510594-2669 Snertill

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-371	RÍKISSPÍTALAR	9.323
	Snertill samtals	***9.323***

441187-1659 St. Ö. Stefánsson ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	727.058
	St. Ö. Stefánsson ehf samtals	***727.058***

480888-1549 Stoð sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-271	Bændaskólinn á Hólum	341.390
	Stoð sf samtals	***341.390***

680377-0149 Tæknihönnun,verkfræðiþjónusta

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-319	Framhaldsskólar, óskipt	22.298
	Tæknihönnun,verkfræðiþjónusta samtals	***22.298***

701292-2439 Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	1.192.461
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	52.788
	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***1.245.249***

620774-0149 Tækniþjónusta Vestfjarða ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-306	Framhaldsskóli Vestfjarða	123.733
	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf samtals	***123.733***

650883-0399 Tækniþjónustan ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-362	FRAMHALDSSKÓLINN Á HÚSAVÍK	100.971
06-425	SÝSLUMAÐURINN Á HÚSAVÍK	200.796
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	113.673
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	31.126
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	58.266
	Tækniþjónustan ehf samtals	***504.832***

510286-2009 Tölvu- og verkfræðiþjónustan

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-232	Rannsóknaráð ríkisins	66.566
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	30.848
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins	3.611
06-311	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	3.462
08-510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	119.501
08-514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturb.umdæmi	52.801
08-553	Heilsugæslustöðin Akureyri	2.099
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	2.113
12-101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	4.974
	Tölvu- og verkfræðiþjónustan samtals	***285.975***

520587-1289 Útgerðartækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins	50.000
	Útgerðartækni ehf samtals	***50.000***

530994-2799 Verkfræðistofa Austurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	224.000
	Verkfræðistofa Austurlands ehf samtals	***224.000***

600188-1949 Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	2.186.320
	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***2.186.320***

620185-1169 Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	538.187
09-901	Framkvæmdasýslan	270.987

	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf samtals	***809.174***

701293-4609 Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	481.589
	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf samtals	***481.589***

660290-1769 Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	2.229.298
02-201	Háskóli Íslands	2.067.207
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	1.190.608
05-901	Skrifst.rannsóknast.atvinnuveganna	327.661
08-371	RÍKISSPÍTALAR	19.484.855
08-430	Sjálfsbjörg,hjúkrunar-og endurhæfingarst	222.040
09-251	GJALDHEIMTAN Í REYKJAVÍK	111.239
09-901	Framkvæmdasýslan	5.828.293
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	246.532
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***31.707.733***

470277-0259 Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	191.393
06-390	Ýmis löggæslukostnaður	156.310
08-201	REKSTRARSJÓÐUR	56.272
08-301	Landlæknir	339.542
08-371	RÍKISSPÍTALAR	171.941
	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf samtals	***915.458***

701283-1129 Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-903	Þjóðskjalasafn Íslands	455.827
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	338.879
05-901	Skrifst.rannsóknast.atvinnuveganna	274.184
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	133.333
08-371	RÍKISSPÍTALAR	15.779.361
09-901	Framkvæmdasýslan	22.752
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***17.004.336***

560175-0869 Verkfræðistofa Norðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-424	SÝSLUMAÐURINN Á AKUREYRI	4.262
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	391.716
09-901	Framkvæmdasýslan	732.971
10-211	VEGAGERÐIN	1.052.867
14-190	Ýmis verkefni	164.569
	Verkfræðistofa Norðurlands ehf samtals	***2.346.385***

650778-0229 Verkfræðistofa Siglufjarðar sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	19.914
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***19.914***

611276-0289 Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-190	Ýmis verkefni	1.613.623
02-201	Háskóli Íslands	2.502.061
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	839.369
02-318	Almennir framhaldsskólar, viðh.og stofnk	124.058
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	265.540
04-311	LANDGRÆÐSLA RÍKISINS	853.250
06-591	Fangelsisbyggingar	23.843
08-353	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	30.911
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	335.095
08-371	RÍKISSPÍTALAR	5.873.272
08-430	Sjálfsbjörg,hjúkrunar-og endurhæfingarst	197.466
09-901	Framkvæmdasýslan	22.198.147
10-211	VEGAGERÐIN	16.650.846
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	668.970
11-240	Iðnaðarrannsóknir	264.342
11-301	Orkustofnun	98.757
14-190	Ýmis verkefni	224.100
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	5.102
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***52.768.752***

711291-2379 Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	1.071.591
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	60.960
07-951	Brunamálastofnun ríkisins	300.185
08-101	Heilbr.og tryggingam.ráðun., aðalskrifst	62.682
08-371	RÍKISSPÍTALAR	1.860.493
08-399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	386.762
09-901	Framkvæmdasýslan	793.379
	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***4.536.052***

430475-0299 Verkfræðistofa Stanley Páls ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	16.994
09-901	Framkvæmdasýslan	927.687
	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***944.681***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-357	FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS	15.429
04-283	GARÐYRKJUSKÓLI RÍKISINS	12.926

04-311	LANDGRÆÐSLA RÍKISINS	231.504
06-591	Fangelsisbyggingar	368.382
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	498.000
08-431	Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands	175.253
09-901	Framkvæmdasýslan	512.243
10-211	VEGAGERÐIN	6.319.103
14-201	Náttúruverndarráð	38.988
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***8.171.828***

650380-0619 Verkfræðistofa Suðurnesja ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
03-102	Varnarmálaskrifstofa	93.227
08-367	Sjúkrahúsið Keflavík	553.812
08-581	Heilsugæslustöð Suðurnesja	118.567
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	186.455
	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf samtals	***952.061***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	75.920
11-301	Orkustofnun	2.063.780
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***2.139.700***

420288-1909 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	410.850
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***410.850***

700993-2569 Verkfræðistofan Fengur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-202	Hafrannsóknastofnun	223.200
05-299	Aflan.nefnd-Sjávarútv.líkan-Gæðaátak	201.825
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	112.320
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins	1.450.000
	Verkfræðistofan Fengur ehf samtals	***1.987.345***

620188-1239 Verkfræðistofan Hamraborg

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-371	RÍKISSPÍTALAR	247.736
	Verkfræðistofan Hamraborg samtals	***247.736***

481191-1309 Verkfræðistofan Vatnaskil sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-301	Orkustofnun	681.288
	Verkfræðistofan Vatnaskil sf samtals	***681.288***

621287-1179 Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	1.738.762
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	68.270
	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf samtals	***1.807.032***

590785-0329 Verkvangur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-221	Kennaraháskóli Íslands	253.155
02-318	Almennir framhaldsskólar, viðh.og stofnk	262.720
02-514	IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK	476.200
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	54.974
09-901	Framkvæmdasýslan	283.308
	Verkvangur ehf samtals	***1.330.357***

510193-2889 Verkþjónusta Kristjáns ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-516	IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI	34.891
	Verkþjónusta Kristjáns ehf samtals	***34.891***

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	151.636
02-201	Háskóli Íslands	1.776.357
02-319	Framhaldsskólar, óskipt	81.797
02-350	FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI	19.112
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	10.322
05-901	Skrifst.rannsóknast.atvinnuveganna	94.812
06-390	Ýmis löggæslukostnaður	1.728.661
08-371	RÍKISSPÍTALAR	33.960.030
09-999	Ýmis verkefni	404.282
10-211	VEGAGERÐIN	7.056.591
13-102	Þjóðskráin	18.215
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***45.301.815***

621091-1079 Þ.Eiríksson ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-421	Víðines	23.531
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	23.486
09-901	Framkvæmdasýslan	1.182.477
	Þ.Eiríksson ehf samtals	***1.229.494***

650681-0109 Þorgeir Bergsson sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	173.671
	Þorgeir Bergsson sf samtals	***173.671***

570573-0129 Önn ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-324	HEYRNAR OG TALMEINASTÖÐ ÍSLANDS	124.500
08-371	RÍKISSPÍTALAR	2.486.998
08-514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturb.umdæmi	152.640
09-901	Framkvæmdasýslan	129.921
	Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***2.894.059***
	Árið 1994 samtals	***345.465.862***

Yfirlit 2. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1995.

600694-2009 Allrahanda rekstur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	57.700
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	44.185
08-552	Heilsugæslustöðin Dalvík	25.801
	Allrahanda rekstur ehf samtals	***127.686***

470671-0179 Almenna verkfræðistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	10.549.278
02-201	Háskóli Íslands	142.230
02-205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	55.049
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	3.669.184
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	173.573
09-251	GJALDHEIMTAN Í REYKJAVÍK	672.963
09-901	Framkvæmdasýslan	7.213.569
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	151.045
10-211	VEGAGERÐIN	17.669.616
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	142.674
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***40.439.181***

630678-1459 Bene ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-301	Orkustofnun	150.217
	Bene ehf samtals	***150.217***

520570-0639 Byggð ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	1.292.932
08-512	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. syðra	108.068
08-514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturb.umdæmi	27.017
	Byggð ehf,verkfræðistofa samtals	***1.428.017***

591087-1189 EBH-verkfræðiþjónusta

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-231	Málskostnaður í opinberum málum	234.869
	EBH-verkfræðiþjónusta samtals	***234.869***

630678-0809 Ferill ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	449.281

	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***449.281***

700186-1649 Fjarhitun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-190	Ýmis verkefni	197.713
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	116.637
02-211	TÆKNISKÓLI ÍSLANDS	48.134
02-301	Menntaskólinn í Reykjavík	31.972
02-318	Almennir framhaldsskólar, viðh.og stofnk	107.082
08-355	Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi	18.743
08-367	Sjúkrahús Suðurnesja	34.150
08-431	Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands	68.824
08-542	Heilsugæslustöðin Blönduósi	124.500
09-901	Framkvæmdasýslan	1.213.391
10-211	VEGAGERÐIN	659.277
11-101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	313.501
11-299	Iðja og iðnaður, framlög	684.714
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	206.671
	Fjarhitun hf samtals	***3.825.309***

680286-2489 Forsjá ehf - verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	125.449
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***125.449***

690485-0529 Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	9.011
	Hagtækni,tækniþjónusta,Borgarb samtals	***9.011***

510573-0729 Hnit hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	92.613
02-101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	26.886
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	142.781
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	20.113
05-202	Hafrannsóknastofnun	4.981
06-311	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	187.893
10-211	VEGAGERÐIN	10.539.001
11-301	Orkustofnun	2.216.261
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	118.483
	Hnit hf samtals	***13.349.012***

430572-0169 Hönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	1.025.217
10-211	VEGAGERÐIN	13.820.582
	Hönnun hf samtals	***14.845.799***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	24.002
10-211	VEGAGERÐIN	858.508
14-190	Ýmis verkefni	1.440.739
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***2.323.249***

641086-1509 Lagnatækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	896.778
	Lagnatækni ehf samtals	***896.778***

621079-0189 Línuhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	16.143
01-190	Ýmis verkefni	22.858
01-901	Húsameistari ríkisins	117.460
01-902	Þingvellir, þjóðgarður og Þingvallanefnd	304.249
02-201	Háskóli Íslands	14.131.439
02-318	Almennir framhaldsskólar, viðh.og stofnk	231.721
04-271	Bændaskólinn á Hólum	1.021.682
08-367	Sjúkrahús Suðurnesja	30.976
08-371	Ríkisspítalar	1.370.697
09-901	Framkvæmdasýslan	12.689.914
10-211	VEGAGERÐIN	34.436.633
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	723.760
	Línuhönnun hf samtals	***65.097.532***

630371-0829 Mat sf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	6.014.706
	Mat sf,verkfræðistofa samtals	***6.014.706***

560986-1309 Nýja teiknistofan ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	164.199
	Nýja teiknistofan ehf samtals	***164.199***

670379-0439 Rafhönnun - VBH ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-221	Kennaraháskóli Íslands	6.984
08-371	Ríkisspítalar	668.010
	Rafhönnun - VBH ehf samtals	***674.994***

480187-1729 Rafhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

00-201	Alþingi	183.601
00-510	Bessastaðir	2.680.086
01-190	Ýmis verkefni	13.699
02-201	Háskóli Íslands	3.565.753
02-231	Rannsóknarráð íslands	176.516
04-283	GARÐYRKJUSKÓLI RÍKISINS	10.371
08-201	RÉKSTRARSJÓÐUR	22.192
09-201	Ríkisskattstjóri	240.735
09-212	Skattamál, ýmis útgjöld	5.367
09-251	GJALDHEIMTAN Í REYKJAVÍK	116.378
09-901	Framkvæmdasýslan	8.428.177
	Rafhönnun hf samtals	***15.442.875***

661076-0119 Raftákn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	478.915
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	31.105
04-271	Bændaskólinn á Hólum	983.550
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	11.976
08-355	Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi	32.101
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	729.535
10-211	VEGAGERÐIN	2.920.582
	Raftákn ehf samtals	***5.187.764***

621294-3269 Rafteikning hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	85.961
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	192.927
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	394.222
06-311	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	124.500
06-390	Ýmis löggæslukostnaður	56.305
06-391	Húsnæði löggæslustofnana	135.931
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	602.598
06-701	Biskup Íslands	20.170
07-101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	24.246
07-331	Vinnueftirlit ríkisins	13.584
08-371	Ríkisspítalar	732.381
08-512	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. syðra	11.280
09-901	Framkvæmdasýslan	5.321.419
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	40.418
10-211	VEGAGERÐIN	493.554
	Rafteikning hf samtals	***8.249.496***

410288-1689 Raftæknistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-901	Húsameistari ríkisins	38.159
07-400	Málefni barna og ungmenna	1.381.000
09-901	Framkvæmdasýslan	54.241
10-211	VEGAGERÐIN	6.737.232
	Raftæknistofan hf samtals	***8.210.632***

691289-2069 Raftækniþjónusta Trausta ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
03-101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.374
	Raftækniþjónusta Trausta ehf samtals	***1.374***

431078-1399 Ráðbarður sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	78.246
09-901	Framkvæmdasýslan	443.394
	Ráðbarður sf samtals	***521.640***

640192-2169 Ráðvís hönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	1.349.854
08-201	REKSTRARSJÓÐUR	1.944.926
	Ráðvís hönnun ehf samtals	***3.294.780***

451078-0549 Símtækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-221	Kennaraháskóli Íslands	3.803
10-211	VEGAGERÐIN	10.566
	Símtækni ehf samtals	***14.369***

420675-0389 Skipatækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-211	TÆKNISKÓLI ÍSLANDS	13.106
	Skipatækni ehf samtals	***13.106***

441187-1659 St. Ö. Stefánsson ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	299.265
	St. Ö. Stefánsson ehf samtals	***299.265***

480888-1549 Stoð sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-271	Bændaskólinn á Hólum	1.229.376
06-232	Opinber réttaraðstoð	465.000
10-211	VEGAGERÐIN	106.510
	Stoð sf samtals	***1.800.886***

701292-2439 Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	828.622
	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***828.622***

620774-0149 Tækniþjónusta Vestfjarða ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	9.804
	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf samtals	***9.804***

650883-0399 Tækniþjónustan ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Almennir framhaldsskólar, viðh.og stofnk	254.980
02-362	FRAMHALDSSKÓLINN Á HÚSAVÍK	18.177
08-555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	40.000
	Tækniþjónustan ehf samtals	***313.157***

510286-2009 Tölvu- og verkfræðiþjónustan

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	52.511
02-231	Rannsóknarráð íslands	304.041
03-101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	38.034
09-999	Ýmis verkefni	232.893
	Tölvu- og verkfræðiþjónustan samtals	***627.479***

510195-2729 Umsjá ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
07-720	SKÁLATÚNSHEIMILIÐ, MOSFELLSBÆ	378.325
	Umsjá ehf samtals	***378.325***

501293-2459 Útrás ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	66.234
10-190	Ýmis verkefni	151.392
	Útrás ehf samtals	***217.626***

530994-2799 Verkfræðistofa Austurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	388.651
10-211	VEGAGERÐIN	291.307
	Verkfræðistofa Austurlands ehf samtals	***679.958***

600188-1949 Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Almennir framhaldsskólar, viðh.og stofnk	55.801
10-211	VEGAGERÐIN	1.648.856
	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***1.704.657***

620185-1169 Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

00-510	Bessastaðir	2.201.536
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	123.581
05-901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuv	135.456
07-400	Málefni barna og ungmenna	1.369.500
09-901	Framkvæmdasýslan	510.271
	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf samtals	***4.340.344***

701293-4609 Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	576.253
	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf samtals	***576.253***

660290-1769 Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	2.402.016
02-201	Háskóli Íslands	647.701
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	635.294
05-901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuv	244.376
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	60.714
08-371	Ríkisspítalar	13.790.814
09-251	GJALDHEIMTAN Í REYKJAVÍK	15.125
09-901	Framkvæmdasýslan	3.731.914
11-201	Iðntæknistofnun íslands	180.261
14-221	Hollustuvernd ríkisins	26.045
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***21.734.260***

470277-0259 Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	254.040
07-331	Vinnueftirlit ríkisins	15.631
08-301	Landlæknir	37.514
	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf samtals	***307.185***

701283-1129 Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	49.196
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	14.341
02-969	Ýmis stofnkostnaður og viðhald	89.818
05-901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuv	299.839
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	369.241
08-371	Ríkisspítalar	14.680.067
09-901	Framkvæmdasýslan	951.655
10-211	VEGAGERÐIN	125.415
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***16.579.572***

560175-0869 Verkfræðistofa Norðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	72.454
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	25.352

09-901	Framkvæmdasýslan	2.548.306
10-211	VEGAGERÐIN	868.424
	Verkfræðistofa Norðurlands ehf samtals	***3.514.536***

650778-0229 Verkfræðistofa Siglufjarðar sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	754.555
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***754.555***

611276-0289 Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-190	Ýmis verkefni	300.151
02-201	Háskóli Íslands	5.013.947
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	133.784
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	1.552.788
04-311	LANDGRÆÐSLA RÍKISINS	243.655
06-231	Málskostnaður í opinberum málum	19.920
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	824.159
08-371	Ríkisspítalar	3.850.633
08-430	Sjálfsbjörg,hjúkrunar-og endurhæfingarst	29.167
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	20.735
08-532	Heilsugæslustöðin Ísafirði	92.603
09-251	GJALDHEIMTAN Í REYKJAVÍK	127.965
09-901	Framkvæmdasýslan	15.393.593
09-999	Ýmis verkefni	196.959
10-211	VEGAGERÐIN	9.927.873
11-301	Orkustofnun	225.341
14-190	Ýmis verkefni	1.675.901
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	86.244
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***39.715.418***

711291-2379 Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	1.785.380
05-901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuv	45.845
08-367	Sjúkrahús Suðurnesja	195.587
08-371	Ríkisspítalar	2.081.071
08-584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	86.671
14-410	Veðurstofa Íslands	148.688
	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***4.343.242***

430475-0299 Verkfræðistofa Stanley Páls ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	131.214
	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***131.214***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-357	FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS	7.742

04-283	GARÐYRKJUSKÓLI RÍKISINS	7.575
09-901	Framkvæmdasýslan	5.729.226
10-211	VEGAGERÐIN	3.771.306
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***9.515.849***

650380-0619 Verkfræðistofa Suðurnesja ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
03-101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	165.948
08-367	Sjúkrahús Suðurnesja	152.546
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	322.067
	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf samtals	***640.561***

520187-1389 Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	218.000
	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf samtals	***218.000***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	68.948
11-301	Orkustofnun	4.009.167
12-101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	16.982
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***4.095.097***

420288-1909 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	9.529
11-699	Staðlaráð Íslands	1.180.770
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***1.190.299***

610678-0419 Verkfræðistofan Burður ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	1.523.500
	Verkfræðistofan Burður ehf samtals	***1.523.500***

700993-2569 Verkfræðistofan Fengur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins	350.000
	Verkfræðistofan Fengur ehf samtals	***350.000***

481191-1309 Verkfræðistofan Vatnaskil sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	373.500
11-301	Orkustofnun	253.124
	Verkfræðistofan Vatnaskil sf samtals	***626.624***

490784-0399 Verkfræðistofan Vista ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	165.162
06-311	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	25.412
	Verkfræðistofan Vista ehf samtals	***190.574***

621287-1179 Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	50.000
09-901	Framkvæmdasýslan	124.500
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	275.500
	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf samtals	***450.000***

590785-0329 Verkvangur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-514	IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK	113.455
05-901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuv	320.728
	Verkvangur ehf samtals	***434.183***

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	976.776
02-523	Fósturskóli Íslands	91.695
06-190	Ýmis verkefni	523.811
06-390	Ýmis löggæslukostnaður	2.297.444
08-371	Ríkisspítalar	13.062.781
09-901	Framkvæmdasýslan	124.501
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	1.191.975
10-190	Ýmis verkefni	604.631
10-211	VEGAGERÐIN	15.478.001
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	35.367
13-101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	140.575
13-102	Þjóðskráin	108.983
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***34.636.540***

570573-0129 Önn ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-324	HEYRNAR OG TALMEINASTÖÐ ÍSLANDS	249.000
08-371	Ríkisspítalar	821.861
08-514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturb.umdæmi	4.828
09-901	Framkvæmdasýslan	438.268
	Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***1.513.957***
	Árið 1995 samtals	***345.332.867***

Yfirlit 2. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1996.

640394-2429 Alfa verkfræðistofa ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-725	NÁMSGAGNASTOFNUN	188.269
	Alfa verkfræðistofa ehf samtals	***188.269***

600694-2009 Allrahanda rekstur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	24.488
08-553	Heilsugæslustöðin Akureyri	94.888
	Allrahanda rekstur ehf samtals	***119.376***

470671-0179 Almenna verkfræðistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	9.784.580
02-201	Háskóli Íslands	269.642
02-205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	145.294
02-904	Safnahúsið við Hverfisgötu	69.994
02-969	Menningarstofnanir,viðhald og stofnk..	1.382.828
09-251	GJALDHEIMTAN Í REYKJAVÍK	40.628
09-901	Framkvæmdasýslan	6.015.711
10-101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	318.977
10-211	VEGAGERÐIN	14.370.582
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	163.684
14-190	Ýmis verkefni	274.940
14-410	Veðurstofa Íslands	30.254
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***32.867.114***

520570-0639 Byggð ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	234.431
08-512	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. syðra	18.366
	Byggð ehf,verkfræðistofa samtals	***252.797***

630678-0809 Ferill ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnk.	179.207
	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***179.207***

700186-1649 Fjarhitun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-190	Ýmis verkefni	92.856

02-318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnk.	31.225
09-901	Framkvæmdasýslan	1.609.059
10-101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	221.563
10-190	Ýmis verkefni	662.913
10-211	VEGAGERÐIN	70.255
	Fjarhitun hf samtals	***2.687.871***

680286-2489 Forsjá ehf - verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-202	Hafrannsóknastofnun	128.819
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	128.993
09-901	Framkvæmdasýslan	66.600
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***324.412***

681294-3099 Framrás verkfræðistofa ehf,Rvík

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	66.500
	Framrás verkfræðistofa ehf,Rvík samtals	***66.500***

510573-0729 Hnit hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	20.250
02-201	Háskóli Íslands	5.165
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	216.872
06-311	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	8.496
09-999	Ýmis verkefni	371.812
10-211	VEGAGERÐIN	20.768.981
11-301	Orkustofnun	43.357
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	21.238
14-310	Landmælingar Íslands	63.121
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	6.145
14-410	Veðurstofa Íslands	3.401.389
	Hnit hf samtals	***24.926.826***

430572-0169 Hönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-311	LANDGRÆÐSLA RÍKISINS	127.920
09-901	Framkvæmdasýslan	401.236
10-211	VEGAGERÐIN	15.109.488
	Hönnun hf samtals	***15.638.644***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-321	SKÓGRÆKT RÍKISINS	44.820
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	115.357
08-363	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	21.788
10-211	VEGAGERÐIN	808.771
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***990.736***

621079-0189 Línuhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	159.358
01-902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	26.539
02-201	Háskóli Íslands	25.277.031
04-271	Bændaskólinn á Hólum	728.393
06-190	Ýmis verkefni	92.686
08-367	Sjúkrahúsið Suðurnesjum	59.209
08-371	Ríkisspítalar	56.784
09-901	Framkvæmdasýslan	6.400.228
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	186.323
10-211	VEGAGERÐIN	20.020.690
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	746.548
11-301	Orkustofnun	1.479.921
	Línuhönnun hf samtals	***55.233.710***

630371-0829 Mat sf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	5.238.881
	Mat sf,verkfræðistofa samtals	***5.238.881***

560986-1309 Nýja teiknistofan ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	36.802
	Nýja teiknistofan ehf samtals	***36.802***

691295-4439 R.J. verkfræðingar ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	31.106
09-901	Framkvæmdasýslan	133.239
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	109.026
	R.J. verkfræðingar ehf samtals	***273.371***

480187-1729 Rafhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-301	Ríkisstjórn	88.091
00-510	Bessastaðir	867.419
02-201	Háskóli Íslands	6.304.835
02-231	Rannsóknaráð Íslands	33.808
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	938.816
02-905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	21.607
02-907	Listasafn Íslands	20.871
02-969	Menningarstofnanir,viðhald og stofnk..	368.568
09-212	Skattamál, ýmis útgjöld	179.836
09-901	Framkvæmdasýslan	4.845.449
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	70.234
	Rafhönnun hf samtals	***13.739.534***

430682-0409 Rafmiðstöðin sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-581	Heilsugæslustöð Suðurnesja	59.162
	Rafmiðstöðin sf samtals	***59.162***

661076-0119 Raftákn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	8.934
04-101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	16.070
04-271	Bændaskólinn á Hólum	17.462
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	925.193
10-211	VEGAGERÐIN	3.790.239
	Raftákn ehf samtals	***4.757.898***

621294-3269 Rafteikning hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	76.045
02-301	Menntaskólinn í Reykjavík	74.923
02-318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnk.	450.006
02-969	Menningarstofnanir,viðhald og stofnk..	109.996
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	30.315
06-311	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	124.500
06-391	Húsnæði löggæslustofnana	28.908
06-431	SÝSLUMAÐURINN Á HVOLSVELLI	42.593
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	567.377
06-701	Biskup Íslands	82.989
07-321	Brunamálastofnun ríkisins	119.147
08-201	REKSTRARSJÓÐUR	1.176.259
08-371	Ríkisspítalar	197.807
09-901	Framkvæmdasýslan	6.586.313
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	232.780
10-101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	345.606
10-190	Ýmis verkefni	1.107.708
10-211	VEGAGERÐIN	9.551.929
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	118.275
	Rafteikning hf samtals	***21.023.476***

410288-1689 Raftæknistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	77.065
07-400	Málefni barna og ungmenna	16.270
09-901	Framkvæmdasýslan	333.671
10-211	VEGAGERÐIN	10.102.720
	Raftæknistofan hf samtals	***10.529.726***

431078-1399 Ráðbarður sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	508.800

	Ráðbarður sf samtals	***508.800***

640192-2169 Ráðvís hönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	672.998
08-201	REKSTRARSJÓÐUR	2.066.664
	Ráðvís hönnun ehf samtals	***2.739.662***

451078-0549 Símtækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-371	Ríkisspítalar	121.724
10-211	VEGAGERÐIN	84.530
	Símtækni ehf samtals	***206.254***

420675-0389 Skipatækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	93.414
10-190	Ýmis verkefni	171.076
	Skipatækni ehf samtals	***264.490***

480888-1549 Stoð sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-271	Bændaskólinn á Hólum	1.315.282
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	185.257
	Stoð sf samtals	***1.500.539***

701292-2439 Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-901	Húsameistari ríkisins	9.960
10-211	VEGAGERÐIN	366.591
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	504.973
	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***881.524***

440693-2539 Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-981	Kvikmyndasjóður	513.838
	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf samtals	***513.838***

620774-0149 Tækniþjónusta Vestfjarða ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	143.237
	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf samtals	***143.237***

650883-0399 Tækniþjónustan ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnk.	316.385

02-362	FRAMHALDSSKÓLINN Á HÚSAVÍK	3.113
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	99.600
	Tækniþjónustan ehf samtals	***419.098***

510286-2009 Tölvu- og verkfræðiþjónustan

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	192.822
02-201	Háskóli Íslands	34.619
02-231	Rannsóknaráð Islands	9.179
02-430	Samskiptamiðst. heyrnarlausra og-skertra	9.143
09-995	Skýrsluvélakostnaður	12.077
10-651	Ferðamálaráð	7.044
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	13.521
	Tölvu- og verkfræðiþjónustan samtals	***278.405***

501293-2459 Útrás ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-190	Ýmis verkefni	2.187.572
	Útrás ehf samtals	***2.187.572***

530994-2799 Verkfræðistofa Austurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	457.039
10-211	VEGAGERÐIN	3.061.671
	Verkfræðistofa Austurlands ehf samtals	***3.518.710***

600188-1949 Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	215.136
10-211	VEGAGERÐIN	2.565.720
	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***2.780.856***

620185-1169 Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	392.454
01-101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	89.834
07-400	Máleíni barna og ungmenna	30.154
09-901	Framkvæmdasýslan	286.350
	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf samtals	***798.792***

701293-4609 Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	23.743
10-211	VEGAGERÐIN	2.841.057
	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf samtals	***2.864.800***

660290-1769 Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-101	Embætti forseta Íslands	25.323
00-510	Bessastaðir	526.477
02-201	Háskóli Íslands	2.775.297
02-905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	150.228
08-371	Ríkisspítalar	8.739.843
09-251	GJALDHEIMTAN Í REYKJAVÍK	36.434
09-901	Framkvæmdasýslan	984.571
11-240	Iðnaðarrannsóknir	809.250
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***14.047.423***

470277-0259 Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	178.989
	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf samtals	***178.989***

701283-1129 Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	399.032
02-904	Safnahúsið við Hverfisgötu	7.858
02-969	Menningarstofnanir,viðhald og stofnk..	658.788
05-901	Skrifstofa rannsóknast. atvinnuveganna	39.601
08-371	Ríkisspítalar	16.270.368
09-901	Framkvæmdasýslan	176.249
10-211	VEGAGERÐIN	137.800
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***17.689.696***

600991-1329 Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	1.334.744
	Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf samtals	***1.334.744***

560175-0869 Verkfræðistofa Norðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	16.390
06-501	Fangelsismálastofnun ríkisins	31.025
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	910.577
09-901	Framkvæmdasýslan	1.086.610
10-211	VEGAGERÐIN	2.433.804
	Verkfræðistofa Norðurlands ehf samtals	***4.478.406***

650778-0229 Verkfræðistofa Siglufjarðar sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	118.346
10-211	VEGAGERÐIN	338.239
14-410	Veðurstofa Íslands	1.110.101

	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***1.566.686***

611276-0289 Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	5.731.976
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	70.412
02-210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	866.891
04-311	LANDGRÆÐSLA RÍKISINS	646.565
08-101	Heilbr.og tryggingam.ráðun., aðalskrifst	316.399
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	117.950
08-371	Ríkisspítalar	4.690.059
08-430	Sjálfsbjörg,hjúkrunar-og endurhæfingarst	226.947
08-522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	178.164
09-901	Framkvæmdasýslan	8.418.647
10-211	VEGAGERÐIN	9.689.139
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***30.953.149***

711291-2379 Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	2.591.799
02-201	Háskóli Íslands	104.581
06-390	Ýmis löggæslukostnaður	113.988
07-321	Brunamálastofnun ríkisins	104.468
08-371	Ríkisspítalar	1.925.148
08-400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	38.620
08-584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	219.361
14-101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	163.059
	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***5.261.024***

430475-0299 Verkfræðistofa Stanley Páls ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	11.293
	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***11.293***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnk.	149.400
06-291	Húsnæði og búnaður dómstóla	157.173
06-433	SÝSLUMAÐURINN Á SELFOSSI	1.714
06-591	Fangelsisbyggingar	316.255
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	2.340.000
09-901	Framkvæmdasýslan	3.227.912
10-211	VEGAGERÐIN	2.372.113
10-651	Ferðamálaráð	6.857
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	183.212
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***8.754.636***

650380-0619 Verkfræðistofa Suðurnesja ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

03-101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	131.282
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	117.837
	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf samtals	***249.119***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	260.823
11-301	Orkustofnun	4.025.101
11-399	Orkumál, ýmis verkefni	253.010
12-101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	64.376
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***4.603.310***

420288-1909 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	80.427
11-699	Staðlaráð Íslands	333.858
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***414.285***

700993-2569 Verkfræðistofan Fengur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-202	Hafrannsóknastofnun	258.860
10-190	Ýmis verkefni	59.959
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins	150.000
	Verkfræðistofan Fengur ehf samtals	***468.819***

620188-1239 Verkfræðistofan Hamraborg

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	307.266
	Verkfræðistofan Hamraborg samtals	***307.266***

481191-1309 Verkfræðistofan Vatnaskil sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-301	Orkustofnun	253.124
14-221	Hollustuvernd ríkisins	124.500
	Verkfræðistofan Vatnaskil sf samtals	***377.624***

490784-0399 Verkfræðistofan Vista ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	118.426
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	52.891
02-304	MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ	114.571
06-311	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	18.152
	Verkfræðistofan Vista ehf samtals	***304.040***

621295-2259 Verkfræðiþjónusta Akraness ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	33.316

	Verkfræðiþjónusta Akraness ehf samtals	***33.316***

590785-0329 Verkvangur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-304	MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ	191.446
02-318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnk.	839.157
02-514	IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK	8.068
05-901	Skrifstofa rannsóknast. atvinnuveganna	281.027
	Verkvangur ehf samtals	***1.319.698***

710796-2899 VSB-verkfræðistofa ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	55.138
07-702	STARFSÞJÁLFUNARSTAÐURINN ÖRVI, KÓPAVOGI	39.636
	VSB-verkfræðistofa ehf samtals	***94.774***

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	742.132
02-982	Listir, framlög	508.077
06-390	Ýmis löggæslukostnaður	1.026.260
08-371	Ríkisspítalar	49.197
09-901	Framkvæmdasýslan	102.688
10-211	VEGAGERÐIN	6.156.669
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	29.137
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	283.144
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***8.897.304***

570573-0129 Önn ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	84.341
02-201	Háskóli Íslands	141.323
08-324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	437.461
08-371	Ríkisspítalar	1.595.217
09-901	Framkvæmdasýslan	249.000
	Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***2.507.342***
	Árið 1996 samtals	***312.593.832***

Yfirlit 2. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1997.

640394-2429 Alfa verkfræðistofa ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	871.500
	Alfa verkfræðistofa ehf samtals	***871.500***

470671-0179 Almenna verkfræðistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	17.629
00-510	Bessastaðir	7.320.357
02-201	Háskóli Íslands	255.466
02-903	Þjóðskjalasafn Íslands	232.536
02-969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkost	257.930
04-101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	45.025
06-311	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	21.675
06-321	Almannavarnir ríkisins	9.646
09-901	Framkvæmdasýslan	4.422.459
10-211	VEGAGERÐIN	6.612.474
10-471	Flugmálastjórn	4.704.456
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	649.496
14-221	Hollustuvernd ríkisins	700.000
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***25.249.149***

460297-2229 Ái ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnað	448.649
	Ái ehf samtals	***448.649***

520570-0639 Byggð ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	280.065
08-512	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. syðra	58.266
	Byggð ehf,verkfræðistofa samtals	***338.331***

630678-0809 Ferill ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	170.065
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	15.836
	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***185.901***

700186-1649 Fjarhitun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

08-355	Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi	166.648
09-901	Framkvæmdasýslan	1.631.916
10-101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	34.535
10-190	Ýmis verkefni	11.732
10-211	VEGAGERÐIN	35.098
	Fjarhitun hf samtals	***1.879.929***

490279-0169 Fjölhönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	10.992.730
	Fjölhönnun ehf samtals	***10.992.730***

680286-2489 Forsjá ehf - verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	734.174
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***734.174***

490197-2309 Forverk ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	14.324
08-371	Ríkisspítalar	90.202
10-211	VEGAGERÐIN	36.418
	Forverk ehf samtals	***140.944***

510573-0729 Hnit hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	42.873
01-902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	100.516
02-201	Háskóli Íslands	20.906
02-969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkost	56.514
06-311	LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	18.470
10-190	Ýmis verkefni	13.457
10-211	VEGAGERÐIN	7.192.547
11-301	Orkustofnun	5.268.809
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	2.682.988
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	5.354
14-410	Veðurstofa Íslands	333.686
	Hnit hf samtals	***15.736.120***

510393-2529 Hús og ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	127.239
	Hús og ráðgjöf ehf samtals	***127.239***

430572-0169 Hönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	28.218
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	171.190

10-211	VEGAGERÐIN	6.952.051
	Hönnun hf samtals	***7.151.459***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	886.694
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***886.694***

461282-0329 Íslenska iðntæknibjónustan ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	40.961
	Íslenska iðntæknibjónustan ehf samtals	***40.961***

641086-1509 Lagnatækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	2.128.582
	Lagnatækni ehf samtals	***2.128.582***

621079-0189 Línuhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	158.339
02-201	Háskóli Íslands	13.568.377
04-271	Bændaskólinn á Hólum	152.480
08-371	Ríkisspítalar	239.378
09-901	Framkvæmdasýslan	10.510.194
10-211	VEGAGERÐIN	33.944.973
10-471	Flugmálastjórn	1.768.756
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	358.589
11-301	Orkustofnun	98.734
14-410	Veðurstofa Íslands	623.280
	Línuhönnun hf samtals	***61.423.100***

630371-0829 Mat sf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	5.522.646
	Mat sf,verkfræðistofa samtals	***5.522.646***

480187-1729 Rafhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	1.400.753
01-201	Fasteignir forsætisráðuneytisins	68.128
02-201	Háskóli Íslands	1.345.047
02-905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	182.764
02-969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkost	282.520
04-283	Garðyrkjuskóli ríkisins	354.151
09-201	Ríkisskattstjóri	7.540
09-901	Framkvæmdasýslan	4.181.528
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	110.315

10-471	Flugmálastjórn	71.722
	Rafhönnun hf samtals	***8.004.468***

661076-0119 Raftákn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-302	MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	13.297
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	8.864
04-271	Bændaskólinn á Hólum	73.611
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	390.642
10-211	VEGAGERÐIN	97.774
10-471	Flugmálastjórn	112.981
	Raftákn ehf samtals	***697.169***

621294-3269 Rafteikning hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	657.136
02-318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnað	74.397
02-355	FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM	15.553
02-969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkost	21.847
04-261	Bændaskólinn á Hvanneyri	17.631
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	349.030
08-371	Ríkisspítalar	322.596
09-215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	73.813
09-901	Framkvæmdasýslan	2.594.031
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	310.842
10-190	Ýmis verkefni	64.258
10-211	VEGAGERÐIN	3.059.633
	Rafteikning hf samtals	***7.560.767***

410288-1689 Raftæknistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	610.050
09-901	Framkvæmdasýslan	758.483
10-211	VEGAGERÐIN	1.576.966
	Raftæknistofan hf samtals	***2.945.499***

431078-1399 Ráðbarður sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	73.600
09-901	Framkvæmdasýslan	906.875
	Ráðbarður sf samtals	***980.475***

590190-1799 Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-190	Ýmis verkefni	5.963.595
	Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf samtals	***5.963.595***

640192-2169 Ráðvís hönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	172.307
08-201	REKSTRARSJÓÐUR	1.893.980
	Ráðvís hönnun ehf samtals	***2.066.287***

451078-0549 Símtækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-221	Kennaraháskóli Íslands	616.717
10-211	VEGAGERÐIN	3.522
	Símtækni ehf samtals	***620.239***

691292-2909 Skipasýn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-208	Bygging hafrannsóknaskips	13.746.349
	Skipasýn ehf samtals	***13.746.349***

420675-0389 Skipatækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	20.500
10-190	Ýmis verkefni	166.519
	Skipatækni ehf samtals	***187.019***

510594-2669 Snertill

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	207.875
02-211	TÆKNISKÓLI ÍSLANDS	11.912
08-371	Ríkisspítalar	54.049
10-211	VEGAGERÐIN	8.190
	Snertill samtals	***282.026***

441187-1659 St. Ö. Stefánsson ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	1.284.894
	St. Ö. Stefánsson ehf samtals	***1.284.894***

420585-0639 Stoð ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-271	Bændaskólinn á Hólum	123.740
10-211	VEGAGERÐIN	217.166
	Stoð ehf samtals	***340.906***

480888-1549 Stoð sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-271	Bændaskólinn á Hólum	58.888

10-211	VEGAGERÐIN	190.000
	Stoð sf samtals	***248.888***

711296-3289 Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-355	FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM	21.805
10-471	Flugmálastjórn	22.989
	Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf samtals	***44.794***

701292-2439 Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	6.536
10-211	VEGAGERÐIN	1.264.970
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	140.309
14-410	Veðurstofa Íslands	321.210
	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***1.733.025***

620774-0149 Tækniþjónusta Vestfjarða ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	12.325
	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf samtals	***12.325***

650883-0399 Tækniþjónustan ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-362	FRAMHALDSSKÓLINN Á HÚSAVÍK	12.450
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	16.808
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	106.149
08-555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	74.775
08-556	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	147.480
	Tækniþjónustan ehf samtals	***357.662***

510286-2009 Tölvu- og verkfræðiþjónustan

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	4.358
02-361	FRAMHALDSSKÓLINN Í A-SKAFTAFELLSSÝSLU	60.818
08-301	Landlæknir	82.917
09-101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	23.172
10-211	VEGAGERÐIN	7.283
13-101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	18.737
	Tölvu- og verkfræðiþjónustan samtals	***197.285***

520587-1289 Útgerðartækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	2.066.606
	Útgerðartækni ehf samtals	***2.066.606***

530994-2799 Verkfræðistofa Austurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	1.001.851
10-211	VEGAGERÐIN	1.839.571
10-471	Flugmálastjórn	1.213.327
	Verkfræðistofa Austurlands ehf samtals	***4.054.749***

600188-1949 Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	599.234
10-471	Flugmálastjórn	1.347.272
	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***1.946.506***

620185-1169 Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	1.286.397
09-901	Framkvæmdasýslan	281.846
	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf samtals	***1.568.243***

701293-4609 Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	224.939
10-211	VEGAGERÐIN	4.911.111
	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf samtals	***5.136.050***

660290-1769 Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-510	Bessastaðir	1.389.981
02-201	Háskóli Íslands	3.783.139
02-211	TÆKNISKÓLI ÍSLANDS	22.758
02-905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	146.921
02-969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkost	486.858
05-901	Skrifstofa rannsóknast. atvinnuveganna	57.351
08-371	Ríkisspítalar	8.818.777
08-430	Sjálfsbjörg,hjúkrunar-og endurhæfingarst	7.847
09-251	GJALDHEIMTAN Í REYKJAVÍK	19.921
09-901	Framkvæmdasýslan	304.900
10-211	VEGAGERÐIN	67.050
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***15.105.503***

470277-0259 Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	425.229
08-301	Landlæknir	320.104
	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf samtals	***745.333***

701283-1129 Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	386.423
02-221	Kennaraháskóli Íslands	2.822
02-269	Háskóla-og vísindast., viðhald og stofnk	226.091
02-903	Þjóðskjalasafn Íslands	39.380
05-901	Skrifstofa rannsóknast. atvinnuveganna	25.866
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	14.330
08-371	Ríkisspítalar	21.150.247
09-901	Framkvæmdasýslan	46.592
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***21.891.751***

600991-1329 Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	1.523.876
	Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf samtals	***1.523.876***

560175-0869 Verkfræðistofa Norðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-302	MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	22.019
02-359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	92.879
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	65.839
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	937.868
09-901	Framkvæmdasýslan	2.409.294
10-211	VEGAGERÐIN	999.239
10-471	Flugmálastjórn	1.709.676
	Verkfræðistofa Norðurlands ehf samtals	***6.236.814***

650778-0229 Verkfræðistofa Siglufjarðar sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	18.326
14-410	Veðurstofa Íslands	247.406
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***265.732***

611276-0289 Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	2.369.530
02-302	MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	105.803
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	123.696
08-371	Ríkisspítalar	571.169
08-430	Sjálfsbjörg,hjúkrunar-og endurhæfingarst	14.582
09-901	Framkvæmdasýslan	7.096.834
10-211	VEGAGERÐIN	7.822.940
10-471	Flugmálastjórn	3.450.024
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	180.114
11-301	Orkustofnun	626.383
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***22.361.075***

711291-2379 Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	843.535
07-321	Brunamálastofnun ríkisins	429.980
08-371	Ríkisspítalar	650.729
08-400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	20.323
08-571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	14.109
09-901	Framkvæmdasýslan	1.647.728
	Verktræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***3.606.404***

430475-0299 Verkfræðistofa Stanley Páls ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	315.581
09-901	Framkvæmdasýslan	89.901
09-999	Ýmis verkefni	170.038
	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***575.520***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	6.225
02-318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnað	199.200
02-357	fJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS	13.969
04-283	Garðyrkjuskóli ríkisins	181.769
04-321	Skógrækt ríkisins	36.056
06-291	Húsnæði og búnaður dómstóla	47.341
09-901	Framkvæmdasýslan	2.176.837
10-211	VEGAGERÐIN	1.540.103
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***4.201.500***

650380-0619 Verkfræðistofa Suðurnesja ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
03-101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	91.094
09-901	Framkvæmdasýslan	871.500
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	182.188
	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf samtals	***1.144.782***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	5.365
11-301	Orkustofnun	3.658.847
11-399	Orkumál, ýmis verkefni	256.111
12-302	Löggildingarstofa	27.355
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***3.947.678***

420288-1909 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	333.013

12-302	Löggildingarstofa	102.284
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***435.297***

610678-0419 Verkfræðistofan Burður ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	684.750
	Verkfræðistofan Burður ehf samtals	***684.750***

700993-2569 Verkfræðistofan Fengur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-202	Hafrannsóknastofnun	91.080
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	188.190
10-190	Ýmis verkefni	35.310
	Verkfræðistofan Fengur ehf samtals	***314.580***

620188-1239 Verkfræðistofan Hamraborg

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	582.920
	Verkfræðistofan Hamraborg samtals	***582.920***

481191-1309 Verkfræðistofan Vatnaskil sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	1.241.888
14-221	Hollustuvernd ríkisins	124.500
	Verkfræðistofan Vatnaskil sf samtals	***1.366.388***

490784-0399 Verkfræðistofan Vista ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	56.017
02-304	MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ	45.692
02-903	Þjóðskjalasafn Íslands	23.979
04-321	Skógrækt ríkisins	774.314
05-202	Hafrannsóknastofnun	41.290
	Verkfræðistofan Vista ehf samtals	***941.292***

621295-2259 Verkfræðiþjónusta Akraness ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-354	FJÖLBRAUTASKÓLI VESTURLANDS	6.707
09-901	Framkvæmdasýslan	368.052
	Verkfræðiþjónusta Akraness ehf samtals	***374.759***

700197-3289 Verkfræðiþjónustan ehf,Hornaf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	82.170
10-471	Flugmálastjórn	40.712
14-190	Ýmis verkefni	622.500

	Verkfræðiþjónustan ehf,Hornaf samtals	***745.382***

590785-0329 Verkvangur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-304	MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ	49.575
02-318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnað	117.080
02-350	FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI	301.769
05-901	Skrifstofa rannsóknast. atvinnuveganna	105.812
	Verkvangur ehf samtals	***574.236***

510193-2889 Verkþjónusta Kristjáns ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-516	IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI	10.200
	Verkþjónusta Kristjáns ehf samtals	***10.200***

710796-2899 VSB-verkfræðistofa ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	7.192
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	281.335
09-901	Framkvæmdasýslan	1.381.950
	VSB-verkfræðistofa ehf samtals	***1.670.477***

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	37.132
02-201	Háskóli Íslands	3.472.279
02-523	Fósturskóli Íslands	7.097
02-982	Listir, framlög	2.137.463
06-101	Dóms-og kirkjumálaráðun., aðalskrifstofa	580.873
08-371	Ríkisspítalar	11.618.129
09-901	Framkvæmdasýslan	21.669
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	986.047
10-211	VEGAGERÐIN	19.989.615
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins	211.299
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***39.061.603***

591087-1269 WVS-verkfræðiþjónusta

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-317	Sameignir skólanna á Laugarvatni	15.494
	WVS-verkfræðiþjónusta samtals	***15.494***

570573-0129 Önn ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	74.683
08-324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	128.884
08-371	Ríkisspítalar	623.320
09-901	Framkvæmdasýslan	4.716.786

Önn ehf,verkfræðistofa samtals	*5.543.673*
Árið 1997 samtals	*329.830.953*

Yfirlit 2. Kaup A-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1998.

640394-2429 Alfa verkfræðistofa ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	154.629
	Alfa verkfræðistofa ehf samtals	***154.629***

470671-0179 Almenna verkfræðistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-205	Mannvirkjagerð á Bessastöðum	11.087.584
02-201	Háskóli Íslands	76.270
02-969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkost	289.270
04-841	Fiskeldisrannsóknir	34.371
09-901	Framkvæmdasýslan	36.155.390
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	2.842.609
10-211	VEGAGERÐIN	11.241.318
10-471	Flugmálastjórn	3.047.182
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	65.785
14-221	Hollustuvernd ríkisins	384.000
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***65.223.779***

460297-2229 Ái ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-316	Fasteignir framhaldsskóla	210.655
	Ái ehf samtals	***210.655***

520570-0639 Byggð ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	261.300
08-512	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. syðra	202.139
	Byggð ehf,verkfræðistofa samtals	***463.439***

591087-1189 EBH-verkfræðiþjónusta

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-231	Málskostnaður í opinberum málum	181.670
	EBH-verkfræðiþjónusta samtals	***181.670***

630678-0809 Ferill ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	229.053
	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***229.053***

700186-1649 Fjarhitun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

05-272	Sjávarútvegshúsið	369.337
08-745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	160.774
09-901	Framkvæmdasýslan	16.215.689
11-301	Orkustofnun	94.813
	Fjarhitun hf samtals	***16.840.613***

490279-0169 Fjölhönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	6.689.658
	Fjölhönnun ehf samtals	***6.689.658***

680286-2489 Forsjá ehf - verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	622.500
08-512	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. syðra	9.776
09-901	Framkvæmdasýslan	66.007
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	1.887.017
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***2.585.300***

490197-2309 Forverk ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	68.767
09-901	Framkvæmdasýslan	187.088
10-211	VEGAGERÐIN	28.005
	Forverk ehf samtals	***283.860***

510285-1159 Geca ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.153.692
	Geca ehf samtals	***1.153.692***

680198-2259 Hljóðvist & hönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-362	Framhaldsskólinn á Húsavík	32.000
08-761	Heilbrigðisstofnunin Húsavík	9.992.619
	Hljóðvist & hönnun ehf samtals	***10.024.619***

650298-2689 Hljóðvist ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-972	Íslenski dansflokkurinn	182.975
	Hljóðvist ehf samtals	***182.975***

510573-0729 Hnit hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-205	Mannvirkjagerð á Bessastöðum	155.022
02-201	Háskóli Íslands	18.675
04-831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	22.056
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	11.538

09-984	Fasteignir ríkissjóðs	20.000
10-211	VEGAGERÐIN	12.475.097
11-301	Orkustofnun	3.132.767
14-301	Skipulagsstofnun	131.340
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	87.150
14-410	Veðurstofa Íslands	5.376.890
	Hnit hf samtals	***21.430.535***

510393-2529 Hús og ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	46.003
	Hús og ráðgjöf ehf samtals	***46.003***

430572-0169 Hönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	96.964
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	497.322
10-211	VEGAGERÐIN	5.424.435
11-240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	35.654
14-221	Hollustuvernd ríkisins	1.786.901
	Hönnun hf samtals	***7.841.276***

600298-2329 Hönnun og ráðgjöf Akranesi ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
14-410	Veðurstofa Íslands	31.299
	Hönnun og ráðgjöf Akranesi ehf samtals	***31.299***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-765	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	156.497
09-901	Framkvæmdasýslan	1.600.330
10-211	VEGAGERÐIN	139.705
14-410	Veðurstofa Íslands	342.375
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***2.238.907***

480598-2539 Klettur verkfræðistofa ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	30.503
10-211	VEGAGERÐIN	622.500
14-410	Veðurstofa Íslands	109.062
	Klettur verkfræðistofa ehf samtals	***762.065***

641086-1509 Lagnatækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	9.049
09-901	Framkvæmdasýslan	1.175.853
	Lagnatækni ehf samtals	***1.184.902***

621079-0189 Línuhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	702.546
01-205	Mannvirkjagerð á Bessastöðum	2.252.296
02-201	Háskóli Íslands	12.316.006
04-311	Landgræðsla ríkisins	338.142
08-371	Ríkisspítalar	960.258
08-430	Sjálfsbjörg,hjúkrunar-og endurhæfingarst	56.953
09-901	Framkvæmdasýslan	20.940.235
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	613.498
10-211	VEGAGERÐIN	66.073.670
10-471	Flugmálastjórn	160.552
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	250.000
	Línuhönnun hf samtals	***104.664.156***

630371-0829 Mat sf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	6.148.510
	Mat sf,verkfræðistofa samtals	***6.148.510***

670379-0439 Rafhönnun - VBH ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	10.100
	Rafhönnun - VBH ehf samtals	***10.100***

480187-1729 Rafhönnun hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-205	Mannvirkjagerð á Bessastöðum	4.589.311
02-201	Háskóli Íslands	539.936
04-283	Garðyrkjuskóli ríkisins	383.627
08-421	Víðines	727.378
09-901	Framkvæmdasýslan	17.018.670
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	965.322
11-301	Orkustofnun	75.270
12-302	Löggildingarstofa	87.636
	Rafhönnun hf samtals	***24.387.150***

420198-2999 Raflagnateiknist Thomasar K ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	112.050
	Raflagnateiknist Thomasar K ehf samtals	***112.050***

661076-0119 Raftákn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-302	Menntaskólinn á Akureyri	9.873
02-359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	238.852
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.360.429
08-745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	46.476
10-211	VEGAGERÐIN	74.501

	Raftákn ehf samtals	***1.730.131***

621294-3269 Rafteikning hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	42.946
02-301	Menntaskólinn í Reykjavík	16.011
05-272	Sjávarútvegshúsið	395.489
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	61.252
06-213	Héraðsdómur Vestfjarða	5.940
06-305	Lögregluskóli ríkisins	116.756
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	33.822
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	37.281
07-999	Félagsmál, ýmis starfsemi	29.699
08-201	REKSTRARSJÓÐUR	26.159
08-371	Ríkisspítalar	362.608
09-215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	24.101
09-262	Tollstjórinn í Reykjavík	357.492
09-901	Framkvæmdasýslan	2.195.342
09-980	Rekstrarfél. stjórnarráðsb. v.Arnarhól	20.981
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	2.304.299
10-211	VEGAGERÐIN	535.030
10-471	Flugmálastjórn	1.561.256
11-699	Staðlaráð Íslands	199.200
	Rafteikning hf samtals	***8.325.664***

410288-1689 Raftæknistofan hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	1.671.239
02-318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	1.678.311
08-512	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. syðra	76.624
09-901	Framkvæmdasýslan	923.436
10-211	VEGAGERÐIN	576.530
	Raftæknistofan hf samtals	***4.926.140***

691289-2069 Raftækniþjónusta Trausta ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	691
	Raftækniþjónusta Trausta ehf samtals	***691***

610584-1019 Raförninn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-327	Geislavarnir ríkisins	367.725
	Raförninn ehf samtals	***367.725***

431078-1399 Ráðbarður sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	32.000
	Ráðbarður sf samtals	***32.000***

590190-1799 Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
03-390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	21.987
06-390	Ýmis löggæslukostnaður	2.000.000
	Ráðgarður,skiparáðgjöf ehf samtals	***2.021.987***

640192-2169 Ráðvís hönnun ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	678.629
08-201	REKSTRARSJÓÐUR	1.136.494
	Ráðvís hönnun ehf samtals	***1.815.123***

451078-0549 Símtækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-215	Kennaraháskóli Íslands	365.333
02-269	Háskóla-og vísindast., viðhald og stofnk	103.523
10-211	VEGAGERÐIN	316.489
	Símtækni ehf samtals	***785.345***

550698-3159 Skinfaxi ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-471	Flugmálastjórn	104.268
	Skinfaxi ehf samtals	***104.268***

691292-2909 Skipasýn ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-208	Bygging hafrannsóknaskips	2.971.737
	Skipasýn ehf samtals	***2.971.737***

420675-0389 Skipatækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-190	Ýmis verkefni	100.927
	Skipatækni ehf samtals	***100.927***

510594-2669 Snertill

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	83.135
02-211	Tækniskóli Íslands	107.356
	Snertill samtals	***190.491***

441187-1659 St. Ö. Stefánsson ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	4.311.759
	St. Ö. Stefánsson ehf samtals	***4.311.759***

620269-1589 Stefán Sigurðsson ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	299.998
	Stefán Sigurðsson ehf samtals	***299.998***

420585-0639 Stoð ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-271	Bændaskólinn á Hólum	26.295
10-211	VEGAGERÐIN	238.655
	Stoð ehf samtals	***264.950***

460295-2389 Strendingur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	887.311
	Strendingur ehf samtals	***887.311***

711296-3289 Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-781	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	5.029.668
10-471	Flugmálastjórn	3.526.554
	Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf samtals	***8.556.222***

701292-2439 Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	1.341.412
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	106.564
	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***1.447.976***

530197-2719 Tækniþjónusta SÁ ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	1.061.781
	Tækniþjónusta SÁ ehf samtals	***1.061.781***

620774-0149 Tækniþjónusta Vestfjarða ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
08-725	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	57.519
	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf samtals	***57.519***

650883-0399 Tækniþjónustan ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-362	Framhaldsskólinn á Húsavík	7.500
02-969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkost	115.785
10-471	Flugmálastjórn	578.989
	Tækniþjónustan ehf samtals	***702.274***

510286-2009 Tölvu- og verkfræðiþjónustan

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	31.561
02-201	Háskóli Íslands	36.462
02-215	Kennaraháskóli Íslands	5.385
02-231	Ranńsóknaráð Islands	37.839
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	4.482
05-202	Hafrannsóknastofnun	10.021
05-211	Kvótaþing, lög nr. 11/1998	443.223
05-211	Kvótaþing Íslands	42.921
12-902	Samkeppnisstofnun	6.256
13-101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	133.842
	Tölvu- og verkfræðiþjónustan samtals	***751.992***

510195-2729 Umsjá ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	180.525
08-584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	176.790
	Umsjá ehf samtals	***357.315***

520587-1289 Útgerðartækni ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	303.197
	Útgerðartækni ehf samtals	***303.197***

530994-2799 Verkfræðistofa Austurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-321	Skógrækt ríkisins	132.281
09-901	Framkvæmdasýslan	2.357.153
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	371.166
10-211	VEGAGERÐIN	19.173
10-471	Flugmálastjórn	1.015.933
	Verkfræðistofa Austurlands ehf samtals	***3.895.706***

600188-1949 Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	312.371
	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***312.371***

620185-1169 Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-205	Mannvirkjagerð á Bessastöðum	2.052.242
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	1.176.525
	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf samtals	***3.228.767***

701293-4609 Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	3.996.340

14-381	Ofanflóðasjóður	162.991
	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf samtals	***4.159.331***

450298-2639 Verkfræðistofa Guðjóns Þ.S ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	570.000
	Verkfræðistofa Guðjóns Þ.S ehf samtals	***570.000***

660290-1769 Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-205	Mannvirkjagerð á Bessastöðum	1.051.738
02-201	Háskóli Íslands	2.641.296
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	11.302
02-318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	464.714
02-905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	30.503
02-969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkost	286.105
04-283	Garðyrkjuskóli ríkisins	40.525
08-371	Ríkisspítalar	7.614.546
09-901	Framkvæmdasýslan	3.826.148
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	79.115
10-471	Flugmálastjórn	226.557
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	313.336
11-240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	348.600
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***16.934.485***

470277-0259 Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	205.517
08-301	Landlæknir	36.708
	Verkfræðistofa Helga Sigv, ehf samtals	***242.225***

701283-1129 Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-215	Kennaraháskóli Íslands	12.086
02-269	Háskóla-og vísindast., viðhald og stofnk	22.913
02-969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkost	151.081
05-901	Skrifstofa rannsóknast. atvinnuveganna	37.756
08-371	Ríkisspítalar	20.678.248
09-901	Framkvæmdasýslan	1.493.974
	Verkfræðistofa Jóhanns indr ehf samtals	***22.396.058***

560175-0869 Verkfræðistofa Norðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-302	Menntaskólinn á Akureyri	75.000
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	58.261
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	309.750
09-901	Framkvæmdasýslan	2.402.278
10-211	VEGAGERÐIN	1.672.702
10-471	Flugmálastjórn	1.546.060

	Verkfræðistofa Norðurlands ehf samtals	***6.064.051***

611276-0289 Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	1.593.534
02-210	Háskólinn á Akureyri	36.975
02-302	Menntaskólinn á Akureyri	75.000
02-316	Fasteignir framhaldsskóla	32.636
02-989	Ýmis íþróttamál	201.820
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	732.231
08-371	Ríkisspítalar	1.997.635
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	435.939
09-901	Framkvæmdasýslan	19.760.701
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	49.984
10-211	VEGAGERÐIN	18.947.650
10-471	Flugmálastjórn	2.418.966
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	43.688
11-301	Orkustofnun	1.194.263
14-410	Veðurstofa Íslands	12.545
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***47.533.567***

711291-2379 Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
00-201	Alþingi	1.160.282
01-101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	405.048
08-371	Ríkisspítalar	1.616.804
09-901	Framkvæmdasýslan	7.378.925
09-980	Rekstrarfél. stjórnarráðsb. v.Arnarhól	441.950
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	355.029
14-321	Brunamálastofnun ríkisins	389.679
	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***11.747.717***

430475-0299 Verkfræðistofa Stanley Páls ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	1.291.804
	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***1.291.804***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	7.018
02-357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	829.295
04-283	Garðyrkjuskóli ríkisins	19.198
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	1.165.422
09-901	Framkvæmdasýslan	3.407.471
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	117.899
10-211	VEGAGERÐIN	7.177.151
10-651	Ferðamálaráð	218.056
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***12.941.510***

650380-0619 Verkfræðistofa Suðurnesja ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-901	Framkvæmdasýslan	5.298.710
	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf samtals	***5.298.710***

520187-1389 Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	255.763
	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf samtals	***255.763***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
11-301	Orkustofnun	3.680.973
11-399	Ýmis orkumál	1.785.300
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***5.466.273***

420288-1909 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	37.001
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***37.001***

610678-0419 Verkfræðistofan Burður ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	2.800.578
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	235.878
09-901	Framkvæmdasýslan	94.994
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	392.156
	Verkfræðistofan Burður ehf samtals	***3.523.606***

481191-1309 Verkfræðistofan Vatnaskil sf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
10-211	VEGAGERÐIN	3.289.912
	Verkfræðistofan Vatnaskil sf samtals	***3.289.912***

490784-0399 Verkfræðistofan Vista ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	169.352
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	46.944
02-210	Háskólinn á Akureyri	25.834
02-356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	25.000
05-202	Hafrannsóknastofnun	1.189.142
10-211	VEGAGERÐIN	109.561
14-410	Veðurstofa Íslands	54.531
	Verkfræðistofan Vista ehf samtals	***1.620.364***

621295-2259 Verkfræðiþjónusta Akraness ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

09-901	Framkvæmdasýslan	20.350
	Verkfræðiþjónusta Akraness ehf samtals	***20.350***

700197-3289 Verkfræðiþjónustan ehf,Hornaf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
04-831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	40.463
	Verkfræðiþjónustan ehf,Hornaf samtals	***40.463***

590785-0329 Verkvangur ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	19.621
05-901	Skrifstofa rannsóknast. atvinnuveganna	44.988
	Verkvangur ehf samtals	***64.609***

510193-2889 Verkþjónusta Kristjáns ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	563.661
02-353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	152.699
	Verkþjónusta Kristjáns ehf samtals	***716.360***

710796-2899 VSB-verkfræðistofa ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	83.962
09-901	Framkvæmdasýslan	5.099.544
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	718.604
	VSB-verkfræðistofa ehf samtals	***5.902.110***

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
01-251	Safnahús	110.631
02-201	Háskóli Íslands	333.073
02-318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	5.041.498
02-564	Listdansskólinn	52.009
02-972	Íslenski dansflokkurinn	58.438
02-982	Listir, framlög	3.347.991
06-390	Ýmis löggæslukostnaður	4.159.386
06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	312.682
08-370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	2.567.234
08-371	Ríkisspítalar	4.318.102
09-901	Framkvæmdasýslan	7.822.646
10-211	VEGAGERÐIN	17.506.760
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	24.277
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	37.298
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***45.692.025***

581296-2669 VSÓ-ráðgjöf á Akureyri ehf

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
05-202	Hafrannsóknastofnun	80.000
	VSÓ-ráðgjöf á Akureyri ehf samtals	***80.000***

570573-0129 Önn ehf,verkfræðistofa

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
02-201	Háskóli Íslands	799.274
08-371	Ríkisspítalar	226.821
08-514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturb.umdæmi	26.319
09-901	Framkvæmdasýslan	497.032
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	540.000
	Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***2.089.446***
	Árið 1998 samtals	***520.870.002***

Yfirlit 3. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1991.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1991			
22 Menntamálaráðuneyti			
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		1.649.751
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf		5.710
590785-0329	Verkvangur ehf		132.183
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		51.015
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		23.567
		22 Menntamálaráðuneyti samtals	*1.862.226*
23 Utanríkisráðuneyti			
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf		47.793.598
		23 Utanríkisráðuneyti samtals	*47.793.598*
25 Sjávarútvegsráðuneyti			
700186-1649	Fjarhitun hf		1.213.349
490279-0169	Fjölhönnun ehf		109.261
		25 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*1.322.610*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1991		
29 Fjármálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	10.436.406
700186-1649	Fjarhitun hf	993.333
490279-0169	Fjölhönnun ehf	596.508
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	3.799.126
510573-0729	Hnit hf	85.293
430572-0169	Hönnun hf	640.478
641086-1509	Lagnatækni ehf	2.534.693
621079-0189	Línuhönnun hf	4.994.085
480187-1729	Rafhönnun hf	16.122.892
430682-0409	Rafmiðstöðin sf	585.657
661076-0119	Raftákn ehf	1.380.325
410288-1689	Raftæknistofan hf	956.855
430975-0489	Ráðgjöf ehf	18.202
451078-0549	Símtækni ehf	57.574
480888-1549	Stoð sf	28.758
620774-0149	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf	551.059
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	380.322
690476-0109	Tækniþjónustan sf	9.076
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf	106.790
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	245.077
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	16.865.980
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	11.987.040
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	2.567.082
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	230.479
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	25.504.036
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	703.596
	29 Fjármálaráðuneyti samtals	*102.380.722*
30 Samgönguráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	23.962.315
410382-0249	Aquasoft ehf	639.307
510573-0729	Hnit hf	1.160.512
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf	3.338.247
621079-0189	Línuhönnun hf	2.204.605
480187-1729	Rafhönnun hf	9.017.211
410288-1689	Raftæknistofan hf	149.220
650883-0399	Tækniþjónustan ehf	25.884
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf	1.061.661
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf	24.315
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	4.144.655
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	21.022
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf	60.016
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf	145.099
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf	66.194
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	13.485.300
	30 Samgönguráðuneyti samtals	*59.505.563*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1991			
31 Iðnaðarráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		692.986
700186-1649	Fjarhitun hf		147.961
510573-0729	Hnit hf		14.957
670284-0509	Hugvél,verkfræðistofa		55.470
621079-0189	Línuhönnun hf		1.334.220
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf		50.172
480187-1729	Rafhönnun hf		120.362
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		8.997
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		4.397.773
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		466.321
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		212.501
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf		406.142
620188-1239	Verkfræðistofan Hamraborg		38.834
590785-0329	Verkvangur ehf		72.895
591087-1269	WVS-verkfræðiþjónusta		2.992.684
		31 Iðnaðarráðuneyti samtals	*11.012.275*
		Árið 1991 samtals	***223.876.994***

Yfirlit 3. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1992.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1992			
22 Menntamálaráðuneyti			
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		1.455.487
620774-0149	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf		19.644
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		1.037.017
		22 Menntamálaráðuneyti samtals	*2.512.148*
23 Utanríkisráðuneyti			
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf		51.483.419
610678-0419	Verkfræðistofan Burður ehf		950.172
621091-1079	Þ.Eiríksson ehf		235.809
		23 Utanríkisráðuneyti samtals	*52.669.400*
25 Sjávarútvegsráðuneyti			
700186-1649	Fjarhitun hf		2.409.778
		25 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*2.409.778*
29 Fjármálaráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		1.217.516
700186-1649	Fjarhitun hf		176.193
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa		2.124.811
430572-0169	Hönnun hf		1.577.267
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		3.272.229
641086-1509	Lagnatækni ehf		874.382
621079-0189	Línuhönnun hf		3.413.563
480187-1729	Rafhönnun hf		15.348.315
661076-0119	Raftákn ehf		1.169.602
410288-1689	Raftæknistofan hf		1.719.129
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		11.232.944
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		29.870
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		2.741.443
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		1.480.647
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		1.870.025
621091-1079	Þ.Eiríksson ehf		211.650
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		748.946
		29 Fjármálaráðuneyti samtals	*49.208.532*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1992			
30 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		27.636.914
410382-0249	Aquasoft ehf		186.700
700186-1649	Fjarhitun hf		14.871
510573-0729	Hnit hf		584.303
430572-0169	Hönnun hf		85.945
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		752.737
621079-0189	Línuhönnun hf		295.352
560986-1309	Nýja teiknistofan ehf		58.935
480187-1729	Rafhönnun hf		10.903.214
410288-1689	Raftæknistofan hf		20.849
620774-0149	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf		35.692
600188-1949	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf		765.413
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		4.067.316
491188-1469	Verkfræðistofa Keflavíkur ehf		24.655
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		602.049
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		15.455
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf		14.791
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		8.254.007
		30 Samgönguráðuneyti samtals	*54.319.198*
31 Iðnaðarráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		1.913.892
591087-1189	EBH-verkfræðiþjónusta		61.488
700186-1649	Fjarhitun hf		280.242
670284-0509	Hugvél,verkfræðistofa		253.644
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		328.596
621079-0189	Línuhönnun hf		9.326.956
480888-1549	Stoð sf		30.727
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		1.400.640
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		5.429.957
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		1.172.305
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf		1.142.778
591087-1269	WVS-verkfræðiþjónusta		1.517.587
		31 Iðnaðarráðuneyti samtals	*22.858.812*
		Árið 1992 samtals	***183.977.868***

Yfirlit 3. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1993.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1993			
22 Menntamálaráðuneyti			
480187-1729	Rafhönnun hf		339.677
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		93.001
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		1.263.530
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf		18.421
		22 Menntamálaráðuneyti samtals	*1.714.629*
23 Utanríkisráðuneyti			
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf		3.394.828
610678-0419	Verkfræðistofan Burður ehf		742.207
		23 Utanríkisráðuneyti samtals	*4.137.035*
24 Landbúnaðarráðuneyti			
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		148.802
		24 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*148.802*
25 Sjávarútvegsráðuneyti			
700186-1649	Fjarhitun hf		88.755
		25 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*88.755*
28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti			
621079-0189	Línuhönnun hf		1.455.841
620884-0579	Ráðtækni,ráðgjöf		3.374.422
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		59.488
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		69.319
		28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*4.959.070*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1993			
29 Fjármálaráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		2.929.185
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa		155.146
700186-1649	Fjarhitun hf		1.208.887
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa		28.907
430572-0169	Hönnun hf		216.119
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		665.600
641086-1509	Lagnatækni ehf		141.039
621079-0189	Línuhönnun hf		7.800.804
480187-1729	Rafhönnun hf		26.372.442
430682-0409	Rafmiðstöðin sf		222.319
661076-0119	Raftákn ehf		997.744
410288-1689	Raftæknistofan hf		640.000
440693-2539	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf		265.694
620774-0149	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf		14.280
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		8.295.861
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		289.729
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		5.848.362
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		248.010
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf		210.095
520187-1389	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf		362.919
621287-1179	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf		1.381.612
590785-0329	Verkvangur ehf		388.409
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		1.237.893
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		344.389
		29 Fjármálaráðuneyti samtals	*60.265.445*
30 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		9.628.800
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa		286.350
700186-1649	Fjarhitun hf		140.063
510573-0729	Hnit hf		900.349
430572-0169	Hönnun hf		696.551
621079-0189	Línuhönnun hf		177.629
480187-1729	Rafhönnun hf		17.195.502
480888-1549	Stoð sf		75.870
440693-2539	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf		102.560
650883-0399	Tækniþjónustan ehf		122.061
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		308.765
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		1.843.147
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		491.941
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		1.094.630
650380-0619	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf		53.586
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		116.447
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		1.188.022
		30 Samgönguráðuneyti samtals	*34.422.273*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1993			
31 Iðnaðarráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		1.336.185
591087-1189	EBH-verkfræðiþjónusta		434.251
700186-1649	Fjarhitun hf		2.095.809
670284-0509	Hugvél,verkfræðistofa		155.360
430572-0169	Hönnun hf		9.600
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		685.452
621079-0189	Línuhönnun hf		6.570.432
480888-1549	Stoð sf		245.916
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		190.800
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		3.946.524
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		10.055.419
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		355.198
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		2.446.240
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf		902.211
591087-1269	WVS-verkfræðiþjónusta		1.281.343
		31 Iðnaðarráðuneyti samtals	*30.710.740*
77			
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		3.633
		77 samtals	*3.633*
		Árið 1993 samtals	***136.450.382***

Yfirlit 3. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1994.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1994		
22 Menntamálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	33.556
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	16.248
480187-1729	Rafhönnun hf	100.864
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	7.806
701293-4609	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf	73.289
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	1.598.225
590785-0329	Verkvangur ehf	155.056
621091-1079	Þ.Eiríksson ehf	23.461
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	250.874
	22 Menntamálaráðuneyti samtals	*2.259.379*
23 Utanríkisráðuneyti		
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf	3.062.892
610678-0419	Verkfræðistofan Burður ehf	837.263
	23 Utanríkisráðuneyti samtals	*3.900.155*
24 Landbúnaðarráðuneyti		
510573-0729	Hnit hf	38.869
	24 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*38.869*
25 Sjávarútvegsráðuneyti		
700186-1649	Fjarhitun hf	512.940
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	120.104
	25 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*633.044*
28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
621079-0189	Línuhönnun hf	143.082
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	1.402.904
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	608.183
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	452.725
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf	13.416
	28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*2.620.310*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1994			
29 Fjármálaráðuneyti			
600694-2009	Allrahanda rekstur ehf		133.323
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		704.950
700186-1649	Fjarhitun hf		84.924
430572-0169	Hönnun hf		165.172
641086-1509	Lagnatækni ehf		58.498
621079-0189	Línuhönnun hf		2.530.682
480187-1729	Rafhönnun hf		12.511
410288-1689	Raftæknistofan hf		69.119
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan		7.044
701293-4609	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf		115.063
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		778.079
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		261.248
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		299.362
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf		16.197
520187-1389	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf		468.929
621287-1179	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf		866.768
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		1.956.413
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		304.760
		29 Fjármálaráðuneyti samtals	*8.833.042*
30 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		4.188.297
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa		1.851.966
700186-1649	Fjarhitun hf		664.579
510573-0729	Hnit hf		880.870
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		128.591
621079-0189	Línuhönnun hf		386.309
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf		28.760
480187-1729	Rafhönnun hf		10.315.961
410288-1689	Raftæknistofan hf		53.925
440693-2539	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf		165.299
620185-1169	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf		507.577
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		2.762.387
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		933.307
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		61.227
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		1.764.515
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		599.803
		30 Samgönguráðuneyti samtals	*25.293.373*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1994			
31 Iðnaðarráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		2.962.586
591087-1189	EBH-verkfræðiþjónusta		612.480
700186-1649	Fjarhitun hf		526.140
670284-0509	Hugvél,verkfræðistofa		50.896
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		271.788
621079-0189	Línuhönnun hf		5.881.771
670379-0439	Rafhönnun - VBH ehf		154.800
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		57.000
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf		313.410
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		1.931.157
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		9.530.552
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		1.782.628
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		8.930.029
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf		3.672.584
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf		29.250
591087-1269	WVS-verkfræðiþjónusta		1.014.236
		31 Iðnaðarráðuneyti samtals	*37.721.307*
		Árið 1994 samtals	***81.299.479***

Yfirlit 3. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1995.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1995		
22 Menntamálaráðuneyti		
510573-0729	Hnit hf	13.191
621294-3269	Rafteikning hf	1.981.940
510286-2009	Tölvu- og verkfræðiþjónustan	67.230
701293-4609	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf	10.427
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	1.482.781
590785-0329	Verkvangur ehf	364.969
	22 Menntamálaráðuneyti samtals	*3.920.538*
23 Utanríkisráðuneyti		
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa	789.449
550494-2569	Verkfræðistofa Kópavogs	73.654
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf	3.210.277
	23 Utanríkisráðuneyti samtals	*4.073.380*
24 Landbúnaðarráðuneyti		
510594-2669	Snertill	57.067
	24 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*57.067*
25 Sjávarútvegsráðuneyti		
700186-1649	Fjarhitun hf	938.450
621294-3269	Rafteikning hf	577.341
	25 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*1.515.791*
28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
621079-0189	Línuhönnun hf	50.236
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	581.664
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	1.227.236
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	1.130.078
	28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*2.989.214*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1995			
29 Fjármálaráðuneyti			
600694-2009	Allrahanda rekstur ehf		14.492
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		2.585.730
621079-0189	Línuhönnun hf		571.926
480187-1729	Rafhönnun hf		643.606
621294-3269	Rafteikning hf		2.792.101
410288-1689	Raftæknistofan hf		42.534
691289-2069	Raftækniþjónusta Trausta ehf		437
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		2.825.234
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		617.847
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		565.993
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa		631.783
		29 Fjármálaráðuneyti samtals	*11.291.683*
30 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		2.550.653
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa		53.640
510573-0729	Hnit hf		853.483
430572-0169	Hönnun hf		382.655
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		185.014
621079-0189	Línuhönnun hf		200.333
480187-1729	Rafhönnun hf		2.584.599
621294-3269	Rafteikning hf		2.921.391
410288-1689	Raftæknistofan hf		846.815
440693-2539	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf		138.200
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf		982.417
451192-2059	Verkfræðistofa F.H.G. ehf		179.590
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		2.222.140
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		30.418
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		587.067
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		279.752
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		610.955
520187-1389	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf		16.800
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		24.290
590785-0329	Verkvangur ehf		116.845
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		459.620
		30 Samgönguráðuneyti samtals	*16.226.677*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1995		
31 Iðnaðarráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	637.445
700186-1649	Fjarhitun hf	338.290
670284-0509	Hugvél,verkfræðistofa	40.600
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf	17.375
621079-0189	Línuhönnun hf	5.892.929
661076-0119	Raftákn ehf	100.000
621294-3269	Rafteikning hf	7.241.538
510594-2669	Snertill	202.272
480888-1549	Stoð sf	97.625
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf	138.270
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf	146.890
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf	675.452
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	7.553.707
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	371.858
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf	7.297.361
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf	4.363.263
591087-1269	WVS-verkfræðiþjónusta	42.463
	31 Iðnaðarráðuneyti samtals	*35.157.338*
	Árið 1995 samtals	***75.231.688***

Yfirlit 3. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1996.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1996		
22 Menntamálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	99.611
621294-3269	Rafteikning hf	1.669.319
510195-2729	Umsjá ehf	8.000
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	1.176.760
590785-0329	Verkvangur ehf	669.389
	22 Menntamálaráðuneyti samtals	*3.623.079*
23 Utanríkisráðuneyti		
550494-2569	Verkfræðistofa Kópavogs	208.062
430475-0299	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf	1.294.574
	23 Utanríkisráðuneyti samtals	*1.502.636*
24 Landbúnaðarráðuneyti		
510195-2729	Umsjá ehf	146.213
	24 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*146.213*
25 Sjávarútvegsráðuneyti		
700186-1649	Fjarhitun hf	611.220
621294-3269	Rafteikning hf	1.631.003
	25 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*2.242.223*
28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	2.083.495
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	2.044.287
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	501.341
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	103.006
	28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*4.732.129*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1996			
29 Fjármálaráðuneyti			
600694-2009	Allrahanda rekstur ehf		17.390
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		372.818
641086-1509	Lagnatækni ehf		22.253
621079-0189	Línuhönnun hf		3.087.463
480187-1729	Rafhönnun hf		899.414
621294-3269	Rafteikning hf		1.633.525
430975-0489	Ráðgjöf ehf		33.073
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf		106.136
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		1.221.656
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf		15.259
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		125.013
520187-1389	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf		132.593
		29 Fjármálaráðuneyti samtals	*7.666.593*
30 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		2.732.438
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa		130.776
700186-1649	Fjarhitun hf		713.124
510573-0729	Hnit hf		1.698.001
430572-0169	Hönnun hf		691.704
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		212.382
621079-0189	Línuhönnun hf		826.757
480187-1729	Rafhönnun hf		706.546
621294-3269	Rafteikning hf		2.191.034
410288-1689	Raftæknistofan hf		1.591.676
510594-2669	Snertill		91.988
440693-2539	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf		65.885
650883-0399	Tækniþjónustan ehf		26.892
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf		540.026
600188-1949	Verkfræðistofa Bjðrns Ólafs ehf		816.720
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		3.083.779
600991-1329	Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf		44.696
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		6.400.811
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		16.761
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		10.788
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		1.674.180
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf		58.146
621295-2259	Verkfræðiþjónusta Akraness ehf		536.213
590785-0329	Verkvangur ehf		2.203.191
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf		511.192
		30 Samgönguráðuneyti samtals	*27.575.706*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1996			
31 Iðnaðarráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		979.408
591087-1189	EBH-verkfræðiþjónusta		785.469
700186-1649	Fjarhitun hf		342.223
670284-0509	Hugvél,verkfræðistofa		46.400
430572-0169	Hönnun hf		393.717
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		7.000
621079-0189	Línuhönnun hf		3.583.092
621294-3269	Rafteikning hf		6.303.589
410288-1689	Raftæknistofan hf		129.863
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf		151.210
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf		128.100
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf		177.416
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		1.562.773
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		6.870.602
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf		2.310.937
490784-0399	Verkfræðistofan Vista ehf		70.056
591087-1269	WVS-verkfræðiþjónusta		137.259
		31 Iðnaðarráðuneyti samtals	*23.979.114*
77			
621079-0189	Línuhönnun hf		25.871
		77 samtals	*25.871*
		Árið 1996 samtals	***71.493.564***

Yfirlit 3. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1997.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1997		
22 Menntamálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	319.072
430572-0169	Hönnun hf	66.847
641086-1509	Lagnatækni ehf	58.861
691295-4439	R.J. verkfræðingar ehf	34.860
621294-3269	Rafteikning hf	727.381
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf	39.999
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	402.644
590785-0329	Verkvangur ehf	257.245
681272-0979	VSÓ Ráðgjöf ehf	64.191
	22 Menntamálaráðuneyti samtals	*1.971.100*
24 Landbúnaðarráðuneyti		
510573-0729	Hnit hf	151.326
	24 Landbúnaðarráðuneyti samtals	*151.326*
25 Sjávarútvegsráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	17.075
700186-1649	Fjarhitun hf	866.948
621294-3269	Rafteikning hf	863.799
	25 Sjávarútvegsráðuneyti samtals	*1.747.822*
28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
480187-1729	Rafhönnun hf	89.580
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	216.358
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	35.663
	28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*341.601*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*		*Fjárhæð í kr.*
Ár 1997			
29 Fjármálaráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		73.265
510573-0729	Hnit hf		1.531.848
641086-1509	Lagnatækni ehf		123.691
621079-0189	Línuhönnun hf		8.130.147
480187-1729	Rafhönnun hf		1.250.419
621294-3269	Rafteikning hf		3.095.889
711296-3289	Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf		93.501
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf		929.704
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		531.065
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		1.382.129
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		493.684
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		62.018
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		96.565
610678-0419	Verkfræðistofan Burður ehf		696.453
710796-2899	VSB-verkfræðistofa ehf		146.018
		29 Fjármálaráðuneyti samtals	*18.636.396*
30 Samgönguráðuneyti			
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf		485.365
630678-0809	Ferill ehf,verkfræðistofa		56.100
700186-1649	Fjarhitun hf		206.361
490197-2309	Forverk ehf		245.262
510573-0729	Hnit hf		563.443
430572-0169	Hönnun hf		361.082
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf		73.218
661076-0119	Raftákn ehf		19.470
621294-3269	Rafteikning hf		3.369.928
410288-1689	Raftæknistofan hf		694.518
420585-0639	Stoð ehf		38.819
440693-2539	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf		68.021
600188-1949	Verkfræðistofa Bjarnar Ólafs ehf		1.525.872
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf		5.033.393
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf		628.420
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf		385.446
711291-2379	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf		94.321
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf		101.896
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf		323.080
621295-2259	Verkfræðiþjónusta Akraness ehf		1.120
590785-0329	Verkvangur ehf		1.801.003
		30 Samgönguráðuneyti samtals	*16.076.138*

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1997		
31 Iðnaðarráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	119.585
591087-1189	EBH-verkfræðiþjónusta	57.600
700186-1649	Fjarhitun hf	449.819
670284-0509	Hugvél,verkfræðistofa	48.720
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf	195.143
621079-0189	Línuhönnun hf	2.493.065
621294-3269	Rafteikning hf	1.158.416
420585-0639	Stoð ehf	106.950
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf	25.850
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf	171.000
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	48.936
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf	773.622
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	1.568.951
671173-0239	Verkfræðistofa Suðurlands ehf	50.322
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf	2.014.625
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf	1.705.410
	31 Iðnaðarráðuneyti samtals	*10.988.014*
	Árið 1997 samtals	***49.912.397***

Yfirlit 3. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa eftir ráðuneytum árið 1998.

Kennitala	*Heiti verkfræðistofu*	*Fjárhæð í kr.*
Ár 1998		
22 Menntamálaráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	18.582
680286-2489	Forsjá ehf - verkfræðistofa	5.530
691295-4439	R.J. verkfræðingar ehf	108.499
621294-3269	Rafteikning hf	387.399
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	95.701
590785-0329	Verkvangur ehf	126.443
570573-0129	Önn ehf,verkfræðistofa	18.002
	22 Menntamálaráðuneyti samtals	*760.156*
28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
480187-1729	Rafhönnun hf	12.838
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	2.775.019
701283-1129	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf	698.478
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	83.873
	28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals	*3.570.208*
31 Iðnaðarráðuneyti		
470671-0179	Almenna verkfræðistofan hf	518.214
591087-1189	EBH-verkfræðiþjónusta	88.320
700186-1649	Fjarhitun hf	687.773
430572-0169	Hönnun hf	29.623
460290-1049	Hönnun og ráðgjöf ehf	193.497
621079-0189	Línuhönnun hf	7.580.029
621294-3269	Rafteikning hf	718.874
420585-0639	Stoð ehf	26.300
701292-2439	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf	166.021
530994-2799	Verkfræðistofa Austurlands ehf	71.650
660290-1769	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf	256.012
560175-0869	Verkfræðistofa Norðurlands ehf	62.310
650778-0229	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf	288.990
611276-0289	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf	564.426
680188-1659	Verkfræðistofan Afl ehf	4.719.970
420288-1909	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf	200.596
	31 Iðnaðarráðuneyti samtals	*16.172.605*
	Árið 1998 samtals	***20.502.969***

Yfirlit 4. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1991.

470671-0179	*Almenna verkfræðistofan hf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	9.796.568
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	639.838
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	7.193.192
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	16.769.123
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	692.986
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***35.091.707***

410382-0249	*Aquasoft ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	639.307
	Aquasoft ehf samtals	***639.307***

700186-1649	*Fjarhitun hf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
25-272	SJÁVARÚTVEGSHÚSIÐ	1.213.349
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	993.333
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	147.961
	Fjarhitun hf samtals	***2.354.643***

490279-0169	*Fjölhönnun ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
25-272	SJÁVARÚTVEGSHÚSIÐ	109.261
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisns	596.508
	Fjölhönnun ehf samtals	***705.769***

680286-2489	*Forsjá ehf - verkfræðistofa*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	3.799.126
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***3.799.126***

510573-0729	*Hnit hf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	85.293
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	1.160.512
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	14.957
	Hnit hf samtals	***1.260.762***

670284-0509	*Hugvél,verkfræðistofa*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	55.470

	Hugvél,verkfræðistofa samtals	***55.470***

430572-0169 Hönnun hf — Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	640.478
	Hönnun hf samtals	***640.478***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf — Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	3.338.247
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***3.338.247***

641086-1509 Lagnatækni ehf — Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	2.534.693
	Lagnatækni ehf samtals	***2.534.693***

621079-0189 Línuhönnun hf — Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	2.111.805
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	2.882.280
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	2.204.605
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.334.220
	Línuhönnun hf samtals	***8.532.910***

670379-0439 Rafhönnun - VBH ehf — Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	50.172
	Rafhönnun - VBH ehf samtals	***50.172***

480187-1729 Rafhönnun hf — Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	16.093.605
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	29.287
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	6.636.276
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	2.380.935
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	120.362
	Rafhönnun hf samtals	***25.260.465***

430682-0409 Rafmiðstöðin sf — Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	585.657
	Rafmiðstöðin sf samtals	***585.657***

661076-0119 Raftákn ehf — Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	1.380.325
	Raftákn ehf samtals	***1.380.325***

410288-1689 Raftæknistofan hf Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	956.855
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	149.220
	Raftæknistofan hf samtals	***1.106.075***

430975-0489 Ráðgjöf ehf Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	18.202
	Ráðgjöf ehf samtals	***18.202***

451078-0549 Símtækni ehf Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	57.574
	Símtækni ehf samtals	***57.574***

480888-1549 Stoð sf Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	28.758
	Stoð sf samtals	***28.758***

620774-0149 Tækniþjónusta Vestfjarða ehf Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	551.059
	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf samtals	***551.059***

650883-0399 Tækniþjónustan ehf Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	380.322
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	25.884
	Tækniþjónustan ehf samtals	***406.206***

690476-0109 Tækniþjónustan sf Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	9.076
	Tækniþjónustan sf samtals	***9.076***

600188-1949 Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf Ár 1991

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	106.790
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	1.061.661
	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***1.168.451***

620185-1169	*Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	245.077
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	24.315
	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf samtals	***269.392***

660290-1769	*Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	1.649.751
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	16.865.980
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	4.144.655
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***22.660.386***

701283-1129	*Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	11.987.040
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***11.987.040***

650778-0229	*Verkfræðistofa Siglufjarðar sf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	8.997
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***8.997***

611276-0289	*Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	2.562.724
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	4.358
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	21.022
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	4.397.773
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***6.985.877***

430475-0299	*Verkfræðistofa Stanley Páls ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-118	Ratstjárstöðvar, rekstur	47.793.598
	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***47.793.598***

671173-0239	*Verkfræðistofa Suðurlands ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	466.321
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***466.321***

650380-0619	*Verkfræðistofa Suðurnesja ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	60.016
	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf samtals	***60.016***

680188-1659	*Verkfræðistofan Afl ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	145.099
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	212.501
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***357.600***

420288-1909	*Verkfræðistofan Afl og Orka ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	406.142
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***406.142***

620188-1239	*Verkfræðistofan Hamraborg*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	38.834
	Verkfræðistofan Hamraborg samtals	***38.834***

490784-0399	*Verkfræðistofan Vista ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	5.710
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	230.479
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	66.194
	Verkfræðistofan Vista ehf samtals	***302.383***

590785-0329	*Verkvangur ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-276	Byggingasjóður rannsókna.í þágu atv.veg	132.183
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	72.895
	Verkvangur ehf samtals	***205.078***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-276	Byggingasjóður rannsókna.í þágu atv.veg	51.015
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	25.504.036
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	13.485.300
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***39.040.351***

591087-1269	*WVS-verkfræðiþjónusta*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	2.992.684
	WVS-verkfræðiþjónusta samtals	***2.992.684***

570573-0129	*Önn ehf,verkfræðistofa*	Ár 1991
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	23.567
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	703.596

Önn ehf,verkfræðistofa samtals	*727.163*
Árið 1991 samtals	*223.876.994*

Yfirlit 4. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1992.

470671-0179	*Almenna verkfræðistofan hf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns	168.410
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	1.049.106
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	11.585.259
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	16.051.655
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.913.892
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***30.768.322***

410382-0249	*Aquasoft ehf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	186.700
	Aquasoft ehf samtals	***186.700***

591087-1189	*EBH-verkfræðiþjónusta*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	61.488
	EBH-verkfræðiþjónusta samtals	***61.488***

700186-1649	*Fjarhitun hf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
25-272	SJÁVARÚTVEGSHÚSIÐ	2.409.778
29-103	Innkaupastofnun ríkisns	176.193
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	14.871
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	280.242
	Fjarhitun hf samtals	***2.881.084***

680286-2489	*Forsjá ehf - verkfræðistofa*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns	2.124.811
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***2.124.811***

510573-0729	*Hnit hf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	584.303
	Hnit hf samtals	***584.303***

670284-0509	*Hugvél,verkfræðistofa*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	253.644
	Hugvél,verkfræðistofa samtals	***253.644***

430572-0169	***Hönnun hf***		Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns		1.577.267
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		85.945
		Hönnun hf samtals	***1.663.212***

460290-1049	***Hönnun og ráðgjöf ehf***		Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP		1.455.487
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisns		2.217.740
29-103	Innkaupastofnun ríkisns		1.054.489
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		752.737
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		328.596
		Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***5.809.049***

641086-1509	***Lagnatækni ehf***		Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns		874.382
		Lagnatækni ehf samtals	***874.382***

621079-0189	***Línuhönnun hf***		Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns		1.240.641
29-981	Fasteignir ríkissjóðs		2.172.922
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		295.352
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		9.326.956
		Línuhönnun hf samtals	***13.035.871***

560986-1309	***Nýja teiknistofan ehf***		Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		58.935
		Nýja teiknistofan ehf samtals	***58.935***

480187-1729	***Rafhönnun hf***		Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns		13.510.489
29-981	Fasteignir ríkissjóðs		1.837.826
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		4.132.680
30-470	Alþjóðaflugþjónustan		6.770.534
		Rafhönnun hf samtals	***26.251.529***

661076-0119	***Raftákn ehf***		Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns		1.169.602
		Raftákn ehf samtals	***1.169.602***

410288-1689	*Raftæknistofan hf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns	1.719.129
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	20.849
	Raftæknistofan hf samtals	***1.739.978***

480888-1549	*Stoð sf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	30.727
	Stoð sf samtals	***30.727***

620774-0149	*Tækniþjónusta Vestfjarða ehf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	19.644
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	35.692
	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf samtals	***55.336***

600188-1949	*Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	765.413
	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***765.413***

660290-1769	*Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	883.705
22-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	153.312
29-103	Innkaupastofnun ríkisns	10.189.058
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	1.043.886
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	4.067.316
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***16.337.277***

491188-1469	*Verkfræðistofa Keflavíkur ehf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	24.655
	Verkfræðistofa Keflavíkur ehf samtals	***24.655***

650778-0229	*Verkfræðistofa Siglufjarðar sf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns	29.870
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.400.640
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***1.430.510***

611276-0289	*Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf*	Ár 1992
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns	2.477.608

29-981	Fasteignir ríkissjóðs	263.835
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	602.049
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	5.429.957
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***8.773.449***

430475-0299 Verkfræðistofa Stanley Páls ehf Ár 1992

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-118	Ratstjárstöðvar, rekstur	51.483.419
	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***51.483.419***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf Ár 1992

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns	1.480.647
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	15.455
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***1.496.102***

650380-0619 Verkfræðistofa Suðurnesja ehf Ár 1992

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	14.791
	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf samtals	***14.791***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf Ár 1992

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.172.305
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***1.172.305***

420288-1909 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf Ár 1992

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.142.778
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***1.142.778***

610678-0419 Verkfræðistofan Burður ehf Ár 1992

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-118	Ratstjárstöðvar, rekstur	950.172
	Verkfræðistofan Burður ehf samtals	***950.172***

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf Ár 1992

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns	138.852
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	1.731.173
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	8.254.007
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***10.124.032***

591087-1269 WVS-verkfræðiþjónusta Ár 1992

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.517.587

	WVS-verkfræðiþjónusta samtals	***1.517.587***

621091-1079 Þ.Eiríksson ehf Ár 1992

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-118	Ratstjárstöðvar, rekstur	235.809
29-103	Innkaupastofnun ríkisns	211.650
	Þ.Eiríksson ehf samtals	***447.459***

570573-0129 Önn ehf,verkfræðistofa Ár 1992

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	Innkaupastofnun ríkisns	748.946
	Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***748.946***
	Árið 1992 samtals	***183.977.868***

Yfirlit 4. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1993.

470671-0179	*Almenna verkfræðistofan hf*	Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	2.622.847
29-402	Fasteignamat ríkisins	19.494
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	286.844
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	7.209.591
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	2.419.209
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.336.185
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***13.894.170***

591087-1189	*EBH-verkfræðiþjónusta*	Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	434.251
	EBH-verkfræðiþjónusta samtals	***434.251***

630678-0809	*Ferill ehf,verkfræðistofa*	Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	155.146
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	286.350
	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***441.496***

700186-1649	*Fjarhitun hf*	Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
25-272	SJÁVARÚTVEGSHÚSIÐ	88.755
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	953.963
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	254.924
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	140.063
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	2.095.809
	Fjarhitun hf samtals	***3.533.514***

680286-2489	*Forsjá ehf - verkfræðistofa*	Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	28.907
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***28.907***

510573-0729	*Hnit hf*	Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	900.349
	Hnit hf samtals	***900.349***

670284-0509	*Hugvél,verkfræðistofa*	Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	155.360
	Hugvél,verkfræðistofa samtals	***155.360***

430572-0169 Hönnun hf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	216.119
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	696.551
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	9.600
	Hönnun hf samtals	***922.270***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisns	405.300
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	260.300
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	685.452
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***1.351.052***

641086-1509 Lagnatækni ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	141.039
	Lagnatækni ehf samtals	***141.039***

621079-0189 Línuhönnun hf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	RÍKISSPÍTALAR, ÞVOTTAHÚS	1.455.841
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	7.740.915
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	59.889
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	118.495
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	59.134
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	6.570.432
	Línuhönnun hf samtals	***16.004.706***

480187-1729 Rafhönnun hf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	339.677
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	25.112.423
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	1.260.019
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	461.624
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	16.733.878
	Rafhönnun hf samtals	***43.907.621***

430682-0409 Rafmiðstöðin sf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	222.319
	Rafmiðstöðin sf samtals	***222.319***

661076-0119 Raftákn ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	997.744
	Raftákn ehf samtals	***997.744***

410288-1689 Raftæknistofan hf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	640.000
	Raftæknistofan hf samtals	***640.000***

620884-0579 Ráðtækni,ráðgjöf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	RÍKISSPÍTALAR, ÞVOTTAHÚS	3.374.422
	Ráðtækni,ráðgjöf samtals	***3.374.422***

480888-1549 Stoð sf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	75.870
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	245.916
	Stoð sf samtals	***321.786***

701292-2439 Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	190.800
	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***190.800***

440693-2539 Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	265.694
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	102.560
	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf samtals	***368.254***

620774-0149 Tækniþjónusta Vestfjarða ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	14.280
	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf samtals	***14.280***

650883-0399 Tækniþjónustan ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	122.061
	Tækniþjónustan ehf samtals	***122.061***

620185-1169 Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

22-276	Byggingasjóður rannsókna.í þágu atv.veg	93.001
24-206	TILRAUNABÚIÐ HESTI	148.802
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	308.765
	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf samtals	***550.568***

660290-1769 Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	195.849
22-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	1.067.681
28-311	RÍKISSPÍTALAR, ÞVOTTAHÚS	59.488
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	8.029.746
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	266.115
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	1.843.147
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***11.462.026***

701283-1129 Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	RÍKISSPÍTALAR, ÞVOTTAHÚS	69.319
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	289.729
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***359.048***

650778-0229 Verkfræðistofa Siglufjarðar sf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	3.946.524
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***3.946.524***

611276-0289 Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	5.848.362
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	491.941
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	10.055.419
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***16.395.722***

711291-2379 Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-931	Arnarhvoll	248.010
	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***248.010***

430475-0299 Verkfræðistofa Stanley Páls ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-118	Ratstjárstöðvar, rekstur	3.394.828
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	210.095
	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***3.604.923***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	1.094.630

31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	355.198
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***1.449.828***

650380-0619 Verkfræðistofa Suðurnesja ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	53.586
	Verkfræðistofa Suðurnesja ehf samtals	***53.586***

520187-1389 Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	362.919
	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf samtals	***362.919***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	116.447
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	2.446.240
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***2.562.687***

420288-1909 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	902.211
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***902.211***

610678-0419 Verkfræðistofan Burður ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-118	Ratstjárstöðvar, rekstur	742.207
	Verkfræðistofan Burður ehf samtals	***742.207***

490784-0399 Verkfræðistofan Vista ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	18.421
	Verkfræðistofan Vista ehf samtals	***18.421***

621287-1179 Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	1.381.612
	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf samtals	***1.381.612***

590785-0329 Verkvangur ehf Ár 1993

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	388.409
	Verkvangur ehf samtals	***388.409***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*	Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	586.271
29-931	Arnarhvoll	651.622
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	1.188.022
77-990	JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA	3.633
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***2.429.548***

591087-1269	*WVS-verkfræðiþjónusta*	Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.281.343
	WVS-verkfræðiþjónusta samtals	***1.281.343***

570573-0129	*Önn ehf,verkfræðistofa*	Ár 1993
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-103	INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS	313.460
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	30.929
	Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***344.389***
	Árið 1993 samtals	***136.450.382***

Yfirlit 4. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1994.

600694-2009	*Allrahanda rekstur ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	133.323
	Allrahanda rekstur ehf samtals	***133.323***

470671-0179	*Almenna verkfræðistofan hf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-973	Þjóðleikhúsið	33.556
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	704.950
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	2.734.047
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	1.454.250
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	2.962.586
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***7.889.389***

591087-1189	*EBH-verkfræðiþjónusta*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	612.480
	EBH-verkfræðiþjónusta samtals	***612.480***

630678-0809	*Ferill ehf,verkfræðistofa*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	1.851.966
	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***1.851.966***

700186-1649	*Fjarhitun hf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
25-272	Sjávarútvegshúsið	512.940
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	84.924
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	664.579
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	526.140
	Fjarhitun hf samtals	***1.788.583***

680286-2489	*Forsjá ehf - verkfræðistofa*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-973	Þjóðleikhúsið	16.248
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***16.248***

510573-0729	*Hnit hf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
24-831	Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður	38.869
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	880.870
	Hnit hf samtals	***919.739***

670284-0509	***Hugvél,verkfræðistofa***		Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		50.896
		Hugvél,verkfræðistofa samtals	***50.896***

430572-0169	***Hönnun hf***		Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs		165.172
		Hönnun hf samtals	***165.172***

460290-1049	***Hönnun og ráðgjöf ehf***		Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		128.591
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		271.788
		Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***400.379***

641086-1509	***Lagnatækni ehf***		Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs		58.498
		Lagnatækni ehf samtals	***58.498***

621079-0189	***Línuhönnun hf***		Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
28-311	RÍKISSPÍTALAR, ÞVOTTAHÚS		143.082
29-981	Fasteignir ríkissjóðs		2.530.682
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		386.309
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		5.881.771
		Línuhönnun hf samtals	***8.941.844***

670379-0439	***Rafhönnun - VBH ehf***		Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		28.760
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		154.800
		Rafhönnun - VBH ehf samtals	***183.560***

480187-1729	***Rafhönnun hf***		Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
22-973	Þjóðleikhúsið		19.462
22-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands		81.402
29-981	Fasteignir ríkissjóðs		12.511
30-101	PÓSTUR OG SÍMI		2.246.867
30-470	Alþjóðaflugþjónustan		8.069.094
		Rafhönnun hf samtals	***10.429.336***

410288-1689	*Raftæknistofan hf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	69.119
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	53.925
	Raftæknistofan hf samtals	***123.044***

701292-2439	*Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	57.000
	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***57.000***

440693-2539	*Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	165.299
	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf samtals	***165.299***

510286-2009	*Tölvu- og verkfræðiþjónustan*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	7.806
29-402	Fasteignamat ríkisins	7.044
	Tölvu- og verkfræðiþjónustan samtals	***14.850***

530994-2799	*Verkfræðistofa Austurlands ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	313.410
	Verkfræðistofa Austurlands ehf samtals	***313.410***

620185-1169	*Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	507.577
	Verkfræðistofa Braga Þ/Eyv ehf samtals	***507.577***

701293-4609	*Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-973	Þjóðleikhúsið	4.801
22-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	68.488
29-402	Fasteignamat ríkisins	115.063
	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf samtals	***188.352***

660290-1769	*Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	1.587.652
22-973	Þjóðleikhúsið	10.573
28-311	RÍKISSPÍTALAR, ÞVOTTAHÚS	1.402.904
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	778.079

30-101	PÓSTUR OG SÍMI	2.762.387
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***6.541.595***

701283-1129 Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf Ár 1994

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	RÍKISSPÍTALAR, ÞVOTTAHÚS	608.183
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	261.248
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***869.431***

650778-0229 Verkfræðistofa Siglufjarðar sf Ár 1994

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.931.157
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***1.931.157***

611276-0289 Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf Ár 1994

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
25-272	Sjávarútvegshúsið	120.104
28-311	RÍKISSPÍTALAR, ÞVOTTAHÚS	452.725
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	933.307
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	9.530.552
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***11.036.688***

711291-2379 Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf Ár 1994

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	RÍKISSPÍTALAR, ÞVOTTAHÚS	13.416
29-931	Arnarhvoll	299.362
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	61.227
	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***374.005***

430475-0299 Verkfræðistofa Stanley Páls ehf Ár 1994

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-118	Ratstjárstöðvar, rekstur	3.062.892
29-103	Ríkiskaup	16.197
	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***3.079.089***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf Ár 1994

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	1.764.515
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.782.628
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***3.547.143***

520187-1389 Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf Ár 1994

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	468.929
	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf samtals	***468.929***

680188-1659	*Verkfræðistofan Afl ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	8.930.029
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***8.930.029***

420288-1909	*Verkfræðistofan Afl og Orka ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	3.672.584
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***3.672.584***

610678-0419	*Verkfræðistofan Burður ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-118	Ratstjárstöðvar, rekstur	837.263
	Verkfræðistofan Burður ehf samtals	***837.263***

490784-0399	*Verkfræðistofan Vista ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	29.250
	Verkfræðistofan Vista ehf samtals	***29.250***

621287-1179	*Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	866.768
	Verkfræðiþjónusta G.Ó. sf samtals	***866.768***

590785-0329	*Verkvangur ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-276	Byggingasjóður rannsókna.í þágu atv.veg	155.056
	Verkvangur ehf samtals	***155.056***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-931	Arnarhvoll	1.956.413
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	599.803
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***2.556.216***

591087-1269	*WVS-verkfræðiþjónusta*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.014.236
	WVS-verkfræðiþjónusta samtals	***1.014.236***

621091-1079	*Þ.Eiríksson ehf*	Ár 1994
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-973	Þjóðleikhúsið	23.461

	Þ.Eiríksson ehf samtals	***23.461***

570573-0129	*Önn ehf,verkfræðistofa*	Ár 1994
Ráðunevti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	250.874
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	304.760
	Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***555.634***
	Árið 1994 samtals	***81.299.479***

Yfirlit 4. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1995.

600694-2009	*Allrahanda rekstur ehf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	14.492
	Allrahanda rekstur ehf samtals	***14.492***

470671-0179	*Almenna verkfræðistofan hf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	2.585.730
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	2.035.019
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	515.634
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	637.445
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***5.773.828***

630678-0809	*Ferill ehf,verkfræðistofa*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-118	Ratstjárstöðvar, rekstur	789.449
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	53.640
	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***843.089***

700186-1649	*Fjarhitun hf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
25-272	Sjávarútvegshúsið	938.450
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	338.290
	Fjarhitun hf samtals	***1.276.740***

510573-0729	*Hnit hf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	13.191
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	853.483
	Hnit hf samtals	***866.674***

670284-0509	*Hugvél,verkfræðistofa*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	40.600
	Hugvél,verkfræðistofa samtals	***40.600***

430572-0169	*Hönnun hf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	382.655
	Hönnun hf samtals	***382.655***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	185.014
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	17.375
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***202.389***

621079-0189 Línuhönnun hf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	50.236
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	571.926
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	113.105
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	87.228
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	5.892.929
	Línuhönnun hf samtals	***6.715.424***

480187-1729 Rafhönnun hf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	643.606
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	1.320.746
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	1.263.853
	Rafhönnun hf samtals	***3.228.205***

661076-0119 Raftákn ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	100.000
	Raftákn ehf samtals	***100.000***

621294-3269 Rafteikning hf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	1.776.202
22-973	Þjóðleikhúsið	205.738
25-272	Sjávarútvegshúsið	577.341
29-931	Arnarhvoll	66.062
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	2.726.039
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	2.921.391
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	7.241.538
	Rafteikning hf samtals	***15.514.311***

410288-1689 Raftæknistofan hf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	42.534
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	846.815
	Raftæknistofan hf samtals	***889.349***

691289-2069 Raftækniþjónusta Trausta ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

29-981	Fasteignir ríkissjóðs	437
	Raftækniþjónusta Trausta ehf samtals	***437***

510594-2669 Snertill Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
24-831	Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður	57.067
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	202.272
	Snertill samtals	***259.339***

480888-1549 Stoð sf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	97.625
	Stoð sf samtals	***97.625***

701292-2439 Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	138.270
	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***138.270***

440693-2539 Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	138.200
	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf samtals	***138.200***

510286-2009 Tölvu- og verkfræðiþjónustan Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-237	Tæknisjóður	67.230
	Tölvu- og verkfræðiþjónustan samtals	***67.230***

530994-2799 Verkfræðistofa Austurlands ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	982.417
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	146.890
	Verkfræðistofa Austurlands ehf samtals	***1.129.307***

451192-2059 Verkfræðistofa F.H.G. ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	179.590
	Verkfræðistofa F.H.G. ehf samtals	***179.590***

701293-4609 Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	10.427
	Verkfræðistofa G.Torfasonar ehf samtals	***10.427***

660290-1769	*Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	1.453.797
22-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	28.984
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	581.664
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	2.825.234
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	2.222.140
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***7.111.819***

701283-1129	*Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	1.227.236
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	617.847
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***1.845.083***

550494-2569	*Verkfræðistofa Kópavogs*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-101	Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli	73.654
	Verkfræðistofa Kópavogs samtals	***73.654***

560175-0869	*Verkfræðistofa Norðurlands ehf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	30.418
	Verkfræðistofa Norðurlands ehf samtals	***30.418***

650778-0229	*Verkfræðistofa Siglufjarðar sf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	675.452
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***675.452***

611276-0289	*Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	1.130.078
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	587.067
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	7.553.707
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***9.270.852***

711291-2379	*Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	279.752
	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***279.752***

430475-0299	*Verkfræðistofa Stanley Páls ehf*	Ár 1995
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-118	Ratstjárstöðvar, rekstur	3.210.277

	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***3.210.277***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	610.955
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	371.858
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***982.813***

520187-1389 Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	16.800
	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf samtals	***16.800***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	24.290
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	7.297.361
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***7.321.651***

420288-1909 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	4.363.263
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***4.363.263***

590785-0329 Verkvangur ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-238	Bygginga- og tækjasjóður	40.369
22-970	RÍKISÚTVARP	324.600
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	116.845
	Verkvangur ehf samtals	***481.814***

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-931	Arnarhvoll	565.993
30-101	PÓSTUR OG SÍMI	459.620
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***1.025.613***

591087-1269 WVS-verkfræðiþjónusta Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	42.463
	WVS-verkfræðiþjónusta samtals	***42.463***

570573-0129 Önn ehf,verkfræðistofa Ár 1995

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	631.783

Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***631.783***
Árið 1995 samtals	***75.231.688***

Yfirlit 4. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1996.

600694-2009	*Allrahanda rekstur ehf*	Ár 1996
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	17.390
	Allrahanda rekstur ehf samtals	***17.390***

470671-0179	*Almenna verkfræðistofan hf*	Ár 1996
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-679	SAMEIGNIR SKÓLANNA Á LAUGARVATNI	99.611
29-931	Arnarhvoll	144.794
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	228.024
30-101	Póstur og sími	2.481.026
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	251.412
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	979.408
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***4.184.275***

591087-1189	*EBH-verkfræðiþjónusta*	Ár 1996
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	785.469
	EBH-verkfræðiþjónusta samtals	***785.469***

630678-0809	*Ferill ehf,verkfræðistofa*	Ár 1996
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	130.776
	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***130.776***

700186-1649	*Fjarhitun hf*	Ár 1996
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
25-272	Sjávarútvegshúsið	611.220
30-101	Póstur og sími	713.124
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	342.223
	Fjarhitun hf samtals	***1.666.567***

510573-0729	*Hnit hf*	Ár 1996
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	1.698.001
	Hnit hf samtals	***1.698.001***

670284-0509	*Hugvél,verkfræðistofa*	Ár 1996
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	46.400
	Hugvél,verkfræðistofa samtals	***46.400***

430572-0169 Hönnun hf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	691.704
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	393.717
	Hönnun hf samtals	***1.085.421***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	212.382
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	7.000
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***219.382***

641086-1509 Lagnatækni ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	22.253
	Lagnatækni ehf samtals	***22.253***

621079-0189 Línuhönnun hf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-402	Fasteignamat ríkisins	1.275.152
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	1.812.311
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	826.757
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	3.583.092
77-990	JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA	25.871
	Línuhönnun hf samtals	***7.523.183***

480187-1729 Rafhönnun hf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	899.414
30-101	Póstur og sími	35.277
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	671.269
	Rafhönnun hf samtals	***1.605.960***

621294-3269 Rafteikning hf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	1.248.147
22-973	Þjóðleikhúsið	421.172
25-272	Sjávarútvegshúsið	1.631.003
29-931	Arnarhvoll	146.729
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	1.486.796
30-101	Póstur og sími	2.191.034
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	6.303.589
	Rafteikning hf samtals	***13.428.470***

410288-1689 Raftæknistofan hf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

30-101	Póstur og sími	1.584.826
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	6.850
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	129.863
	Raftæknistofan hf samtals	***1.721.539***

430975-0489 Ráðgjöf ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	33.073
	Ráðgjöf ehf samtals	***33.073***

510594-2669 Snertill Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	91.988
	Snertill samtals	***91.988***

701292-2439 Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	151.210
	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***151.210***

440693-2539 Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	65.885
	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf samtals	***65.885***

650883-0399 Tækniþjónustan ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	26.892
	Tækniþjónustan ehf samtals	***26.892***

510195-2729 Umsjá ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-973	Þjóðleikhúsið	8.000
24-831	Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður	146.213
	Umsjá ehf samtals	***154.213***

530994-2799 Verkfræðistofa Austurlands ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	106.136
30-101	Póstur og sími	540.026
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	128.100
	Verkfræðistofa Austurlands ehf samtals	***774.262***

600188-1949 Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	816.720

	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***816.720***

660290-1769 Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	1.176.760
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	2.083.495
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	1.221.656
30-101	Póstur og sími	3.083.779
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***7.565.690***

701283-1129 Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	2.044.287
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	15.259
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***2.059.546***

550494-2569 Verkfræðistofa Kópavogs Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
23-101	Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli	208.062
	Verkfræðistofa Kópavogs samtals	***208.062***

600991-1329 Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	44.696
	Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf samtals	***44.696***

650778-0229 Verkfræðistofa Siglufjarðar sf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	177.416
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***177.416***

611276-0289 Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	501.341
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	125.013
30-101	Póstur og sími	6.400.811
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.562.773
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***8.589.938***

711291-2379 Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	16.761
	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***16.761***

430475-0299 Verkfræðistofa Stanley Páls ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*

23-118	Ratstjárstöðvar, rekstur	1.294.574
	Verkfræðistofa Stanley Páls ehf samtals	***1.294.574***

671173-0239 Verkfræðistofa Suðurlands ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	10.788
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***10.788***

520187-1389 Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	132.593
	Verkfræðistofa Þráinn/Bened ehf samtals	***132.593***

680188-1659 Verkfræðistofan Afl ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	1.641.337
30-470	Alþjóðaflugþjónustan	32.843
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	6.870.602
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***8.544.782***

420288-1909 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	2.310.937
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***2.310.937***

490784-0399 Verkfræðistofan Vista ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	58.146
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	70.056
	Verkfræðistofan Vista ehf samtals	***128.202***

621295-2259 Verkfræðiþjónusta Akraness ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	536.213
	Verkfræðiþjónusta Akraness ehf samtals	***536.213***

590785-0329 Verkvangur ehf Ár 1996

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	669.389
30-101	Póstur og sími	2.203.191
	Verkvangur ehf samtals	***2.872.580***

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf Ár 1996

Ráðunevti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	103.006
30-101	Póstur og sími	511.192

	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***614.198***

591087-1269	*WVS-verkfræðiþjónusta*	Ár 1996
Ráðunevti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	137.259
	WVS-verkfræðiþjónusta samtals	***137.259***
	Árið 1996 samtals	***71.493.564***

Yfirlit 4. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1997.

470671-0179	*Almenna verkfræðistofan hf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	244.372
22-973	Þjóðleikhúsið	74.700
25-272	Sjávarútvegshúsið	17.075
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	73.265
30-101	Póstur og sími	485.365
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	119.585
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***1.014.362***

591087-1189	*EBH-verkfræðiþjónusta*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	57.600
	EBH-verkfræðiþjónusta samtals	***57.600***

630678-0809	*Ferill ehf,verkfræðistofa*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	56.100
	Ferill ehf,verkfræðistofa samtals	***56.100***

700186-1649	*Fjarhitun hf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
25-272	Sjávarútvegshúsið	866.948
30-101	Póstur og sími	206.361
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	449.819
	Fjarhitun hf samtals	***1.523.128***

490197-2309	*Forverk ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	245.262
	Forverk ehf samtals	***245.262***

510573-0729	*Hnit hf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
24-831	Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður	151.326
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	1.531.848
30-101	Póstur og sími	563.443
	Hnit hf samtals	***2.246.617***

670284-0509	*Hugvél,verkfræðistofa*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	48.720

	Hugvél, verkfræðistofa samtals	***48.720***

430572-0169 Hönnun hf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-202	Lyfjabúð Háskóla Íslands	66.847
30-101	Póstur og sími	361.082
	Hönnun hf samtals	***427.929***

460290-1049 Hönnun og ráðgjöf ehf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	73.218
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	195.143
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***268.361***

641086-1509 Lagnatækni ehf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-973	Þjóðleikhúsið	58.861
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	123.691
	Lagnatækni ehf samtals	***182.552***

621079-0189 Línuhönnun hf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-402	Fasteignamat ríkisins	2.946.731
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	5.183.416
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	2.493.065
	Línuhönnun hf samtals	***10.623.212***

691295-4439 R.J. verkfræðingar ehf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	34.860
	R.J. verkfræðingar ehf samtals	***34.860***

480187-1729 Rafhönnun hf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	89.580
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	1.250.419
	Rafhönnun hf samtals	***1.339.999***

661076-0119 Raftákn ehf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	19.470
	Raftákn ehf samtals	***19.470***

621294-3269 Rafteikning hf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	727.381

25-272	Sjávarútvegshúsið	863.799
29-931	Arnarhvoll	74.776
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	3.021.113
30-101	Póstur og sími	3.369.928
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.158.416
	Rafteikning hf samtals	***9.215.413***

410288-1689 Raftæknistofan hf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	694.518
	Raftæknistofan hf samtals	***694.518***

420585-0639 Stoð ehf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	38.819
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	106.950
	Stoð ehf samtals	***145.769***

711296-3289 Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	93.501
	Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf samtals	***93.501***

701292-2439 Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	25.850
	Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***25.850***

440693-2539 Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	68.021
	Tækniþjónusta Sig Þorleifss ehf samtals	***68.021***

530994-2799 Verkfræðistofa Austurlands ehf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	39.999
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	929.704
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	171.000
	Verkfræðistofa Austurlands ehf samtals	***1.140.703***

600188-1949 Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf Ár 1997

Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	1.525.872
	Verkfræðistofa Björns Ólafs ehf samtals	***1.525.872***

660290-1769	*Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	402.644
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	216.358
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	531.065
30-101	Póstur og sími	5.033.393
	Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***6.183.460***

701283-1129	*Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	35.663
	Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***35.663***

560175-0869	*Verkfræðistofa Norðurlands ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími	628.420
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	48.936
	Verkfræðistofa Norðurlands ehf samtals	***677.356***

650778-0229	*Verkfræðistofa Siglufjarðar sf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	773.622
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***773.622***

611276-0289	*Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	1.382.129
30-101	Póstur og sími	385.446
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.568.951
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***3.336.526***

711291-2379	*Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-931	Arnarhvoll	493.684
30-101	Póstur og sími	94.321
	Verkfræðistofa Snorra Ingim ehf samtals	***588.005***

671173-0239	*Verkfræðistofa Suðurlands ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	62.018
30-101	Póstur og sími	101.896
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	50.322
	Verkfræðistofa Suðurlands ehf samtals	***214.236***

680188-1659	*Verkfræðistofan Afl ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-402	Fasteignamat ríkisins	96.565
30-101	Póstur og sími	178.322
30-101	Póstur og sími hf	144.758
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	2.014.625
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***2.434.270***

420288-1909	*Verkfræðistofan Afl og Orka ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	1.705.410
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***1.705.410***

610678-0419	*Verkfræðistofan Burður ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	696.453
	Verkfræðistofan Burður ehf samtals	***696.453***

621295-2259	*Verkfræðiþjónusta Akraness ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
30-101	Póstur og sími hf	1.120
	Verkfræðiþjónusta Akraness ehf samtals	***1.120***

590785-0329	*Verkvangur ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	257.245
30-101	Póstur og sími	1.801.003
	Verkvangur ehf samtals	***2.058.248***

710796-2899	*VSB-verkfræðistofa ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
29-981	Fasteignir ríkissjóðs	146.018
	VSB-verkfræðistofa ehf samtals	***146.018***

681272-0979	*VSÓ Ráðgjöf ehf*	Ár 1997
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	64.191
	VSÓ Ráðgjöf ehf samtals	***64.191***
	Árið 1997 samtals	***49.912.397***

Yfirlit 4. Kaup B-hluta á þjónustu verkfræðistofa árið 1998.

470671-0179	***Almenna verkfræðistofan hf***	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	18.582
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	518.214
	Almenna verkfræðistofan hf samtals	***536.796***

591087-1189	***EBH-verkfræðiþjónusta***	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	88.320
	EBH-verkfræðiþjónusta samtals	***88.320***

700186-1649	***Fjarhitun hf***	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	687.773
	Fjarhitun hf samtals	***687.773***

680286-2489	***Forsjá ehf - verkfræðistofa***	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-973	Þjóðleikhúsið	5.530
	Forsjá ehf - verkfræðistofa samtals	***5.530***

430572-0169	***Hönnun hf***	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	29.623
	Hönnun hf samtals	***29.623***

460290-1049	***Hönnun og ráðgjöf ehf***	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	193.497
	Hönnun og ráðgjöf ehf samtals	***193.497***

621079-0189	***Línuhönnun hf***	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	7.580.029
	Línuhönnun hf samtals	***7.580.029***

691295-4439	***R.J. verkfræðingar ehf***	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-973	Þjóðleikhúsið	108.499
	R.J. verkfræðingar ehf samtals	***108.499***

480187-1729	***Rafhönnun hf***		**Ár 1998**
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús		12.838
		Rafhönnun hf samtals	***12.838***

621294-3269	***Rafteikning hf***		**Ár 1998**
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP		387.399
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		718.874
		Rafteikning hf samtals	***1.106.273***

420585-0639	***Stoð ehf***		**Ár 1998**
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		26.300
		Stoð ehf samtals	***26.300***

701292-2439	***Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf***		**Ár 1998**
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		166.021
		Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf samtals	***166.021***

530994-2799	***Verkfræðistofa Austurlands ehf***		**Ár 1998**
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		71.650
		Verkfræðistofa Austurlands ehf samtals	***71.650***

660290-1769	***Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf***		**Ár 1998**
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP		95.701
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús		2.775.019
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		256.012
		Verkfræðistofa Guðm/Kristj hf samtals	***3.126.732***

701283-1129	***Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf***		**Ár 1998**
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús		698.478
		Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf samtals	***698.478***

560175-0869	***Verkfræðistofa Norðurlands ehf***		**Ár 1998**
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*		*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins		62.310
		Verkfræðistofa Norðurlands ehf samtals	***62.310***

650778-0229	*Verkfræðistofa Siglufjarðar sf*	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	288.990
	Verkfræðistofa Siglufjarðar sf samtals	***288.990***

611276-0289	*Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf*	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús	83.873
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	564.426
	Verkfræðistofa Sigurðar Thor hf samtals	***648.299***

680188-1659	*Verkfræðistofan Afl ehf*	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	4.719.970
	Verkfræðistofan Afl ehf samtals	***4.719.970***

420288-1909	*Verkfræðistofan Afl og Orka ehf*	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins	200.596
	Verkfræðistofan Afl og Orka ehf samtals	***200.596***

590785-0329	*Verkvangur ehf*	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	126.443
	Verkvangur ehf samtals	***126.443***

570573-0129	*Önn ehf,verkfræðistofa*	Ár 1998
Ráðuneyti-stofnun	*Stofnanaheiti*	*Fjárhæð í kr.*
22-970	RÍKISÚTVARP	18.002
	Önn ehf,verkfræðistofa samtals	***18.002***
	Árið 1998 samtals	***20.502.969***

1222. Svar [605. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um öryggis- og brunamál.

1. *Er haft reglulegt eftirlit með slökkvibifreiðum út frá almennum og sérstökum öryggiskröfum sem gera þarf til slíkra tækja og hvernig er því eftirliti háttað?*

Slökkvibifreiðar eru skráningarskyld ökutæki skv. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Dómsmálaráðherra setur reglur um skoðun skráningarskyldra ökutækja, þar á meðal um það hverjir annist skoðun þeirra, hve oft, hvar og hvenær almenn skoðun skuli fara fram og að öðru leyti um framkvæmd hennar, sbr. 67. gr. umferðarlaga. Þá setur dómsmálaráðherra reglur um gerð ökutækja og búnað þeirra og öryggis- og verndarbúnað fyrir ökumann og farþega, sbr. 1. mgr. 60. gr. sömu laga. Skoðunarstöðvar skoða slökkvibifreiðar með tilliti til þessara reglna og er eftirlit með því að slökkvibifreiðar séu færðar til skoðunar í höndum löggæslumanna. Vinnueftirlit ríkisins skoðar búnað svonefndra körfu- og stigabifreiða á hverju ári skv. VII. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Þá skoða starfsmenn Brunamálastofnunar ríkisins reglulega dælubúnað slökkvibifreiða um leið og námskeið eru haldin fyrir slökkvilið sveitarfélaganna, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál.

2. *Hvaða gæðakröfur eru gerðar við kaup á slökkvibifreiðum, á nýjum bifreiðum annars vegar og notuðum hins vegar? Er miðað við almennar staðlaðar reglur um gæði í því sambandi?*

Slökkvibifreið er bifreið sem er búin slökkvidælu og eftir atvikum vatnsgeymi. Í bifreiðinni er rými fyrir slökkviliðsmenn og skápar til að geyma búnað til slökkvistarfa. Slökkvibifreið skal fullnægja kröfum samkvæmt reglum um gerð og búnað ökutækja sem dómsmálaráðherra setur á grundvelli 1. mgr. 60. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Brunamálastofnun ríkisins hefur eftirlit með og samþykkir slökkvibúnað nýrra og notaðra slökkvibifreiða, þar á meðal slökkvidælur, sbr. c-lið 4. mgr. 2. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál. Rétt er að taka fram að á síðastliðnum mánuðum hefur verið unnið að samningu reglugerðar um slökkvilið og búnað þeirra. Notaðar slökkvibifreiðar hafa í 8 af 11 tilvikum verið keyptar frá Þýskalandi. Í þeim tilvikum hefur Brunamálastofnun ríkisins gengið eftir því að viðkomandi bifreið hafi verið skoðuð af þýskum eftirlitsstofnunum, svo sem TÜV (Technische Überwachung Verein), BSÜ (Brandschutz Überwachung) og AÜ (Automobile Überwachung), og dælubúnaður prófaður af löggiltri skoðunarstöð. Að því búnu hefur Brunamálastofnun samþykkt búnað umræddra slökkvibifreiða.

3. *Hversu margar slökkvibifreiðar voru keyptar til landsins á árunum 1988–98 að báðum árum meðtöldum? Hversu margar þeirra voru keyptar nýjar og hversu margar voru notaðar? Hver var aldur notuðu bifreiðanna? Hvert var verð bifreiðanna? Þessar upplýsingar óskast sundurliðaðar eftir árum og eftir því hvort bifreiðarnar voru keyptar*
   a. *til Reykjavíkur,*
   b. *utan Reykjavíkur.*

Samkvæmt upplýsingum frá Brunamálastofnun ríkisins voru 25 slökkvibifreiðar, þar af 11 notaðar, keyptar hingað til lands á umræddu árabili. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um kaupverð þessara bifreiða, en sveitarfélög taka ákvarðanir um kaup á slökkvibifreiðum. Á hinn bóginn liggur fyrir að í þeim tilvikum þar sem sveitarfélag hefur tekið ákvörðun um kaup á notaðri slökkvibifreið er ástæðuna fyrst og fremst að rekja til hagstæðs

innkaupsverðs miðað við ástand og búnað bifreiðar. Þessar bifreiðar hafa að jafnaði verið eknar um 20–40 þúsund kílómetra en til samanburðar má geta þess að hér á landi er í notkun slökkvibifreið sem var gerð upp eftir að henni hafði verið ekið um 400 þúsund kílómetra.

	Til Reykjavíkur		Utan Reykjavíkur		
	Ný	Notuð	Ný	Notuð	Framleiðsluár notaðra bifreiða
1988			1		
1989					
1990	1		1		
1991					
1992			1		
1993			3	2	1979, 1983
1994			1	1	1980
1995			2	1	1979
1996				2	1979, 1989
1997				1	1984
1998	1		3	4	1980, 1982, 1980, 1984
Samtals	**2**	**0**	**12**	**11**	

4. *Hverjir voru seljendur bifreiðanna sem voru keyptar á þessum árum og hvaða ástæður réðu vali á seljendum?*

Samkvæmt upplýsingum Brunamálastofnunar ríkisins eru söluaðilar þeirra slökkvibifreiða sem um ræðir Múlatindur hf., Kraftur hf., Eldvarnamiðstöðin hf. og Ístraktor hf. Ákvörðun um kaup á slökkvibifreiðum er alfarið í höndum sveitarfélaganna.

5. *Hefur Brunamálastofnun eða starfsmenn hennar haft milligöngu við kaup sveitarfélaganna á slökkvibifreiðum og öðrum aðbúnaði? Ef svo er, hvernig hefur þeirri milligöngu verið háttað?*

Í a-lið 4. mgr. 2. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, með síðari breytingum, segir að Brunamálastofnun ríkisins skuli leiðbeina sveitarstjórnum um allt það er lýtur að brunavörnum. Í samræmi við framangreinda skyldu hefur Brunamálastofnun, að beiðni einstakra sveitarfélaga, veitt upplýsingar um notagildi slökkvibúnaðar. Í þessu sambandi skal tekið fram að skv. c-lið 4. mgr. 2. gr. sömu laga skal Brunamálastofnun hafa eftirlit með og samþykkja slökkvibúnað. Smærri sveitarfélög hafa í nokkrum tilvikum ákveðið að festa kaup á notaðri slökkvibifreið sökum þess að tekjur sveitarfélagsins hafa að mati sveitarstjórnar ekki leyft kaup á nýrri bifreið. Brunamálastofnun hefur því veitt upplýsingar um endingu og reynslu slökkviliða af einstökum bifreiðum þegar um það hefur verið beðið. Í einstökum tilvikum hefur starfsmaður stofnunarinnar, að beiðni viðkomandi sveitarfélags, farið utan og veitt upplýsingar um notagildi þeirra bifreiða sem í boði hafa verið m.a. á grundvelli upplýsinga frá samsvarandi stofnunum í nágrannalöndum. Aftur á móti hefur stofnunin ekki haft milligöngu um kaup á slökkvibifreiðum eða öðrum búnaði. Þó ber að geta þess að mörg sveitarfélög nota enn slökkvibifreiðar af gerðinni Bedford sem voru keyptar hingað til lands fyrir u.þ.b. þremur áratugum. Umræddar bifreiðar hafa reynst vel hér á landi. Tími þeirra er hins vegar að renna á enda en þær þykja vera gamaldags og stirðar í notkun. Brunamálastofnun hefur reynt að sjá til þess að varahlutir væru til í landinu vegna þess að með tímanum

hefur reynst æ erfiðara að útvega þá. Verða þeir Bedford-bílar sem slökkviliðin hætta að nota þá nýttir í varahluti.

6. *Telur ráðherra að milliganga Brunamálastofnunar eða starfsmanna hennar samræmist hlutverki stofnunarinnar sem eftirlitsaðila og ráðgjafa sveitarfélaganna?*

Samkvæmt upplýsingum Brunamálstofnunar ríkisins hefur stofnunin leiðbeint sveitarstjórnum um brunavarnir en ekki mælt með sérstökum tækjum, enda samræmist það ekki hlutverki stofnunarinnar.

7. *Telur ráðherra að hagkvæmni fyrir viðkomandi fyrirtæki hafi ávallt ráðið vali á seljanda slökkvibifreiða?*

Sveitarfélög taka sem fyrr segir ákvörðun um kaup á slökkvibifreiðum með hliðsjón af þörfum og því fé sem til þess á að verja. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um annað en að sveitarfélög hafi tekið ákvarðanir um kaup á slökkvibifreið á grundvelli faglegra sjónarmiða sem í mörgum tilvikum hafa byggst á ráðgjöf Brunamálastofnunar ríkisins.

8. *Telur ráðherra að ráðgjöf opinberrar stofnunar um einn seljanda slökkvibifreiða til sveitarfélaganna samræmist samkeppnislögum?*

Samkvæmt upplýsingum Brunamálastofnunar ríkisins hefur stofnunin í samræmi við c-lið 4. mgr. 2. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, eingöngu veitt sveitarfélögum upplýsingar um tæknileg málefni varðandi gerð og búnað slökkvibifreiða, enda samrýmdist annað ekki hlutverki stofnunarinnar.

9. *Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að uppræta samskiptaörðugleika milli Eldvarnaeftirlits Reykjavíkur og Brunamálastofnunar sem fram hafa komið í fjölmiðlum?*

Ráðuneytið hefur þegar haldið fund með Reykjavíkurborg sem er ábyrg fyrir eldvarnaeftirliti í Reykjavík lögum samkvæmt, fulltrúum eldvarnaeftirlits Reykjavíkur og brunamálastjóra um samskipti þessara aðila og mun ásamt Reykjavíkurborg kappkosta að bæta þau að svo miklu leyti sem þau eru ekki eðlileg, sem þau eru í langflestum tilvikum.

1223. Svar [604. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um Brunamálaskólann.

1. *Hvers vegna hafa ekki verið sett lög um Brunamálaskólann á þessu kjörtímabili eins og áformað var?*

Í reglugerð nr. 195/1994, um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna er kveðið á um starfsemi Brunamálaskólans. Þar er eins og nafnið gefur til kynna fjallað um menntun slökkviliðsmanna og veitingu starfa í slökkviliði og þar að auki um framkvæmd skólastarfs og fyrirkomulag í Brunamálaskólanum. Þessi reglugerð er sett með stoð í lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, en í þeim lögum er hins vegar hvergi fjallað um starfsemi skólans. Þótt í 8. gr. laganna sé ráðherra, áður félagsmálaráðherra en eftir 1. janúar 1998 umhverfisráðherra, m.a. heimilað að setja nánari ákvæði um menntun slökkviliðsmanna í reglugerð. Í þeirri reglugerð, sbr. áðurnefnda reglugerð nr. 195/1994, er m.a. kveðið á um að starfa skuli sérstök skólanefnd yfir skólanum er beri ábyrgð á skólastarfinu og stýri því.

Einnig er þar fjallað um kostnað við rekstur skólans og að hann greiðist af tekjum Brunamálastofnunar.

Með vísun til framanritaðs hefur þótt ríkja vafi á hvort reglugerðin nr. 195/1994 eigi sér nægjanlega lagastoð hvað varðar starfsemi skólans. Samkvæmt lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, sem reglugerðin á stoð í, fer brunamálastjóri, undir yfirstjórn stjórnar Brunamálastofnunar, með stjórn allra mála er undir lögin falla, þar á meðal Brunamálaskólann og því getur skólinn eins og lögin eru ekki verið annað en hluti af starfsemi stofnunarinnar.

Umhverfisráðherra tók yfir málaflokk brunamála og brunavarna 1. janúar 1998 og þar með lög nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál. Fljótlega kom í ljós ágreiningur um starfsemi skólans, ekki síst hvert ætti að vera hlutverk brunamálastjóra annars vegar og skólastjórnar hins vegar. Átti ráðuneytið í viðræðum við forsvarsmenn Landssambands slökkviliðsmanna um málið síðasta sumar og haust og lögðu þeir á það áherslu að traustri lagastoð yrði skotið undir starfsemi skólans sem ráðuneytið tók vissulega undir.

Síðasta haust var skipuð nefnd til þessa að endurskoða lög nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, sem í eiga sæti auk fulltrúa ráðuneytisins, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúi frá stjórn Brunamálastofnunar. Er nefndinni m.a. falið að fjalla um starfsemi Brunamálaskólans og gera tillögur um framtíðarhlutverk hans í nýjum lögum. Áformað er að nefndin skili tillögum að breyttum lögum næsta haust.

Umhverfisráðuneytið kannast ekki við ákveðin áform um að setja sérstök lög um Brunamálaskólann á kjörtímabilinu enda rúmt ár síðan málaflokkurinn færðist yfir til þess og hafa á því ári farið fram viðræður við forsvarsmenn Landssambands slökkviliðsmanna um framtíðarskipan skólamálanna. Ráðuneytið var sammála forsvarsmönnum sambandsins um nauðsyn lagasetningar til þess að treysta lagagrunninn og gaf ráðuneytið fyrirheit um að unnið yrði í málinu sem nú er gert, sbr. það sem segir um starfsemi stjórnskipaðrar nefndar þar að lútandi.

2. *Verður Brunamálaskólinn gerður að sjálfstæðri stofnun?*

Eins og að lögum er búið er það ekki hægt. Það er hlutverk stjórnskipaðrar nefndar að skila tillögum um starfsemi skólans og er þeirra að vænta næsta haust. Fyrr er lítið hægt að segja um framhaldið en sjálfstæði skólans hlýtur að ráðast af því hvert verður hlutverk hans. Verði honum ætlað að veita grunnmenntun er ljóst að hann verður að starfa sem sjálfstæð stofnun eða innan fjölbrautaskólakerfisins. Verði honum hins vegar falið að þjálfa slökkviliðsmenn eða veita tilvonandi slökkviliðsmönnum verklega þjálfun eingöngu getur slíkur skóli sem best verið hluti af starfsemi Brunamálastofnunar að fengnum skýrum lagaákvæðum um skólann.

1224. Svar [455. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um útlán Byggingarsjóðs verkamanna.

1. *Hver voru árleg heildarútlán Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1990–98, framreiknuð til núgildandi verðlags?*

Heildarútlán Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1990–97 voru sem hér segir, framreiknuð miðað við vísitölu neysluverðs til verðlags í mars 1999. Þegar þetta er ritað liggja tölur um fjárhæðir lána árið 1998 ekki fyrir:

	1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.	1997 m.kr.
Á verðlagi hvers árs	3.775	4.743	5.307	4.597	4.055	3.639	3.549	2.458
Á verðlagi í mars 1999 ..	4.787	5.631	6.074	5.055	4.393	3.876	3.697	2.515

Athygli er vakin á því að tölur þessar taka einnig til lánveitinga vegna endursöluíbúða í félagslega lánakerfinu.

2. *Hvernig skiptust þessi lán, framreiknuð til núgildandi verðlags, eftir sveitarfélögum ár hvert?*

Eftir nákvæma skoðun málsins hjá Íbúðalánasjóði hefur komið í ljós að ekki er unnt að fá upplýsingar úr tölvukerfum Íbúðalánasjóðs/Húsnæðisstofnunar ríkisins og Veðdeildar Landsbanka Íslands um skiptingu lánveitinga Byggingarsjóðs verkamanna á téðu tímabili eftir sveitarfélögum. Hér verða því gefnar upplýsingar um skiptingu lána sjóðsins, annarra en til endursöluíbúða, á tímabilinu miðað við landshluta (kjördæmi). Fjárhæðir og skipting lána árið 1998 liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað. Skipting veittra framkvæmdalána Byggingarsjóðs verkamanna til íbúðarbygginga eða íbúðarkaupa árin 1990–97 var sem hér segir eftir landshlutum:

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	*1990–1997*
Fjöldi lána:									
Reykjavík	324	116	380	83	246	180	252	102	***1.683***
Reykjanes	218	137	314	100	115	163	39	40	***1.126***
Vesturland	20	12	22	8	14	3	19	2	***100***
Vestfirðir	21	2	13	4	7	15	0	1	***63***
Norðurland vestra ...	20	17	15	9	10	2	0	0	***73***
Norðurland eystra ...	111	86	67	54	41	28	31	58	***476***
Austurland	54	28	25	20	3	2	3	1	***136***
Suðurland	54	25	55	16	19	5	3	0	***177***
Samtals	**822**	**423**	**891**	**294**	**455**	**398**	**347**	**204**	***3.834***
Hlutfallsleg skipting:	%	%	%	%	%	%	%	%	%
Reykjavík	39,4	27,4	42,6	28,2	54,1	45,2	72,6	50,0	***43,9***
Reykjanes	26,5	32,4	35,2	34,0	25,3	41,0	11,2	19,6	***29,4***
Vesturland	2,4	2,8	2,5	2,7	3,1	0,8	5,5	1,0	***2,6***
Vestfirðir	2,6	0,5	1,5	1,4	1,5	3,8	0,0	0,5	***1,6***
Norðurland vestra ...	2,4	4,0	1,7	3,1	2,2	0,5	0,0	0,0	***1,9***
Norðurland eystra ...	13,5	20,3	7,5	18,4	9,0	7,0	8,9	28,4	***12,4***
Austurland	6,6	6,6	2,8	6,8	0,7	0,5	0,9	0,5	***3,5***
Suðurland	6,6	5,9	6,2	5,4	4,2	1,3	0,9	0,0	***4,6***
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	***100,0***

1225. Skýrsla [616. mál]

sjávarútvegsráðherra um sjávarútveg Íslendinga. Þróun, staða og horfur.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Í tilefni af ári hafsins 1998 fól sjávarútvegsráðherra Birgi Þór Runólfssyni, dósent við Háskóla Íslands, að taka saman skýrslu um stöðu og horfur í sjávarútvegi Íslendinga í lok þessarar aldar. Gerð skýrslunnar er nú lokið og var hún afhent ráðuneytinu 15. mars sl. Skýrslan ber heitið *Sjávarútvegur Íslendinga — Þróun, staða og horfur* og er hún hér með birt Alþingi.

Sjávarútvegur Íslendinga — Þróun, staða og horfur.

(Skýrsla til sjávarútvegsráðherra tekin saman í tilefni af ári hafsins 1998.)

Formáli.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun Sameinuðu þjóðanna að helga árið 1998 hafinu skipulagði sjávarútvegsráðherra, í samráði við ríkisstjórn Íslands, ýmsa fyrirlestra, ráðstefnur og sýningar á árinu. Það fór vel á því, enda erum við Íslendingar flestum öðrum fremur háðir sjávarfangi. Um allan heim hafa menn áhyggjur af ofveiði og umhverfisspjöllum á hafinu. Við Íslendingar höfum reynt að girða fyrir þennan vanda með því að koma á stjórnkerfi við fiskveiðar sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu fiskstofna og með því að móta stefnu í umgengni okkar við auðlindina sem hafið og sjávardýr eru okkur. Skipulag fiskveiðanna, svokallað kvótakerfi, hefur gefið góða raun. Afkoma sjávarútvegs er hér miklu betri en gerist annars staðar og fiskstofnar, sem áður virtust að hruni komnir, eru nú að ná sér.

Skýrslan er þáttur í því starfi sem sjávarútvegsráðherra skipulagði í tilefni af ári hafsins. Hér er gefin yfirsýn yfir sjávarútveg Íslendinga; þróun, stöðu og horfur. Að mestu byggist hún á tölum og gögnum frá hinu opinbera. Framsetning á þessum tölum, túlkun og ályktanir sem dregnar eru í skýrslunni eru þó á ábyrgð skýrsluhöfundar.

Skýrsla þessi er nokkuð seint á ferð, en í því efni er um að kenna önnum skýrsluhöfundar við önnur störf. Vonandi verður þó gagn af efni skýrslunnar og að þeir er lesa finni einhvern fróðleik í henni.

Reykjavík, 15. mars 1999,

dr. Birgir Þór Runólfsson, dósent í hagfræði,
viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.


1. Helstu niðurstöður.

— Sjávarútvegurinn heldur enn mikilvægi sínu í verðmætasköpun þjóðarinnar. Hlutfallslegt framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu hefur verið nær óbreytt síðastliðinn aldarfjórðung. Sjávarafurðir skapa enn um helming allra útflutningstekna og um ¾ tekna af vöruútflutningi.

— Sóknarmarkskerfi, sem var ríkjandi í botnfiskveiðunum 1978–83, virðist ekki hafa skapað hagkvæmni í fiskveiðunum. Þvert á móti virðist það hafa ýtt undir efnahagslega hnignun veiðanna. Fiskiskipaflotinn stækkaði og sókn í botnfiskstofnana jókst hratt, aflagæði voru slök og afkoma fiskiskipaflotans var léleg.

— Aflakvótakerfið í síld- og loðnuveiðum hefur skilað ávinningi bæði hvað snertir minnkun flota og sóknar. Þá virðist einnig árangur af aflakvótakerfi í botnfiskveiðunum, sérstaklega eftir 1990. Hafa þarf í huga að stjórnkerfi botnfiskveiða fyrir þann tíma, þ.e. 1984–90, var í raun blanda sóknarmarks og aflakvótakerfis, og var sóknarmarkið ríkjandi mikinn hluta tímabilsins.

Mynd 1.1. Heildarsókn í botnfisk, öll veiðarfæri.



— Með heildstæðu kvótakerfi í botnfiskveiðum hefur tekist að draga verulega úr sókn. Miðað við hámark sóknar árið 1990 hafði botnfisksóknin árið 1997 minnkað um 38%, sé miðað við línu, net og botnvörpu. Minnkunin miðað við 1983, síðasta árið áður en fyrst var farið að nota kvótakerfi í botnfiskveiðum, er næstum því jafnmikil.


— Niðurstöður tölfræðiathugana sýna að um framvindubrot hafi verið að ræða í þróun botnfisksóknar á tímabilinu frá 1979. Einnig sýna þær að framvindubrot hafi átt sér stað á árunum 1983–85 og síðan aftur 1991–93. Þessi sóknarminnkun er tölfræðilega marktæk.

— Þá sýna allar athuganir sem gerðar hafa verið á framleiðni fiskveiðanna að mikil aukning hefur orðið í fiskveiðunum hérlendis. Tölfræðiathuganir á staðvirtum gögnum sýna marktæka 2,5–3,0% framleiðniaukningu á ári frá 1974. Nokkur niðursveifla var reyndar á síðustu árum sóknardagakerfisins, 1982–84, en frá þeim tíma hefur orðið mjög mikil aukning.

— Þótt ýmsir aðrir þættir, svo sem ný tækni og markaðsvæðing, skýri hluta framleiðniaukningarinnar er einnig ljóst að hagkvæmari nýting skipa og kvóta skýrir verulegan hluta hennar. Framleiðniaukningin á síðustu árum er í raun enn þá meiri þegar verðmætaaukning vegna betri gæða afla er skoðuð.


— Tekist hefur að vinda ofan af offjárfestingu í fiskiskipum. Flotinn hefur minnkað á flestum sviðum, svo sem miðað við fjölda skipa, verðmæti og brúttótonnafjölda.
— Reynslan af sóknartakmörkunum og aflakvótum í íslenskri fiskveiðistjórnun kemur heim og saman við spádóma fiskihagfræðinnar um að aflakvótar séu betur til þess fallnir en sóknartakmarkanir að skapa arð af fiskveiðum. Sérfræðingar OECD hafa einnig komist að sömu niðurstöðu og í nýlegri skýrslu þeirra segir að kerfi sem er byggt á kvótum á hvert skip sé virk aðgerð til þess að hafa stjórn á nýtingu stofna, það komi í veg fyrir kapphlaup við veiðar og hliðaráhrif kapphlaups, auki hagræðingu og hagnað, og dragi úr stærð fiskveiðiflotans.

Mynd 1.2. Framleiðni heildarþátta í fiskveiðum leiðrétt fyrir stofnstærð.




— Þorskaflinn á árinu 1998 var 242 þús. tonn samanborið við 203 þús. tonn árið 1997. Aflamark fyrir fiskveiðiárið 1998/99 er 250 þús. tonn. Þrátt fyrir laka nýliðun mestallan tíunda áratuginn hefur tekist að rétta stofninn smám saman við og er gert ráð fyrir að veiðistofn sé um 1.030 þús. tonn í ársbyrjun 1999. Nýliðun 1997 og 1998 hefur verið ágæt og er því reiknað með góðum vexti í stofninum á næstu árum. Sá árangur sem náðst hefur í endurreisn þorskveiðistofns og sérstaklega kynþroska hluta hans er fyrst og fremst að þakka takmörkun veiða undanfarin ár og upptöku 25% veiðireglu.
— Mestallan níunda áratuginn og fram í byrjun þess tíunda var iðulega veitt meira af ýmsum fisktegundum en Hafrannsóknastofnunin lagði til. Með lögum um stjórn fiskveiða frá 1990, ásamt síðari breytingum, hefur allur fiskiskipaflotinn, að krókabátum undanskildum, verið kvótasettur og er afli nú í meira samræmi við tillögur fiskifræðinga. Krókaleyfisbátar veiða enn umfram aflaviðmiðun sína.

Mynd 1.3. Afkoma í sjávarútvegi í hlutfalli af rekstrartekjum (árgreiðsluaðferð).




— Eiginfjárhlutfall fyrirtækja í sjávarútvegi var um 26% árið 1996, en hafði verið 15% árið 1990 og aðeins 5,3% árið 1988. Afkoma í sjávarútvegi var neikvæð allan níunda áratuginn, að undanskildum árunum 1986–87. Mikill umsnúningur hefur verið frá 1990, afkoman hefur verið mjög góð. Afkoma í landvinnslu botnfisks versnaði þó árið 1996.
— Miklar breytingar hafa orðið á ráðstöfun afla á undanförnum tveimur áratugum. Sjóvinnsla hefur rutt sér til rúms og lætur nærri að 30% botn- og flatfiskaflans sé unnin á sjó. Útflutningur á ferskum fiski í gámum varð mikill á níunda áratugnum, en hefur minnkað mjög síðan. Á tíunda áratugnum hefur útflutningur á ferskum fiskafurðum með flugi hins vegar aukist mjög. Hlutdeild landvinnslunnar í botnfiskafla hefur þar af leiðandi farið minnkandi.
— Fiskmarkaðir hófu göngu sína hérlendis árið 1987. Síðan hafa þeir aukið hlutdeild sína mikið og hefur sala þeirra verið yfir 100 þús. tonn undanfarin ár. Athyglisverðara er þó að skoða hlutdeild þeirra í einstökum tegundum. Þannig selja þeir um 30% af öllum þorski sem fer til vinnslu innan lands, yfir 40% af ufsa og yfir 60% af ýsu. Hlutdeild markaðanna er um og yfir 50% í níu öðrum botn- og flatfisktegundum.
— Mikill flutningur hefur orðið á aflahlutdeildum undanfarin ár og þá sérstaklega fiskveiðiárið 1997/98. Frá árinu 1990 hefur meira en öll hlutdeild í helmingi tegunda verið flutt. Hafa verður þó hugfast að um veltutölur er að ræða. Framsal alfahlutdeilda og aflamarks hefur með þessu átt stóran þátt í aukinni hagræðingu hjá fyrirtækjum.

Mynd 1.4. Skipting aflamarks eftir kjördæmum (allar aflamarkstegundir innan lögsögu).



— Mynd 1.4 sýnir skiptingu aflamarks eftir kjördæmum fiskveiðiárin 1996/97, 1997/98 og 1998/99. Sjá má á myndinni að Norðurland eystra hefur langmesta hlutdeild í heildaraflamarki, en Norðurland vestra hefur minnsta hlutdeild. Nokkrar sveiflur eru í hlutdeild flestra kjördæmanna milli ára. Þær sveiflur eru ekki eingöngu tilkomnar vegna flutninga á aflahlutdeild milli landshlutanna. Jafnmikilvægar eru breytingar á leyfilegum heildarafla hinna ýmsu fisktegunda og breytingar á þorskígildisstuðlum einstakra tegunda. Þá hefur fisktegundum í aflamarki fjölgað á undanförnum árum.
— Þegar hlutdeild kjördæma í lönduðum afla er borin saman við kvótahlutdeild þeirra er oft nokkur munur þar á. Enn meiri munur kemur fram þegar skoðuð er hlutdeild í afla lönduðum til vinnslu innan lands, enda hefur sjóvinnsla aukist á undanförnum árum. Þá er hlutdeild kjördæma, bæði kvótahlutdeild og hlutdeild þeirra í vinnslu sérveiðitegunda, mismikil.
— Smábátum fjölgaði mjög mikið á árunum 1984–90, en hefur fækkað nokkuð síðan. Hlutdeild smábáta í afla hefur aukist mjög síðan 1983, sérstaklega hlutdeild þeirra í þorskafla. Frá 1991 hafa allir bátar stærri en 6 brl. verið undir aflamarki, en langflestir bátar undir 6 brl. eru í svokölluðu krókaleyfiskerfi. Flestir eru krókaleyfisbátar á Vestfjörðum, um 180, en næstflestir á Reykjanesi, ríflega 150.
— Hlutdeild stærstu útgerða í heildaraflamarki hefur aukist frá því að kvótakerfið var innleitt í fiskveiðunum. Þegar hlutdeild tíu stærstu útgerðanna er skoðuð sést að hún hefur aukist um 20% frá 1991. Sú aukning er í raun minni en búast mátti við, enda var meginvandi fiskveiðanna að of mörgum skipum var haldið til veiða. Þegar kannað er nánar hvernig samþjöppun kvóta hefur orðið sést að sameining fyrirtækja í sjávarútvegi skýrir hana að miklu leyti.

Mynd 1.5. Afli krókabáta.



— Mikil aukning hefur orðið á fjölda hluthafa í sjávarútvegsfyrirtækjum. Þannig eru nú ríflega 10.000 hluthafar, eða um 1.000 að meðaltali, í tíu stærstu fyrirtækjunum. Árið 1990 voru þeir innan við 2.800 og mun færri þar á undan. Flestar stóru útgerðanna eru almenningshlutafélög og eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Almenningshlutafélög, lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir, samvinnufélög og sveitarfélög eru meirihlutaeigendur í nokkrum fyrirtækjanna.

— Þrátt fyrir að rekja mætti óstöðugleika íslensks efnahagslífs að nokkru til sjávarútvegs hafa fiskimiðin umhverfis landið verið undirstaða hagvaxtar og lífskjaraaukningar sem skipað hefur Íslendingum í raðir tekjuhæstu þjóða heimsins. Sveiflur í afla hafa minnkað með tilkomu heildstæðs aflahlutdeildarkerfis í fiskveiðunum. Þá hafa miklar breytingar orðið á reglum um fjármagnsflæði, og gengi krónunnar er nú markaðstengt. Þessar breytingar valda því að þótt afkoma útflutningsgreina hafi áfram óbein áhrif á gengið hefur vægi þess minnkað og fjármagnshreyfingar ráða nú meiru. Af þessum, og reyndar fleiri ástæðum, er ekki hægt að halda því fram lengur að sveiflur í sjávarútvegi útskýri allar sveiflur í íslensku efnahagslífi. Núverandi uppsveifla í efnahagslífinu hefur t.d. lítið með uppgang í sjávarútvegi að gera. Samspil sjávarútvegs og annarra atvinnugreina er langt í frá að vera einfalt og auðskilið. Almennt efnahagsástand og sögulegar aðstæður hafa markað brautina fyrir þróunina í sjávarútvegi sem og öðrum atvinnugreinum. Það mikla umbreytingarskeið sem ríkt hefur í íslenskum efnahagsmálum á síðustu árum hefur gjörbreytt öllum fyrri forsendum íslensks atvinnulífs og skapað grundvöll fyrir breyttar áherslur.

2. Sjávarútvegur Íslendinga.


Íslenska hagkerfið er mjög háð sjávarútvegi. Sjávarafurðir skapa um ¾ af gjaldeyristekjum þjóðarinnar sem aflað er með vöruviðskiptum við aðrar þjóðir og um 50% af öllum gjaldeyristekjum. Á mælikvarða landsframleiðslu skapar sjávarútvegurinn um 15% beint, en í heild (beint og óbeint) skapar sjávarútvegur líklega um 45% landsframleiðslunnar. Með öðrum orðum má segja að án sjávarútvegs væri landsframleiðslan aðeins um 60% af því sem hún nú er. Hin góðu lífskjör þjóðarinnar byggjast því að mestu á sjávarútveginum.

Íslandsmið eru einhver gjöfulustu fiskimið í heimi. Landgrunnið er mjög víðáttumikið, um 758 þúsund ferkílómetrar, og þar blandast heitir hafstraumar sunnan úr höfum og kaldir straumar að norðan. Jafnframt á sér stað lóðrétt blöndun að sumarlagi vegna hitamunar yfirborðslaga og djúplaga sjávar. Vegna hinnar sífelldu blöndunar flytjast ýmis næringarefni upp í yfirborðslögin og gagnast þar plöntusvifi sem myndar síðan einn mikilvægasta hlekk fæðukeðjunnar í hafinu. Á íslenska landgrunninu eru klak- og ætisslóðir fjölmargra nytjafiska. Góð fiskimið er að finna á miðunum allt í kringum landið.

Mikilvægustu fiskstofnarnir eru botnfisktegundir sem undanfarin ár hafa skapað um 80% af aflaverðmætinu. Mikilvægasti einstaki stofninn er þorskurinn, en ýsa, karfi, og ufsi eru einnig mikilvægar tegundir. Uppsjávarfiskar, eins og loðnan og síldin, eru einnig mikilvægar tegundir og skapa um 10% af aflaverðmætinu. Að auki hafa krabbadýr, eins og rækja og humar, og skelfiskur orðið mikilvægari undanfarna áratugi.

Um aldamótin síðustu voru fiskveiðar Íslendinga enn ekki vélvæddar. Fiskiskipaflotinn samanstóð af seglskipum og árabátum. Á fyrstu áratugum aldarinnar átti vélvæðing sér stað. Fyrsti togarinn kom til landsins árið 1904. Litlir vélvæddir bátar komu til sögunnar á svipuðum tíma. Um 1930 voru hér um 40 togarar og vélbátar voru orðnir um 1.000. Skúturnar og árabátarnir voru horfin. Veiðiaðferðir breyttust einnig mikið. Botnvarpan, hringnót og lagnet komust í notkun og urðu fljótlega aðalveiðarfærin, en hlutur línu og handfæra minnkaði að sama skapi.

Mynd 2.1. Hlutfallslegt framlag fiskveiða og fiskvinnslu til landsframleiðslu




Íslendingar hafa lengi sótt þorsk og ýsu til sjávar, en það var fyrr en undir lok síðustu aldar sem síldveiðar hófust. Fjöldi þeirra tegunda sem sóttar eru í sjó hefur aukist gífurlega á þessari öld. Ufsinn varð mikilvæg markaðstegund á þriðja áratugnum, karfinn á fimmta áratugnum, rækja og humar á sjöunda áratugnum, loðna og hörpudiskur á áttunda áratugnum og grálúða og fleiri tegundir á þeim níunda. Að auki hefur aflamagn Íslendinga aukist margfalt.

Fram á nítjándu öld var fiskvinnsla á Íslandi nánast eingöngu bundin við skreiðarframleiðslu. Snemma á þeirri öld kom hins vegar saltfiskframleiðsla til sögunnar. Þessi framleiðsla skilaði mun meiri tekjum og varð fljótt meginframleiðsluaðferðin og stóð svo fram á fjórða áratug þessarar aldar. Mikilvægustu markaðir voru í Suður-Evrópu, sérstaklega á Spáni og Ítalíu. Þegar söltun síldar hófst opnuðust markaðir í Norður-Evrópu.

Undir lok síðustu aldar hófst lýsisframleiðsla og á þriðja áratug þessarar aldar fiskimjölsframleiðsla. Þá ber einnig að nefna að England varð mikilvægur markaður fyrir ferskan fisk, en þangað sigldu togarar oft.

Mynd 2.2. Aflaverðmæti, þjóðartekjur og útflutningstekjur
Vísitölur 1990=100




Frysting sjávarafurða hófst á fjórða áratug aldarinnar og jókst mjög mikið á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar þegar hefðbundnir markaðir í Evrópu lokuðust. Árið 1930 voru starfandi tvö frystihús hérlendis, árið 1940 voru þau orðin 22 og árið 1949 voru þau 80. Á sjötta áratugnum var frysting orðin mikilvægasta vinnsluaðferðin og hefur reyndar verið svo síðan.

Sjávarútvegurinn, bæði veiðar og vinnsla, einkennist af mörgum fremur smáum fyrirtækjum. Oftast eru mikil tengsl á milli veiða og vinnslu, þ.e. sömu aðilar eða sama fyrirtæki á ekki aðeins fiskvinnslu heldur einnig einn eða fleiri báta sem stunda veiðar.


Fiskvinnslan samanstendur af um 450 fyrirtækjum og eru flest þeirra lítil. Mikill meiri hluti fyrirtækjanna, eða um ⅔ þeirra, veltu minna en 100 millj. kr. árið 1996 og um 40% af fyrirtækjunum veltu minna en 10 millj. kr. Aðeins fjögur fyrirtæki veltu meira en 3 milljörðum kr. Stærri fiskvinnslufyrirtækin nota margar framleiðsluaðferðir, venjulegast frystingu, söltun og mjöl- og lýsisvinnslu. Minni fyrirtækin sérhæfa sig venjulegast í tiltekinni framleiðslu.

Mynd 2.3. Sjávarafurðaframleiðslan 1973-1996
Magnvísitölur 1990=100



Tæplega helmingur allra fiskvinnslufyrirtækja sérhæfa sig í framleiðslu sem bendir til þess að einhvers konar hagkvæmni sé í að nota fjölbreytni í framleiðslu. Verið getur að hagkvæmnin byggist að einhverju á takmörkuðum ferskfiskmarkaði fremur en að um framleiðsluhagkvæmni sé að ræða. Stærri fyrirtækin eiga flest eigin fiskiskip og þau vinna flest afla skipanna. Veiði þeirra er oft blönduð í tegundum, stærðum, gæðum o.fl., og það gæti ráðið því hvaða framleiðsluaðferðir eru notaðar. Með tilkomu uppboðsmarkaða fyrir fisk og með bættum samgöngum hefur þetta þó breyst að einhverju leyti, og mörg fyrirtækjanna sérhæfa sig nú meira en áður.

Mynd 2.4. Hagnaður af reglulegri starfsemi 1980-1995
Hlutfall af rekstrartekjum




Útgerð og fiskvinnsla eru staðsett allt í kringum landið og reyndar mun meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hið hefðbundna fyrirtæki í sjávarútvegi er staðsett í litlum bæ eða þorpi við sjávarsíðuna. Fyrirtækið á bæði fiskvinnslu, oft nokkur hús sem hvert sérhæfir sig í tiltekinni framleiðslu, og fiskiskip sem sjá að mestu um hráefnisöflunina. Fiskiskip í eigu einstaklinga sjá oft um að öflun viðbótarhráefnis, annaðhvort með beinum samningum eða í gegnum uppboðsmarkaði. Fyrstu uppboðsmarkaðirnir hófu starfsemi árið 1987 og eru nú á þriðja tug markaða starfandi víðs vegar um landið. Framangreind lýsing á vel við botnfisk-, krabbadýra- og skelvinnsluna, sem skapar um 90% sjávarafurðaverðmætisins, en að minna leyti á hún við um vinnslu uppsjávarfisks. Skipulag lýsis- og mjölvinnslunnar er að nokkru leyti öðruvísi en áður greinir.

Á undanförnum árum hefur sameiningarbylgja gengið yfir í sjávarútvegi Íslendinga. Þar hefur bæði verið um láréttar og lóðréttar sameiningar að ræða. Lóðrétt sameining þýðir að fyrirtæki sem einbeitt hefur sér að fiskvinnslu og annað fyrirtæki sem einbeitir sér að útgerð sameinast. Lárétt sameining byggist hins vegar á að fyrirtæki í vinnslu og/eða útgerð sameinist. Oft er um að ræða að fyrirtæki sem hafa sérhæft sig að einhverju leyti sameinast einu eða fleiri fyrirtækjum með aðra sérhæfingu. Slíkar sameiningar einskorðast ekki við fyrirtæki sem staðsett eru í sama bæjarfélagi, jafnalgengt er að fyrirtæki í mismunandi landshlutum sameinist. Sameining fyrirtækjanna á að auka hagkvæmni rekstrarins og dreifa áhættu þess að fyrirtæki sé of sérhæft í tiltekinni vinnslu. Sameiningarferlið hefur einnig leitt til þess að fleiri og fleiri sjávarútvegsfyrirtæki hafa óskað eftir aðild fjárfesta, bæði úr hópi almennings og svokallaðra stofnanafjárfesta, að fyrirtækjunum. Eftir sameiningu og hlutafjárvæðingu rísa stærri og oft hagkvæmari fyrirtæki með meiri aflaheimildir. Flest þessara fyrirtækja eru

einnig skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Nokkur þessara nú sameinuðu fyrirtækja eru tiltölulega stór á íslenskan mælikvarða. Sum hafa t.d. yfir að ráða 5–10 togurum og 15–30 þús. tonna aflaheimildum (mælt í þorskígildum). Slík fyrirtæki stunda yfirleitt mjög fjölbreytta vinnslu og veiðar og eiga oftast vinnsluskip að auki.

Sjávarútvegurinn hefur mikla sérstöðu í íslensku efnahagslífi þar sem hann stendur undir stærstum hluta af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins. Sveiflur í sjávarútvegi, sem rekja má til breytilegra aflabragða og óstöðugra viðskiptakjara, sköpuðu áður ákveðinn óstöðugleika í íslenskum efnahagsmálum.

Mynd 2.5. Magnvísitala aflaverðmætis



Í almennri umfjöllun í þjóðfélaginu hefur nánast alfarið verið fjallað um neikvæð áhrif þessa óstöðugleika á vaxtarskilyrði almenns iðnaðar og erfiðrar sambúðar hans við sjávarútveginn. Það er hins vegar ljóst að þessi óstöðugleiki vegna sveiflukenndrar afkomu einstakra greina sjávarútvegs hafði ekki síður neikvæð áhrif á vaxtarskilyrði annarra greina sjávarútvegsins sjálfs. Þetta á einkum og sér í lagi við um þær greinar sem framleiða fyrir neytendavörumarkað þar sem t.d. hækkandi raungengi hefur ekki síður haft neikvæð áhrif en í almennum iðnaði. Reynt var að bregðast við þessum óstöðugleika með ýmsum hætti, en þær aðgerðir höfðu ekki tilætluð áhrif. Undanfarin ár hafa orðið róttækar breytingar á íslenskum sjávarútvegi sem best verður lýst með orðinu markaðsvæðing. Mikilvægustu breytingarnar ná til eftirfarandi þátta: Stjórnunar fiskveiða með úthlutun veiðiheimilda, þróunar fiskmarkaða og breytinga á verðmyndunarkerfi sjávarútvegsins, frjáls framsals veiðiheimilda og heimilda erlendra fiskiskipa til löndunar hérlendis. Með þessum breytingum hefur rekstrarumhverfi sjávarútvegsins verið fært til nútímalegra horfs.

Hlutfallsleg stærð sjávarútvegs á Íslandi þýðir að öll stefnumótun í sjávarútvegi hefur gífurleg áhrif á alla aðila hagkerfisins. Sjávarútvegurinn er mjög ráðandi um tekjur og tekjudreifingu, og í mörgum sveitarfélögum landsins er um litla aðra atvinnustarfsemi að ræða en sjávarútveg. Sjávarútvegsstefna getur því haft mikilvæg byggðaráhrif. Fiskveiðistjórnun er af þessum ástæðum áberandi í allri þjóðmálaumræðu og hefur áhrif á efnahags- og byggðastefnu stjórnvalda.

Kvótakerfi hófu innreið sína hér á áttunda og níunda áratugnum og frá 1991 hefur aflahlutdeildarkerfið verið ráðandi í stjórnun fiskveiða. Í þjóðmálaumræðunni hefur verið tekist á um áhrif þessa stjórnunarkerfis í fiskveiðunum og hefur þar sitt sýnst hverjum.

3. Fiskveiðistjórnun.

Hvernig stendur á því að taprekstur er fremur regla en undantekning í fiskveiðum um heim allan og víða er miklu meira sótt í fiskstofna en þeir þola? Í stuttu máli má segja að ástæða ofveiði og taprekstur sé að finna í röngu skipulagi fiskveiða, þ.e. flestar þjóðir hafa stjórnað fiskveiðum sínum með ómarkvissum og jafnvel skaðlegum hætti. Hér á eftir verður reynt að útskýra þetta nánar.

Vandamál fiskveiðanna eru að meginhluta tvíþætt. Annars vegar er um líffræðilegt vandamál að ræða, nefnilega það að fjöldi fiska í sjónum er takmarkaður. Þessa vegna þarf að hafa hemil á því hversu margir, eða hversu mikið af fiski er dregið úr sjó yfir ákveðið tímabil, t.d. á ári hverju. Þetta er hið líffræðilega vandamál, það vandamál sem fiskifræðingar fást við hér á landi. Hins vegar er um hagfræðilegt vandamál að ræða sem einnig markast af því að fjöldi fiska í sjónum er af skornum skammti. Vandamálið hér er þó ekki það að hafa hemil á því hversu mörg tonn í heild eru veidd, heldur frekar að þau tonn af fiski sem dregin eru úr sjó séu tekin á sem hagkvæmastan hátt.

Líffræðileg fiskveiðistjórnun.

Stærð og afkastageta fiskstofna er takmörkuð. Takmörk þessi setur náttúran, þ.e. eðli viðkomandi fiskstofns, fæðuframboð það sem hann býr við og aðrar aðstæður í umhverfi hans í hafinu. Þessi lífrænu takmörk eru rót þeirra augljósu og alþekktu sanninda að ekki er unnt að taka ótakmarkaðan afla úr fiskstofni. Til að mynda blasir við að ekki er unnt að veiða fleiri fiska en til eru í stofninum hverju sinni. Þetta eru hin algjöru efri mörk þess sem unnt er að taka úr stofninum hverju sinni. Slík fiskveiðistefna er hins vegar sjaldnast skynsamleg. Í framhaldinu getur nefnilega ekki verið um frekari veiðar að ræða. Stofninum hefur verið útrýmt.

Langoftast er skynsamlegt að nýta fiskstofn á það sem nefnt hefur verið sjálfbæran hátt. Sjálfbærar eru þær fiskveiðar kallaðar sem stofninn getur staðið undir til frambúðar. Einkenni sjálfbærra fiskveiða er að ekki er tekið meira úr stofninum að jafnaði en nemur náttúrulegum vexti hans. Þetta þýðir að ekki er gengið á stofnstærðina. Hún helst óbreytt yfir tíma, a.m.k. að jafnaði. Þar með geta fiskveiðarnar staðið með sama jafnaðarafla til frambúðar. Á það skal þó bent að sjálfbærar fiskveiðar eru ekki endilega óbreyttar frá ári til árs. Vegna breytileika náttúrunnar er óhjákvæmilegt að stofnstærð og þar með afli sveiflist yfir tíma. Slíkar sveiflur geta verið fyllilega samrýmanlegar hugtakinu um sjálfbærar fiskveiðar. Það sem máli skiptir í því efni er stöðugleiki að jafnaði. Það þýðir að þegar litið er yfir lengri tíma sýna hvorki stofnstærð né afli tilhneigingu til að minnka.

Ein algengasta aðferðin við fiskveiðistjórnun er að takmarka leyfilegan heildarafla við tiltekin efri mörk, svokallaðan heildarkvóta. Setning heildarkvóta er dæmigerð líffræðileg fiskveiðistjórnun. Markmið hennar er að vernda og jafnvel efla fiskstofninn. Takmarki heildarkvótinn í raun aflann, en því fer fjarri að svo sé ávallt í reynd, getur þessi aðferð dugað vel til að tryggja viðgang fiskstofns. Heildarkvótar hrófla hins vegar í engu við þeim hagrænu öflum sem í upphafi framkölluðu fiskveiðivandann og því leiðir heildarkvóti einn og sér ekki til efnahagsbóta í fiskveiðum.

Það er hlutverk Hafrannsóknastofnunarinnar og fiskifræðinga að rannsaka fiskstofnana og lífríki sjávar. Út frá þeim rannsóknum leggur síðan stofnunin til ákveðna líffræðilega hámarksveiði eða heildarkvóta.

Hagræn fiskveiðistjórnun.

Í hnotskurn má segja að hagræna vandamálið við óheftar veiðar lýsi sér í því að of margir aðilar með of mörg skip stundi sjóinn og með því leggi þeir ekki aðeins út í of mikinn peningalegan kostnað heldur leggi þeir einnig drjúgan kostnað hver á annan. Þannig veldur þessi ótakmarkaði aðgangur að auðlindum hafsins því að offjárfesting verður í fiskveiðitækjum, of mörg og of dýr skip, og tekjur manna í atvinnugreininni verða lægri en ella.

Þetta hagfræðilega vandamál er þó í raun ekki einskorðað við auðlindir hafsins, heldur á það við um allar auðlindir sem mannskepnan nýtir. Munurinn er þó sá að langt er síðan komið var á takmörkunum varðandi nýtingu flestra annara auðlinda. Í öllum vestrænum hagkerfum hefur eignarréttarskipulagi verið komið á varðandi nýtingu langflestra auðlinda, nema hvað varðar hafsvæðin og auðlindir þeirra. Vandamálið hvað varðar nýtingu fiskstofnana er því ekkert frekar líffræðilegt en hvað varðar nýtingu annara náttúruauðlinda. Það er, nýting flestra annara auðlinda er einnig háð einhverjum líffræðilegum eða efnafræðilegum vandamálum, en vandamálin þar hafa leyst að mestu eða öllu leyti með því að skilgreina eignarrétt eða afnotarétt að þeim auðlindum. Því má segja að ástæðan fyrir ofnýtingu fiskstofnanna, og reyndar fyrir ofnýtingu annarra auðlinda, liggi í því að ríkisvaldið hefur ekki staðið við það hlutverk sitt að skilgreina eignar- eða nýtingarrétt á nægilega skýran eða hagkvæman hátt. Lausnin á fiskveiðivandanum er því að skilgreina eignar- eða nýtingarrétt í fiskveiðum.

Það er óumflýjanlegur veruleiki að takmörkuð auðlind getur aldrei leitt til annars en að aðgangur að henni verði takmarkaður. Ekkert fiskveiðistjórnunarkerfi getur breytt því að fiskstofnarnir eru takmörkuð auðlind. Aðgangur manna að fiskveiðunum getur því ekki verið frjáls og öllum opinn. Núgildandi löggjöf um fiskveiðistjórnun byggist á því rótgróna viðhorfi að almannavaldið setji leikreglur um nýtingu fiskimiðanna en nýtingarrétturinn sjálfur sé í höndum einstaklinga eða fyrirtækja þeirra. Nýtingarrétturinn nú byggist á sögulegri reynslu sem síðan hefur fengið að þróast á grundvelli markaðslögmála.

Fiskveiðistjórnunarkerfið er svokallað aflamarkskerfi. Kostir þessa kerfis eru að heildaraflamark er ákveðið fyrir flotann í heild og, það sem mikilvægara er, að hverjum báti er skammtaður hluti af því aflamarki árlega. Hvert skip fær þannig ákveðið hlutfall af heildarafla sem útfærist sem ákveðinn tonnafjöldi þegar heildaraflamark er ákveðið. Hvert skip má þannig veiða og veit að það má veiða ákveðið magn af tilteknum fisktegundum. Heimilt er að framselja aflaheimildir milli útgerða, en þær eru þó bundnar við skip, þ.e. aðeins má flytja aflaheimildir milli fiskiskipa.

Fyrr á öldinni takmarkaðist nýtingarrétturinn af fjármagnsskorti og byggðist þá að meira eða minna leyti á pólitískri úthlutun fjármagnsins. Ekki er lengra síðan en 20 ár að ákvarðanir um togarakaup voru teknar með lögum frá Alþingi. Réttur til nýtingar fiskimiðanna hefur alltaf falið í sér fjárhagsleg verðmæti, meiri eða minni fyrst og fremst eftir afkomu atvinnugreinarinnar á hverjum tíma. Þessi verðmæti hafa verið andlag í búskiptum og við erfðir bæði fyrir og eftir gildistöku núverandi fiskveiðistjórnunarlaga. Hvort tveggja gerist á grundvelli almennra reglna sem gilda um þessi efni, jafnt fyrir alla einstaklinga og öll félög. Það eina sem hefur í raun breyst er að verðmæti skips og veiðiréttar var áður í einu lagi en er nú hægt að greina í sundur.

Vart þarf að deila um efnahagslegan eða líffræðilegan árangur sjávarútvegsstefnunnar. Í alþjóðlegri úttekt á vegum OECD árið 1997 kemur fram að sú fiskveiðistefna sem við höfum fylgt hefur leitt til meiri hagkvæmni og markvissari fiskverndar en þær þjóðir hafa náð sem beita öðrum aðferðum í þessum efnum. Alþjóðleg fyrirtæki sem meta lánshæfi þjóða hafa einnig bent á að sjávarútvegsstefnan sé einn af lyklunum að stöðugleika og vaxandi kaupmætti á Íslandi. Trúlega hafa ekki jafnfáir sjómenn, útvegsmenn, fiskverkafólk og fiskverkendur lagt jafnmikið af mörkum til jafnmargra á jafnskömmum tíma eins og eftir að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var innleitt.

Almennt um stjórn fiskveiða.

Stjórn fiskveiða með það að markmiði að tryggja hagkvæma nýtingu fiskstofna verður ekki komið við nema einhver einn aðili eða samtök fari klárlega með vald á veiðisvæði fiskstofnsins. Tilgangslaust var því fyrir Íslendinga að takmarka afla tegunda sem aðrir höfðu ótakmarkaðan rétt til að veiða, en þannig var staðan til ársins 1976.

Alþingi samþykkti árið 1948 lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og er það yfirleitt talið marka upphaf sóknar Íslendinga til yfirráða yfir fiskimiðum umhverfis landið. Með samkomulagi við Breta í Ósló og viðurkenningu þeirra á 200 mílunum 1. júní 1976 varð mögulegt að stjórna veiðum úr helstu fiskstofnum sem þá voru nýttir við Ísland. Daginn áður en samkomulag náðist við Breta, 31. maí 1976, samþykkti Alþingi lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Á þessum lögum var byggt þegar landsmenn leituðu á árunum 1976–85 að bestu aðferð til að stýra fiskveiðum.

Aðstæður á Íslandsmiðum eftir að útlendingum var þokað út fyrir 200 mílurnar voru með þeim hætti að miðin voru greinilega vannýtt þótt of mikil sókn væri í nokkra fiskstofna og takmarka þyrfti sókn í þorsk, síld, humar og innfjarðarrækju. Árið 1977 var tekið upp á grunni nýju laganna svokallað skrapdagakerfi til að stjórna sókn í vissa stofna. Í stuttu máli grundvallaðist „skrapið“ á að vissan dagafjölda á ári hverju máttu bátar ekki veiða þorsk og hlutfall þorsks í afla togara mátti ekki fara yfir 15% af heildarafla veiðiferðar á ákveðnum tímabilum. Togarasjómenn kölluðu veiðar sem stefndu að öðru en þorski „að vera á skrapi“ og af því dró þetta fyrirkomulag fiskveiðistjórnar nafn. Fljótlega var sóknarþungi veiðiflotans það mikill að nýtanlegir botnfiskstofnar innan landhelginnar voru fullnýttir. Skrapdögum var fjölgað til að vernda þorskstofninn og fyrirsjáanlegt að búa þyrfti til skrapdaga vegna ofveiði úr öðrum botnfiskstofnum, t.d. karfa, eða banna veiðar alfarið einhvern tíma ársins. Til að koma í veg fyrir ofveiði hafði verið sett aflamark á humar árið 1973 og árið 1974 var veiðum úr rækjustofninum í Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa stjórnað með því að skipta upp fyrir fram ákveðnum afla. Aflaheimildum á síld var skipt á fiskiskip frá árinu 1975 og aflaheimildum á loðnu frá 1980.

Íslendingar ákváðu í lok árs 1983 að reyna líka aflamark til að takmarka afla helstu botnfisktegunda. Veiðiréttur skipa var í meginatriðum miðaður við skip sem lagt höfðu afla á land á tímabilinu 1. nóvember 1982 til 31. október 1983. Hlutdeild skipa í leyfilegum afla var miðuð við hlutdeild þeirra í afla á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983. Þar með hófst þróun í átt að þeirri stjórn fiskveiða sem notuð er nú. Það var yfirlýst strax í upphafi að með aflamarkinu væri lagt út á braut tilrauna í fiskveiðistjórn og fyrstu tvö árin, 1984 og 1985, voru helsta mótunarskeið kerfisins. Það varð raunar ekki að fullu ljóst hvert stefndi fyrr en með lögum um stjórn fiskveiða 1988–90.

Á árunum 1984 og 1985 framseldi Alþingi sjávarútvegsráðherra víðtækt vald til að móta kerfið. Ekki voru sett sérstök lög um stjórn fiskveiða heldur var 10. gr. laganna frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, breytt og ráðherra stýrði svo með reglugerðum.

Var vart hjá þessu komist þar sem Íslendingar voru að móta nýja fiskveiðistjórn sem ekki voru fordæmi fyrir annars staðar.

Reglum um fiskveiðar má skipta í tvo þætti, það er aflamarkskerfið og almenna fiskveiðistjórn. Aflamarkskerfið er sá hluti stjórnunar fiskveiða sem snýst að því að takmarka aflamagn sem æskilegt er talið að taka af tilteknum fiskstofni og skiptingu þess milli aðila sem stunda veiðarnar. Aflamarkskerfið hefur í sjálfu sér ekkert með það að gera hvaða aðferðum er beitt til að veiða leyfilegan afla.

Almenna fiskveiðistjórnin hins vegar, eins og hún er skilgreind hér, takmarkar frelsi til athafna við að taka það aflamagn sem leyft er að veiða. Þar er til að mynda um að ræða reglur um leyfileg veiðarfæri og reglur um veiðisvæði, það er að segja reglur og heföir sem eiga sér langa sögu og eru að miklu leyti óháðar þeirri magn- eða sóknarstýringu sem stjórnvöld beita til að takmarka afla einstakra tegunda.

Í aflamarkskerfinu eru leikreglur eignarréttarins, sem þróast hafa í árþúsundir, yfirfærðar á fiskveiðarnar. Afrakstur stofna sjávardýra sem undir kerfið falla er með ákvörðun Alþingis hlutaður niður í einingar á svipaðan hátt og menn girtu af eða eignuðu sér á annan hátt skika sem áður var öllum jafnréttbær. Í stað tiltölulega fastra grundvallareininga, svo sem afmarkaðs skika, hlutar, flatarmáls, rúmmáls eða einingafjölda, sem marka eignarrétt í flestra skilningi leiðir eðli stofna sjávardýra til að eignarrétt verður að mynda um afrakstur þeirra í formi hlutdeildar í breytilegri þyngd eða fjölda einstaklinga sem árlega má veiða úr hverjum stofni.

Þegar þróun í átt að aflamarkskerfi við botnfiskveiðarnar hófst í ársbyrjun 1984 ákvað Alþingi að eignin miðaðist við hlutdeild í þyngd afla hverrar tegundar og lét afnotaréttinn, þ.e. aflahlutdeildina sem bundin var við skip, í hendur aðila sem þá stunduðu útgerð. Alþingi miðaði aflahlutdeild skipa í megindráttum við meðaltalshlutdeild þeirra í afla tegunda sem settar voru undir aflamark á árunum 1980–83.

Aflamark á botnfisk var eins og að framan greinir ekki fyrsta skref í átt til aflamarksstýringar til að takmarka afla úr ofveiddum fiskstofnum á Íslandsmiðum. Á áttunda áratugnum var veiðum á loðnu, síld og innfjarðarrækju stýrt með aflamarki.

Eign útgerða á aflamarki felst í afnotarétti á fastri hlutdeild í árlegum heildarafla aflamarksbundinna tegunda. Aflahlutdeildin er nýtingarréttur sem eigandinn getur höndlað álíka og hverja aðra skilgreinda eign, þ.e. hann getur selt réttinn, leigt hann eða nytjað hann sjálfur (rétthafa ber reyndar skylda til að nytja réttinn). Þó er réttur til að ráðstafa aflahlutdeild og aflamarki takmarkaður af löggjafanum að meira leyti en yfirleitt gildir um eign.

Þar sem umhverfisskilyrði og óvissa um hve mikið má taka af hverjum stofni árlega leiða til sífelldra breytinga á hagkvæmasta afrakstri fiskstofna seldi Alþingi sjávarútvegsráðherra í hendur vald til að ákvarða árlega leyfilegan ársafla aflamarkstegunda. Aflamarkskerfið byggist því á tveimur atriðum, ákvörðun sjávarútvegsráðherra um heildaraflamagn og fastri hlutdeild útgerða í heildaraflamagni.

Mikilvægt er fyrir hvern þann sem vill kynna sér aflamarkskerfið að hafa í huga að grundvallarviðmiðun í kerfinu er þyngd afla. Hafnarvogir og hafnarstarfsmenn gegna lykilhlutverki í kerfinu. Þyngd afla er mælikvarði kerfisins. Vogir sem leyfilegt er að vigta aflann endanlega á eru mælarnir og löggiltir vigtarmenn eru þeir aðilar sem um mælinguna sjá.

Almenn fiskveiðistjórnun er skilgreind hér sem úrræði sem menn beita til að stýra fiskveiðum að öðru leyti en því er snýr að ákvörðun um magn sem má veiða og hvernig það er takmarkað. Það er því sú stýring veiðanna sem að mestu er óháð umhverfi sem veiðarnar búa við að öðru leyti, eins og t.d. aflamarkskerfi, sóknarstýring eða frjáls sókn. Ef dæmi um fiskveiðistjórnun er tekið til skýringar eru eftirtaldar ákvarðanir til að mynda óháðar aflamarkskerfinu: að loka svæði vegna smáfisks, að takmarka veiðar á ákveðnu svæði við krókaveiðar

eða að leyft sé að stunda togveiðar. Svæðaskipting með tilliti til leyfilegra veiðarfæra og veiðiflota, ákvörðun um leyfileg veiðarfæri, bann við veiðum smáfisks og veiðar tegunda sem standa utan hins almenna stjórnkerfis hljóta ætið að vera tiltölulega óháðar aflamarki, sóknarstýringu eða hverri þeirri aðferð sem Alþingi kýs að beita til að takmarka afla tegunda sem talið er að séu ofveiddar við skilyrði frjálsrar sóknar.

Stjórnvöld geta hins vegar beitt ívilnandi aðferðum innan aflamarkskerfisins til að ná smáfiski á land, t.d. með því að ákveða að undirmálsfiskur reiknist aðeins að hluta til aflamarks. Á sama hátt er hægt að leitast við að koma í veg fyrir brottkast afla. Þannig geta vissulega og hljóta fiskveiðistjórnin og aflatakmarkanirnar að hafa gagnkvæm áhrif en þar er þó grundvallarmunur á.

Skaðlegar veiðar, þ.e. þegar afli er talinn af óæskilegri samsetningu, t.d. of mikið af smáfiski (eða stórfiski) í aflanum, seiðadráp við veiðar á nytjafiski sömu tegundar eða seiðadráp einnar tegundar við veiðar á annarri nytjategund, o.s.frv., eru atriði sem almennri fiskveiðistjórnun er ætlað að hafa áhrif á. Sömuleiðis er það hlutverk fiskveiðistjórnar að koma í veg fyrir árekstra milli veiðiaðferða, árekstra milli veiðiflota nágrannabyggðarlaga o.þ.h. Þriðja atriðið má nefna, sem oft er ofarlega í umræðunni, en það er brottkast afla. Þótt beita megi reglum aflamarks og annarra stjórnkerfa veiða til að hafa áhrif á brottkast afla, þá er ekkert stjórnkerfi laust við þennan vanda og hann fellur því einnig að hluta undir almenna fiskveiðistjórnun.

Fiskveiðistjórnun eins og hún er skilgreind hér grundvallast því fyrst og fremst af tvennu, að ná friði við fiskveiðarnar milli aðila sem þær stunda og vinna gegn skaðlegum veiðum.

Samantekt.

Aflamarkskerfið:

— Aflamarkskerfið er sett á fiskstofna til að takmarka það magn sem veitt er og til að nýta kosti eignarréttar til að auka hagkvæmni fiskveiðanna.
— Nýtingarrétturinn felst í fastri hlutdeild skipa í breytilegum ársafla tegunda (hlutfall af heildaraflamarki). Annar grundvallarþáttur aflamarkskerfisins er ákvörðun sjávarútvegsráðherra um árlegan heildarafla einstakra tegunda.
— Mælikvarði kerfisins er þyngd.
— Mælirinn er í höndum löggiltra vigtarmanna og starfsmanna hafna.
— Helstu reglur aflamarkskerfisins er að finna í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða (með síðari breytingum), í reglugerð fyrir hvert fiskveiðiár um veiðar í atvinnuskyni og í reglugerð um vigtun sjávarafla. (Einnig eru sérlög um veiðar utan landhelgi og úr deilistofnum.)
— Fiskistofa hefur, með aðstoð hafnaryfirvalda, eftirlit með að aðilar fari að reglum.

Almenn fiskveiðistjórnun:


— Fiskveiðistjórnunin byggir á lögum og á valdi sem Alþingi hefur veitt sjávarútvegsráðherra til að: koma í veg fyrir skaðlegar veiðar (þ.m.t. brottkast afla) og ná friði við fiskveiðarnar milli útgerðarflokka, landshluta og sveitarfélaga.
— Ráðgjafar sjávarútvegsráðuneytisins varðandi skaðlegar veiðar eru Hafrannsóknastofnunin og samtök útgerðar- og sjómanna.
— Ráðgjafar sjávarútvegsráðuneytisins varðandi frið milli útgerðarflokka eru staðbundin samtök og heildarsamtök útgerðar- og sjómanna.
— Fiskveiðistjórnunin byggir fyrst og fremst á lögum nr. 44/1948, um vísindalega verndun landgrunnsins, á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og lögum nr. 38/1990, um stjórn fisk-

veiða, auk fjölda reglugerða. (Einnig eru sérlög um veiðar utan landhelgi og úr deilistofnum.)
— Landhelgisgæslan og Fiskistofa hafa eftirlit með að aðilar fari að reglum.

4. Fiskveiðilögsagan.

Öldum saman stunduðu erlend skip veiðar hér við land. Lengi vel höfðu Íslendingar ekki bolmagn til að nýta fiskimiðin sjálfir, en úr því rættist um og upp úr síðustu aldamótum þegar Íslendingar eignuðust öflugan flota vélbáta og síðutogara.

Alþingi samþykkti lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, eða landgrunnslögin eins og þau eru oftast nefnd, árið 1948. Í þeim fólst yfirlýsing um yfirráðarétt Íslendinga á hafsvæðinu umhverfis landið. Allar seinni útfærslur landhelginnar voru framkvæmdar á grundvelli þessara laga. Árið 1952 settu íslensk stjórnvöld reglugerð um 4 mílna landhelgi sem miðast skyldi við grunnlínu á milli ystu annesja, eyja og skerja. Útlendingum voru bannaðar allar veiðar í landhelgi, og Íslendingum voru bannaðar veiðar með botnvörpu og dragnót. Jafnframt var hægt að takmarka fjölda skipa og hámarksafla hvers skips ef talin var hætta á ofveiði. Þær þjóðir sem reglugerðin bitnaði á mótmæltu henni, og breskir togaraeigendur og fiskkaupamenn settu löndunarbann á íslenskan fisk í Bretlandi. Þar var þá seldur fjórðungur af botnfiskafla Íslendinga. Árið 1956 tókst nefnd á vegum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu að finna lausn á deilunni. Íslendingar urðu að lýsa því yfir að engin ný skref yrðu stigin til útfærslu fiskveiðimarkanna fyrr en að loknum umræðum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um skýrslu þjóðréttarnefndarinnar um hafrétt.



Fyrsta hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna var haldin árið 1958. Þar var gengið frá samningi um landhelgi og aðliggjandi svæði, samningi um úthafið, samningi um fiskveiðar og verndun lífrænna auðæfa hafsins og samningi um landgrunnið. Ekki náðist þar samkomulag um víðáttu landhelginnar. Íslendingar töldu sig ekki geta beðið annarrar ráðstefnu og gáfu út reglugerð um 12 mílna fiskveiðilögsögu árið 1958. Bretar brugðust við með að veita

breskum fiskiskipum herskipavernd innan 12 mílna markanna. Viðræður hófust við Breta vegna landhelgisdeilunnar haustið 1960, og gengið var frá samkomulagi vorið 1961. Í því fólst viðurkenning Breta á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland.

Alþingi setti lög um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu árið 1969. Árið 1971 var samningnum við Breta frá 1961 sagt upp, og 1972 var gefin út reglugerð um 50 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland. Bretar og Vestur-Þjóðverjar héldu áfram veiðum innan 50 mílna. Árið 1973 náðist samkomulag við Breta um að þeir fengju að veiða á ákveðnum svæðum innan 50 mílna markanna. Í október 1975 gekk í gildi reglugerð um 200 sjómílna fiskveiðilögsögu við Ísland. Samkomulag var gert við Vestur-Þjóðverja, Belga, Norðmenn og Færeyinga um veiðiréttindi innan lögsögunnar. Ekki náðist samkomulag við Breta fyrr en sumarið 1976, en í millitíðinni kom til harkalegra árekstra breskra herskipa við íslensk varðskip á Íslandsmiðum.

Alþingi setti lög nr. 81, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, árið 1976. Með þeim var erlendum skipum bannað að veiða innan 200 mílna fiskveiðilandhelginnar og kveðið á um hvar á því svæði íslenskum skipum voru heimilar togveiðar. Markmið laganna var að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Lögin leystu af hólmi lög nr. 102/1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni. Samþykkt laga nr. 81/1976 var á sínum tíma einn veigamesti þátturinn í þeirri endurskoðun laga og reglna um fiskveiðistjórn sem fylgdi í kjölfar útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Í lögunum voru ýmis nýmæli og merkust þeirra má e.t.v. telja ákvæði um heimildir Hafrannsóknastofnunarinnar til skyndilokana veiðisvæða og viðtækar heimildir fyrir ráðherra til setningar reglna um friðunarsvæði og notkun og útbúnað veiðarfæra.

Þegar ákveðið var að taka upp aflamarkskerfi við stjórn fiskveiða haustið 1983 var lagaheimild til þess fengin með breytingu á lögum nr. 81/1976. Sú lagaheimild gilti aðeins fyrir árið 1984 en með sams konar breytingu á lögunum haustið 1984 var enn fengin lagaheimild fyrir aflamarkskerfinu fyrir árið 1985. Með lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986–87, sem tóku gildi í ársbyrjun 1985, voru ákvæði um aflamarkskerfið felld í sérstök lög. Síðan tóku við lög nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–90, og loks núgildandi lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem tóku gildi í ársbyrjun 1991 en þau lög eru ótímabundin.

Árið 1997 voru sett ný lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lög nr. 79/1997. Meginástæður þess að þörf var talin á að endurskoða lög nr. 81/1976 voru eftirfarandi:

Í lögunum frá 1976 var horfið frá því að miða togveiðiheimildir skipa við brúttórúmlestir og ákveðið að miða þess í stað við mestu lengd þeirra. Ástæða þessarar breytingar var sú að brúttórúmlestaviðmiðunin þótti ekki heppileg þar sem tiltölulega litlar breytingar á skipi, sem engin áhrif höfðu á afkastagetu þess, gátu haft mjög mikil áhrif á skráða brúttórúmlestastærð skipanna. Sú þróun hafði hins vegar orðið síðan að afkastamikil skip mældust oft á annan hátt en gert var ráð fyrir í lögunum. Skip eru miklum mun breiðari en eldri jafnlöng skip voru og eru auk þess búin mun stærri vélum. Þá voru nokkur vandkvæði varðandi skuttogara og ekki var í lögunum skilgreining á því hvað teljist skuttogari. Breytingar á gerð og búnaði skipa á undanförnum árum höfðu aukið skilgreiningarvandann. Þessar reglur laga nr. 81/1976 ollu miklu misræmi í togveiðiréttindum fiskiskipa, auk þess sem allt eftirlit með því hvaða togveiðiréttindi einstök skip höfðu var mjög erfitt. Þótti því rík ástæða til að koma á annarri og betri skipan mála. Með lögunum 1997 var fallið frá ótímabundnu bráðabirgðaákvæði laganna varðandi togveiðiheimildir fiskiskipa. Miðað er við mestu lengd fiskiskipa sem meginreglu en jafnframt verði litið til toggetu þeirra við ákvörðun togveiðiheimilda. Í því skyni var tekinn upp til viðmiðunar svonefndur aflvísir en hann er samsettur af þeim kröftum sem mestu ráða um toggetu fiskiskipa. Heimilt er skipum að stunda dragnótaveiðar

á þeim svæðum þar sem togveiðar eru þeim heimilar án sérstaks veiðileyfis. Aðeins er heimilt að veita bátum undir tiltekinni stærð heimildir til dragnótaveiða innan togveiðilína. Aðlögunartími fyrir báta sem missa togveiðiheimildir við þessa breytingu er tiltekinn í lögunum.

Ákvæði laga nr. 81/1976, um heimild ráðherra til setningar reglugerða um svæðalokanir til að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar, voru nokkuð óljós að sumu leyti, enda þótt þau væru ítarleg. Jafnframt voru þau þannig orðuð að deila mátti um gildissvið þeirra, t.d. varðandi veiðar á öðrum tegundum nytjastofna en fiski. Þótti ástæða til að einfalda þær og jafnframt gera þær skýrari og ótvíræðari. Þá var heimild ráðherra til setningar slíkra reglugerða og leyfisbindingar veiða í sérstökum tilvikum skilgreind betur.

Á sínum tíma þóttu ákvæði laga nr. 81/1976, um heimildir til handa Hafrannsóknastofnuninni til þess að loka veiðisvæðum með tilkynningum í útvarpi eða strandstöð, merk nýjung. Á þeim rúmu 20 árum sem liðin eru frá því að lögin öðluðust gildi hefur fengist mikil reynsla af framkvæmd skyndilokana og þótti ástæða til að taka mið af henni og breyta ákvæðunum í samræmi við hana. Auk þess hafa á þessu sviði orðið breytingar, t.d. í fjarskiptatækni, sem eðlilegt þótti að taka tillit til. Heimildum Hafrannsóknastofnunarinnar til skyndilokana var því breytt nokkuð, með hliðsjón af fenginni reynslu. Skyndilokanir gilda í allt að 14 sólarhringa í stað sjö sólarhringa. Auk þess er heimilt að framlengja þær við sérstakar aðstæður. Þá er heimilað að grípa til skyndilokana á grundvelli tillagna frá skipstjórum fiskiskipa að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

Þá þótti ástæða til að endurskoða viðurlagakafla laga nr. 81/1976, enda má segja að hann hafi ekki verið í samræmi við þá lagaþróun sem almennt hefur orðið. Verður að telja að sum ákvæði hans hafi verið úrelt, enda má rekja þau óbreytt til eldri laga sem miðuðust við aðrar aðstæður. Ábyrgð var gerð hlutlæg og lögð á lögaðila. Þá var einnig fallið frá skilyrðislausri upptöku afla og veiðarfæra vegna landhelgisbrota og refsirammi vegna sekta einfaldaður. Er rétt í þessu sambandi að benda á að með lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, voru samþykktar verulegar breytingar á viðurlagakafla laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Er samræmi milli viðurlagaákvæða laga nr. 38/1990 og laga nr. 57/1996. Þessi tvenn lög ásamt lögum nr. 81/1976 voru veigamestu lögin á sviði fiskveiða og nýtingar fiskstofna hér við land. Þótti því nauðsynlegt að viðurlagaákvæði laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands væru samræmd viðurlagakafla áðurnefndra laga.

Núgildandi lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eru þau lög sem stjórn og skipan fiskveiða í fiskveiðilögsögu Íslands byggist að langmestu leyti á. Lög nr. 38/1990 lúta fyrst og fremst að rétti fiskiskipa til að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og úthlutun aflaheimilda til þeirra og nýtingu aflaheimilda.

Lög um rétt til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Með lögum nr. 13/1992 var áréttuð sú meginregla að erlendum ríkisborgurum er óheimilt að reka útgerð og stunda fiskvinnslu við Ísland. Þó var sú breyting gerð að almennt er erlendum veiðiskipum heimilt að landa afla í íslenskum höfnum og sækja þangað þjónustu við skipin. Lög þessi leystu af hólmi lög nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi.

Með lögum nr. 33/1922 voru öll ákvæði um takmarkanir erlendra manna til fiskveiða við Ísland dregin saman í ein lög. Jafnframt var sú breyting gerð að íslenskur ríkisborgararéttur var gerður að skilyrði fyrir réttindum til veiða og vinnslu aflans í landhelgi og enn fremur að skip við veiðar væru að öllu eign íslenskra ríkisborgara. Lögin takmörkuðu verulega heimildir erlendra aðila til útgerðar og fiskvinnslu frá fyrri réttarskipan. Erlendum skipum var í raun meinuð öll vera í íslenskri landhelgi nema í neyðartilvikum. Lögin voru á sínum

tíma sett til að sporna við aukinni sókn erlendra fiskimanna til veiða hér við land. Lögin voru afar ströng í garð útlendinga og segir m.a. að útlendingum sé bannað að hafast við land eða í höfn til þess að reka þaðan fiskveiðar utan landhelgi. Lögunum var einnig ætlað að koma í veg fyrir að erlendir aðilar gætu notað leppa hér á landi til útgerðar. Lögin hafa ávallt verið túlkuð rúmt og hafa verið gerðar lagabreytingar til að rýmka nokkur ákvæði þeirra. Með lögum nr. 30/1969 var sjávarútvegsráðherra t.d. heimilað að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum skipum í íslenskum höfnum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Á síðari árum var framkvæmdin sú að erlend veiðiskip fengu að koma til hafnar á Íslandi. Hins vegar þurftu þau hverju sinni að sækja um sérstakt leyfi til sjávarútvegsráðuneytisins og almennt fékkst ekki löndunarleyfi. Leyfi voru ekki verið veitt í þeim tilvikum er skip veiddu úr fiskstofnum sem sameiginlegir eru með Íslandi og öðrum ríkjum og ekki hafði verið samið um nýtingu á. Frá árinu 1980 hafa tiltekin grænlensk veiðiskip fengið alla þjónustu í íslenskum höfnum. Er það samkvæmt sérstöku samkomulagi milli Íslands og Grænlands sem gert hefur verið ýmist til heils eða hálfs árs í senn. Hafa þessi skip m.a. landað afla hér á landi sem síðan hefur verið skipað um borð í flutningaskip og fluttur á erlendan markað.

Hafa verður í huga þær miklu breytingar sem stækkun fiskveiðilögsögunnar hafði í för með sér varðandi nýtingu fiskstofna hér við land. Við samþykkt laga nr. 33/1922 var landhelgin við Ísland aðeins þrjár sjómílur og fylgdi línan fjörumarki í flóum og fjörðum ef lengra var milli stranda en 10 sjómílur. Við þessar aðstæður var nokkur nauðsyn þess að koma í veg fyrir að erlendir aðilar gætu notað íslenskar hafnir og stundað þaðan veiðar og vinnslu á þeim fiskstofnum sem Íslendingar nýttu.

Íslendingar hafa nú full umráð yfir 200 sjómílna fiskveiðilögsögu og innan hennar halda sig flestar þýðingarmestu fisktegundirnar sem við nýtum. Erlend veiðiskip hafa mjög takmarkaða möguleika á að stunda veiðar úr þeim fiskstofnum. Hins vegar er þetta ekki algild regla því nokkrir fiskstofnar veiðast bæði utan og innan okkar efnahagslögsögu. Er í þeim tilvikum talin þörf á heimild til þess að takmarka aðgang erlendra veiðiskipa er stunda veiðar úr þeim stofnum að höfnum.

Íslenskar vinnslustöðvar hafa á undanförnum árum í ríkari mæli leitað eftir kaupum á afla af erlendum skipum. Einkum var um að ræða kaup á rækju. Vegna samdráttar í afla á síðustu árum voru kannaðir möguleikar á kaupum á ýmsum botnfisktegundum. Jafnframt opnuðust augu manna fyrir því að ýmsir tekjumöguleikar væru fyrir hendi með viðskipti við erlend veiðiskip. Komu þessara skipa til hafna fylgja mikil viðskipti og fjölbreyttir tekjumöguleikar fyrir ýmsa þjónustustarfsemi í landinu.

Með því að heimila frjálsari aðgang að íslenskum höfnum var með lögum nr. 13/1992 komið til móts við þær breytingar til frjálsræðis í verslun og viðskiptum milli landa sem orðið hafa á síðari árum. Þessi rýmkun á reglum um komu erlendra skipa til hafna hefur leitt til aukinna viðskipta við erlend veiðiskip.

Í lögum nr. 33/1922 voru eins og áður segir settar takmarkanir á eignaraðild útlendinga að veiðum og vinnslu. Var með lögunum skýlaust krafist íslensks ríkisfangs en undantekning frá þessu var um rétt hlutafélaga. Hlutafélögum var heimilt að reka fiskveiðar ef meira en helmingur hlutafjár félagsins var í eigu íslenskra ríkisborgara og stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum og a.m.k. helmingur þeirra búsettur á landinu. Hlutafélög höfðu hins vegar aðeins rétt til að reka bæði fiskveiðar og fiskvinnslu í landhelgi að allt hlutaféð væri í eigu íslenskra ríkisborgara. Í lögunum var ekki kveðið sérstaklega á um hlutafélög sem eingöngu ráku fiskvinnslu og hafði það í för með sér nokkra óvissu um rétt þeirra til reksturs hennar. Af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins var þó ávallt litið svo á að í lögunum fælist bann við því


að erlendir aðilar, einstaklingar sem erlend hlutafélög, rækju útgerð og/eða fiskvinnslu hér á landi, þar með talið í landhelgi Íslands.

Með lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, var sett almenn löggjöf um erlenda fjárfestingu sem var að finna í ýmsum lögum. Samhliða þeim lögum voru sett lög nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. Með þessum lögum var sú breyting gerð að algerlega var tekið fyrir eignaraðild útlendinga í hlutafélögum er reka útgerð. Þá var einnig kveðið skýrt á um rétt erlendra aðila til fjárfestinga í vinnslu sjávarafla. Er erlendum aðilum eingöngu heimil eignaraðild að fyrirtækjum sem ekki stunda frumvinnslu, svo sem frystingu, söltun, niðursuðu, herslu, reykingu, niðurlagningu, súrsun og hverja aðra verkun sem ver sjávarafla skemmdum, þar með talda bræðslu og mjölvinnslu. Þeim er því eingöngu heimil eignaraðild að fyrirtækjum sem vinna að frekari vinnslu afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu, svo og umpökkun afurða í neytendaumbúðir. Ákvæði laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í fyrirtækjum er stunda fiskveiðar og fiskvinnslu standa áfram.

5. Aflinn.


Heildarafli á Íslandsmiðum hefur verið um 1.200 þús. tonn að meðaltali allt frá árinu 1950. Mynd 5.1 sýnir heildarafla að meðaltali yfir 5 ára tímabil, undanfarna hálfa öld. Aflaaukninguna í byrjun sjöunda áratugarins má rekja til mikillar síldveiði. Síldin hvarf svo í lok sama áratugar vegna ofveiði. Aukningin í afla á áttunda áratugnum skýrist hins vegar að mestu af uppgangi loðnuveiða og minnkunin í byrjun níunda áratugarins af niðursveiflu í loðnustofninum. Í byrjun tíunda áratugarins minnkaði heildarafli, aðallega vegna minni þorskafla, en jókst síðan með aukinni loðnuveiði. Þorskafli hafði mestur verið 470 þús. tonn að meðaltali á sjötta áratugnum, hann var 360 þús. tonn á áttunda áratugnum, en aðeins 235 þús. tonn á fyrri hluta tíunda áratugarins og 209 þús. tonn á síðustu þremur árum.

Mynd 5.1. Heildarafli á Íslandsmiðum




Þótt heildarafli á Íslandsmiðum hafi aukist framan af tímabilinu frá 1950, en síðan haldist nokkuð stöðugur að meðaltali undanfarna tvo áratugi, þá hefur hlutdeild Íslendinga í aflanum aukist mjög. Mynd 5.2 sýnir skiptingu þorskafla á Íslandsmiðum milli Íslendinga og annarra frá 1905–90.

Mynd 5.2. Þorskafli á Íslandsmiðum frá 1905




Mynd 5.3 sýnir veiðifæraskiptingu þorskafla Íslendinga 1977–97. Mest er veitt í botnvörpu, og var hlutur hennar 50– 60% til ársins 1991. Frá þeim tíma hefur hlutur botnvörpunnar minnkað og fór lægst í 34% árið 1995. Næstmest er veitt í net, en netaveiðar hafa þó dregist verulega saman. Árið 1981 fengust 34% þorskaflans í net, en aðeins 19% árin 1990 og 1995. Línuafli hefur aukist og árið 1995 veiddist meira af þorski á línu en í net, en síðan hefur dregið verulega úr hlutdeild línu. Handfæraafli hefur aukist mikið á tímabilinu og hlutdeild þeirra verið um 12% undanfarin ár. Þorskafli í dragnót hefur aukist mest, var aðeins um 1% árið 1983 en hefur verið 7% undanfarin ár.

Mynd 5.3.Veiðarfæraskipting afla




Mynd 5.4 sýnir afla Íslendinga af helstu botnfisktegundum á Íslandsmiðum frá árinu 1971. Langmest er veitt af þorski þó að magn hans hafi minnkað tímabundið í byrjun tíunda áratugarins. Afli annarra tegunda jókst nokkuð en hefur síðan farið minnkandi. Í heild er afli helstu botnfisktegunda svipaður og hann var árið 1975.

Mynd 5.4. Afli Íslendinga á Íslandsmiðum. Helstu botnfisktegundir



Mynd 5.5 sýnir þróunina í aflaverðmæti frá 1945. Magnvísitala aflaverðmætis hefur nær fjórfaldast á tímabilinu og tvöfaldast frá árinu 1975. Rétt er að taka fram að magnvísitala aflaverðmætis er fengin með því að verðleggja aflann á því heildarverðmæti sem fæst fyrir hann innan lands og erlendis. Magnvísitalan sýnir því fremur breytingu á aflatekjum fiskiskipaflotans á föstu verði en á aflamagni á föstu verði. Leitast er við að taka tillit til þess virðisauka sem myndast við vinnslu aflans um borð og við sölu aflans erlendis, en hvort tveggja hefur aukist mjög hin síðari ár.

Mynd 5.6. Magnvísitala aflaverðmætis 1945-1997 á föstu verði



Veiðar Íslendinga utan lögsögu hafa aukist á undanförnum áratug. Íslensk skip sækja í ýmsa sameiginlega stofna sem halda sig bæði innan og utan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Þannig hafa íslensk skip sótt inn í lögsögu Grænlands, Jan Mayen, Noregs og Færeyja. Einnig hafa íslensk skip sótt á svæði utan lögsögu annarra ríkja, þ.e. alþjóðleg hafsvæði. Aðallega er um að ræða veiðar í svokallaðri Smugu í Barentshafi og síðan á Flæmska hattinum úti fyrir lögsögu Kanada.

Tafla 5.1 sýnir afla íslenskra skipa í deilistofnum og utan lögsögunnar á árunum 1997 og 1998.


Tafla 5.1. Afli íslenskra skipa úr deilistofnum og utan fiskveiðilögsögunnar, í tonnum.

	1997	**1998**
Þorskur	5.769	1.489
Úthafskarfi	37.524	46.189
Rækja — Flæmingjagrunn	6.370	6.592
Rækja — Dohrnbanki	2.855	1.424
Norsk-íslensk síld	220.054	197.353
Loðna	1.314.433	751.128
Annar afli	2.156	437
Samtals	1.589.161	1.004.612

6. Fiskiskipaflotinn.

Fiskiskipastóll Íslendinga var alls tæpar 125 þúsund brúttórúmlestir í upphafi árs 1998, að undanskildum opnum vélbátum. Í byrjun 8. áratugarins hafði flotinn verið um 80 þús. brl. Í lok áratugarins var flotinn kominn í 104 þús. brl., enda gífurleg skuttogaravæðing orðið þá. Í lok 9. áratugarins var flotinn kominn í 120 þús. brl. og komst mest í um 131 þús. brl. árið 1996 eins og sjá má á mynd 6.1.

Mynd 6.1. Stærð íslenska fiskiskipaflotans



Tafla 6.1 sýnir fjölda skipa í íslenska fiskiskipaflotanum undanfarin ár. Smábátum fjölgaði verulega á árunum 1984–92. Bátum yfir 10 brl. hefur fækkað nokkuð síðan 1991.

Tafla 6.1. Fjöldi skipa í íslenska fiskiskipaflotanum.

Ár	Smábátar	Bátar yfir 10 brl.	Togarar	Samtals
1984	1060	573	103	1736
1985	1338	572	106	2016
1986	1357	566	107	2030
1987	1560	551	107	2218
1988	1770	546	108	2424
1989	1894	556	115	2565
1990	2045	542	115	2702
1991	2046	522	112	2680
1992	2001	478	108	2587
1993	1966	437	109	2512
1994	1856	425	109	2390
1995	1721	379	114	2214
1996	1538	360	121	2019
1997	1471	345	115	1931

Togarar.

Fyrsti skuttogarinn kom til landsins árið 1970. Skuttogararnir voru orðnir 53 árið 1975, 82 árið 1980, 106 árið 1985, 115 árið 1990 og fóru flestir í 121 árið 1996.


Vinnsluskip.

Fyrsta vinnsluskipið var tekið í notkun árið 1982. Síðan hefur vinnsluskipum fjölgað jafnt og þétt og voru orðin 54 árið 1997. Auk þessa eru þó nokkur skip með frystitæki og fiskvinnsluvélar um borð.

Smábátar.

Árið 1984 voru lagðar hömlur á veiðar allra skipa nema báta undir 10 brl. Þetta varð til þess að smábátum fjölgaði verulega. Þannig lögðu 978 smábátar upp afla árið 1984 en 1.599 árið 1990 sem er um 63% fjölgun. Árið 1991 voru reistar skorður við fjölgun smábáta þannig að til að nýr bátur gæti hafið veiðar varð að taka annan bát úr rekstri í staðinn. Þá voru bátar 6–10 brl. teknir inn í aflamarkskerfið árið 1991. Þetta tvennt, ásamt lagabreytingum á árunum 1994–96, varð til þess að smábátum hefur fækkað síðan. Árið 1997 lögðu 1.114 bátar undir 10 brl. upp afla.


Mynd 6.2. Fjöldi báta undir 10 brl. sem lögðu upp afla



Fjárfesting.

Fjárfestingar í nýjum fiskiskipum náðu hámarki á árunum 1973–74, enda stóð endurnýjun togaraflotans sem hæst.

Mynd 6.3. Fjárfesting í fiskiskipum
verðlag 1996




Árin 1986–88 má sjá aukna fjárfestingu í smábátum, en einnig er þá mikil fjárfesting í vinnsluskipum, bæði með tilkomu nýrra frystitogara og með breytingu á eldri ísfisktogurum í vinnsluskip.

Afkastageta.

Erfitt er að mæla afkastagetu fiskiskipa því hún er háð mörgum þáttum, svo sem stærð skipa, aldri, vélarafli, tækjabúnaði og síðast en ekki síst skipstjóranum og áhöfninni. Vélarafl, mælt í kílóvöttum, er gjarna notað sem mælikvarði á afkastagetu. Mynd 6.4 sýnir þróun vélarafls í kílóvöttum fyrir skip stærri en 10 brl.

Mynd 6.4 Vélarafl allra þilfarsskipa stærri en 10 brl.




Aflaverðmæti eftir skipaflokkum.

Mynd 6.5 sýnir skipting aflaverðmætis eftir skipaflokkum fyrir nokkur ár frá 1977. Það sem er ef til vill mest sláandi við myndina er hversu litla breytingar hafa orðið skiptingu aflaverðmætis milli skipaflokka á þessum árum.

Það sem helst er eftirtektarvert er aukningin hjá opnum bátum, en þeir hafa aukið hlutdeild sína úr 1,4% árið 1977 í 4,9% árið 1997. Togarar juku hlutdeild sína úr 38,1% árið 1977 í 49,2% árið 1982, en skýring þess er fundin í skuttogaravæðingu áttunda áratugarins. Á sama tímabili minnkaði hlutdeild vélbáta úr 60,5% í 49,5%, en hún hefur verið mjög stöðug síðan.

Mynd 6.5. Aflaverðmæti eftir skipaflokkum (afli af íslandsmiðum)



Reglur um endurnýjun fiskiskipa.

Eftir útfærslu landhelginnar í 200 mílur árið 1975 áttuðu menn sig á að afkastageta íslenska fiskiskipaflotans var of mikil miðað við ástand helstu nytjastofna. Allar götur síðan hefur reglum um endurnýjun fiskiskipa verið beitt til að reyna að takmarka sóknina.

Óbeinar takmarkanir 1977–83.

Nýjar reglur um lánveitingar Fiskveiðasjóðs vegna endurnýjunar fiskiskipa voru settar árið 1977. Nýju reglurnar kváðu á um að aðeins yrðu lánuð 50% af kaupverði skipa erlendis frá. Þá var einnig kveðið á um að skilyrði fyrir láni væri að 8–10 ára gamalt skip væri selt úr landi í stað hins nýja. Árið 1979 var reglugerðinni breytt á þann veg að nú þurfti samþykki sjávarútvegsráðuneytis til að kaupa skip erlendis frá. Hámarkslán var enn þá 50%, nema heimilt var að lána allt að 80% af kaupverði skipa til veiða á vannýttum tegundum og af byggðastefnuástæðum. Á árinu 1981 voru togarar, verksmiðjuskip og önnur fiskiskip, sem

notuð eru í beinu sambandi við fiskveiðar, tekin af frílista. Frá þeim tíma þurfti að sækja sérstaklega um leyfi til að fá að flytja inn fiskiskip.

Allar þessar reglur áttu að takmarka innflutning fiskiskipa. Reglurnar áttu að gera það óbeint, þ.e. gera mönnum erfiðara að fjármagna skipakaup. Þessar reglur dugðu þó skammt því að hvort tveggja gátu menn fjármagnað skipakaup öðruvísi en með lánveitingu frá Fiskveiðasjóði og framan af þessu tímabili voru veittar nokkrar undanþágur frá ákvæðum reglnanna.

Leyfisveiting veiða 1984.

Með lögunum, sem sett voru í árslok 1983 um breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands frá árinu 1976, var ráðherra heimilað að binda veiðar á ákveðnum tegundum fisks, veiðar í ákveðin veiðarfæri, eða veiðar ákveðinna skipagerða, sérstökum leyfum. Með reglugerð um stjórn botnfiskveiða árið 1984 voru botnfiskveiðar allra skipa yfir 10 brl. bundnar veiðileyfum. Þau skip sem stundað höfðu veiðar á tímabilinu 1. nóvember 1982 til 31. október 1983 fengu veiðileyfi að því tilskildu að þau hefðu ekki horfið varanlega úr rekstri. Ný skip gátu því aðeins fengið veiðileyfi ef samningur um kaupin hafði verið gerður fyrir 31. desember 1983. Önnur skip gátu fengið veiðileyfi ef annað skip af svipaðri stærð var tekið úr rekstri. Sömu reglur giltu að mestu óbreyttar til ársins 1988, nema að því leyti að frá 1986 var svo tekið til orða að sambærilegt skip þyrfti að hverfa úr rekstri svo að nýtt skip fengi veiðileyfi. Á sama tíma var svokölluðum raðsmíðaskipum, en það voru skip sem smíði var hafin á hérlendis fyrir árslok 1983, veitt veiðileyfi. Sérstakar reglugerðir um endurnýjun fiskiskipa og veitingu veiðileyfa voru settar 1987–89. Í þeim er að finna ítarlegri skýringar á því hvað „sambærilegt skip" er og aðrar reglur og formúlur um stærðarmörk nýrra skipa. Í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni frá árinu 1991 voru reglurnar einfaldaðar að nokkru og sambærilegt skip þýddi nú sama rúmmetratala.

Hvað smábátana varðar voru fyrst settar reglur um innflutning þeirra árið 1986. Þær reglur komu reyndar að litlum notum þar sem þeim var einfaldlega ekki framfylgt. Í lögum um stjórn fiskveiða 1988–90 voru veiðar allra báta 6–10 brl. og netabáta undir 6 brl. í fyrsta skipti bundnar leyfum. Eftir það gat nýr smábátur í þessum flokkum aðeins fengið veiðileyfi ef annar sambærilegur smábátur hvarf úr rekstri. Í lögunum um stjórn fiskiveiða, nr. 13/1990, voru svo veiðar allra báta undir 6 brl. einnig bundnar leyfum. Frá árinu 1991 hafa því engin ný skip geta fengið veiðileyfi nema annað eða önnur skip hyrfu úr rekstri í staðinn. Breyting á lögunum um stjórn fiskveiða í janúar 1999, sem kom í kjölfar dóms Hæstaréttar í desember 1998, afnam þó reglu þessa, en að því verður vikið nánar í næsta kafla.

Styrkir til úreldingar fiskiskipa.

Eitt af meginmarkmiðunum með stjórn fiskveiða allt frá árinu 1976 að draga úr afkastagetu fiskiskipaflotans. Þrátt fyrir ýmsar reglur um endurnýjun fiskiskipa á árunum 1977–90 jókst afkastageta fiskiskipaflotans allan þann tíma. Með lögunum um stjórn fiskveiða sem gildi tóku 1991 urðu allar fiskveiðar í landhelgi Íslendinga leyfisbundnar og þá fyrst tókst að stöðva fjölgun skipa í flotanum.

Aldurslagasjóður.

Aldurslagasjóður var stofnaður árið 1978. Tilgangur sjóðsins var að greiða fyrir því með bótagreiðslum að gömul og óhentug fiskiskip væru tekin úr umferð. Við sölu á fiskiskipi til Aldurslagasjóðs varð endurnýjunarrétturinn eftir í höndum söluaðila. Aðild að Aldurslagasjóði áttu allir eigendur stálskipa yfir 12 brl. og tréskipa með þilfari og greiddu þeir árgjöld, sem byggðu á stærð skipa þeirra, til sjóðsins.

Úreldingarsjóður.

Úreldingarsjóður var stofnaður 1980 með reglugerð um aldurslagatryggingu vegna úreltra og óhagkvæmra fiskiskipa. Tilgangur sjóðsins var að styrkja útgerðaraðila til að taka úrelt og óhagkvæm fiskiskip úr notkun. Tekjur sjóðsins byggðu aðallega á tilteknu hlutfalli af útflutningsgjaldi. Úreldingarsjóður styrkti útgerðir til að eyða skipum eða taka skip endanlega úr umferð sem fiskiskip. Allir útgerðaraðilar gátu sótt um styrk til úreldingar, líka þeir sem ekki áttu rétt á styrk úr Aldurslagasjóði.

Hagræðingarsjóður.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins var stofnaður árið 1990 og tók hann við hlutverki og eignum Úreldingarsjóðs og Aldurslagasjóðs. Hlutverk sjóðsins var að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er stóðu höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum. Hámarksstyrkur var 10% af húftryggingamati skips. Sjóðurinn hafði tekjur af gjaldi sem lagt var á fiskiskip yfir 10 brl. Lögunum um Hagræðingarsjóð var breytt árið 1992. Hámarksstyrkur vegna úreldingar fiskiskipa var hækkaður í 30% af húftryggingaverðmæti, en þak sett á hámarksstyrk til hvers skips í krónutölu.

Þá var einnig gert ráð fyrir að Hagræðingarsjóði skyldi árlega úthlutað aflaheimildum er námu 12 þús. lestum af botnfiski í þorskígildum. Öllum tekjum af sölu þessara aflaheimilda skyldi varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Hafrannsóknastofnunarinnar.

Þróunarsjóður.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins var stofnaður 1994. Sjóðurinn tók við hlutverki Hagræðingarsjóðsins en fékk þó víðtækara hlutverk. Grundvöllurinn að stofnun Þróunarsjóðsins var fyrst og fremst mikil skuldsetning íslensks sjávarútvegs sem að hluta til mátti rekja til umframafkastagetu í veiðum og vinnslu. Starfsemi sjóðsins var því ætlað að bregðast við þessu ástandi með aðgerðum sem miðuðu að því að laga veiði- og vinnslugetu sjávarútvegsins að afrakstri fiskstofnanna. Þróunarsjóður tók við eignum Hagræðingarsjóðsins en einnig við skuldbindingum atvinnutryggingardeildar og hlutafjárdeildar Byggðastofnunar. Tekjustofnar sjóðsins voru árlegt gjald af fiskiskipum, krónutala af hverju brúttótonni, þó með hámarki fyrir hvert skip. Frá og með fiskveiðiárinu 1996/97 skyldi einnig greiða gjald til sjóðsins af úthlutuðu aflamarki, krónutölu af hverri þorskígildislest. Á árinu 1995 voru krókabátar teknir inn í þróunarsjóðinn, bæði sem gjaldendur og rétthafar afskráningarstyrkja. Styrkhlutfall til afskráningar krókabáta var hærra en hvað varðar önnur fiskiskip. Eigendur fiskvinnslustöðva greiddu einnig frá upphafi gjald til sjóðsins, sem nam 0,75% af fasteignamatsverði.


Frá og með fiskveiðiárinu 1997/98 voru verkefni sjóðsins takmörkuð við umsýslu eigna sjóðsins og fjármögnun nýs hafrannsóknaskips. Felld voru niður verkefni sjóðsins hvað varðar stykveitingar vegna afskráningar fiskiskipa og heimildir til að kaupa upp og taka úr rekstri fiskvinnslustöðvar. Um leið féll niður gjaldtaka sjóðsins af fasteignum fiskvinnslunnar.

Þróunarsjóðurinn greiddi styrki til úreldingar fiskiskipa, en ekki var gerð sú krafa eins og áður að skipinu yrði fargað. Nægilegt þótti að taka skipið af fiskiskipaskrá, fella niður leyfi þess til veiða í atvinnuskyni og fella niður endurnýjunarrétt þess. Hámarksstyrkur gat numið allt að 45% af húftryggingarmati skips, en þó að hámarki 90 millj. kr. Styrkhlutfall krókabáta varð þó hærra árið 1996, eða allt að 60% hjá þorkaflahámarksbátum og 80% hjá sóknardagabátum. Á styrkveitingatíma sínum voru 459 skip og bátar afskráðir fyrir atbeina sjóðsins, eða samtals 7.829 brt. og þar af voru 398 bátar undir 10 rúmlestum. Heildarstyrkveiting vegna þessa var um 2,8 milljarðar kr. Þá keypti Þróunarsjóðurinn nokkurn fjölda fiskvinnslustöðva og búnað þeim tengdan. Alls voru 20 slíkar umsóknir samþykktar og var kaupverð um 407 millj. kr.

7. Ráðstöfun aflans og fiskvinnsla.

Almennt má segja að afla Íslendinga hafi verið ráðstafað á fjóra vegu, landað til vinnslu innan lands, landað á markað erlendis, settur í gáma og unninn á sjó. Siglingar togara með afla á markaði erlendis hafa tíðkast frá því snemma á öldinni. Snemma á níunda áratugnum var einnig farið að flytja óunninn fisk út í gámum með flutningaskipum. Árið 1982 hófst síðan sjófrysting á fiski.


Mynd 7.1. Sjófrysting botnfisks og flatfisks á Íslandsmiðum



Vinnsla á fiski úti á sjó var í sjálfu sér ekki nýjung á níunda áratugnum, fyrr á öldinni hafði oft verið saltað um borð. Nýjungin árið 1982 var fólgin í að vinna fiskinn og frysta hann um borð í skipunum. Sérútbúin vinnsluskip komu til sögunnar og hefur sjófrysting aukist jafnt og þétt allar götur síðan eins og sjá má á mynd 7.1. Á árunum 1989 til 1994 var sjósöltun, fullfrágengið, einnig stunduð nokkuð og náði hámarki árið 1991 í rúmum 5 þús. tonnum.


Siglingar með ísfisk voru nokkuð stöðugar fram á síðasta áratug og náðu hámarki árin 1988 og 1989. Þá var siglt með 46 þús. tonn af botnfiski á erlendar hafnir. Síðan 1989 hafa siglingar minnkað mikið, eins og sjá má á mynd 7.2. Árið 1997 var einungis siglt með 2.400 tonn af botnfiski.

Mynd 7.2. Siglingar fiskiskipa með botnfisk og flatfisk




Gámaútflutningur á botnfiski var aðeins 2 þús. tonn árið 1982, en 1986 var hann kominn í rúm 73 þús. tonn og árið 1990 í rúm 92 þús. tonn. Á þessu tímabili, þ.e. 1986–90, var flutt út í gámum um og yfir 30 þús. tonn af þorski á ári. Frá 1991 hefur útflutningur í gámum hins vegar minnkað mikið, eins og sjá má á mynd 7.3.

Mynd 7.3. Gámaútflutningur á botn- og flatfiski




Útflutningur á ferskum fiski með flugi jókst gífurlega á níunda áratugnum og náði hámarki á þeim áratug í 14,2 þús. tonnum, þ.a. helmingur þorskur, árið 1989. Árið eftir minnkaði þessi útflutningur hins vegar í 6.700 tonn, eins og sjá má á mynd 7.4.

Mynd 7.4. Útflutningur á ferskum fiski með flugi



Frá árinu 1991 hefur útflutningur á ferskum fiski með flugi aukist aftur og komst í 24,3 þús. tonn árið 1997. Af útflutningi ársins 1997 voru tæp 8 þús. tonn þorskur og rúm 7 þús. tonn ýsa.

Mynd 7.5. Heildarútflutningur á ísuðum botn- og flatfiski




Heildarútflutningur á ísuðum botnfisk og flatfisk jókst mikið á níunda áratugnum. Útflutningurinn náði hámarki árin 1989 og 1990, en þá var hann um 150 þús. tonn. Af því var útflutningur á ísuðum þorski á milli 50 og 60 þús. tonn á árunum 1986 til 1990, eins og sjá má á mynd 7.5. Inni í þessum heildartölum er áður óupptalinn útflutningur á flöttum ísuðum fiski, en sá útflutningur náði hámarki á árinu 1990 í rúmum 12 þús. tonnum.

Innlendir fiskmarkaðir.

Fyrstu íslensku fiskmarkaðarnir tóku til starfa árið 1987. Það ár voru stofnaðir Fiskmarkaðurinn hf. í Hafnarfirði, Faxamarkaðurinn hf. í Reykjavík og Fiskmarkaður Suðurnesja hf. Síðan hafa bæst við fjölmargir markaðir, alls á þriðja tuginn, og sumir horfið aftur. Fiskmarkaðirnir skiptast í tvo hópa, annars vegar þá sem reknir eru innan vébanda Reiknistofu fiskmarkaða hf. og hins vegar þá sem reknir eru innan vébanda Íslandsmarkaðar hf.


Frá því að starfsemi innlendra fiskmarkaða hófst hefur salan aukist mikið og komst í um 120 þús. tonn árið 1996. Mynd 7.6 sýnir árlega heildarsölu á fiskmörkuðum.

Mynd 7.6. Sala á innlendum fiskmörkuðum




Mynd 7.7. sýnir hve stór hluti afla af þorski, ýsu og ufsa fór um innlendan fiskmarkað á árunum 1993–97. Af þorskafla, sem landað er til vinnslu innan lands, fer þriðjungur um fiskmarkað, en hlutdeild ufsa er komin yfir 40% og ýsu yfir 60%.

Mynd 7.7. Hlutdeild fiskmarkaða af afla til vinnslu innanlands



Um innlendu fiskmarkaðina fara allar tegundir, í mismiklum mæli þó. Áhugavert er að skoða, eins og gert er á mynd 7.8, hlutdeild fiskmarkaða í ýmsum veigaminni tegundum sem sumum hverjum var hent fyrir borð hér áður fyrr.

Mynd 7.8. Hlutdeild fiskmarkaða í ýmsum tegundum árið 1997




Fiskvinnslan.

Fiskistofa gefur út vinnsluleyfi til vinnslustöðva og vinnsluskipa og áminnir vinnsluleyfishafa eða sviptir þá vinnsluleyfi gerist þeir brotlegir við lög og reglur. Í desember 1998 voru 779 vinnsluleyfi í gildi vegna landvinnslu. Þá höfðu verið gefin út 96 ný vinnsluleyfi á árinu og 184 höfðu verið felld úr gildi. Athygli skal vakin á því að ein vinnslustöð getur haft mörg vinnsluleyfi ef starfsemin er fjölbreytt, t.d. eitt leyfi til frystingar, annað fyrir saltfisk, þriðja fyrir ferskar afurðir o.s.frv. Samtölurnar segja því ekki til um fjölda fiskvinnslustöðva á landinu.

Vinnsluskip með leyfi til vinnslu um borð voru 90 í árslok 1998, þar af höfðu 49 skip fullvinnsluleyfi. Fiskistofa hefur einnig eftirlit með vinnsluskipunum, þ.e. meðhöndlun afla, vinnslunýtingu, vigtun o.fl.

Gæðastjórnunarsvið Fiskistofu sér að hluta um eftirlit með framleiðslu vinnsluleyfishafa, sbr. lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Starfsemi sviðsins beinist einkum að því að tryggja neytendum að íslenskar afurðir séu heilnæmar, standist lágmarkskröfur um gæði og að afurðirnar séu framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður.

Mynd 7.9. Hlutfallsleg skipting botn- og flatfisks eftir verkunaraðferð




Gæðastjórnunarsvið Fiskistofu veitir einnig einkareknum skoðunarstofum starfsleyfi til að annast reglulegt eftirlit með hreinlæti, aðstöðu, búnaði og innra eftirliti vinnsluleyfishafa, enda uppfylli þær framsettar kröfur, m.a. um faggildingu. Frá 1. janúar 1999 sér Fiskistofa einnig um rekstur landamærastöðva, en ytri landamæri EES að því er varðar heilbrigðiseftirlit við inn- og útflutning á sjávarafurðum fluttust til Íslands um áramótin.

Árið 1997 var botn- og flatfiskafli Íslendinga af Íslandsmiðum 464 þús. tonn. Mynd 7.9 sýnir hvernig aflinn skiptist á vinnslugreinar það ár, og er árið 1987 haft til samanburðar, en það ár var botn- og flatfiskaflinn 684 þús. tonn.

Mest fer í landfrystingu, en hlutdeild hennar hefur þó minnkað mjög mikið frá 1987. Sjóvinnsla hefur hins vegar aukist stórlega, en saltfiskverkun heldur sinni hlutdeild. Þá má einnig sjá að útflutningur á ferskum fiski með gámum hefur minnkað verulega. Ef verkun þorsks er skoðuð eingöngu fóru 48% af þorskaflanum árið 1997 í söltun og 25% í landfrystingu.

Árið 1997 var heildarafli Íslendinga á öllum miðum um 2,2 milljónir tonna. Þar af fóru 66% í bræðslu, 15% í landfrystingu, 9% voru sjóunnin og rúm 6% fóru í söltun. Ef verkun uppsjávarafla er skoðuð eingöngu fóru 90% í bræðslu, 8% í landfrystingu og aðeins 1% í söltun. Af skel og krabbaafla fóru 57% í landfrystingu og 42% í sjófrystingu.

Mynd 7.10. Hlutfall einstakra markaðssvæða af útflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða



Mynd 7.10 sýnir skiptingu útflutningsframleiðslu íslenskra sjávarafurða á milli markaðssvæða. Evrópska efnahagssvæðið er mikilvægasta markaðssvæðið fyrir íslenskar sjávarafurðir. Árið 1997 fóru þangað 68% af útflutningsframleiðslu miðað við verðmæti, en árið 1980 var hlutfallið 46%.

8. Lög og reglur um stjórn fiskveiða.

Haustið 1975 birti Hafrannsóknastofnunin skýrslu þar sem fram kom að mikilvægustu fiskstofnar á Íslandsmiðum væru ofveiddir og að takmarka þyrfti veiðar verulega. Mælt var með að þorskafli yrði aðeins 230 þús. tonn árið 1976, en hann hafði verið 375 þús. tonn árið 1974. Gleði Íslendinga yfir að hafa tryggt sér full yfirráð yfir fiskveiðum á Íslandsmiðum varð því skammvinn.

Skrapdagakerfi.

Árið 1977 var byrjað að takmarka þorskveiðar með svokölluðu skrapdagakerfi. Í júlí það ár var í fyrsta skipti gefin út reglugerð um takmarkanir á þorskveiðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Með reglugerðinni voru bátum bannaðar þorskveiðar í 7 daga á árinu og togurum í 30 daga. Þessa daga mátti hlutfall þorsks í afla ekki fara yfir 15%. Í nóvember sama ár var gefin út reglugerð sem bannaði bátum og togurum þorskveiðar í 12 daga í desember. Hlutfall þorsks mátti ekki fara yfir 10% í afla þessa daga. Alls voru því togurum bannaðar þorskveiðar í 42 daga og bátum í 19 daga árið 1977. Skrapdögum fjölgaði ár frá ári til 1981, en fækkaði nokkuð aftur 1982 og 1983. Leyfilegt hlutfall þorsks í afla á skrapdögum var yfirleitt 15% eða 20%. Fjöldi skrapdaga hjá bátum fór að mestu eftir veiðarfærum, hærri tölurnar eiga við veiðar með þorskanetum. Fjöldi skrapdaga fór einnig að nokkru eftir stærð báta og því hvaða landshluta þeir tilheyrðu. Auk skrapdaga voru allar veiðar bannaðar á ákveðnum tímabilum. Tafla 8.1. sýnir árlegan fjölda skrapdaga og banndaga hjá togurum og bátum.

Tafla 8.1. Fjöldi skrapdaga 1977–83.

	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Togarar	42	58	100	147	150	110	110
Bátar	19	26	26–71	20–73	40–62	27–84	18–87

Frá og með árinu 1981 gáfu stjórnvöld út hve mikinn þorsk væri ætlunin að veiða og hvernig heildaraflinn ætti að skiptast á milli togara, báta og loðnuskipa. Helstu markmið skrapdagakerfisins voru: Að heildarafli yrði sem næst því sem stjórnvöld ákváðu, að fengnum tillögum fiskifræðinga. Að gæði afla og afurða yrðu sem mest og í því skyni átti að leggja áherslu á að samræma veiðar og vinnslu. Að hagkvæmni veiða og vinnslu yrði sem mest.

Þessum markmiðum var reynt að ná með ákvörðunum um fjölda skrapdaga og skiptingu þeirra á tímabil, með hliðsjón af hve mikill afli var kominn á land á hverjum tíma. Ekki gekk betur að ná framangreindum markmiðum en svo, að eftir 7 ára tímabil fiskveiða með skrapdögum var hafist handa við að þróa nýtt og gjörbreytt kerfi.

Kvótakerfi innleitt.

Árið 1983 var lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi frá 1976. Í nefndaráliti frá neðri deild segir:

„Enda þótt vel hafi verið að lögunum frá 1976 staðið og í þeim fjölmörg nýmæli á þeim tíma hefur þróun í fiskveiðum og stjórn þeirra orðið að mörgu leyti önnur en menn hugðu þegar þessi lög voru samþykkt. Ástand fiskstofna, stærri fiskveiðifloti og ný tækni hafa valdið því hér á landi eins og annars staðar að gripið hefur verið til nýrra og virkari stjórnunaraðgerða í veiðum og vinnslu í því skyni að nýta þá nytjastofna, sem hér eru við land, á sem skynsamlegastan hátt. Er nú svo komið að beitt er ýmsum aðgerðum við stjórn veiða sem engum komu í hug fyrir nokkrum árum. Má sem dæmi nefna þær sóknartakmarkanir sem verið hafa á þorskveiðum undanfarin ár og skiptingu aflakvóta milli veiðarfæra og báta.

Nú hefur það gerst að Hafrannsóknastofnun hefur birt hina „svörtu“ skýrslu sína um ástand fiskstofna við Ísland. Skýrsla þessi lýsir svo alvarlegri hættu á bráðri ofveiði þorsks og fleiri fisktegunda að skjótt verður að bregðast við með auknum takmörkunum á fiskveiðum á næsta ári. Slíkt er talið kalla á hertar stjórnunaraðgerðir og að flestra dómi nýjar aðferðir við stjórn fiskveiða.“

Rétt er að rifja hér upp að kvótakerfi var engin nýlunda á Íslandi. Þegar nótaveiðar á síld hófust á ný árið 1975, eftir sjö ára hlé, var farin sú leið að skipta leyfðum heildarafla af síld á milli skipa. Heildarkvóti var á humarveiðum frá 1973 og á rækju á Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa frá 1974. Í Ísafjarðardjúpi var hámark á vikuafla hvers báts 6 tonn og hámark á vikuafla bátanna samtals 160 tonn. Árið 1980 var gerður samningur við Norðmenn um nýtingu loðnustofnsins, og hlutdeild Íslendinga skipt á milli einstakra skipa. Í fyrrgreindu nefndaráliti segir einnig:

„Eins og fyrr greinir í þessu nefndaráliti hefur nefndin kallað fyrir sig fulltrúa hagsmunaaðila í fiskveiðum og fiskvinnslu og leitað eftir áliti þeirra á þessu frumvarpi. Næstum allir þeir, sem nefndin ræddi við, mæltu með samþykkt frumvarpsins. Fór það saman við ályktun Fiskiþings. Lögðu viðmælendur nefndarinnar yfirleitt áherslu á nauðsyn nýrra stjórnunaraðferða í stað „skrapdagakerfisins“ og mæltu þá með kvótakerfi. Þess ber þó að geta að flestir

töldu kvótakerfið að vísu gallað og erfitt í framkvæmd, en þó óhjákvæmilegt að gera tilraun með það í eitt ár eins og frumvarpið sjálft gerir ráð fyrir."

Hinn 28. desember 1983 setti Alþingi lög um breytingu á lögum frá 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem sjávarútvegsráðherra voru gefnar nokkuð frjálsar hendur um setningu reglna um stjórn fiskveiða. Það mikilvæga skref var stigið að ráðherra var veitt ótvíræð heimild til að skipta leyfðum heildarafla af hverri fisktegund á milli einstakra skipa, m.a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð. Ráðherra gat einnig heimilað flutning á úthlutuðum aflakvóta á milli skipa. Þá var ráðherra heimilað að gera veiðar á ákveðnum tegundum fiskstofna og sjávardýra í tiltekin veiðarfæri, þar á meðal botn- og flotvörpu, eða veiðar ákveðinna gerða skipa, háðar sérstökum leyfum. Gildistími laganna var eitt ár.

Stjórn fiskveiða 1984.

Á grundvelli lagabreytingarinnar í desember 1983 var í febrúar 1984 sett reglugerð um stjórn botnfiskveiða fyrir fiskveiðiárið 1984. Botnfiskveiðar allra skipa 10 brl. og stærri voru bundnar almennu veiðileyfi. Þetta leyfi fengu skip sem þegar voru í flotanum eða samið hafði verið um kaup á fyrir árslok 1983. Önnur skip gátu ekki fengið veiðileyfi nema skip af svipaðri stærð hyrfi úr rekstri í staðinn. Heildaraflamark var ákveðið fyrir þorsk, ýsu, ufsa, karfa, skarkola, grálúðu og steinbít.

Sérhverju skipi, 10 brl. og stærra, var úthlutað aflamarki á grundvelli aflareynslu 1. nóvember 1981 til 31. október 1983. Aflaverðmæti vegna veiða sem stundaðar höfðu verið samkvæmt sérstökum leyfum, þ.e. á loðnu, skelfiski, rækju, humri og síld, kom þó til frádráttar samkvæmt ákveðnum reglum. Tekið var tillit til frátafa frá veiðum á viðmiðunartímabilinu og farið eftir stærðarflokki skips og svokölluðu veiðisvæði. Stærðarflokkar voru sex fyrir báta og tveir fyrir togara. Veiðisvæðin voru tvö; skip með heimahöfn frá Hornafirði og suður um til Patreksfjarðar tilheyrðu suðursvæði, og önnur skip norðursvæði. Skip sem siglt höfðu með afla á erlendan markað á viðmiðunartímabilinu fengu reiknað 25% álag á þann afla, til að bæta upp tafir vegna siglinga. Jafnframt var sett sú regla að afli sem siglt yrði með árið 1984 mundi ganga á aflamark með 25% álagi til að koma í veg fyrir að siglingaskip högnuðust á kerfinu. Bátum undir 10 brl. var úthlutað sameiginlegu heildaraflamarki sem var skipt niður á fjögur tímabil. Færi afli á einhverri tegund fram úr viðmiðun fyrir hvert tímabil var ráðuneytinu heimilt að stöðva veiðar bátanna á þeirri tegund um sinn.

Ný skip, og skip sem verið höfðu að veiðum skemur en 12 mánuði á viðmiðunartímabilinu, gátu valið um að fá aflamark reiknað á grundvelli meðalaflamagns í viðkomandi stærðarflokki og veiðisvæði, eða fá sett sóknarmark í úthaldsdögum sem svarar 70% af meðalúthaldi skipa í viðkomandi stærðarflokki og veiðisvæði á ákveðnum tímabilum. Í sóknarmarki mátti þó ekki veiða nema 15% meiri þorsk á árinu 1984 en meðalþorskaflamark var í viðkomandi stærðarflokki og veiðisvæði. Útgerðum skipa þar sem eigenda- eða skipstjóraskipti höfðu orðið á árinu 1983 gafst kostur á að velja um aflamark eða sóknarmark eins og um ný skip væri að ræða.

Heimilt var að færa aflamark milli skipa innan sömu útgerðar eða verstöðvar. Einnig voru heimil jöfn skipti á aflamarki á milli skipa sem ekki voru gerð út frá sömu verstöð. Annar flutningur á aflamarki milli skipa var óheimill nema að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytis að fenginni umsögn sveitarstjórnar og sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Þá var heimilt að veiða umfram aflamark af einni tegund sem nam allt að 10% af heildarbotnfiskaflamarki miðað við gildandi fiskverð, og skertist þá aflamark af öðrum tegundum

samsvarandi. Ufsaveiði og línuveiði á tímabilinu 1. janúar til 20. febrúar 1984 taldist aðeins að hálfu til aflamarks.

Þrjár reglugerðir til viðbótar voru gefnar út um stjórn botnfiskveiða árið 1984. Þar var m.a. gefin út 10% viðbót við áður útgefinn þorskkvóta, ákveðið að steinbíts- og grálúðuafli á ákveðnum tímabilum væri utan kvóta, svo og skarkolaafli í dragnót.

Varla er hægt að tala um að eitt kerfi hafi verið notað við stjórn botnfiskveiða árið 1984. Nær væri að tala um þrjú kerfi, þ.e. aflamark og sóknarmark fyrir skip yfir 10 brl. og frelsi fyrir báta 10 brl. Þetta verður að hafa í huga þegar metinn er árangur af stjórnuninni, þ.e. hvernig tókst til með að stuðla að viðgangi og hagkvæmustu nýtingu fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Ekki tókst að halda þorskafla innan þeirra marka sem stefnt var að. Sjávarútvegsráðherra ákvað í reglugerð um stjórn botnfiskveiða í febrúar 1984 að heildaraflamark skyldi vera 220 þús. tonn, en það var hækkað í 242 þús. tonn með reglugerð í apríl sama ár. Heildarþorskafli árið 1984 varð hins vegar 281 þús. tonn. Ástæðan er fyrst og fremst sú að aflamarksskipum var úthlutað 248 þús. tonna þorskkvóta þótt aðeins stæði til að veiða 242 þús. tonn. Við bætist afli smábáta sem varð 16 þús. tonn en var áætlaður 8 þús. tonn og afli utan kvóta á línu sem varð um 5 þús. tonn. Aðeins 9 bátar stunduðu veiðar með sóknarmarki árið 1984 og enginn togari. Þessi skip fengu úthlutað 1.870 tonna hámarki á þorskafla en veiddu aðeins 816 tonn. Þeim verður því ekki kennt um að afli varð meiri en til stóð. Eftir er að skýra 12 þús. tonna afla, en hann stafaði af flutningi aflamarksskipa á kvóta milli tegunda.

Stjórn fiskveiða 1985.

Hinn 31. desember 1984 voru sett lög um breytingu á lögum um fiskveiðar í landhelgi, og voru þau samhljóða þeim lögum, eða lagabreytingum, sem gerðar voru árið áður. Í janúar 1985 var á grundvelli þessara laga gefin út reglugerð um stjórn botnfiskveiða 1985. Helstu breytingar frá árinu áður voru þær að öllum skipum var gefinn kostur á að velja sóknarmark. Þorskaflahámark var ákveðið fyrir hvern flokk skipa í sóknarmarki eftir tegund, stærð og veiðisvæði, en þó gilti eigið þorskaflamark með 20% viðbót ef það var hærra. Veiðar á skarkola og steinbít voru ekki bundnar aflamarki. Álag á útflutning óunnins fisks var lækkað úr 25% í 10%, en tók nú til fisks sem fluttur var út í gámum, auk fisks sem veiðiskip sigldu með.

Með reglugerð, sem sett var 16. apríl 1985 var þorskaflamark aflamarksskipa og þorskaflahámark sóknarmarksskipa hækkað um 5%. Að teknu tilliti til þessa var viðmiðun sjávarútvegsráðuneytisins um heildarafla þorsks 262.500 tonn, en raunverulegur afli varð 325 þús. tonn. Ástæðan virðist sú sama og 1984, þ.e. að of miklum kvóta hafi verið úthlutað. Aflamarksskipum var úthlutað 206 þús. tonnum af þorski. Sóknarmark völdu 185 skip, þar af 29 togarar, og var þorskaflahámark skipanna alls 77 þús. tonn. Þorskafli smábáta varð tæp 23 þús. tonn og afli á línu utan kvóta 6 þús. tonn. Miðað við að sóknarmarksskipin hafi nýtt þorskaflahámark sitt vantar 14 þús. tonn sem skýrist af tegundartilfærslum yfir í þorsk.

Stjórn fiskveiða 1986–87.

Í desember 1985 voru í fyrsta skipti sett sjálfstæð lög um stjórn fiskveiða, og tóku þau til ýmissa atriða sem áður höfðu aðeins komið fram í reglugerðum. Lögin giltu fyrir árin 1986 og 1987. Helstu breytingar voru þessar: Aflamark sóknarmarksskipa var uppreiknað. Aflamark sóknarmarksskipa fyrir 1986 var tveir þriðju af afla 1985 og þriðjungur af aflamarki fyrir 1985. Aflamark sóknarmarksskipa fyrir 1987 var helmingur af afla 1986 og hálft aflamark 1986. Þau sóknarmarksskip sem höfðu lágt aflamark af einstökum tegundum miðað við

þorskaflahámark sama flokks skipa gátu þannig bætt verulega við aflamark sitt, á kostnað annarra að sjálfsögðu. Ef eigendaskipti urðu á skipi var því úthlutað botnfiskleyfi með sóknarmarki og þorskaflahámarki miðað við meðaltal skipa í sama stærðarflokki og svæði.

Reynt var að takmarka afla smábáta með að banna þeim að veiða í alls 49 daga árið 1986 og 64 daga árið 1987. Einnig voru netaveiðar á vertíðinni háðar dagatakmörkunum og þak sett á heildarafla hvers báts af þorski.

Heimilt var að flytja 10% af aflamarki eða þorskaflahámarki yfir á næsta ár, einnig að veiða allt að 5% umfram aflamark eða þorskaflahámark, enda dragist það sem er umfram frá árið eftir. Þá var ráðherra heimilað að ákveða að fiskur undir tiltekinni stærð skyldi ekki talinn með í aflamarki eða sóknarmarki skips.

Í lögunum er sérstök grein þar sem segir að við úthlutun kvóta skuli gera ráð fyrir að afli sóknarmarksskipa verði jafn aflamarki þeirra, og einnig skyldi áætla afla báta undir 10 brl.

Í reglugerð um stjórn botnfiskveiða 1986 var gert ráð fyrir að þorskafli yrði 300 þús. tonn. Hálfur línuafli í nóvember og til og með febrúar var undanskilinn kvóta. Þorskur og ufsi undir 50 cm, ýsa smærri en 45 cm og karfi innan 500 gr. taldist ekki að tveimur þriðju hlutum með í aflamarki skips. Bætt var inn ákvæði þess efnis að skylt væri að koma með að landi allan afla af þorski, ýsu, ufsa, karfa, skarkola, grálúðu og steinbít. Þá voru verðmætahlutföll, þ.e. þorskígildi, kvótabundinna fisktegunda voru í fyrsta skipti tilgreind í reglugerð.

Þorskafli árið 1986 varð 368 þús. tonn, eða 68 þús. tonn umfram það sem áformað var í reglugerð. Sóknarmark völdu 367 skip og var þorskaflahámark þeirra 238 þús. tonn. Aflamarksskipum var úthlutað 116 þús. tonnum af þorski. Þorskafli smábáta varð 29 þús. tonn, og línuafli utan kvóta 10 þús. tonn. Um 13 þús. tonn af þorskaflamarki og þorskaflamarki sóknarmarksskipa voru geymd til ársins 1987.

Í reglugerð um stjórn botnfiskveiða árið 1987 eru engar veigamiklar breytingar gerðar frá reglugerðinni fyrir árið 1986. Stefnt var að því að þorskaflinn yrði 330 þús. tonn á árinu 1987, en hann varð 392 þús. tonn, eða 62 þús. tonn umfram það sem stefnt var að. Sóknarmark völdu 347 skip og var þorskaflahámark þeirra 242 þús. tonn. Aflamarksskip fengu úthlutað 141 þús. tonnum af þorski. Afli smábáta varð 36 þús. tonn og línuafli utan kvóta 12 þús. tonn.

Stjórn fiskveiða 1988–90.

Í janúar 1988 voru sett lög um stjórn fiskveiða til þriggja ára, þ.e. fyrir árin 1988–90. Sú veigamikla breyting var gerð frá fyrri lögum að sóknarmarksskip gátu ekki lengur áunnið sér aflahlutdeild frá aflamarksskipum. Þess í stað kepptu sóknarmarksskipin innbyrðis um þá hlutdeild í heildarafla sem þeim tilheyrði samanlagt frá og með árinu 1988.

Með lögunum var reynt að bregðast við vaxandi afla smábáta: Fjölgun báta frá 6 til 10 brl. var stöðvuð með því að úthluta þeim bátum sem til voru eða voru í smíðum veiðileyfi, og krefjast þess að fyrir nýjan bát væri annar sem hefði veiðileyfi úreltur. Netaveiðar báta undir 6 brl. voru einnig bundnar veiðileyfum og takmarkaðar við þá báta sem áður höfðu stundað netaveiðar. Bátar sem stunduðu netaveiðar fengu aflamark en enga banndaga. Bátum sem eingöngu stunduðu veiðar með línu og handfærum voru bannaðar veiðar í samtals 69 daga.

Tekið var fram að heimilt væri að sameina aflamark skips, sem hætt var rekstri á, aflamarki annarra skipa með samþykki ráðuneytisins. Dæmi voru um að þetta hefði verið leyft áður án þess að sérstök heimild væri fyrir hendi. Við eigendaskipti á skipi skyldi aldrei fylgja því hærra aflamark en sem næmi meðalaflamarki skipa í sama flokki og á sama svæði að mati samráðsnefndar, mælt í þorskígildum.

Aðrar eftirtektarverðar breytingar frá lögunum fyrir 1986 til 1987 voru: Ráðherra var heimilað að reikna afla sem seldur var erlendis með 15% álagi til kvóta, en ekki 10% eins og áður. Heimild til að færa kvóta milli tegunda var lækkuð úr 10% í 5% af heildaraflamarki.

Litlar breytingar voru gerðar frá reglugerðinni árið áður. Stefnt var að því að þorskafli yrði 350 þús. tonn. Togarar á sóknarmarki fengu aflamark á karfa auk þorsks. Undirmálsfiskur var áfram að tveimur þriðju hlutum utan kvóta, en hámark 10% af afla viðkomandi tegundar í hverri veiðiferð. Sérstök reglugerð var gefin út um veiðar smábáta.

Þorskafli árið 1988 varð 378 þús. tonn, eða 28 þús. tonnum meiri en ráðgert var. Sóknarmark völdu 237 skip og var þorskaflahámark þeirra 158 þús. tonn. Aflamarksskipum var úthlutað 194 þús. tonna þorskkvóta. Smábátar veiddu 37 þús tonn af þorski og línuafli utan kvóta var 13 þús. tonn.

Samkvæmt reglugerð um stjórn botnfiskveiða árið 1989 var ráðgert að þorskafli yrði 325 þús. tonn. Í reglugerðinni var enn þrengt ákvæðið um að undirmálsfiskur teljist aðeins að hluta til kvóta, nú var bætt við því skilyrði að fiskurinn mætti ekki vera hausaður. Togarar á sóknarmarki fengu aflahámark á grálúðu auk þorsks og karfa.

Þorskafli árið 1989 varð 356 þús tonn, eða 31 þús. tonnum meiri en gert var ráð fyrir. Sóknarmark valdi 221 skip og var þorskaflahámark þeirra 130 þús. tonn. Aflamarksskipum var úthlutað 187 þús. tonnum af þorski. Þorskafli smábáta var 46 þús. tonn og línuafli utan kvóta 14 þús. tonn.

Í reglugerðinni um stjórn botnfiskveiða fyrir árið 1990 voru engar teljandi breytingar gerðar á fyrirkomulagi veiðanna. Gert var ráð fyrir að þorskafli gæti orðið 300 þús. tonn. Þorskafli varð 335 þús. tonn, eða 35 þús. tonnum meiri en ráð var fyrir gert. Sóknarmark völdu 225 skip og var þorskaflahámark þeirra 124 þús. tonn. Aflamarksskipum var úthlutað 164 þús. tonnum af þorski. Þorskafli smábáta var 48 þús. tonn og línuafli utan kvóta 14 þús. tonn.

Stjórn fiskveiða frá 1991.

Hinn 15. maí 1990 voru sett ný lög um stjórn fiskveiða. Lögin eru ótímabundin, en í þeim var ákvæði um að þau skyldi endurskoða fyrir árslok 1992. Með lögunum var fiskveiðiárið skilgreint frá 1. september til 31. ágúst ár hvert (þó 1. janúar til 31. ágúst 1991). Sóknarmark var afnumið og öll skip sem veitt höfðu með sóknarmarki fengu aflamark. Þau sem höfðu lágt aflamark fengu bætur sem námu 40% af því sem vantaði á að þau næðu meðaltali í sínum flokki.

Kveðið var á um að við sölu á skipi fylgdi aflahlutdeild þess, nema annað væri tekið fram í samningi. Sveitarfélögum var gefinn forkaupsréttur að skipum sem til stóð að selja úr byggðarlagi. Í fyrsta skipti voru leyfð viðskipti með aflahlutdeild skipa, alla eða að hluta, en áður hafði því aðeins verið leyft að flytja aflahlutdeild af skipi að það væri tekið af skipaskrá. Sömu reglur og áður giltu um flutning á aflamarki.

Allir smábátar 6–10 brl. voru settir á aflamark. Veiðar smábáta undir 6 brl. voru bundnar veiðileyfi og fjölgun þessara báta stöðvuð. Smábátum undir 6 brl. var gefinn kostur á að velja á milli aflamarks eða svokallaðs krókaleyfakerfis fyrir árin 1991 til 1993, þar sem aðeins mátti veiða á línu og handfæri, og veiðar voru bannaðar í 80 daga á ári. Reyndist hlutdeild þessara báta í heildarbotnfiskafla hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali á þessum þremur árum miðað við þá aflahlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991 skyldi þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með fiskveiðiárinu 1994/95.

Aflamarkskerfi í síldveiðum, loðnuveiðum, humarveiðum og úthafsrækjuveiðum var samræmt aflamarki botnfiskveiðanna með lögunum. Þá var ákveðið, að ef nýjar tegundir sjávar-

dýra yrðu teknar inn í aflamark, þá skyldi úthluta aflahlutdeild á grundvelli aflareynslu undangenginna þriggja ára. Ef ekki er fyrir hendi samfelld aflareynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Ráðherra var heimilað að skerða eða auka tímabundið botnfiskaflamark þeirra skipa sem stunduðu sérveiðar og urðu fyrir verulegum breytingum á aflatekjum af þeim.

Áfram var heimilt að veiða 5% umfram aflamark af tiltekinni tegund á kostnað annarra, nema hvað þessi heimild náði ekki lengur til veiða umfram aflamark á þorski. Heimilað var að geyma 20% aflamarks frá einu ári yfir á það næsta, í stað 10% áður. Ráðherra var heimilað að hækka álag vegna útflutnings á óunnum þorski og ýsu úr 15% í 20%.

Ráðherra var falið að ákveða veiðieftirlitsgjald fyrir veiðiheimildir sem ætlað var að standa straum af helmingi kostnaðar vegna veiðieftirlits ráðuneytisins. Gjald vegna tilkynningar aflamarks átti að vera allt að 0,2% af verðmæti afla samkvæmt úthlutuðu aflamarki, en einnig var gjald vegna almenns veiðileyfis.

Í nóvember 1990 var sett reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir fiskveiðiárið 1991. Þar voru settar fram nákvæmar reglur um endurnýjun fiskiskipa. Rúmtala nýs skips mátti ekki vera hærri en þess skips sem hvarf úr rekstri í staðinn. Sé það skip sem hverfur úr rekstri eldra en 12 ára mátti rúmtala hins nýja skips þó vera allt að 60% hærri. Skarkolaveiðar voru á ný bundnar aflamarki. Gert var ráð fyrir að þorskafli á fiskveiðiárinu 1991, þ.e. 1. janúar til 31. ágúst, yrði 245 þús tonn, en hann varð í raun 247 þús. tonn. Af því veiddu krókaleyfisbátar 14 þús. tonn og línuafli utan kvóta var 8 þús. tonn.

Ný reglugerð var sett í júlí 1991 fyrir fiskveiðiárið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992. Afnumin var heimild til að endurnýja gamalt skip með stærra skipi, rúmtala nýs skips mátti í engum tilvikum vera hærri en rúmtala skips sem hvarf úr rekstri. Gert var ráð fyrir að þorskafli á fiskveiðiárinu yrði 265 þús. tonn. Raunverulegur afli varð 272 þús. tonn. Þorskafli krókaleyfisbáta var 21 þús. tonn, en aflahlutdeild þeirra samsvaraði aðeins tæplega 6 þús. tonna þorskafla.

Í júlí 1992 var sett reglugerð fyrir fiskveiðiárið 1992/93. Ekki var um neinar verulegar breytingar að ræða frá fyrri reglugerð. Gert var ráð fyrir að heildarafli þorsks yrði 205 þús. tonn, en hann varð 240 þús. tonn. Meginskýringin er að afli smábáta á línu- og handfæraveiðum var aðeins að litlu leyti innan ráðgerðs heildarafla.

Reglugerð fyrir fiskveiðiárið 1993/94 var sett í júlí 1993. Ekki var um verulegar breytingar að ræða frá fyrri reglugerð. Gert var ráð fyrir að þorskafli yrði aðeins 155 þús. tonn, en í raun varð hann 196 þús. tonn. Meginskýringin er aftur fundin í afla smábáta sem aðeins að litlu leyti var ráðgerður í heildaraflamarki.

Í desember 1993 var gerð breyting á lögunum um stjórn fiskveiða. Varð nú heimilt að veiða 5% umfram aflamark af síld með sambærilegum frádrætti af aflaheimild næsta árs. Í maí 1994 var enn gerð breyting á lögunum. Breytingartillögurnar komu í framhaldi af vinnu nefndar um endurskoðun laganna sem kveðið var á um í lögunum frá 1990. Aðeins lítill hluti tillagna nefndarinnar varð að lögum árið 1994. Helst ber þar nefna að hámark var sett á aflamarkstvöföldun vegna línuafla í nóvember til febrúar hvers fiskveiðiárs, 34 þús. tonn af þorski og ýsu. Viðmiðunarafli krókabáta í sóknarmarkskerfinu var hækkaður í rúm 20 þús. tonn og skyldi fjölga banndögun næsta árs ef afli smábátanna færi fram úr þeirri viðmiðun.

Í júlí 1994 var sett reglugerð fyrir fiskveiðiárið 1994/95. Í reglugerðinni segir að gera skuli ráð fyrir afla krókaleyfisbáta í ráðgerðum afla og er banndögum fjölgað í 136. Gert var ráð fyrir að heildarafli þorsks yrði 155 þús. tonn, en hann varð 164 þús. tonn. Þrátt fyrir tilmæli í lögum og reglugerð um krókabáta varð afli þeirra meiri en ráð var fyrir gert.

Aftur var gerð breyting á lögum um stjórn fiskveiða árið 1995. Viðmiðunarafli krókabáta var hækkaður í 21.500 tonn og skyldi ekki breytast þótt leyfilegur þorskafli breyttist. Krókabátum var skipt í tvo flokka, báta á þorskaflahámarki og báta á viðbótarbanndagakerfi. Þorskaflahámarksbátum voru áfram bannaðar veiðar í 136 daga, en bátar í hinum flokknum 176 daga. Hinn 1. febrúar 1996 leystu sóknardagar viðbótarbanndaga af hólmi. Sóknardagar 1. febrúar til 31. ágúst 1996 voru 47. Gert var ráð fyrir að þorskafli á fiskveiðiárinu 1995/96 yrði 155 þús. tonn, en hann varð í raun tæp 170 þús. tonn.

Á árinu 1996 voru tvisvar gerðar breytingar á lögunum. Línutvöföldun í nóvember til febrúar var lögð af og skipum sem þessar veiðar stunduðu bætt tapið með aukningu aflahlutdeildar þeirra. Leyfilegur þorskafli krókabáta var hlutfallslega tengdur leyfilegum þorskafla allra skipa en verður þó aldrei minni en 21.500 tonn. Hlutdeild krókabáta í leyfilegum þorskafla var sett við 13,9%. Samkvæmt reglugerð fyrir fiskveiðiárið 1996/97 var viðmiðunarþorskafli krókabáta tæp 26 þús. tonn. Krókabátum var nú skipt í þrjá flokka, báta á þorskaflahámarki og krókabáta á sóknardögum sem annaðhvort stunda veiðar með línu og handfærum eða með handfærum eingöngu. Sóknardagar leystu banndaga alfarið af hólmi hjá krókabátum öðrum en á þorskaflahámarki. Þorskaflahámarksbátar voru aðeins bundnir aflamarki í þorski. Fyrir fiskveiðiárið 1996/97 fengu bátar í sóknardagakerfinu 84 sóknardaga miðað við handfæraveiðar, en sóknardagar á línuveiðum vógu þyngra. Fjöldi sóknardaga skyldi síðan breytast á næsta fiskveiðiári í takt við þróun þorskafla báta í hvorum flokki á fyrra ári. Sú breyting var einnig gerð að langlúra og steinbítur voru sett undir aflamark. Í reglugerð var gert ráð fyrir að heildarafli þorsks fiskveiðiárið 1996/97 yrði 186 þús. tonn. Raunverulegur þorskafli varð hins vegar 204 þús. tonn sem skýrist að mestu af afla krókabáta í sóknardagakerfunum.

Árið 1997 var sú breyting gerð á lögunum um stjórn fiskveiða, að hlutdeild krókabáta í þorskafla var minnkuð í 13,75%. Þessi breyting leiddi þó ekki til minni heildarkvóta þessa bátaflokks þar sem leyfilegur þorskafli á fiskveiðiárinu jókst. Þá varð einnig leyfilegt fyrir krókabáta á þorskaflahámarki að framselja þorskaflahámarkshlutdeild sína til annars slíks báts og innan fiskveiðiársins máttu þorskaflahámarksbátar flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki til annars báts í sama flokki. Sóknardagafjöldi krókabáta á handfærum og á handfærum og línu var enn takmarkaður vegna mikils þorskafla þeirra. Á fiskveiðiárinu 1997/98 var sóknardagafjöldi handfærabáta 26 en fjöldi sóknardaga smábáta á línu og handfæraveiðum var ákveðinn 20 dagar. Reglugerðin fyrir fiskveiðiárið 1997/98 gerði ráð fyrir að þorskafli yrði 218 þús. tonn, en aflinn varð í raun 230 þús. tonn. Þá voru tvær fisktegundir til viðbótar settar undir aflamarkskerfið, sandkoli og skrápflúra.

Tvisvar voru gerðar breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða á árinu 1998. Fyrri breytingin takmarkaði flutning aflamarks innan ársins við 50% af úthlutuðu aflamarki í þorskígildum talið. Í lögunum er einnig kveðið á um að viðskipti með aflaheimildir skuli fara fram í gegnum Kvótaþing sem sett var á laggirnar með öðrum lögum á sama tíma. Flutningur á aflamarki á milli skipa í eigu sama aðila er undanþeginn þessu ákvæði og er svo einnig um jöfn skipti aflamarks milli óskyldra aðila. Síðari lagabreytingin á árinu 1998 setur hámark á aflahlutdeild einstakra tegunda og hámark á heildaraflahlutdeild allra tegunda í eigu sama aðila og tengdra aðila. Með þessu ákvæði má enginn aðili eða tengdir aðilar eiga meira en 10% af aflahlutdeild í þorski og ýsu, 20% í ufsa, karfa, grálúðu, síld, loðnu og úthafsrækju. Þá má enginn aðili eða tengdir aðilar eiga meira en 8% af heildaraflahlutdeild allra tegunda. Þó er kveðið á um að hámark á heildaraflahlutdeild allra tegunda megi vera allt að 12% hjá aðilum þar sem enginn á meira en 20% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Stærri samvinnufélög flokkast einnig hér undir. Í reglugerð um fiskveiðar í atvinnu-

skyni fyrir fiskveiðiárið 1998/99 er reglum um endurnýjun fiskiskipa breytt á þann hátt að nú má nýtt skip vera í mesta lagi 60% stærra í rúmmetrum en skipið sem hverfur úr rekstri. Áður hafði aðeins verið heimilt að endurnýja sama rúmmetrafjölda sem þó gat þýtt stærra skip ef fleiri en eitt skip hurfu úr rekstri á stað þess nýja. Í sömu reglugerð er ráðgert að þorskafli á fiskveiðiárinu verði 250 þús. tonn. Sóknardagafjöldi krókabáta var ákveðinn 9 dagar á fiskveiðiárinu 1998/99.

Eftir dóm Hæstaréttar í byrjun desember 1998 lagði sjávarútvegsráðherra til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Í janúar og aftur í mars 1999 voru síðan samþykktar á Alþingi breytingar á lögunum. Veiðileyfi eru ekki lengur bundin við þau skip sem voru að veiðum við upphaf kvótasetningar. Nú geta öll skip, sem haffærisskírteini hafa, fengið veiðileyfi.

Helstu breytingar er varða smábátana eru að nú munu sóknardagabátar velja á milli tveggja kerfa. Annars vegar geta þeir valið óbreytt kerfi frá fyrra fiskveiðiári. Sóknardagafjöldinn er þá 32 dagar fyrir báta með línu- og handfæraleyfi og 40 fyrir báta með handfæraleyfi. Enginn bátur má þó fiska meira en 30 tonn af þorski, miðað við óslægt. Hins vegar geta bátarnir valið handfærakerfi með 23 sóknardögum án takmarkana á heildarafla, en sókn er þó einungis heimil á tímabilinu 1. apríl til 31. október.

Þann 1. september árið 2000 verða síðan þær breytingar að dagakerfið verður aflagt og öllum bátum sem enn eru í sóknardagakerfinu verður úthlutað kvóta í þorski, ýsu, ufsa og steinbít. Frá og með þeim tíma verða bátarnir skilgreindir sem krókaaflamarksbátar. Krókaaflamark í ýsu, ufsa og steinbít verður jöfn kílógrammatala á alla bátana, en hlutur þeirra er 8,07% af hlut allra krókabáta. Heildarhlutur þessara báta í krókaaflamarki í þorski verður jafn þeirri hlutdeild sem mörkuð er í lögunum að viðbættum þeirra hlut í 601 tonns viðbótum. Þetta þýðir að hlutur þeirra fer úr 2.770 í 3.400 (miðað við 250 þús. tonna heildarafla fiskveiðiárið 1998/99). Hlutur þessara báta í 3.400 tonnunum myndar þeirra krókaaflamark í þorski 1. september 2000. Við úthlutun til hvers og eins mun veiðin á fiskveiðiárunum 1997/98 og 1998/99 hafa 80% vægi og gamla viðmiðunin 20% vægi. Þetta þýðir í raun að miðað við núverandi heildarafla í þorski verða veiðiheimildir frá 500 kg og upp í tæp 30 tonn.

Fyrir þá báta sem kjósa að fara fyrr inn í nýja handfærakerfið verða þær breytingar að ef hópurinn veiðir umfram þann grunn sem honum er ætlaður fækkar sóknardögunum um 10% að hámarki. Ef enn er veitt umfram áætlun er frekari skerðing á sóknardögum leyfileg. Sóknardagar verða framseljanlegir frá og með 1. september 2000. Fjöldi daga sem heimilt er að framselja tekur mið af úthaldsdögum á fiskveiðiárunum 1998/99 og 1999/2000. Þegar sóknardagar eru fluttir milli báta fjölgar þeim eða fækkar í hlutfalli við stærð viðkomandi báta (6 tonna bátur sem færir 6 daga á 3 tonna bát, reiknast 9 dagar á 3 tonna bátinn).

Veiðikerfi þorskaflahámarksbáta verður óbreytt til 1. september 2000. Þá verða þeir kvótasettir í ýsu, ufsa og steinbít. Veiðireynsla almannaksárin 1996, 1997 og 1998 verður látin ráða aflaheimildum hvers og eins, þó með þeim hætti að vægi ársins 1998 verður tvöfalt. Hlutdeild krókabáta í heildarúthlutun hverrar þessara tegunda ræðst af hlutfalli þeirra í heildarafla almanaksárin 1996–98.

Fram til 1. september 2000 verður óheimilt að færa veiðiheimildir til báta sem eru stærri en 6 brl. Frá þeim tíma verður heimilt að stækka báta án þess að úrelding sé fyrir hendi og flytja veiðiheimildir á nýja skipið. Fram til þess tíma verður að endurnýja bát í stað báts og við stækkun verður að úrelda þrefalt fleiri rúmmetra en inn koma.

Sú breyting var einnig gerð varðandi aflamarksbáta almennt að allir bátar sem eru á skrá Siglingastofnunar og eru með gilt haffærisskírteini geta fengið veiðileyfi með aflamarki. Hver bátur getur þó aðeins haft eina tegund veiðileyfis á hverju fiskveiðiári.

Þorskaflahlutdeild báta undir 10 brl. hækkar um 5% frá 1. september 1999 frá því sem hún var 1. desember 1998, enda hafi viðkomandi ekki fært frá sér hlutdeild á tímabilinu og hafi landað þorski á sl. tveimur fiskveiðiárum. Miðað við þorskveiðiheimildir þessara báta á fiskveiðiárinu 1998/99 þýðir þetta um 430 tonn.

Aflamarksbátum minni en 200 brl. sem landað hafa þorski á fiskveiðiárunum 1996/97 eða 1997/98 verður úthlutað tæpum 3.000 tonnum af þorski við upphaf fiskveiðiársins 1999/2000. Úthlutunin verður ekki hlutdeildartengd og verður úthlutað í samtals sjö fiskveiðiár. Aflaheimildir þessar eru dregnar af leyfðu heildaraflamarki í þorski áður en því er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

Úthlutun til einstakra skipa mun miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið miðað við 1. desember 1998. Hámarksúthlutun á bát er 10 tonn, en þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflamarki sínu og heildaraflaheimildir einstakra skipa verði ekki umfram 450 þorskígildistonn.

Byggðastofnun mun á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með 2005/06 fá árlega til ráðstöfunar 1.500 þorskígildistonn til að styðja við byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Aflaheimildir þessar skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa, og eru þær dregnar frá leyfilegu heildaraflamarki áður en því er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

Sameiginlegir fiskstofnar með öðrum þjóðum og úthafsveiðar.

Loðnustofninn sem gengur á Íslandsmið heldur sig að hluta í norskri og grænlenskri lögsögu. Á árinu 1989 gerðu þessir aðilar samning til þriggja ára um veiðar á loðnu. Aflahlutdeild hverrar þessara þjóða var ákveðin og var hlutur Íslendinga 78%, en Norðmenn og Grænlendingar höfðu 11% hvor þjóð. Á árinu 1994 var gerður nýr samningur á sama grunni. Árið 1997 var ákveðið af Íslands hálfu að segja upp samningnum. Samningurinn hafði verið til fjögurra vertíða og hefði framlengst um tvær vertíðir ef honum hefði ekki verið sagt upp 1997.

Ástæða þess að samningnum var sagt upp er að þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar við samningsgerðina á sínum tíma hafa um margt breyst. Vegur þar þyngst að útbreiðsla loðnunnar hefur breyst. Því þótti eðlilegt að aðilar tækju á ný upp viðræður um stjórn loðnuveiðanna út frá breyttum aðstæðum. Í kjölfarið tókust samningar við Norðmenn og Grænlendinga og fá Íslendingar nú 81% hlutdeild í loðnuaflanum.

Í tengslum við samning EFTA og ES um Evrópskt efnahagssvæði árið 1992 gerðu Íslendingar samning við ES um sjávarútvegsmál og lífríki hafsins. Í honum felast m.a. gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Samningurinn gildir til 10 ára. Samkvæmt samningnum fá Íslendingar á hverju ári að veiða 30 þús. tonn af loðnu við Grænland, úr kvóta sem ES kaupir af Grænlendingum. Ísfiskskip frá ES fá í staðinn að veiða 3 þús. tonn af karfa við Ísland.

Norsk-íslenski síldarstofninn gekk jafnan á Íslandsmið í ætisleit en dvaldi annars að mestu í norskri lögsögu þar sem hrygningarstöðvarnar eru. Árið 1965 veiddu Íslendingar 590 þús. tonn af síld á Íslandsmiðum, að stærstum hluta úr norsk-íslenska stofninum. Næstu árin þar á eftir minnkaði veiðin stórlega og varð veiði úr þessum stofni að engu árið 1969. Íslendingar hófu aftur veiðar úr norsk-íslenska stofninum árið 1994.

Í lok árs 1997 var undirritað samkomulag milli Íslands, Færeyja, Noregs, Rússlands og Evrópusambandsins um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998. Samkomulagið er eins og það sem gert var milli þessara aðila í árslok 1996. Með samningnum 1996 skiptu aðilar á milli sín 1.486 þús. lestum. Samkvæmt samkomulaginu árið 1997 var heildarafli aðila ákveðinn 1.290 þús. lestir og skiptist þannig að í hlut Íslands komu 202.000 lestir, í hlut Færeyja 71.000 lestir, í hlut Noregs 741.000 lestir, í hlut Rússlands 166.600 lestir og

í hlut Evrópusambandsins 109.000 lestir. Lækkun heildarafla stafaði af lélegri nýliðun stofnsins frá árinu 1993. Á árinu 1997 námu aflaheimildir Íslands 233.000 tonnum.

Jafnframt komu aðilar sér saman um í hvaða mæli þeir veittu hver öðrum aðgang að lögsögu sinni til síldveiða árið1998. Íslensk skip mega með sama hætti og áður veiða allan sinn hlut í lögsögu Færeyja og færeysk skip allan sinn hlut í lögsögu Íslands. Einnig mega íslensk skip veiða sinn hluta í Jan Mayen lögsögunni og norsk skip veiða sem svarar tveimur þriðju hlutum af kvóta Íslands í íslenskri lögsögu. Íslensk skip máttu veiða 9.000 lestir í lögsögu Noregs og norsk skip sama magn í íslenskri lögsögu. Var hér um 1.000 lesta lækkun að ræða á milli ára í samræmi við lækkun heildaraflans. Loks fengu rússnesk skip heimild til að veiða 5.600 lestir á takmörkuðu svæði innan íslenskrar lögsögu í stað 6.500 lesta á fyrra ári.

Samstarf Íslands og Grænlands á sjávarútvegssviðinu var eflt á árinu 1998 er fulltrúar landanna skrifuðu undir samning um samstarf landanna í sjávarútvegsmálum. Fyrstu áhrif samningsins verða stofnun sameiginlegrar íslensk-grænlenskrar fiskveiðinefndar sem mun a.m.k. einu sinni á ári halda fundi um mál er varða sjávarútvegssamstarfið. Í samningnum eru ákvæði um að Ísland og Grænland skuli í framtíðinni vinna saman að málum er varða fiskirannsóknir, veiðitækni og menntun á sviði sjávarútvegs.

Þegar var í gildi samningur um gagnkvæmar heimildir til veiða á úthafskarfa og loðnu í lögsögum landanna. Í samningnum er gert ráð fyrir að slíkar gagnkvæmar veiðiheimildir nái til fleiri tegunda er fram líða stundir. Sameiginlegir stofnar Íslands og Grænlands eru m.a. rækja, lúða, grálúða og karfi á svæðum milli Íslands og Grænlands. Þá eru einnig tengsl milli þorskstofnsins við Grænland og Ísland. Í samningnum er kveðið á um að löndin skuli vinna saman að rannsóknum og nýtingu á þessum sameiginlegu stofnum. Þessi ákvæði um ráðstafanir sameiginlegra stofna eru í samræmi við ákvæði Hafréttarsáttmálans og annarra alþjóðlegra samþykkta.

Í byrjun árs janúar 1997 gerðu fulltrúar Færeyja og Íslands með sér samning um fiskveiðimálefni. Fjallar hann m.a. um gagnkvæmar veiðar þjóðanna í lögsögu beggja landa. Samið var um að botnfiskveiðiheimildir Færeyinga í íslenskri lögsögu skildu vera óbreyttar árið 1997 frá árinu 1996, eða 5.000 tonn samtals. Hámarksafli í einstökum tegundum innan þessa heildaraflamarks og önnur skilyrði fyrir veiðunum voru að mestu óbreytt. Sömuleiðis var ákveðið að leggja til að gagnkvæmar veiðiheimildir milli landanna í uppsjávartegundum skyldu vera óbreyttar milli ára. Íslendingar fengu að veiða kolmunna, 2.000 tonn af síld, annarri en norsk-íslenskri síld, og 1.000 tonn af makríl í færeyskri lögsögu. Færeyingar fengu að veiða kolmunna og 30.000 tonn af loðnu í íslenskri lögsögu. Lagt var til að Færeyingum verði heimilt að veiða allan loðnuaflann á vorvertíð en óheimilt verði að frysta þann afla um borð eða landa annars staðar en á Íslandi, nema til bræðslu.

Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin, NEAFC, starfar samkvæmt samningi sem tók gildi 1982. Samningssvæðið er Norðaustur-Atlantshaf, Norður-Íshaf og Barentshaf samkvæmt nánar tilgreindri afmörkun í samningnum sjálfum. Aðilar að NEAFC eru Danmörk (fyrir hönd Færeyja og Grænlands), Evrópusambandið, Ísland, Noregur, Pólland og Rússland. Markmið samningsins er að stuðla að verndun og bestu nýtingu fiskveiðiauðlinda á samningssvæðinu. Ráðið getur gert bindandi samþykktir varðandi fiskveiðar utan fiskveiðilögsögu samningsríkjanna á úthafinu, m.a. ákveðið heildaraflamark, úthlutað veiðiheimildum og gert ráðstafanir um eftirlit með veiðunum. Ríki geta undanþegið sig ákvörðunum ráðsins með því að gera fyrirvara við samþykktir þess.

Á ársfundi NEAFC í nóvember 1996 var gerð samþykkt sem m.a. fjallar um skyldu aðildarríkjanna til þess að upplýsa um hvaða skip hafi leyfi til veiða á svæðinu. Þá skal og til-

kynna til skrifstofu NEAFC vikulega um fjölda skipa við veiðar og afla undangenginnar viku. Samþykktin gildir fyrir úthafskarfa og norsk-íslenska síldarstofninn.

Þeir fiskstofnar sem féllu undir fiskveiðinefndina árið 1998 voru úthafskarfi og norsk-íslenska síldin. Heildaraflamark árið 1998 var 153 þús. tonn af úthafskarfa og 1.302 þús. tonn af síld. Aflamark Íslands var 45 þús., tonn af úthafskarfa og 202 þús. tonn af norsk-íslensku síldinni.

Á ársfundi Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, haustið 1998 var m.a. rætt um stjórn rækjuveiða á Flæmingjagrunni. Meiri bjartsýni gætti þar en á síðustu árum um ástand rækjustofnsins og lögðu vísindamenn til að heildarveiðin yrði 30 þús. tonn á árinu 1999. Var ákveðið að stjórna rækjuveiðunum áfram með sóknarstýringu sem byggist á úthlutun veiðidaga til hvers lands. Af hálfu Íslands var ítrekuð andstaða við þetta fyrirkomulag þar sem það gæfi ekki kost á að mæta nauðsynlegum veiðitakmörkunum með hagkvæmum hætti. Auk þess hafði framkvæmd sóknarkerfisins á Flæmingjagrunni verið afar ótrúverðug. Því var lýst yfir að Ísland mundi áfram ákvarða leyfilegan heildarafla íslenskra skipa með einhliða aflamarki. Sú afstaða Íslands að ákvarða heildarafla og skipta honum á milli aðildarríkja nýtur vaxandi stuðnings, enda hefur komið í ljós að veiðistjórnun Íslendinga er mun skilvirkari en það fyrirkomulag að stjórna sókninni með dagatakmörkunum. Leyfður heildarafli Íslendinga á árinu 1998 var 6.800 tonn samkvæmt ákvörðun íslenskra stjórnvalda.

Eftirlitsmál á NAFO-svæðinu voru mjög til umræðu, sérstaklega það fyrirkomulag að hafa eftirlitsmann í hverju skipi. Af hálfu Íslands og annarra rækjuveiðiþjóða var bent á að rækjuveiðar á Flæmingjagrunni krefðust ekki svo víðtæks og kostnaðarsams eftirlits. Niðurstaða fundarins var engu að síður að framlengja núverandi fyrirkomulag á eftirlitsmannakerfinu, sem komi til endurskoðunar eftir tvö ár. Jafnframt var ákveðið að taka upp gervihnattaeftirlit með öllum fiskveiðum á NAFO-svæðinu frá og með 1. janúar 2001. Íslendingar hafa lagt áherslu á að við endurskoðun eftirlits á NAFO-svæðinu verði nýjasta tækni hagnýtt til þess að auka skilvirkni og lækka kostnað.

Íslendingar hafa ekki tekið þátt í veiðum úr öðrum stofnum en rækju á NAFO-svæðinu. Veiðar úr rækjustofninum á Flæmingjagrunni nema nú um helmingi allra veiða á svæðinu að magni til, en aðrir stofnar eru veiddir í litlu magni eða háðir veiðibanni vegna slæms ástands þeirra.

Með hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982 voru settar ítarlegar reglur um landhelgina, efnahagslögsöguna og landgrunnið. Hins vegar má segja með nokkrum rétti að úthafið hafi verið skilið eftir. Áfram var fylgt þeirri hefðbundnu meginreglu þjóðaréttar að veiðar á úthafinu væru öllum ríkjum frjálsar. Þær reglur, sem settar voru um verndun fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim á úthafinu og takmarka áttu þetta frelsi, voru of almenns eðlis til að geta þjónað tilgangi sínum og þörfnuðust nánari útfærslu.

Það var hlutverk úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að útfæra nánar ákvæði hafréttarsamningsins um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna, stjórnun veiða úr þeim og hrinda þeim í framkvæmd. Samkomulag varð um að kalla ráðstefnuna saman á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í júní 1992. Úthafsveiðiráðstefnunni lauk með því að 112 ríki auk Evrópusambandsins samþykktu samhljóða bindandi alþjóðasamning um veiðar á úthafinu. Rétt heiti samningsins er samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, en hann hefur almennt gengið undir nafninu úthafsveiðisamningurinn, enda fjallar hann fyrst og fremst um stjórnun veiða úr þessum stofnum á úthafinu. Langflestir þeirra fiskstofna, sem veitt er úr á úthafinu, teljast annaðhvort deilistofnar, þ.e. stofnar sem halda sig bæði innan og utan lögsögu ríkja, eða víðförulir fiskstofnar og falla því undir

samninginn. Sem dæmi um deilistofna má nefna norsk-íslenska síldarstofninn, þorskstofninn í Barentshafi, úthafskarfann á Reykjaneshrygg og íslenska loðnustofninn. Helstir viðförulla fiskstofna eru túnfiskstofnar víðs vegar í heiminum. Yfirlýst markmið úthafsveiðisamningsins er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Segja má að samningurinn byggist á eftirfarandi fimm meginþáttum:

Fyrsti meginþátturinn eru þær reglur sem verndun stofnanna og stjórnun veiða úr þeim skulu byggðar á. Hér er annars vegar um að ræða almennar reglur, m.a. þá að verndunar- og stjórnunarráðstafanir skuli byggjast á bestu vísindalegu niðurstöðum sem tiltækar eru, og hins vegar ákvæði um varúðarleiðina, en þar er m.a. gert ráð fyrir því að ríki skuli sýna sérstaka varúð þegar upplýsingar um viðkomandi stofn eru óvissar eða ónógar.

Annar meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru reglur hans um samstarf ríkja. Þar er gert ráð fyrir að strandríki og úthafsveiðiríki starfi saman á vettvangi svæðisbundinna veiðistjórnarstofnana að verndun áðurnefndra stofna og stjórnun veiða úr þeim. Skulu ríkin m.a. ákvarða leyfilegan heildarafla úr stofnum, úthluta kvótum til einstakra ríkja og setja reglur um veiðar og veiðarfæri og um eftirlit með veiðunum.

Þriðji meginþátturinn, sem samningurinn byggist á, er ákvæði hans um að verndunar- og stjórnunarráðstafanir fyrir úthafið annars vegar og efnahagslögsögu ríkja hins vegar skuli vera samrýmanlegar. Sem dæmi um slíkar ráðstafanir má nefna ákvörðun um skiptingu leyfilegs heildarafla úr stofni á milli úthafssvæðis annars vegar og lögsögu ríkja hins vegar.

Fjórði meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru ákvæði hans um eftirlit og framkvæmdarvald. Þeirri meginreglu þjóðaréttarins er fylgt að eftirlit með því að fiskiskip virði verndunar- og stjórnunarreglur á úthafinu og að þeim sé framfylgt sé fyrst og fremst í höndum fánaríkisins, þ.e. þess ríkis sem skipið er skráð í. Samningurinn leggur þá skyldu á herðar fánaríkinu að það stjórni veiðum skipa sinna á úthafinu með því að leyfisbinda þær og að það banni þeim skipum að stunda veiðar sem ekki hafa tilskilin leyfi. Hins vegar er gert ráð fyrir að öll aðildarríki samningsins sem eru aðilar að svæðisstofnun hafi rétt til að hafa eftirlit með fiskiskipum annarra aðildarríkja samningsins á því úthafssvæði sem stofnunin nær til og jafnframt til að fara með framkvæmdarvaldið gagnvart þeim sinni fánaríkið ekki skyldu sinni í því efni. Loks gerir samningurinn ráð fyrir því að hafnríki fari með hefðbundið eftirlitsvald samkvæmt þjóðarétti og að þeim sé einnig heimilt að setja lög sem geri stjórnvöldum þeirra kleift að banna löndun á afla sem veiddur hefur verið í trássi við gildandi verndunar- og stjórnunarreglur.

Fimmti og síðasti meginþáttur samningsins eru ákvæði hans um friðsamlega lausn deilumála. Sú leið er farin að láta ákvæði hafréttarsamningsins um skyldubundna og bindandi lausn deilumála gilda um deilur milli aðildarríkja úthafsveiðisamningsins.

Á undanförnum árum hefur á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) verið unnið að gerð bálks um ábyrgar fiskveiðar. Samkomulag um endanlegan texta hans náðist haustið 1995 og var bálkurinn samþykktur af aðildarríkjum FAO á ársfundi stofnunarinnar í október 1995. Bálkurinn samanstendur af almennum reglum og nokkrum undirköflum. Þar er m.a. að finna reglur um fiskveiðistjórnun, framkvæmd fiskveiða og vísindarannsóknir. Einnig er svonefndur samningur um skyldur fánaríkja hluti af bálkinum. Efnisatriði bálksins eru í samræmi við ákvæði hafréttarsamningsins og úthafsveiðisamningsins. Ólíkt því sem gildir um úthafsveiðisamninginn er bálkur FAO um ábyrgar fiskveiðar ekki bindandi. Hins vegar má gera ráð fyrir að hann geti haft áhrif á þróun mála. Þannig munu ríki, sem eiga í fiskveiðideilum, ef að líkum lætur vitna til ákvæða bálksins og dómstólar líta til hans við úrlausn deilumála.

Lög nr. 151/1996 fjalla um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og leystu þau af hólmi lög um þetta efni, nr. 34/1976. Nýju lögin voru réttlætt m.a. með þeim miklu breytingum sem hafa orðið í úthafsveiðimálum síðan lögin frá 1976 öðluðust gildi. Var orðin brýn þörf á endurskoðun þeirra. Veiðar á úthafinu hafa færst mjög í vöxt á síðustu árum, bæði af hálfu Íslendinga og annarra þjóða. Slíkar veiðar eru því orðnar miklu brýnna hagsmunamál en fyrirsjáanlegt var árið 1976. Ljóst var að hin aukna sókn í fiskimiðin á úthafinu hefur leitt til ofveiði þar víða um heim. Þjóðir heims hafa í vaxandi mæli gert sér grein fyrir að koma verður í veg fyrir stjórnlausar fiskveiðar á úthafinu. Allar deilur, sem sprottið hafa á undanförnum árum um fiskveiðar á úthafinu, hafa og fært mönnum heim sanninn um nauðsyn bindandi samkomulags. Hin mikla aukning í úthafsveiðum hefur leitt til örrar þróunar í hafréttarmálum.

Lög nr. 151/1996 skiptast í þrjá meginkafla. Í fyrsta kafla er fjallað um fiskveiðar íslenskra skipa, einkum um það hvernig veiðiheimildum úr viðkomandi stofnum verði skipt á milli skipanna og um eftirlit með veiðunum. Í öðrum kafla er fjallað um fiskveiðar erlendra skipa, m.a. um það hvernig bregðast skuli við brotum slíkra skipa á reglum um auðlindastjórnun. Þriðji kafli geymir ýmis ákvæði, svo sem reglur um uppgöngu erlendra eftirlitsaðila á íslensk skip, refsiákvæði og ákvæði um gildistöku.

Lögin byggjast að miklu leyti, þar sem við getur átt, á þeim meginsjónarmiðum sem gilt hafa um stjórn fiskveiða innan efnahagslögsögu Íslands hin síðari ár. Þar sem í eldri lögum um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 34/1976, var gert ráð fyrir að ráðherra gæti sett þær reglur sem honum þætti þurfa, svo sem til samræmingar við reglur í fiskveiðilandhelgi Íslands, var því að þessu leyti ekki um neina byltingu að ræða. Hins vegar er með lögunum fyrst og fremst leitast við að skilgreina ítarlegar en gert var í eldri lögum, heimildir ráðherra til að setja reglur. Í eldri lögunum voru þær heimildir lítt skilgreindar.

Sérstaklega er vert að nefna að lögin gera ráð fyrir að í vissum tilvikum verði skip sem haldið er til veiða á úthafinu að hafa til þess sérstakt leyfi, líkt og er um veiðar innan lögsögunnar. Er þetta breyting frá þeirri framkvæmd sem að mestu var viðhöfð varðandi veiðar íslenskra skipa utan íslenskrar lögsögu.

Einnig er rétt að nefna að í lögunum er gerð ítarleg grein fyrir heimildum til veiðieftirlits á úthafinu af hálfu Fiskistofu, Landhelgisgæslu Íslands og eftirlitsaðila erlendra ríkja. Áður voru lagaheimildir til þess að koma á veiðieftirliti á úthafinu afar almenns eðlis. Í lögum nr. 34/1976 voru að vísu ákvæði sem heimiluðu ráðherra að setja reglur sem nauðsynlegar þættu til þess að framfylgja ákvæðum alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og hafði á grundvelli þessa ákvæðis verið sett reglugerðarákvæði um þetta atriði. Þegar alþjóðasamningi viki ekki við yrði ráðherra að styðja sig við enn almennari heimild í nefndum lögum stæði vilji íslenskra stjórnvalda til þess að koma á eftirliti á úthafinu. Þar sem kostnaður fylgir slíku eftirliti var óhjákvæmilegt að heimildir yrðu skýrari í þessum efnum. Þá þótti rétt að kveða á í lögum um hvernig heimildum erlendra eftirlitsaðila til þess að hafa eftirlit með veiðum íslenskra skipa skyldi háttað þar sem í slíkum heimildum kann að felast takmörkun á sérlögsögu Íslands yfir viðkomandi skipum. Nauðsynlegt þótti að kveða sérstaklega á um heimildir Landhelgisgæslu Íslands til þess að stunda veiðieftirlit á úthafinu þar sem eldri löggjöf um hana tók mið af þörfum slíks eftirlits hér við land en ekki utan íslensku lögsögunnar.

Um áramótin 1996/97 voru gefnar út tvær reglugerðir er vörðuðu úthlutun aflahlutdeildar samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Í fyrsta lagi reglugerð nr. 685/1996, um úthlutun veiðiheimilda á Flæmingjagrunni, og var þar byggt á lögum nr. 151/1996. Í öðru lagi er um að ræða reglugerð nr. 27/1997, um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg, sem byggist á sömu lögum.

Í báðum tilvikum var nýtt heimild til að skip sem fá úthlutað aflahlutdeild skuli afsala sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands. Skipum sem fengu úthlutað aflahlutdeild í rækju á Flæmingjagrunni var gert að afsala sér aflahlutdeild, sem úthlutað var á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem nam 4% af þeirri rækjuhlutdeild sem úthlutað var á árinu 1997. Við mat á aflahlutdeild sem skipum var gert að afsala sér var miðað við gildandi verðmætastuðla og leyfilegan hámarksafla þess árs. Verðmætastuðull rækju á Flæmingjagrunni var sá sami og fyrir rækju sem veiddist innan lögsögunnar.

Sjávarútvegsráðuneytið gaf út reglugerð um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg í janúar 1997. Hverju íslensku fiskiskipi var reiknuð aflahlutdeild í úthafskarfa, sem miðaðist við afla skipsins á þremur bestu aflaárum þess á tímabilinu 1991–96. Þó var 5% heildarkvótans úthlutað til þeirra skipa sem stunduðu úthafskarfaveiðar á árunum 1989, 1990 og 1991 miðað við heildarafla þeirra þessi ár. Úthlutun aflahlutdeildar var bundin því skilyrði að útgerð viðkomandi skips afsalaði sér aflahlutdeild í tegundum innan lögsögu Íslands sem næmi 8% af þeirri aflahlutdeild sem viðkomandi skipi var úthlutað í úthafskarfa. Miðað var við, að verðmætastuðull fyrir úthafskarfa væri 0,54, en fyrir karfa sem veiðist innan lögsögunnar var verðmætastuðullinn 0,8. Ef skerðingu aflahlutdeildar var ekki viðkomið þar sem skipið hafði ekki aflahlutdeild í tegundum innan lögsögunnar skertist aflahlutdeild þess í úthafskarfa um 8%.

Veiðar á úthafskarfa eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og aðeins eiga kost á leyfum þau skip sem aflahlutdeild fengu samkvæmt framangreindri reglu og enn fremur þau skip sem fengið hafa flutt til sín aflamark eða aflahlutdeild í úthafskarfa.

Um þessar fiskveiðar utan lögsögu Íslands gilda lög nr. 151/1996. Samkvæmt þeim á sjávarútvegsráðherra að binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands. Skulu leyfin bundin skilyrðum sem nauðsynleg eru.

Lögin tóku líka til veiða á norsk-íslensku síldinni. Á vertíðinni 1997 voru veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum leyfisbundnar á grundvelli þessarar heimildar laganna. Öll skip, sem leyfi höfðu til veiða í atvinnuskyni, áttu kost á leyfi til síldveiðanna. Að öðru leyti miðaði stjórn síldveiðanna fyrst og fremst að því að tryggja að heildarafli íslenskra skipa færi ekki yfir leyfilegt heildarmagn. Kom því hvorki til úthlutunar aflahlutdeildar né aflamarks til einstakra skipa. Sú leið sem farin var til að stjórna veiðunum á þeirri síldarvertíð er mjög óhagkvæm, m.a. fyrir þær sakir að hún stuðlar að aukinni veiðisókn vanbúinna skipa til veiðanna.

Norsk-íslenski síldarstofninn veiðist bæði innan og utan íslenskrar lögsögu og er því svonefndur deilistofn. Samkvæmt lögum nr. 151/1996 er gert ráð fyrir mismunandi leiðum til stjórnar veiða úr deilistofnum eftir því hvort samfelld veiðireynsla er úr þeim stofnum eða ekki. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt þessari grein hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni þrisvar á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem til ráðstöfunar er af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Í lögum nr. 151/1996 segir að sé ákvörðun tekin um að takmarka heildarafla úr ákveðinni tegund sem samfelld veiðireynsla hefur fengist í skuli aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil á undangengnum sex veiðitímabilum. Sé hins vegar ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr ákveðnum stofni er ráðherra heimilt við ákvörðun skiptingar aflahlutdeildar milli skipa að taka mið af fleiri þáttum en aflareynslu eins og fyrri veiðum skips, stærð þess, gerð eða búnaði og öðrum atriðum sem máli skipta.

Á grundvelli þessara laga var því heimilt að skipta leyfilegum aflaheimildum Íslands úr stofninum milli einstakra skipa með úthlutun varanlegrar aflahlutdeildar til þeirra, enda

byggist sú aflahlutdeild alfarið á veiðireynslu þeirra. Heimilt var að binda úthlutun því skilyrði að skip afsöluðu sér á móti veiðiheimildum innan lögsögunnar er næmi allt að 15% af þeim aflaheimildum sem þau fengju í síld.

Norsk-íslenski síldarstofninn var talinn um margt hafa sérstöðu sem leiddi til þess að ekki þótti tímabært að ákveða skipulag veiða úr honum til frambúðar. Fyrir hrun stofnsins í lok sjöunda áratugarins var þetta stærsti fiskstofn í Norður-Atlantshafi. Héldu hinir eldri árgangar hans sig að mestu innan þess svæðis sem nú er íslensk lögsaga að sumarlagi og höfðu vetursetu fyrir austan land. Veiðar úr þessum stofni voru mikilvæg uppistaða í atvinnulífi víða um norðan- og austanvert landið og hrun stofnsins var eitt mesta efnahagsáfall sem Ísland hefur orðið fyrir á síðustu áratugum. Síðustu árin hefur stofninn rétt nokkuð við og hefur hinn kynþroska hluti hans aftur farið að leita vestur á bóginn út frá ströndum Noregs. Langt er þó frá því að stofninn hafi tekið upp sitt fyrra göngumynstur og hafa veiðar íslenskra skipa úr honum á síðustu vertíðum að langmestu leyti farið fram utan íslenskrar lögsögu. Veiðarnar hafa farið fram á fáum vikum í maí og júní og hefur síldin á þeim tíma verið erfið til manneldisvinnslu, m.a. vegna átu. Afli íslenskra skipa hefur því að mestu farið í bræðslu. Við þessar aðstæður hefur loðnuflotinn hentað mjög vel til veiðanna, en í honum eru öflug skip sem vel henta til að sækja langt og veiða mikið magn á skömmum tíma.

Taki síldin aftur upp sitt fyrra göngumynstur mun mjög margt breytast varðandi veiðar og nýtingu síldarinnar. Veiðitímabilið verður væntanlega mun lengra, frá júní og fram á vetur. Veiðisvæðin verða þá að mestu nærri landi og líklegt er að öll veiði íslenskra skipa verði innan íslenskrar lögsögu. Nýting síldarinnar mun í auknum mæli verða til manneldis.

Kröfur Íslands til hlutdeildar í veiðiheimildum úr norsk-íslenska síldarstofninum hafa m.a. byggst á því að miklar líkur séu á að hann taki aftur upp sitt fyrra göngumynstur. Hvenær það verður er hins vegar óvíst. Í ljósi þessa þótti óeðlilegt að ákveða til framtíðar skipulag veiða úr þessum stofni og láta veiðireynslu sem myndast hefur við aðstæður sem væntanlega eru gjörólíkar þeim sem ríkja munu í framtíðinni ráða aflahlutdeild einstakra skipa. Lögum nr. 38/1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, er því ætlað að vera tímabundin svo að sérstakar reglur gildi um stjórn þessara veiða.

9. Reynslan af stjórn fiskveiða.


Helsta markmið stjórnunar fiskveiða hefur verið að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eins og segir í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands frá 1997. Til að tryggja viðgang fiskstofna er grundvallaratriði að geta stjórnað því hve mikið er veitt úr þeim. Hagkvæm nýting er sú sem skilar mestum arði, þ.e. tekjum umfram kostnað.

Þess sjást víða merki að tilkostnaður við veiðar hafi minnkað eftir að aflamarkskerfi varð allsráðandi. Skýrasta dæmið er sameining veiðiheimilda á færri skip sem gerir það að verkum að rekstur þeirra skipa sem eftir verða verður hagkvæmari. Frá 1991 má sjá meiri merki hagkvæmni í fækkun skipa á skrá, en sérstaklega í fækkun skipa sem stunda veiðar.


Hér á eftir er þess freistað að leggja mat á það hverju stjórn fiskveiða undanfarin ár hafi skilað í átt að hagkvæmari fiskveiðum.


Stjórn á heildarafla.

Hafrannsóknastofnunin hefur frá árinu 1976 birt tillögur um heildarafla þorsks á Íslandsmiðum. Þessar tillögur hafa lengst af miðað að því að ekki væri gengið á stofninn. Árið 1981 byrjaði sjávarútvegsráðherra að setja viðmiðun um heildarafla á þorski.



Mynd 9.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um heildarafla, viðmiðun sjávarútvegsráðherra (aflamark) og loks raunverulegan afla.






Á árunum 1976 til loka fiskveiðiársins 1997/98 lagði Hafrannsóknastofnunin að meðaltali til að þorskafli yrði 256 þús. tonn, en raunverulegur meðalafli varð 311 þús. tonn. Umframaflinn var því að meðaltali 55 þús. tonn eða 21%. Mynd 9.2 sýnir afla af þorski umfram til-

lögur Hafrannsóknastofnunarinnar frá 1976 til 1998. Eins og sjá má hefur þorskafli undantekningarlítið farið fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Ef meta á hve vel það kerfi sem notað hefur verið við stjórn veiðanna reyndist til að stjórna heildarafla er rétt að bera saman þann afla sem ráðherra vildi að yrði veiddur annars vegar og raunverulegan afla hins vegar. Frá 1984 til 1994/95 var raunverulegur þorskafli að meðaltali 35 þús. tonnum eða 13% meiri en ráðherra fyrirhugaði og 63 þús. tonnum eða 27% meiri að meðaltali en Hafrannsóknastofnunin lagði til. Þetta bendir til þess að kerfið hafi ekki reynst sem skyldi. Á þessari forsendu hafa sumir sagt að aflamarkskerfi skili ekki þeim árangri sem til er ætlast. En var veiðunum frá 1984 til 1995 stjórnað með aflamarkskerfi? Svo var ekki, heldur var notuð blanda af aflamarks- og sóknarkerfi. Á árunum 1985–90 gátu bátar og togarar valið um aflamark annars vegar og sóknarmark hins vegar. Mynd 9.3 sýnir hlutfall skipa á sóknarmarki annars vegar og aflamarki hins vegar.

Frá 1991 til 1995 voru öll skip stærri en 6 brl. undir aflamarkskerfinu að því undanskildu að línuafli í nóvember til febrúar var að hálfu undanskilinn aflamarki. Hins vegar voru bátar undir 6 brl. ekki undir aflamarkskerfi, en í staðinn takmarkaðir af fjölda sóknardaga. Allur þorskafli umfram það sem ráðherra ráðgerði á árunum 1991–95 skýrist af þessum tveimur undanþágum. Mynd 9.4 sýnir úthlutað aflamark árin 1984–91 sem hlutfall af raunverulegum þorskafla.


Mynd 9.4. Þorskur, hlutfall úthlutaðs aflamarks af heildarafla



Skrapdagakerfið.

Eins og fyrr segir var á tímabilinu 1978–83 beitt svokölluðu skrapdagakerfi, sem er ein tegund sóknarstýringar, við stjórn botnfiskveiða hér við land. Á þessu tímabili jókst sókn í botnfisk um samtals 31%, sem jafngildir liðlega 5% aukningu á ári, á mælikvarða tonnúthaldsdaga. Tonnúthaldsdagar eru margfeldi stærðar skipa í tonnum og fjölda úthaldsdaga þeirra. Þannig verða tonnúthaldsdagarnir því fleiri sem skipin eru stærri eða þeim haldið meira til veiða. Reynt var að hamla gegn fjárfestingum í fiskiskipaflotanum með fjárfestingar- og innflutningstakmörkunum. Það kom hins vegar ekki að tilætluðu haldi og flotinn stækkaði hröðum skrefum. Á tímabilinu 1977–83 jókst verðmæti fiskiskipaflotans í heild um tæplega 17%, eða 2,6% á ári, samkvæmt þjóðarauðsmati. Aukning í botnfiskveiðiflotanum var hins vegar meiri því að loðnu- og síldarflotinn minnkaði á tímabilinu. Jafnframt var afkoma fiskveiðiflotans slæm og versnaði er leið a tímabilið. Þróun botnfisksóknar og fiskiskipaflotans á skrapdagatímabilinu er nánar lýst á mynd 9.5.

Mynd 9.5. Þróun fiskiskipaflotans og sóknar í botnfisk á skrapdagatímabilinu



Ýmsir aðrir vankantar reyndust á skrapdagakerfinu. Einungis var um sóknartakmarkanir að ræða, og engin endurskoðun gerð á þeim t.d. á miðju ári þegar betur var orðið ljóst í hve mikinn heildarafla stefndi. Því reyndist erfitt að ná settum markmiðum um árlegan heildarafla. Í öðru lagi kom í ljós að það var tæknilega erfitt að þróa kerfið þannig að sóknartakmarkanir tækju til fleiri fisktegunda en þorsksins eins. Loks fylgdi því kostnaður að framfylgja ákvæðum kerfisins. Það krafðist annars eftirlits með úthaldi fiskiskipanna og hins vegar með afla því að kerfið byggðist m.a. á því skilyrði að hlutfall þorsks af afla færi ekki yfir 15% á ákveðnum tímum.

Kvótakerfið.

Eins og fyrr segir hefur aflakvótum verið beitt við stjórn veigamikilla fiskveiða hér við land allt frá árinu 1975. Þessar veiðar eru síldveiðar frá 1975, loðnuveiðar frá 1980 og botnfiskveiðar frá 1984. Allmikil reynsla hefur fengist af notkun aflakvótakerfa við íslenskar fiskveiðar.

Veiðar á uppsjávarfiski: síld og loðna.

Aflakvótar voru teknir upp í síldveiðunum 1975 er þær veiðar hófust á nýjan leik. Þessir aflakvótar voru í upphafi fremur ófullkomin eignarréttindi; hvorki varanlegir né framseljanlegir. Árið 1979 heimilaði sjávarútvegsráðherra framsal síldveiðikvóta og með lögunum um stjórn fiskveiða árið 1990 var aflakvótakerfið í síldveiðum fellt inn í hið almenna stjórnkerfi fiskveiða. Aflakvótar hafa því verið í gildi í síldveiðum í samfellt í nær aldarfjórðung.

Á þessu tímabili hefur síldarstofninn eflst og leyfilegur heildarafli vaxið stórlega. Sókn á mælikvarða tonnúthaldsdaga hefur hins vegar ekki aukist. Þetta þýðir að afli á sóknareiningu er nú miklu meiri en í upphafi. Jafnframt er mun færri skipum en áður haldið til þessara veiða og í skemmri tíma. Skipin eru hins vegar að meðaltali nokkru stærri en áður.

Aflakvótakerfi var komið á í loðnuveiðunum 1980 og kvótarnir gerðir framseljanlegir 1986. Með lögun árið 1990 var kvótakerfið í loðnuveiðunum fellt inn í hið almenna stjórnkerfi fiskveiða.


Sé litið yfir þetta tímabilið í heild virðist ástand loðnustofnsins ekki hafa breyst umtalsvert. Leyfilegur heildarafli hefur sveiflast verulega en ekki sýnt tilhneigingu til að minnka

eða vaxa til lengri tíma. Síðan 1979 hefur loðnuskipum fækkað um meira en 30% og brúttórúmlestatala loðnuflotans dregist saman um 20%. Úthaldsdögum við veiðarnar hefur fækkað um yfir 20%.

Árið 1994 opnaðist fyrir veiðar á norsk-íslensku síldinni og hefur veiði úr þeim stofni aukist verulega síðan. Þessar veiðar hafa haft þau áhrif að fleiri skip stunda nú veiðar á uppsjávarfiski en fyrir miðjan áratuginn.

Myndir 9.6 og 9.7 sýna þróunina í uppsjávarveiðunum frá 1977. Fyrri myndin sýnir afla á brúttórúmlest nótaveiðiflotans. Mestu sveiflurnar útskýrast af ástandi loðnustofnsins, en frá 1991 má sjá áhrif fækkunar nótaveiðiskipa sem eru þó stærri en áður.


Mynd 9.6 Þróun uppsjávarfiskveiða. Afli á brúttórúmlest nótaveiðiflotans.



Fjöldi nótaveiðiskipa sést betur á mynd 9.7. Nótaveiðiskipum hefur fækkað úr meira en 140 árið 1980 í um 60 á undanförnum árum. Á myndinni sést jafnframt að meðalstærð nótaveiðiskipa hefur aukist.

Mynd 9.7. Þróun uppsjávarfiskveiða

Mesti fjöldi nótabáta að veiðum í tilteknum mánuði



Botnfiskveiðarnar.

Eins og fyrr greinir hefur stjórnkerfi botnfiskveiðanna verið í nær stöðugri endurskoðun frá 1984. Mikinn hluta tímabilsins, nánar tiltekið frá 1985–90, hefur útgerðunum verið gefinn kostur á að velja á milli sóknarmarks og aflamarks fyrir skip sín. Ekki þarf að koma á óvart að stór hluti flotans valdi fyrri kostinn. Afleiðingin varð sú að árunum 1986–90 var meiri hluti botnfiskaflans veiddur af skipum á sóknarmarki. Einkum var þetta áberandi árin 1986–87. Hlutdeild aflakvóta í heildarafla þessa tímabils er nánar lýst í töflu 9.1.

Eins og fram kemur í töflunni fer því fjarri, að botnfiskveiðunum hafi verið stjórnað með kvótakerfi síðan 1984. Það er aðeins á árunum 1984–85, og svo á fiskveiðiárunum frá 1991, sem unnt er að segja að kvótakerfið hafi verið yfirgnæfandi í botnfiskafla í samanburði við sóknarmark og aðrar undanþágur frá aflakvótakerfinu.


Tafla 9.1. Úthlutað aflamark til fiskiskipa sem hlutfall af afla fiskveiðiársins.
Hlutfall sem er hærra en 100% segir að úthlutað aflamark hafi verið hærra en afli það árið.

Fiskveiðiár	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi
1984	88%	138%	125%	109%
1985	64%	94%	105%	97%
1986	32%	51%	52%	37%
1987	36%	68%	46%	40%
1988	52%	74%	66%	43%
1989	53%	63%	60%	41%
1990	49%	58%	54%	39%
1991*	96%	95%	94%	87%
91/92	94%	109%	90%	102%
92/93	79%	134%	122%	101%
93/94	73%	114%	128%	97%
94/95	73%	100%	146%	84%
95/96	71%	104%	170%	83%
96/97	79%	87%	129%	88%
97/98	82%	113%	86%	94%

* Fiskveiðiárið var frá 1/1 til 31/8 árið 1991

Þorri íslenska fiskiskipaflotans er botnfiskveiðiskip. Á tímabilinu frá 1984 hefur verðmæti fiskveiðiflotans í heild haldið áfram að aukast með svipuðum hraða og áður. Hins vegar er ástæða til að veita því eftirtekt að verðmæti fiskiskipaflotans jókst ekki árin 1984 og 1985 þegar kvótakerfið var ráðandi í stjórn fiskveiða. Aukningin hófst á hinn bóginn á nýjan leik árið 1986 er sóknarmark varð ríkjandi í fiskveiðistjórninni. Frá 1992 hefur verðmæti flotans farið minnkandi, um tæp 10%. Þróun verðmætis fiskveiðiflotans frá 1978 er nánar lýst á mynd 9.8.

Mynd 9.8.Þróun verðmætis fiskiskipaflotans 1978-1997



Þróun sóknar.

Sókn í marga íslenska fiskstofna, einkum botnfiskstofnana, hefur um langt skeið verið óhæfilega mikil frá bæði hagrænu og líffræðilegu sjónarmiði. Það er því einn mælikvarði á árangur fiskveiðistjórnunarinnar hversu vel hefur miðað í þá átt að draga úr sókn.

Sókn er margþætt fyrirbæri og oft óljóst hvað menn eiga við þegar þeir taka sér það hugtak í munn. Sú sókn, sem fiskifræðingum er tamast að tala um, er einfaldlega fiskveiðidánartíðnin. Þessa sókn má því kenna við líffræðilega sókn. Hagræn sókn er á hinn bóginn mælikvarði á notkun hagrænna aðfanga við fiskveiðar. Hagræn sókn stendur því yfirleitt í nánum tengslum við útgerðarkostnað. Yfirleitt er einnig sæmilegt samhengi á milli hagrænnar sóknar og líffrænnar sóknar, þ.e. fiskveiðidánartíðni. Gallinn er sá að venjulegar fiskveiðar nota jafnan mikinn fjölda mismunandi aðfanga. Því er ekki hlaupið að því að finna góðan mælikvarða á hagræna sókn. Jafnframt er afar vonlítið, nánast vonlaust, að ætla sér að hefta sókn með því að takmarka notkun tiltekinna aðfanga. Aukin notkun annarra aðfanga í stað þeirra sem takmörkuð eru gera slíka viðleitni jafnan að engu.


Í því skyni að varpa ljósi á þróun sóknar verður hér á eftir notast við einn tiltekinn mælikvarða, svokallaða tonnúthaldsdaga eða brúttólestaúthaldsdaga á ári. Tonnúthaldsdagar á ári eru einfaldlega margfeldi brúttólestatölu skips og úthaldsdaga þess á einu ári. Í botnfiskveiðum hefur þessi sóknarmælikvarði sýnt sig að vera nátengdur bæði útgerðarkostnaði og fiskveiðidánartíðni. Jafnframt er góð fylgni á milli tonnúthaldsdaga í botnfiskveiðum og flestra annarra mælikvarða á hagræna sókn eins og úthaldsdaga, mannaúthaldsdaga, vélarstærðarúthaldsdaga o.s.frv., a.m.k. þegar til skamms tíma er litið. Rétt er að vekja athygli á því að í uppsjávarfiskveiðum er samhengi tonnúthaldsdaga og fiskveiðidánartíðni hins vegar mun veikara.

Fiskifélag Íslands hefur safnað gögnum um úthald og afla íslenskra fiskiskipa eftir veiðarfærum og skipaflokkum og birt árlega síðan 1979 í riti sínu Útvegi. Hér eru gögnin sett fram á myndrænu formi.

Sókn eftir veiðarfærum.


Eins og lýst er í mynd 9.9 hefur sókn í botnfisk með línu lítið breyst síðan 1979. Á árunum 1986 til 1992 var þó veruleg aukning í botnfisksókn á línu sem síðan hefur dregið úr á nýjan leik. Ugglaust átti línutvöföldunin svokallaða, en samkvæmt henni var línuafli í nóvember–febrúar vetur hvern aðeins að hálfu reiknaður til kvóta, þátt í þessari aukningu og þá líklega hefur afnám hennar átt þátt í samdrættinum síðar.

Mynd 9.9. Sókn í botnfisk: Lína




Frá árinu 1983 hefur botnfisksókn í net minnkað mjög verulega. Á árinu 1997 var botnfisksókn í net einungis um þriðjungur af því sem mest var árið 1981–82. Síðan 1991 hefur sóknarminnkun í net hins vegar verið óveruleg eins og sjá má á mynd 9.10.

Mynd 9.10. Sókn í botnfisk: Net




Botnvarpan er langveigamesta botnfiskveiðarfærið. Lætur nærri að um 70% botnfisksóknar séu með botnvörpu. Botnvörpusókn óx verulega til ársins 1983, drósť saman 1984–85 en óx svo á nýjan leik til ársins 1991. Síðan þá hefur hún minnkað verulega eða um allt að 40% eins og mynd 9.11 sýnir.

Mynd 9.11. Sókn í botnfisk: Botnvarpa




Mynd 9.12 sýnir handfærasókn á mælikvarða tonnúthaldsdaga. Handfærasókn er fremur lítil miðað við línu, net og botnvörpusókn. Það eru fyrst og fremst smábátar, 6 brl. og minni, sem standa fyrir handfærasókn í botnfisk. Handfærasókn virðist hafa dregist saman fram til 1983. Hún óx síðan mjög verulega (meira en tvöfaldaðist) allt til ársins 1990 en hefur síðan heldur dregist saman.

Mynd 9.12. Sókn í botnfisk: Handfæri



Mynd 9.13. Sókn í botnfisk: Dragnót




Á mynd 9.13 sést að botnfisksókn í dragnót hefur aukist gríðarlega frá árinu 1983. Er nú svo komið að sókn í dragnót er af svipaðri stærðargráðu og línusókn og netasókn. Óljóst er hver orsakavaldur þessarar þróunar er. Sennilegt er þó að rýmri heimildir til dragnótaveiða eigi ríkan þátt í henni. Jafnframt er ekki ósennilegt að kvótakerfið í botnfiskveiðum hafi ýtt undir dragnótaveiðar.

Heildarbotnfisksókn.

Botnvarpan er sem fyrr segir langveigamesta botnfiskveiðarfærið. Önnur botnfiskveiðarfæri eru lína, net, handfæri og dragnót. Mynd 9.14 lýsir þróun heildarsóknar í botnfisk annars vegar miðað við þessi fimm veiðarfæri og hins vegar miðað við botnvörpu, net og línu einvörðungu. Ástæðan fyrir því að skoða botnvörpu-, línu- og netasókn sérstaklega er sú að þessi veiðarfæri eru hin hefðbundnu botnfiskveiðarfæri og til skamms tíma hefur þorri botnfiskafla verið tekinn í þau.

Mynd 9.14. Heildarsókn í botnfisk



Mynd 9.14 sýnir að botnfisksókn fór hraðvaxandi á árunum 1979 til 1983. Á þessum árum voru í gildi sóknartakmarkanir, svokallað skrapdagakerfi. Með tilkomu kvótakerfisins í botnfiskveiðum dregst sóknin verulega saman á árunum 1984 og 1985, en á þeim árum var kvótakerfið ríkjandi. Sóknin fer hins vegar vaxandi á nýjan leik á árunum 1986 til 1990, enda var þá meiri hluti þorskaflans tekinn samkvæmt sóknarmarki en ekki aflamarki. Frá og með árinu 1991, eftir að öll skip stærri en 6 brl. voru sett undir hreint kvótakerfi, fer sóknin hins vegar mjög minnkandi. Miðað við hámark sóknarinnar árið 1990 hafði botnfisksóknin árið 1997 minnkað um 35–38% eftir því hvort einungis er miðað við línu, net og botnvörpu eða alla botnfisksókn. Minnkunin miðað við 1983, síðasta árið áður en kvótakerfið 1984 var tekið í gildi, er næstum því jafnmikil.

Mynd 9.14 felur í sér sterka vísbendingu um að verulega hafi dregið úr botnfisksókn á dögum kvótakerfisins. Þessi sóknarminnkun er tölfræðilega marktæk. Niðurstöður tölfræðiprófa eru eindregið þær að um framvindubrot hafi verið að ræða í þróun botnfisksóknar á tímabilinu frá 1979. Einnig sýna þær að framvindubrot hafi átt sér stað á árunum 1983–85 og síðan aftur 1991–93. Þá er einnig athyglisvert að þó að um sóknaraukningu hafi verið að ræða bæði árin 1979–83 og 1986–90 vex sóknin mun hægar á síðara tímabilinu.


Aukin hagkvæmni veiðanna.

Aflakvótakerfið í síld- og loðnuveiðum hefur skilað ávinningi bæði hvað snertir minnkun flota og sóknar. Þá virðist einnig árangur af aflakvótakerfi í botnfiskveiðunum, sérstaklega eftir 1990. Hafa þarf í huga að stjórnkerfi botnfiskveiða fyrir þann tíma, þ.e. 1984–90 var í raun blanda sóknarmarks og aflakvótakerfis, og var sóknarmarkið ríkjandi mikinn hluta tímabilsins. Frá 1991 hefur botnfisksókn dregist verulega saman og fiskiskipum fækkað mikið. Það hlýtur að teljast vísbending um veruleg áhrif þessa stjórnkerfis í hagkvæmnisátt.

Sóknarmarkskerfið, sem var ríkjandi í botnfiskveiðunum 1978–83, virðist á hinn bóginn ekki hafa skapað hagkvæmni í fiskveiðunum. Þvert á móti virðist það hafa ýtt undir efnahagslega hnignun veiðanna. Fiskiskipaflotinn stækkaði og sókn í botnfiskstofnana jókst hratt, aflagæði voru slök og afkoma fiskiskipaflotans var léleg.

Reynslan af sóknartakmörkunum og aflakvótum í íslenskri fiskveiðistjórnun virðist því koma heim og saman við spádóma fiskihagfræðinnar, þ.e. að aflakvótar séu betur til þess fallnir en sóknartakmarkanir að skapa arð af fiskveiðum. Þá sýna allar athuganir sem gerðar hafa verið á framleiðni fiskveiðanna að mikil aukning hefur átt sér stað í fiskveiðunum hérlendis. Tölfræðiathuganir sýna marktæka 2,5–3,0% framleiðniaukningu á ári frá 1974, en á mynd 9.15 er reynt að sýna þetta á myndrænu formi.

Mynd 9.15. Framleiðni heildarþátta í fiskveiðum leiðrétt fyrir stofnstærð.




Þótt ljóst sé að ýmsir aðrir þættir, svo sem ný tækni og markaðsvæðing, skýri hluta framleiðniaukningarinnar, er einnig jafnljóst að hagkvæmari nýting skipa og kvóta skýrir verulegan hluta framleiðniaukningarinnar.

Fjöldi fiskiskipa með veiðileyfi.

Fjöldi skipa með veiðileyfi í atvinnuskyni í byrjun fiskveiðiársins 1992/93 var 2.552. Af þeim voru 1.265 skip með aflamark, stærri en 6 brl., og 1.125 bátar undir 6 brl. með krókaleyfi (hin 162 skipin höfðu veiðileyfi en engan kvóta). Í byrjun fiskveiðiársins 1998/99 var fjöldi skipa með veiðileyfi kominn niður í 1.695. Aðeins 758 skip yfir 6 brl. höfðu aflamark og 808 bátar undir 6 brl. hafa leyfi í króka- og þorskaflahámarkskerfinu. Til viðbótar voru 129 skip sem höfðu veiðileyfi, en ekkert aflamark. Inni í framangreindum tölum er fækkun báta með leyfi til innfjarðarrækjuveiða (fækkaði úr 50 í 44), skelfiskveiða (fækkaði úr 21 í 15), og humarveiða (fækkaði úr 57 árið 1992 í 42 árið 1998).

Mynd 9.16. Fjöldi fiskiskipa með veiðileyfi



Smábátar.


Þegar kvótakerfið var tekið upp árið 1984 náði það til allra báta 10 brl. og stærri. Minni bátar fengu sameiginlegt aflahámark sem skiptast átti á fjögur tímabil innan ársins og var heimilt að stöðva veiðarnar ef þær færu fram úr þessu hámarki. Þessari heimild var ekki beitt árin 1984 og 1985.

Með lögum um stjórn fiskveiða 1986 til 1987 var sókn smábáta takmörkuð með því að banna þeim veiðar alls í 49 daga árið 1986 og 64 daga 1987. Einnig voru netaveiðar smábáta á vetrarvertíðinni háðar dagatakmörkunum og sett var þak á þorskafla hvers báts í net.

Með lögum um stjórn fiskveiða 1988 til 1990 átti að stöðva fjölgun báta frá 6–10 brl. með því að úthluta þeim bátum sem til voru eða voru í smíðum veiðileyfi og krefjast þess að fyrir hvern nýjan bát væri annar sem hefði veiðileyfi úreltur. Þessu ákvæði var þó ekki framfylgt og var fresturinn í raun framlengdur fram á árið 1990. Netaveiðar báta undir 6 brl. voru einnig bundnar veiðileyfum og takmarkaðar við þá báta sem áður höfðu stundað netaveiðar. Bátar sem stunduðu netaveiðar fengu aflahámark en enga banndaga. Bátum sem eingöngu stunduðu veiðar með línu og handfærum voru bannaðar veiðar í samtals 69 daga.

Með lögum um stjórn fiskveiða árið 1990 voru allir smábátar frá 6–10 brl. settir á aflamark. Veiðar smábáta undir 6 brl. voru bundnar veiðileyfi og fjölgun þessara báta stöðvuð. Smábátum undir 6 brl. var gefinn kostur á að velja á milli aflamarks eða krókaleyfakerfis fyrir árin 1991 til 1993. Krókaleyfisbátar máttu aðeins veiða á línu og handfæri og voru veiðar bannaðar í 80 daga á ári.


Mynd 9.17. Þorskafli báta undir 10 brl. og hlutur þeirra í heildarþorskafla



Ástæða þess að reglur um veiðar smábáta voru sífellt hertar var m.a. sú að afli þeirra jókst hröðum skrefum. Þannig var þorskafli báta undir 10 brl. tæplega 13 þús. tonn árið 1982, en var orðinn 48 þús tonn árið 1990. Síðan þá hefur heldur dregið úr afla smábátanna. Hlutdeild smábáta í heildarþorskafla smábáta var 3,3% árið 1982, en árið 1990 var hún orðin 14,4%. Árið 1997 var hlutdeildin 21,5%. Mynd 9.17 sýnir þorskafla báta undir 10 brl. og hlut þeirra í heildarþorskafla Íslendinga frá 1982.


Eins og rakið er hér að framan var útgerð smábáta frjáls á fyrstu árum kvótakerfisins. Árið 1986 var svo farið að takmarka sókn smábátanna og árið 1988 voru settar reglur um endurnýjun þeirra. Fróðlegt er að skoða mynd 9.18 og sjá hvaða áhrif þessar reglur höfðu á fjölgun smábáta.

Mynd 9.18. Þróun smábátaeignar (undir 10 brl.) 1982-1997



Á árunum 1983 til 1991 fjölgaði smábátum úr 1.042 í 2.046. Alls fjölgaði á þessu tímabili um 1.004 smábáta. Mest fjölgaði þeim á árunum 1985 og 1988. Mynd 9.19. sýnir fjölda smábáta sem lögðu upp afla á árunum 1982–97.

Mynd 9.19. Fjöldi smábáta sem lögðu upp afla á árinu



Krókaleyfakerfið.

Frá árinu 1988 voru allar veiðar bundnar leyfum, nema línu- og handfæraveiðar báta undir 6 brl. Frá árinu 1991 voru síðan þessir bátar settir undir svokallað krókaleyfakerfi. Þótt kerfið hafi eingöngu verið ætlað bátum undir 6 brl. þá slæddust með 12 bátar á bilinu 6–10 brl. Alls voru 1.148 bátar á krókaleyfi á fiskveiðiárinu 1991 og 1. september 1994 voru þeir 1.115.

Þegar lög um stjórn fiskveiða voru samþykkt vorið 1990 var frestað ákvörðun um að fella alla smábáta undir hinar almennu veiðistjórnarreglur. Þeir smábátaeigendur sem vildu gátu valið krókaleyfi og keppt um afla úr sameiginlegum potti. Þetta kerfi brást eins og flestir sáu fyrir og potturinn nægði ekki kappsfullum sjómönnum á vel útbúnum bátum. Ákveðið hafði verið að ef hlutdeild þessara báta í heildarbotnfiskafla reyndist hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali á árunum 1991–93 miðað við þá aflahlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991 skyldi þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með upphafi þess fiskveiðiárs sem hófst 1. september 1994.

Á fiskveiðiárinu 1991 veiddu krókaleyfisbátar 14 þús. tonn af þorski og 21 þús. tonn fiskveiðiárið 1991/92 en aflahlutdeild þeirra samsvaraði aðeins tæplega 6 þús. tonna þorskafla. Vorið 1994 var svo tekin ákvörðun um að stækka verulega áður ákveðinn hlut krókabátanna og reyna með sóknartakmörkunum að halda afla þessa hluta flotans innan meðalafla þeirra á fiskveiðiárunum 1991/92 og 1992/93. Viðmiðunarafli krókabáta í sóknarmarkskerfinu var ákveðinn rúm 20 þús. tonn við upphaf fiskveiðiársins 1994/95 og skyldi fjölga banndögum næsta árs ef afli bátanna færi fram úr þeirri viðmiðun.

Alþingi breytti lögum um stjórn fiskveiða vegna krókabátanna sumarið 1995. Nú var eigendum krókabáta gert að velja milli þorskaflahámarks og viðbótarbanndaga. Af 1.081 bát völdu 404 þorskaflahámark og 677 viðbótarbanndaga. Þorskaflahámarkið miðaðist við meðalþorskafla einstakra báta tvö bestu árin af árunum 1992–94 að teknu tilliti til 21 þús. tonna hámarks á þorskafla krókabáta.

Þorskaflahámarkið á krókabáta var blanda sóknarstýringar og aflamarks en viðbótarbanndaga/-sóknardagakerfið var hrein sóknarstýring. Báðir hóparnir bjuggu við banndaga. Fastir banndagar allra krókabáta fiskveiðiárið 1995/96 voru 136. Á föstum banndögum voru allar línu- og handfæraveiðar þessara báta bannaðar. Auk fastra banndaga voru banndagar sem beitt var til að halda krókabátum sem alfarið bjuggu við sóknarstýringu innan leyfilegs þorskafla fiskveiðiársins 1995/96, sem var 6.800 tonn. Viðbótarbanndagar voru ákveðnir 40 en frá

1. febrúar 1996 gátu krókaleyfishafar á sóknarstýringu valið svokallaða sóknardaga í stað viðbótarbanndaga. Sóknardagar voru ákveðnir 34% færri en dagar sem leitt hefðu af reiknuðum viðbótarbanndögum. Samtals gaf reglan 32.007 sóknardaga fyrir 681 bát. Af þeim nýttu 612 bátar sér 20.237 sóknardaga, eða 63% af leyfilegum dögum.

Lögum um stjórn fiskveiða er varða krókabáta var breytt töluvert vorið 1996. Þar vó þyngst hlutfallstenging þorskaflahámarksviðmiðunar krókabáta við leyfilegan þorskafla og afnám banndaga sem var eðlileg afleiðing af sóknardagakerfinu sem tók gildi 1. febrúar 1996.

Aflaviðmiðun krókabáta var 21.500 tonn af þorski en þeir fengu nú 13,9% hlutdeild í leyfilegum þorskafla sem er jafnt hlutfalli þorskaflahámarks þeirra í leyfilegum þorskafla fiskveiðiárið 1995/96 og þyddi nú 25.354 tonna þorskaflahámark, auk 500 tonna sem Byggðastofnun úthlutar til aflahámarksbáta. Hlutfallstengingin skipti miklu fyrir þessa útgerð þar sem líklegt var að hlutdeild krókabáta hefði fljótlega orðið minni en 6% að óbreyttum reglum.

Aftur var eigendum krókabáta gert að velja um kerfi fyrir fiskveiðiárið 1996/97. Nú völdu þeir milli þorskaflahámarks, sóknardaga með línu- og handfæraveiðileyfi og sóknardaga með handfæraleyfi. Hver hópur fékk eigin þorskaflaviðmiðun. Þorskaflahámarkið samsvarar að mestu aflamarkinu. Hinir leggja eigið þorskaflahámark í pott sem allir í hópnum veiða úr. Ef annar eða báðir hóparnir færu fram úr viðmiðun hópsins átti það að koma fram í fækkun sóknardaga þess hóps sem fór fram úr á næsta fiskveiðiári í réttu hlutfalli við umframaflann. Val milli línu- og handfæraleyfis annars vegar og handfæraleyfis hins vegar var til þess gert að minnka líkur á að afkastamiklir krókabátar sem veiddu með línu kláruðu pottinn frá hinum.

Við endurvalið fjölgaði þorskaflahámarksbátum og kusu 533 af 1.009 krókabátum þennan kost. Fór á sömu lund og áður að bátar með hæst þorskaflahámark völdu það. Þorskaflaheimildir þessara báta voru 20.964 tonn af óslægðu. Línu- og handfæraleyfi völdu 185 og þorskaflaheimildir þeirra voru 1.836 tonn. Að jafnaði voru þessir bátar því með lítið þorskaflahámark og sama gilti um báta sem völdu handfæraleyfi en þeir voru 291 og voru þorskaflaheimildir þeirra 2.554 tonn. Sóknardagar krókabáta voru 84 á fiskveiðiárinu 1996/97.

Fyrir fiskveiðiárið 1997/98 völdu 408 af 850 smábátum þorskaflahámark. Hlutdeild krókabáta í þorskafla var minnkuð í 13,75%. Þetta leiddi þó ekki til minni heildarkvóta þessa bátaflokks þar sem leyfilegur þorskafli á fiskveiðiárinu jókst. Þorskaflaheimildir þessara báta voru 24.642 tonn. Línu- og handfæraleyfi voru 185 og þorskaflaheimildir þeirra voru 2.158 tonn. Handfæraleyfi voru 277 og þorskaflaheimildir þeirra voru 3.002 tonn. Sóknardögum bátanna fækkaði og samkvæmt auglýsingu í september 1997 fengu bátar með handfæraleyfi 26 sóknardaga og bátar með línu- og handfæraleyfi 20 sóknardaga. Síðar á fiskveiðiárinu var sóknardögum fjölgað í 40 og 32. Þá varð einnig leyfilegt fyrir krókabáta á þorskaflahámarki að framselja þorskaflahámarkshlutdeild sína til annars slíks báts og innan fiskveiðiársins máttu þorskaflahámarksbátar flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki til annars báts í sama flokki.

Fyrir fiskveiðiárið 1998/99 völdu 480 af 807 smábátum þorskaflahámark. Þorskaflaheimildir þessara báta voru 31.604 tonn. Línu- og handfæraleyfi voru 52 og þorskaflaheimildir þeirra voru 445 tonn. Handfæraleyfi voru 277 og þorskaflaheimildir þeirra voru 2.327 tonn. Sóknardögum bátanna fækkaði enn frekar og voru í upphafi fiskveiðiársins ákveðnir 9 dagar.


Eftir dóm hæstaréttar í byrjun desember 1998 lagði sjávarútvegsráðherra til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Í janúar 1999 voru síðan samþykktar á Alþingi breytingar á lögunum. Helstu breytingar er varða smábátana eru að nú munu sóknardagabátar velja á milli tveggja kerfa. Annars vegar geta þeir valið óbreytt kerfi frá fyrra fiskveiðiári. Sóknardagafjöldinn er þá 32 dagar fyrir báta með línu- og handfæraleyfi og 40 fyrir báta með handfæra-

leyfi. Enginn bátur má þó fiska meira en 30 tonn af þorski, miðað við óslægt. Hins vegar geta bátarnir valið handfærakerfi með 23 sóknardögum án takmarkana á heildarafla en sókn er þó einungis heimil á tímabilinu 1. apríl til 31. okóber.

Þann 1. september árið 2000 verða síðan þær breytingar að dagakerfið verður aflagt og öllum bátum sem enn eru í sóknardagakerfinu verður úthlutað kvóta í þorski, ýsu, ufsa og steinbít. Frá og með þeim tíma verða bátarnir skilgreindir sem krókaaflamarksbátar. Fyrir þá báta sem kjósa að fara fyrr inn í nýja handfærakerfið verða þær breytingar, að ef hópurinn veiðir umfram þann grunn sem honum er ætlaður fækkar sóknardögunum um 10% að hámarki. Veiðikerfi þorskaflahámarksbáta verður óbreytt til 1. september 2000. Þá verða þeir kvótasettir í ýsu, ufsa og steinbít.

Á mynd 9.20 má sjá þróunina í fjölda krókaleyfisbáta undanfarin ár og hlutdeild þeirra í þorskafla (aflatölur fyrir fiskveiðiárið 1998/99 eru samkvæmt viðmiðun). Mynd 9.21 sýnir fjölda krókaleyfisbáta eftir landshlutum í desember 1998.

Mynd 9.20. Fjöldi krókaleyfisbáta og hlutdeild þeirra í þorskafla



Veiðistjórnun smábáta hefur þróast í allt að fjórum mismunandi veiðikerfum á undanförnum árum. Það þarf út af fyrir sig ekki að koma svo mjög á óvart þar sem hagsmunir og aðstæður smábátaeigenda hafa verið afar mismunandi og það má til sanns vegar færa að þessi þróun hafi að nokkru leyti minnt nokkuð á þróun aflamarkskerfisins á vissum tíma. Draga má ýmsan lærdóm af þróun smábátaútgerðar og veiðikerfanna á undanförnum árum og virðist nauðsynlegt að drepa á það helsta í stuttu máli.

Það má til dæmis sjá að ef einn hópur er undanskilinn á meðan flotinn sætir almennt ströngum veiðitakmörkunum, eins og bátar undir 10 brl. á sínum tíma leitar mikil fjárfesting í afkastagetu inn í þá glufu, hversu óhagkvæm sem sú fjárfesting kann að vera frá sjónarhóli heildarinnar. Varðandi þróun veiða í sóknardagakerfinu virðast menn reiðubúnir til að nýta öll færi sem gefast til frekari fjárfestinga í því skyni að ná til sín meiru af sameiginlegum heildarafla þótt raunaflinn fari ávallt fram úr lögbundinni viðmiðun.

Veiðistjórnun á meðal annars að snúast um það að gæta jafnræðis þegar heildarafli er hækkaður eða lækkaður í hverri tegund fyrir sig. Þróunin hefur hins vegar orðið talsvert öðruvísi hjá krókabátum annars vegar, sem allir voru í sóknarmarkskerfi í upphafi, og hins vegar hjá aflamarksbátum, stórum og smáum. Til þess liggja ýmsar ástæður.

Áður hefur verið bent á að ætlaður heildarafli báta undir 6 brúttótonnum að stærð sem völdu krókakerfið 1991 var allt of lítill miðað við leyfilega sókn þessara báta sem þróaðist síðan óbundin til ársins 1994 er til stóð að setja bátana á fastan kvóta. Niðurstaðan þá varð að ætla krókabátaflotanum fasta veiðiheimild að magni til, sem var meðalafli þeirra þrjú síð-


ustu veiðitímabil. Nánar voru þetta 21.500 lestir af þorski og minna magn í þremur öðrum tegundum. Að óbreyttum lögum hefði veiðiheimildin verið nálægt 3.000 lestum. Rökin fyrir því að þessir bátar fengu veiðireynslu sína óskerta voru þau að þeir yrðu í staðinn bundnir við fast magn til framtíðar en mundu ekki auka við heimildir sínar þegar og ef heildarafli ykist á nýjan leik.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu varð fljótlega ljóst að sókn og afli ykjust svo mikið að sóknareiningum yrði að fækka verulega. Varð niðurstaðan árið 1995 að reikna einstaklingsbundna aflaviðmiðun í þorski eða þak fyrir alla krókabáta miðað við veiðireynslu hvers báts tvö bestu árin af þremur almanaksárin 1992, 1993 og 1994. Hver bátur átti síðan val um hvort veiðar hans yrðu takmarkaðar við hans eigið þorskaflahámark eða að þorskaflahámarkið yrði hluti af heildaraflaviðmiðun báta í því sóknardagakerfi sem báturinn kysi sér. Þorskaflahámarkið var almennt um 70% af meðalafla þessara tveggja bestu áranna.

Þrátt fyrir aukna aflaheimild með lögunum frá 1994 varð erfitt að laga krókabáta að niðurstöðunni frá 1995 og var því unnið áfram að endurskoðun á þessum málum. Sjávarútvegsráðuneytið taldi sig ganga eins langt og hugsast gat í þá átt að verða við óskum smábátaeigenda um breytingar, sem vörðuðu til að mynda afnám banndaga og sjálfval sóknardaga. Raunar má segja að ráðuneytið hafi samþykkt flest eða allt annað en óskir smábátaeigenda um lágmarksfjölda sóknardaga, án tillits til aflabragða. Ráðuneytið hafnaði þó að snúa frá því grundvallaratriði að veiðistjórnun snerist um að halda afla innan ákveðinna marka, hvaða aðferð sem er notuð. Þannig samþykkti ráðuneytið ekki fastan fjölda sóknareininga án tillits til þess hve mikið veiddist.

Leyfilegur heildarafli krókabáta varð hlutfallstengdur við heildarafla þorsks miðað við þáverandi heildarafla, sem var sögulegt lágmark, eða 155.000 lestir. Sú ráðstöfun hefur aukið veiðiheimildir krókabáta í heild meira og hraðar en búist var við vorið 1996. Uppbygging þorskstofnsins hefur orðið hraðari en áætlað var. Lækkun veiðidánarstuðuls er talin meginástæða þess að þorskstofninn gat nýtt sér hagstæð skilyrði til vaxtar þar sem nýliðun hefur haldist slök fram á allra síðustu ár. Frá fiskveiðiárinu 1995/96 hefur veiðiheimild krókabáta vaxið úr 21.500 lestum af þorski í um 34.000 lestir, eða um meira en 60 af hundraði.

Mynd 9.21. Krókabátar, fjöldi eftir landshlutum



Afstaða stjórnvalda hefur verið sú að ekki sé til lengdar hægt að stýra veiðum með sóknareiningum sem séu óháðar afla. Sóknareiningarnar hljóti að miðast við þá aflaviðmiðun sem liggur til grundvallar. Það var því ljóst að hluti krókabátaflotans, sem annaðhvort hafði

enga veiðireynslu eða aðeins mjög nýlega, hefði ekki rekstrargrundvöll sem atvinnutæki. Var þess vegna brugðið á það ráð að bjóða styrk úr Þróunarsjóði sem nam allt að 80% húftryggingarverðmætis báts gegn afsali krókaveiðileyfis. Voru það alls tæplega 200 krókabátar sem nýttu sér slíkan stuðning.

Val á milli sóknarkerfa með sameiginlega aflaviðmiðun og einstaklingsbundinnar aflatakmörkunar hefur leitt til þess að bátar með um 92% aflareynslunnar árin 1992 til og með 1994 eru nú í þorskaflahámarkinu en 328 bátar deila með sér 8% í tveimur sóknardagakerfum. Þrátt fyrir mikla aukningu veiðiheimilda í krókakerfinu sem heild og jafnmikla hlutfallslega hækkun veiðireynslu þessara báta er staðan því sú að meðalveiðiheimild í sóknardagakerfunum er innan við 9 tonn á hvern bát og það gaf heimild til 9 sóknardaga í upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs.

Landaður afli á hvern sóknardag hefur á tveimur til þremur árum vaxið úr 560 kg á dag að meðaltali hjá handfærabátum í nálega 1.300 kg á dag á síðasta fiskveiðiári. Bakgrunni þessarar þróunar er kannski lýst nokkuð í eftirfarandi: Trillurnar eru horfnar að mestu úr smábátaflotanum. Smábátarnir eru smíðaðir úr trefjaplasti (polyester og glertrefjum), opnir eða þiljaðir, hraðskreiðir og eru 10 til 20 sinnum aflmeiri en trillurnar áður fyrr.

Smábátar hafa ekki aðeins orðið öflugri á undanförnum árum. Allt frá árinu 1995 hefur verið mikill áhugi á að kaupa sig inn í þetta kerfi, þótt ljóst væri um stöðu veiðiheimildanna í kerfinu og fyrirsjáanlega þróun. Frá þessum tíma hefur um helmingur allra báta í báðum sóknardagakerfunum skipt um eigendur og á sjöunda tug báta á árinu 1998. Þessar tölur þarf að taka með ákveðnum fyrirvara vegna formbreytinga hjá útgerðum og slíkra þátta, en engu að síður er ljóst að mikil hreyfing er á eignarhaldi þessara báta og virðist sem ráðstafanir stjórnvalda dragi vart slíkar fjárfestingar að landi.

Hvað varðar smábáta í aflamarkskerfinu þá hefur á undanförnum árum verið gerð sú ráðstöfun að beina til þeirra verulegum hluta af 5.000 lesta jöfnunarpotti sem úthlutað hefur verið úr að hámarki 10 lestir á hvern bát. Einnig var ráðstafað varanlega til þessara báta sem svaraði 320 lestum af þorski á fiskveiðiárinu 1997/98, eða um einu og hálfu tonni að meðaltali til hvers báts sem úthlutunar naut. Lækkaði við þetta hlutdeild krókabáta í þorskaflanum úr 13,9% í 13,75%.

10. Framsal aflamarks og aflahlutdeilda.

Framsal á aflamarki hefur verið nokkuð og vaxandi alveg frá upphafi kvótakerfisins. Frá upphafi var heimilt að færa aflamark milli skipa innan sömu útgerðar eða verstöðvar. Einnig voru heimil jöfn skipti á aflamarki á milli skipa sem ekki voru gerð út frá sömu verstöð. Annar flutningur á aflamarki milli skipa var óheimill nema að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytis, að fenginni umsögn sveitarstjórnar og sjómannafélags í viðkomandi verstöð. Tafla 10.1 sýnir flutning á botnfiskaflamarki sem hlutfall af heildarbotnfiskafla tímabilið 1984 til 1990. Flutningur á alfamarki nemur u.þ.b. 15% af heildarbotnfiskafla öll árin, nema 1986–87 þegar sóknarmark var allsráðandi.

Tafla 10.1. Flutningur aflamarks sem hlutfall af heilarbotnfiskafla í þorskígildum.

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
Skip í eigu sama aðila	4,2	3,3	2,6	1,8	3,9	5,0	4,5
Skip gerð út frá sömu verstöð	3,8	3,4	2,2	1,8	3,0	3,6	3,0
Jöfn skipti	1,1	1,7	1,1	0,1	2,4	2,6	1,4
Milli verstöðva	3,6	5,8	2,7	2,2	4,5	4,3	5,6
Samtals	12,6	14,2	8,5	5,9	13,8	15,6	14,5

Eftir að ný lög um stjórn fiskveiða tóku gildi árið 1991 jókst framsal aflamarks mikið. Mikilvægar breytingar á lögunum komu þá til framkvæmda, sóknarmark var aflagt og öll skip yfir 6 brl. fóru í aflamarkskerfið. Af þessum ástæðum eru tölur um umfang aflamarksviðskipta á árunum til og með 1990 ekki samanburðarhæfar við tölur eftir þann tíma.

Tafla 10.2 sýnir heildarflutning á botnfiskaflamarki tímabilið 1992/93 til 1997/98. Í þessum tölum eru viðskipti þar sem eingöngu er flutt aflamark og einnig viðskipti þar sem aflamark og aflahlutdeild eru flutt.

Tafla 10.2. Flutningur aflamarks í botnfiski sem hlutfall af aflamarki í þorskígildum.

	1992/93	1993/94	1994/95	1995/96	1996/97	1997/98
Skip í eigu sama aðila	24,5	19,2	37,9	29,3	25,3	30,3
Skip gerð út frá sömu verstöð	12,9	15,8	10,6	14,4	14,4	11,2
Jöfn skipti	8,2	7,7	10,9	4,6	7,7	6,4
Milli verstöðva	22,7	24,6	26,8	34,9	30,0	28,0
Samtals	68,3	67,3	86,2	83,1	77,4	75,9

Eins og sjá má hefur framsal á aflamarki aukist mikið frá því á níunda áratugnum. Hluti skýringarinnar er að finna í rýmri reglum um flutning aflahlutdeilda og hvati til hagræðingar í útgerð með fækkun fiskiskipa.

Tafla 10.3 sýnir flutning aflamarks fyrir allar kvótabundnar tegundir frá fiskveiðiárinu 1992/93 til 1997/98. Viðskipti með aflamark eru nokkuð stöðug frá ári til árs um 70% af heildaraflamarki, ef fiskveiðiárið 1994/95 er undanskilið þegar þau fóru í rúm 78%.

Tafla 10.3. Flutningur aflamarks fyrir allar kvótabundnar tegundir sem hlutfall af aflamarki í þorskígildum.

	1992/93	1993/94	1994/95	1995/96	1996/97	1997/98
Skip í eigu sama aðila	21,8	16,8	32,3	23,1	21,3	26,7
Skip gerð út frá sömu verstöð	13,4	15,2	10,6	13,0	13,2	10,7
Jöfn skipti	8,2	7,2	9,4	5,0	6,9	6,2
Milli verstöðva	22,7	24,5	25,9	30,0	26,7	25,6
Samtals	66,1	63,7	78,1	71,1	68,1	69,3

Kvótaþing tók til starfa þann 1. september 1998. Með tilkomu þingsins fara nú öll viðskipti með aflamark milli óskyldra aðila fram í gegnum þingið en þó eru svokölluð jöfn skipti undanþegin. Viðskipti með þorskaflamark fyrstu þrjá starfsmánuði Kvótaþings voru um 5.500 tonn en árið 1997 námu sambærilegar tilfærslur á þorskaflamarki um 14.800 tonnum.

Framsal aflahlutdeilda.

Tafla 10.4 sýnir framsal á aflahlutdeildum milli landsvæða undanfarin átta fiskveiðiár. Sjá má að miklar sveiflur eru í tölunum fyrir einstaka landshluta milli ára. Einnig sést hve mikil aukning varð á aflahlutdeildarflutningi fiskveiðiárið 1997/98.

Tafla 10.4. Flutningur á aflahlutdeild á milli svæða 1991–98, reiknað í þorskígildum .1)

	1991/91	1991/92	1992/93	1993/94	1994/95	1995/96	1996/97	1997/98	Samtals
Suðurland									
Flutningur til Suðurlands	4.010	9.726	12.488	5.521	6.102	8.177	2.435	16.887	65.347
Flutningur frá Suðurlandi	2.590	10.294	10.010	4.442	7.601	9.069	3.828	15.907	63.741
Mismunur	1.420	-568	2.478	1.080	-1.500	-891	-1.393	980	1.606
Reykjanes 2)									
Flutningur til Reykjaness	7.160	8.328	10.350	10.191	14.372	9.021	5.862	25.556	90.839
Flutningur frá Reykjanesi	8.501	10.386	8.722	8.726	14.841	7.489	8.352	27.085	94.101
Mismunur	-1.341	-2.059	1.628	1.465	-469	1.532	-2.490	-1.529	-3.262
Vesturland									
Flutningur til Vesturlands	2.808	8.535	2.990	1.362	2.727	5.612	7.180	12.310	43.524
Flutningur frá Vesturlandi	3.261	6.994	4.213	961	2.545	6.397	3.870	10.570	38.811
Mismunur	-454	1.542	-1.223	401	182	-785	3.310	1.740	4.713
Vestfirðir									
Flutningur til Vestfjarða	2.406	3.528	2.840	1.211	10.334	2.126	3.393	20.635	46.474
Flutningur frá Vestfjörðum	1.958	3.599	6.716	1.191	10.667	1.963	4.393	24.041	54.527
Mismunur	448	-71	-3.875	20	-333	163	-1.000	-3.406	-8.053
Norðurland vestra									
Flutningur til Norðurlands	7.168	9.942	15.751	3.518	5.262	20.415	1.634	17.416	81.105
Flutningur frá Norðurlandi	4.394	8.295	17.262	3.663	5.871	17.761	1.546	18.471	77.263
Mismunur	2.775	1.647	-1.511	-145	-609	2.654	88	-1.055	3.842
Norðurland eystra									
Flutningur til Norðurlands	844	1.237	516	256	1.289	3.908	8.651	37.648	54.349
Flutningur frá Norðurlandi	773	2.031	785	864	1.032	8.266	7.479	37.028	58.257
Mismunur	71	-794	-269	-608	258	-4.358	1.173	621	-3.907
Austurland									
Flutningur til Austurlands	3.394	2.209	7.243	1.700	4.866	3.321	4.409	18.718	45.859
Flutningur frá Austurlandi	2.315	1.816	4.577	4.034	3.753	7.274	4.537	16.573	44.878
Mismunur	1.079	393	2.666	-2.334	1.113	-3.953	-128	2.145	981
Landið í heild									
Flutningur til svæða í heild	27.790	43.505	52.179	23.758	44.951	52.580	33.564	149.171	427.498
Flutningur frá svæðum í heild	23.792	43.415	52.285	23.880	46.309	58.218	34.004	149.675	431.578
Mismunur 3)	3.998	90	-106	-122	-1.358	-5.638	-440	-505	-4.081

Athugasemdir: 1) Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993. 2) Reykjavík telst með Reykjanesi. 3) Bátar sem missa aflahlutdeild vegna þess að þeir höfðu ekki veitt 25% af aflamarki sínu tvö fiskveiðiár í röð.

Gögn um framsal aflakvóta á tímabilinu 1984–90 hafa ekki verið unnin á sambærilegan hátt. Þó birtist í tímaritinu Ægi árið 1989 viðamikil úttekt á flutningi kvóta með skipasölum milli landsvæða fyrir árin 1984–88. Á þessum árum var stór hluti flotans á sóknarmarki en

þeim skipum var engu að síður reiknað grunnaflamark og er miðað við þær kvótatölur þegar skip á sóknarmarki er selt milli landshluta. Á fyrstu árum kvótakerfisins gat sala á skipi frá suðursvæði landsins til norðursvæðis leitt til breytingar á aflamarki skipsins. Tafla 10.5 sýnir kvótatilfærslur á milli landshluta með skipasölum árin 1984–88.

Tafla 10.5. Kvótatilfærslur milli landshluta með skipasölum 1984–88, reiknað íþorskígildum

	1984	1985	1986	1987	1988	Samtals
Suðurland						
Flutningur til Suðurlands	1.751	1.822	1.326	2.959	4.956	12.814
Flutningur frá Suðurlandi	2.475	2.992	1.405	2.806	1.593	11.271
Mismunur	-724	-1.170	-79	153	3.363	1.543
Reykjanes						
Flutningur til Reykjaness	1.307	7.574	804	4.427	7.227	21.339
Flutningur frá Reykjanesi	4.874	5.239	12.565	9.017	10.272	41.967
Mismunur	-3.567	2.335	-11.761	-4.590	-3.045	-20.628
Vesturland						
Flutningur til Vesturlands	824	1.242	2.516	2.358	3.250	10.190
Flutningur frá Vesturlandi	571	2.486	299	1198	6.143	10.697
Mismunur	253	-1.244	2.217	1.160	-2.893	-507
Vestfirðir						
Flutningur til Vestfjarða	1.139	1.572	3.189	930	3.846	10.676
Flutningur frá Vestfjörðum	828	3.062	1.039	1.940	3.532	10.401
Mismunur	311	-1.490	2.150	-1.010	314	275
Norðurland vestra						
Flutningur til Norðurlands	1.824	2.967	4.016	1.106	8.286	18.199
Flutningur frá Norðurlandi	332	813	341	3.806	4.474	9.766
Mismunur	1.492	2.154	3.675	-2.700	3.812	8.433
Norðurland eystra						
Flutningur til Norðurlands	1651	3.287	5059	7720	4.303	22.020
Flutningur frá Norðurlandi	1213	2.781	0	1133	4.546	9.673
Mismunur	438	506	5059	6587	-243	12.347
Austurland						
Flutningur til Austurlands	3.721	316	738	940	1.615	7.330
Flutningur frá Austurlandi	1.924	1.407	1.999	540	2.923	8.793
Mismunur	1.797	-1.091	-1.261	400	-1.308	-1.463
Landið í heild						
Flutningur til svæða í heild	12.217	18.780	17.648	20.440	33.483	102.568
Flutningur frá svæðum í heild	12.217	18.780	17.648	20.440	33.483	102.568
Mismunur	0	0	0	0	0	0

Athugasemdir: Þorskígildisstuðlar hvers árs. Landshlutaskipting fylgir kjördæmaskiptingu, að því undanskildu að Reykjavík telst með Reykjanesi og Strandasýsla með Norðurlandi vestra.

Eins og sjá má er mest flutt af kvótum frá Reykjanesi, ríflega 20 þús. þorskígildistonn. Norðurlandskjördæmin taka hins vegar mest til sín, eða álíka mikið og flutt er frá Reykjanesi. Litlar nettóhreyfingar eiga sér stað í öðrum kjördæmum ef tímabilið í heild er skoðað. Á

þessum fimm árum skiptu yfir 20% af öllum botnfiskkvótum um eigendur, eða frá rúmum 3% og upp í tæp 6% á ári. Árið 1988 var úthafsrækja sett undir kvóta og strax á því ári skiptu um 16% rækjukvótans um eigendur.

Tafla 10.6 sýnir flutning aflahlutdeilda eftir fisktegundum fiskveiðiárin 1991/92 til 1997/98. Taflan sýnir veltutölur og einnig er inni í þessum tölum flutningur á aflahlutdeildum milli skipa í eigu sömu útgerðar og frá skipum sem verið er að úrelda yfir á ný skip.

Eins og sjá má þá hefur mikill flutningur orðið á aflahlutdeildum undanfarin ár en þó sérstaklega fiskveiðiárið 1997/98. Á þessum sjö árum hefur verið flutt meira en öll hlutdeildin í helmingi tegundanna. Þó verður að hafa hugfast, eins og áður segir, að um veltutölur er að ræða.

Tafla 10.6. Heildarflutningur aflahlutdeilda 1991/92–97/98 í %.

	1991/92	1992/93	1993/94	1994/95	1995/96	1996/97	1997/98
Þorskur	10,6	13,0	6,7	18,1	18,7	11,8	31,3
Ýsa	11,0	16,6	7,2	18,3	18,1	11,2	27,9
Ufsi	10,3	14,2	9,2	12,8	17,9	10,0	28,8
Karfi	8,3	12,6	9,7	8,1	16,0	5,9	30,6
Grálúða	3,1	10,3	4,2	9,9	15,4	8,1	34,7
Skarkoli	10,7	18,1	10,3	17,1	11,6	11,5	24,8
Steinbítur						18,4	43,0
Langlúra						3,8	9,9
Sandkoli							20,9
Skrápflúra							23,7
Síld	12,0	16,6	12,0	25,0	43,2	16,7	28,8
Loðna	2,9	6,7	9,4	2,7	11,2	3,8	20,0
Humar	22,1	14,1	7,5	30,7	17,2	20,9	19,2
Úthafsrækja	14,7	15,2	13,3	22,6	24,9	20,2	44,4

Skattaleg meðferð aflahlutdeilda.

Í dómi Hæstaréttar Íslands árið 1993 var það niðurstaða réttarins að heimilt væri að færa keypta aflahlutdeild til gjalda eins og um væri að ræða fyrnanlega eign. Niðurstaða þessi var hliðstæð afstöðu úrskurðaraðila í skattkerfinu að því leyti að litið var svo á að gjaldfærsla stofnkostnaðar vegna kaupa á aflahlutdeild væri heimil en ágreiningur var um það á hve löngum tíma heimilt væri að dreifa gjaldfærslunni. Þegar álitamálið kom til kasta dómstóla ákvað fjármálaráðherra að gerð yrði krafa um að litið yrði á aflaheimildir sem ófyrnanleg réttindi og fyrir dómstólunum var því gerð sú aðalkrafa að synja bæri um gjaldfærslu stofnkostnaðarins. Þeirri kröfu var hafnað. Niðurstaða Hæstaréttar og skattyfirvalda var byggð á túlkun á ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, m.a. með þeim rökum að ekki væri í þeim lögum að finna ákvæði sem kveða berum orðum á um skattalega meðferð veiðiheimilda.

Þótt dómur Hæstaréttar hafi skorið úr um túlkun gildandi laga hefur það verið álitamál hvort niðurstaðan væri eðlileg með tilliti til þeirrar meginreglu skattalaganna að til rekstrarkostnaðar skuli aðeins telja þann kostnað sem lagt er í vegna viðkomandi atvinnustarfsemi. Samkvæmt þeirri reglu skal einungis gjaldfæra stofnkostnað eigna í samræmi við þá verðmætarýrnun sem hlýst af notkun þeirra við framleiðsluna. Á það hafði verið bent að lítil rök stæðu til þess að ætla að verðmæti aflahlutdeildar rýrnaði við notkun og almennt hefur þróunin verið sú að verð aflahlutdeildar hefur farið hækkandi. Þannig hefur verðmæti aflahlut-

deilda í hendi þeirra sem þær keyptu ekki rýrnað heldur farið vaxandi. Skattaleg meðferð í samræmi við niðurstöðu hæstaréttardómsins var hins vegar að kaupverð aflahlutdeildar hefur verið gjaldfært að hluta eða alveg og skattskyldar rekstrartekjur og eign því lækkaðar sem því nemur. Þá hafa menn ekki verið á einu máli um þau rök sem fram komu í meðferð málsins fyrir skattyfirvöldum og dómstólum um að óvissa um varanleika fiskveiðistjórnunarkerfisins réttlætti afskrift keyptrar aflahlutdeildar. Bent var á að óvissa í þessu efni kæmi væntanlega fram í verði aflahlutdeildanna og að óvissa af einhverju tagi tengdist flestum eignum, einnig ófyrnanlegum eignum, án þess að það yrði tilefni til afskrifta. Með vísan til þessa þótti afar þýðingarmikið að löggjafarvaldið tæki af skarið og setti skýrar reglur í þessum efnum.

Í tengslum við ýmsar ráðstafanir og athuganir í sjávarútvegsmálum sem sjávarútvegsráðherra beitti sér fyrir í árslok 1996 beindi hann þeim tilmælum til fjármálaráðherra að skattaleg meðferð keyptrar aflahlutdeildar og hliðstæðra réttinda yrði tekin til athugunar. Í framhaldi af því skipaði fjármálaráðherra nefnd til að fjalla um málið og semja lagafrumvarp til að koma breytingu samkvæmt tillögum sínum til framkvæmda.

Við gerð frumvarpsins var leitað eftir upplýsingum í nokkrum löndum þar sem vitað var að veiðiheimildir eru framseljanlegar. Upplýsingar fengust frá Noregi, Bretlandi og Nýja-Sjálandi. Samkvæmt þeim virðist það vera meginregla í þessum löndum að ekki sé heimilt að afskrifa stofnkostnað veiðiheimilda.

Niðurstaðan varð því sú að margt mælti með því að breyta reglum í þessum efnum á þann veg að keypt aflahlutdeild yrði ekki frádráttarbær frá rekstrartekjum og með hana farið að flestu leyti eins og ófyrnanlegar eignir, svo sem lönd og lóðir. Enn fremur var lagt til að kveðið yrði með beinum hætti á um að hagnaður af sölu aflahlutdeildar væri skattskyldur og að um ákvörðun þessa hagnaðar yrðu settar nánari reglur og þess þá m.a. gætt að skipti á aflaheimildum og breyting á samsetningu þeirra yrði ekki hindruð af skattalegum ástæðum. Þá var einnig lagt til að sett yrði ákvæði um lagaskil þar sem kveðið væri á um með hvaða hætti þáverandi fyrirkomulag yrði lagt af. Tillaga nefndarinnar fól í sér að fyrning vegna aflahlutdeildar sem keypt var fyrir gildistöku laganna yrði lækkuð í áföngum. Taka varð tillit til þess að þeir sem fest höfðu kaup á aflahlutdeild á árunum á undan kunnu að hafa litið til þess að þeir mundu eiga þess kost að draga kaupverðið frá rekstrartekjum. Einnig þurfti að eyða sem fyrst misræmi sem varð á milli þeirra aðila sem keyptu aflaheimildir fyrir gildistöku laganna og þeirra sem gera það eftir þann tíma. Keyptar aflahlutdeildir fyrir gildistöku lagaákvæðisins má færa niður í áföngum en fellur að fullu niður eftir árið 2000.

11. Eftirlit með veiðum og kostnaður.

Fiskistofa sem er stofnun sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið er eftirlitsaðilinn í íslenskum sjávarútvegi. Starfsemi Fiskistofu er skipt niður á svið en þau veigamestu eru fiskveiðistjórnunarsvið, veiðieftirlitssvið, gæðastjórnunarsvið og lögfræðisvið. Auk þessa eru fjármála- og rekstrarsvið og tölvusvið hluti Fiskistofu.

Fiskveiðistjórnunarsvið Fiskistofu úthlutar veiðileyfum og aflaheimildum til íslenskra fiskiskipa og annast skráningu þeirra réttinda. Fiskveiðistjórnunarsviðið safnar einnig upplýsingum um veiðar og afla íslenskra skipa og nýtingu aflaheimilda þeirra og dreifir þeim upplýsingum með reglubundnum og skipulegum hætti.

Fiskistofa hefur eftirlit með sjávarafla sem íslensk fiskiskip landa og að farið sé að reglum varðandi vigtun og skráningu hans. Upplýsingarnar um afla eru skráðar í aflaskráningarkerfið Lóðs á löndunarhöfnum um land allt og er eftirlit haft með þeim skráningum. Ef afli er fluttur út með gámum eða veiðiskipum fær Fiskistofa áætlanir frá útflytjendum og eru þær skráðar og stemmdar af við sölureikninga sem berast erlendis frá. Afli fullvinnsluskipa er vigtaður

eftir afurðum við löndun og skráður í Lóðs. Afli þeirra skipa reiknast síðan til aflamarks samkvæmt nýtingarstuðlum sem viðkomandi skip hefur áunnið sér. Nýtingarstuðlarnir eru m.a. byggðar á athugunum eftirlitsmanna Fiskistofu.

Samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, má enginn stunda veiðar í atvinnuskyni nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Í upphafi fiskveiðiársins 1998/99 gaf Fiskistofa út 1739 leyfi til veiða í atvinnuskyni, þ.a. voru 903 leyfi með aflamarki, 505 leyfi á þorskaflahámarki og 331 leyfi til veiða á sóknardögum. Þá gefur stofnunin einnig út sérveiðileyfi, en tölur liggja ekki fyrir vegna fiskveiðiársins 1998/99. Fiskveiðiárið 1997/98 gaf stofnunin út 517 grásleppuleyfi, 168 dragnótaleyfi, 65 innfjarðarrækjuleyfi, 28 hörpudiskleyfi, 33 úthafskarfaleyfi, 7 leyfi til veiða á Flæmingjagrunni, 84 leyfi til að veiða norsk-íslenska síld og 43 gulllaxleyfi.

Fiskistofa rekur einnig svokallaðan Símakrók, þar sem krókaleyfisbátar á sóknardagakerfi hringja inn og tilkynna sig inn og út úr höfn. Tölva Fiskistofu vinnur svo úr upplýsingunum um það hverjir eru á sjó og hverjir eru í landi. Einnig geta sjómennirnir hringt í Símakrókinn til að athuga með nýtingu sóknardaga.

Auk þess að gefa út veiðileyfi og úthluta aflamarki hvers árs til fiskiskipa sér Fiskistofa um skráningu á fluttum aflahlutdeildum og fluttu aflamarki. Þá annast stofnunin meðferð brotamála og sér m.a. um sviptingu veiðileyfa og kærur til lögreglu.

Fiskistofa sér einnig um landeftirlit og starfa við það 13 starfsmenn. Af þeim eru 11 sem sjá um eftirlitstörf á vettvangi og eru þeir staðsettir víðsvegar um landið. Stór þáttur í starfi veiðieftirlitsmannanna felst í að útskýra og leiðbeina mönnum um hvernig vinna skuli eftir reglum sem í gildi eru. Þá vinna þeir ýmis störf í samstarfi við eða fyrir aðrar stofnanir. Má þar nefna Hafrannsóknastofnunina, Landhelgisgæsluna, lögreglu og ekki síst hafnaryfirvöld og vigtarmenn. Þá er gæðastjórnunarsvið Fiskistofu aðstoðað við að hafa eftirlit með hreinlæti og aðbúnaði. Eftirlit er haft með vigtunarleyfishöfum en þeir voru 146 í árslok 1998. Fiskistofa framkvæmir með reglubundnum hætti löggildingu voga og vigtarmanna, úrtaksvigtarnótur og fleira því tengt. Þá er eftirlit haft með fiskflutningum og fiskflutningabifreiðar stöðvaðar reglulega, m.a. til að kanna hvort fiskur hafi verið vigtaður og hvort yfirbreiðslur eru samkvæmt reglum ef bifreiðarnar eru ekki lokaðar. Þá er fylgst með lestun gáma og samráð haft við skipafélögin þar um.

Á árinu 1998 voru á sjöunda tug tilfella sem Fiskistofa taldi vera brot á reglum, en þar af voru 39 minni háttar brot. Af hinum tilfellunum var í 21 skipti um tímabundnar veiðileyfasviptingar að ræða, afturköllun vigtunarleyfis í 3 tilfellum og 6 mál voru kærð til lögreglu.

Fiskistofa sér einnig um eftirlit með fullvinnsluskipum á sjó og voru fimm eftirlitsmenn við þau störf á árinu 1998. Samtals voru þeir 666 daga um borð í skipunum á árinu. Ráðgert er að fjölga í hópi þessara eftirlitsmanna.

Gæðastjórnunarsvið Fiskistofu annast framkvæmd laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra og reglugerða. Starfsemin beinist því einkum að því að tryggja að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, standist kröfur um gæði og að þær séu framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður. Gæðastjórnunarsviðið sér um útgáfu vinnsluleyfa ásamt eftirlitinu. Í árslok 1998 voru 779 vinnsluleyfi í gildi. Þá veitir sviðið skoðunarstofum starfsleyfi og gerir úttektir á starfi þeirra. Frá og með árinu 1999 sér gæðastjórnunarsvið um rekstur landamærastöðva en ytri landamæri Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar heilbrigðiseftirlit fluttust til Íslands um áramótin 1998/99.

Fjármálasvið Fiskistofu sér um innheimtu gjalds fyrir Þróunarsjóð sjávarútvegsins af úthlutuðu aflamarki auk heðbundinnar fjármálastjórnunar stofnunarinnar.

Eftirlitstækni.

Eftirlit Fiskistofu og Landhelgisgæslunnar er að mestu hefðbundið, þ.e. menn og skip fylgjast með veiðum og vinnslu leyfishafa í sjávarútvegi. Fiskistofa sendir eftirlitsmenn sína á hafnir landsins og um borð í skip samkvæmt hefðbundnum úrtaksaðferðum. Einnig eru eftirlitsmenn staðsettir um borð í vinnsluskipum í tiltekinn tíma þar til þróaðir hafa verið nýtingarstuðlar og eftir það má notast við úrtaksaðferðir. Landhelgisgæslan ræður yfir bæði gæsluskipum og gæsluflugvél og með þeim getur hún haft eftirlit með skipum innan landhelginnar. Þannig getur hún fylgst með að skip haldi sig utan þeirra svæða sem óheimilt er að veiða á og fleira. Einnig fara gæslumenn á skipum Landhelgisgæslunnar um borð í fiskiskip og athuga hvort veiðarfæri og annað sé samkvæmt reglum.

Þótt eftirlit þetta sé gott að mörgu leyti er ljóst að það er nokkuð takmarkað. Takmarkaður fjöldi gæsluskipa, flugvéla og eftirlitsmanna getur aðeins sinnt ákveðnu eftirliti. Fjölgun skipa, flugvéla og eftirlitsmanna er kostnaðarsöm en að auki er eftirlitið takmarkað.

Fyrir fáeinum árum þótti flestum að notkun gervitungla við fiskveiðieftirlit væri framtíðarlausn en það hefur breyst á stuttum tíma. Nú þykir sjálfsagt að fjarskipti um gervihnetti séu hluti af heildstæðu fiskveiðieftirlitskerfi, rétt eins og gildir á svo mörgum öðrum sviðum. Má þar nefna almenn fjarskipti og útvarp auk öryggismála, veðureftirlits, mengunareftirlits o.fl.

Þessi þróun felur í sér margvíslega möguleika sem munu leiða til stóraukinnar skilvirkni og árangurs við hefðbundið eftirlit með fiskveiðum eins og það sem Landhelgisgæslan hefur með höndum.

Á einfaldaðan hátt má nefna sem dæmi að skip geta nú með ódýrum hætti sent reglulegar staðsetningarskýrslur ásamt stefnu og hraða og má af því ráða hvað skipið aðhefst. Aflaskýrslur er hægt að senda og fylgjast með skipum sem standa utan við fiskveiðistjórnunina (sjóræningjaskipum) með gervitunglamyndum. Það síðastnefnda er nokkuð dýrt enn sem komið er. Allar upplýsingar er síðan hægt að vinna með í sjó- og loftförum við eftirlitsstörf. Með notkun slíkrar tækni er unnt að gera eftirlitið mun markvissara en áður.

Á árinu 1999 er gert ráð fyrir að tekið verði í notkun sjálfvirkt tilkynningarskyldukerfi hjá íslenskum fiskiskipum. Þetta sjálfvirka tilkynningarskyldukerfi nýtir gervitunglafjarskiptatækni sem reyndar býður upp á fleiri notkunarmöguleika, eins og t.d. rafrænar veiðiskýrslur.

Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin (NAFO), sem m.a. stjórnar rækjuveiðum á Flæmingjagrunni, ákvað árið 1995 að frá árinu 1996 skyldu 35% af skipum hvers lands sem veiða á NAFO-svæðinu senda staðsetningu sína til heimalands um gervihnött. Tölvubúnaður var settur upp hjá Landhelgisgæslunni til móttöku og úrvinnslu á þessum boðum. Allt að 20 skip hafa tekið þátt í þessu verkefni og er notast við Inmarsat-C fjarskipti og íslenska flotaeftirlitskerfið Marstar til úrvinnslu. Það er einnig mikilvægt atriði að þegar fjöldi skipa tekur þátt í slíku kerfi verður ákaflega erfitt og nánast ókleift að fylgjast handvirkt með þeim því að magn upplýsinga er mikið (skipin senda 24 tilkynningar á sólarhring).

Evrópusambandið hefur þegar sett reglur um fjareftirlit. Frá árinu 1997 hafa öll skip stærri en 20 metrar og veiða utan lögsögu, veiða í lögsögu þriðja ríks og þau sem veiða í bræðslu tekið þátt í staðsetningareftirliti með gervitunglum. Frá og með árinu 2000 verður það undantekning ef skip frá Evrópusambandslöndum þurfa ekki að vera undir slíku eftirliti.

Ástralía og Nýja-Sjáland byggja sitt fiskveiðieftirlit að meginstefnu til á gervihnattafjarskiptum þótt þau notist einnig við eftirlitsmenn um borð eins og aðrar þjóðir. Nýja-Sjáland miðar við að eftirlitsmenn hafi 20% dekkun í mikilvægustu veiðum, en nokkrar þjóðir hafa eftirlitsmann um borð í hverju skipi. Mikill kostnaður er við að hafa svo marga eftirlitsmenn.

Þá er eins og áður sagði mikill kostnaður við eftirlitsskip og flugvélar, og því er í raun aðeins tímaspursmál hvenær gervitunglatækni leysir hefðbundnar aðferðir að mestu af hólmi.

Tekjur og útgjöld opinberra aðila vegna sjávarútvegsins.

Útgjöld ríkissjóðs til málefna sjávarútvegsins 1998 og 1999 eru áætluð um 3,2 milljarðar kr. hvort ár. Af þessari fjárhæð er kostnaður á vegum sjávarútvegsráðuneytisins um 2,5 milljarðar og rekstur Hafrannsóknastofnunarinnar 600–700 millj. kr. á ári.

Landhelgisgæsla Íslands, sem m.a. sér um eftirlit með fiskiskipum við veiðar, kostar u.þ.b. 800 millj. kr. á ári. Hafa verður þó í huga að Landhelgisgæslan sér um ýmis önnur mál en þau er varða fiskveiðarnar og því vart hægt að telja allan kostnað hennar sem opinber útgjöld til fiskveiðimála.

Sjómenn og aðrir þeir er starfa við eða í kringum fiskveiðar eiga samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt rétt á svokölluðum sjómannaafslætti, sem á árinu 1998 var 656 kr. á dag. Áætlað er að frádráttur þessi frá tekjuskatti geti numið um 1,3 milljörðum kr. á árinu 1998. Á árinu 1997 nýttu á tíunda þúsund framteljendur sér sjómannaafslátt en heildarfjöldi sjómanna á fiskiskipum það ár var rúm 5.000. Til viðbótar við sjómenn á fiskiskipaflotanum geta farmenn og beitningarmenn nýtt sér þennan sjómannafrádrátt.

Sjávarútvegurinn greiðir ýmis gjöld til hins opinbera eins og fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum. Að auki greiða útgerðir sérstök gjöld, t.d. gjöld til hafnaryfirvalda í sveitarfélögum fyrir hafnaraðstöðu og vigtun afla. Útgerðir greiða einnig sérstök veiðieftirlitsgjöld en þau eru 14.642 kr. á hvert fiskiskip og 166 kr. á hvert þorskígildistonn. Í heild voru þessi gjöld um 120 millj. kr. árið 1998 og eru áætluð 140 millj. kr. 1999. Til viðbótar greiðir útvegurinn rúmar 30 millj. kr. vegna veiðieftirlits utan lögsögu og 20 millj. kr. vegna eftirlits um borð í fiskiskipum.

Frá stofnun Þróunarsjóðs hefur útvegurinn greitt gjald til hans. Gjöld fiskiskipa í Þróunarsjóð eru af tvennum toga, annars vegar gjald á hverja þorskígildislest og hins vegar gjald á hverja brúttólest skips. Gjaldið nemur nú 1.200 kr. á hverja þorskígildislest og 880 kr. á hverja brúttólest skips en þó að hámarki 334 þús. kr. á hvert skip. Í heild greiddi útvegurinn um 600 millj. kr. á þorskígildislestir árið 1998 og er áætlað að hann greiði 650 millj. kr. árið 1999. Brúttórúmlestargjaldið nam 80 millj. kr. árið 1998 og er áætlað 90 millj. kr. 1999.

12. Afkoma í sjávarútvegi.

Samkvæmt efnahagsyfirliti atvinnugreina Þjóðhagsstofnunar voru heildareignir í sjávarútvegi 157 milljarðar í árslok 1996. Þessar eignir skiptust þannig að fiskiskip voru bókfærð á 60 milljarða (tryggingarverðmæti skipanna var 71 milljarður), byggingar, vélar og tæki á 32 milljarða, birgðir á 15 milljarða, aðrir fastafjármunir á 28 milljarða og aðrir veltufjármunir á 22 milljarða.

Á móti þessum eignum koma skuldir sem taldar voru um 116 milljarðar. Eiginfjárhlutfall fyrirtækja í sjávarútvegi er því samkvæmt þessu 26%. Samkvæmt atvinnuvegaskýrslum árið 1988 var eiginfjárhlutfall sjávarútvegsfyrirtækja 5,3% en fór í 15% árið 1990.

Tafla 12.1 sýnir hlutfall vergs hagnaðar (hagnaður fyrir vexti og afskriftir) í fiskveiðum árið 1996 eftir skipagerð og stærð. Áberandi er hve afkoma stærri togara er frábrugðin afkomu í öðrum fiskiskipaflokkum.

Tafla 12.1. Vergur hagnaður báta og togara 1996.

	Opnir bátar	Bátar 0–20 brl.	Bátar 21–200 brl.	Bátar 201–800 brl.	Loðnu-bátar	Minni togarar	Stærri togarar	Frysti-togarar
Vergur hagnaður	6,8%	10,8%	2,5%	6,7%	18,8%	3,8%	-12,3%	4,9%


Tafla 12.2 sýnir hlutfall vergs hagnaðar í fiskvinnslu árið 1996 eftir verkunaraðferðum. Afkoman er nokkuð misjöfn milli vinnslugreina, en vegna vægis frystingar og söltunar er heildarafkoma fiskvinnslunnar neikvæð árið 1996.

Tafla 12.2 .Vergur hagnaður fiskiðnaðar árið 1996.

	Frysting	Söltun og hersla	Mjölvinnsla	Síldar-söltun	Rækju-vinnsla	Hörpudisk-vinnsla	Önnur vinnsla
Vergur hagnaður	-2,9%	-1,1%	14,6%	15,3%	0,9%	12,3%	5,7%

Afkoma í sjávarútvegi var fremur léleg mestallan níunda áratuginn, þ.e. hún var neikvæð öll árin nema 1986–87. Mikill umsnúningur hefur verið frá 1990, afkoman hefur verið tölu-vert jákvæð, nema hvað afkoma fiskvinnslu tók smádýfu 1996.

Mynd 12.1. Afkoma í sjávarútvegi í hlutfalli af rekstrartekjum (árgreiðsluaðferð)



Samdráttur varð í veiði árið 1998. Heildarveiði var 1.470 þús. tonn, sem er 34% minni veiði en árið áður. Vegna verðhækkana og breyttrar samsetningar afla jókst þó útflutnings-verðmæti sjávarafurða um 8% og varð tæpir 100 milljarðar kr. Þorskveiðar jukust um 18% árið 1998 og útflutningsverðmæti þorsks jókst um 29%. Verð þorskafurða fór hækkandi á ár-inu og útflutningsverðmæti þorskafurða var rúmir 37 milljarðar kr., eða um 37% af útflutn-ingsverðmæti sjávarafurða. Karfaveiðar og úthafskarfaveiðar drógust saman á árinu um 21% en vegna hækkandi afurðaverðs jukust útflutningstekjur um 12% og voru ríflega 10 milljarðar

kr. Rækjuveiðar drógust saman um 25% árið 1998 og var heildaraflinn ríflega 60 þús. tonn. Afurðaverð lækkaði einnig á árinu og að auki var stærð rækju í afla minni. Útflutningsverðmæti rækju minnkaði á árinu um 15% og var um 13,6 milljarðar kr. Loðnuafli dróst saman um 43% og var um 750 þús. tonn. Verð á loðnumjöli og lýsi hækkaði enn á árinu 1998 og var útflutningsverðmæti nánast óbreytt milli ára, eða um 16 milljarðar kr. Í byrjun árs 1999 lækkaði verð loðnuafurða mjög mikið sem að öllum líkindum mun þýða lakari afkomu í þessari grein á árinu.

Fjöldi sjómanna á fiskiskipum hefur verið nokkuð breytilegur en þó farið minnkandi. Tafla 12.3 sýnir þróunina sem meðalfjölda sjómanna frá 1990. Þess má geta að fjöldi sjómanna var um 6.200 árið 1983.


Tafla 12.3. Sjómenn á fiskveiðiflotanum.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Meðalfjöldi sjómanna	6.551	6.135	5.685	5.819	5.713	5.061	5.035	4.582

Tekjur sjómanna lúta nokkuð öðrum lögmálum en launþega í landi. Þessu veldur að sjómenn róa alla jafnan upp á hlut og aflaverðmæti ræður mestu um tekjuþróun þeirra. Þetta hefur í för með sér að mun meiri sveiflur eru í tekjum sjómanna en annarra stétta.

Í töflu 12.4 eru atvinnutekjur sjómanna metnar eftir skattframtölum. Í heild töldu 9.881 manns fram tekjur af sjómennsku árið 1997 en hér er miðað við um 7.500 framteljendur sem uppfylla tiltekin skilyrði (mestu munar um að einyrkjum er sleppt).

Mynd 12.2. Tekjubreytingar hjá sjómönnum og öllum framteljendum



Atvinnutekjur sjómanna námu að meðaltali 2.611 þús. kr. á árinu 1997. Meðaltekjur þeirra sjómanna sem töldu fram að minnsta kosti 274 daga á sjó voru 3.848 þús. kr. en tekjur þeirra hækkuðu frá árinu 1996 til 1997 um 5,4%, sem er verulega undir meðaltali. Þróun atvinnutekna sjómanna er sýnd í töflu 12.4 og samanburð á tekjubreytingum milli ára má sjá á mynd 12.2.

Tafla 12.4. Atvinnutekjur sjómanna 1991–97.

Fjárhæðir í þús. kr.	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Allir sjómenn							
Fjöldi framteljenda	9.048	8.585	8.408	8.369	8.133	8.400	7.541
Meðaltekjur á mann	1.944	1.991	2.095	2.171	2.358	2.415	2.611
Breyting frá fyrra ári	8,0%	2,4%	5,2%	3,6%	8,6%	2,4%	8,1%
Meðalfjöldi daga	223	230	239	236	233	232	234
Sjómenn með a.m.k. 274 daga							
Fjöldi framteljenda	4.224	4.202	4.432	4.340	4.227	4.199	3.660
Meðaltekjur á mann	3.094	3.043	3.126	3.260	3.494	3.652	3.848
Breyting frá fyrra ári	6,7%	-1,6%	2,7%	4,3%	7,2%	4,5%	5,4%
Meðalfjöldi daga	346	346	348	346	338	347	347
Allir framteljendur							
Meðaltekjur á mann	1.154	1.181	1.183	1.209	1.272	1.384	1.485
Breyting frá fyrra ári	9,4%	2,3%	0,2%	2,2%	5,2%	8,8%	7,3%

Launakostnaður á ársverk í fiskveiðum var 70% hærri en launakostnaður á ársverk í fiskvinnslu árið 1973. Árið 1980 var þetta hlutfall 89% og árið 1992 var það komið í 111%. Á þessu sama tímabili hækkaði launakostnaður á ársverk í fiskveiðum einnig meira en launakostnaður á ársverk í annarri sambærilegri efnahagsstarfsemi.

13. Byggðamál.

Kvótakerfið svokallaða var tekið upp árið 1984 í botnfiskveiðunum hér við land. Það er þó aðeins að hluta til réttnefni því að til og með árinu 1990 var veiðunum stjórnað með blönduðu aflamarks- og sóknarmarkskerfi. Reyndar var meiri hluti botnfiskaflans flest árin veiddur samkvæmt sóknarmarki og öðrum undanþágum frá aflamarkskerfinu. Því fer með öðrum orðum fjarri að þær breytingar sem kunna að hafa orðið í atvinnu og búsetu séu afleiðing aflamarkskerfisins einvörðungu. Hér á eftir verður reynt að varpa nokkru ljósi á hugsanleg byggðaáhrif kvótakerfisins.

Breytingar á aflahlutdeild.


Á sama hátt og skip eru lykill að afla í frjálsum fiskveiðum má ætla að kvóti sé lykill að afla í kvótakerfi. Ætla má að menn á hverjum stað kappkosti að halda í kvóta sinn og reyni jafnvel að bæta við hann. Breytingar á kvótaeign gefa því nokkra vísbendingu um hvernig einstökum byggðarlögum vegnar.

Eins og segir frá í 3. kafla miðaðist upphafleg kvótaúthlutun í aðalatriðum við aflahlutdeildir í botnfiskveiðunum eins og þær mældust á árunum 1981–83. Upphafleg úthlutun kvótanna endurspeglaði því dreifingu útgerðar eftir landsvæðum á þessum viðmiðunarárum. Síðan þá hefur kvótaúthlutun fyrst og fremst breyst af fjórum ástæðum. Í fyrsta lagi hefur hún breyst í ljósi aflareynslu sem fiskiskip öfluðu sér samkvæmt sóknarmarki á árunum 1985–90. Í öðru lagi hefur hún breyst vegna þess að kvótakerfið tekur nú til stærri hluta flotans og fleiri fisktegunda en áður. Lagabreytingar hafa átt sér stað öðru hverju og hefur t.d. heildarhlutdeild aflamarksbáta bæði aukist og minnkað við þær. Í þriðja lagi hefur hún breyst vegna varanlegs

framsals aflahlutdeildar. Í fjórða lagi hefur hún breyst vegna sölu skipa með aflahlutdeild milli landsvæða. Það eru einkum síðasttöldu atriðin tvö sem segja má að feli í sér áhrif aflamarkskerfisins sjálfs á byggðaskiptingu útgerðar (sjá 10. kafla).

Mynd 13.1 sýnir skiptingu aflamarks eftir kjördæmum fiskveiðiárin 1996/97, 1997/98 og 1998/99. Sjá má á myndinni að Norðurland eystra hefur langmesta hlutdeild í heildaraflamarki en Norðurland vestra hefur minnsta hlutdeild. Nokkrar sveiflur eru í hlutdeild flestra kjördæmanna milli ára. Þær sveiflur eru ekki eingöngu tilkomnar vegna flutninga á aflahlutdeild milli landshluta. Jafnmikilvægar eru breytingar á leyfilegum heildarafla hinna ýmsu fisktegunda og breytingar á þorskígildisstuðlum einstakra tegunda. Þá hefur fisktegundum í aflamarki fjölgað á undanförnum árum.

Mynd 13.1. Skipting aflamarks eftir kjördæmum (allar aflamarkstegundir innan lögsögu)



Tafla 13.1 sýnir hlutdeild kjördæmanna í úthlutuðum kvótum í fimm helstu botnfisktegundum (þorski, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu) sem verið hafa í aflamarki allt frá 1984. Miðað er við þorskígildi og heimahöfn fiskiskipa. Hafa verður í huga að hlutdeild kjördæma getur breyst við það eitt að leyfður heildarafli einstakra fisktegunda sveiflast þar sem einstakar fisktegundir eru mismikilvægar eftir kjördæmum.


Tafla 13.1. Hlutdeild kjördæma í aflamarki helstu botnfisktegunda (þorski, ýsu, karfa, ufsa og grálúðu).

	Suður-land	Reykja-nes	Reykja-vík	Vestur-land	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land
1984	13,5%	18,1%	11,6%	9,0%	13,6%	6,1%	14,9%	13,2%
1985	13,5%	18,0%	11,3%	9,0%	13,6%	6,3%	15,1%	13,2%
1986	13,8%	17,0%	10,8%	9,7%	13,9%	6,3%	14,8%	13,7%
1987	13,6%	15,0%	9,9%	9,9%	14,1%	6,9%	16,9%	13,7%
1988	14,0%	16,2%	8,4%	9,6%	14,2%	7,4%	16,7%	13,5%
1989	14,6%	14,9%	7,9%	9,3%	14,7%	7,9%	17,5%	13,2%
1990	15,2%	15,9%	8,2%	9,0%	14,0%	7,7%	17,1%	12,9%
1991	14,6%	15,7%	7,9%	9,4%	14,0%	7,9%	17,9%	12,6%
1991/92	13,1%	15,1%	8,5%	9,9%	14,0%	6,9%	18,5%	14,0%


	Suður-land	Reykja-nes	Reykja-vík	Vestur-land	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land
1992/93	13,8%	15,0%	8,2%	9,9%	13,5%	7,2%	18,9%	13,6%
1993/94	14,1%	15,3%	8,9%	10,0%	12,3%	7,0%	18,5%	13,9%
1994/95	14,6%	15,6%	9,2%	10,0%	11,7%	7,1%	19,0%	12,8%
1995/96	13,0%	14,7%	10,9%	10,1%	11,6%	7,6%	20,2%	12,0%
1996/97	12,1%	14,8%	10,7%	10,0%	12,3%	8,3%	20,5%	11,3%
1997/98	12,1%	15,0%	8,8%	11,7%	10,6%	8,0%	21,9%	12,0%
1998/99	11,6%	16,9%	8,8%	12,4%	9,6%	8,4%	21,2%	11,1%

Í töflu 13.1 má sjá að nokkrar breytingar hafa orðið í kvótahlutdeildum kjördæmanna í þessum tegundum á tímabilinu frá 1984 til 1990. Það sem er helst áberandi er að aflahlutdeild minnkar á Reykjanesi, Austurlandi og í Reykjavík, er óbreytt á Vesturlandi en eykst í öðrum landshlutum, mest á Norðurlandi eystra. Samkvæmt töflunni höfðu u.þ.b. 7 prósentustig af heildaraflahlutdeild í þessum tegundum flust á milli landshluta fram til 1990. Megnið af þessum aflahlutdeildum var flutt frá suðvesturhorni landsins til landsbyggðarinnar. Frá þessu sjónarmiði voru áhrif kerfisins 1984–90 því fremur í samræmi við hefðbundin byggðasjónarmið en hitt. Mynd 13.2 sýnir breytingar á aflahlutdeild einstakra kjördæma frá 1984 til fiskveiðiársins 1990.

Mynd 13.2. Botnfiskhlutdeild eftir kjördæmum 1984-1990.



Mynd 13.3. Hlutdeild kjördæma í 5 helstu botnfisktegundum 91/91-98/99.



Mynd 13.3 sýnir þróunina í aflahlutdeild kjördæmanna í fimm helstu tegundum frá fiskveiðiárinu 1991. Tafla 13.2 sýnir breytingar á hlutdeild kjördæma í úthlutuðu aflamarki fimm helstu botnfisktegunda á tímabilinu 1984–98/99. Kjördæmin á suðvesturhorni landsins auka hlutdeild sína í þessum tegundum á tímabilinu 1991–98/99 en hlutdeild þeirra hafði minnkað á árunum 1984–90.

Tafla 13.2. Breyting á hlutdeild kjördæma í fimm helstu botnfisktegundum (þorski, ýsu, karfa, ufsa og grálúðu).

	Suður-land	Reykja-nes	Reykja-vík	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land
Breyting 1984–90	1,7%	-2,2%	-3,4%	0,0%	0,4%	1,6%	2,2%	-0,3%
Breyting 1991–98/99	-3,0%	1,2%	0,9%	3,0%	-4,4%	0,5%	3,3%	-1,5%
Breyting 1984–98/99	-1,9%	-1,2%	-2,8%	3,4%	-4,0%	2,3%	6,3%	-2,1%


Þessu er öfugt farið með Suðurland og Vestfirði, þau kjördæmi auka hlutdeild sína í aflamarki þessara tegunda á tímabilinu 1984–90 en hlutdeild þeirra minnkar á síðara tímabilinu. Ef tímabilið í heild er skoðað sést að kjördæmin fjögur hafa nú minni hlutdeild í fimm helstu botnfisktegundunum en þau höfðu 1984. Kjördæmin á suðvesturhorninu hafa til samans misst sem nemur fjórum prósentustigum af heildarhlutdeildinni og sama gildir um Vestfirði. Austurland hefur misst hlutdeild á báðum tímabilum en Norðurlandskjördæmin aukið hlutdeild sína á báðum tímabilum.

Þorskaflahámark krókabáta.


Frá árinu 1995 hafa krókaleyfisbátar getað valið svokallað þorskaflahámark en það er í raun sambærilegt við aflamarkskerfi stærri skipa nema að aðeins er um þorskkvóta að ræða. Hlutdeild kjördæmanna í þorskaflahámarki er nokkuð önnur en hlutdeild þeirra í aflamarki, eins og sjá má á mynd 13.4. Myndin sýnir að Vestfirðir hafa mesta hlutdeild í þorskaflahá-

marki krókabáta en einnig eru Austurland og Vestuland með mikla hlutdeild. Mynd 13.5 sýnir úthlutað þorskaflahámark í tonnum.


Mynd 13.4. Hlutdeild kjördæma í úthlutuðu þorskaflahámarki krókabáta.



Mynd 13.5. Úthlutað þorskaflahámark til krókabáta eftir kjördæmum.



Mynd 13.6. Fjöldi þorskaflahámarksbáta eftir kjördæmum.



Mynd 13.6 sýnir fjölda krókabáta á þorskaflahámarki. Nokkrar sveiflur eru í fjölda þorskaflahámarksbáta, enda geta króklaeyfisbátar farið inn í það kerfi þegar þeim hentar.

Löndun og vinnsla afla.

Aflahlutdeild má skoða sem vísbendingu um möguleika byggðar til atvinnusköpunar í sjávarútvegi. Fiskmagn sem er unnið og þar með raunveruleg atvinnusköpun fer hins vegar eftir fleiru en kvótaeign. Þeir sem ráða yfir aflahlutdeild geta landað afla sínum í öðrum byggðarlögum og/eða kaupendur aflans geta flutt fiskinn til vinnslu annars staðar. Þá má senda aflann óunninn til útflutnings. Forvitnilegt er að skoða hvernig hlutdeildir kjördæmanna í vinnslu á afla hefur breyst á tíma kvótakerfisins, þótt kvótakerfið hafi sáralítið með þetta að gera.


Tafla 13.3 sýnir hlutdeild kjördæma í lönduðum afla af fimm helstu tegundunum eftir heimahöfn skipa en aðeins er tekinn afli sem unninn er hérlendis (landað innan lands og landað unnið). Hlutdeild kjördæmanna suðvestanlands hefur aukist nokkuð á tímabilinu 1991–98, eða úr 23,5% í 30,9%. Hlutdeild Vestfjarða og kjördæmanna norðanlands hefur minnkað, mest á Norðurlandi eystra, um 3,4 prósentustig. Hlutdeild hinna þriggja kjördæmanna er svo til óbreytt.

Tafla 13.3. Afli í þorskígildum (þorskur, ýsa, karfi, ufsi og grálúða).
Ráðstöfun eftir heimahöfn (landað innan lands og landað unnið).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Suðurland	10,6%	10,8%	10,7%	11,3%	10,7%	10,1%	10,1%	10,2%
Reykjanes	17,0%	17,1%	18,3%	19,4%	19,6%	22,4%	21,8%	22,2%
Reykjavík	6,5%	6,3%	7,1%	7,9%	9,9%	10,9%	10,3%	8,7%
Vesturland	12,1%	11,6%	12,0%	13,0%	14,0%	12,6%	12,8%	13,1%
Vestfirðir	14,6%	14,9%	14,2%	13,1%	12,0%	12,4%	12,0%	13,0%
Norðurl. vestra	6,4%	5,6%	4,8%	3,9%	3,7%	3,6%	4,2%	4,2%
Norðurl. eystra	20,1%	20,3%	20,4%	18,3%	18,0%	16,0%	16,5%	16,7%
Austurland	12,7%	13,4%	12,5%	13,1%	12,0%	12,0%	12,4%	12,0%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Hlutdeild kjördæma í landvinnslu á rækju er mjög misjöfn. Árið 1997 fóru um 40 þús. tonn af rækju til landvinnslu og á mynd 13.7 sést hvernig sá afli skiptist eftir kjördæmum.


Mynd 13.7. Landvinnsla rækju eftir kjördæmum 1997



Mynd 13.8 sýnir hlutdeild kjördæma í fiskimjölsframleiðslu uppsjávarfiska á árinu 1998 en heildarhráefnismóttaka á loðnu, síld og kolmunna var þá um 1,2 milljónir tonna.

Þá er einnig forvitnilegt að skoða ráðstöfun á afla eftir kjördæmunum. Á mynd 13.9 er sýnd ráðstöfun landaðs botnfisk- og flatfiskafla á Íslandsmiðum árið 1998. Ráðstöfun samkvæmt myndinni getur verið á fjóra vegu: aflinn er verkaður í kjördæminu, verkaður í öðrum kjördæmum (verkað utan kjördæmis), kemur unninn að landi eða aflinn er sendur utan óunninn. Á myndinni sést að ráðstöfun afla er mjög misjöfn milli kjördæma. Reykjanes, Vestfirðir og Austurland verka mest af eigin afla, um og yfir 50%. Norðurlandskjördæmin verka minnst af eigin afla í kjördæmunum, aðeins 15–30%. Suðurland sendir mikið af sínum afla óunninn til útlanda, yfir 20%. Reykjavík og Norðurlandskjördæmin landa stórum hluta af afla sínum unnum, um og yfir 50%.


Mynd 13.8. Hlutdeild í hráefnismótttöku fiskimjölsverksmiðja á uppsjávarfiski 1998.



Atvinna.

Vinnuaflsnotkun í sjávarútvegi sem hlutfall af heildarvinnuafli var 14,4% árið 1980, 11,6% árið 1990 og 11,1% árið 1996. Þetta hlutfall er mun hærra í mörgum byggðarlögum og jafnvel landshlutum. Á árinu 1997 störfuðu 7.900 manns við fiskiðnað, þar af 6.900 utan höfuðborgarsvæðisins. Af þeim voru u.þ.b. 10% útlendingar. Þá störfuðu 6.300 manns við fiskveiðar, þar af 5.000 utan höfuðborgarsvæðisins. Meðalfjöldi sjómanna var þó aðeins um 4.600 árið 1997.

Mynd 13.9. Ráðstöfun landaðs afla 1998 eftir heimahöfn skips - Íslandsmið
Botnfiskur og flatfiskur



14. Útgerðir og eignarhald.

Nokkur umræða hefur verið í gegnum árin um það hvort frjálst framsal á aflahlutdeildum mundi leiða til færri og stærri útgerðarfyrirtækja. Í sjálfu sér var ljóst að kvótakerfi í fiskveiðum mundi leiða til færri skipa og þar af leiðandi færri útgerðarfyrirtækja, enda var fiskveiðivandinn árið 1984 einmitt fólginn í því að of mörgum skipum var haldið til veiða miðað við afrakstur fiskstofnanna. Þótt þetta væri ljóst töldu ýmsir að samt bæri að sporna gegn því að fyrirtækin yrðu of stór, þ.e. að einhver fyrirtæki eignuðust of hátt hlutfall aflahlutdeilda.

Tafla 14.1 sýnir aflamark tíu stærstu útgerðarfyrirtækjanna síðastliðin fjögur fiskveiðiár. Það fyrirtæki sem mesta heildarhlutdeild hefur samkvæmt töflunni er Samherji hf. Fyrirtækið hefur vaxið gífurlega frá árinu 1983 en þá átti félagið aðeins einn togara. Fyrirtækið óx framan af mestmegnis með kaupum á skipum og aflahlutdeild frá öðrum fyrirtækjum en einnig með því að ávinna sér aflamark í sóknarmarkskerfinu á seinni hluta níunda áratugarins. Undanfarin ár hefur fyrirtækið vaxið mest með sameiningarferli við önnur útgerðarfyrirtæki eins og rakið verður nánar hér á eftir. Flest hinna fyrirtækjanna í töflunni hafa einnig aukið aflahlutdeild sína með sameiningu við önnur fyrirtæki. Útgerðarfélag Akureyringa hf. er eina fyrirtækið sem ekki hefur aukið hlutdeild sína samkvæmt töflunni, enda hefur það fyrirtæki ekki staðið í neinu sameiningarferli frá árinu 1984.

Tafla 14.1. Aflamark tíu stærstu fyrirtækjanna sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki hvers árs.
(Allar tegundir í aflamarki innan lögsögu, röð fyrirtækis í sviga.)

	1998/99	1997/98	1996/97	1995/96
Samherji hf.	5,56%	5,04% (1)	4,51% (1)	3,78% (3)
Haraldur Böðvarsson hf.	4,61%	4,28% (2)	3,42% (4)	2,62% (4)
Útgerðarfélag Akureyringa hf.	3,90%	3,41% (4)	3,72% (3)	3,91% (2)
Þormóður rammi – Sæberg hf.	3,87%	4,23% (3)	1,49% (12)	1,66% (11)
Grandi hf.	3,17%	3,16% (5)	3,80% (2)	4,43% (1)
Síldarvinnslan hf.	2,53%	2,24% (8)	2,56% (5)	2,36% (5)
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	2,27%	2,16% (9)	2,28% (6)	2,04% (7)
Þorbjörn hf.	2,26%	2,31% (7)	0,97% (18)	1,17% (16)
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	2,14%	1,76% (14)	2,19% (7)	1,90% (8)
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	1,91%	1,82% (13)	1,74% (9)	1,38% (14)
Samtals þessi tíu fyrirtæki	32,22%	30,41%	26,68%	25,25%
Tíu stærstu útgerðir hvert ár	32,22%	31,24%	27,82%	26,51%

Það er vert að hafa hugfast þegar þróun aflahlutdeildar er skoðuð, eins og í töflu 14.1, að nokkrar sveiflur eru í tölunum. Ástæður sveiflnanna er fyrst og fremst að finna í breyttu aflamarki einstakra tegunda og breytingum á verðmætastuðlum tegunda (þorskígildum). Til viðbótar er síðan flutningur á aflahlutdeildum þegar keyptur er kvóti og/eða skip og þegar sameining fyrirtækja á sér stað.

Í töflunni má sjá að sameiginleg hlutdeild þeirra tíu fyrirtækja sem nefnd eru í töflunni hefur aukist úr rúmum 25% í rúm 32% af úthlutuðu aflamarki innan lögsögunnar. Þar sem sum þessara fyrirtækja voru ekki meðal tíu stærstu útgerðanna öll árin er einnig birt samtala á hlutdeild þeirra tíu fyrirtækja er stærst voru á þessum árum. Hlutdeild tíu stærstu fyrirtækjanna á hverjum tíma hefur aukist heldur minna, eða úr 26,5% í 32,2%, sem er rúmlega 20% aukning. Þessi aukning þarf ekki að koma á óvart, enda mátti gera ráð fyrir að skipum, og þar með útgerðum, mundi fækka með tilkomu kvótakerfisins.

Tafla 14.1 að framan sýnir hlutdeild stærstu fyrirtækjanna sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki. Úthlutað aflamark er hins vegar yfirleitt aðeins á bilinu 75–83% af leyfðum heildarafla. Það er því öllu eðlilegra að skoða hlutdeild stærstu fyrirtækjanna sem hlutfall af leyfðum heildarafla hvers árs. Það er gert í töflu 14.2.

Tafla 14.2. Aflamark tíu stærstu útgerðanna sem hlutfall af leyfilegum heildarafla hvers árs.
(Allar aflamarkstegundir innan lögsögu.)

	1998/99	1997/98	1996/97	1995/96
Samherji hf.	4,61%	4,19%	3,67%	2,87%
Haraldur Böðvarsson hf.	3,82%	3,56%	2,79%	1,99%
Útgerðarfélag Akureyringa hf.	3,24%	2,83%	3,03%	2,97%
Þormóður rammi – Sæberg hf.	3,21%	3,51%	1,21%	1,26%
Grandi hf.	2,63%	2,62%	3,10%	3,36%
Síldarvinnslan hf.	2,10%	1,86%	2,09%	1,79%
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	1,88%	1,79%	1,86%	1,55%

Þorbjörn hf.	1,88%	1,92%	0,79%	0,89%
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	1,78%	1,46%	1,78%	1,44%
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	1,58%	1,51%	1,42%	1,05%
Samtals þessi fyrirtæki	26,73%	25,26%	21,73%	19,18%

Þegar hlutdeild stærstu fyrirtækjanna er skoðuð sem hlutdeild af heildaraflamarki kemur önnur mynd á umfangi þessara fyrirtækja í ljós. Heildarhlutdeild tíu stærstu fyrirtækjanna er þannig um 5,5 prósentustigum minni en þegar hlutdeild í úthlutuðu aflamarki er skoðuð.

Þá er einnig forvitnilegt er að skoða aflahlutdeild fyrirtækjanna í töflu 14.1 yfir sama tímabil en taka tillit til aflahlutdeildar þeirra fyrirtækja sem runnu saman í sameiningarferli undanfarinna ára. Þetta er gert í töflu 14.3. Taflan gefur aðra mynd af þróun aflahlutdeildareignar undanfarin fiskveiðiár. Samkvæmt töflunni hefur heildarhlutdeild þessara tíu, nú sameinaðra, fyrirtækja staðið í stað eða heldur minnkað.

Mörg fyrirtækjanna hafa, eins og sjá má á töflunni, sameinast til þess að auka hagræðingu í rekstri. Þannig sameinuðust Oddeyri hf. á Akureyri og Friðþjófur hf. á Eskifirði móðurfyrirtæki sínu, Samherja hf. á Akureyri, á árunum 1996–98. Á sömu árum gengu útgerðarfyrirtækið Hrönn hf. á Ísafirði og Sigluberg hf. í Grindavík inn í Samherja hf. Að auki eignaðist Samherji hf. fyrirtækið Fiskimjöl og lýsi hf. í Grindavík þegar eigendur þess fyrirtækis gengu inn í Samherja hf. Áður höfðu Stokksnes hf., Söltunarfélag Dalvíkur hf., Strýta hf., Eyrarfrost hf., Hamar hf. og Samherji hf. (gamli) sameinast á árinu 1996 í Samherja hf. (hinum nýja).

Tafla 14.3. Aflamark tíu stærstu fyrirtækjanna sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki hvers árs, að meðtalinni aflahlutdeild sameiningaraðila. (Allar tegundir innan lögsögu.)

	1998/99	1997/98	1996/97	1995/96
Samherji hf. – Hrönn hf. – Sigluberg hf. – Oddeyri hf. – Friðþjófur hf.	5,56%	5,75%	6,71%	5,85%
Haraldur Böðvarsson hf. – Krossvík hf. – Miðnes hf.	4,61%	4,28%	5,02%	4,95%
Útgerðarfélag Akureyringa hf.	3,90%	3,41%	3,72%	3,91%
Þormóður rammi – Sæberg hf. – Magnús Gamalíelsson	3,87%	4,23%	3,19%	3,49%
Grandi hf.	3,17%	3,16%	3,80%	4,43%
Síldarvinnslan hf.	2,53%	2,24%	2,56%	2,36%
Fiskiðjan Skagfirðingur hf. – Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf.	2,27%	2,16%	2,88%	2,82%
Þorbjörn hf. – Bakki hf. – Ósvör – Græðir ehf.	2,26%	2,31%	2,14%	2,39%
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	2,14%	1,76%	2,19%	1,90%
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	1,91%	1,82%	1,74%	1,38%
Samtals	32,22%	31,12%	33,95%	33,48%

Haraldur Böðvarsson hf. á Akranesi sameinaðist útgerðarfyrirtækinu Krossvík hf. á Akranesi á árinu 1996 undir nafni þess fyrrnefnda. Árið 1997 sameinaðist síðan Miðnes hf. í Sandgerði fyrirtæki Haralds Böðvarssonar hf. Þormóður rammi hf. á Siglufirði og Sæberg hf. á Ólafsfirði sameinuðust á árinu 1997. Síðar á sama ári gekk Magnús Gamalíelsson hf. á Ólafsfirði inn í hið sameinaða fyrirtæki Þormóður rammi – Sæberg hf. Fiskiðjan Skagfirðingur hf. varð til um áramótin 1995–96 við sameiningu nokkurra tengdra fyrirtækja og síðar sameinaðist Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf. fyrirtækinu en Fiskiðjan átti þá þegar meiri hluta í því fyrirtæki. Bakki hf. á Bolungarvík sameinaðist Þorbirni hf. í Grindavík sumarið 1997. Bakki hf. á Bolungarvík hafði orðið til árið áður við sameiningu fyrirtækja í Hnífsdal

og Bolungarvík. Bakki hf. í Hnífsdal og útgerðarfélagið Ósvör hf. í Bolungarvík, ásamt dótturfyrirtækjum, höfðu þá sameinast undir nafni Bakka hf.

Ef aðeins er skoðað botnfiskaflamark og stærstu fyrirtækin fundin þannig, kemur nokkuð önnur mynd. Tafla 14.4 sýnir stærstu útgerðir miðað við botnfiskaflamark sem hlutfall af úthlutuðu botnfiskaflamarki.

Tafla 14.4. Botnfiskaflamark tíu stærstu fyrirtækjanna sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki. (Botnfisktegundir innan lögsögu.)

		1998/99	1991/92
1	Útgerðarfélag Akureyringa hf.	5,53%	4,02%
2	Samherji hf.	5,48%	3,32%
3	Grandi hf.	4,70%	4,34%
4	Haraldur Böðvarsson hf.	4,27%	2,22%
5	Þormóður rammi – Sæberg hf.	3,78%	
6	Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	3,18%	1,47%
7	Vinnslustöðin hf.	2,98%	2,48%
8	Snæfell hf.	2,63%	
9	Þorbjörn hf.	2,55%	
10	Skagstrendingur hf.	2,04%	2,24%
	Tíu stærstu á hvoru fiskveiðiári	37,15%	24,86%

Enn skal minnt á að sameining fyrirtækja hefur átt sér stað undanfarin ár. Af þeim fyrirtækjum sem voru í hópi tíu stærstu fyrirtækjanna 1991/92 hafa bæði Miðnes hf. og Sæberg hf. sameinast öðrum fyrirtækjum sem eru í hópi tíu stærstu 1998/99. Þá hafa orðið miklar breytingar á verðmætastuðlum (þorskígildum), sem skekkja myndina og einnig nokkrar breytingar á aflamarki einstakra tegunda.

Af framangreindu er ljóst að ekki er sama hvaða tölur eru notaðar til að athuga hvort og þá hve mikil samþjöppun hefur orðið á aflahlutdeildum. Engu að síður er þó ljóst að einhver samþjöppun hefur átt sér stað, bæði með kaupum einstakra fyrirtækja á kvóta annarra og með sameiningu fyrirtækja.

Önnur spurning snýr hins vegar að því hverjir eru eigendur kvótanna. Fyrirtækin tíu í töflu 14.4 hafa samtals 10.000 hluthafa, eða um 1.000 að meðaltali, eins og sýnt er í töflu 14.5. Stærsti hluthafinn á að meðaltali um 30% og stærsti einstaki hluthafinn á 93% í Snæfelli hf. en eins og kunnugt er þá er Snæfell hf. kaupfélagsfyrirtæki. Stærsti hluthafinn í Fiskiðjunni Skagfirðingi hf. á um 58% hlut en Fiskiðjan er einnig kaupfélagsfyrirtæki. Í heildina séð má sjá að félög í eigu almennings, þ.e. almenningshlutafélög á VÞÍ, kaupfélög, hluta- og verðbréfasjóðir, lífeyrissjóðir og sveitarfélög, eiga samtals að meðaltali um 59% í tíu stærstu fyrirtækjunum, miðað við úthlutað botnfiskaflamark. Árið 1990 voru hluthafar í þessum fyrirtækjum innan við 2.800 og átti stærsti hluthafinn að meðaltali um 40%. Stærstu þrír áttu þá um 66%, stærstu fimm 79% og stærstu tíu um 90%. Félög í eigu almennings, þá aðallega sveitarfélög og kaupfélög, áttu ríflega 25% í þessum fyrirtækjum árið 1990.

Ef tíu stærstu fyrirtækin í töflu 14.1 að framan, þ.e. fyrirtækin sem eiga mest aflamark í öllum tegundum innan lögsögunnar eru skoðuð kemur í ljós að hluthafafjöldi þeirra er einnig rúm 10.000, eða 1.000 að meðaltali, og meðalhlutafjáreign félaga í eigu almennings er um 45%. Stærsti einstaki hluthafinn á um 58% en það er í Fiskiðjunni Skagfirðingi, sem er eins

og áður greinir kaupfélagsfyrirtæki. Sveitarfélög eiga um 4% að meðaltali, lífeyrissjóðir um 9%, hluta- og verðbréfasjóðir um 6%, kaupfélög um 7% og almenningshlutafélög á VÞÍ um 19%. Heildarverðmæti hlutafjár fyrirtækjanna, en níu af tíu eru skráð á hlutabréfamarkaði, er rúmir 50 milljarðar. Fyrirtækin hafa þó mismikið verðmæti hvert um sig en tölurnar hér miðast við árslok 1998. Almenningshlutafélög eiga um 9,5 milljarða í þessum fyrirtækjum, lífeyrissjóðir um 5 milljarða, hluta- og verðbréfasjóðir um 3,5 milljarða kr., sveitarfélög rúman 1,5 milljarða og kaupfélög rúman milljarð kr. Meðalhlutur smærri hluthafa (sem ekki eru í hópi tíu stærstu) er um hálf millj. kr. en meðaltal allra hluthafa um 2,0 millj. kr.

Tafla 14.5.


	Fjöldi hluth.	Stærsti hluthafi	Þrír stærstu	Fimm stærstu	Tíu stærstu	Sveitar-félög	Líf-eyrissj.	Hl.- og verðbsj.	Alm. hlutafélög	Aðrir
Útgerðarfélag Akureyringa hf.	1.667	20%	50%	60%	71%	20%	8%	6%	47%	19%
Samherji hf.	3.741	21%	62%	68%	76%	0%	8%	7%	2%	84%
Grandi hf.	1.018	26%	46%	56%	68%	0%	13%	9%	26%	52%
Haraldur Böðvarsson hf.	1.157	10%	27%	40%	61%	0%	10%	7%	30%	53%
Þormóður rammi – Sæberg hf.	561	19%	34%	43%	59%	0%	8%	10%	25%	57%
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	187	58%	77%	90%	965%	10%	1%	4%	81%	4%
Vinnslustöðin hf.	734	18%	38%	52%	66%	3%	12%	16%	32%	38%
Snæfell hf.	119	93%	96%	98%	100%	1%	0%	2%	96%	1%
Þorbjörn hf.	391	11%	34%	51%	71%	0%	4%	4%	6%	86%
Skagstrendingur hf.	438	24%	55%	68%	82%	24%	2%	8%	53%	14%
Meðaltal	1.001	30%	52%	62%	75%	6%	7%	7%	39%	41%

Þess skal að lokum getið að sjávarútvegsráðherra skipaði nefnd til að skoða eignarhald á aflaheimildum í upphafi árs 1997 og í framhaldi af niðurstöðum nefndarinnar var lögunum um stjórn fiskveiða breytt árið 1998 á þann veg að hámark var sett á aflahlutdeildareign í einstökum fiskstofnum og á heildarhlutdeildareign útgerða. Með lagabreytingunni er sett hámark á aflahlutdeild einstakra tegunda og hámark á heildaraflahlutdeild allra tegunda í eigu sama aðila og tengdra aðila. Með þessu má enginn aðili eða tengdir aðilar eiga meira en 10% af aflahlutdeild í þorski og ýsu, 20% í ufsa, karfa, grálúðu, síld, loðnu og úthafsrækju. Þá má enginn aðili eða tengdir aðilar eiga meira en 8% af heildaraflahlutdeild allra tegunda. Þó er kveðið á um að hámark á heildaraflahlutdeild allra tegunda megi vera allt að 12% hjá aðilum þar sem enginn á meira en 20% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Stærri samvinnufélög falla einnig undir þessa reglu.

15. Tengsl og sambýli sjávarútvegs við aðrar atvinnugreinar.


Allt frá upphafi aldarinnar hafa gjaldeyristekjur þjóðarbúsins að mestu leyti byggst á útfluttum sjávarafurðum. Sjávarafurðir standa enn undir um ¾ af þeim gjaldeyristekjum sem aflað er með vöruviðskiptum við aðrar þjóðir eins og sjá má á mynd 15.1.

Mynd 15.1. Útflutningur sjávarafurða sem hlutfall af útflutningi.




Sjávarafurðir eru burðarásinn í öflun gjaldeyristekna en íslenskur þjóðarbúskapur hefur búið við óstöðugleika af tvennum toga sem rekja má til sjávarútvegs. Í fyrsta lagi má rekja óstöðugleikann til óvissra aflabragða vegna náttúrulegra aðstæðna í hafinu kringum landið og í öðru lagi til þeirra verðsveiflna sem einkenna viðskipti með sjávarafurðir. En þrátt fyrir að rekja mætti óstöðugleika íslensks efnahagslífs að nokkru til sjávarútvegs hafa fiskimiðin umhverfis landið verið undirstaða hagvaxtar og lífskjaraaukningar sem skipað hefur Íslendingum í raðir tekjuhæstu þjóða heimsins.

Mynd 15.2. Hlutfallslegt framlag atvinnuvega til landsframleiðslu.



Sveiflur í afla hafa minnkað á þessum áratug með tilkomu heildstæðs aflahlutdeildarkerfis fiskveiðunum. Þá hafa miklar breytingar átt sér stað á reglum um fjármagnsflæði inn og út úr landinu og gengi íslensku krónunnar er nú markaðstengt. Þessar breytingar valda því að þótt afkoma útflutningsgreina hafi áfram óbein áhrif á gengið hefur vægi þess minnkað og fjármagnshreyfingar ráða nú meiru. Af þessum, og reyndar fleiri ástæðum, er ekki hægt að halda því fram lengur að sveiflur í sjávarútvegi skýri allar sveiflur í íslensku efnahagslífi. Má í því sambandi nefna, að núverandi uppsveifla í efnahagslífinu hefur lítið með uppgang í sjávarútvegi að gera. Miklu nær er að halda því fram að stóriðnaður og fjármagnshreyfingar ráði þar mestu um.

Mynd 15.3. Verg hlutdeild (framlegð) atvinnugreina 1973-95.



Samspil sjávarútvegs og annarra atvinnugreina er langt í frá að vera einfalt og auðskilið. Almennt efnahagsástand og sögulegar aðstæður hafa markað brautina fyrir þróunina í sjávarútvegi sem og öðrum atvinnugreinum. Það mikla umbreytingaskeið sem ríkt hefur í íslenskum efnahagsmálum á síðustu árum hefur gjörbreytt öllum fyrri forsendum íslensks atvinnulífs og þar með skapað grundvöll fyrir breyttar áherslur í efnahagsmálum.

Iðnaður sem tengist sjávarútvegi.

Umfjöllun um sjávarútveg og mikilvægi sjávarafurða við öflun gjaldeyristekna fyrir íslenskt þjóðarbú hefur fyrst og fremst mótast af afstöðu til heildarstærða í þjóðarbúskapnum. Minna hefur farið fyrir umfjöllun um bein hagræn tengsl milli fyrirtækja í sjávarútvegi og fyrirtækja í öðrum greinum. Hér á eftir verður m.a. stuðst við skýrslu nefndar sem iðnaðarráðherra skipaði og lauk störfum árið 1995. Í skýrslunni Tengsl iðnaðar og sjávarútvegs er sjónarhornið aðeins þrengt og skoðuð eru umsvif í iðnaði sem rekja má beint til nýtingar fiskstofnanna við landið. Einnig var reynt að leggja mat á þróun þessara tengsla út frá því sjónarmiði hvort sóknarfæri sem íslenskur sjávarútvegur skapar fyrir aðrar atvinnugreinar séu nýtt sem skyldi.

Að ýmsu var hugað varðandi tengsl sjávarútvegs og iðnaðar í skýrslunni. Meðal annars var reynt að meta hve umfangsmikil viðskipti eiga sér stað milli innlendra iðnfyrirtækja og fyrirtækja í sjávarútvegi. Hvernig er háttað samkeppnisstöðu innlendra iðnfyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi samanborið við erlenda keppinauta? Hefur almennt efnahagsumhverfi hér á landi verið þannig að það hafi hamlað eðlilegri þróun í atvinnulífinu eða er ef til vill skýringarinnar að leita í innri gerð fyrirtækjanna sjálfra.

Í mörgum iðnríkjum hefur efnahagsþróunin verið með þeim hætti að nokkrar undirstöðugreinar mynda vaxtargrundvöll fyrir fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum. Þannig má sjá þróun efnahagslífsins frá því að byggjast á fáum undirstöðugreinum yfir í fjölbreyttari atvinnustarfsemi sem smám saman tapar upphaflegum tengslum við frumframleiðslugreinarnar. Í kjölfarið breytist eðli utanríkisviðskiptanna frá því að flytja út lítið unnar afurðir verður hlutur sér-

hæfðari framleiðslu á ýmsum sviðum mikilvægari. Út frá þessari reynslu annarra þjóða mætti spyrja hvort eitthvað hindraði að sambærileg þróun ætti sér stað hér á landi.

Eins og í öðrum atvinnugreinum þurfa fyrirtæki í sjávarútvegi að eiga viðskipti við fyrirtæki í ólíkum atvinnugreinum í tengslum við sinn eigin rekstur. Fyrirtæki í mismunandi greinum tengjast aðallega með tvennum hætti. Annars vegar með óbeinum og hins vegar með beinum tengslum.

Með óbeinum tengslum er átt við tengsl við aðrar atvinnugreinar vegna almennra eftirspurnaráhrifa sem rekja má til tekjumyndunar í viðkomandi fyrirtæki eða atvinnugrein. Slík eftirspurnartengsl geta verið með ýmiss konar en yfirleitt er hér átt við þau almennu hagrænu áhrif sem starfsemi einstakra fyrirtækja og atvinnugreina hefur á efnahagslífið í heild. Í þessu sambandi er gjarnan talað um margfeldisáhrif ákveðinnar starfsemi.

Bein tengsl geta verið af tvennum toga. Í fyrsta lagi er talað um baktengsl. Hér er átt við viðskipti þar sem fyrirtæki kaupir hráefni eða önnur aðföng sem nauðsynleg eru í framleiðslunni. Einnig er talað um baktengsl þegar ákveðið fyrirtæki fjárfestir í vélum eða tækjum til framleiðslunnar. Dæmi um baktengsl í sjávarútvegi eru kaup fyrirtækja í fiskveiðum á veiðarfærum og þjónustu skipasmíðastöðva. Í fiskvinnslunni má nefna kaup á fiskvinnslutækjum og umbúðum fyrir afurðirnar.

Bein tengsl af öðrum toga eru svokölluð framtengsl. Framtengsl eru viðskipti þar sem ákveðið fyrirtæki selur framleiðslu sína til annars fyrirtækis sem síðan notar viðkomandi vöru eða þjónustu í eigin framleiðslu. Þannig má segja að baktengsl og framtengsl séu hvor sín hliðin á sama fyrirbærinu. Það sem eru baktengsl gagnvart því fyrirtæki sem kaupir eru jafnframt framtengsl þess fyrirtækis sem selur.

Á sambærilegan hátt má sjá slík tengsl út frá einstökum atvinnugreinum. Víðtæk innbyrðis tengsl af þessu tagi milli fyrirtækja og atvinnugreina eru til vitnis um háþróað efnahagslíf þar sem verkaskipting hefur komist á ákveðið stig. Auðveldasta leiðin til að meta slík tengsl er að athuga svokölluð aðfanga- og afurðayfirlit sem birt eru í flestum iðnríkjum. Þar eru á skipulegan hátt skráð innbyrðis viðskipti einstakra atvinnugreina, oftast allítarlega sundurliðuð. Því miður er slíkt yfirlit ekki til fyrir íslenska hagkerfið. Kerfisbundin athugun á tengslum sjávarútvegs við aðrar atvinnugreinar og samanburður við önnur lönd var því ekki mögulegur við vinnu skýrslunnar. Í þess stað varð að styðjast við grófari aðferðir við mat á viðskiptum íslensks sjávarútvegs við aðrar atvinnugreinar og þá sérstaklega iðnað.

Viðskipti iðnaðar og sjávarútvegs.

Hin beinu tengsl, þ.e. fram- og baktengsl, snúa að fremur fáum atvinnugreinum í iðnaði. Sú atvinnugreinaskipting sem notuð er hér á landi gaf ekki færi á mjög nákvæmri sundurliðun almenns iðnaðar út frá beinum efnahagslegum tengslum við sjávarútveg. Auk þess voru ekki til staðar aðfanga- og afurðatöflur þar sem skráð eru innbyrðis viðskipti milli einstakra atvinnugreina.

Engu að síður var reynt að rekja, í stórum dráttum, tengsl sjávarútvegs og iðnaðar út frá atvinnugreinaskiptingunni. Í nokkrum greinum voru viðskiptin við sjávarútveg yfirgnæfandi, svo sem í veiðarfæragerð og skipasmíðum, en í öðrum greinum voru viðskiptin við sjávarútveg einungis hluti af heildarumfangi greinanna. Nokkuð misjafnt var hversu mikilvæg viðskiptin við sjávarútveg voru eftir greinum.

Niðursuða og reyking byggir starfsemi sína að mestu leyti á vinnslu sjávarafurða af ýmsu tagi. Engu að síður vinnur hluti niðurlagningariðnaðarins úr öðru hráefni en sjávarafurðum, t.d. grænmeti. Skýrslan miðar við að viðskiptin við sjávarútveg séu um 80% af heildarumsvifum í greininni.

Annar matvælaiðnaður byggist einungis að hluta á vinnslu sjávarafurða. Til þessarar greinar teljast þó fyrirtæki sem framleiða dýrafóður sem að miklu leyti er unnið úr fiski. Miðað var við að fjórðungur af starfsemi greinarinnar tengdist sjávarútvegi.

Veiðarfæraiðnaður telst eðlilega eiga öll sín viðskipti við sjávarútveg. Ekki var gerður greinarmunur á sjávarútvegi hér á landi og í öðrum löndum en umtalsverður útflutningur hefur verið á veiðarfærum héðan til annarra landa.

Pappa- og pappírsvörugerð byggir afkomu sína mikið á viðskiptum við sjávarútveg. Framleiðsla á umbúðum af ýmsu tagi fyrir sjávarútveg hefur verið drýgsti hluti framleiðslunnar í þessari grein og talin nema ¾ hlutum af heild.

Önnur umbúðagrein, plastiðnaður, framleiðir einnig töluvert fyrir sjávarútveg en ekki eins mikið og pappírsvörugerð. Í skýrslunni var miðað við að fjórðungur framleiðslunnar færi til sjávarútvegs.

Málmsmíði og vélaviðgerðir eiga mikil viðskipti við sjávarútveg, bæði vegna véla og búnaðar af ýmsu tagi sem framleiddur er hér á landi og í tengslum við viðhald á skipum og fiskvinnslustöðvum. Þessi viðskipti voru talin helmingur af heildarveltu í greininni.

Viðskipti skipasmíða beinast að mestu að sjávarútvegi. Engu að síður er hluti framleiðslunnar seldur öðrum, svo sem til annarra skipa en fiskiskipa og á síðari árum til aðila í landi. Skýrslan miðar við að um 80% af viðskiptum greinarinnar tengist sjávarútvegi.

Smíði og viðgerð mælitækja beinist að hluta að sjávarútvegi, enda tækjabúnaður af ýmsu tagi mikilvægur í veiðum og vinnslu. Í skýrslunni var miðað við að um helmingur af viðskiptum greinarinnar tengdist sjávarútvegi. Það sama á við um smíði og viðgerð raftækja.

Síðasta iðngreinin sem tengist sjávarútvegi með beinum hætti er rafiðn en uppsetning og viðhald á rafbúnaði af ýmsu tagi fyrir sjávarútveg er mikilvægur hluti af starfi rafvirkja. Fjórðungur af umfangi greinarinnar var talinn tengjast sjávarútvegi.

Viðskipti sjávarútvegs við aðrar atvinnugreinar takmarkast ekki einungis við þessar greinar. Mörg fyrirtæki í byggingariðnaði og þjónustu eiga mikil viðskipti við sjávarútveg. Vegna afmörkunar á viðfangsefni nefndarinnar var ekki fjallað um þessar greinar sérstaklega, heldur sjónum beint að almennum iðnaði. Ef meta ætti heildaráhrif af viðskiptum sjávarútvegs við aðrar greinar væri nauðsynlegt að taka fleiri atvinnugreinar með í reikninginn.

Allar iðngreinarnar, nema niðursuða, reyking og annar matvælaiðnaður, tengjast sjávarútvegi með baktengslum. Segja má að meginframtengsl sjávarútvegsins séu frá fiskveiðum til fiskvinnslu og að framtengslin í lagmetisiðnaði og öðrum matvælaiðnaði séu einungis hluti af þeirri mynd. Sjávarútvegur er í eðli sínu vinnsla á matvælum og því hlýtur það fyrst og fremst að vera matvælaiðnaðurinn, þ.m.t. fiskvinnslan, sem skapar framtengslin við fiskveiðarnar.

Tafla 15.1. Áætlað hlutfall viðskipta einstakra iðngreina við sjávarútveg

Veiðarfæraiðnaður	100%
Niðursuða og reyking	80%
Skipasmíðar, skipaviðgerðir	80%
Pappa- og pappírsvörugerð	75%
Málmsmíði	50%
Smíði og viðgerðir mælitækja	50%
Smíði og viðgerðir raftækja	50%
Annar matvælaiðnaður	25%
Rafvirkjun	25%
Plastiðnaður	25%

Framleiðsla og vinnuafl.

Hlutdeild iðnaðar sem tengist sjávarútvegi í landsframleiðslunni hefur verið fremur stöðug frá því í upphafi áttunda áratugarins en minnkaði þó í byrjun þessa áratugar. Árið 1973 telst iðnaður sem tengist sjávarútvegi hafa rétt tæp 3% af heildarframleiðslunni í landinu. Árið 1980 er þetta hlutfall svo til óbreytt en hafði fallið í um 2,5% árið 1993. Til samanburðar er iðnaður sem tengist landbúnaði töluvert umfangsminni, en hann stendur fyrir um 1,5–2% af framleiðslunni. Hlutur fiskvinnslunnar í framleiðslunni hefur minnkað nær samfellt frá 1980 en hlutur fiskveiðanna vaxið. Hlutur iðnaðar dróst saman á þennan mælikvarða, úr 12,2% 1973 í 11,9% 1997.

Frá 1973 til ársins 1993 jókst framleiðslan í atvinnulífinu í heild um 3% á ári að meðaltali. Í sjávarútvegi var vöxturinn töluvert meiri eða 3,8% á ári en í iðnaði sem tengist sjávarútvegi jókst framleiðslan að meðaltali einungis um 2% á ári að meðaltali.

Gróflega má skipta þessu 20 ára tímabili í tvennt. Annars vegar fram til ársins 1987 og hins vegar frá 1988–93. Til og með 1987 einkenndist framvindan af stöðugum vexti framleiðslunnar. Í sjávarútvegi aukast vergar þáttatekjur (vergar þáttatekjur eru samtala launa og hagnaðar en að frádregnum óbeinum sköttum og að viðbættum framleiðslustyrkjum) að meðaltali um tæp 10% á ári frá 1973–80. Hér gætir áhrifa af útfærslu landhelginnar, fyrst í 50 mílur og síðar í 200 mílur. Í iðnaði tengdum sjávarútvegi var framleiðsluaukningin töluvert minni á þessu tímabili eða um 4,5% á ári. Til samanburðar aukast vergar þáttatekjur í atvinnulífinu öllu um 4% á ári að meðaltali á þessum árum.

Frá 1980 til 1987 snerist þróunin að nokkru við. Vergar þáttatekjur í sjávarútvegi aukast einungis um 1,5% á ári en mikill samdráttur varð í sjávarútvegi á árunum 1981–83 þegar bæði botnfisk- og loðnuveiðar drógust mikið saman. Í iðnaði tengdum sjávarútvegi varð hins vegar ekki vart samdráttar. Vergar þáttatekjur aukast um tæp 5% að meðaltali á tímabilinu, eða um ½ prósentustigi umfram vöxt vergra þáttatekna í atvinnulífinu í heild.

Tímabilið frá 1988 til 1993 einkenndist af stöðnun í íslensku efnahagslífi. Þessi stöðnun kom fram í flestum greinum atvinnulífsins og ekki hvað síst í sjávarútvegi og tengdum greinum. Fram til ársins 1993 aukast vergar þáttatekjur í heild einungis um tæp 0,5% á ári að meðaltali en í sjávarútvegi dróst framleiðslan saman um 0,5% á ári. Innan sjávarútvegsins var þróunin með ólíkum hætti í veiðum og vinnslu. Iðnaður sem tengist sjávarútvegi dróst talsvert saman á þessu tímabili, eða um rúm 3,5% á ári að meðaltali.

Erfitt var að meta af nákvæmni hve mikil viðskipti eiga sér stað milli sjávarútvegs og iðnaðar. Hér að framan var fjallað um þær forsendur sem skýrslan er byggð á varðandi hlutfallslegt mikilvægi sjávarútvegs í starfsemi einstakra iðngreina. Miðað við þessi hlutföll, rekstrartekjur í sjávarútvegi og iðnaði og virðisaukaskattsskylda veltu í þessum atvinnugreinum, var reynt að meta hve mikil viðskiptin væru. Í ljós kom að umsvif iðnaðar sem tengist sjávarútvegi drógust nokkuð saman miðað við umsvif í sjávarútvegi. Árið 1987 var hlutfall rekstrartekna í iðnaði tengdum sjávarútvegi og rekstrartekna í sjávarútvegi alls 0,2%. Með öllum þeim fyrirvörum sem nauðsynlegt þótti að hafa um skilgreininguna á iðnaði sem tengist sjávarútvegi með beinum hætti þýddi þetta að velta í sjávarútvegi upp á eina milljón fól í sér 200 þús. kr. veltu í tengdum iðnaði. Fjórum árum síðar, árið 1991, var þetta hlutfall komið niður í 0,15% sem þýddi að fyrir hverja milljón í sjávarútvegi jukust rekstrartekjur í tengdum iðnaði um 150 þús. kr. Þetta felur í sér að umsvif innlends iðnaðar sem tengist sjávarútvegi hafi dregist saman um fjórðung á þessu tímabili miðað við óbreytt umsvif í sjávarútvegi. Þessu til viðbótar kunna síðan að koma áhrif á iðnað vegna minni umsvifa í sjávarútvegi vegna minni afla. Á þennan mælikvarða lætur nærri að heildarumsvif iðnaðar sem tengist sjávarútvegi hafi verið um 16 milljarðar kr. árið 1991 samanborið við heildarumsvif í sjávar-

útvegi, bæði veiðum og vinnslu, upp á rúma 104 milljarða kr. Rekstrartekjur í iðnaði alls án stóriðju námu tæpum 96 milljörðum kr. þannig að hlutfall iðnaðar sem tengist sjávarútvegi gæti samkvæmt þessu verið um 17% af heildarumsvifum alls iðnaðar án stóriðju.

Samanburður við virðisaukaskattsskylda veltu í þessum atvinnugreinum á árunum 1990–93 leiddi til svipaðrar niðurstöðu. Áætlað var að árið 1990 hefði heildarvelta í iðngreinum sem tengjast sjávarútvegi numið rúmum 15 milljörðum króna á verðlagi þess árs. Sú upphæð svarar til 2,7% af heildarveltu í hagkerfinu og tæplega 16% af veltu í sjávarútvegi. Árin 1991 og 1992 héldust þessi hlutföll óbreytt en áætluð velta í sjávarútvegstengdum iðnaði árið 1993 var um 15,5 milljarðar á verðlagi þess árs, sem svarar einungis til 14,2% af veltu sjávarútvegs. Tölurnar eru grófar vísbendingar og ekki er hægt að draga af þeim tölum óyggjandi niðurstöður en líklega gefa þær vísbendingar um framvinduna.

Önnur aðferð til að meta umsvif í iðngreinum sem tengjast sjávarútvegi er að kanna rekstrarútgjöld sjávarútvegs og skiptingu þeirra milli einstakra liða. Árið 1991 nam heildarrekstrarkostnaður sjávarútvegs án launagreiðslna og afskrifta samtals um 61 milljarði króna. Hráefniskaup fiskvinnslunnar námu rúmum 31 milljarði sem voru í raun milliviðskipti innan sjávarútvegsins. Útgjöld vegna olíu námu alls 4,3 milljörðum þannig að útgjöld sjávarútvegsfyrirtækja vegna kaupa á vörum og þjónustu fyrir utan hráefni og olíu námu alls um 26 milljörðum. Með afar grófu mati á hlutdeild innflutnings og viðskiptum við fyrirtæki í þjónustugreinum og eftir að tekinn var með í reikninginn útflutningur á iðnvarningi til sjávarútvegs og innlend nýsmíði skipa fékkst sú niðurstaða að umsvif í iðnaði tengdum sjávarútvegi hefði alls numið um 12 milljörðum kr. árið 1991. Þessi aðferð gaf heldur lægri tölu en sú aðferð sem rekstrarkostnaður í iðnaði tengdum sjávarútvegi gefur til kynna. Munurinn er þó ekki mikill og var talið að „rétt" tala gæti legið á bilinu 12–16 milljarðar króna árið 1991.

Fjöldi starfa í þeim iðnaði sem tengist sjávarútvegi hefur verið á bilinu 2,5–3,5% af heildarvinnuaflinu í landinu, eða á bilinu 3.000–4.000 ársverk. Árið 1987 var fjöldi starfa í iðngreinum tengdum sjávarútvegi í hámarki, um 4.100 ársverk, og hafði þá aukist úr um 3.000 í upphafi áttunda áratugarins. Árið 1991 var fjöldi starfa í iðnaði tengdum sjávarútvegi aftur á móti kominn niður í um 3.100 ársverk. Það var fjórðungs fækkun á einungis fjórum árum. Til samanburðar fækkaði störfum í heild um tæp 6% á þessu tímabili. Sé tekið tillit til þess að árið 1987 var um margt sérstakt þensluár í íslensku atvinnulífi og miðað við árið 1986 kemur í ljós að störfum í iðnaði tengdum sjávarútvegi fækkaði um 20% á sama tíma og störfum í heild fækkaði lítið sem ekkert.

Hlutfall starfa í iðnaði tengdum sjávarútvegi hélst nokkuð stöðugt á áttunda og níunda áratugnum. Nærri lét að á bak við starf (ársverk) í iðnaði tengdum sjávarútvegi væru um fjögur störf (ársverk) í sjávarútvegi. Á allra síðustu árum hefur þetta hlutfall þó lækkað og má ætla að árið 1993 hafi verið um fimm störf í sjávarútvegi fyrir hvert starf í iðnaði sem tengist sjávarútvegi.

Í sjávarútvegi má sjá nokkuð skýra þróun frá því á miðjum síðasta áratug til fækkunar starfa í fiskvinnslu miðað við fiskveiðar. Fyrir þann tíma fór störfum í landi fjölgandi miðað við störf úti á sjó. Árið 1984 voru um 1,8 störf í fiskvinnslu fyrir hvert starf í fiskveiðum. Árið 1990 var þetta hlutfall komið niður í 1,1 en var síðan 1,2 árið 1995. Skýringar á þessari þróun eru eflaust margar. Með fjölgun frystitogara hefur fiskvinnslan í auknum mæli færst út á sjó og sífellt stærri hluti af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða kemur frá frystitogurum. Auk þess jókst verulega útflutningur á ferskum fiski . Á síðustu árum hefur þó dregið úr slíkum útflutningi.

Skipta má iðnaði tengdum sjávarútvegi í fimm undirgreinar, málmiðnað, úrvinnslugreinar, veiðarfæragerð, umbúðaiðnað og tæknigreinar. Af þessum undirgreinum eru málmiðnaðar-

greinarnar hlutfallslega mikilvægastar hvað varðar fjölda starfa. Árin 1973 voru ⅔ af störfunum í þessum greinum en árið 1993 hafði hlutfallið lækkað í tæp 60%. Til málmiðnaðargreina teljast málm- og skipasmíðar auk rafvirkjunar.

Í heild dróst fjöldi ársverka saman í málmiðnaðargreinum og veiðarfæragerð, en í öðrum greinum fjölgar ársverkum. Frá 1980 til 1991 fjölgar ársverkum um 1,5% á ári í úrvinnslugreinum, umbúðaiðnaði og tæknigreinum en fækkar aftur á móti um 2–2,5% í veiðarfæragerð og málmiðnaði. Samtals fækkar ársverkum um 1% á ári að meðaltali í öllum greinum iðnaðar sem tengjast sjávarútvegi.

Frá 1988 til 1993 fækkaði ársverkum í öllum undirgreinum iðnaðar sem tengist sjávarútvegi verulega. Mest varð fækkunin orðið í veiðarfæragerð, tæp 12% á ári að meðaltali en minnst í umbúðaiðnaði, um 3% á ári. Samtals fækkaði um tæp 7% á ári að meðaltali í þessum iðngreinum.

Í samanburði við aðrar atvinnugreinar er þessi fækkun ársverka í iðnaði sem tengist sjávarútvegi ekkert einsdæmi. Ef sambærilegar meðaltalsbreytingar ársverka fyrir nokkrar atvinnugreinar eru skoðaðar kemur í ljós að á tímabilinu 1988 til 1993 fækkar ársverkum í iðnaði sem tengist landbúnaði og í fiskvinnslu álíka mikið eða meira. Aftur á móti fækkar ársverkum í heild aðeins um 1,5% á ári á þessu sama tímabili. Einnig má benda á að í fiskveiðum fjölgar ársverkum lítillega á þessu tímabili.

Í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að umfang viðskipta milli fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi virðist eðlilegt miðað við þær aðstæður, starfsskilyrði og skipulag sem þessar greinar hafa búið við. Íslensk fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi hafi mörg verið meðal öflugustu fyrirtækja í atvinnulífinu og staðið erlendum keppinautum síst að baki í alþjóðlegri samkeppni. Á vissan hátt hafa þessi fyrirtæki notið ákveðins forskots vegna nálægðar við sjávarútveginn og hafa af þeim sökum náð að byggja upp sterka stöðu hér innan lands. Hins vegar hafði ekki tekist að byggja upp öfluga útflutningsstarfsemi á grundvelli þessara viðskipta milli sjávarútvegs og iðnaðar. Ástæður þess virðast hafa verið margþættar, t.d. óstöðug efnahagsskilyrði, lágt vinnslustig sjávarafurða og innra skipulag iðnaðarins sjálfs.

Lágt vinnslustig hefur löngum einkennt íslenskan útflutning og þá ekki hvað síst sjávarafurðir. Á þessu hefur orðið töluverð breyting á síðustu árum og vinnslustig sjávarafurða hefur hækkað ár frá ári. Hækkandi vinnslustig sjávarfurða ætti að kalla á aukin umsvif í iðnaði sem tengist sjávarútvegi, svo sem í málmiðnaði og umbúðaiðnaði, auk þess sem þjónustugreinar af ýmsu tagi njóta góðs af slíkri þróun. Með hærra vinnslustigi minnka enn líkurnar á sveiflukenndri þróun viðskiptakjara þar sem verð á neysluvörumarkaði er stöðugra en verð á hrávörumarkaði.

Vandi iðnfyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi hefur ekki einungis snúið að óstöðugum efnahagsskilyrðum. Smæð fyrirtækja, veik fjárhagsstaða þeirra og vanþróuð lárétt verkaskipting og sérhæfing hefur gert það að verkum að þau hafa mörg hver verið illa í stakk búin til að nýta þá möguleika sem sjávarútvegurinn hefur boðið upp á. Íslenskur sjávarútvegur býður upp á tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki í iðnaði og þjónustu. Ólíkt því sem gildir um flesta aðra atvinnustarfsemi myndar sjávarútvegurinn stóran og kröfuharðan heimamarkað fyrir vörur og þjónustu af ýmsu tagi. Fyrirtæki sem hasla sér völl á þessum markaði ættu því að hafa kjöraðstöðu til þess að standa sig vel í alþjóðlegri samkeppni. Sú þróun sem orðið hefur í átt til frekari vinnslu sjávarafurða kallar á framleiðslu ýmiss konar búnaðar og tækja fyrir sjávarútveg. Sjávarútvegur skapar því grundvöll fyrir öflugan og vaxandi iðnað sem keppir á heimsmarkaði á því fjölbreytta sviði sem framleiðsla fyrir sjávarútveg er. Á undanförnum árum hafa sprottið upp öflug íslensk iðnfyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi og mörg þeirra eru meðal stærstu fyrirtækja landsins.

16. Auðlindin í sjónum.

Flókið samspil margra umhverfisþátta hefur áhrif á fæðuvefinn í sjónum og þar með á vöxt og viðgang nytjastofnanna við landið. Á hverju ári fylgist því Hafrannskóknastofnunin með helstu umhverfisþáttum og svifasamfélögum á Íslandsmiðum, auk hefðbundinna rannsókna á ástandi nytjastofna. Að auki notar Hafrannsóknastofnunin upplýsingar frá fiskiskipum, svo sem úr árlegu togararalli og netaralli.


Sjávarútvegsráðherra gefur á hverju ári út heildaraflamark hverrar fisktegundar sem veiða má. Ráðherra byggir ákvörðun sína á ráðgjöf sem hann fær frá Hafrannsóknastofnuninni. Stofnunin hefur yfir eigin skipum að ráða, sem notuð eru til rannsókna á nytjastofnum. Á fiskveiðiárinu 1998/99 eru 15 fisktegundir á Íslandsmiðum háðar aflamarki. Þetta eru tíu botnfisktegundir: þorskur, ýsa, ufsi, karfi, grálúða, skarkoli, steinbítur, langlúra, skrápflúra og sandkoli, tvær uppsjávarfisktegundir: síld og loðna, og einnig rækja, humar og hörpuskel. Þessar tegundir skapa vel yfir 90% af aflaverðmæti. Nokkrar tegundir eru ekki háðar aflamarki.

Ástand stofna.

Þorskur.

Árið 1983 var veiðistofn þorsks 795 þús. tonn og hafði ekki mælst eins lítill áður. Stórir árgangar frá 1983 og 1984 komu í veiðistofninn á árunum 1987–89 og stækkaði þá stofninn og var 1.055 þús. tonn árið 1988. Mikil sókn ásamt lélegri nýliðun átti mestan þátt í því að stofninn komst í sögulegt lágmark, aðeins 548 þús. tonn, árið 1992. Í framhaldinu voru friðunaraðgerðir hertar og 25% aflareglu komið á árið 1995.


Mynd 16.1. Þorskur
Heildarafli og meðalveiðidánartala 5-10 ára þorsks



Þyngd eftir aldri árið 1997 var að meðaltali svipuð og árið 1996. Hlutfallslegur kynþroski eftir aldri hélst hár árið 1997, svipaður og á árunum 1992–95. Stærð veiðistofns þorsks 1998 var áætlaður 975 þús. tonn, þar af var hrygningarstofninn talinn um 528 þús. tonn. Í úttekt Hafrannsóknastofnunarinnar árið 1997 var veiðistofn áætlaður 851 þús. tonn við upphaf ársins 1998 en hrygningarstofn um 406 þús. tonn. Meginbreytingar eru þær að árgangarnir frá 1992 og 1993 eru nú taldir stærri en áður. Þetta á alveg sérstaklega við um árgang 1992 en

hans hefur gætt meir í veiðunum en búist hafði verið við. Síðan 1985, eða í rúman áratug, hafa allir árgangar í þorskstofninum reynst undir meðallagi. Aðeins 1993 árgangurinn er metinn sem meðalárgangur og óvissa er um stærð 1997 árgangsins.

Mynd 16.2. Veiðistofn og hrygningarstofn þorsks



Veiðidánartala hækkaði óverulega árið 1997 miðað við árið 1996. Samkvæmt niðurstöðum stofnstærðarmats ætti 25% aflareglan að leiða til frekari minnkunar á sókn (veiðidánartölu) á árinu 1998. Þrátt fyrir laka nýliðun mestallan tíunda áratuginn hefur tekist að rétta stofninn smám saman við og er gert ráð fyrir að veiðistofn sé um 1.030 þús. tonn í ársbyrjun 1999. Nýliðun 1997 og 1998 hefur verið ágæt og er því reiknað með góðum vexti í stofninum á næstu árum. Þorskaflinn á árinu 1998 var 242 þús. tonn en var 203 þús. tonn árið 1997. Mest veiddist af fjögurra og fimm ára þorski. Aflamark fyrir fiskveiðiárið 1997/98 var 218 þús. tonn og er 250 þús. tonn fiskveiðiárið 1998/99. Sá árangur sem náðst hefur í endurreisn veiðistofns og sérstaklega kynþroska hluta hans er fyrst og fremst að þakka takmörkun veiða undanfarin ár.


Ýsa.

Árið 1983 var ýsustofninn metinn 155 þús. tonn en hann minnkaði á næstu árum og var orðinn 138 þús. tonn árið 1986. Stofninn óx á ný þegar stór árgangur frá 1983 kom í veiðarnar og stækkaði veiðistofninn í 254 þús. árið 1989. Stofninn minnkaði síðan aftur í 162 þús. tonn árið 1992. Þegar 1990 árgangurinn bættist í veiðistofninn stækkaði hann í 204 þús. tonn árið 1994. Þar eð þessa árgangs gætir ekki lengur í veiðunum hefur stofninn minnkað á ný og er áætlaður um 155 þús. tonn í ársbyrjun 1999. Nýliðun í ýsustofninum er mjög sveiflukennd þannig að sumir árgangar geta verið afar rýrir en einstaka sinnum eru þeir mjög stórir og hafa þá veruleg áhrif á þróun stofnstærðar meðan þeirra gætir í stofninum. Meðalþyngd ýsu hefur verið lítil undanfarin 6–7 ár miðað við næstu fimm ár á undan. Kemur þetta fram bæði í stofnmælingar- og aflagögnum. Á árinu 1997 var meðalþyngd enn fremur lítil nema hvað 5 ára ýsa var tekin að þyngjast. Kynþroskahlutfall hefur verið og er mjög hátt hjá ungum fiski. Mikil umskipti eru að verða í aldurssamsetningu veiðistofns þar sem hlutdeild ungrar ýsu er orðin há. Þetta kemur til af því að stóru árgangarnir frá 1989 og 1990 sem voru ríkjandi í afla eru nú að hverfa úr stofninum. Stór árgangur frá 1995 bættist í veiðistofninn á árinu 1998. Árgangurinn frá 1994 skilaði sér illa inn í veiðina 1997 sem þriggja ára fiskur og mat á honum samkvæmt veiði og stofnmælingu botnfiska bendir til þess að hann sé minni en

áður var talið. Árgangurinn frá 1996 er talinn lítill. Þessi litli árgangur veldur miklu um að talið er að veiðistofn vaxi fremur hægt á næstu árum jafnvel þó að nokkuð stór árgangur frá 1995 hafi nú bæst í hann. Veiðidánarstuðlar ýsu hafa um árabil verið háir en virðast hafa lækkað töluvert árið 1997.

Ýsuaflinn á árinu 1998 var um 41 þús. tonn og aflinn á árinu 1997 varð 44 þús. tonn. Hafrannsóknastofnunin hafði lagt til 40 þús. tonna afla á fiskveiðiárinu 1996/97. Leyfilegur hámarksafli var hins vegar 45 þús. tonn á sama tíma. Hafrannsóknastofnunin lagði til að ýsuafli færi ekki yfir 35 þús. tonn fiskveiðiárið 1998/99. Þessi sóknarminnkun er miðuð við að sókn í ýsustofninn verði sjálfbær. Þessi sókn takmarkar auk þess veiðar á smáýsu.

Mynd 16.3. Ýsa
Heildarafli og veiðidánartala 4-7 ára ýsu



Karfi.

Mat á stærð gullkarfastofnsins byggist á vísitölum úr stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum sem ná aftur til ársins 1985. Stofninn fór vaxandi fram til ársins 1987 en vegna aukinnar sóknar minnkaði stofninn stöðugt næstu árin og komst í lágmark 1995. Betri nýliðun, ásamt meiri takmörkunum á afla frá 1996, hefur leitt til þess að stofninn er nú aftur í vexti. Hvað djúpkarfa snertir er þróunin áþekk en afli á togtíma í djúpkarfaveiðunum sýnir að stofninn minnkaði talsvert frá 1988 til 1996. Á þessum árum féll afli á sóknareiningu á botnvörpu um meira en helming. Afli á sóknareiningu 1997 hefur aukist lítillega en enn þá er ástand stofnsins slæmt. Þrátt fyrir aflamarkskerfið hefur heildarafli karfategundanna beggja á hverju ári farið fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og á það sinn þátt í því hvernig þessir stofnar hafa þróast á umræddu tímabili. Karfastofnar eru sameiginlegir stofnar sem finnast í lögsögu Grænlands og Færeyja auk Íslands. Ekki hefur náðst samkomulag um heildarstjórnun á þessum stofnum.

Samanlagður afli á gullkarfa og djúpkarfa á Íslandsmiðum árið 1998 var rúm 68 þús. tonn en síðastliðinn áratug hefur afli á þessum tegundum verið á bilinu 62–97 þús. tonn. Gullkarfaafli hefur farið minnkandi á undanförnum árum. Sókn í stofninn dróst verulega saman árið 1996 en afli á sóknareiningu fyrir gullkarfa hefur verið lítill undanfarin ár. Vísitölur gullkarfa úr stofnmælingu botnfiska hafa lækkað verulega frá árinu 1986. Margt bendir þó til vaxandi nýliðunar í veiðistofninn. Augljóst er að gullkarfastofninn hefur minnkað mikið síðasta áratuginn og er nú í mikilli lægð. Hafrannsóknastofnunin lagði til að sókn í gullkarfa á fiskveiðiárinu 1998/99 yrði ekki aukin og að hámarksaflinn færi ekki yfir 35 þús. tonn.

Afli á djúpkarfa er enn í mikilli lægð eftir mikið fall á árunum 1986–94 samhliða mikilli aukningu í afla og sókn. Svo virðist sem aukinnar nýliðunar sé þó að vænta inn í veiðistofn-

inn. Vegna sterkra vísbendinga um slæmt ástand djúpkarfastofnsins lagði Hafrannsóknastofnunin til að hámarksaflinn fiskveiðiárið 1998/99 færi ekki yfir 30 þús. tonn.

Úthafskarfi veiðist í lögsögu Íslands og Grænlands en þó aðallega á hinum alþjóðlega hluta Grænlandshafs. Úr úthafskarfastofninum veiddust a.m.k. 120 þús. tonn árið 1997 og er því búið að veiða rúmlega 1,4 milljónir tonna úr stofninum frá því að veiðar hófust árið 1982. Árið 1998 var afli íslenskra skipa um 46 þús. tonn, að teknu tilliti til úrkasts en var tæp 38 þús. tonn árið 1997. Um þriðjungur af þeim afla veiðist innan íslensku lögsögunnar. Á árinu 1996 var farið í sameiginlegan leiðangur Íslendinga, Þjóðverja og Rússa þar sem stofn úthafskarfa var mældur með bergmálsaðferð. Samtals mældist um 1,6 milljónir tonna af úthafskarfa á svæðinu en það er talið vanmat á stærð stofnsins. Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC) ákvað 153 þús. tonna sameiginlegan heildarkvóta úr stofninum árið 1998 og hlutur Íslendinga var 45 þús. tonn. Ef framhald verður á minnkun afla á sóknareiningu og lækkun annarra vísitalna á stofnstærð mun þurfa að minnka afla frá því sem nú er.

Ufsi.

Árið 1983 var veiðistofn ufsa metinn 256 þús. tonn. Næstu ár stækkaði stofninn þegar stórir árgangar frá 1983 og 1984 komu til sögunnar og komst stofninn í 442 þús. tonn árið 1988. Síðan fór stofninn hratt minnkandi, að hluta vegna veiðiálags en fyrst og fremst vegna lélegrar nýliðunar og var veiðistofninn kominn í sögulegt lágmark, tæp 140 þús. tonn, árið 1996. Þar sem ekki eru til neinar haldbærar mælingar á nýliðun í ufsastofninn hefur verið stuðst við meðalnýliðun einhvers tiltekins árabils þegar gerðar hafa verið tillögur um aflamark á þessa tegund. Á síðari árum hafa þessi meðaltöl reynst of há, þróun stofnstærðar því verið ofmetin og þar af leiðandi hefur ekki náðst að veiða upp í aflaheimildir. Ufsaaflinn árið 1998 var rúm 30 þús. tonn en var um 37 þús. tonn árið 1997. Þetta var minnsti ufsaafli í meira en þrjá áratugi. Veiðistofn í ársbyrjun 1998 var metinn um 160 þús. tonn og hrygningarstofn um 90 þús. tonn. Sókn í ufsa hefur verið verulega hærri en kjörsókn og umfram þá sókn sem gefur hámarksafrakstur. Nýliðun í ufsastofninn hefur verið léleg á undanförnum árum og litlar haldbærar vísbendingar eru til um stærð uppvaxandi árganga. Hafrannsóknastofnunin lagði til að enn yrði dregið úr sókn í ufsastofninn og að ufsaafli á fiskveiðiárinu 1998/99 fari ekki yfir 30 þús. tonn.

Grálúða.

Veiðistofn grálúðu var 210 þús. tonn árið 1983. Stofninn stækkaði næstu ár og varð stærstur 277 þús. tonn árið 1987. Síðan hefur veiðistofninn verið á niðurleið og var kominn í 109 þús. tonn 1998, sem er sögulegt lágmark. Ástæður fyrir þessum mikla samdrætti má rekja til mikillar sóknar í grálúðu en veiðar úr stofninum hafa árlega farið langt fram úr ráðgjöf. Stofninn er sameiginlegur með Grænlandi, Íslandi og Færeyjum og ekki hefur tekist samkomulag um stjórn veiðanna úr honum. Heildarafli af grálúðu á þessu svæði var tæp 30 þús. tonn árið 1997. Afli Íslendinga innan efnahagslögsögunnar var tæp 17 þús. tonn. Árið 1998 var aflinn um 11 þús. tonn og er það minnsti grálúðuafli af Íslandsmiðum síðan 1981. Þrátt fyrir vaxandi sókn á síðustu árum hefur það ekki skilað sér í auknum afla og afli á sóknareiningu hefur farið minnkandi. Þannig var afli á sóknareiningu 1996–97 einungis tæp 30% af meðaltali áranna 1985–89. Mikilvægt er að samkomulag náist um tilhögun grálúðuveiða úr þessum sameiginlega stofni. Hafrannsóknastofnunin lagði til að heildarafli af grálúðu á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar fiskveiðiárið 1998/99 yrði ekki meiri en 10 þús. tonn.

Skarkoli.

Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska fyrir árin 1985–98 benda til þess að veiðistofn skarkola hafi minnkað verulega á tímabilinu. Skarkoli var í aflamarkskerfinu árin 1984–85. Árið 1985 fór aflinn hátt í 15 þús. tonn sem er mesti skarkolaafli á Íslandsmiðum frá upphafi. Veiðar á skarkola voru ekki takmarkaðar aftur fyrr en hann var tekinn í aflamarkskerfið á ný árið 1991. Skarkolaaflinn árið 1998 var um 7.200 tonn en var um 10.500 tonn árið 1997. Afli undanfarin fiskveiðiár hefur verið 5–15% undir úthlutuðu aflamarki stjórnvalda og 10–24% umfram tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar. Bráðabirgðastofnmat með aldursaflaaðferð bendir til þess að fiskveiðidánarstuðlar á undanförnum árum hafi verið töluvert hærri en ætla má að gefi hámarksafrakstur úr skarkolastofninum til lengri tíma litið. Afli á sóknareiningu hefur farið minnkandi og vísitölur úr stofnmælingu botnfiska benda til verulegrar minnkunar stofnsins. Samkvæmt stofnmælingu botnfiska og aldurssamsetningu afla er ekki að vænta góðrar nýliðunar í veiðistofn á næstu árum. Hafrannsóknastofnunin lagði til að dregið yrði úr sókn í skarkola og að leyfilegur hámarksafli fiskveiðiárið 1998/99 yrði 7.000 tonn.

Steinbítur.

Á árunum 1985–88 jókst steinbítsaflinn úr tæplega 10 þús. tonnum í yfir 14 þús. tonn, varð mestur tæp 18 þús. tonn árið 1991 en minnkaði síðan í tæp 13 þús. tonn árin 1993–95. Aflinn jókst aftur í nær 15 þús. tonn árið 1996 en dróst aftur saman í tæp 12 þús. tonn árið 1997 og 1998. Vísitala veiðistofns í stofnmælingum hefur í stórum dráttum farið minnkandi síðan árið 1985 og árið 1995 var hún aðeins um 43% af vísitölunni tíu árum áður. Á árunum 1995–98 hefur vísitala veiðistofns hins vegar farið hækkandi á ný. Vísitala ungviðis bendir til vaxandi nýliðunar í veiðistofni. Talið er að aflinn síðasta áratug hafi verið meiri en nemur langtímaafrakstri stofnsins. Hafrannsóknastofnunin lagði því til að steinbítsaflinn á fiskveiðiárinu 1998/99 færi ekki yfir 13 þús. tonn.

Aðrar botn- og flatfisktegundir.

Síðastliðinn áratug hefur sandkolaafli aukist úr 1.200 tonnum árið 1987 í tæp 8.000 tonn árið 1997 en var um 5.100 árið 1998. Á síðustu árum er farið að sækja sérstaklega í sandkola. Afli í kasti í Faxaflóa var tiltölulega jafn á árunum 1991–97, að meðaltali um 540 kg. Við Suðurland hefur afli í kasti verið mun breytilegri eða að meðaltali um 700 kg í kasti. Afrakstursgeta stofnsins er enn ekki þekkt. Hafrannsóknastofnunin lagði til að sandkolaafli fiskveiðiárið 1998/99 færi ekki yfir 7.000 tonn.

Síðan árið 1990 hefur skrápflúruafli vaxið úr aðeins 650 tonnum í rúm 6.400 tonn árið 1996 en var 5.700 tonn árið 1997 og 3.200 árið 1998. Skrápflúruafli í kasti (dragnót á svæðinu frá Snæfellsnesi suður og austur um að Stokksnesi) hefur hins vegar farið minnkandi eða úr um 1.270 kg að meðaltali árin 1992–94 í 720 kg árið 1997. Afrakstursgeta stofnsins er enn þá óþekkt. Hafrannsóknastofnunin lagði til að afli á þessari hefðbundnu skrápflúruslóð færi ekki yfir 5.000 tonn fiskveiðiárið 1998/99.

Langlúruaflinn minnkaði úr tæpum 4.600 tonnum árið 1987 í tæplega 1.300 tonn árið 1990. Aflinn jókst aftur og var um 2.500 tonn árið 1992 en hefur síðan verið á bilinu 1.500–1.800 tonn en var um 1.300 tonn árið 1997 og tæp 1.000 árið 1998. Afli á sóknareiningu hjá dragnótabátum var um 1.000 kg í kasti árið 1987 en minnkaði í um 600 kg á árunum 1989–91. Hann hefur farið stöðugt minnkandi síðan og var aðeins um 350 kg í kasti árin 1996 og 1997. Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska benda til þess að veiðistofninn hafi minnkað um allt að helming frá árinu 1985. Bráðabirgðastofnmat með aldursaflagreiningu bendir til þess að veiðistofn langlúru sé nú um helmingur af því sem hann var í upphafi árs 1987. Af-

rakstursútreikningar benda til að stofninn geti gefið 1.000–1.100 tonna afla að meðaltali til lengri tíma litið. Í ljósi þessa lagði Hafrannsóknastofnunin til að afli fiskveiðiárið 1998/99 færi ekki yfir 1.100 tonn.

Eftir tæplega tíu ára hlé var farið að landa og nýta þykkvalúru á ný árið 1985. Árið 1997 varð aflinn um 1.100 tonn, sem er mesti afli síðan árið 1992. Samkvæmt stofnmælingu botnfiska hefur veiðistofn þykkvalúru minnkað um þriðjung frá árinu 1985 og á aðalveiðisvæðinu undan Suðvesturlandi hefur afli í kasti með dragnót minnkað úr 350–400 kg árin 1991–92 í um 200 kg árin 1993–97.

Á tímabilinu 1951–73 var ársafli stórkjöftu 400–700 tonn og veiddu útlendingar mestan hluta aflans. Árin 1987–97 hefur ársaflinn verið 150–400 tonn. Stórkjaftan veiðist sem meðafli, einkum í dragnót og humarvörpu. Afli á sóknareiningu í dragnót hefur lækkað úr 100 kg á árunum 1991–94 í tæp 60 kg árið 1997.

Blálanga hefur aðallega fengist sem aukaafli í botnvörpu. Á árunum 1986–91 var blálönguafli Íslendinga á bilinu 1.600–2.000 tonn. Árið 1993 varð aflinn 5.300 tonn, vegna beinna veiða, en minnkaði síðan í tæp 1.600 tonn árið 1995. Blálönguaflinn var um 1.300 tonn árin 1996 og 1997 en um 1.000 tonn árið 1998.

Langa fæst aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar. Undanfarin ár hefur löngуafli Íslendinga verið 4.000–5.000 tonn en aflinn árið 1997 og 1998 var um 3.600 tonn hvort ár. Með svipaðri sókn má ætla að löngуaflinn fari ekki yfir 4.000 tonn fiskveiðiárið 1998/99.

Keiluafli Íslendinga var um 5.200 tonn árin 1995 og 1996 en um 4.800 tonn árið 1997, sem er um 84% af heildarafla keilu á Íslandsmiðum. Íslendingar fóru fyrst að sækja sérstaklega í keilu árið 1989 en áður hafði keila aðallega fengist sem aukaafli við aðrar veiðar. Með aukinni sókn í keilu virðist stofninn og nýliðun hafa minnkað. Árið 1997 hefur sóknin minnkað en afli á sóknareiningu aukist. Gera má ráð fyrir því að keiluaflinn verði um 5.000–6.000 tonn á fiskveiðiárinu 1998/99.

Árið 1997 var lúðuafli á Íslandsmiðum 790 tonn og 1998 var hann 420 tonn, sem er minnsti afli á síðari helmingi þessarar aldar. Lengst af hefur skráður lúðuafli Íslendinga verið á bilinu 900–1.900 tonn og einkum fengist sem aukaafli við tog- og línuveiðar. Afli á sóknareiningu hefur minnkað mikið á seinni árum, bæði í veiðum og stofnmælingu botnfiska og virðist ástand lúðustofnsins afar slæmt. Engin umtalsverð nýliðun er fyrirsjáanleg í hrygningarstofninum á næstu árum. Hafrannsóknastofnunin lagði til að bein sókn í lúðu yrði bönnuð.

Gulllax hefur veiðst í botnvörpu við Ísland um langt árabil, einkum sem aukaafli við karfaveiðar. Tilraunaveiðar hófust árið 1986 og var fram haldið næstu ár. Mikil aukning hefur verið í gulllaxveiðum. Árið 1997 fór aflinn í tæp 3.400 tonn og 1998 fór hann í 15.700 tonn. Lítið er vitað um afrakstursgetu stofnsins. Hafrannsóknastofnunin lagði til að sókn yrði ekki aukin of mikið og að aflinn á fiskveiðiárinu 1998/99 færi ekki yfir 6.000 tonn.

Síld.

Stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar hefur verið mæld með bergmálsaðferðinni frá 1973. Stofninn hefur farið stöðugt vaxandi, enda nýttur nálægt kjörsókn og var hrygningarstofninn kominn í sögulegt hámark, 555 þús. tonn, árið 1994. Hrygningarstofninn var um 435 þús. tonn árið 1998. Á vertíðinni 1997/98 varð síldarafli úr íslenska sumargotsstofninum einungis 64 þús. tonn en leyfðar höfðu verið veiðar á 100 þús. tonnum. Á vertíðinni 1998/99 er gert ráð fyrir að mest verði veitt af fjögurra ára síld, þ.e. 1994 árganginum, en að veiðin muni að öðru leyti dreifast á marga eldri árganga. Hegðun síldarinnar út af Austfjörðum var um margt óvenjuleg og jafnvel talið að sumargotssíld hafi gengið á Færeyjamið í byrjun árs 1998. Bergmálsmælingar voru því gerðar við mjög óvenjulegar aðstæður og því ríkir óvissa um

ástand stofnsins. Hafrannsóknastofnunin lagði til að leyfilegur hámarksafli yrði 90 þús. tonn á vertíðinni 1998/99. Þessi tillaga miðast við heildarafla að meðtöldum veiðiheimildum sem flytjast á milli vertíða.

Samkvæmt samkomulagi Færeyinga, Íslendinga, Norðmanna og Rússa um fyrirkomulag veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum var heildaraflamark þessara aðila Evrópusambandsins fyrir árið 1998 1,3 milljónir tonna og hlutur Íslendinga þar af 202 þús. tonn. Íslendingar veiddu um 197 þús. tonn það ár. Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur lagt til að leyfilegur hámarksafli verði 1,2 milljónir tonna árið 1999.

Loðna.

Loðnan er skammlífur fiskur og stærð stofnsins byggist á mjög fáum árgöngum þannig að afraksturinn er mjög háður nýliðun. Veiðireglan er sú að skilja eftir í lok vertíðar 400 þús. tonn af hrygningarloðnu til viðhalds stofninum. Frá 1983 óx stofn kynþroska loðnu í upphafi vertíðar úr 1,1 milljón tonna í 2,3 milljónir tonna árið 1986. Hrygningarstofninn minnkaði svo í kjölfar lélegrar nýliðunar í um 750 þús. tonn árið 1990. Hann hefur svo farið ört vaxandi á ný og mældist 2,2 milljónir tonna 1996. Heildaraflinn á loðnuvertíðinni 1997/98 varð um 1.250 þús. tonn en leyft hafði verið að veiða 1.265 þús. tonn. Mælingar á stærð loðnustofnsins sem gerðar voru sumarið og haustið 1997 bentu til þess að vænta mætti um 1.420 þús. tonna afla á vertíðinni 1998/99. Hafrannsóknastofnunin lagði til að loðnuaflinn á fiskveiðiárinu 1998/99 yrði tæp ein milljón tonn.

Kolmunni.

Heildarkolmunnaafli í NA-Atlantshafi 1997 var 634 þús. tonn. Íslendingar hafa stundað litlar veiðar úr stofninum á undanförnum árum. Afli Íslendinga 1997 var um 10.500 tonn en aðeins um 500 tonn 1996. Árið 1998 fór aflinn hins vegar í 64 þús. tonn. Stofninn er talinn vera í góðu ásigkomulagi. Heildarstofn er metinn um 4,7 milljónir tonna, þar af er hrygningarstofn um 2,7 milljónir tonna. Árgangarnir frá 1995 og 1996 voru báðir stórir og héldu uppi veiðinni árið 1998. Fiskveiðiráðgjafarnefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins mælir með að kolmunnaaflinn í heild verði innan við 650.000 tonn á ári.

Humar.

Frá 1978 hefur ávallt verið reynt að miða sókn í humarstofninn við kjörsókn. Það hefur gengið eftir í stórum dráttum en stundum hafa aðstæður, t.d. sveiflur í stofnstærð, leitt tímabundið til óvenju mikillar sóknar á tilteknum miðum. Með skiptingu leyfilegs hámarksafla eftir svæðum mætti hugsanlega laga sveiflur í sókn enn frekar að stærð veiðistofns á hverju svæði. Humaraflinn árið 1998 varð rúm 1.400 tonn en hafði verið liðlega 1.200 tonn og 1.600 tonn árin 1997 og 1996. Meðalafli á sóknareiningu árið 1997 var 31 kg en hafði verið 35 kg og 27 kg árin 1996 og 1995. Veiðistofn humars (sex ára og eldri) árið 1999 er metinn 10 þús. tonn. Árið 1983 var veiðistofn humars metinn tæp 16 þús. tonn. Stofninn árin 1994–98 mælist því í sögulegri lægð, sem m.a. má rekja til slakari nýliðunar (árgangar 1987–89) en áður hefur þekkst. Horfur eru hins vegar á batnandi nýliðun (árgangar 1990–92), einkum á suðausturmiðum, og mun þróun stofnsins á komandi árum ráðast mjög af framvindu þeirrar nýliðunar. Hafrannsóknastofnunin lagði því til að sókn yrði ekki aukin og að humarafli fiskveiðiárið 1998/99 færi ekki yfir 1.200 tonn. Humarveiðar eru nú leyfilegar allt árið.

Rækja.

Afli á rækju á grunnslóð árið 1998 varð 5.800 tonn eða um 3.800 tonnum minni en árið áður. Ástand rækjustofna á grunnslóð er misjafnt, m.a. vegna þess hve mikið hefur verið af þorski á miðunum. Hafrannsóknastofnunin lagði til að upphafsafli yrði 5.050 tonn á fiskveiðiárinu 1998/99.

Úthafsrækjuveiðar hófust í byrjun áttunda áratugarins en fram til 1983 var úthafsrækjuaflinn aðeins brot af heildarrækjuaflanum. Veruleg aukning varð á árinu 1984 og árið 1986 var aflinn kominn í 30 þús. tonn. Aflamark var fyrst sett á úthafsrækju árið 1987. Helsti mælikvarðinn á ástand rækjustofnsins er afli á sóknareiningu í veiðunum. Eftir smálægð á árunum 1989–90 fór afli á sóknareiningu vaxandi næstu ár og náði sögulegu hámarki 1996. Veiðistofninn hafði stækkað vegna góðrar nýliðunar í stofninn. Afli á sóknareiningu hefur á árunum 1997 og 1998 minnkað verulega. Það tengist m.a. aukinni þorskgengd á norðurmiðum, sérstaklega árið 1998, sem hefur leitt til aukins afráns þorsks á rækju og enn fremur má ætla að þorskurinn hafi að einhverju leyti tvístrað rækjunni. Rækjuafli á djúpslóð jókst árið 1998, var um 50 þús. tonn, en var 66 þús. tonn árið 1997 og 57 þús. tonn árið 1996. Af aflanum árið 1998 veiddust tæp 1.400 tonn á Dohrnbanka sem er utan kvóta. Heildaraflamark fiskveiðiársins 1997/98 var 75 þús. tonn. Þess ber einnig að geta að nær enginn afli fékkst í Kolluál árið 1997 eftir undangengna ofveiði árin 1993–95 og þorskgengd vorin 1996 og 1997. Í samræmi við upplýsingar um auknar þorskgöngur í stofnmælingu rækju og stofnmælingu botnfiska árin 1997 og 1998 og verulegan samdrátt í rækjuafla á togtíma lagði Hafrannsóknastofnunin til að leyfilegur hámarksafli úthafsrækju fiskveiðiárið 1998/99 yrði 60 þús. tonn en lækkaði síðan hámarksaflann í 40 þús. tonn í janúar 1999 eftir frekari rannsóknir.

Vorið 1993 hófust rækjuveiðar á Flæmingjagrunni, alþjóðlegu hafsvæði austan efnahagslögsögu Kanada. Árið 1993 var afli Íslendinga rúm 2.200 tonn og jókst eftir það í 7.600 tonn árið 1995 og í rúm 21 þús. tonn árið 1996. Árið 1997 veiddu Íslendingar 6.300 tonn. Heildarafli allra þjóða á svæðinu náði hámarki árið 1996 og var rúm 51 þús tonn. Vegna verri aflabragða og meiri takmarkana á veiði, einkum af hendi Íslendinga, fór heildaraflinn aðeins upp í um 24 þús. tonn árið 1997. Íslensk stjórnvöld hafa sett heildaraflamark 6.800 tonn á íslensk skip á Flæmingjagrunni árið 1998, það sama og árið 1997.

Hörpudiskur.

Á Breiðafirði, þar sem helstu hörpudiskmiðin við landið eru, var stofnvísitalan í sögulegu hámarki árið 1982. Hún hefur smám saman farið minnkandi og er talið að stofninn hafi minnkað um 30–40% á árunum 1983–93. Mjög mikil sókn framan af tímabilinu leiddi til þess að hlutdeild stærri (eldri) skelja í stofninum fór ört minnkandi. Eftir að dregið var úr veiðum árið 1994 hefur hlutdeild eldri skelja í stofninum haldist mjög stöðug. Stofninn er nú aftur í vexti, bæði vegna sóknartakmarkana og betri nýliðunar. Heildarafli af hörpudiski árið 1998 var 10.000 tonn en var um 10.400 tonn árið 1997 og 8.900 tonn árið 1996. Af aflanum 1997 veiddust tæp 9.000 tonn í Breiðafirði. Á árunum 1983–87 var aflinn hins vegar á bilinu 13–17 þús. tonn, þar af 11–13 þús. tonn í Breiðafirði. Hafrannsóknastofnunin lagði til að leyfilegur hámarksafli af hörpudiski á fiskveiðiárinu 1998/99 yrði 8.500 tonn í Breiðafirði, 300 tonn í Arnarfirði og 1.000 tonn í Húnaflóa.

Önnur skeldýr.

Veiðar á kúfskel til manneldis eru nýlega hafnar hérlendis. Á árinu 1996 voru veidd um 6.300 tonn, árið 1997 var aflinn aðeins um 4.400 tonn en fór yfir 8.000 tonn 1998. Rannsóknir hérlendis hafa leitt í ljós að hér er um langlífa og hægvaxta tegund að ræða sem að öllum

líkindum er viðkvæm fyrir veiðum. Hafrannsóknastofnunin lagði því til að fyrst um sinn yrði veiðar miðaðar við 5% af áætlaðri stofnstærð.

Gildruveiðar á beitukóngi hófust í Breiðafirði árið 1996 og varð aflinn tæp 520 tonn. Árið 1997 jókst sóknin verulega og var alls landað tæpum 1.300 tonnum. Veiðarnar hafa einkennst af miklum sveiflum í meðalafla í gildru, úr um 2 kg í hverja dregna gildru að vetrar- og vorlagi upp í um 5–6 kg í gildru að sumar- og haustlagi. Talið er að hér séu að verki ýmsir samverkandi þættir (hitastig sjávar, tímgun, hrygning) sem hafi áhrif á veiðanleika beitukóngs í gildrurnar. Veruleg minnkun varð þó í afla á sóknareiningu á besta veiðitíma 1997 miðað við árið áður. Með tilliti til óvissu um veiðiþol beitukóngs telur Hafrannsóknastofnunin að fara beri varlega í að auka sókn þar til að ljóst sé hver viðbrögð stofnsins ríði við núverandi veiðiálagi.

Ígulkeraveiðar hófust árið 1992 og náðu hámarki árið 1994, tæpum 1.500 tonnum. Veiðin minnkaði í 980 tonn árið 1995, 490 tonn árið 1996 og nam aðeins 20 tonnum árið 1997. Aðal veiðisvæðið hefur frá upphafi verið Breiðafjörður. Ástæða þessa mikla samdráttar árin 1996 og 1997 er versnandi markaður í Japan, en vísbendingar eru þó fyrir hendi um að veiðarnar hafi þegar verið farnar að hafa talsverð áhrif á stofnstærð ígulkera.

Tafla 16.1. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark og ákvörðun sjávarútvegsráðherra um aflamark einstakra tegunda (þús. tonn).

	1993/94		1994/95		1995/96		1996/97		1997/98		1998/99	
	Afla-hámark	Afla-mark	Afla-hámark	Afla-mark	Afla-hámark	Afla-mark	Afla-hámark	Afla-mark	Afla-hámark	Afla-mark	Afla-hámark	Afla-mark
Þorskur	150	165	130	155	155	155	186	186	218	218	250	250
Ýsa	5	65	65	65	55	60	40	45	40	45	35	35
Ufsi	75	85	70	75	65	70	50	50	30	30	30	30
Karfi	80	90	65	77	60	65	65	65	65	65	65	65
Grálúða	25	30	25	30	20	20	15	15	10	10	10	10
Skarkoli	10	13	10	13	10	13	10	12	9	9	7	7
Steinbítur	14		14		13		13	13	13	13	13	10
Sandkoli							7		7	7	7	7
Langlúra							1,2	1,2	1,1	1,1	1,1	1,1
Skrápflúra							5		5	5	5	5
Úthafsrækja	40	52	45	62	40	63	55	60	70	75	60	60
Innfjarðarrækja	7,2	7,2	5,7	6,05	5,6	6,7	7,6	7,6	7,15	6,65	5,05	4,7
Humar	2,2	2,4	2,2	2,2	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,2	1,2	
Skelfiskur	10,1	11,3	10,2	10,05	9,45	9,25	9,3	9,1	8	8	9,8	9,8
Síld	90	111	120	137	110	125	100	110	100	100	100	70

Hrognkelsi.

Töluverðar sveiflur hafa verið í grásleppuafla á árabilinu 1971–97. Aflinn náði hámarki, um 13 þús. tonnum, árið 1984 en var minnstur rúm 3.000 tonn árið 1990. Grásleppuaflinn 1997 var um 6.500 tonn, tæplega 30% meiri en árið áður. Afli á sóknareiningu fór lækkandi á árunum 1991–96 og var á árinu 1996 tæplega helmingur af meðaltali árabilsins 1982–89. Vísitala stofnstærðar samkvæmt stofnmælingu botnfiska sýnir samsvarandi lækkun. Stofnmæling í mars 1997 benti til þess að hrognkelsagöngur mundu aukast og jókst afli á sóknareiningu á vertíðinni 1997 nokkuð. Vísitala frá því í mars 1998 var hins vegar um 25% lægri

en 1997. Hrognkelsastofninn er lítið rannsakaður og ber að fara varlega við nýtingu hans. Hafrannsóknastofnunin lagði til að sókn yrði ekki aukin.

Sjávarspendýr.

Hvalaveiðar voru stundaðar með hléum frá landstöðvum við Ísland í liðlega eina öld eða til ársins 1989. Frá árinu 1948 hafa veiðarnar takmarkast við starfsemi stöðvarinnar í Hvalfirði. Að meðaltali voru veiddar 234 langreyðar og 68 sandreyðar á ári tímabilið 1948–85 og 82 búrhvalir árin 1948–82. Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni. Í samræmi við ákvæði hvalveiðisáttmálans var hins vegar veiddur takmarkaður fjöldi lang- og sandreyða í rannsóknarskyni árin 1986–89 en engar hvalveiðar hafa verið síðan.

Samkvæmt nýlegum talningum eru um 16.000 langreyðar á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands en um 18.900 á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen, þ.e. norðan 50°N. Þegar gert er ráð fyrir að stofnsvæði langreyðar, sem gengur á miðin vestan við landið, nái til hafsvæðisins milli Austur-Grænlands, Íslands og Jan Mayen, sýna útreikningar gott ástand stofnsins og að hann þoli umtalsverðar veiðar, a.m.k. 100–200 hvali á ári. Í varúðarskyni lagði Hafrannsóknastofnunin til að þar til fyrir lægi aflaregla fyrir langreyði færi ársafli ekki yfir 100 dýr.

Talningar benda til að sandreyðarstofninn sem Íslendingar hafa veitt úr undanfarna áratugi sé a.m.k. um 10.500 dýr. Miðað við að einu veiðarnar á þessari tegund undanfarin ár hafa verið frá Íslandi er næsta víst að stofninn hafi þolað þær.

Hrefnuveiðar hafa verið stundaðar á litlum vélbátum hér við land mestan hluta þessarar aldar. Á árunum 1977–85 veiddu Íslendingar árlega um 200 hrefnur. Vegna banns við hvalveiðum í atvinnuskyni hafa hins vegar engar veiðar á hrefnu verið leyfðar hér við land frá lokum vertíðar 1985. Samkvæmt nýlegum talningum eru um 72.000 hrefnur á Mið-Atlantshafssvæðinu, þar af um 56.000 á íslenska landgrunninu. Samkvæmt nýlegri úttekt Vísindanefndar NAMMCO hafa veiðar undanfarna áratugi ekki haft nein teljandi áhrif á stofninn. Í samræmi við þessa úttekt lagði Hafrannsóknastofnunin til að aflamark fyrir hrefnu við Ísland yrði 250 dýr á ári.

Í heild er áætlað að um 279 þús. stór- og smáhveli séu á Íslandsmiðum. Samkvæmt tölum frá Hafrannsóknastofnuninni má gera ráð fyrir að fæðunám hvalanna í heild nemi rúmlega 6 milljónum tonna. Þar af er áætlað að fiskur sé um þriðjungur af fæðunámi hvala. Nota má fjölstofnalíkön til að meta hvaða áhrif hvalveiðar hefðu á afla á Íslandsmiðum. Í niðurstöðum fjölstofnalíkans Hafrannsóknastofnunarinnar má ætla að þorskafli gæti miðað við jafnstöðu orðið a.m.k. 50 þús. tonnum meiri á ári hverju við skynsamlega nýtingu hvalastofna.

Selir.

Alls veiddust 356 útselskópar á árinu 1997, 674 landselskópar, 911 fullorðnir útselir og 9 farselir. Selir voru taldir við strendur landsins árið 1995 og var stærð landselastofnsins þá metin um 19 þús. dýr og útselastofninn um 8 þús. dýr. Landsel fækkaði hratt á árunum 1980 til um 1989 en hefur verið í svipaðri stærð síðan og er stofninn talinn þola þá veiði sem nú er stunduð. Veiðar á útsel virðast umfram afrakstursgetu stofnsins.

Umhverfi auðlindarinnar.


Ákvörðun um árlegan heildarafla er án efa það sem mest hefur að segja um viðgang stofnsins. Hin síðari ár hefur skilningur þó verið að aukast á að fleira komi til. Þannig eru t.d. umhverfisþættir taldir mjög mikilvægir, bæði hvað varðar sjávarhita og samspil fiskstofna

og sjávardýra. Þá er einnig talið mikilvægt að vernda smáfisk og hrygningarfisk og ganga vel um auðlindina almennt. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um þessi nýju áherslusvið í stjórnun auðlindarinnar.

Ástand sjávar.

Á hafísárunum frá 1965 til 1971 var sjórinn við Ísland mun kaldari en um miðja öldina og hitastigið hefur ekki jafnað sig enn og eru sveiflur miklar. Mynd 16.4. sýnir meðalhitastig í sjónum norðan Sigluness að vori frá árinu 1952. Við Vestur-Grænland fór sjórinn að kólna um 1962 og hafði kólnað um 1,5°C árið 1970. Enn er þar kaldur sjór og ástand lífríkisins slæmt.

Mynd 16.4 Meðalhitastig í sjónum norðan Sigluness að vori



Fjölstofnarannsóknir.

Á undanförnum árum hefur stöðugt aukist notkun fjölstofnalíkana þegar teknar eru ákvarðanir um nýtingu einstakra sjávardýrastofna. Má nefna að notast er við niðurstöður fjölstofnaverkefnis um náttúruleg afföll í Norðursjó, norðlæg hafsvæði hafa verið könnuð á almennan hátt og Barentshaf hefur verið tekið fyrir sérstaklega, auk Íslandsmiða.

Fjölstofnalíkön til notkunar við stofnmat, skoðun á lífkerfinu og mat á áhrifum nýtingarstefnu hefur verið þróað með áherslu á þorskstofninn sambandið. Síðari tíma vinna um líffræðilegan og hagfræðilegan grunn að stjórnunarreglum hefur einnig tekið tillit til samspils þorsks og rækju. Slíkar athuganir bentu til þess að aflaregla fyrir þorsk sem miðaðist við að veiða 25% af veiðistofni (þ.e. lífmassa fjögurra ára og eldri), hugsanlega með tilteknum (litlum) lágmarksafla, mundi vera vænleg til árangurs í efnahagslegu tilliti, jafnvel þótt tekið væri tillit til samdráttar í loðnu- og rækjuafla, hugsanlegra þéttleikaáhrifa á þorskvöxt, sjálfráns þorksins og óvissu í úttektum og spám. Sérstaklega kom í ljós yfirgnæfandi efnahagslegt mikilvægi þess að byggja upp þorskstofninn og aflann. Þessar niðurstöður leiddu til þess að slík aflaregla var samþykkt af íslenskum stjórnvöldum og tekin í notkun árið 1995.

Verndun smáfisks.

Sýnt hefur verið fram á að óhagkvæmt er að veiða of smáan fisk þar sem hann á eftir að bæta miklu við sig í þyngd. Þess vegna er leitast við að hlífa ungum fiski fyrir sókn veiðiskipa. Almennt má gera það með tvennum hætti, annars vegar að gera veiðarfærin þannig úr garði að þau veiði ekki smáan fisk og hins vegar að takmarka aðgang skipa að þeim svæðum þar sem búast má við að mikið sé af smáfiski.

Nærtækasta leiðin til að bæta kjörhæfni neta og togveiðarfæra gagnvart stærð fisks er að stækka möskvann. Varðandi togveiðarfæri er þetta ekki alltaf nóg því að ef vel aflast getur undankomuleið smáfisksins teppst. Tilraunir hafa verið gerðar með leggpoka og leggglugga, sem tryggja eiga fulla opnun möskva. Er nú orðið skylda að nota þá á sumum veiðisvæðum. Jafnframt voru gerðar tilraunir hér á landi með smáfiskaskiljur í botnvörpu en henni er ætlað að hleypa út smáum fiski.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur gefið út reglugerðir, sem snerta notkun smáfiskaskilju í fiskivörpum og verður hér á eftir gerð nokkur grein fyrir efni þeirra. Í febrúar 1997 voru togveiðar heimilaðar á tilteknu svæði á Breiðdalsgrunni með því skilyrði að notuð væri smáfiskaskilja í vörpunni. Jafnframt var þá gefin út reglugerð um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Í reglugerðinni sagði að veiðar á tilgreindum svæðum væru bundnar því skilyrði að varpan væri útbúin smáfiskaskilju og aðeins væri heimilt að nota þær tegundir smáfiskaskilja sem ráðuneytið hefði viðurkennt. Þegar reglugerð þessi var gefin út hafði aðeins ein tegund smáfiskaskilju „SORT-X" hlotið slíka viðurkenningu. Ráðuneytið hefur síðan, að fenginni tillögu frá Hafrannsóknastofnuninni, viðurkennt notkun nýrrar gerðar íslenskrar smáfiskaskilju sem kölluð hefur verið „STUNDAGLASIÐ" og gefið út í því sambandi viðauka við reglugerð um gerð og útbúnað smáfiskaskilja.


Þá hefur ráðuneytið gefið út reglugerðir um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi. Samkvæmt reglugerð þessari eru allar veiðar í fiskivörpu og dragnót bannaðar á svæði milli Hvítinga og Kötlutanga nema notuð sé smáfiskaskilja eða legggluggi í veiðarfærinu í því skyni að koma í veg fyrir veiðar á smáfiski. Skuttogurum hefur verið óheimilt frá því í júní 1997 að stunda togveiðar á þessu svæði nema með smáfiskaskilju. Togskipum sem taka trollið inn á síðunni er heimilt að stunda veiðar á svæðinu frá miðjum júní til loka ágúst með leggglugga en eftir þann tíma er þeim skylt að nota smáfiskaskilju á svæðinu. Dragnótaveiðar er óheimilt að stunda á þessu svæði nema nótin sé útbúin leggglugga.

Með reglugerðinni um friðunarsvæði við Ísland eru óverulegar breytingar gerðar á fyrri reglugerð um sama efni en þó eru felld úr gildi svæði í Lónsdýpi og á Papagrunni þar sem allar togveiðar hafa verið bannaðar. Þá er svæðið á Breiðdalsgrunni, þar sem línuveiðar hafa verið bannaðar og togveiðar eingöngu heimilaðar með leggglugga eða smáfiskaskilju, fellt niður í þeirri reglugerð, enda verður það svæði allt innan hins nýja svæðis þar sem legggluggi eða smáfiskaskilja verða áskilin.

Frá 1996 til apríl 1997 voru rækjuveiðar bannaðar á svæði á Skjálfandadjúpi. Bann þetta var sett til verndunar smárækju. Á tímabilinu fóru fram tilraunir með smárækjuskilju á svæðinu og voru tvær skiljur notaðar við þær, svokölluð ISDAN-skilja og Húsavíkurskilja. Niðurstöður könnunarinnar sýna að mjög má draga úr veiðum á smárækju með notkun skiljanna. Hefur ráðuneytið því ákveðið að leyfa veiðar á svæðinu, enda verði önnur hvor tegund skiljanna notuð við þær veiðar. Jafnframt gaf ráðuneytið út reglugerð um gerð og útbúnað smárækjuskilju.

Skipta má lokunum veiðisvæða vegna smáfisks í afla í tvo flokka. Annars vegar eru lokanir til skamms tíma, svokallaðar skyndilokanir, og hins vegar lokanir til lengri tíma, svokallaðar reglugerðarlokanir. Fyrst eftir útfærslu landhelginnar í 200 mílur var lögð áhersla á að loka þeim svæðum til lengri tíma sem vitað var að smáfiskur hélt sig á. Smátt og smátt voru þessi svæði þó opnuð en skyndilokunum beitt þegar hlutfall smáfisks í afla fór yfir ákveðin mörk. Ákveðið mynstur hefur komið fram því að sömu svæðum hefur verið lokað á svipuðum tíma ár eftir ár. Þykir mönnum nokkurt öryggi fólgið í því að ákveða lokanir fyrir fram á þessum svæðum.

Mynd 16.5. Skyndilokanir 1991-1998



Ráðuneytið hefur gefið út reglugerðir á hverju ári um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíðum, þ.e. fyrri hluta aprílmánaðar. Tiltekin svæði fyrir Suður- og Vesturlandi eru veiðibannsvæði, annars vegar innan fjögurra sjómílna og hins vegar á stærra svæði. Þá eru allar veiðar bannaðar innan þriggja sjómílna fyrir Norður- og Austurlandi tímabilið í fyrri hluta apríl.

Veiðieftirlitssvið Fiskistofu sér nú um að gera tillögur til Hafrannsóknastofnunarinnar um skyndilokanir veiðisvæða. Skyndilokanir standa venjulega í tvær vikur. Ef rík ástæða þykir til að loka veiðisvæðum í lengri tíma með reglugerð eru gerðar tillögur um það til sjávarútvegsráðherra.

Veruleg fjölgun varð á skyndilokunum á árinu 1998 frá því sem var 1997. Mest varð fjölgunin við rækjuveiðar á norðausturmiðum og við togveiðar á suður- og suðausturmiðum.

Brottkast á fiski frá veiðiskipum.

Í athugunum sem gerðar hafa verið á brottkasti fisks á undanförnum tveimur áratugum hefur niðurstaðan verið sú að heildarbrottkast á þorski sé á bilinu 1–6%. Nákvæmari tölur um brottkast þorsks velta m.a. á veiðarfærum og ekki síður á aðferðum til að meta brottkastið.

Í megindráttum eru tvær aðferðir til að meta brottkast. Annars vegar að bera saman afla skipa og hins vegar með því að notast við trúnaðarmenn í hópi sjómanna. Fyrri aðferðin getur t.d. verið með þeim hætti að bera saman afla báta með eftirlitsmann og báta með engan eftirlitsmann. Í einni slíkri könnun sem gerð var hjá netabátum árið 1992 var niðurstaðan sú að ekki væri tölfræðilega marktækur munur á meðalafla bátanna. Önnur slík aðferð byggist á því að mæla hlutfall fisks undir ákveðinni stærð í afla skipa úti á sjó og bera saman við landaðan afla annarra skipa sem stunduðu veiðar á svipuðum stað og tíma. Í tveimur slíkum könnunum sem gerðar voru á níunda áratugnum var niðurstaðan sú að togarar hentu um 5–6% af smáþorski aftur í sjóinn. Seinni aðferðin er byggð á að skipa trúnaðarmenn í hópi sjómanna og gefa þeir síðan skýrslur til yfirvalda. Ein slík könnun var gerð árið 1992 og var niðurstaðan að heildarúrkast á öllum tegundum í afla togara væri um 4%. Brottkast þorsks í þessari könnun var undir 1% en brottkast karfa var um 13%. Þótt talan um brottkast karfa sýnist há þarf að hafa í huga að nokkuð veiðist af litla karfa sem er sérstök tegund karfa og ekki nýtanleg.

Sjávarbotninn.

Nokkur umræða hefur farið af stað um að notkun togveiðarfæra kunni að hafa óæskileg áhrif á sjávarbotninn. Togveiðar hafa verið stundaðar hér við land frá því fyrir aldamót og enn gengur þorskur á sömu slóðir og hann hefur alltaf gert. Litlar athuganir hafa verið gerðar í gegnum tíðina á ástandi og breytingum á sjávarbotni. Þó eru vissulega til dæmi þess að hólar á botninum hafi jafnast út. Hins vegar berst grjót inn á landgrunnið með hafís frá Grænlandi og því er ekki um það að ræða að slétta hafsbotninn í eitt skipti fyrir öll.

Þá er hugsanlegt að kórall og aðrar sjávarlífverur verði fyrir tjóni af völdum togveiðarfæra. Slíkt hefur ekki aðeins áhrif á sjávarlífverurnar, eins og t.d. kóralinn, heldur getur það einnig haft áhrif á fiskigöngur, t.d. karfa. Vitað er að karfinn heldur sig ekki á sömu slóðum og áður.

Hafrannsóknastofnunin hefur lagt meiri áherslu á rannsóknir á veiðarfærum og kjörhæfni þeirra á undanförnum árum. Þá hefur rannsóknum einnig verið beint að því að skoða áhrif veiðarfæra á lífríki sjávar en í litlum mæli þó. Neðansjávarmyndatökur af togveiðarfærum hófust t.d. um 1985 og undanfarið hefur botnrask vegna veiða með botnvörpu verið rannsakað með togtilraunum í Stakksfirði. Til stendur að auka þessar rannsóknir verulega og rannsaka áhrif fleiri tegunda veiðarfæra.

Lög um umgengni við nytjastofna sjávar.

Sjávarútvegsráðherra skipaði aftur nefnd í maímánuði 1994 til að fjalla um hvernig mætti bæta umgengni um auðlindir sjávar. Samstarfsnefnd um bætta umgengni um auðlindir sjávar var meðal annars falið að meta í hve miklum mæli sjávarafla er varpað fyrir borð á íslenskum skipum og hvernig auka megi kjörhæfni veiðarfæra svo og að kanna með hvaða hætti megi bæta nýtingu aukaafla og enn fremur hvernig bæta megi virkni veiðieftirlits.

Upplýsingar um afla og aflasamsetningu eru mikilvægasta forsendan sem fiskifræðingar styðjast við þegar lagt er mat á ástand stofna og afrakstursgetu þeirra. Ráðgjöf fiskifræðinga er sá þáttur sem vegur þyngst þegar tekin er ákvörðun um leyfilegan hámarksafla. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskstofna og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið.

Í skýrslunni kemur fram að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir að fiski sé varpað fyrir borð og að fiski sé landað fram hjá vigt. Er meðal annars bent á að nauðsynlegt sé að aflaheimildir byggist á vísindalegri ráðgjöf og að afli fari ekki fram úr heimildum auk þess sem samræmi þurfi að vera í aflaheimildum milli tegunda. Bent er á að reglur um veiðar og umgengni um auðlindina þurfi að vera einfaldar og skýrar og veiðieftirlitið markvisst og það skuli beinast að þeim vandamálum sem við er að glíma hverju sinni. Viðurlög við brotum eigi að vera ströng og þyngjast við endurtekin brot. Þá kemur fram að lagaákvæði er varða umgengni um auðlindir sjávar skorti og því þurfi að setja ákveðnar lagareglur um umgengnina og viðurlög við brotum gegn þeim. Enn fremur eru tillögur um útfærslu á ýmsum atriðum sem nefndin telur að bæta þurfi úr.

Í framhaldi af starfi nefndarinnar lagði sjávarútvegsráðherra fram frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar og varð það að lögum árið 1996. Í 1.gr. laganna segir að markmið laganna sé „að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina". Með þessum lögum er orðið skylt að hirða og koma með allan verðmætan og óskemmdan afla að landi. Í lögunum er einnig kveðið skýrt á um framkvæmd og viðurlög við brotum á lögunum.

Umhverfisyfirlýsing sjávarútvegsráðuneytisins.

Sjávarútvegsráðuneytið gaf á árinu 1998 út umhverfisyfirlýsingu. Í henni kemur fram að stefnt er að því að nýting auðlinda hafsins sé sjálfbær og að byggt sé á bestu tiltæku vísindalegu rökum þegar ákvarðanir eru teknar. Þá skal þess gætt að líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfi hafsins sé ekki ógnað.

Áhersla er lögð á sjálfbæra þróun, að stjórnvaldsákvarðanir taki mið af skyldu hverrar kynslóðar til að skila afkomendum sínum lífvænlegu umhverfi, skyldu þjóða til að vernda lífríki og vistkerfi hafsins og mikilvægi þess að bjóða neytendum íslensks sjávarfangs heilnæmar afurðir.

Þá er það markmið sett, að umgengni um nytjastofna sjávar við Ísland tryggi til frambúðar hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina. Byggja skal ákvarðanir um veiðar á vísindalegum grunni og nýta aflann þannig að sem minnst fari til spillis og verðmætasköpun verði sem mest. Við stjórn veiða skal vera innbyggður hvati til að ganga vel um lifandi auðlindir hafsins og nýta alla framleiðsluþætti á sem hagkvæmastan hátt. Ákvarðanir byggist á skýrum forsendum og við undirbúning þeirra verði haft víðtækt samráð. Ákvörðunum skal fylgja fast eftir með skilvirku eftirliti.

Þá segir að stefnt skuli að því að þróa aflareglur um nýtingu einstakra nytjastofna. Við mótun slíkra aflareglna skal farin varúðarleið að því marki að ná fram hámarksafrakstri stofna til langs tíma. Stuðla skal að þróun kjörhæfra veiðarfæra sem fara vel með umhverfi, auðlindina og afla og hvetja til notkunar þeirra. Bannað er að henda nýtanlegum fiski og skal veiðum stjórnað með það fyrir augum að dregið sé úr hættu á að fiski sé hent. Veiðar skulu bannaðar á tilteknum hafsvæðum eða með tilteknum veiðarfærum til að vernda hrygningarfisk og ungfisk. Hafsvæði eru vöktuð til að hægt sé að bregðast skjótt við.

Rannsóknastefna ráðuneytisins er sú, að stundaðar séu markvissar hafrannsóknir og að byggt sé á bestu fáanlegu þekkingu hverju sinni. Í þessu skyni skal leitað eftir samstarfi við innlendar og erlendar vísindastofnanir og aðra aðila. Þá skal auka rannsóknir á vistkerfi hafsins, nytjastofnum, haffræði og veiðarfærum og áhersla lögð á fjölstofnarannsóknir. Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi svo sem innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins er sögð mikilvæg til að fá gagnrýni á þær aðferðir sem hér er beitt og til að hagnýta niðurstöður nýjustu rannsókna. Ráðuneytið leggur áherslu á að rannsóknir séu stundaðar á ýmsum fræðasviðum er nýtast við auðlindastjórnun, svo sem hagfræði, markaðsfræði, lögfræði, stjórnmálafræði, félagsfræði og jarðfræði.

Það er það stefna sjávarútvegsráðuneytisins að lifandi auðlindir á alþjóðlegum hafsvæðum verði nýttar á sjálfbæran hátt. Ákvarðanir um stjórn veiða séu byggðar á bestu vísindalegu þekkingu og þeim verði stjórnað í samræmi við alþjóðareglur hverju sinni af þar til bærum stofnunum eða samtökum. Aðeins þeir sem hlíta reglum hafi leyfi til veiða á þessum svæðum. Lögð er áhersla á að nýting á alþjóðlegum hafsvæðum taki mið af aflareglum að eftirlitskerfi sé skilvirkt og stjórnkerfið geti brugðist skjótt við vísbendingum um breyttar aðstæður í vistkerfinu. Ráðuneytið vill auka rannsóknir á alþjóðlegum veiðisvæðum og beita sér fyrir því að þeim sem stunda rannsóknir á hverju svæði sé umbunað.


Sjávarútvegsráðuneytið mun beita sér fyrir auknum rannsóknum varðandi mengun í hafinu bæði með vöktun umhverfisþátta og rannsóknum á áhrifum mengunar á vistkerfið sem og sjávarafurðir. Ráðuneytið leggur áherslu á að gerðir verði nauðsynlegir alþjóðlegir samningar og ráðstafanir til að hvers kyns losun þrávirkra og geislavirkra úrgangsefna í hafið ógni ekki lífríkinu. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru hvött til að halda orkunotkun í lágmarki og nýta eins og kostur er endurnýjanlega orkugjafa.

17. Sjávarútvegur og fiskveiðistjórn í heiminum.

Heimsaflinn, að meðtöldu fiskeldi, var 121 milljón tonna árið 1996 en hafði verið 98 milljónir tonna árið 1990 og 74,6 milljónir tonna árið 1981. Heimsaflinn hefur því aukist um 46,4 milljónir tonna eða um 62% á 15 árum. Af heimsaflanum 1996 var sjávarafli 97,8 milljónir tonna og afli úr innhöfum og vötnum 23,2 milljónir tonna. Á milli 75% og 80% af heimsaflanum fara til manneldis.


Heildarafli á Íslandsmiðum var 1,5 milljónir tonna árið 1996 en heildarafli Íslendinga sama ár var tæpar 2,1 milljón tonna. Ísland var í 12. sæti á lista yfir aflahæstu fiskveiðiþjóðir heims það ár. Kína var í efsta sæti með 14,2 milljónir tonna. Perú með 9,5 milljónir tonna og Chile með 6,7 milljónir tonna komu næst. Mynd 17.1 sýnir afla mestu fiskveiðiþjóða heims árið 1996.

Mynd 17.1. Aflamagn 12 mestu fiskveiðiþjóða heimsins



Af einstökum fisktegundum fékkst árið 1996 mestur afli af ansjósu eða 8,9 milljónir tonna en atlantshafsþorskur er í 9. sæti eins og mynd 17.2 sýnir.

Mynd 17.2. Heimsafli helstu fisktegunda



Sífellt stærri hluti heimsaflans fæst með fiskeldi. Árið 1996 var framleiðslan 26,4 milljónir tonna en var aðeins 8,7 milljónir tonna árið 1980. Kínverjar eru stórtækastir í fiskirækt og framleiða um helming heimsframleiðslunnar. Stór hluti þess sem telst til fiskeldis er ræktun skeldýra, svo sem ostra og ýmissa tegunda af skel. Einnig er um að ræða ýmsar tegundir fiska, aðallega karfategundir.

Heimsviðskipti með sjávarafurðir hafa aukist hraðar en heimsaflinn og árið 1989 voru sjávarafurðir seldar milli landa fyrir 36 milljarða Bandaríkjadala. Árið 1996 var talan komin yfir 52 milljarða. Þróunarríkin til samans eru stærstu útflytjendur á sjávarafurðum en þau voru með 50% hlutdeild árið 1995. Mestu innflytjendur sjávarafurða eru löndin í Evrópusambandinu með um 33% en af einstökum þjóðum eru það Japanar með um 31% hlutdeild. Heildarútflutningur Íslendinga á fiskafurðum árið 1996 var að verðmæti 1,3 milljarðar Bandaríkjadala.

Íslendingar búa yfir mikilli reynslu og þekkingu á sjávarútvegi sem nýst getur víðar en hér á landi. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa aukið sókn sína á erlenda markaði og mið á síðari árum. Hafa þau m.a. tekið þátt í veiðum og vinnslu í Afríku, Asíu, Evrópu, og Suður-Ameríku. Íslensk fyrirtæki hafa til að mynda fjárfest í þýskum sjávarútvegi, bæði veiðum og vinnslu. Þónokkur íslensk skip sem var ofaukið hér sigla nú undir fánum Eystrasaltslandanna og stunda m.a. veiðar á Flæmingjagrunni. Þá hafa Íslendingar einnig starfað við rannsóknir og ráðgjöf víða um heim. Íslensk sölufyrirtæki hafa aflað viðskiptasambanda um allan heim og selja í æ ríkari mæli fisk sem ekki er unninn hér á landi. Ýmis fyrirtæki í stoðgreinum sjávarútvegsins hafa einnig sótt á erlenda markaði og má í því sambandi nefna framleiðendur rafeindavoga, veiðarfæra og framleiðslulína.

Ýmsar þjóðir styrkja starfsemi sjávarútvegs sérstaklega. Ástæður þessara niðurgreiðslna ríkisvalds þessara þjóða eru aðallega tvær en byggjast þó báðar á því að sjávarútvegur í þessum í löndum er ekki nægilega arðbær. Annars vegar er verið að halda uppi atvinnu og hins vegar verið að halda byggð á svæðum þar sem líklegt er að hún legðist annars af. Oftast er samspil þarna á milli. Engar sambærilegar niðurgreiðslur eru til íslensks sjávarútvegs. Íslensk stjórnvöld hafa barist fyrir því að fá fram ákvæði um afnám niðurgreiðslna bæði á vettvangi EES og GATT en lítið orðið ágengt.

Þróun og horfur í stjórn fiskveiða í heiminum.

Undanfarna áratugi hefur orðið mikil breyting á fiskveiðistjórnun flestra ríkja. Horfið hefur verið frá óheftum veiðum, fiskveiðilandhelgi stækkuð og reglur settar um aðgang skipa að veiðum og um veiðiaðferðir. Stjórnvöld víða um heim hafa reynt að takmarka heildaraflann og með því reynt að ná jafnvægi í ástandi fiskstofna og jafnvel auka við þá. Aðgerðir stjórnvalda hafa þó víða brugðist algjörlega og ástand margra fiskstofna hefur víða farið versnandi vegna ofveiði.

Fyrir um hálfri öld virtist sem sjórinn hefði ótæmandi magn af fiski. Tæknibreytingar hafa hins vegar aukið getu útgerða til að veiða, geyma, flytja og selja fiskinn fljótt, meira en afrakstur fiskstofna leyfir. Heimsaflinn meira en fjórfaldaðist á tímabilinu 1950 til 1990, úr tuttugu milljónum tonna í nær eitt hundrað milljónir tonna. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) taldi árið 1993 að 13 af 17 helstu fiskveiðisvæðum heimsins væru ofnýtt. Stofnunin taldi einnig að veiðarnar væru mjög óhagkvæmar, að aflaverðmætið væri aðeins um 72 milljarðar Bandaríkjadala en veiðikostnaðurinn hins vegar um 92 milljarðar dala.

Í byrjun níunda áratugarins var fiskveiðifloti heimsins svo stór og veiðigeta hans það mikil að afköst skipanna, mælt í meðalveiði á dag, fór hríðlækkandi. Útgerðir voru víða reknar með miklum halla og laun sjómanna lækkuðu mikið. Stjórnvöld juku niðurgreiðslur til fiskveiða svo að sjómenn gætu áfram stundað sjóinn.

Þrátt fyrir að heimsaflinn hafi verið nokkuð stöðugur undanfarin ár hefur orðið mikil breyting á samsetningu veiðanna. Aflamagn í verðmætari stofnum hefur minnkað mikið en í staðinn eru meiri veiðar á verðminni fiski sem seldur er í mjöl- og lýsisvinnslu. Útgerðir hafa brugðist við minnkandi afla í verðmeiri fiskstofnum með því að byggja stærri og öflugri skip með þeim afleiðingum að ofveiði verður enn meira vandamál.

Stjórnvöld hafa oftast brugðist við minnkandi afla og verra ástandi stofna með því að setja fleiri og ítarlegri reglur og takmarkanir á veiðarnar. Reglur stjórnvalda eru yfirleitt af þrennum toga: Takmörk á sóknartíma, takmörk á skipagerðir, skipastærðir, veiðarfæri og þess háttar og takmörk á heildarafla tegunda. Þótt slíkar reglur og takmarkanir auki kostnað og dragi eitthvað úr sókn taka þessar ráðstafanir ekkert á þeirri staðreynd að veiddur fiskur er verðmæti. Fiskveiðar skapa tekjur handa þeim sem fiska. Þessi staðreynd og tilvist niðurgreiðslna, t.d. til að kaupa skip, veiðarfæri og gera út, hvetur útgerðir og sjómenn til að bregðast við reglum og takmörkunum á veiðarnar. Þegar t.d. reglur eru settar um stærðarhámark skipa við tilteknar veiðar bregðast útgerðir við með því að fjölga minni bátum og gera þá öflugri. Ef reglur og takmarkanir eru settar á veiðitímabilið, t.d. með því að leyfa aðeins veiðar tiltekna daga eða dagafjölda (sóknardagar, banndagar, skrapdagar) leita útgerðir leiða til að auka afköst sín á leyfilegum veiðidögum, t.d. með öflugri skipum. Aukin reglusetning og takmarkanir einar og sér leiða því til þess að fiskveiðarnar verði óhagkvæmari en ella. Reglur og takmarkanir af þessum toga leiða yfirleitt til offjárfestingar í fiskiskipum og veiðitækni og kostnaður við sóknina eykst.

Ofveiði og önnur óhagkvæmni fiskveiðanna hefur ekkert með eðli auðlindarinnar að gera. Óhagkvæmnin og ofveiðin eru bein afleiðing þess að nýtingarréttur er ekki skilgreindur í fiskveiðum. Útgerðir og sjómenn eiga aðeins þann fisk sem þeir veiða og ná um borð í skip sitt. Ríkisvaldið er oft sagt eigandi að fiskstofnum en það þýðir í raun að allir, og þá enginn, á fiskstofnana sem veitt er úr.

Ef varanlegur nýtingarréttur væri á fiskstofnum væru hvatar til staðar að nýta þá á hagkvæman hátt. Aðili með varanlegan nýtingarrétt hefði enga hvata til að ofveiða fiskstofna sína, né eyða óþarfa kostnaði í að veiða fiskinn. Þvert á mót hefði hann hvata til að lágmarka

kostnað við veiðarnar og halda veiðum í því marki að afrakstur stofnanna yrði síst minni í framtíðinni.

Að koma á nýtingarrétti í strandveiðum er í raun tiltölulega einfalt, þ.e. ef fiskstofninn er staðbundinn. Í raun er sú skipan ekkert öðruvísi en að koma á eignarrétti á landsvæði. Lítið mál er að skipta strandlengju upp og úthluta nýtingarrétti til aðila á að veiða fisk innan tiltekinna svæða.

Slík skipan er reyndar ekki ný af nálinni. Þessi skipan hefur í raun verið hérlendis allt frá því er landið byggðist. Í Grágás er fjallað um rétt landeigenda til veiða innan netlaga undan ströndum landsins. Þá hafa kúfiskveiðar hérlendis og erlendis oft haft þessa skipan, þ.e. tilteknum einstaklingum eða útgerðum er úthlutað réttinum til að veiða kúfisk á tilteknum svæðum. Auðvelt ætti að vera að koma slíku skipulagi á veiðar innfjarðarrækju, enda eru fáir aðilar um þær veiðar nú. Þá hafa komið fram hugmyndir um að svæðisbinda humarkvóta hérlendis, sem er í raun skref í sömu átt.

Þessi skipan er einnig þekkt víða erlendis varðandi aðrar fisktegundir. Í Japan er til að mynda hefð fyrir því að sjávarþorp hafi rétt til veiðanna undan ströndum sínum. Stundum kemst slíkt skipulag á með óformlegum hætti. Í Maineríki í Bandaríkjunum hefur slíkt óformlegt skipulag gilt í humarveiðunum. Sömu einstaklingar og afkomendur þeirra teljast hafa nýtingarrétt á tilteknum humarveiðisvæðum.

Nýtingarréttur á veiðisvæðum undan ströndum leiðir oft til þess að aðrar reglur og takmarkanir eru ekki nauðsynlegar. Aðili með veiðirétt hefur þá hvata til að nýta auðlind sína með hagkvæmum hætti. Þeir geta þá sjálfir ákvarðað veiðiaðferðir, veiðitímabil og veiðimagn. Lítil hætta er á ofveiði við slíkt skipulag.

Þegar lengra er haldið út frá ströndum landsins verður hins vegar erfiðara að skilgreina mörk veiðisvæða og framfylgja nýtingarrétti, enda virðist óhægt um vik að festa niður girðingarstaura eða önnur landamerki úti á sjó. Þessi vandi snýst þó jafnmikið um hvata eins og tækni. Til er tækni eins og gervitunglaeftirlit sem hefur opnað fyrir þann möguleika að skilgreina veiðirétt á hafi úti. Eflaust er ýmis önnur tækni til sem nota mætti við skilgreiningu og framfylgd nýtingarréttar á hafi úti en henni hefur ekki verið beitt í þeim tilgangi þar sem hvatning til slíks er ekki til staðar.

Lausnin á ofveiðivandanum á hafi úti er ekki eins einföld og lausnin fyrir staðbundna strandstofna. Flest ríki setja nú reglur og takmörk á heildarafla innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar þótt oft sé ekki farið að þeim reglum og takmörkunum. Vandamálið við slíkar reglur er að útgerðir keppast þá við að ná í sem stærstan hlut af leyfilegum afla áður en heildaraflamarkinu er náð.

Aflahlutdeildarkerfi minnkar þennan vanda mikið og kemur í veg fyrir að útgerðir keppist við að ná í sem stærstan hlut af leyfilegum heildarafla. Aflahlutdeildarkerfið úthlutar hverri útgerð hlutdeild í leyfilegum heildarafla og því er engin þörf fyrir útgerðir að keppa við aðrar um afla. Vilji útgerðir hins vegar meiri afla geta þær keypt hlutdeildir af öðrum útgerðum. Þetta skipulag leyfir útgerðum að hagræða í rekstri sínum og sækja fiskinn þegar best hentar og markaðsaðstæður eru betri. Þó að aflahlutdeildarkerfi séu ekki gallalaus bæta þau hegðun útgerða við veiðarnar mikið og auka mjög hagkvæmni.

Aflahlutdeildarkerfi eru oft gagnrýnd á þeirri forsendu að þekking okkar á fiskstofnum sé ekki nægileg til að ákvarða heildaraflamark. Þessi gagnrýni er að því leyti rétt að þekking okkar á fiskstofnum er takmörkuð en það hefur ekkert með aflahlutdeildarkerfið að gera. Það er sama hvaða skipulag notað væri við veiðarnar, þekking okkar á fiskstofnunum er sú sama og breytist ekkert við annað skipulag. Kosturinn við aflahlutdeildarskipulag er hins vegar að

mun auðveldara er að halda veiðinni innan þess aflamarks sem ákveðið er og kappið við veiðarnar hverfur.

Til að ná tilætluðum árangri þarf eftirlit og framfylgd veiðireglna að vera í góðu horfi. Aflahlutdeildarkerfi eru stundum gagnrýnd á þeirri forsendu að kostnaður við eftirlit og framfylgd reglna sé mjög mikill. Öllum stjórnkerfum fiskveiða fylgir kostnaður. Kosturinn við aflahlutdeildarkerfi er hins vegar sá að hann verður sýnilegri og það verður ábatinn einnig. Meiri líkur eru á að stjórnkerfið verði betrumbætt ef kostnaður og ábati er sýnilegur.

Engin sérstök rök eru fyrir því að ríkisvaldið sjái um eftirlit og framfylgd reglna við stjórnkerfi fiskveiða. Þvert á móti virðist svigrúm til þess að útgerðir komi meira inn á það svið þegar fram líða stundir. Mikill fjöldi skipa er að veiðum úti á sjó og vel má hugsa sér að þau geti að einhverju leyti haft eftirlit hvert með öðru. Hvatinn fyrir aukið eftirlit útgerða er nátengdur eignarhaldi þeirra á aflaheimildum. Þótt einstaka útgerðir hagnist á því að veiða umfram kvóta sinn bera þær einnig kostnað ef aðrar útgerðir ástunda slíkt. Ef allar útgerðir veiða umfram aflaheimildir sínar verður um ofveiði að ræða, aflatekjur minnka og verð á aflaheimildum lækkar. Af þessari ástæðu munu útgerðir fljótlega læra að auka eftirlit með veiðum á sama hátt og landeigendur verja sín réttindi.

Sú ímynd að aflahlutdeildarkerfi takmarki aðgang manna að fiskveiðum er að nokkru leyti rétt en er hins vegar ekki réttmæt gagnrýni á aflahlutdeildarkerfið. Frjálsar fiskveiðar hafa leitt til ofveiði og sú staðreynd segir okkur að það sé aðeins tímaspursmál hvenær einhverjar útgerðir heltist úr þeirri lest sem frjálsar fiskveiðar eru. Einhverjar útgerðir munu örugglega leggja upp laupana eða fara gjaldþrotaleiðina. Aflahlutdeildarkerfið hefur einmitt þann kost, svo framarlega sem viðskipti eru leyfð með aflahlutdeildir, að engum er bannaður aðgangur. Að auki geta útgerðir verið vissar um að þegar þær hafa tryggt sér aflahlutdeild verður fiskur til staðar til að veiða. Frjálsar veiðar geta hins vegar komið sumum í þá aðstöðu að eftir að þeir hafa fjárfest í skipum og veiðarfærum sé enginn fiskur til að veiða. Frjálsar veiðar veita mönnum aðeins frelsi til að sigla á sjónum, þær tryggja ekki að nokkurn fisk verði að hafa.

Ekkert ríki hefur enn gengið svo langt að einkavæða fiskveiðar sínar fullkomnlega en mörg ríki hafa hins vegar tekið upp ýmiss konar aflakvótakerfi í fiskveiðum. Má þar t.d. nefna Ástralíu, Kanada, Danmörk, Holland, Noreg, Portúgal, Bretland, Suður-Afríku, Bandaríkin og Nýja-Sjáland, sem hefur reyndar notast mest við slíkt skipulag.

Aflahlutdeildarkerfið gæti reynst ein mesta og besta skipulagsbylting mannkynssögunnar. Það að skilgreina nýtingarréttindi á auðlindum sjávarins og úthluta þeim réttindum til aðila gæti verið sambærileg við eignarnámið í breskri sögu og eignarnám vestursvæða Bandaríkjanna á síðustu öld (bæði tímabil marka þá stefnu að girða landsvæði). Á sama hátt og girðingavæðing á landi verndar auðlindir þar mun nýtingarréttur á auðlindum sjávar vernda auðlindir sjávar. Bæði girðingavæðing og aflahlutdeildarkerfi fjarlægja þá hættu að auðlindir séu ofnýttar eins og gerist við frjálsan aðgang manna að auðlindum.

Skýrsla OECD um fiskveiðistjórnun.

Árið 1997 kom út viðamikil skýrsla hjá OECD um fiskveiðistjórnun aðildarríkjanna. Skýrslan er byggð á rannsóknum sem nefnd á vegum samtakanna stóð fyrir. Niðurstöður skýrslunnar eru athyglisverðar og styðja það sem að ofan er sagt.

Í niðurstöðum skýrslu OECD um fiskveiðistjórnun sem er byggð á sóknartakmörkunum segir að sóknarkvótar hafi leitt til offjárfestingar, aukins nýtingarkostnaðar og aukins framkvæmdakostnaðar. Þá segir einnig að sóknarkvótar stemmi ekki stigu við ofveiði.

Niðurstöður skýrslunnar varðandi heildarkvóta eru á þá leið að sú fiskveiðistjórnun leiði greinilega til of stórs flota, styttri vertíða og sveiflukenndra landana. Þá segir að greinlegt sé

að kostnaður við veiðar og vinnslu aukist og að heildarkvóti komi ekki í veg fyrir ofnýtingu stofna.

Annað hljóð er í strokknum varðandi kvótakerfi. Um það segir að kerfi sem er byggt á kvótum á skip sé virk aðgerð til þess að hafa stjórn á nýtingu stofna, það útrými kapphlaupi við veiðar og hliðaráhrifum kapphlaups, auki hagræðingu og hagnað og dragi úr stærð fiskveiðiflotans. Þá segir einnig að þótt kostnaður við framkvæmd og eftirlit fiskveiðistjórnunar aukist þegar um er að ræða framseljanlegan kvóta hafi komið í ljós að útgerðir séu oftar en ekki reiðubúnar að greiða þann aukakostnað.

Vert er að vitna í kafla skýrslunnar um brýn verkefni, en þar segir:

„Hópurinn er sammála um að hefðbundin stjórnunarkerfi sem byggjast t.d. á heildarkvótum með opnu aðgengi, bæði fræðilega og í framkvæmd, leiði til lélegrar efnahagslegrar afkomu. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að til þess að taka á þessum vandamálum er nauðsynlegt að beita stjórnunarkerfi er byggist á réttindum (þ.e. framseljanlegir kvótar, kvótar á skip og nýtingarréttur á tilgreindum svæðum). Upphafsnálgun (t.d. sameiginlegt stjórnunarfyrirkomulag í héraði) með þátttöku útgerða í ákvarðanaferlinu getur verið mikilvægt atriði. Þátttaka notenda í þróun og framkvæmd veiðistjórnunaráætlana getur verið mikilvægur þáttur í árangursríkri stjórnun á nýtingu auðlindarinnar."

Í umræðu skýrslunnar um líffræðileg einkenni fiskveiða kemur fram að brottkast í fiskveiðum sé mikið vandamál. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) áætlar, að því er segir í skýrslunni, að um 27% af heildarafla í heiminum sé fleygt. Einnig kemur fram að brottkast fisks hefur ekki aukist við tilkomu kvótakerfa.

Þá má geta þess að lokum að nýlega skilaði Vísindaráð Bandaríkjanna skýrslu um málefni fiskveiðanna til Bandaríkjaþings. Helsta niðurstaða þeirrar skýrslu er að hvetja þingið til að opna leiðir fyrir frekari notkun á kvótakerfum í stjórn fiskveiða í Bandaríkjunum.

18. Helstu heimildir.

Alþingistíðindi, ýmsir árgangar.
Anthony Scott, Minnisblað til auðlindanefndar, 1998.
Atvinnuvegaskýrsla 1991, Þjóðhagsstofnun, 1994.
Atvinnuvegaskýrsla 1994, Þjóðhagsstofnun, 1997.
Atvinnuvegaskýrsla 1995, Þjóðhagsstofnun, 1998.
Atvinnuvegaskýrsla 1996, Þjóðhagsstofnun, 1998.
Auðlindanefnd, Áfangaskýrsla, 1999.
Álit nefndar til að fjalla um atriði tengd kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna, 1998.
Fiskifréttir, ýmis tölublöð.
Fjareftirlit með fiskiskipum, Fjareftirlitsnefnd, sjávarútvegsráðuneytið, 1997.
Fjárfesting 1945–1989, Þjóðhagsstofnun, 1991.
Fjölstofnarannsóknir 1992–1995, Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 57, 1997.
Framleiðni innan atvinnugreina á Íslandi: Samanburður við Danmörku og Bandaríkin. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, skýrsla nr. C97-09.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981, lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981, lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.
Frumvarp til laga um Kvótaþing, lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.
Frumvarp til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa, lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða 1986–87, lagt fyrir á Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.
Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða 1988–90, lagt fyrir á Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.
Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, lagt fyrir Alþingi á 112. Löggjafarþingi 1989–90.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.
Frumvarp til laga um breytingu á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1996.
Frumvarp til laga um breytingu á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997.
Frumvarp til laga um breytingu á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1998.
Frumvarp til laga um breytingu á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998.
Frumvarp til laga um rétt til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands, lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.
Frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.
Frumvarp til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.
Frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.
Frumvarp til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.
Íslenskt atvinnulíf, ýmis tölublöð, Talnakönnun.
Kvótabókin 94–95, Ari Arason ritstj., Skerpla, 1994.
Kvótabókin 95–96, Ari Arason ritstj., Skerpla, 1995.
Kvótabókin 96–97, Ari Arason ritstj., Skerpla, 1996.
Kvótabókin 97–98, Fiskifélagsútgáfan, 1997.
Kvótabókin 98–99, Fiskifélagsútgáfan ehf., 1998.
Landshagir 1998, Hagstofa Íslands, 1998.
Nytjastofnar Sjávar 1997/98, Aflahorfur fiskveiðiárið 1998/99, Hafrannsóknastofnun Fjölrit nr. 67, 1998.
Lög nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.
Lög nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986–87.
Lög nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–90.
Lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.
Lög nr. 151/1997, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.
Lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.
Lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.
Lög nr. 36/1992, um Fiskistofu.
Lög nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.
Lög nr. 65/1965, um Hafrannsóknastofnunina.
Lög nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.
Lög nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.
Lög nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.
Lög nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.
Lög nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.
Lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
Lög nr. 11/1998, um Kvótaþing.
Lög nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.
Lög nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.
Lög nr. 38/1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.
Phil Major, Skýrsla um fiskveiðistjórnun á Íslandi, 1998.
Review of the State of the Fishery Resources: Marine Fisheries, FAO 1997.
Sharing the Fish: Toward a National Policy on Individual Fishing Quotas, National Research Council, 1998.
Sjávarnytjar við Ísland, Karl Gunnarsson, Gunnar Jónsson og Ólafur Karvel Pálsson, Reykjavík 1998.
Sjávarútvegur 1972–1977, Þjóðhagsstofnun 1977.
Sjávarútvegur 1976–1983, Þjóðhagsstofnun 1985.
Sjávarútvegur 1986–1987, Þjóðhagsstofnun 1990.
Skýrsla starfshóps um dreifða eignaraðild í sjávarútvegi, 1997.
Skýrsla til sjávarútvegsráðherra, nefnd um mótun sjávarútvegsstefnu, 1993.
Starfsskýrsla Fiskistofu 1998.
Starfsumhverfi og framtíðarmöguleiki fiskvinnslunnar, sjávarútvegsráðuneytið, 1997.
Stjórn fiskveiða 1998/99, Lög og reglugerðir, sjávarútvegsráðuneytið, 1998.
Stjórnkerfi fiskveiða, atvinnuöryggi og byggðamál – Greinargerð fyrir nefnd um mótun sjávarútvegsstefnu, Ragnar Árnason, 1992.
Synthesis Report for the Study on the Economic Aspects of the Management of Marine Living Resources, OECD 1996.
Sögulegt yfirlit hagtalna 1945–1997, Þjóðhagsstofnun, 1998.
Tengsl iðnaðar og sjávarútvegs, iðnaðarráðuneytið, 1995.
The Icelandic Fisheries; Evolution and Management of a Fishing Industry, Ragnar Árnason, Fishing News Books, 1995.
The state of world fisheries and aquaculture 1998, FAO 1999.
Útgerðarstaðir á Íslandi, Byggðastofnun 1987.
Útvegur 1978–1997, Fiskifélag Íslands.
Þróunarsjóður Sjávarútvegsins, Skýrsla um starfsemi 1994–1997.
Þættir úr vistfræði sjávar 1996, Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 53, 1997.
Ægir, tímarit Fiskifélags Íslands (Fiskifélagsútgáfan ehf.), ýmis tölublöð.

Auk þess margvíslegt birt og óbirt efni frá eftirtöldum aðilum (sumt má finna á vefsíðum þeirra):


Alþingi (www.althingi.is).
Byggðastofnun (http://www.bygg.is).
Fiskifélag Íslands.
Fiskistofa (www.fiskistofa.is).
Forsætisráðuneyti (http://brunnur.stjr.is/interpro/for/for.nsf/pages/for).
Fjármálaráðuneyti (http://www.stjr.is/fjr).
Hafrannsóknastofnunin (www.hafro.is).
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (http://www.hag.hi.is/ioes).
Hagstofa Íslands (http://www.hagstofa.is).
Landssamband íslenskra útvegsmanna (www.liu.is).
Sjávarútvegsráðuneyti (http://www.stjr.is/sjr).
Þjóðhagsstofnun (http://www.stjr.is/frr/thst).

Viðaukar


Syðstu firðir Vestfjarða og suðurfirðir Austurlands.

Syðstu firðir Vestfjarða


Á syðstu fjörðum Vestfjarða, þ.e. Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur (Arnarfjörður), eru um 1.386 íbúar og hefur þeim fækkað verulega á undanförnum áratugum.



Hlutdeild þessara sveitarfélaga í botnfiskafla hefur haldist nokkuð stöðug, en hlutdeild þeirra í þorskafla hefur hins vegar aukist nokkuð.




Hlutdeildin í úthlutuðu þorskaflamarki hefur minnkað nokkuð, eins og sjá má á eftirfarandi mynd.



Syðstu firðir Vestfjarða


Eftir að þorskaflahámarkskerfi fyrir krókaleyfisbáta var komið á hafa aðilar í þessum sveitarfélögum verið duglegir að auka hlutdeild sína í þeim veiðiheimildum. Þar eru nú 57




krókaleyfisbátar, þar af eru 30 á þorskaflamarki en 27 á sóknardögum (sem gefur u.þ.b. 710 tonna þorskaflaviðmiðun til viðbótar því sem sýnt er á eftirfarandi mynd).

Patreksfjörður

Íbúar á Patreksfirði voru 1.013 árið 1981. Árið 1998 hafði íbúum fækka í 756, sem er um 25,4% fækkun frá 1981.




Hlutdeild Patreksfjarðar í lönduðum þorskafla hefur verið nokkuð sveiflukennd, en þó hefur verið nokkur minnkun undanfarin ár og fór í 1,7% árið 1997.




Hlutdeild Patreksfjarðar í botnfiskafla hefur einnig verið sveiflukennd, en verið á bilinu 1,8% og niður í 1,2%, eins og hún var árið 1997.


Hlutdeild Patreksfjarðar í úthlutuðu þorskaflamarki hefur lækkað nokkuð á undanförnum árum, úr rúmum 1,8% í tæp 1,4%.




Patreksfjörður



Árið 1982 voru 24 fiskiskip á Patreksfirði, þar af einn togari. Árið 1999 voru fiskiskipin orðin 47, og var ennþá 1 togari.




Af fiskiskipunum 199 voru 25 krókaleyfisbátar, þar af 11 þorskaflahámarksbátar, 13 bátar með handfæraleyfi og 1 með línu- og handfæraleyfi. Þá voru 8 smábátar á aflamarki og 12 aðrir aflamarksbátar, auk togarans. Einnig var einn smábátur sem eingöngu hefur leyfi til grásleppuveiða.




Myndirnar hér sýna ráðstöfun landaðs þorskafla og landaðs botnfiskafla. Eins og sjá má þá minnkað þorskafli Petreksfirðinga til 1995 en hefur svo aukist síðan. Þetta er í takt við

Patreksfjörður




landssveiflur. Hlutdeild þorskafla sem landað er til verkunar utan sveitarfélagsins hefur aukist nokkuð.



Botnfiskafli minnkaði hlutfallslega minna en þorskafli. Stærri hluti botnfiskaflans er nú unninn annars staðar en á Patreksfirði.


Vinnsla þorsks á Patreksfirði hefur minnkað lítillega og það þrátt fyrir að þorskafli þeirra hafi aukist aftur. Af tæplega 6 þús. tonna þorskafla eru 3 þús. tonn unnin á Patreksfirði, en að auki eru unnin 500 tonn af þorski annars staðar frá. Af 11 þús. tonna botnfiskafla eru 4 þús. tonn unnin heima.




Tálknafjörður

Íbúar á Tálknafirði voru 324 árið 1998. Þeir höfður verið 359 árið 1981 og er því um 10% fækkun að ræða á þessu tímabili.


Nokkrar sveiflur hafa verið í hlutdeild Tálknfirðinga í þorskafla, en þó hefur hlutdeild farið hækkandi og verið um eða yfir 1,6% nú undanfarin ár.




Nokkrar, en þó minni sveiflur hafa verið í botnfiskafla Tálknfirðinga og hefur hlutdeild þeirra haldist nokkurn veginn frá 1984.




Hlutdeild Tálknfirðinga í úthlutuðu þorskaflamarki hefur lækkað lítillega undanfarin ár, en að auki hefur hlutdeildin sveiflast mikið.




Tálknafjörður




Árið 1982 voru 3 fiskiskip og 3 togarar skráðir á Tálknafirði. Árið 1999 var enginn togari skráður þar, en 32 fiskiskip. Af þeim voru 26 krókaleyfisbátar, þar af 18 á þorskaflahámarki, 6




með handfæraleyfi og 2 með línu- og handfæraleyfi. Hin 6 skipin voru 3 smábátar og 3 aflamarksskip. Hlutdeild Tálknafjarðar í úthlutun veiðiheimilda til báta á þorskaflahámrki hefur aukist mjög, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Á yfirstandandi fiskveiðiári er heimild þeirra um 1660 tonn, en að auki hafa 8 sóknardagabátar um 240 tonna þorskaflaviðmiðun.




Tálknafjörður



Myndirnar hér sýna ráðstöfun landaðs þorskafla og landaðs botnfiskafla. Sjá má að þorskafli Tálknfirðinga minnkaði 1994 og 1995, en hefur síðan aukist í um sama magn og áður. Aukinn hluti þorskaflans fer nú í vinnslu annars staðar. Botnfiskafli Tálknfirðinga hefur minnkað lítillega.




Vinnsla á þorski á Tálknafirði er svipuð og áður. Um 2.400 af þorskafla heimabáta er unninn á Tálknafirði, en að auki koma rúm 1.000 tonn annars staðar frá. Um 4 þús. tonn af botnfiski eru unnin á Tálknafirði, sem er u.þ.b. eins og afli þeirra.




Bíldudalur

Íbúar á Bíldudal voru 306 í árslok 1998. Hafði íbúum fækkað um 12,8% frá árinu 1981, en þá voru íbúar 351.


Hlutdeild Bíldudals í lönduðum þorskafla hefur verið sveiflukennd, en þó hefur verið aukning í þorskaflahlutdeild undanfarin ár og komst í tæp 1,4% ári 1997.




Hlutdeild Bílddælinga í botnfiskafla hefur einnig verið sveiflukennd, en oft verið milli 0,8% og 0,9% eins og hún var árið 1997.




Á sama tíma og hlutdeild Bíldudals í lönduðum þorskafla og botnfiskafla hefur aukist, þá hefur hlutdeild þeirra í úthlutuðu þorskaflamarki og reyndar botnfiskaflamarki farið minnkandi.




Bíldudalur



Árið 1982 voru 11 fiskiskip á Bíldudal, en í ársbyrjun 1999 voru þau orðin 19 og þá voru einnig tveir skuttogarar komnir í fiskiskipaflota Bílddælinga.
Af fiskiskipunum 1999 voru 6 krókaleyfisbátar, þar af 1 á þorskaflahámarki, 1 með línu- og




handfæraleyfi og 4 með handfæraleyfi. Þá voru 8 smábátar á aflamarki og 5 aðrir aflamarksbátar, auk togaranna tveggja.
Bílddælingar hafa landunnið nokkra rækju á undanförnum árum, bæði innfjarðarrækju úr Arnarfirði og úthafsrækju. Einnig hefur vinnsla á hörpudisk átt sér stað sum ár.




Bíldudalur


Myndirnar hér sýna ráðstöfun landaðs þorkafla og landaðs botnfiskafla á Bíldudal. Eins og sjá



má hefur þorskafli farið minnkandi á undanförnum árum, en þó eykst þorskafli Bíldudalsbáta árið 1997. Þessar sveiflur eru að mestu í samræmi við landssveiflur. Botnfiskafli hefur einnig minnkað, þó minna hlutfallslega en þorskaflinn.




Þrátt fyrir minnkandi þorskafla og botnfiskafla Bíldudalsbáta undanfarin ár, þá hefur orðið



Bíldudalur


aukning á afla til vinnslu. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum er meiri botnfiskafli unnin á




Bíldudal, en nemur botnfiskafla heimabáta.

Suðurfirðir Austurlands


Á suðurfjörðumir Austurlands, þ.e. Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi, eru um 935 íbúar og hefur þeim fækkað verulega á undanförnum áratugum.



Hlutdeild þessara sveitarfélaga í þorskafla jókst mikið á áttunda áratugnum, en hefur aftur minnkað nú s.l. ár. Svipaða sögu er að segja af hlutdeild þeirra í botnfiskafla.
Hlutdeildin í úthlutuðu þorskaflamarki hefur minnkað lítillega, eins og sjá má á eftirfarandi mynd.




Eftir að þorskaflahámarkskerfi fyrir krókaleyfisbáta var komið á hafa aðilar í þessum sveitarfélögum verið nokkuð duglegir að auka hlutdeild sína í þeim veiðiheimildum. Þar eru nú




Suðurfirðir Austurlands

21 krókaleyfisbátur, þar af eru 17 á þorskaflahámarki en 4 á sóknardögum (sem gfur u.þ.b. 120 tonna þorskaflaviðmiðun til viðbótar því sem sýnt er á eftirfarandi mynd).




Stöðvarfjörður


Íbúar á Stöðvarfirði árið 1998 voru 269. Árið 1981 höfðu þeir verið 348 og er því um 23% fækkun að ræða.




Hlutdeild Stöðvarfjarðar í þorskafla hefur verið mjög svo sveiflukennd, fór hæst í um 1,3%




árið 1994 en lægst í um 0,3% árið 1997. Hlutdeildin í botnfiskafla hefur einnig verið sveiflukennd, þó sveiflurnar séu heldur minni. Snæfell hf. á Dalvík er nú aðal útgerðar- og fiskverkunaraðilinn á Stöðvarfirði og hefur verið frá því að það yfirtók rekstur Gunnarstinds hf.




Stöðvarfjörður



Árið 1982 var 1 togari á Stöðvarfirði. Í ársbyrjun 1999 var ennþá 1 togari skráður, en að auki voru 9 smábátar, þar af voru 6 á þorskaflahámarki og 3 á aflamarki. Hlutdeild Stöðvarfjarðar í




úthlutuðu þorskaflamarki hefur verið svipuð undanfarin ár, ef undanskilin eru fiskveiðárin 1996/97 og 1997/98. Hlutdeildin í þorskaflahámarki hefur hins vegar aukist.




Myndirnar hér sýna ráðstöfun þorskafla og botnfiskafla á Stöðvarfirði. Þorskafli fór minnkandi árin 1995 og 1996, en hefur aukist aftur síðan. Hins vegar fer sífellt hærra hlutfall þorskaflans í vinnslu annars staðar.


Stöðvarfjörður



Botnfiskafli báta á Stöðvarfirði hefur einnig minnkað og hærra hlutfall hans fer einnig í vinnslu annars staðar.




Sífellt minni þorskafli er unnin á Stöðvarfirði og einnig af botnfiski.




Breiðdalsvík

Íbúar á Breiðdalsvík voru 290 árið 1998. Árið 1981 voru íbúarnir 356, þannig að um 19% fækkun hefur átt sér stað á þessu tímabili.


Hlutdeild Breiðdælinga í lönduðum þorskafla hefur sveiflast mjög mikið undanfarna áratugi. Fram til 1982 höfðu þeir yfirleitt um 0,3% hlutdeild, en hún jókst skyndilega árin 1983-85 í um 0,7%. Hlutdeildin var síðan um 0,5% næstu fimm ár, en lækkaði þá snarlega og árin 1992-94



var engum þorski landað á Breiðdalsvík. Síðan hefur þorskur aftur borist á land þar, en




hlutdeild þeirra er þó lítillega lægri en á áttunda áratugnum. Sveiflur í hlutdeild Breiðdælinga í botnfiskafla eru nokkuð svipaðar sveiflum í þorskafla.




Breiðdalsvík


Hlutdeild Breiðdælinga í úthlutuðu þorskaflamarki hefur tekið miklum breytingum, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Hluti skýringarinnar er að finna í samstarfi og sameiningu við útgerð og fiskverkun Gunnarstinds hf. á Söðvarfirði og síðan Búlandstinds hf. á Djúpavogi.




Árið 1982 voru 2 fiskiskip og1 togari á Breiðdalsvík. Skömmu síðar var togarinn seldur burt og rúmlega 200 brl. fiskiskip keypt í staðinn. Árið 1999 voru 2 smábátar skráðir á Breiðdalsvík, annar á þorskaflahámarki og hinn á aflamarki. Að auki var eitt 140 brl. fiskiskip á aflamarki skráð þar.




Myndirnar hér sýna ráðstöfun þorskafla og botnfiskafla á Breiðdalsvík. Eins og sjá má hefur þorskafli Breiðdælinga verið fremur lítill undanfarin ár, en þó farið hækkandi.



Breiðdalsvík




Botnfiskafli hefur einnig verið lítill hjá bátum Breiðdælinga, en aukist svipað og þorskaflinn. Eftirtektarvert er að engum botnfiskafla, hvorki af þorski né öðrum tegundum, af bátum Breiðdælinga er landað til vinnslu á Breiðdalsvík.
Búlandstindur hf. hóf að gefa sérstaklega upp framleiðslumagn fyrir vinnslu sína á Breiðdalsvík




árið 1995, en á undan var framleiðslan birt sem hluti af starfseminni á Djúpavogi. Af botnfiskaflanum sem unnin er á Breiðdalsvík árið 1997 eru rúm 400 tonn þorskur og fór helmingur hans í salt.

Djúpivogur

Íbúar á Djúpavogi voru 376 árið 1998. Árið 1981 voru íbúarnir 391 og er það um 4% fækkun.




Hlutdeild Djúpavogs í þorskafla hefur verið tiltölulega stöðug í kringum 0,8% frá 1983 og til ársins 1994, en þá minnkaði hún snögglega næstu tvö árin. Árið 1997 var hlutdeildin hins vegar aftur komin í tæp 0,8%.




Þróunin hefur verið svipuð í hlutdeild Djúpavogs í botnfiskafla.


Árið 1982 voru 4 fiskiskip skráð á Djúpavogi, þar af 1 togari. Í ársbyrjun 1999 voru fiskiskipin




Djúpivogur



orðin 24, þar af 1 togari. Hin 23 skipin flokkast í 9 smábáta á aflamarki og 14 krókaleyfisbáta, þar af eru 10 á þorskaflahámarki og 4 með handfæraleyfi.




Hlutdeild Djúpavogs í úthlutuðu þorskaflamarki hefur heldur aukist á undanförnum árum, eða um fjórðung.




Hlutdeild Djúpavogs í þorskaflahámarki hefur verið nokkuð stöðug, um 1%.
Þorskafli Djúpavogsbáta var svipaður árið 1997 eins og hann var árin 1993-1994. Hærra hlutfall þorskaflans er þó sjóunnin árið 1997.


Djúpivogur



Botnfiskafli Djúpavogsbáta hefur heldur minnkað, eða um þriðjung. Sífellt hærra hlutfall botnfiskaflans er nú sjóunnið og verkað annars staðar. Þá hafa skipin árlega landað 400-800 tonnum af rækju til vinnslu annars staðar, auk þess að vinna eitthvað magn um borð í skipum.



Vinnsla þorskafla á Djúpvogi hefur dregist saman og að auki er innan við þriðjungur þorskaflans nú landunnin. Botnfiskafli til vinnslu á Djúpavogi hefur einnig minnkað og aðeins um fjórðungur hans er landunninn á Djúpavogi.



Djúpivogur

Djúpivogur liggur ágætlega fyrir veiðar á uppsjávarfiski og er því nokkuð landað síld og loðnu þar. Árin 1997 og 1998 voru þar móttekin um 20 þús. tonn í mjölvinnslu, en einnig hefur nokkur vinnsla verið í frystingu og söltun þegar markaðsaðstæður hafa boðið upp á slíkt.

1226. Svar [608. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um jöfnun námskostnaðar.

1. *Hver hefur árleg hækkun á „jöfnun námskostnaðar" verið á nemanda frá árinu 1995, hlutfallslega og í krónum talið, skipt eftir:*
   a. *ferðastyrkjum,*
   b. *dvalarstyrkjum?*

Reglubundnir styrkir eru húsnæðisstyrkir, fæðisstyrkir og ferðastyrkir.

Niðurgreiðsla kostnaðar við akstur í framhaldsskóla er talin hluti af jöfnun námskostnaðar.

Fjárveitingar hafa verið sem hér segir:

Ár	Styrkir, millj. kr.	Skólaakstur, millj. kr.	Samtals, millj. kr.	Hækkun frá fyrra ári, millj. kr.	Hækkun frá fyrra ári, %
1995	96,5	13,7	110,2		
1996	96,5	15,0	111,5	1,3	1,2
1997	106,5	30,0	136,5	25,0	22,4
1998	160,0	31,0	191,0	54,5	39,9
1999	228,2	31,6	259,8	68,8	36,0

Styrkir til nemenda í fullu námi hafa verið sem hér greinir, en vísað er til svara við 2. og 3. lið varðandi ferðastyrk og nánari útskýringar á styrktilhögun.

Ár	Fæðisstyrkur, kr.	Hækkunfrá fyrra ári, kr.	Hækkun frá fyrra ári, %	Húsnæðisstyrkur, meðaltal, kr.	Hækkun frá fyrra ári, kr.	Hækkun frá fyrra ári, %
1995	37.000			15.000		
1996	37.000	0	0,0	15.000	0	0,0
1997	40.000	3.000	8,1	21.000	6.000	40,0
1998	56.000	16.000	40,0	23.500	2.500	11,9
1999	70.000	14.000	25,0	27.500	4.000	17,0

Styrkur til nemanda sem stundaði nám í Reykjavík var (án ferðastyrks) 53.000 kr. árið 1995, en er nú 100.000 kr.

2. *Hver er upphæð þessara styrkja nú og hvað má reikna með að hún sé hátt hlutfall framfærslukostnaðar nemenda?*

Skólaárið 1998–99 er fæðisstyrkur 70.000 kr., húsnæðisstyrkur á höfuðborgarsvæðinu er 30.000 kr. og 25.000 kr. utan þess, sbr. svar við 1. lið.

Ferðastyrkir eru allt að 30.000 kr.

Hlutfall styrksins af framfærslukostnaði nemenda sem stunda nám utan heimabyggðar er að líkindum nokkuð breytilegt. Sé tekið mið af áætluðum kostnaði við skólagöngu fjarri heimabyggð samkvæmt úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá júní 1998 má ætla að styrkur vegna skólaársins 1998–99 nemi 37–45% af lægri kostnaðaráætlun, en 27–29% af meðaltali þeirrar áætlunar.

3. Hvaða reglur eru lagðar til grundvallar við úthlutun þessara styrkja?

Styrkir eru veittir samkvæmt lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, nr. 23/1989, sbr. lög nr. 143/1998.

Í 2. gr. laganna eru grundvallarreglur um hverjir teljast styrkhæfir en hún er svohljóðandi: „Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir nemendur sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi og verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins. Skilyrði styrkveitingar er að ekki sé unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan. Eigi skulu þeir njóta styrks samkvæmt lögum þessum er nýta rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu."

Menntamálaráðherra skipar fimm manna námsstyrkjanefnd sem sér um úthlutun til styrkhæfra nemenda. Auk þess að ákveða upphæð styrkja ár hvert verður námsstyrkjanefnd að meta hvað telst „sambærilegt" nám, sbr. 2. gr. laganna.

Fæðisstyrkur er veittur öllum styrkhæfum umsækjendum, en styrkþegar árin 1996–98 voru að jafnaði rúmlega 2.400. Húsnæðisstyrk hljóta þeir sem ekki eiga þess kost á námstíma að búa í foreldrahúsum eða í heimavist.

Ferðastyrki skal skv. a-lið 3. gr. laganna veita þeim nemendum sem bera verulegan ferðakostnað vegna búsetu sinnar. Námsstyrkjanefnd ákveður upphæð ferðastyrks frá heimasveitarfélagi nemanda til sveitarfélags viðkomandi skóla, sé nemandi á annað borð styrkhæfur.

Veittur er ferðastyrkur til fjögurra ferða á ári milli heimilis og skóla. Styrkur er veittur til ferða í þann skóla sem er styst frá lögheimili styrkþega og telst bjóða sambærilegt nám á við það sem styrkþegi stundar. Eðli málsins samkvæmt njóta þeir hæstu ferðastyrkja sem lengst þurfa að fara frá lögheimili sínu til að geta lagt stund á sitt nám.

1227. Skýrsla [617. mál]

dómsmálaráðherra til Alþingis um aðgerðir á vegum stjórnvalda í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum á árinu 1998.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

1. Inngangur.

Hinn 3. desember 1996 samþykkti ríkisstjórnin margvíslegar aðgerðir í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Helstu þættir í aðgerðum ríkisstjórnarinnar eru:

1. Stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.
2. Stofnun Áfengis- og vímuvarnaráðs.
3. Auknir fjármunir til forvarna.
4. Efling löggæslu og tollgæslu með auknum fjárveitingum.
5. Fjárveiting til stuðnings við ungmenni í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna og áfengis.
6. Samstarf ríkisins, Reykjavíkurborgar og Samtaka Evrópuborga gegn eiturlyfjum (ECAD, European Cities Against Drugs) um áætlunina *Ísland án eiturlyfja.*

7. Fullgilding Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988 og samningi frá 8. nóvember 1990 sem gerður var á vettvangi Evrópuráðsins um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum.

Ríkisstjórnin fól nefnd ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum[1] að fylgjast með framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum og annarra aðgerða á hennar vegum uns Áfengis- og vímuvarnaráð yrði stofnað.

Lög um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998 gengu í gildi 1. júlí 1998. Nánar verður vikið að hinu nýja Áfengis- og vímuvarnaráði og hlutverki þess í kafla 4.1.

Nefnd ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum hefur því á árunum 1997 og 1998 fylgst með framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum og annarra aðgerða á hennar vegum.

Í mars 1998 skilaði nefndin ríkisstjórninni skýrslu um framgang mála á árinu 1997. Skýrslunni fylgdi sem fylgiskjal skýrsla verkefnisstjórnar áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* fyrir árið 1997.

Í framhaldi umfjöllunar sinnar um skýrslurnar samþykki ríkisstjórnin eftirfarandi aðgerðir, sem frekari útfærslu á stefnumörkuninni frá byrjun desember 1996:

1. Að Áfengis- og vímuvarnaráð taki til starfa 1. janúar 1999 enda verði frumvarp til laga um ráðið samþykkt á vorþingi 1998.
2. Að fela ráðuneytum sem vinna að verkefnum á sviði áfengis-, tóbaks- og vímuvarna að tengja þau með áberandi hætti við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og eftir því sem kostur er áætluninni *Ísland án eiturlyfja*.
3. Að skipaður verði vinnuhópur sem í eiga sæti yfirmenn tollamála og lögreglumála og fulltrúi utanríkisráðherra. Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipi hópnum formann. Verkefni vinnuhópsins verði að skoða til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að loka fyrir ólöglegan innflutning fíkniefna. Hópurinn skili tillögum til ráðherra dómsmála og fjármála á árinu 1998.
4. Að 2 m.kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar á árinu 1998 verði varið til rannsókna á sviði áfengis-, tóbaks- og vímuvarna samkvæmt nánari ákvörðun nefndar ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum.
5. Vegna áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja*:
   - Að óskað verði eftir því að árlegt framlag ríkisins úr Forvarnasjóði til áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* hækki í 4,5 m.kr. enda hækki framlag Reykjavíkurborgar samsvarandi.
   - Að Samband íslenskra sveitarfélaga gerist aðili að áætluninni *Ísland án eiturlyfja* og tilnefni fulltrúa í verkefnisstjórn áætlunarinnar.
   - Að verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* hafi reglulega samráð við þá aðila sem starfa að vímuvörnum.
   - Að öll verkefni sem Forvarnasjóður styrkir verði tengd áætluninni *Ísland án eiturlyfja* eftir því sem kostur er og að stjórn sjóðsins hafi samráð við verkefnisstjórn áætlunarinnar við árlega úthlutun.

---

[1] Ríkisstjórnin ákvað í lok janúar 1996, að tillögu ráðherra dómsmála, félagsmála, heilbrigðis- og tryggingamála og menntamála, að samræma aðgerðir vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum. Jafnframt var ákveðið að setja á laggirnar nefnd ráðuneyta til að fylgjast með þessari vinnu og hefur hún starfað síðan.

Ríkisstjórnin fól dómsmálaráðherra að leggja skýrslurnar fyrir Alþingi til kynningar. Þær voru lagðar fyrir Alþingi í byrjun apríl 1998.[1]

Nefnd ráðuneyta hefur haldið áfram að fylgjast með framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar á þessu sviði á árinu 1998 og hafa eftirtaldir starfað í nefndinni á árinu: Dögg Pálsdóttir hrl. formaður, tilnefnd af dómsmálaráðherra, Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri til 1. júlí 1998 og Guðrún Ögmundsdóttir deildarstjóri, frá þeim tíma tilnefndar af félagsmálaráðherra, Bergþór Magnússon deildarsérfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðherra, Þórir Haraldsson, aðstoðarmaður ráðherra, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri og til vara Erna Árnadóttir deildarsérfræðingur, tilnefndar af menntamálaráðherra, en Erna vék úr nefndinni 1. júlí 1998 vegna brottflutnings af landinu.

Hinn 1. janúar 1999 urðu þau tímamót að Áfengis- og vímuvarnaráð tók formlega til starfa. Ráðið tekur m.a. við því hlutverki nefndar ráðuneyta að fylgjast með framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Með skýrslu þessari gerir nefnd ráðuneyta ríkisstjórninni grein fyrir þróun mála á þessu sviði á árinu 1998. Jafnframt setur nefndin fram mat á stöðu fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvarna við þau tímamót að starfi nefndarinnar lýkur og Áfengis- og vímuvarnaráð tekur við því hlutverki sem því var ætlað í upphafi stefnumörkunarinnar.

2. Stefna ríkisstjórnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum frá 3. desember 1996 felst að hún hefur ákveðið að beita sér markvisst fyrir því að ráðuneyti og stofnanir, löggæsla og tollgæsla, í samvinnu við sveitarfélög, foreldrafélög, félagasamtök og aðra, taki höndum saman og samhæfi viðbrögð, aðgerðir og samstarf með það fyrir augum að uppræta fíkniefnaneyslu barna og ungmenna og draga stórlega úr áfengis- og tóbaksnotkun þeirra. Áhersluatriði ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki fram til ársins 2000 eru:

- **Að efla forvarnir, einkum þær sem beint er að einstaklingum sem eru í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks.**
- **Að hefta aðgengi barna og ungmenna að fíkniefnum, áfengi og tóbaki.**
- **Að auka öryggi almennings með fækkun fíkniefnatengdra brota.**
- **Að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn notkun barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki.**
- **Að efla meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem orðið hafa fíkninni að bráð.**

Stefnan gerir ráð fyrir að ráðuneyti og undirstofnanir útbúi framkvæmdaáætlanir til að útfæra nánar stefnuna með hliðsjón af verkefnum hvers ráðuneytis.

Framkvæmdaáætlanir ráðuneyta voru útbúnar og settar fram fyrri hluta árs 1997. Frá þeim tíma hafa þau ráðuneyti sem hér um ræðir, þ.e. dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti starfað í samræmi við þessar framkvæmdaáætlanir og þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin tók í mars 1998 í kjölfar skýrslu nefndar ráðuneyta um reynsluna af starfinu á þessu sviði árið 1997.

Verður nú nánar vikið að verkefnum fyrrnefndra ráðuneyta á árinu 1998 jafnframt því sem gerð er grein fyrir framkvæmd þeirra tillagna sem ríkisstjórnin samþykkti í mars 1998 vegna fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvarna.

---

[1] Skýrsla dómsmálaráðherra til Alþingis um aðgerðir á vegum stjórnvalda í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum á árinu 1997. Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98, 672. mál, þskj. 1158.

2.1. Verkefni ráðuneyta á sviði fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvarna á árinu 1998.

2.1.1. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Á árinu 1998 hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið unnið að eftirtöldum verkefnum á þessu sviði.

Breytingar á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

- Hinn 1. júlí 1998 gengu í gildi ný áfengislög nr. 75/1998. Í framhaldi af gildistöku laganna hefur verið unnið að því í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að semja þær reglugerðir sem lögunum skulu fylgja.
- Aðferðir lögreglu við rannsókn fíkniefnamála hafa á síðustu árum hlotið aukna athygli og umræðu. Á síðari hluta árs 1997 urðu miklar umræður um starfsemi ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, einkum um starfshætti hennar og rannsóknaraðferðir við að upplýsa brotamál og að setja þyrfti skýrari reglur um svokallaðar óhefðbundnar eða sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu. Helstu rannsóknaraðferðir sem koma til álita í þessu sambandi eru símhleranir og herbergjahleranir, samskipti lögreglu við uppljóstrara og greiðslur til upplýsingagjafa, tálbeitur, afhending undir eftirliti, alþjóðleg sýndarviðskipti, skygging og notkun eftirfararbúnaðar, myndatökur, endurkaup á þýfi, kaup á fíkniefnasýnum og sýning peninga svo talin séu nokkur algengustu dæmin af þessu sviði. Í flestum Evrópuríkjum er nú verið að endurskoða rannsóknaraðferðir lögreglunnar í því augnamiði að efla þær til þess að lögregla verði betur í stakk búin til þess að takast á við rannsókn fíkniefnabrota og auka samvinnu milli ríkja á þessu sviði. Í janúar 1998 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til þess að fjalla um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir. Í nefndinni sitja Björg Thorarensen skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, sem jafnframt er formaður, Bogi Nilsson ríkissaksóknari, Atli Gíslason hrl., Ásgeir Karlsson lögreglufulltrúi hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, Björn Halldórsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra og Egill Stephensen saksóknari hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Í aprílmánuði 1998 lét Björn Halldórsson af störfum í nefndinni vegna löggæslustarfa í Bosníu. Í hans stað var skipaður af hálfu ríkislögreglustjóra Þórir Oddsson vararíkislögreglustjóri. Verkefni nefndarinnar er tvíþætt:
  - Að kanna rannsóknir og rannsóknaraðferðir lögreglu í baráttunni gegn afbrotum, sérstaklega í nýjum eða nýlegum tegundum afbrota og fara yfir heimildir lögreglunnar til rannsókna og til að beita óhefðbundnum rannsóknaraðferðum.
  - Að gera tillögur um reglur um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir og lagabreytingar sem kunna að þykja nauðsynlegar til að lögreglan geti með fullnægjandi hætti tekist á við nýjustu afbrotaaðferðir.

Stefnt er að því að nefndin skili tillögum og ljúki starfi sínu á fyrri hluta ársins 1999.

Efling ávana- og fíkniefnastarfsemi löggæslunnar. Í tengslum við stefnumótun ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum í árslok 1996 var fjárveiting til fíkniefnamála hjá lögreglunni aukin um 35 m.kr. á ári hverju til ársins 2000. Á árinu 1997 var fjárveitingu ráðstafað til tækjakaupa í þágu ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík (5,7 m.kr.), til fjölgunar stöðugilda sérstakra fíkniefnalögreglumanna (18 m.kr.), til bættrar aðstöðu fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík (5 m.kr.) og til fíkniefnastofu hjá embætti ríkislögreglustjóra (2 m.kr.).

Á árinu 1998 hefur fjárveitingunni verið ráðstafað sem hér segir:

- Til tækjakaupa í þágu ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, 7 m.kr. vegna kaupa á fullkomnari fjarskipta- og hlustunarbúnaði fyrir fíkniefnadeildina.
- Til greiðslu launa vegna sjö stöðugilda sem ákveðin voru á árinu 1997, 28 m.kr.

Samvinna löggæslu og tollyfirvalda. Í júlí 1998 skipaði dómsmálaráðherra vinnuhóp sem ætlað er að skoða til hvaða aðgerða hægt er að grípa til að stemma stigu við ólöglegum innflutningi fíkniefna til landsins. Í vinnuhópnum sitja Gunnar M. Hansson, sem jafnframt er formaður vinnuhópsins, Einar Gylfi Jónsson formaður Barnaheilla, Georg Kr. Lárusson varalögreglustjóri í Reykjavík, Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri, Sigurgeir Jónsson ríkistollstjóri, Snorri Olsen tollstjóri í Reykjavík og Þorgeir Þorsteinsson sýslumaður á Keflavíkurflugvelli. Stefnt er að því að vinnuhópurinn skili tillögum sínu í byrjun árs 1999.

Meðferðar- og afplánunarúrræði fyrir brotamenn sem eru háðir neyslu ávana- og fíkniefna. Síðan 1990 hafa fangar átt þess kost að ljúka síðustu sex vikum afplánunar í áfengis- og vímuefnameðferð hjá SÁÁ. Hátt í 200 fangar hafa nýtt sér þetta úrræði og tæplega 3/4 lokið meðferðinni. Áfengis- og vímuefnaráðgjafi frá SÁÁ hefur auk þess frá árinu 1996 heimsókn fangelsið að Litla-Hrauni reglulega. AA-fundir eru haldnir einu sinni til tvisvar í viku í öllum fangelsum og er þeim stjórnað af utanaðkomandi AA-fólki. Frá 1997 hefur sálfræðingur Fangelsismálastofnunar ríkisins unnið að könnun á meðferð fanganna hjá SÁÁ, reynt að meta árangurinn og hver sé endurkomutíðni þessara fanga í fangelsin aftur.[1]

Vegna útbreiddrar neyslu ávana- og fíkniefna í fangelsum landsins er markvisst reynt að hindra að þau berist inn í fangelsin. Fangaverðir eru menntaðir sérstaklega vegna þessa, sumar deildir eru ávana- og fíkniefnalausar og fangar á þeim njóta vissra fríðinda í staðinn umfram aðra. Loks má nefna að umfangsmiklar eftirlitsaðgerðir eru með sýnatökum og agaviðurlögum þegar menn eru uppvísir að neyslu.[2]

Foreldrar og forvarnir í ávana- og fíkniefnamálum. Lögreglan í Reykjavík hefur haldið áfram markvissu starfi sínu við að virkja foreldra og vinna með þeim að áfengis- og fíkniefnavörnum.

Síðla hausts 1998 hófst forvarnaverkefnið *Hættu áður en þú byrjar* sem að standa lögreglan í Reykjavík, Félagsþjónustan í Reykjavík og Hvítasunnukirkja Fíladelfíu í Reykjavík. Í lok árs 1998 hafði verkefnið verið kynnt í Hlíðaskóla, Austurbæjarskóla, Langholtsskóla og Klébergsskóla.

Verkefnið er þannig uppbyggt að Jón Indriði Þórhallsson og lögreglumaður frá forvarna- og fræðsludeild lögreglunnar fara í skólana, sýna mynd um heróínneytendur í Osló og ræða við nemendur. Jón Indriði leggur mikla áherslu á það við unglingana að þeir geri strax upp hug sinn gagnvart fíkniefnum. Skilaboðin eru skýr, *Hættu áður en þú byrjar.* Með öðrum orðum, unglingarnir eru hvattir til að taka strax ákvörðun um að neita að prófa fíkniefni verði þeim boðið slíkt. Jón Indriði skýrir jafnframt frá reynslu sinni og sögu sem fíkniefnaneytandi. Hann var mikið í neyslu fíkniefna í 10 ár og er markaður af þeirri reynslu. Hann hefur t.d. lifrarbólgu b og c og fleiri líkamlega skaða vegna neyslunnar. Lögreglumaðurinn skýrir út fyrir unglingunum hver er afleiðing af lífi eins og Jóns Indriða, hvað standi að baki sakavottorði og fleira. Jón Indriði er mjög heiðarlegur í sínum málflutningi, hann nær vel til ungs fólks og gefur skýrt til kynna hvernig líf hans hefur markast af neyslu fíkniefna.

Leitast er við að skýra út fyrir unglingunum hvernig heimur það sé í raunveruleikanum sem neytendur fíkniefna lifa. Því miður hefur verið algengt að sá heimur sé gerður meira aðlaðandi og spennandi en hann er. Með verkefninu er ekki markmið að hræða, heldur skýra

---

[1] Greinargerð um þessa rannsókn er að finna í ársskýrslu Fangelsismálastofnunar ríkisins 1997, útg. í desember 1998, bls. 53–60.

[2] Sjá nánar ársskýrslu Fangelsismálastofnunar, bls. 19–23.

út á faglegum forsendum lífið, hætturnar og afleiðingar eins og þær líta út fyrir þá sem hafa upplifað slíkt og eins og málið lítur út frá sjónarhóli lögreglu.

Síðasti hluti verkefnisins í hverjum skóla er kvöldfundur með kennurum, foreldrum og forráðamönnum þar sem þeim er sýnd sama mynd og sagt frá því sem nemendur höfðu heyrt og rætt við þau um hvað þau geti gert ef grunur er um neyslu barna á fíkniefnum. Auk Jóns Indriða og lögreglumanns kemur á fundinn starfsmaður frá forvarnasviði Félagsþjónustunnar og unglingaráðgjafar úr hverfinu. Þau kynna hverfisbundna vinnu Félagsþjónustunnar auk þess að fjalla almennt um aðstæður barna með áherslu á að foreldrar og forráðamenn eru bestir til að tryggja velferð barna sinna. Mikil áhersla er lögð á það í samvinnu við skólana að tryggja að sem flestir foreldrar mæti á kvöldfundinn. Forvarnasvið Félagsþjónustunnar býður áhugasömum foreldrum þátttöku í leshóp um hlutverk unglingaforeldris. Fyrsti leshópurinn mun hittast fyrstu vikur ársins 1999.

Þetta verkefni er aðeins í boði sem heild þ.e. fundirnir fyrir bæði börn og forráðamenn þeirra. Þannig fá foreldrarnir að upplifa sama verkefnið og börnin og að auki leiðbeiningar um hvernig talið er æskilegt að fylgja þessu eftir. Einnig er verkefnið nýtt til fræðslu fyrir unglinga sem teljast í áhættu svo sem í hópastarfi Félagsþjónustu Reykjavíkur auk þess að sinna beiðnum ýmissa hópa um fræðslu tengda fíkniefnaforvörnum.

Verkefnið hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð, bæði kennara, nemenda og foreldra.

Einnig er mikill áhugi á þessu verkefni í öðrum sveitarfélögum. Þar er gert ráð fyrir að lögreglan og starfsfólk félagsþjónustu í viðkomandi umdæmi sjái um fræðsluna auk Jóns Indriða.

Frekari upplýsingar um starfsemi lögreglunnar á forvarna- og fræðslusviði er að finna í fylgiskjali I með þessari skýrslu.

2.1.2. Félagsmálaráðuneyti.

Á árinu 1998 hefur félagsmálaráðuneytið unnið að eftirtöldum verkefnum á þessu sviði.

Bætt umhverfi fjölskyldunnar, mótun fjölskyldustefnu og forvarnir gegn fíkniefnaneyslu. Alþingi ályktaði vorið 1997 að ríkisstjórnin móti opinbera fjölskyldustefnu. Meginforsendur hennar eru að fjölskyldan sé hornsteinn íslensks samfélags og að ríkisstjórnum og sveitarfélögum beri á hverjum tíma að marka sér opinbera stefnu í málum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda. Fíkniefnaneysla og misnotkun áfengis sé fjölskylduvandi og í þingsályktuninni er lagt til að fjölskyldur njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa.

Fjölskyldan og þá einkum foreldrarnir eru best til þess fallnir að veita börnum öryggi og tækifæri til þroska og ljóst er að þeir eru almennt á móti áfengis- og fíkniefnaneyslu barna sinna. Niðurstöður nýlegrar könnunar benda eindregið til þess að foreldrar vilja vita um ferðir barna sinna og hvað þau aðhafast, t.d. vill meginþorri foreldra fá að vita af því ef barn þeirra undir 16 ára aldri neytir áfengis. Ýmsar almennar aðgerðir stjórnvalda geta létt undir með foreldrum við umönnun og uppeldi barna þeirra. Sem dæmi má nefna viðurkenningu og skilning atvinnurekenda á mikilvægi uppeldishlutverks foreldra og gildi samstarfs foreldra og skóla.

Fjölskylduráð. Í samræmi við þingsályktun um opinbera fjölskyldustefnu var á árinu 1998 skipað fjölskylduráð sem hefur það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar í samræmi við almenn markmið ríkisstjórnarinnar.

Meðal verkefna fjölskylduráðs er að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar með hliðsjón af heildarsýn einstakra ráðuneyta og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Fjölskylduráðið á að eiga frum-

kvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar og veita leiðbeinandi upplýsingar til fjölskyldna um viðbrögð við nýjum og breyttum aðstæðum og hvetja til aðgerða á sviði fjölskyldumála. Síðast en ekki síst á fjölskylduráðið að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna. Fjölskyldan og heimilin eru tvímælalaust mikilvægasti vettvangurinn á sviði forvarna í fíkniefnamálum.

Fjölskylduráðinu er m.a. falið að beina sjónum sínum að því að fjölskyldur njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa og að forvarnir vegna áfengis- og vímuefnaneyslu verði auknar.

Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Farsælt samspil atvinnu og heimilis er forsenda öruggs uppeldis barnanna. Yfirvöldum ber að skapa skilyrði til þess að jafnvægi náist milli fjölskyldulífs og atvinnu foreldra. Á heimilum þar sem þetta jafnvægi ríkir eru foreldrar betur í stakk búnir til að fylgjast með börnum sínum og veita þeim það aðhald, sem nauðsynlegt er til að styðja þau í því að ánetjast ekki fíkniefnum. Félagsmálaráðherra hefur á árinu 1998 látið undirbúa að leggja til við Alþingi að Ísland fullgildi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Í samþykktinni felast skuldbindingar og má þar m.a. nefna að stjórnvöld setji sér þau markmið að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð, að gegna launuðu starfi og sinna jafnframt heimilinu, að auðvelda starfsmönnum sem bera ábyrgð á fjölskyldu að hagnýta rétt sinn til að velja starf við hæfi, að taka tillit til þarfa þeirra er varða kjör, vinnuskilyrði og félagslegt öryggi, að við skipulagningu á þjónustu sveitarfélaga skuli tekið tillit til þarfa starfsfólks með fjölskylduábyrgð, t.d. hvað varðar barnagæslu og fjölskylduábyrgð og að tryggja að fjölskylduábyrgð sem slík geti ekki verið gild ástæða uppsagnar úr starfi. Foreldrar sem búa við fjölskylduvænt vinnuumhverfi, eiga auðveldara að veita börnum sínum öryggi og aðhald og vernda þau gegn neyslu fíkniefna.

Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa hefur yfirumsjón og eftirlit með stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir fyrir börn og ungmenni sem vistuð eru á grundvelli barnaverndarlaga. Unglingar sem eiga við vímuefnavanda að stríða, eða eru í sérstökum áhættuhópi, geta verið vistaðir á öllum heimilum Barnaverndarstofu. Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlar, annast greiningarmeðferð og neyðarvistun í bráðatilvikum og eru þar samtals 12 rými. Til viðbótar eru fjögur heimili með 22–24 rýmum auk Geldingalækjar með sex rýmum, en það er heimili fyrir börn á aldrinum 6–12 ára.

Sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 ár 1. janúar 1998. Ein rökin fyrir hækkun sjálfræðisaldurs voru að gera foreldrum og samfélaginu í heild kleift að taka á stjórnlausri neyslu áfengis og vímuefna 16 til 18 ára ungmenna. Má búast við aukinni þörf á sérhæfðum úrræðum í vímuefnameðferð fyrir ungmenni allt að 18 ára aldri. Nýlegar breytingar á meðferðarkerfi ríkisins gerðu ráð fyrir að sjálfráða einstaklingar, 16 ára og eldri, leituðu þjónustu sjúkrastofnana fyrir fullorðna. Nú hafa aldursmörkin verið hækkuð í 18 ár og því verður að efla sérhæfða meðferð fyrir þennan hóp. Þessi hópur nýtur nú þjónustu meðferðarstofnana fyrir fullorðna hjá SÁÁ og Landspítala.

Sérhæfð meðferðarheimili. Á árinu 1998 opnuðu tvö meðferðarheimili fyrir ungmenni, Háholt sem tekur við af Bakkaflöt og Hvítárbakki.

Stofnun meðferðarheimilis fyrir unga fíkniefnaneytendur á árinu 1999. Í samræmi við það sem að áður hefur verið vikið að um áhrif hækkunar lögræðisaldurs verður stefnt að því að setja á laggirnar nýtt meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur á aldrinum 16 til 18 ára á árinu 1999. Þessi framkvæmd byggir þó á því að niðurstöður úttektar á meðferðarúrræðum fyrir unga fíkniefnaneytendur mæli með því að þessum aldurshópi verði veitt þjónusta

á sérhæfðum meðferðarheimilum sem rekin eru á vegum Barnaverndarstofu en ekki á hinum almennu meðferðarstofnunum sem ætlaðar eru fullorðnum.

Önnur verkefni. Á árinu 1998 hefur enn frekar verið unnið að eftirtöldum verkefnum sem tengjast áfengis- og vímuvörnum hjá félagsmálaráðuneytinu:

- Stofnun Barnahúss. Barnahús var opnað á árinu 1998. Þar verður starfrækt miðstöð fyrir rannsóknir á kynferðisafbrotum og öðru ofbeldi gegn börnum og sérhæfð meðferð og áfallahjálp veitt börnum og fjölskyldum þeirra. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára, sem byggir á samstarfi fjölmargra aðila undir stjórn Barnaverndarstofu. Stefnt er að því að samhæfa, eins og unnt er, hlutverk barnaverndaryfirvalda annars vegar og hins vegar hlutverk lögreglu, saksóknara, lækna og fleiri við rannsókn mála. Börn og ungmenni sem verða fyrir ofbeldi eru í áhættuhópi gagnvart neyslu fíkniefna. Hlutfallslega stór hópur stúlkna sem orðið hefur fíkniefnaneyslu að bráð hefur verið beittur kynferðislegu ofbeldi. Börnin, sem vistast á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu eiga við fjölþættan vanda að etja og er neysla áfengis og annarra vímuefna oft birtingarform félagslegra og tilfinningalegra vandamála. Markviss og samhæfð viðbrögð allra, sem að máli koma þegar grunur leikur á um slíkt ofbeldi, getur dregið verulega úr líkum á því að fórnarlambið ánetjist fíkniefnum síðar á lífsleiðinni.
- Sérstök úttekt á þjónustu meðferðarstofnana. Í vinnslu er er sérstök úttekt á þjónustu SÁÁ og Landspítala við 16–18 ára ungmenni. Nauðsyn er á upplýsingum um þjónustu stofnananna við þennan aldurshóp, ekki síst í ljósi breyttra aðstæðna vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Könnuð er dvalarlengd og brottfall í meðferð, endurinnlagnir og árangur meðferðar. Niðurstöðu er að vænta á árinu 1999.
- Henta meðferðarúrræðin jafnt konum sem körlum? Skrifstofu jafnréttismála var falið að kanna hvort meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur, sem eru kostuð af opinberu fé, henti jafnt konum sem körlum. Niðurstöðu er að vænta 1999.
- Fjölskyldumiðstöðin. Félagsmálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Reykjavíkurdeild Rauða Kross Íslands og Reykjavíkurborg standa saman að rekstri fjölskyldumiðstöðvar sem er forvarnaverkefni meðal grunnskólanema í Reykjavík. Upphaflega var lagt upp með tilraunaverkefni til eins árs og hófst það í apríl 1997. Af ýmsum ástæðum hefur verkefnið verið lengt og stendur það til 1999. Markmið verkefnisins er að draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu barna á grunnskólaaldri og styðja og styrkja nemendur gegn áfengis- og vímuefnaneyslu og stuðla þannig að vímuefnalausum grunnskóla. Sérstaða miðstöðvarinnar felst í því að ráðgjafar hennar koma frá Stuðlum, Teigi og barna- og unglingageðdeild og nýtast hér saman kraftar sérfræðinga frá mismunandi meðferðarstofnunum. Rík áhersla er lögð á samstarf við foreldra og þátttöku nemendaverndarráða grunnskóla. Fjölskyldumiðstöðin er liður í áætluninni *Ísland án eiturlyfja.*
- Ráðgjöf til foreldra á landsbyggðinni. Félagsmálaráðuneytið telur mikilvægt að fjölskyldum utan Reykjavíkur gefist kostur á að taka þátt í sambærilegu verkefni og fjölskyldumiðstöðinni og hefur á árinu 1998 undirbúið slíka ráðgjöf. Stefnt er að því að bjóða þeim foreldrum, sem eiga börn í vímuefnavanda, ráðgjöf og aðstoð. Þetta yrði farandráðgjöf, veitt í samráði við heilbrigðisráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Tímasetningar hafa enn ekki verið ákveðnar, en um yrði að ræða tilraunaverkefni til eins eða tveggja ára.
- Stuðningsmeðferð fyrir börn áfengissjúkra. Barnaverndarstofa kom á fót stuðningsmeðferð í tilraunaskyni fyrir 6 til 11 ára gömul börn áfengissjúkra foreldra. Um var að ræða alls sex námskeið sem haldin voru á tímabilinu 1996 til 1997. Foreldrum var samhliða

boðið upp á hópstarf. Barnaverndarstofa afhenti samtökunum Vímulausri æsku námskeiðin á árinu 1997. Með stuðningi Forvarnasjóðs hefur þessari meðferð verið haldið áfram á árinu 1998.

- Vinnuhópur til að afla upplýsinga um staðsetningu hjálparmiðstöðva. Félagsmálaráðherra hefur skipað sérstakan vinnuhóp, sem hefur störf í janúar 1999. Hlutverk hans er m.a. að afla uplplýsinga um staðsetningu hjálparmiðstöðva, hvaða hópum þær sinna, markmið og fjármögnun, starfsleyfi og fjármögnun, menntun starfsmanna og hvernig hjálparmiðstöðin skilgreinir sjálfa sig.
- Skyldur sveitarfélaganna varðandi áfengis- og vímuefnavarnir. Haldið verður áfram að kynna sveitarfélögunum sérstaklega áætlunina *Ísland án eiturlyfja* og hvetja þau til virkrar þátttöku í áætluninni. Þá hyggst ráðuneytið vekja athygli sveitarfélaganna á eftirfarandi skyldum þeirra gagnvart áfengissjúkum og fjölskyldum þeirra svo og varðandi fíkniefnavarnir:
  - Félagsmálanefndir sveitarfélaganna skulu, sbr. XIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, stuðla að forvörnum í áfengis- og vímugjafamálum í samstarfi við viðeigandi aðila, svo sem lögreglu, heilbrigðisþjónustu og skóla.
  - Félagsmálanefndum ber enn fremur að hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnota áfengi eða önnur fíkniefni fái viðeigandi meðferð og aðstoð og fjölskyldum þeirra skal einnig veitt aðstoð eftir því sem við á. Enn fremur ber nefndunum að stuðla að því að þeir sem fengið hafa meðferð vegna fíkniefnaneyslu fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni.

2.1.3. Fjármálaráðuneyti.

Ráðstöfun fjárveitingar til fíkniefnamála 1998. Á árinu 1997 var sett á laggirnar sérstök deild innan ríkistollstjóraembættisins sem m.a. var ætlað að fara með yfirumsjón með aðgerðum tollyfirvalda gegn fíkniefnasmygli á landinu öllu. Meðal verkefna deildarinnar er gera tillögur um ráðstöfun sérstakrar fjárveitingar til tollyfirvalda vegna fíkniefnaeftirlits og sjá til þess að þeim fjármunum verði ráðstafað eins og til var ætlast.

Fíkniefnadeild ríkistollstjóra gerði tillögur til ráðuneytisins um með hvaða hætti skyldi ráðstafa sérstakri 25 m.kr. fjárveitingu til eflingar á fíkniefnaeftirliti tollsins á árinu 1998 og féllst ráðuneytið á þær tillögur. Fjárveitingunni var ráðstafað sem hér segir:

Ríkistollstjóraembættið. Alls runnu 9.175.000 kr. af fjárveitingunni til embættis ríkistollstjóra. Helstu kostnaðarliðir voru 5,9 m.kr. til að mæta auknum launakostnaði embættisins vegna aukins fíkniefnaeftirlits, 800 þús. kr. vegna kostnaðar við ferðir með leitarhunda til aðstoðar við tollgæslu á landsbyggðinni, 860 þús. kr. vegna rekstrarkostnaðar bifreiðar og leitarhunds og um 1,3 m.kr. vegna námskeiða, funda og þjálfunar tollvarða.

Tollstjórinn í Reykjavík. Ráðstöfun af fjárveitingu nam rúmlega 4,7 m.kr. Þar af fóru 3 m.kr. í að mæta auknum launakostnaði og um 1,6 m.kr. í tækjakaup.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Ráðstöfun af fjárveitingu nam rúmlega 10,6 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 3 m.kr. ætlað að mæta auknum launakostnaði vegna hundaumsjónarmanns, um 6,9 m.kr. runnu til kaupa á Ionscan 400 leitartæki, en tækið getur greint leifar af fíkniefnum á fólki, fatnaði og farangri með mjög mikilli nákvæmni, og um 700 þ.kr. til rekstrarkostnaðar við bifreið og leitarhund.

Önnur embætti. Ráðstöfun til annarra sýslumannsembætta nam um 460 þ.kr. sem runnu til tækjakaupa.

Endurskipulagning fíkniefnaeftirlits. Á árinu voru ákveðnar verulegar breytingar á skipulagi fíkniefnaeftirlits tollsins. Þannig er gert ráð fyrir að ríkistollstjóri hætti að sinna beinni

tollgæslu frá áramótum 1998–1999. Stærstur hluti tollgæsludeildar embættisins, fjórir tollverðir, tveir leitarhundar og tvær bifreiðar, færist yfir til embættis tollstjórans í Reykjavík, sem mun taka yfir þau verkefni sem ríkistollstjóri hefur annast og felast í beinni tollgæslu. Eftirleiðis munu því tollstjórar, hver í sínu umdæmi, að meginstefnu til einir annast tollgæslu á vettvangi. Embætti ríkistollstjóra mun hins vegar draga sig út úr slíkum verkefnum, nema aðstoðar verði sérstaklega óskað eða samkvæmt sérstakri ákvörðun embættisins. Þess í stað mun embætti tollstjórans í Reykjavík veita minni embættunum aðstoð við framkvæmd eftirlits, m.a. með því að leggja til leitarhunda. Verkefnum þessum verður sinnt af rannsókna- og fíkniefnadeild embættisins.

Markmiðið með þessari breytingu var einkum að afmarka með skýrari hætti verkefni og ábyrgð hvors embættis um sig og greina á milli skipulagningar- og yfirstjórnunarhlutverks annars vegar og framkvæmdar hins vegar.

Við breytinguna skapast aukið svigrúm fyrir embætti ríkistollstjóra til að sinna yfirstjórnar- og eftirlitshlutverki sínu gagnvart einstökum tollstjórum á sviði fíkniefnamála. Embættið mun auka áherslu á þann þátt í starfsemi sinni, m.a. með gerð eftirlitsáætlana o.fl. Einnig annast embættið samstarf við erlend toll- og lögregluyfirvöld. Í stað þeirra fjögurra tollvarða sem fluttust til tollstjórans í Reykjavík, í tengslum við þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi fíkniefnaeftirlits á árinu, koma til starfa hjá embættinu tveir nýir tollverðir. Þeir munu, ásamt forstöðumanni, lögfræðingi og aðaldeildarstjóra hjá embættinu, mynda tollgæsludeild embættisins.

Þess ber að geta að tollgæsluverkefni ríkistollstjóra eru enn í mótun eftir þann flutning verkefna sem ákveðinn var á milli embætta. Ljóst er að þau munu einkum helgast af handhöfn landsumboðs í fíkniefnamálum og yfirstjórnarhlutverki embættisins gagnvart einstökum tollstjóraembættum.

Samstarf lögreglu- og tollyfirvalda, samnýting leitarhunda. Að undanförnu hefur verið starfandi nefnd skipuð fulltrúum lögreglu- og tollyfirvalda, sem leitar leiða til aukinnar og bættrar samvinnu milli löggæslu- og tollgæsluaðila, en ljóst er að eindreginn vilji er fyrir hendi til nánari samvinnu. Meðal verkefna nefndarinnar er að kanna með hvaða hætti megi samnýta leitarhunda þessara aðila. Í árslok 1998 var sérstakt samkomulag í burðarliðnum varðandi samnýtingu leitarhunda tollstjórans í Reykjavík, lögreglustjórans í Reykjavík og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli.

2.1.4. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Áfengis- og vímuvarnaráð. Lög um áfengis- og vímuvarnaráð nr. 75/1998 voru samþykkt á vorþingi 1998 og gengu í gildi 1. júlí 1998. Nánar verður vikið að ráðinu í kafla 4.1.

Viðtækar forvarnir í sveitarfélögum. Í ársbyrjun 1998 var undirritaður samstarfssamningur milli heilbrigðisráðuneytisins og forvarnadeildar SÁÁ um tveggja ára samstarf í forvarnamálum. Markmið verkefnisins er að virkja sveitarfélög, opinbera aðila, félagasamtök, skóla, nemendur, foreldra og aðra áhugamenn til að vinna að markvissu forvarnastarfi innan sveitarfélagsins með faglegri ráðgjöf, aðstoð og stuðningi forvarnadeildar SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins. Áður hafði SÁÁ undirbúið verkefnið og gert tilraunir með framkvæmd þess í fimm sveitarfélögum og var byggt á þeirri reynslu í verkefninu. Af fjölmörgum sveitarfélögum voru sex valin til þátttöku auk þess sem stuðningur hélt áfram við þau fimm sem áður voru til komin. Verkefnið er þannig upp byggt að í upphafi eru öllum þeim aðilum sem koma að starfi með börnum og unglingum, opinberum aðilum, aðilum úr skólakerfinu, foreldrafélögum, nemendafélögum, og öðrum áhugamönnum boðið til ráðstefnu þar sem veitt er fræðsla og upplýsingar um eðli vandans og stöðu mála á viðkomandi svæði, skipst er á

skoðunum um þær hættur sem að steðja og með hvaða hætti unnt sé að bregðast við. Efnt er til hópastarfs um afmarkaða þætti og niðurstöður ræddar. Sveitarfélagið og sérstakar framkvæmdanefndir halda utan um undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar og framhaldið, og bera hitann og þungann af því að halda áfram virkjun allra aðila innan samfélagsins, mótun stefnu samfélagsins í vímuvarnamálum, eftirfylgd hennar, áróðurs- og kynningarstarfi. Of skammur tími er liðinn til að unnt sé að meta árangur en ljóst er að verkefnið hefur víðast náð því markmiði að virkja opinbera aðila og áhugamenn til sameiginlegra átaka og virkrar vinnu í víðtækum forvörnum, samkvæmt skýrri stefnu samfélagsins.

Efling heilsugæslunnar. Aukin áhersla hefur verið lögð á að heilsugæslan og starfsfólk hennar taki virkan þátt í forvarnastarfi og unnið hefur verið að því að gera starfsfólk hennar færara til að greina vísbending um vandamál sem rætur kunna að eiga að rekja til neyslu áfengis og vímuefna og fást við þau. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að starfsfólk heilsugæslunnar fái kennslu og þjálfun í ráðgjöf og aðstoð við fólk sem vill hætta að reykja. Þannig hafa verið haldin námskeið fyrir þá sem vilja leiðbeina fólki að hætta að reykja.

Þá er forvarnastarf gegn neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna fastir liðir í starfsemi heilsugæslunnar um allt land. Mjög aukin áhersla hefur verið lögð á þennan þátt á síðustu árum, meðal annars með fræðslu starfsfólks og þjálfun í greiningu vandamála sem bent geta til þess að áfengis- og vímuefnaneysla búi að baki.

Starfsemi á vegum Tóbaksvarnanefndar. Tóbaksvarnanefnd hefur unnið markvisst að forvarnastarfi í skólum auk samstarfs við marga aðila, félagasamtök, íþróttahreyfinguna, stéttarfélög og fleiri til að efla enn baráttuna gegn reykingum.

Tóbaksvarnanefnd hefur unnið með Krabbameinsfélagi Íslands að þýðingu og staðfærslu á námsefni fyrir efri bekki grunnskóla í reykingavörnum, staðið fyrir kennslu á því, þjálfun kennara og leiðbeinenda og útbreiðslu þess innan skólakerfisins.

Með samstarfi við íþróttahreyfinguna hafa íþróttamenn, og heilar íþróttagreinar gerst merkisberar tóbaksvarna og heilbrigðra lifnaðarhátta.

Árið 1998 vann Tóbaksvarnanefnd með m.a. Krabbameinsfélagi Íslands, vinnueftirlitinu, heilbrigðiseftirlitinu og aðilum vinnumarkaðarins að endurskoðun reglugerðar um tóbaksvarnir á vinnustöðum með það að markmiði að tryggja öllum reyklaust umhverfi á vinnustað. Ný reglugerð þar um var sett af heilbrigðisráðherra í byrjun árs 1999.

Þá hefur Tóbaksvarnanefnd átt samstarf við fjölmarga aðila um ýmis verkefni og skal þar sérstaklega bent á átak með samtökum eigenda og starfsfólks í veitingahúsum til að tryggja að reglum um reyklaus svæði á veitingastöðum sé framfylgt.

Stefnumótun í geðheilbrigðismálum. Starfshópur sem heilbrigðisráðherra skipaði hefur lokið vinnu við framtíðarstefnumótun í geðheilbrigðismálum. Þegar er unnið að því að hrinda í framkvæmd fyrstu áföngum sem varða úrbætur í geðheilbrigðismálum unglinga, ekki síst þeirra sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Unnið er að forgangsröðun og gerð framkvæmdaáætlana í samræmi við þá stefnu sem fyrir liggur.

Aukin meðferðarúrræði. Ákveðið er að byggja nýja meðferðardeild við sjúkrahúsið Vog sem verður sérhönnuð fyrir unglinga. SÁÁ hefur þegar hafið framkvæmdir og hlotið styrk ríkisstjórnar til verksins. Áætlað er að deildin verði tekin í notkun haustið 1999.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og stofnanir þess eru aðilar að Fjölskyldumiðstöðinni í samvinnu við félagsmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Rauða krossinn, sbr. kafla 2.1.2.

Þá er unnið í samráði við embætti landlæknis að úttekt á áfangaheimilum með það að markmiði að skilgreina starfsemi þeirra og vista á viðeigandi stað í stjórnkerfinu. Á síðasta

ári jókst enn framboð af vistun á áfangaheimilum sem mörg hafa reynst mjög vel til að koma vímuefnasjúklingum aftur út í þjóðfélagið að lokinni meðferð.

Heilsuefling. Heilsueflingarverkefnið hefur áfram unnið að því að vekja almenning til ábyrgðar og umhugsunar um heilbrigða lífshætti og meðal annars unnið að heilsueflingu í skólum og á vinnustöðum, átt samstarf við Tóbaksvarnanefnd og Íþróttasamband Íslands um Grænan lífseðil.

Landlæknisembættið hefur á síðustu árum beint starfsemi sinni meira inn á svið heilsuverndar og skipulegra aðgerða til þess að draga úr hvers konar heilbrigðisvandamálum. Áróður fyrir heilsusamlegum lifnaðarháttum, slysavarnir, vímuefnavarnir, geðheilbrigðismál, heilbrigðisfræðsla og skólaheilsugæsla eru fastir liðir í starfsemi embættisins.

Forvarnasjóður. Eins og vikið verður að í kafla 4.1 tók Áfengis- og vímuvarnaráð við stjórn Forvarnasjóðs frá 1. janúar 1999. Fram til þess tíma stýrði sérstök stjórn sjóðnum, sem í áttu sæti fulltrúar ráðherra dómsmála, fjármála, menntamála og heilbrigðis- og tryggingamála og var sá síðastnefndi jafnframt formaður.

Forvarnasjóður var stofnaður 1995. Í hann rennur ákveðinn hluti áfengisgjalds. Með stofnun sjóðsins jukust fjárveitingar til forvarna á sviði áfengis- og fíkniefnamála um 20 m.kr. á árinu 1996, en sjóðurinn hafði samtals 50 m.kr. til ráðstöfunar á því ári. Á árinu 1998 hafði sjóðurinn 55 m.kr. til ráðstöfunar, en hluta af þeim fjármunum ráðstafaði fjárlaganefnd, auk þess sem reksturskostnaður Áfengisvarnaráðs var greiddur af fjármunum Forvarnasjóðs. Taflan sýnir úthlutun úr Forvarnasjóði á árinu 1998 samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

Ákvörðun stjórnar Forvarnasjóðs um úthlutun úr sjóðnum árið 1998.

Verkefni	**Fjárhæð í m.kr.**
Verkefni á vegum SÁÁ:	
– í samstarfi við heilbrigðisráðuneyti, víðtækar forvarnir í sveitarfélögum ...	6,5
– í samstarfi við forvarnadeild lögreglunnar, átak gegn hassi, námskeið og mat á ástandi ...	1,0
– vímulaus útihátíð um verslunarmannahelgi ...	0,5
– unglingar í áhættuhópi og foreldrar þeirra ...	0,37
– rannsóknir á þróun misnotkunar ...	0,36
– námskeið fyrir kennara um hass ...	0,15
Áætlunin *Ísland án eiturlyfja* ...	4,8
Jafningjafræðsla framhaldsskólanema, starfsemi ...	2,0
Heimili og skóli, verkefnið Fyrirmyndarforeldrar ...	1,8
Verkefni á vegum vímulausrar æsku:	
Börn alkóhólista, námskeið ...	1,5
Fjölskylduráðgjöf ...	1,5
Barnaheill og vímulaus æska, símaráðgjöf og þjónusta ...	1,5
FRÆ, SÁÁ, RKÍ o.fl. Vímuvarnaskólinn ...	1,4
Sumarheimili templara, bindindismótið um verslunarmannahelgi ...	1,5
Verkefni á vegum FRÆ:	
Bæklingar og fræðslustarf ...	1,0
Skýrsla um áfengis- og fíkniefnamál á Íslandi ...	0,25
Sigrún Aðalbjarnardóttir, rannsóknir ...	0,7
Helga Hannesdóttir, áhættugreining ...	0,7

Skógarmenn KFUM, útihátíð um verslunarmannahelgi	0,5
Áfengisvarnaráð, handbók með uppskriftum að óáfengum drykkjum	0,5
Rannsóknastofa í lyfjafræði, rannsóknir meðal ungs fólks	0,5
Samtökin Komið og dansið, framhaldsskólaverkefni	0,5
Götusmiðjan og Virkið, til forvarnastarfs	0,5
Lögreglan í Reykjavík, Ísland án eiturlyfja, Heimili og skóli, kynning á útivistarreglum og þýðingu þeirra í forvörnum	0,5
Skólaskrifstofa Vesturlands, dreifing á forvarnaverkefni	0,35
Álftamýraskóli vegna nýjungar við próflok í 10. bekk	0,03
Samtals	**30,91**

2.1.5. Menntamálaráðuneyti.

Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur verið unnið að eftirtöldum verkefnum á sviði áfengis- og vímuvarna á árinu 1998, sem öll tengjast áhættuhegðun barna og ungmenna:

Forvarnastarf í skólum. Til að skipuleggja og stuðla að forvarnastarfi í skólum gerði menntamálaráðuneytið verksamning við Fræðslumiðstöð í fíknivörnum um framkvæmd áætlunar ráðuneytisins í forvarnastarfi þess og er Árni Einarsson verkefnastjóri.

Teymi. Menntamálaráðuneytið kom á fót teymi sérfræðinga sem ætlað var að koma með tillögur um tilhögun forvarnarstarfs í skólum með sérstöku tilliti til úrræða vegna áhættu sem varðar sjálfsvíg og fíkniefnaneyslu. Í teyminu var fólk sem hefur reynslu og þekkingu af málefninu, skólastjóri, kennari, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og barna- og unglingageðlæknir. Teymið hefur farið yfir framkvæmd. Lögð hefur verið áhersla að að treysta raunhæfa möguleika skólans í forvörnum, hlutverk skólans og samstarf við foreldra og aðra sem að málefninu koma. Teymið skilaði skýrslu, *Forvarnir í skólum. Samantekt og helstu niðurstöður.* Meginniðurstöður skýrslunnar samræmast þeirri vinnu sem unnin hefur verið við endurskoðun aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla á vegum menntamálaráðuneytisins. Þegar eru margar tillögur teymisins komnar til framkvæmda með forvarnastarfi ráðuneytisins í samvinnu við Fræðslumiðstöð í fíknivörnum. Starfsfólk grunn- og framhaldsskóla alls staðar á landinu hefur unnið ötullega að því að skipuleggja forvarnastarf í skólunum.

Rannsóknir. Forsenda árangursríks forvarnastarfser að tekið sé mið af niðurstöðum rannsókna á orsökum fíkniefnaneyslu og annarra áhættuþátta. Í samræmi við það hefur menntamálaráðuneytið stuðlað að rannsóknum á áhættuþáttum sem tengjast fíkniefnaneyslu og mati á árangri forvarnastarfs. Ráðuneytið veitti dr. Sigrúnu Aðalbjarnardóttur styrk til tölfræðilegrar úrvinnslu gagna úr rannsókn á áfengis- og fíkniefnaneyslu ungmenna. Hefur dr. Sigrún skilað skýrslu Áfengis- og fíkniefnaneysla ungmenna. Tengsl við sjálfsmat, stjórnrót, depurð og streitu með niðurstöðum þeirrar rannsóknar. Ráðuneytið mun áfram stuðla að því að niðurstöður rannsókna verði hafðar til hliðsjónar við forvarnarstarf á vegum þess og hefur sent skýrsluna til grunn- og framhaldsskóla landsins.

Námskeið. Í skýrslu nefndar árið 1996 um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi og tillögum til úrbóta, sem unnin var samkvæmt þingsályktun á vegum menntamálaráðuneytisins, er gerð grein fyrir flóknu samspili ýmissa þátta, sem hafa afgerandi áhrif á skólagöngu nemenda og framtíð þeirra, svo sem sjálfsvígshegðun og fíkniefnaneyslu. Í skýrslunni er lögð áhersla á að greina áhættuhegðun barna og unglinga í skólum og veita þeim aðstoð sem í vanda eru staddir. Í samræmi við það leggur menntamálaráðuneytið áherslu á að efla greiningu og viðbrögð við áhættuhegðun innan skóla og auka beinan stuðning sérfræðinga við starfsfólk skóla.

Menntamálaráðuneytið hefur því á undanförnum árum staðið fyrir röð námskeiða um áhættuhegðun barna og ungmenna og viðbrögð við slíkri hegðun í samvinnu við Fræðslumiðstöð í fíknivörnum og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands í því skyni að auka þekkingu starfsfólks skóla.

Haldin voru námskeið árið 1998 og 1997 sem stóðu starfsfólki framhaldsskóla um allt land til boða. Námskeiðin voru ætluð þeim sem fíkniefnamál og annar vandi brennur mest á innan skólanna svo sem námsráðgjöfum, skólahjúkrunarfræðingum, skólastjórnendum, umsjónarkennurum og fleirum. Enn fremur voru þau ætluð fulltrúum frá nemendafélögum og Jafningjafræðslu. Á námskeiðunum var m.a. fjallað um áhættuhegðun, sjálfsvíg ungs fólks, fíkniefnaneyslu og kynferðislegt ofbeldi. Þá bauðst skólunum aðstoð við stefnumörkun í fíkniefnavörnum skólanna og áætlanir þar að lútandi.

Námskeið fyrir forvarnafulltrúa í framhaldsskólum. Margir skólar hafa nú skipað forvarnafulltrúa til þess að vinna að forvarnaþáttum innan skólanna. Haustið 1998 var haldið námskeið í menntamálaráðuneytinu í samvinnu við Fræðslumiðstöð í fíknivörnum fyrir forvarnafulltrúa framhaldsskóla.

Sumarnámskeið. Þriggja daga sumarnámskeið var haldið á Akureyri í ágúst 1998 í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Endurmenntunardeild Kennaraháskólans fyrir starfsfólk skóla. Námskeið með svipuðu sniði var haldið í Reykjavík sumarið 1997. Á námskeiðinu var fjallað um áhættuþætti varðandi áfengisneyslu og aðra vímuefnaneyslu ungs fólks, sjálfsvíg, greiningu þessara þátta og viðbrögð við þeim. Ýmsir íslenskir sérfræðingar héldu fyrirlestra, en sérstakur gestafyrirlesari var frá Harvard háskóla í Boston í Bandaríkjunum semstýrir verkefni í Boston um forvarnir í skólum í tengslum við áhættuhegðun barna og unglinga. Rúmlega eitt þúsund kennarar og annað starfsfólk skóla hefur tekið þátt í námskeiðum sem haldin hafa verið á vegum menntamálaráðuneytisins um forvarnir í skólastarfi.

Ráðgjöf. Símaviðtalstímar. Nauðsynlegt er að starfsfólk skóla sé í stakk búið til að koma auga á og liðsinna nemendum sem eiga í erfiðleikum. Innan framhaldsskólans þurfa að vera fyrir hendi úrræði fyrir þá nemendur sem á stuðningi þurfa að halda vegna ýmissa vandamála. Slík úrræði þurfa að tengjast úrlausnum heilbrigðis- og félagsmálakerfisins. Starfsmenn skóla, t.d. námsráðgjafar, eru oft í góðum tengslum við nemendur og því í góðri aðstöðu til að vinna fyrirbyggjandi starf og bregðast við áhættuhegðun. Mikilvægur þáttur í því starfi er að beina unglingum til viðeigandi meðferðaraðila. Til þess að stuðla að því að svo megi verða í ríkari mæli gefur menntamálaráðuneytið starfsfólki framhaldsskóla kost á því að leita sérfræðilegrar aðstoðar vegna nemenda sem eru í vanda staddir. Komið hefur verið á sérstökum símaviðtalstímum í Fræðslumiðstöð í fíknivörnum þar sem námsráðgjöfum eða viðkomandi starfsfólki gefst kostur á að leita ráðgjafar og handleiðslu vegna vandamála tiltekinna nemenda og fá sérfræðing í heimsókn í skólana eftir nánari ákvörðun. Hér er ekki um hefðbundna sálfræðiþjónustu við nemendur að ræða heldur ráðgjöf til starfsmanna skólanna vegna vanda nemenda sem leita til starfsfólks. Menntamálaráðuneytið hefur sent framhaldsskólum bækling með nánari upplýsingum um þann stuðning sem framhaldsskólum býðst í þessum efnum.

Heimasíða um forvarnir í skólum. Hafinn er undirbúningur að heimasíðu en komið hefur verið upp tengslaneti á Internetinu fyrir forvarnafulltrúa framhaldsskóla og annað starfsfólk skóla sem um þessi mál fjalla. Um það eru sendar ýmsar gagnlegar upplýsingar svo sem upplýsingar um námsefni, framvindu forvarnarstarfs í skólunum og annað sem auðveldar forvarnafulltrúum starf sitt. Ráðgert er að vinna með þessum hætti að því að koma upp veglegri heimasíðu á árinu 1999.

Jafningjafræðslan. Menntamálaráðuneytið hefur stutt Jafningjafræðslu framhaldsskólanna. Á árinu 1998 hafa verið haldnir margir fyrirlestrar í skólum og hefur áherslan einkum beinst að fyrstu tveimur nemendaárgöngum í framhaldsskólum. Auk þess sáu fulltrúar Jafningjafræðslunnar um fræðslustarf í ýmsum félagsmiðstöðvum og grunnskólum. Haldin var fjölmenn afmælishátið Jafningjafræðslunnar þann 1. mars 1998. Jafningjafræðslan hefur staðið fyrir gerð sjónvarpsþátta, útvarpsþátta, bæklinga og blaða og var þriðji sjónvarpsþáttur Jafningjafræðslunnar sýndur á samtengdum stöðvum þann 1. mars 1998 í tengslum við afmælishátíðina. Þá stóð Jafningjafræðslan fyrir útgáfu á nýjum bæklingi og fréttabréfi.

3. Ísland án eiturlyfja.

Einn liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar var að ganga til samstarfs við Reykjavíkurborg og Samtök Evrópuborga gegn eiturlyfjum (ECAD, European Cities Against Drugs) um áætlunina *Ísland án eiturlyfja.*

Samtökin Evrópuborgir gegn eiturlyfjum voru stofnuð í apríl 1994. Stofnun samtakanna var m.a. svar við áformum ýmissa borga í Evrópu um að lögleiða tiltekin eiturlyf. Reykjavíkurborg var ein af 21 stofnborg samtakanna ásamt m.a. Lundúnum, París, Berlín, Stokkhólmi og Moskvu. Aðildarborgir samtakanna eru nú orðnar tæplega 200 talsins. Allar höfuðborgir Norðurlanda að Kaupmannahöfn undanskilinni eru þátttakendur í samtökunum. Megintilgangurinn með starfi samtakanna er að hvetja borgir til aðgerða og baráttu gegn ólöglegum fíkniefnum í stað þess að gefast upp í baráttunni gegn þeim og lögleiða þessi efni. Skrifstofa samtakanna er í Stokkhólmi. Áætlunin *Ísland án eiturlyfja* er liður í stærri áætlun samtakanna um **Evrópu án eiturlyfja árið 2012**. Samtökin vonast til að árangur af verkefnum sem hrundið verður af stað hér á landi verði slíkur að þau geti orðið fyrirmyndir fyrir aðrar borgir í baráttunni gegn eiturlyfjum.

Hinn 6. febrúar 1997 undirrituðu Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgastjóri f.h. Reykjavíkurborgar og Åke Setréus framkvæmdastjóri samtakanna Evrópuborgir gegn eiturlyfjum fyrir hönd samtakanna, samstarfssamning um þessa áætlun.

Með samstarfssamningnum hafa ríkisstjórnin, Reykjavíkurborg og Samtökin Evrópuborgir gegn eiturlyfjum ákveðið að taka höndum saman og vinna að áætluninni *Ísland án eiturlyfja.* Meginmarkmið samstarfsins er að sameina krafta þjóðarinnar í baráttunni gegn ólöglegum fíkniefnum, efla forvarnir, og skipuleggja verkefni og aðgerðir sem hafa þetta markmið að leiðarljósi. Samtök Evrópuborga telja að Ísland eigi mikla möguleika á því að stemma stigu við innflutningi og dreifingu eiturlyfja vegna landfræðilegrar legu landsins.

Áætluninni hefur verið skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti fimm fulltrúar. Á árinu 1998 störfuðu eftirtaldir í stjórn áætlunarinnar: Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, tilnefnd af dómsmálaráðherra, Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri til 1. júlí og Guðrún Ögmundsdóttir frá þeim tíma, tilnefndar af félagsmálaráðherra, Hrafn Pálsson deildarstjóri, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Kristín A. Árnadóttir aðstoðarkona borgarstjóra til 1. ágúst og Jón Björnsson framkvæmdastjóri eftir það, tilnefnd af borgarstjóra og Åke Setréus framkvæmdastjóri hjá samtökum Evrópuborga. Í byrjun árs 1998 gekk Samband ísl. sveitarfélaga formlega til samstarfs við áætlunina og tilnefndi Soffíu Gísladóttur félagsmálastjóra í verkefnisstjórnina.

Snjólaug Stefánsdóttir uppeldisfræðingur og námsráðgjafi hefur verið verkefnisstjóri þess frá upphafi, í hálfu starfi. Frá 1. maí 1998 var Hildur Hafstein félagsfræðingur ráðin til verkefnisins í hálft starf. Að verkefninu starfa því í einu stöðugildi tveir einstaklingar.

Verkefnisstjórnin hafði 6,3 m.kr. til ráðstöfunar á árinu 1998, þ.e. 4,8 m.kr. úr Forvarnasjóði og 1,5 m.kr. frá Reykjavíkurborg. Í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í mars 1998 hækkaði framlag ríkisins úr 3 m.kr. á árinu 1997 í 4,5 á árinu 1998. Auk þess veitti Forvarnasjóður áætluninni styrk að fjárhæð 300 þús. kr. vegna samstarfs við ýmsa aðila. Framlag Reykjavíkurborgar hækkaði að sama skapi á árinu 1998 úr 1 m.kr. í 1,5 m.kr. Hf. Eimskipafélag Íslands styrkti áætlunina með 1,5 m.kr. á árinu 1998 eins og árið 1997. Auk þess hefur félagið lofað sömu fjárhæð á árinu 1999.

Verkefnisstjórnin skilaði í apríl 1997 drögum að verkefnaáætlun ársins 1997 ásamt drögum að fimm ára áætlun. Þar var lögð meginhersla á aðgerðir til að virkja þjóðfélagið í heild í baráttunni gegn eiturlyfjum og fá sem flesta til samstarfs um þessa áætlun. Áætlun þessi er í stöðugri endurskoðun. Ný verkefnaáætlun var lögð fram í ársbyrjun 1998 vegna þess árs og var unnið samkvæmt henni á árinu. Verkefnisstjórnin hefur tekið saman skýrslu um starf sitt á árinu 1998 og er hún fylgiskjal II með þessari skýrslu. Þar er einnig að finna tillögur verkefnisstjórnarinnar um verkefnaáætlun ársins 1999.

Verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* leggur til að aðilar þeir sem að áætluninni standa samþykki að áætlunin verði færð undir starfsemi Áfengis- og vímuvarnaráðs, þó þannig að áætluninni stýri sérstakur stýrihópur þar sem Áfengis- og vímuvarnaráð tilnefni tvo, Reykjavíkurborg einn og Evrópuborgir gegn eiturlyfjum einn. Áætlunin verði áfram fjárhagslega sjálfstæð með framlagi úr Forvarnasjóði og frá öðrum samstarfsaðilum og að heildarframlög til hennar lækki ekki frá því sem þau voru á árinu 1998.

4. Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í mars 1998.

Eins og vikið var að í inngangskafla ákvað ríkisstjórnin, í tengslum við umfjöllun á skýrslum um framgang mála á árinu 1997, frekari útfærslu á stefnumörkun sinni í áfengis-, tóbaks- og vímuvörnum. Verður nú vikið að einstökum ákvörðunum og framvindu mála á árinu 1998.

4.1. Stofnun Áfengis- og vímuvarnaráðs.

Ríkisstjórnin ákvað að Áfengis- og vímuvarnaráð tæki til starfa 1. janúar 1999 enda yrði frumvarp til laga um ráðið samþykkt á vorþingi 1998.

Stofnun Áfengis- og vímuvarnaráðs var meðal þátta í aðgerðum þeim sem ríkisstjórnin samþykkti 3. desember 1996. Nefnd ráðuneyta samdi drög að frumvarpi um ráðið haustið 1996 sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra lagði fyrir 121. löggjafarþing. Frumvarpið náði þá ekki fram að ganga.

Frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð var lagt fram að nýju á vorþingi 1998 og var samþykkt sem lög nr. 75/1998 sem gengu í gildi 1. júlí 1998. Tilgangurinn með stofnun ráðsins er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir sérstaklega meðal barna og ungmenna og sporna gegn afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna. Markmiðið með starfsemi hins nýja Áfengis- og vímuvarnaráðs er að stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra aðila sem starfa að áfengis- og vímuvörnum. Þá mun ráðið fylgjast með að framfylgt verði stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki.

Hinn 28. september 1998 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eftirtalda í Áfengis- og vímuvarnaráð:

- Þórólfur Þórlindsson formaður og Kolfinna Jóhannesdóttir til vara.
- Hörður Pálsson tilnefndur af forsætisráðuneyti og Jóna Gróa Sigurðardóttir til vara.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir tilnefnd af fjármálaráðuneyti og Hanna Birna Kristjánsdóttir til vara.

- Dögg Pálsdóttir tilnefnd af dóms- og kirkjumálaráðuneyti og Karl Steinar Valsson til vara.
- Ingibjörg Broddadóttir tilnefnd af félagsmálaráðuneyti og Guðrún Ögmundsdóttir til vara.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir tilnefnd af menntamálaráðuneyti og Sigríður Hulda Jónsdóttir til vara.
- Magnea Ingibjörg Eyvinds tilnefnd af utanríkisráðuneyti og Þorvaldur Jóhannesson til vara.
- Ásta Sigurðardóttir tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Soffía Gísladóttir til vara.

Ráðið tók formlega til starfa 1. janúar 1999 og frá sama tíma var Áfengisvarnaráð lagt niður. Áfengis- og vímuvarnaráð hóf þó undirbúning að starfsemi sinni á haustdögum 1998. Þorgerður Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur var ráðinn framkvæmdastjóri ráðsins.

Markmiðið með starfsemi Áfengis- og vímuvarnaráðs er að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ráðinu er ætlað að stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuefnavörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka. Þá á ráðið að gera tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði og stuðla að rannsóknum á sviði áfengis- og vímuvarna og stuðla að útgáfu fræðslugagna um áfengis- og vímuvarnir.

Þá er Áfengis- og vímuvarnaráði ætlað að fylgjast með framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og tekur ráðið því yfir verkefni samstarfsnefndar ráðuneyta frá 1. janúar 1999.

4.2. Tengja verkefni ráðuneyta við áætlunina Ísland án eiturlyfja.

Ríkisstjórnin ákvað að fela ráðuneytum sem vinna að verkefnum á sviði áfengis-, tóbaks- og vímuvarna að tengja þau með áberandi hætti við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og eftir því sem kostur er áætluninni *Ísland án eiturlyfja.*

Erfitt er að meta hvernig til hefur tekist í framkvæmd með þessa ákvörðun en þó virðist sem ráðuneyti sem vinna að verkefnum á þessu sviði tengi þau í vaxandi mæli a.m.k. við stefnu ríkisstjórnarinnar.

4.3. Skipa vinnuhóp um aðgerðir til að loka fyrir ólöglegan innflutning.

Ríkisstjórnin ákvað að skipaður yrði vinnuhópur sem í ættu sæti yfirmenn tollamála og lögreglumála og fulltrúi utanríkisráðherra auk formanns sem dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra tilnefndu í sameiningu. Verkefni vinnuhópsins yrði að skoða til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að loka fyrir ólöglegan innflutning fíkniefna.

Eins og fram kemur í kafla 2.1.1 skipaði dómsmálaráðherra slíkan vinnuhóp sumarið 1998. Stefnt er að því að vinnuhópurinn skili tillögum sínu í byrjun árs 1999.

4.4. Verja fjármunum til rannsókna.

Ríkisstjórnin ákvað að verja 2 m.kr. af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1998 til rannsókna á sviði áfengis- tóbaks- og vímuvarna samkvæmt nánari ákvörðun nefndar ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum.

Nefnd ráðuneyta ákvað að fjármunum þessum yrði varið sem hér segir:

1. Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor vegna rannsókna, 1 m.kr.

2. Vegna nýrra rannsókna, þ.á m. vegna neyslukönnunar vorið 1998, undirbúnings ESPAD-rannsóknar vorið 1999 og undirbúnings neyslukönnunar meðal aldurshópsins 16–20 ára, 1 m.kr.

Nefndin telur að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja 2 m.kr. af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1998 hafi verið mikilvæg. Þessir fjármunir gerðu kleifa úrvinnslu úr rannsóknargögnum sem þegar hefur verið safnað auk þess sem hafist var handa við undirbúning frekari rannsókna. Nefndin leggur til að ríkisstjórnin styðji að nýju á árinu 1999 við rannsóknir á þessu sviði með svipaðri fjárveitingu og á síðasta ári og að Áfengis- og vímuvarnaráði verði falið að ráðstafa fjármununum.

4.4.1. Rannsóknir Sigrúnar Aðalbjarnardóttur prófessors.

Nefnd ráðuneyta ákvað að verja helmingi af rannsóknafjárveitingu ríkisstjórnarinnar til Sigrúnar Aðalbjarnardóttur prófessorstil úrvinnslu tveggja þátta úr langtímarannsókn sem hún hefur gert á áfengis- og fíkniefnaneyslu reykvíska ungmenna. Í rannsókninni fylgdi hún reykvískum unglingum frá 14–17 ára aldurs og lagði fyrir þá spurningalista þrjú ár í röð. Veittur var styrkur til að skoða rannsóknargögnin annars vegar vegna tengsla uppeldishátta foreldra og áfengis- og fíkniefnaneyslu og hins vegar vegna tengsla vímuefnaneyslu við hvatvísi, árásargirni og afbrotahneigð.

Áfengis- og fíkniefnaneysla reykvíska ungmenna: Tengsl við uppeldishætti foreldra og áfengis- og fíkniefnaneysla.[1] Úrvinnslu úr þessum hluta rannsóknarinnar lauk í september 1998 og var skýrsla þar að lútandi þá kynnt fyrir ríkisstjórninni auk þess sem henni voru gerð skil í fjölmiðlum.

Í þessum hluta rannsóknarinnar voru lagðir spurningalistar fyrir unglingana í þrjú ár í röð til að kanna áfengis- og fíkniefnaneyslu þeirra, uppeldishætti foreldra og áfengisneyslu foreldra og vina.

Í rannsókninni er foreldrum skipt í fjóra hópa eftir því hvað einkenni uppeldishætti þeirra. Við flokkunina er byggt á mati unglinganna á uppeldisháttunum.

- Leiðandi foreldrar (authoritative). Þeir krefjast þroskaðrar hegðunar af barninu og taka vel á móti hugmyndum þess. Þeir setja skýr mörk um hvað er tilhlýðilegt og hvað ekki, nota til þess útskýringar og hvetja börnin til að skýra út sjónarmið sín. Þeir eru hvorki uppáþrengjandi né setja börnunum stólinn fyrir dyrnar. Þeir sýna börnunum mikla hlýju og uppörvun.
- Eftirlátir foreldrar (permissive). Þeir bregðast vel við hugmyndum barna sinna, leyfa töluverða sjálfsstjórn og sýna þeim hlýju. Hins vegar setja þeir börnunum ekki skýr mörk. Þeir eru undanlátssamir og forðast beina árekstra.
- Skipandi foreldrar (authoritarian). Þeir stjórna börnunum með boðum og bönnum og þeir refsa þeim fyrir misgjörðir. Reglur eru skýrar. Þeir vænta þess að skipunum þeirra sé hlýtt án útskýringa. Þeir nota því sjaldan röksemdir og sýna börnunum litla hlýju og uppörvun.
- Afskiptalausir foreldrar (rejective-neglecting). Þeir ala börnin upp í stjórnleysi, setja ekki mörk og gera ekki kröfur til þeirra. Þeir bregðast ekki við hugmyndum þeirra og veita þeim ekki stuðning. Vanræksla einkennir uppeldisaðferðir þeirra.

---

[1]Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur Geir Hafsteinsson. Áfengis- og fíkniefnaneysla reykvíska ungmenna: Tengsl við uppeldishætti foreldra, Reykjavík 1998.

Úrvinnsla úr langtímarannsókn Sigrúnar um tengsl áfengis- og fíkniefnaneyslu reykvískra ungmenna við uppeldishætti foreldra sýnir að marktækur munur er á neyslu ungmennanna eftir uppeldisháttum foreldra. Í samantekt í lok skýrslunnar segir:

„Niðurstöður okkar ættu:

- að hvetja foreldra til að nota *leiðandi* uppeldishætti, sem fela í sér að í samræðu eru löðuð fram bæði sjónarmið unglingsins og foreldranna, mörk eru sett, þau útskýrð og rædd, og unglingurinn nýtur stuðnings og hlýju.
- að vekja athygli á því að þótt foreldrum sem nota *eftirláta* uppeldishætti takist þokkalega að halda unglingum sínum frá áfengisneyslu á fyrri hluta unglingsáranna neytir hátt hlutfall þeirra við 17 ára aldurs mikils magns í hvert sinn. Einnig hefur svipað hlutfall þeirra prófað hass við 17 ára aldur og unglinga sem býr við *afskiptalausa* uppeldishætti.
- að vekja athygli á því að þótt foreldrum sem nota *skipandi* uppeldishætti takist þokkalega að vernda unglinga sína gegn hass- og amfetamínneyslu eru þeir unglingar líklegri til að neyta áfengis við 14 ára aldur en unglingar *leiðandi* foreldra.
- að fá foreldra til að hugleiða að áfengisneysla þeirra eykur líkur á því að unglingar þeirra neyti áfengis fyrir 14 ára aldur.
- að minna á að áfengisneysla vina tengist áfengisneyslu unglinga.
- að vekja athygli foreldra á líkum á því að unglingur neyti ólöglegra fíkniefna síðar ef hann neytir áfengis eða reykir við 14 ára aldur.
- að vekja athygli á því að piltar eru líklegri en stúlkur til að neyta hass og neyta mikils magns áfengis við 17 ára aldur. Af unglingum sem ekki reykja 14 ára eru piltar einnig líklegri en stúlkur til að hafa neytt amfetamíns við 17 ára aldur."

Áfengis- og fíkniefnaneysla ungmenna: Tengsl við árásargirni og andfélagslega hegðun.[1] Í þessari rannsókn eru kynntar niðurstöður þar sem 1300 reykvískum unglingum var fylgt eftir frá 14 ára til 17 ára. Spurningalistar, m.a. um vímuefnaneyslu, árásargirni og andfélagslega hegðun voru lagðir fyrir unglinganna þrjú ár í röð. Sjónum var beint að árásargirni unglinga og andfélagslegri hegðun þeirra og hvernig slík hegðun tengist vímuefnaneyslu.

Með árásargirni er átt við hegðun sem beint er að öðrum einstaklingi með það fyrir augum að meiða eða skaða hann, hvort sem hún er yrt eða óyrt. Hugtakið nær því yfir margvíslega hegðun, svo sem hótanir, slagsmál og ofbeldi. Með andfélagslegri hegðun er átt við verknað sem ekki er í samræmi við viðurkennda hegðun eða þau lög sem gilda í samfélaginu, en í hegðuninni þarf ekki endilega að felast lögbrot.

Markmiðið með rannsókninni var að athuga hvort árásargirni og andfélagsleg hegðun við 14 ára aldur skipti máli um líkur á því að íslenskir unglingar neyti vímuefna við 14 og 17 ára aldur. Rétt er að benda á að annmarkar á rannsókninni voru m.a. þeir að stuðst var við mat unglinganna sjálfra á árásargirni og andfélagslegri hegðun í stað þess að fá einnig fram mat foreldra og kennara. Kostirnir eru hins vegar þeir að unglingar geta falið hegðun sína fyrir fullorðnum enda hafa rannsóknir sýnt fram á að frásagnir barna og unglinga um afbrot, skemmdaverk og vímuefnaneyslu séu réttmætar. Niðurstöðurnar hvíla þó á traustum grunni, bæði vegna þess að þeim sem neyttu vímuefna við 14 ára aldur var sleppt í úrvinnslu þegar spáð var um vímuefnaneyslu við 17 ára aldur.

---

[1]Sigrún Aðalbjarnardóttir, Fjölvar Darri Rafnsson og Leifur Geir Hafsteinsson. Áfengis- og fíkniefnaneysla ungmenna: Tengsl við árásargirni og andfélagslega hegðun, Reykjavík 1999.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru:

- Unglingar sem sýna mikla árásargirni eða andfélagslega hegðun eru líklegri til að hafa prófað að reykja 14 ára en aðrir.
- Unglingar sem ekki hafa prófað að reykja við 14 ára aldur en sýna mikla árásargirni eða andfélagslega hegðun eru líklegri til að reykja daglega við 17 ára aldur en þeir sem sýna litla árásargirni eða andfélagslega hegðun við 14 ára aldur.
- Þeir 14 ára unglingar sem sýna mikla árásargirni eða andfélagslega hegðun eru líklegri til að hafa prófað að drekka áfengi 14 ára en þeir sem sýna litla árásargirni eða andfélagslega hegðun. Í hópi þeirra sem sýna mikla andfélagslega hegðun eru stúlkur líklegri til að hafa neytt áfengis 14 ára en piltar.
- Unglingar sem sýna mikla árásargirni eða andfélagslega hegðun og hafa ekki prófað að drekka áfengi við 14 ára aldur eru líklegri til að neyta áfengis í miklu magni í hvert skipti sem þeir drekka 17 ára gamlir en þeir sem sýna litla árásargirni eða andfélagslega hegðun.
- Meðal unglinga sem mælast með mikla árásargirni eða andfélagslega hegðun 14 ára eru þeir líklegri til að neyta áfengis í miklu magni 17 ára sem eiga vini sem neyta áfengis við 14 ára aldur en hinir. Ef unglingar sýna litla árásargirni eða andfélagslega hegðun við 14 ára aldur skiptir ekki máli um áfengisneyslu þeirra þremur árum síðar hvort vinir þeirra neyti áfengis eða ekki.
- Þeir 14 ára unglingar sem sýna mikla árásargirni eða andfélagslega hegðun og hafa ekki prófað hass eru líklegri til að hafa prófað hass 17 ára gamlir en þeir sem sýna litla árásargirni eða andféalgslega hegðun við 14 ára aldur.
- Unglingar sem sýna mikla árásargirni eða andfélagslega hegðun og hafa ekki prófað amfetamín 14 ára eru líklegri til að hafa prófað amfetamín 17 ára gamlir en þeir sem sýna litla árásargirni eða andfélagslega hegðun við 14 ára aldur.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að unglingum er hættara við að reykja og drekka 14 ára gamlir ef þeir sýna á þessum aldri mikla árásargirni eða andfélagslega hegðun. Þær leiða enn fremur í ljós að líkur eru meiri á því að unglingar sem við 14 ára aldur hafa jafnvel ekki prófað vímuefni en mælast árásargjarnir eða sýna andfélagslega hegðun reyki daglega við 17 ára aldur, drekki mikið í senn og hafi prófað hass eða amfetamín. Árásargirni og andfélagsleg hegðun við 14 ára aldur spáir þannig fyrir um daglegar reykingar og mikla áfengisneyslu við 17 ára aldur. Andfélagsleg hegðun og árásargirni unglinga við 14 ára aldur spáir jafnframt fyrir um fíkniefnaneyslu (hass og amfetamín) þeirra við 17 ára aldur.

Áhugavert er hve þættirnir árásargirni og andfélagsleg hegðun við 14 ára aldur í hópnum sem ekki hefur neytt vímuefna spáir sterkt fyrir um vímuefnaneyslu unglinnanna síðar á ævinni. Það vekur upp spurningar um það hvort niðurstöðuna megi nýta í forvarnarstarfi.

4.4.2. Aðrar rannsóknir.

Nefnd ráðuneyta ákvað að verja helmingi af rannsóknafjárveitingu ríkisstjórnarinnar til neyslukönnunar í 8.–10. bekk grunnskóla vorið 1998, undirbúnings ESPAD rannsóknar vorið 1999 og undirbúnings neyslukönnunar meðal aldurshópsins 16–20 ára.

Verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* ákvað vorið 1998 að láta gera neyslukönnun í 8.–10. bekk grunnskóla. Rannsóknin var gerð í apríl 1998 undir yfirstjórn Þórólfs Þórlindssonar prófessors. Forvarnasjóður styrkti rannsóknina með 1 m.kr. styrk en heildarkostnaður varð meiri og var mismunurinn fjármagnaður með styrk af fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til rannsókna samkvæmt ákvörðun nefndar ráðuneyta.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa ekki verið birtar en þær sýna að lítil breyting varð á reykingum og áfengisneyslu nemenda milli áranna 1997 og 1998. Hins vegar jókst hassneysla milli þessara ára og hafa 5% nemenda í 8. bekk, 8,4% nemenda í 9. bekk og 16,5% nemenda í 10. bekk notað hass einu sinni eða oftar. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hefur prófað hass jókst um 3,5% milli áranna 1997 og 1998.

Þessar neyslutölur sýna að mikilvægt er að fylgjast með þróun mála. Meðal lögbundinna verkefna nýs Áfengis- og vímuvarnaráðs er að gera neyslukannanir reglulega og bregðast við niðurstöðum þeirra í forvarnastarfi.

Árið 1995 var Ísland þátttakandi í fjölþjóðlegri könnun, sem kallast ESPAD (European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs). Könnunin er framkvæmd að tilstuðlan Evrópuráðsins og er lögð fyrir 100.000 nemendur á aldrinum 15–16 í 25 löndum. Annar hluti rannsóknarinnar sem er gerð á þriggja ára fresti, á neyslu evrópskra ungmenna á áfengi, tóbaki og öðrum vímuefnum verður lagður fyrir í mars 1999 í öllum 10. bekkjum á Íslandi.

Nefnd ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum styrkti undirbúning þessarar könnunar með styrk af fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til rannsókna. Inga Dóra Sigfúsdóttir félagsfræðingur hefur umsjón með undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar. Ráðgjafi við könnunina er Þórólfur Þórlindsson prófessor. Eftir að Áfengis- og vímuvarnaráð tók til starfa um síðustu áramót hefur það stutt undirbúninginn og mun standa að framkvæmdinni ásamt fleiri opinberum aðilu, þar á meðal Tóbaksvarnanefnd og áætlunin *Ísland án eiturlyfja*.

Verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* hefur um nokkurt skeið haft með höndum frumundirbúning neyslukönnunar í aldurshópnum 16–20 ára en slík neyslukönnun hefur ekki verið gerð. Nefnd ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana og fíkniefnavörnum styrkti þennan undirbúning af margnefndri fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til rannsókna.

4.5. Vegna áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja.

Vegna áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* tók ríkisstjórnin eftirfarandi ákvarðanir:

- Að óskað verði eftir því að árlegt framlag ríkisins úr Forvarnasjóði til áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* hækki í 4,5 m.kr. enda hækki framlag Reykjavíkurborgar samsvarandi.

  Framlag til áætlunarinnar hækkaði úr 4 m.kr. í 6,3 m.kr. sbr. það sem áður er rakið í kafla 3.
- Að Samband íslenskra sveitarfélaga gerist aðili að áætluninni *Ísland án eiturlyfja* og tilnefni fulltrúa í verkefnisstjórn áætlunarinnar.

  Samband íslenskra sveitarfélaga samþykkti að gerast aðili að áætluninni og tilnefndi fulltrúa í verkefnisstjórnina, sbr. það sem áður er rakið í kafla 3.
- Að verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* hafi reglulega samráð við þá aðila sem starfa að vímuvörnum.

  Fyrir tilstuðlan verkefnisstjórnar áætlunarinnar hófst reglulegt samráð aðila sem starfa að vímuvörnum síðari hluta ársins 1998. Eftir að Áfengis- og vímuvarnaráð tók formlega til starfa 1. janúar 1999 hefur það tekið þátt í þessu samráði og ráðgert er að umsjón með því færist í hendur ráðsins enda er reglulegt samráð við þessa aðila meðal lögbundinna verkefna ráðsins.
- Að öll verkefni sem Forvarnasjóður styrkir verði tengd áætluninni *Ísland án eiturlyfja* eftir því sem kostur er og að stjórn sjóðsins hafi samráð við verkefnisstjórn áætlunarinnar við árlega úthlutun.

Stjórn Forvarnasjóðs kallaði formann verkefnisstjórnar áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* á sinn fund er hún vann að úthlutun vegna ársins 1998. Jafnframt leitaðist stjórn sjóðsins við að tengja verkefni sem styrkt voru við áætlunina auk þess sem hún úthlutaði til áætlunarinnar viðbótarfjármunum til smærri samstarfsverkefna.

5. Þróunin í neyslu ungmenna.

Um nokkurra ára skeið hefur með reglulegu millibili verið gerð umfangsmikil neyslukönnun í 8.–10. bekkjum grunnskóla til að kanna neyslu unglinga og ýmis tengsl neyslu og fjölskylduþátta. Slík könnun var síðast gerð vorið 1997. Fyrir tilstilli styrks frá forvarnasjóði, áætluninni *Ísland án eiturlyfja* og Tóbaksvarnanefnd var unnið úr könnun og niðurstöður birtar í bók í mars 1998.

Niðurstöðurnar drógu upp nokkuð dökka mynd af stöðunni í neyslu 14 og 15 ára unglinga (í 9. og 10. bekk grunnskóla) vorið 1997, ekki síst í áfengi og tóbaki. Auk þess leiddi könnunin í ljós að allnokkur hópur ungmenna 14 og 15 ára hefur prófað hass annars vegar og amfetamín hins vegar.

Verkefnisstjórn *Íslands án eiturlyfja* taldi mikilvægt að gera nýja neyslukönnun vorið 1998 til að sjá þróunina milli áranna 1997 og 1998 og fékk til þess 1 m.kr. styrk frá forvarnasjóði.

Niðurstöður þeirrar könnunar liggja nú fyrir og sýna að helstu breytingarnar milli ára liggja í hassneyslu ungmenna. Að öðru leyti er fátt um þessa könnun að segja, en hún er mikilvæg í safn rannsóknaniðurstaða yfir tíma um neyslu ungmenna. Með niðurstöðum ESPAD-könnunarinnar sem gerð verður vorið 1999 munu fást nýjar neyslutölur úr 10. bekk grunnskólans til að bera saman við eldri tölur.

6. Staða mála tveimur árum eftir samþykkt ríkisstjórnar á aðgerðum í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Um árabil hefur verið kallað eftir stefnumörkun ríkisstjórna á sviði fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvarna. Með vinnu sem hófst á vegum ríkisstjórnarinnar í byrjun árs 1996 var lagður grunnur að slíkri stefnumörkun sem ríkisstjórnin síðan samþykkti 3. desember 1996. Í því fólust mikilvæg tímamót í starfi ríkisstjórnarinnar og annarra opinberra aðila að fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Frá þeim tíma hafa ráðuneyti og undirstofnanir sem að þessum málum koma unnið markvisst og ötullega á þessu sviði í samræmi við þá stefnumörkun.

Samstarfsnefnd ráðuneyta hefur fylgst með framkvæmd stefnumörkunarinnar og skilað skýrslum um framgang mála, í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Skýrslan vegna ársins 1997 og þessi skýrsla sem hér birtist fyrir árið 1998 sýna að ýmislegt hefur áunnist á þessum tíma. Samhljómur hefur aukist meðal þeirra sem að þessum málum starfa varðandi hvaða verkefni þurfi að hafa forgang. Þannig er vaxandi áhersla á mikilvægi foreldra og á að forvarnir á þessu sviði byrji heima.

Ýmsir telja að auknum fjármunum þyrfti að verja til þessara verkefna en mikilvæg aukning varð frá og með árinu 1997 með viðbótarfjárveitingum til löggæslu, tollgæslu og forvarna.

Árangur í starfi að fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum mælist yfir langan tíma þó þróun megi sjá yfir skemmri tíma. Fullyrða má að almenningur hefur vaknað til vitundar um þá vá sem í vímuneyslu felst og mikilvægi þess að sporna við fótum svo kröftuglega sem kostur er. Sömuleiðis er vaxandi skilningur, ekki síst meðal foreldra, á mikilvægi hlutverks þeirra í þessu sambandi. Rannsóknir sýna að uppeldisaðferðir foreldra skipta máli í þessu sambandi.

Mikilvægt er því að koma þessu upplýsingum á framfæri við foreldra og reynslan sýnir að foreldrar eru þakklátir fyrir alla fræðslu á þessu sviði. Þessa fræðslu þarf markvisst að auka og hefja hana fyrr, jafnvel strax í ungbarnaeftirliti, en a.m.k. eigi síðar en á leikskólaaldri barnanna.

Sömuleiðis er mikilvægt að huga að námsefni í lífsleikni sem gerir nemendur færari til að takast á við lífið og styrkir þá í þeirri ákvörðun að segja nei bjóðist þeim fíkniefni. Forvarnastarf af þessu tagi er mun líklegra til árangur heldur en hræðsluáróður, boð og bönn jafnframt því sem það hefur margþætt áhrif til að styrkja einstaklinganna sem einstaklinga og persónur.

Fylgiskjal I.

Forvarna- og fræðsludeild lögreglunnar í Reykjavík (FFD):[1]

Samfara gildistöku lögreglulaganna, 1. júlí 1997, urðu verulegar breytingar á þessari deild sem tilheyrir hinni almennu deild lögreglunnar í Reykjavík. Þessar breytingar voru annars vegar á skipulagi og hins vegar á verkefnum og skipt var um nær alla starfsmenn. Yfirmaður deildarinnar nú er Karl Steinar Valsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn sem er afbrotafræðingur. Lögreglufulltrúi er Guðmundur Gígja. Starfsmennirnir eru nú 11 auk veitingahúsaeftirlitsmanna og ætlunin var að starfsmenn yrðu einum fleiri en horfið hefur verið frá því í bili vegna mannfæðar í lögreglunni í Reykjavík.

Karl Steinar hefur umsjón með ýmsum leyfisveitingum, með eftirliti með veitingahúsunum og eftirlitsmönnum þeirra en á svæði LR eru 174 veitingahús.

Þá hefur hann flutt mikinn fjölda erinda um afbrot, forvarnir og starfsemi lögreglunnar og setið víða fyrir svörum um þessi efni. Hann sér einnig um verulegan hluta af samskiptum lögreglunnar í Reykjavík við fjölmiðla auk fjölmargra annarra verkefna fyrir yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík.

Á sl. ári varð breyting á lögum um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja og nýjar reglugerðir voru gefnar út. Á svæði LR eru 44 slíkar sölur og hefur undirritaður séð um að hafa eftirlit með þeim. Leyfamál þeirra eru nú komin í þokkalegt horf og verið er að skoða hvort söluskjöl séu í samræmi við ný reglugerðarákvæði. Einni bílasölu hefur verið lokað á tímabilinu og fleiri verið undir sérstöku eftirliti. Síðastliðið haust var gert átak til að útrýma þeirri tegund nytjastulda á bílasölum, þegar menn fá að skoða bíl og skila honum ekki aftur. Það er nú nær óþekkt að þetta gerist án þess að bílasalinn viti hver hafi fengið bílinn.

Allar myndbandaleigur á svæði LR hafa verið skoðaðar til að kanna merkingar á spólum og verður því fylgt eftir ef menn lagfæra ekki það sem er ábótavant. Á sl. hausti voru forráðamenn kvikmyndahúsa og spilasala einnig minntir á þær reglur sem um þá gilda.

Auk fræðslu fyrir grunnskólanema er mikið um fræðslu fyrir alls konar aðra hópa. Þar má nefna starfsfólk skóla, foreldra, nemendur í framhaldsskólum, starfsfólk í heilbrigðisþjónustu, starfsfólk félagsmiðstöðva, fangaverði, leigubílstjóra, dyraverði samkomuhúsa, starfsmenn í unglingavinnu og marga fleiri. Þetta er að verulegu leyti fræðsla um fíkniefni, áhrif þeirra og neysluaðferðir, afbrot og fleiri afleiðingar neyslunnar. Þá hefur allmikið verið

[1]Skýrsla þessi er tekin saman af Guðmundi Gígja, lögreglufulltrúa í forvarna- og fræðsludeild lögreglunnar í Reykjavík.

fjallað um afbrot unglinga, einelti og ýmis fleiri atriði því skyld í skólum, félagsmiðstöðvum og fyrir foreldra.

Þá voru sl. haust með aðstoð sérsveitarinnar haldin mörg námskeið fyrir verslunarfólk í samvinnu við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, Kaupmannasamtök Íslands, Kringluna og Miðborgarsamtökin þar sem frætt var rækilega um búðahnupl og rán. Árni Friðleifsson, lögreglumaður sá um þessi námskeið sem mæltust vel fyrir en þau sátu á fimmta hundrað manns og eru ráðgerð fleiri slík.

Helstu málaflokkar:

Vímuefnavandi fullorðinna. Þessi málaflokkur er í höndum Axels Kvaran, varðstjóra, sem fylgist alla daga með þeim sem koma í fangageymslur lögreglunnar. Hann ræðir við þá sem koma oft í fangageymsluna, kannar aðstæður þeirra, viðhorf og hvort þeir séu tilbúnir til að gera eitthvað í sínum málum. Ef möguleiki er á slíku aðstoðar hann þessa menn við að fá pláss á einhverri meðferðarstofnun og oftar en ekki fylgir hann þeim á staðinn svo að þeir gefist ekki upp á miðri leið. Axel hefur langa reynslu af þessum málum auk þess að vera öllum hnútum kunnugur á meðferðarstofnunum og hann þekkir öðrum mönnum betur þau úrræði sem tiltæk eru á þessu sviði. Algengt er að menn komi til Axels til að biðjast aðstoðar í sínum málum, leita ráðgjafar og leiðbeininga. Það er einnig mikið um að foreldrar og aðrir aðstandendur manna í áfengis- og fíkniefnavanda leiti til Axels til að fá ráð og leiðbeiningar, m.a. í sambandi við nauðungarvistun og sjálfræðissviptingar.

Unglingamálin. Guðni Heiðar Guðnason, lögreglumaður, er með yfirumsjón með öllum þeim málum er snerta ungmenni, yngri en 18 ára, sem koma við sögu lögreglunnar í Reykjavík. Hann kemur upplýsingum um þau til Félagsmálastofnunar (FR) sem í Reykjavík fer með umboð barnaverndarnefndar. Einu sinni í viku situr hann fundi með fulltrúum frá öllum hverfisskrifstofum FR en hverfislögreglumenn sitja þessa fundi einu sinni í mánuði. Á þessum fundum er miðlað upplýsingum, rædd vandamál þeirra sem eru í afbrotum og kannaðir möguleikar til úrbóta, en þær leiðir sem standa ungmennum í þessari aðstöðu til boða eru vímuefnameðferð, önnur vistun, hópameðferð og ýmislegt annað. Heiðar er einnig í nánu sambandi við skólastjórnendur í þeim hverfum þar sem ekki eru hverfislögreglumenn. Þannig getur hann tekið þátt í lausn vandamála sem þar koma upp, verið í sambandi við starfsfólk skóla og félagsmiðstöðva og fengið upplýsingar um ástandið. Einnig hefur FFD tekið þátt í skipulagningu átaks í hverfum borgarinnar, svo sem „Betra líf í Bústaðahverfi", sem er í stíl við „Grafarvogur í góðum málum", og við undirbúning slíks skipulags í suðausturborginni í kring um félagsmiðstöðina Þróttheima.

Miðbæjarathvarfið er í verkahring Heiðars. Það er samstarf FR, Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur (ÍTR) og lögreglunnar. Það er opið á föstudagskvöldum og þangað kemur lögreglan með ungmenni sem eru undir áhrifum vímuefna eða eru komin fram yfir sinn leyfilega útivistartíma. Ef ástæða þykir til er athvarfið fyrri hluta kvölds í einhverju austurhverfi borgarinnar en er síðan flutt í miðborgina upp úr miðnætti því þá fara krakkarnir að safnast þangað. Í athvarfinu eru starfsmenn frá FR og ÍTR og eftir að lögreglan hefur komið með fyrsta hóp ungmenna er þar einnig lögreglumaður til aðstoðar. Auk framangreindra aðila eru hópar frá foreldrafélögum einnig á ferðinni til eftirlits í hinum ýmsu hverfum á þessum kvöldum. Þetta er „foreldraröltið" sem hefur mikið samstarf við lögreglu, sérstaklega við hverfislögreglumenn. Þetta samstarf hefur þýtt verulegt og vaxandi eftirlit víðsvegar um borgina á þessum kvöldum og stefnt er að því að auka það enn frekar.

Það er einnig í verkahring Heiðars að sinna málum sem upp koma vegna eineltis og árása meðal unglinga, einkum í skólum og vinna að lausnum á slíkum málum í samvinnu við skóla,

FR og foreldra. Í tengslum við þetta starf hafa verið haldnir fræðslufundir í skólum og félagsmiðstöðvum og hafa aðrir starfsmenn FFD nýtt tækifærið til að vera með fræðslu á öðrum sviðum sem snerta umhverfi unglinga.

Eitt af þeim úrræðum sem notað er í vaxandi mæli til að reyna að leiða unglinga af braut vímuefnaneyslu og afbrota er hópastarf. Þá eru valdir nokkrir unglingar í hóp og hann hittist með reglulegu millibili, fær fræðslu og vinnur ýmiskonar verkefni. Þetta hópastarf hefur verið unnið í samvinnu ýmissa starfsmanna FFD, sérsveitarinnar, FR o.fl.

Hluti starfsins að unglingamálum er að hafa yfirsýn yfir það sem er að gerast í forvörnum á þessu sviði og huga að mótun frekara starfs en Heiðar fór nýlega til Ósló og Kaupmannahafnar til að kynna sér slíka starfsemi þar.

Hverfislögreglumenn. Þeir eru Eiður H. Eiðsson, aðstoðarvarðstjóri, sem er í Vesturbæ og á Seltjarnarnesi; Einar Ásbjörnsson, rannsóknarlögreglumaður, sem er í Grafarvogi og Mosfellsbæ; Anna Elísabet Ólafsdóttir, lögreglumaður, sem er í Breiðholtshverfum og Jón Lárusson, lögreglumaður, sem er í Árbæjarhverfi. Þeir hafa eftirlit með afbrotum í sínum hverfum, og þá sérstaklega með breytingum á einhverju sviði. Þá fylgjast þeir sérstaklega með málum barna og ungmenna, eru í mjög nánu sambandi við hverfisskrifstofu FR, skólastjórnendur, kennara og foreldrafélög á sínu svæði. Starf þeirra á þessu sviði er mjög hliðstætt því sem lýst er í kaflanum um unglingamálin hér að framan. Hverfislögreglumennirnir vinna allmikið með rannsóknardeildunum, sérstaklega í málum barna og ungmenna en einnig í málum um fíkniefnabrot og landasölu. Þeir eru mjög kunnugir í sínum hverfum, geta oft aðstoðað við uppljóstran brota og eru gjarnan með hendina á púlsi þess sem er að gerast í hverfunum.

Taka má sem dæmi starf Einars í Grafarvogshverfi frá því að hann hóf störf þar sl. haust. Í hverfinu eru um 14 þús. íbúar, fimm skólar og eru unglingar á aldrinum 15–16 ára um 500 í þessum skólum. Félagsmiðstöðvar eru tvær og önnur með útibú. Þarna er Miðgarður, sem er fjölskyldurþjónusta með félagsráðgjöfum, sálfræðingum o.fl. Þá er kirkja í hverfinu og mörg félög auk foreldra- og nemendafélaga í skólunum. Þessir aðilar koma að verkefninu „Grafarvogur í góðum málum“ og halda reglulega samráðsfundi sem Einar situr sem hverfislögreglumaður og fulltrúi lögreglu. Hann hefur kannað sérstaklega aðgengi unglinga að vímuefnum í hverfinu og unnið að því að stugga við sölumönnum. Nokkrir klíkuhópar hafa verið gerðir „skaðlausir“ og brotamönnum komið í meðferð eða afplánun. Einar gerði athugun á fíkniefnaneyslu barna í grunnskólunum í hverfinu. Þar kom í ljós allstór hópur neytenda sem áður var óþekktur. Haldnir voru fundir með kennurum og foreldrum þessara nemenda og þeim sjálfum og voru þessir aðilar ánægðir með framtakið. Talið er að þarna hafi verið stungið á talsverðu kýli og mörgum beint á rétta braut. Einar vinnur í nánu samstarfi við starfsfólk FR í Miðgarði við að leysa hin ýmsu vandamál sameiginlegra skjólstæðinga. Sömuleiðis hefur hann samstarf við foreldraröltið sem er virkt í þessu hverfi. Þá hefur hann, ásamt Eiríki Péturssyni, staðið fyrir allmörgum fræðslufundum fyrir nemendur, foreldra og kennara skólanna um fíkniefni, afbrot o.þ.h. ásamt fleiri starfsmönnum FFD. Þetta dæmi er stuttorð lýsing og stiklað á stóru um starfið í einu hverfi en það er svipað hjá hinum hverfislögreglumönnunum.

Hverfislögreglumennirnir hafa alls staðar verið talin góð og mikilvæg viðbót við aðra löggæslu í hverfunum og íbúarnir hafa síst viljað missa þennan hluta löggæslunnar.

Umferðarfræðslan og önnur fræðsla í skólum. Kristín S. Brandsdóttir lögreglumaður og Eiríkur Pétursson rannsóknarlögreglumaður annast þessa fræðslu að langmestu leyti og hafa einnig tekið að sér ýmiskonar aðra fræðslu innan skólanna. Þessi fræðsla er í mörgum þáttum og er hér aðeins getið þeirra helstu.

Á haustin er unnið samstarfsverkefni lögreglunnar og Strætisvagna Reykjavíkur „Rétt með strætó“ sem er fyrir 8 ára nemendur á starfssvæði lögreglunnar í Reykjavík. Börnin eru sótt í skólann í strætisvagni, einn bekkur í senn og þá kynntar hættur við biðstöðvar og í vögnunum. Í aðsetri SVR á Kirkjusandi er rætt um hegðun í og við vagninn og til hvers biðstöðin er. Síðan eru verklegar æfingar um hvernig á að fara yfir götu og eftir gangbrautarljósunum. Á sl. ári fengu 1.535 nemendur fræðslu og hún tók um einn og hálfan mánuð.

Jólagetraun Umferðarráðs, lögreglu og bæjarfélaganna er umferðargetraun fyrir nemendur í 1.–7. bekk grunnskólanna og er fastur liður á hverjum vetri. FFD hefur umsjón með framkvæmd hennar á svæði LR að öllu leyti þar til kemur að því að því að keyra út verðlaunabækurnar en það er samvinnuverkefni lögregluliðsins í Reykjavík síðustu dagana fyrir jól, þegar pakkarnir eru keyrðir heim til barnanna.

Fræðsla fyrir 7. bekk (12 ára) fer fram seinni hluta vetrar, tekur um hálfan annan mánuð og er í samstarfi við SVR. Börnin koma með strætisvagni á lögreglustöðina ásamt kennara sínum. Þeim er sýndur helsti búnaður lögreglumanna, rætt um útivistarreglur, feril unglinga sem byrja í afbrotum og afleiðingar þess, farið yfir umferðarmerkin, reiðhjól og hjálma, rætt um umferðarslys, afleiðingar þeirra o.fl.

Á vorin hefst Umferðarskólinn fyrir 5–6 ára börn. Þetta er samstarfsverkefni lögreglu, Umferðarráðs og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir því að hvert barn á þessum aldri mæti með forráðamanni tvo daga í röð í skólann, klukkutíma í senn. Frætt er um gangandi fólk og hættur af völdum bifreiða, notkun reiðhjóla og hjálma, bílstóla og bílbelti o.fl. Á hverju ári fá vel á þriðja þúsund börn þessa fræðslu og tekur verkefnið um fimm vikur fyrir þrjá lögreglumenn.

Loks skal getið ánægjulegs þáttar í þessu starfi en það eru ferðir eldri borgara fyrir jólin sem eru samvinnuverkefni SVR og lögreglunnar. Á sl. ári voru þetta 9 hópferðir sem farnar voru frá 16 félagsmiðstöðvum aldraðra með strætisvögnum að Vídalínskirkju þar sem séra Hans M. Hafsteinsson og hans starfsfólk tók á móti fólkinu með glæsibrag. Eftir það var fólkið frætt um hættur í umferðinni og dreift endurskinsmerkjum og fræðsluritum. Þátttakendur voru um 500 á sl. ári.

Fræðsla fyrir lögreglumenn. Ætlunin er að deildin sjái um ýmiskonar fræðslu fyrir lögreglumenn hjá embættinu og kynni þeim helstu nýjungar á þeirra sviði. Ekki hefur unnist tími til að sinna þessu nema að litlu leyti en þó hefur verið aðstoðað við að koma á fyrirlestrum um ýmis mál. Fengnir voru sérfræðingar til að kynna nýju ökuskírteinin og reglugerðarbreytingarnar sl. haust. Íslenskur lögreglumaður flutti erindi um mótorhjólagengi, sögu þeirra og starfsemi, sýndi myndir og svaraði fyrirspurnum en hann hefur kynnt sér þetta mál sérstaklega. Tveir menn komu frá FR til að kynna starfsemi félagsmálastofnunar, bandarískur lögreglumaður flutti erindi um veggjakrot, sænskur lögreglumaður fræddi um einkenni fíkniefnaneyslu og fleira hefur verið á dagskrá.

Þá eru ýmis önnur verkefni í vinnslu.

Gagnaöflun og úrvinnsla. Í febrúar var ráðinn til deildarinnar Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur, sem hafa á umsjón með samantekt á tölulegum upplýsingum og framsetningu þeirra fyrir embættið. Hingað til hefur hún lagt áherslu á það að koma útprentunarmöguleikum úr málaskrá í betra horf. Vonast er til að innan skamms verði hægt að kanna hverjir koma við sögu lögreglunnar í Reykjavík út frá ýmsum bakgrunnsþáttum auk þess sem leitast verður við að afla hagnýtra upplýsinga um eðli afbrota á svæði embættisins og vonast er til að seinna meir verði með áreiðanlegum hætti hægt að meta þróun í þessum málum. Rannveig hefur einnig unnið að ársskýrslu fyrir embættið þar sem kynnt verður starfsemi lögreglunnar í Reykjavík og þær breytingar sem áttu sér stað hjá embættinu á síðastliðnu sumri. Þá verður einnig fjallað um afbrot í Reykjavík og tíðni og eðli nokkurra brotaflokka skoðað.

Hingað til hefur Rannveig einnig tekið þátt í að leita upplýsinga og vinna svör við þeim fyrirspurnum sem berast embættinu. Þá hefur hún unnið að ýtarlegri athugun á ölvunarakstri m.a. með tilliti til þess hverjir eru helst teknir fyrir ölvunarakstur, hversu mikið áfengismagn mælist oftast í blóði þeirra sem teknir eru fyrir ölvunarakstur, hvenær slík brot eiga sér helst stað o.s.frv.

Í framtíðinni verður einnig lögð áhersla á að Rannveig sjái um að kynna gögn frá lögreglunni í Reykjavík í fræðilegu samhengi auk þess að sjá um að upplýsa starfsmenn embættisins um nýjungar á sviði forvarna og annarra þátta tengdum starfi lögreglunnar.

Loks má geta þess að útlendingaeftirlitið í Reykjavík mun tengjast FFD og verða undir yfirstjórn Karls Steinars.

Fylgiskjal II.

Áætlunin
Ísland án eiturlyfja.
Skýrsla verkefnisstjórnar 1998.
(Mars 1999.)

I. Inngangur.

Ríkisstjórnin, Reykjavíkurborg og evrópsku samtökin ECAD (European Cities Against Drugs), undirrituðu samstarfssamning hinn 6. febrúar 1997 um áætlunina *Ísland án eiturlyfja*. Áætlunin er liður í stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum sem samþykkt var í árslok 1996.

Í febrúar 1998 gerðist Samband íslenskra sveitarfélaga formlegur aðili að áætluninni. Samningurinn um áætlunina *Ísland án eiturlyfja* gildir til ársins 2002 og felur m.a. í sér að leitað verði nýrra og markvissari leiða til að koma í veg fyrir innflutning, dreifingu, sölu og neyslu ólöglegra vímuefna. Meginmarkmið áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* er að sameina krafta þjóðarinnar í baráttunni gegn ólöglegum fíkniefnum, efla forvarnir og skipuleggja verkefni og aðgerðir sem hafa þetta takmark að leiðarljósi.

Í verkefnisstjórn áætlunarinnar eiga sæti sex fulltrúar. Á árinu 1998 áttu eftirtaldir sæti í verkefnisstjórninni: Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, tilnefnd af dómsmálaráðherra, Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri tilnefnd af félagsmálaráðherra til 1. júlí en Guðrún Ögmundsdóttir deildarstjóri frá þeim tíma, Hrafn Pálsson deildarstjóri, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Kristín A. Árnadótti, aðstoðarkona borgarstjóra tilnefnd af borgarstjóra til 1. ágúst en Jón Björnsson framkvæmdastjóri frá þeim tíma, Soffía Gísladóttir félagsmálastjóri, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Åke Setréus, framkvæmdastjóri tilnefndur af ECAD.

Verkefnisstjóri er Snjólaug G. Stefánsdóttir, uppeldisfræðingur og námsráðgjafi, og hefur hún starfað við áætlunina frá upphafi. Frá 1. maí 1998 var Hildur Björg Hafstein félagsfræðingur, ráðin sem annar verkefnisstjóri. Þær eru báðar í hálfu starfi.

Samkvæmt samstarfssamningnum leggur verkefnisstjórnin fram tillögur um skammtíma- og langtímaaðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar til þess að tilgangur áætlunarinnar náist. Eigi síðar en 1. mars ár hvert skulu tillögurnar lagðar fyrir dómsmálaráðherra, borgarstjórann í Reykjavík og ECAD. Hlutverk ECAD í áætluninni er m.a. að leggja til sérfræðiþjónustu með það að markmiði að aðgerðir og verkefni sem ráðist verður í þjóni tilgangi áætlunarinnar.

Á árinu 1998 var ráðstöfunarfé verkefnisstjórnar 6 m.kr. sem skiptist þannig að hlutur ríkisstjórnarinnar, sem greiddur er úr Forvarnasjóði, var 4,5 m.kr. og hlutur Reykjavíkurborgar var 1,5 m.kr.

Verkefnisstjórnin hélt 22 fundi á árinu 1998. Þar af sátu fulltrúar ECAD tvo fundi. Auk þess var haldinn fjöldi samráðsfunda með aðilum sem starfa að vímuefnamálum. Verkefnisstjórn kynnti áætlunina og fjallaði um vímuvarnamál í ræðu og riti bæði innan og utan lands. Gefin voru út þrjú tölublöð af blaðinu Fréttapunktar verkefnisstjórnar. Þeim var dreift víða, m.a. sendir öllum sveitarfélögum, heilsugæslustöðvum, alþingismönnum, ráðuneytum, stofnunum, félagasamtökum, skólum og öðrum samstarfsaðilum. Tilgangurinn með útgáfunni er að kynna áætlunina og einstök verkefni sem unnið er að hverju sinni.

Starf áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* grundvallast á fimm ára framkvæmdaáætlun verkefnisstjórnar frá því í júní 1997. Áætlunin var gefin út á ensku og er m.a. til á heimasíðu samstarfsaðilans ECAD, http://www.ecad.net. Í mars 1998 var skýrsla verkefnisstjórnar fyrir árið 1997, ásamt starfsáætlun fyrir árið 1998, lögð fram í ríkisstjórn og í sama mánuði var skýrslan lögð fram í borgarráði.

Í skýrslu verkefnisstjórnar fyrir árið 1997 voru gerðar eftirfarandi tillögur til stjórnvalda um frekari aðgerðir á sviði vímuvarnamála:

1. Leitað verði eftir formlegu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og því boðið að tilnefna fulltrúa í verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja*.
2. Menntamálaráðuneytið tilnefni fulltrúa í verkefnisstjórn.
3. Fulltrúi úr verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* eigi sæti í stjórn Forvarnasjóðs.
4. Öll verkefni sem forvarnasjóður styrkir tengist áætluninni *Ísland án eiturlyfja*.
5. Formaður verkefnisstjórnar eigi sæti í samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíknivarnir.
6. Skipað verði sérstakt fulltrúaráð sem verði vettvangur samráðs allra þeirra sem að vímuvörnum starfa og verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* til ráðgjafar. Ráðið fundi á tveggja mánaða fresti. Í því eigi sæti m.a. fulltrúi þjóðkirkjunnar, Áfengisvarnaráðs, fíkniefnalögreglunnar, tollgæslunnar, foreldrasamtaka, SÁÁ, íþróttahreyfingarinnar, Jafningjafræðslunnar, tóbaksvarnanefndar, Vímulausrar æsku, bindindishreyfingarinnar, FRÆ, rannsóknaraðila, fjölmiðla, vinnumarkaðarins, forvarnadeildar lögreglunnar o.fl.
7. Skipuð verði samstarfsnefnd toll- og löggæslu sem vinni að nauðsynlegum aðgerðum til að hefta, enn frekar en nú er gert, innflutning ólöglegra fíkniefna til landsins.
8. Á árinu 1998 verði framlag ríkisins til áætlunarinnar verði 4,5 milljónir kr. (var 3 milljónir kr. 1997) og framlag Reykjavíkurborgar verði 1,5 milljón kr. (var 1 milljón kr. árið 1997).

Af ofannefndum tilögum var fallist á tillögurnar í liðum 1, 5, 7 og 8 óbreyttar og hefur þeim verið hrundið í framkvæmd. Jafnframt var ákveðið að fela ráðuneytum sem vinna að verkefnum á sviði áfengis-, tóbaks- og vímuvarna að tengja þau með áberandi hætti við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og eftir því sem kostur væri áætluninni *Ísland án eiturlyfja*. Einnig var verkefnisstjórn áætlunarinnar falið að hafa reglulegt samráð við þá aðila sem starfa að vímuvörnum. Loks var ákveðið að öll verkefni sem Forvarnasjóður styrkti yrðu tengd áætluninni *Ísland án eiturlyfja* eftir því sem kostur væri auk þess sem stjórn sjóðsins var falið að hafa samráð við verkefnisstjórn áætlunarinnar við árlega úthlutun.

Í upphafi árs 1999 tók Áfengis- og vímuvarnaráð til starfa og er því meðal annars ætlað að samræma störf aðila á forvarnasviðinu.

Í ljósi þess að áætlunin *Ísland án eiturlyfja* er hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar í vímuvarnamálum, hlýtur að teljast skynsamlegt og hagkvæmt að áætlunin falli með formlegum hætti undir verksvið ráðsins. Mikilvægt er þó að undirstrika sjálfstæði áætlunarinnar enda um að ræða samstarfsverkefni ríkisins, Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ECAD. Verkefnisstjórnin leggur til að:

- samstarfsaðilar verkefnisins *Ísland án eiturlyfja* samþykki að færa framkvæmd áætlunarinnar undir yfirstjórn Áfengis- og vímuvarnaráðs, þó þannig að verkefninu stýri fjögurra manna hópur þar sem Áfengis- og vímuvarnaráð tilnefnir tvo, Reykjavíkurborg einn og Evrópuborgir gegn eiturlyfjum (ECAD) einn. Varamenn verði tilnefndir með sama hætti. Verkefnið verður áfram fjárhagslega sjálfstætt með framlagi úr Forvarnasjóði og frá öðrum samstarfsaðilum. Heildarframlag til verkefnisins lækki ekki frá því sem það var á árinu 1998.

Í þessari skýrslu verður farið yfir verkefni á vegum verkefnisstjórnar á árinu 1998 og drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1999. Í lok skýrslunnar er stutt samantekt yfir öll verkefni sem hrundið hefur verið í framkvæmd á vegum áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* frá upphafi.

II. Að virkja þjóðfélagið í heild í vímuvörnum.

Öll verkefni áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* grundvallast á 5 ára framkvæmdaáætlun verkefnisstjórnar frá júní 1997. Framkvæmdaáætlunin skiptist í sjö kafla. Þeir eru:

I. Virkja þjóðfélagið í heild í baráttunni gegn vímuefnum.
II. Forvarnir og fræðsla.
III. Virkja frjáls félagasamtök.
IV. Samstarf við foreldrasamtök.
V. Ungt fólk í áhættu.
VI. Samstarfshópar gegn eiturlyfjum á landsvísu og í sveitarfélögum.
VII. Toll- og löggæsla.

Allt starf verkefnisstjórnar miðast að því að virkja sem flesta í þjóðfélaginu til aðgerða í forvörnum. Stjórninni eru takmörk sett varðandi fjármagn og því brýnt að virkja og hvetja sem flesta til samstarfs. Vímuvarnir eru viðkvæmur málaflokkur, málið er tilfinningahlaðið og skoðanir skiptar um fjölmörg atriði. Spurningar um rétt einstaklingsins, forræðishyggju, gildi rannsókna og persónuvernd verða gjarnan áleitnar í þessum málaflokki.

Mörgum verkefnum hefur verið hrint í framkvæmd á sviði vímuvarna á liðnum árum, en baráttan við útbreiðslu fíkniefna er viðvarandi viðfangsefni, sem krefst stöðugt nýrra leiða og aðferða. Þekking og reynsla af fíkniefnavörnum á Íslandi eykst með ári hverju og skilar sér vonandi í auknum árangri. Verkefnisstjórnin hefur einbeitt sér að aðgerðum sem eru líklegar til að koma í veg fyrir að börn og unglingar leiðist út á braut fíkniefnaneyslu. Í því sambandi er mikilvægt að breyta viðhorfum fullorðinna til áfengisneyslu barna og unglinga, virkja sveitarfélög til aðgerða, vekja fjölmiðla, stofnanir og samtök til vitundar um ástandið og gera baráttuna sýnilega. Verður hér að neðan stiklað á stóru um lykilatriði í stefnumótun og framkvæmdaáætlun verkefnisstjórnar.

II.1. Samstarf við sveitarfélög.

Í upphafi ársins 1998 gerðist Samband íslenskra sveitarfélaga formlegur aðili að áætluninni *Ísland án eiturlyfja* og tilnefndi fulltrúa í verkefnisstjórn. Aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga styrkti mjög starf og stöðu verkefnisstjórnar.

Margvísleg verkefni hafa verið unnin í samvinnu við sveitarfélögin á árinu 1998. Er þar fyrst að nefna ráðstefnuröðina *Við getum betur.* Þar er um að ræða fjölmennar og viðamiklar ráðstefnur í samvinnu við sveitarfélög og fleiri, um land allt. Ráðstefnur voru haldnar á árinu á Vesturlandi, haldin í Stykkishólmi, á norðanverðum Vestfjörðum, haldin á Ísafirði, Norðurlandi eystra, haldin á Húsavík, á Austfjörðum, haldin á Reyðarfirði, og á Norðurlandi vestra, haldin á Sauðárkróki. Upphafið að þessari ráðstefnuröð var ráðstefnan *Frá foreldrum til foreldra* sem haldin var á Hótel Sögu í október 1997. Landshlutasamtök Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa komið að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnanna á flestum stöðum.

Í upphafi ársins skrifaði verkefnisstjórnin, í samvinnu við félagsmálaráðuneytið, öllum sveitarfélögum bréf og hvatti þau til að vinna að stefnumótun og áætlanagerð í vímuefnavörnum. Vitað er um fjölmörg sveitarfélög sem hafa unnið að slíkum verkefnum og m.a. nýtt sér sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Benda má á vímuvarnaáætlun Dalvíkur sem dæmi um metnaðarfulla áætlun sveitarfélags á þessu sviði. Áætlunina er að finna á www.islandaneiturlyfja.is. Víða um land eru nú starfandi vímuvarnanefndir og samráðshópar stofnana sem vinna markvisst að verkefnum og áætlanagerð í vímuefnavörnum.

Öllum sveitarfélögum hafa verið sendar skýrslur verkefnisstjórnar, fréttapunktarnir, upplýsingar um opnun vefsins, veggspjöld og kort gegn áfengisneyslu unglinga og fleira.

Hvatningarátak fyrir verslunarmannahelgi og útivistarátakið sl. haust eru verkefni þar sem fjölmörg sveitarfélög sameinuðust í fræðslu og áróðri með foreldra sem markhóp. Markmiðið með báðum þessum verkefnum var að stuðla að bættum aðstæðum fyrir börn og unglinga. Er það mat flestra að vel hafi til tekist og að verkefnin og fyrirkomulagið gefi fyrirheit um frekara samstarf sveitarfélaga á þessu sviði.

Upplýsingamiðlun og ráðgjöf fyrir sveitarfélög hefur verið snar þáttur í starfsemi verkefnisstjórnar. Föst umfjöllun um vímuvarnamál í *Sveitarstjórnarmálum,* blaði Sambands íslenskra sveitarfélaga, er til þess fallin að vekja athygli á mikilvægi þess að sveitarfélög vinni markvisst að málinu og miðli upplýsingum sín á milli.

II.2. Áfengisneysla barna og unglinga.

Í öðrum kafla fimm ára áætlunar verkefnisstjórnar er fjallað um forvarnir og fræðslu. Þar er lögð áhersla á vandaða fræðslu um fíkniefnamál fyrir börn og unglinga og ekki síður fyrir foreldra barna á grunnskólaaldri, kennara, leiðbeinendur, þjálfara og aðra sem starfa með börnum og unglingum.

Ef borin er saman áfengisneysla unglinga í Evrópu kemur í ljós að áfengisneysla íslenskra unglinga er hlutfallslega minni en flestra jafnaldra þeirra í Evrópu. Ýmsar hliðarverkanir áfengisneyslunnar virðast hins vegar koma verr við íslenska unglinga. Þessar upplýsingar má m.a. lesa í evrópskri könnun (ESPAD) sem lögð var fyrir 15–16 ára ungmenni í 20 Evrópulöndum 1995.[1] Í henni kemur fram að íslenskir unglingar lenda oftar í ýmsum vandræðum, svo sem ógætilegri kynlífsreynslu, slagsmálum og þjófnuðum, vegna áfengisneyslu en jafnaldrar þeirra í Evrópu. Tengsl milli ótímabærrar áfengisneyslu ungs fólks og annarrar fíkniefnaneyslu eru staðfest bæði í bók dr. Þórólfs Þórlindssonar *Vímuefnaneysla ungs fólks – umhverfi og aðstæður* og í bók dr. Sigrúnar Aðalbjarnardóttur.[2]

---

[1] Þórólfur Þórlindsson o.fl. (1998) *Vímuefnaneysla ungs fólks – umhverfi og aðstæður,* Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

[2] Sigrún Aðalbjarnardóttir o.fl. (1997) *Áhættuhegðun reykvískra unglinga,* Félagsvísindastofnun Háskólans.

Þessi staðreynd, tengslin milli ótímabærrar áfengisneyslu unglinga og neyslu ólöglegra vímuefna, og hið almenna umburðarlyndi gagnvart unglingadrykku, undirstrikar mikilvægi þess að leitað sé allra leiða til að draga úr áfengisneyslu barna og unglinga.

Á árinu 1997 var ýmsum verkefnum hrundið í framkvæmd sem höfðu að markmiði að draga úr áfengisneyslu unglinga. Eitt af þeim var samstarfsverkefni ríkisins, Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands um starfrækslu Fjölskyldumiðstöðvarinnar við Barónsstíg. Þetta verkefni, sem er liður í áætluninni *Vímulaus grunnskóli*, hefur þótt takast vel. Í viðhorfskönnun meðal þeirra sem þáðu þjónustu miðstöðvarinnar kemur fram almenn ánægja með starfsemi miðstöðvarinnar.[1] Miðstöðin var starfrækt á árinu 1998 og verður áfram árið 1999. Um þetta verkefni var fjallað í skýrslu verkefnisstjórnar 1997.

II.3. Stuðningur og samráð við foreldra um vímuvarnastarf

Verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* telur foreldrasamtök gegna afar mikilvægu hlutverki í forvörnum og hefur frá upphafi átt árangursríkt og gott samstarf við landssamtökin Heimili og skóla og foreldrasamtökin Vímulausa æsku.

Foreldrar gegna lykilhlutverki í forvarnastarfi og því hafa mörg verkefni sem áætlunin hefur haft frumkvæði að eða verið þátttakandi í verið unnin í samvinnu við foreldra eða beinst að þeim með einum eða öðrum hætti. Síðar í þessari skýrslu, er fjallað um verkefni af þessum toga, meðal annars um *Útivistarátak* til stuðnings foreldrum, *Hvatningarátakið* fyrir verslunarmannahelgi, átak gegn áfengiskaupum fyrir unglinga í áfengisverslunum, könnun á viðhorfum foreldra til unglingamála, ráðstefnuröðina *Við getum betur* o.fl. Þá er verkefni landssamtakanna Heimilis og skóla, *Fyrirmyndarforeldrar*, kynnt sem framlag til áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja*.

II.4. Ungt fólk í áhættu.

Öflugt stuðnings- og leitarstarf og markviss aðstoð við börn og unglinga í áhættuhópi er snar þáttur í vímuvörnum. *Skólavinaverkefnið*, aukið samráð í hverfum líkt og *Grafarvogur í góðum málum* foreldrarölt, efld hverfalöggæsla og sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins eru allt aðgerðir sem vonandi leiða til þess að unnt verði að grípa fyrr inn í neikvæða atburðarás. Mikilvægt er að starfrækt sé opin og aðgengileg ráðgjöf fyrir foreldra og unglinga þegar þörf er fyrir slíkt. Auk Félagsþjónustu sveitarfélaga hafa fjölskylduþjónustan Samvist, Fjölskyldumiðstöðin við Barónsstíg, foreldraráðgjöf Vímulausrar æsku og Rauðakrosshúsið gegnt mikilvægu hlutverki í göngudeildarþjónustu fyrir ungt fólk sem á í fíkniefnavanda og foreldra þess. Þessir aðilar þurfa að hafa með sér samstarf og skýra verkaskiptingu. Verðugt verkefni á næsta ári væri útgáfa á upplýsingariti fyrir foreldra og unglinga um þessa þjónustu.

Vönduð og aðgengileg meðferð fyrir ungt fólk sem stendur höllum fæti vegna vímuefnaneyslu er grundvallaratriði í öllu vímuvarnastarfi. Meðal viðfangsefna sem verkefnisstjórnin mat brýn var kynning á nýjum leiðum í meðferðarmálum ungs fólks. Heimsókn Andrea Muccioli til Íslands þar sem hann kynnti starfsemi San Patrigano á Ítalíu var liður í þeirri viðleitni og einnig opinn fundur með Torgny Peterson um árangursríka meðferð fyrir ungt fólk í Svíþjóð.

---

[1] Fjölskyldumiðstöð vegna barna í vanda, 1998, *Viðhorfskönnun um þjónustu fjölskyldumiðstöðvarinnar.*

II.5. Stuðningur fyrirtækja, stofnana og samtaka við aðgerðir gegn fíkniefnum.

Þátttaka og stuðningur fyrirtækja, stofnana og samtaka er mikilvægur þáttur í baráttunni gegn útbreiðslu fíkniefna. Gerð vímuvarnaáætlana og markviss viðbröð við neyslu vímuefna, t.d. á vinnustöðum, er liður í að virkja þjóðfélagið í heild. Verkefnisstjórn átti m.a. gott samstarf við starfsmannafélög ríkisins um átak gegn áfengisneyslu sumarið 1997, aðilar vinnumarkaðarins lýstu yfir stuðningi við áætlunina í febrúar 1997 og í undirbúningi er samstarf við *Framkvæmdastjórn um ár aldraðra* um verkefni á árinu 1999.

Samráð og fundir hafa verið með forsvarsmönnum þjóðkirkjunnar og fræðsludeild kirkjunnar um virka þátttöku og samstarf í baráttunni gegn vímuefnum. Formaður verkefnisstjórnar kynnti áætlunina *Ísland án eiturlyfja* á prestastefnu og tók, ásamt verkefnisstjóra, þátt í umræðum um hlutverk og stefnu kirkjunnar í vímuvörnum. Verkefnisstjórn var umsagnaraðili um drög að stefnu þjóðkirkjunnar í vímuvörnum.

Þriðji kafli fimm ára áætlunar verkefnisstjórnar fjallar um mikilvægi þess að virkja frjáls félagasamtök til aðgerða í vímuefnavörnum. Frjáls félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki í mótun æskunnar og brýnt að félög og samtök hafi skýra stefnu í vímuvarnamálum. Í fimm ára áætlun verkefnisstjórnar er lögð áhersla á að styðja starfsemi frjálsra félagasamtaka og hvetja til stefnumótunar og aðgerða í vímuvarnamálum.

Á árinu kynntu ÍSÍ og UMFÍ átakið *Landsliðið gegn fíkniefnum*. Í landsliðinu eru öflugustu og bestu íþróttamenn þjóðarinnar. Verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* hefur áhuga á að koma á formlegu samstarfi við stjórn átaksins um þessi mál. Öflugt samstarf við landsamtökin Heimili og skóla o.fl. er liður í að virkja frjáls félagasamtök á þessu sviði.

Í lok árs 1998 boðaði verkefnisstjórnin í samvinnu við Jafningjafræðslu framhaldsskólanema og fulltrúa félaga, samtaka og stofnana sem vinna að fíkniefnavörnum og aðsetur hafa á höfuðborgarsvæðinu til samráðsfundar. Marmiðið var að efla upplýsingagjöf og samvinnu í forvörnum. Fundurinn tókst vel og var ákveðið að þróa samstarfið áfram undir verkstjórn nýskipaðs Áfengis- og vímuvarnaráðs.

Verkefnisstjórnin hefur víða leitað fjárstuðnings til fjármögnunar nýrra verkefna. Sumarið 1997 ákvað Eimskip að leggja áætluninni *Ísland án eiturlyfja* lið með öflugum fjárstuðningi, 1,5 milljónum kr. á ári í þrjú ár. Fjárstuðningnum var fyrst og fremst varið til verkefnisins 20,02 hugmyndir um eiturlyf á árinu 1998. Sem fylgiskjal með skýrslunni er listi yfir alla sem styrkt hafa áætlunina með fjárframlögum á árinu 1998.

II.6. Stuðningur fjölmiðla og listamanna við *Ísland án eiturlyfja*.

Framsetning fjölmiðla og túlkun listamanna á viðhorfum til eiturlyfja vegur þungt í þessari baráttu. Listamenn hafa mikil áhrif, sérstaklega á ungt fólk, og því er stuðningur þeirra afar mikilvægur. Áhrif fjölmiðla eru óumdeilanleg og til stóð að skipuleggja málþing með fulltrúum ungs fólks úr grunn- og framhaldsskólum og fulltrúum fjölmiðla þar sem til umfjöllunar yrði framsetning fjölmiðla á málefnum ungs fólks. Það reyndist hins vegar mat forsvarsmanna Jafningjafræðslunnar og Félags framhaldskólanema að slíkt málþing væri óþarft, þar eð fjölmiðlar sýndu nú þegar ungu fólki mikinn skilning og sjónarmið þess og áhugasvið ættu greiðan aðgang að fjölmiðlum.

Flestir fjölmiðlar hafa gert verkefnum áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* viðunandi skil og töluverð umfjöllun hefur verið í fjölmiðlum um forvarnir og skaðsemi eiturlyfja. Þó virðist sem ákveðinnar þreytu gæti á forvarnarumræðunni og þarf að vanda vel kynningu á verkefnum á þessu sviði. Blaðamannafundir áætlunarinnar hafa verið ágætlega sóttir og fréttatilkynningar hafa átt sæmilega greiðan aðgang að fjölmiðlum.

II.7. Áætlunin *Ísland án eiturlyfja* gerð sýnilegri.

Blaðamannafundir, auglýsingar, fundir, fyrirlestrar, greinaskrif, almenn umfjöllun í fjölmiðlum, kynning á verkefnum, notkun á merki áætlunarinnar o.fl. hafa verið liður í að gera áætlunina sýnilega. Hér á eftir fer yfirlit um margvíslega kynningu á áætluninni á árinu 1998:

- Fréttapunktar verkefnisstjórnar sem hafa farið víða eru liður í kynningarstarfinu.
- Áætlunin hefur víða verið kynnt, m.a. á ráðstefnum og fundum bæði innan og utan lands. Formaður verkefnisstjórnar var meðal aðalfyrirlesara á ráðstefnunni World Cities Against Drugs sem haldin var í Stokkhólmi í maí sl. Verkefnisstjóri áætlunarinnar var einn aðalfyrirlesara á ráðstefnu um forvarnir sem haldin var í Sundsvall í Svíþjóð í október sl.
- Áætlunin *Ísland án eiturlyfja* var kynnt á ráðstefnum í öllum landshlutum, á prestastefnu, á ráðstefnunni „Forvarnir á villigötum?“ og víðar.
- Skýrsla verkefnisstjórnar fyrir árið 1997 var prentuð í 200 eintökum og send fjölmiðlum, helstu samstarfsaðilum og sveitarfélögum um land allt. Skýrslan var einnig prentuð sem viðauki við *Skýrslu dómsmálaráðherra til Alþingis um aðgerðir á vegum stjórnvalda í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum á árinu 1997.*
- Vefsíða áætlunarinnar var opnuð á árinu og er hún mikilvægur og aðgengilegur upplýsingagrunnur um starf *Íslands án eiturlyfja* og um vímuvarnir á Íslandi núna.

II.8. Toll- og löggæsla.

Samræmdar og markvissar aðgerðir toll- og löggæslu til varnar smygli, dreifingu og sölu fíkniefna er grundvallaratriði í vímuefnavörnum.

Að tillögu verkefnisstjórnar fól ríkisstjórnin dómsmálaráðherra að skipa samstarfsnefnd æðstu embættismanna toll- og löggæslu til að vinna að nauðsynlegum aðgerðum til að hefta enn frekar en gert hefur verið innflutning ólöglegra eiturlyfja til landsins. Nefndin hefur starfað frá vori 1998 og mun ljúka störfum í byrjun árs 1999.

Samkvæmt upplýsingum Lögreglunnar í Reykjavík hefur kærðum afbrotum til lögreglunnar fækkað á árunum 1989 til 1996 en á sama tíma hefur afbrotum fjölgað, eðli þeirra breyst og þau talin alvarlegri. Dregið hefur úr tíðni brota í vissum brotaflokkum, svo sem ávísanafalsi, meðan önnur brot færast í vöxt, þar á meðal fíkniefnabrot og innbrot.[1] Einstaklingar undir 24 ára aldri eru taldir ábyrgir fyrir um helmingi allra ofbeldisverka og einstaklingar undir 18 ára um einum fjórða þeirra. Þá hefur ungum mönnum sem dæmdir eru til fangelsisvistar fjölgað og föngum sem dæmdir eru til fangelsisvistar vegna fíkniefnatengdra brot hefur einnig fjölgað.

Mikilvægt er að afla gleggri upplýsinga um tengsl fíkniefna og annarra afbrota. Safna þarf saman upplýsingum og rannsóknum sem gerðar hafa verið hér á landi á undanförnum árum á þessu sviði og taka ákvarðanir um framkvæmd frekari kannana og aðgerða á grundvelli þeirra.

III. Verkefni áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* á árinu 1998.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir framkvæmd og stöðu verkefna á vegum verkefnisstjórnar áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* á árinu 1998. Auk þess er getið verkefna á vegum annarra sem hafa verið kynnt sem framlag til *Íslands án eiturlyfja*.

---

[1] Embætti lögreglustjórans í Reykjavík, 1997, Ársskýrsla.

III.1. Rannsóknir.


Á árinu 1998 hefur verkefnisstjórnin ýmis stutt eða látið framkvæma nokkrar kannanir. Verður nú nánar gerð grein fyrir þessum könnunum.

A. Könnun á viðhorfum fullorðinna.

Könnun á viðhorfum fullorðinna til ýmissa þátta er lúta að málefnum unglinga. Samstarfsverkefni verkefnisstjórnar og SAF — samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíkniefnavarnir. Könnunin var framkvæmd af ÍM Gallup í júní 1998.

Í tengslum við undirbúning að hvatningarátaki til stuðnings foreldrum, vorið 1997, á vegum Vímuvarnanefndar Reykjavíkur, áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* og fleiri, var ákveðið að láta kanna viðhorf foreldra til ýmissa þátta er lúta að málefnum unglinga. Könnunin var gerð í júní 1997, meðal 800 einstaklinga, 24–55 ára.[1] Spurt var um viðhorf þeirra til útivistartíma, áfengisneyslu, hassneyslu, reykinga og fleiri áleitinna málefna sem varða unglinga. Sambærileg könnun var endurtekin í júní 1998.[2]

Foreldrar í könnuninni sem áttu börn í efstu bekkjum grunnskólans voru m.a. spurðir um áfengisneyslu barna sinna. Taflan sýnir hlutfall þeirra sem sögðust vita til þess að barnið þeirra hefði drukkið áfengi einu sinni eða oftar og svör unglinganna sjálfra við sambærilegri spurningu í könnunum 1997[3] og 1998.[4]



Í þessari töflu kemur í ljós að mikið misræmi er á milli svara unglinganna við áfengisneyslu sinni og mati foreldra á því hvort barnið þeirra hafi drukkið. Er þessi niðurstaða alvarlegt umhugsunarefni. Mat foreldranna og unglinganna sjálfra á hvað teljist vera áfengisneysla hefur vafalaust áhrif þarna og jafnframt sinnuleysi foreldra gagnvart áfengisneyslu barna og unglinga. Ef athugaðar eru tölur um ölvun nemenda samkvæmt grunnskólakönnuninni vorið 1998 kemur í ljós að 7,3% nemenda í 8. bekk segjast hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga áður en könnunin var gerð, 18,8% nemenda í 9. bekk og 41% nemenda í 10. bekk. Eru þessar tölur nær mati foreldra á áfengisneyslu barna sinna.

Eins og taflan sýnir eru foreldrar sem vita af áfengisneyslu barna sinna fleiri árið 1998 en árið 1997 og munar mestu í 9. bekk, en þar segjast 31% foreldra í könnuninni 1998 vita

---

[1] ÍM Gallup, 1997, *Könnun á viðhorfum til fíkniefnaneyslu og tóbaksreykinga á meðal unglinga,* Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

[2] ÍM Gallup, 1998, *Könnun á viðhorfum til fíkniefnaneyslu og tóbaksreykinga á meðal unglinga.*

[3] Þórólfur Þórlindsson o.fl. (1998) *Vímuefnaneysla ungs fólks – umhverfi og aðstæður,* Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

[4] Þórólfur Þórlindsson o.fl. (1998) *Könnun á fíkniefnaneyslu nemenda í 8., 9. og 10. bekk.* Óútg.

um að barnið hafi drukkið áfengi samanborið við 17% árið áður. Þetta þarf ekki að þýða að drykkja barna hafi aukist sem þessu nemur, heldur að eftirlit foreldra hafi eflst. Hvatningaráróður og stuðningsaðgerðir sem beinst hafa að foreldrum hafa m.a. falist í því að þeir eru hvattir til að fylgjast betur með börnum sínum og reyna að koma í veg fyrir áfengisneyslu þeirra. Fyrsta skrefið er að foreldrar geri sér betur grein fyrir vandanum og þessar niðurstöður gefa vísbendingu í þá átt.

Önnur niðurstaða í könnuninni styður þessa skýringu. Þegar þátttakendur í könnuninni voru spurðir hversu alvarlegum augum þeir líti þá staðreynd *að 80% 15 ára unglinga á Íslandi hafa drukkið áfengi einu sinni eða oftar*, voru svör þeirra eftirfarandi:

	Könnun gerð árið:	
Telja áfengisneyslu unglinga:	1997	1998
Mjög alvarlega	54%	61,9%
Fremur alvarlega	31%	27%
Ekki alvarlega	14%	11%

Þeim sem líta áfengisneyslu unglinga alvarlegum augum fjölgar á milli ára. Verður það að teljast spor í rétta átt með tilliti til þess að eitt af markmiðum verkefnisstjórnar hefur verið að draga úr andvaraleysi almennings og foreldra gagnvart unglingadrykkju. Varðandi reykingar þá segjast 76% svarenda líta það mjög alvarlegum augum að 21% unglinga reykja daglega, 1998, en um 70% árið áður. Varðandi hassið segjast 79% líta það mjög alvarlegum augum að 13% 15 ára unglinga hafa notað hass einu sinni eða oftar. Í niðurstöðum þessara kannana, bæði árið 1997 og 1998 kemur í ljós að konur líta þessi mál alvarlegri augum en karlar.

Lögð verður áhersla á að kanna reglulega viðhorf foreldra til þessara mála, enda mikilvægar vísbendingar þar að finna, bæði varðandi áherslur og árangur í forvarnarstarfi. Niðurstöður þessara tveggja kannana hafa verið notaða umtalsvert í auglýsingarherferðum til að upplýsa foreldra um ríkjandi viðhorfa annarra foreldra t.d. til áfengiskaupa, útivistartíma o.fl. og þannig hvetja til ábyrgari afstöðu þeirra til áfengisneyslu barna og unglinga.

B. Könnunin Ung 97.

Útgáfa bókarinnar *Vímuefnaneysla ungs fólks — umhverfi og aðstæður*, eftir Þórólf Þórlindsson o.fl., útg. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 1998. Verkefnisstjórn ásamt Tóbaksvarnanefnd, Eimskip og Forvarnasjóði styrktu útáfu bókarinnar.

Haustið 1997 leitaði verkefnisstjórn eftir samstarfi við dr. Þórólf Þórlindsson, þáverandi forstöðumann Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála um útgáfu bókar um vímuefnaneyslu unglinga. Bókin *Vímuefnaneysla ungs fólks – umhverfi og aðstæður* kom út í febrúar 1998. Í henni eru í fyrsta skipti birtar á aðgengilegan hátt upplýsingar um vímuefnaneyslu unglinga á grundvelli rannsókna dr. Þórólfs Þórlindssonar o.fl. meðal grunnskólanema. Upplýsingarnar byggjast á könnuninni *Ung 97* sem lögð var fyrir nemendur í öllum grunnskólum landsins í mars 1997.

Niðurstöður könnunarinnar eru um margt mjög athyglisverðar. Þar kemur m.a. fram að unglingar hefja áfengisneyslu fyrr en áður og að mjög sterk tengsl eru á milli aldurs við upphaf áfengisneyslu og annarra vandamála.

Eftir því sem unglingar eru yngri þegar þeir hefja neyslu áfengis því alvarlegri eru vandamálin sem henni fylgja þegar fram í sækir. Þannig blasir það t.d. við að hefji ung-

lingar neyslu áfengis yngri en 13 ára eru þeir mun líklegri til að drekka oftar og meira í einu en jafnaldrar þeirra í 10. bekk. Þeir sem byrja að drekka 13 ára eru einnig líklegri til að leiðast út í neyslu annarra vímuefna þegar fram í sækir en hinir sem byrja seinna að drekka.[1]

Niðurstöður rannsóknarinnar *Ung 97* verða m.a. notaðar sem viðmiðun um árangur af verkefnum *Íslands án eiturlyfja*. Verkefnisstjórn mun leggja áherslu á að gerðar verði sambærilegar kannanir árlega á fimm ára starfstíma áætlunarinnar.

C. Vímuefnakönnun vorið 1998.

Könnun á vímuefnaneyslu meðal nemenda í unglingadeildum grunnskólanna. Framkvæmd undir handleiðslu dr. Þórólfs Þórlindssonar prófessors að frumkvæði verkefnisstjórnar. Könnunin var framkvæmd í apríl 1998.

Verkefnisstjórn hafði frumkvæði að því að gerð var rannsókn á vímuefnaneyslu nemenda í þremur efstu bekkjum grunnskólans vorið 1998. Umsjón með framkvæmd könnunarinnar hafði dr. Þórólfur Þórlindsson, en fjölmargir komu að framkvæmd og úrvinnslu hennar. Könnunin er liður í áætlun verkefnisstjórnar áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* um árlega athugun á vímuefnaneyslu þessa hóps. Niðurstöðurnar verða m.a. notaðar til að meta árangur þeirra verkefna sem hrint er í framkvæmd í forvarnaskyni af hálfu opinberra aðila, frjálsra félagasamtaka og annarra sem að þessum málum koma.

Í óútgefinni skýrslu sem Sigrún Ólafsdóttir hefur unnið eru birtar eru helstu niðurstöður rannsóknarinnar og þar kemur m.a. fram að lítil breyting hefur orðið á reykingum og áfengisneyslu nemenda á milli áranna 1997 og 1998. Hins vegar er það áhyggjuefni að hassneysla hefur aukist og hafa 5% nemenda í áttunda bekk, 8,4% nemenda í níunda bekk og 16,5% nemenda í tíunda bekk notað hass einu sinni eða oftar. Á milli áranna 1997 og 1998 hefur hassneysla aukist um 3,5 prósentustig meðal nemenda í 10.bekk. Þetta mynstur er gegnumgangandi í rannsókninni, þeim sem hafa prófað hass einu sinni eða oftar fjölgar um 1,4% í áttunda bekk og 0,7% í níunda bekk. Einnig hefur hassneysla eftir kyni aukist á bilinu 0,6–2,1% í öllum bekkjum, nema hvað stúlkum í tíunda bekk sem hafa prófað hass fækkar um 0,1%. Þessi aukning í hassneyslunni kemur ekki fram hjá áttunda bekk þegar skoðaðir eru þeir sem hafa notað það þrisvar eða oftar, en hjá níunda bekk er aukningin 0,7% og 2,5% hjá tíunda bekk. Þegar þeir sem hafa notað hass 10 sinnum eða oftar eru skoðaðir kemur í ljós að dregið hefur úr hlutfalli þeirra um 0,1% meðal pilta í níunda bekk en stúlkur í níunda bekk hafa aukið sína neyslu um 0,4%. Í tíunda bekk hefur hlutfall pilta aukist um 1,7% og stúlkna um 0,8%. Það er þó greinilegt að mesta aukningin er hjá þeim sem hafa notað hass einu sinni eða oftar, sem bendir til þess að aukninguna megi a.m.k. að einhverju leyti skýra með auknu fikti. Sniffneysla er alvarlegt vandamál meðal grunnskólanema og er nær óbreytt á milli ára. Alls hafa 6,3% nemenda í áttunda bekk, 7,5% nemenda í níunda bekk og 9,9% nemenda í tíunda bekk notað sniffefni einu sinni eða oftar. Þeim sem hafa notað sniff einu sinni eða oftar fjölgar um 0,6% í áttunda bekk, fækkar um 0,6% í níunda bekk en fjölgar um 1,9% í tíunda bekk. Þegar skoðaðir eru þeir sem hafa notað sniffefni þrisvar eða oftar kemur í ljós að í áttunda bekk hefur þeim fækkað um 0,3%, í níunda bekk hefur þeim fækkað um 0,6% en aukist um 1,3% í tíunda bekk. Hins vegar dregur úr hlutfalli þeirra sem hafa notað sniff-

[1] Þórólfur Þórlindsson o.fl. (1998) *Vímuefnaneysla ungs fólks - umhverfi og aðstæður*, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, bls. 73.

efni 10 sinnum eða oftar, nema hvað varðar stúlkur í tíunda bekk en þeim hefur fjölgað um 0,8% sem er helmingsaukning.

Ljóst má vera af þessum niðurstöðum að nauðsynlegt er að herða róðurinn og auka fræðslu og upplýsingar um skaðsemi hass og sniffefna.

III.2. Útgáfa og fræðsla.

Hér verður fjallað um það starf verkefnisstjórnar sem lýtur að fræðslu og útgáfustarfsemi. Takmarkað fjármagn setur slíkum verkefnum þröngar skorður og erfitt getur reynst að fjármagna áhugaverð verkefni á þessu sviði. Mikil gróska hefur verið í fræðslu og forvarnastarfi í þjóðfélaginu og stíft sótt að fyrirtækjum og stofnunum varðandi fjárstuðning.

A. Fréttapunktar.

Fréttapunktar áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja.* Útgefnir í febrúar, mars og nóvember 1998.

Fréttapunktar áætlunarinnar komu út þrisvar á árinu. Þeir hafa að geyma upplýsingar um starf og framkvæmd verkefna á vegum verkefnisstjórnar. Í ágúst var gefið út veglegra átta síðna blað með stuðningi styrktaraðila. Blaðið var unnið í samvinnu við fyrirtækið KOM — Kynning og markaður, um útlitshönnun sá auglýsingafyrirtækið Hið opinbera. Í blaðinu voru viðtöl við ungt fólk, kynning á áhugaverðum forvarnaverkefnum og fleira. Blaðið var gefið út í 3.000 eintökum og dreift um allt land.

B. Vefsíðan www.islandaneiturlyfja.is.

Vefsíðan www.islandaneiturlyfja.is. Verkefnisstjórn í samvinnu við styrktaraðila, m.a. Eimskip, Opin kerfi, Visa, Landssímann og Búnaðarbankann. Opnuð í maí 1998.

Á árinu var opnaður vefur á vegum áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja.* Vefurinn er umfangsmikill, fræðandi og skemmtilega hannaður. Auglýsingastofan Hið opinbera hannaði vefinn og Skíma lagði áætluninni lið við uppsetningu hans og undirbúning. Yfirbragð vefsins er líkt og annað útgefið efni á vegum áætlunarinnar í gulum, rauðum og svötum litum og eru rauð hjörtu áberandi. Heimsóknir á vefinn hafa verið nokkuð tíðar og lögð er áhersla á að kynna vefslóðina eftir því sem kostur er. Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra opnaði vefinn og kynnti hann á blaðamannafundi ásamt fulltrúum verkefnisstjórnar. Meðal fastra þátta á vefnum eru ávörp ýmissa forystumanna í þjóðfélaginu og hafa auk dómsmálaráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Jónína Bjartmarz, formaður Heimilis og skóla verið með ávarp á vefnum.

Markmið vefsins er að miðla upplýsingum um vímuvarnamál, m.a. um skaðsemi vímuefna, um baráttumál þeirra sem vinna gegn eiturlyfjum, um forvarnaverkefni og vera vettvangur umræðu. Á vefnum eru fjölmargar tengingar við innlenda og erlenda aðila sem starfa að vímuvarnamálum. Tilgangur vefsins er einnig að auðvelda og hvetja nemendur og starfsfólk skólanna til að afla sér upplýsinga um vímuefnamál og nýta sér efni vefsins í námi og starfi. Verkefnisstjórnin sendir skólum og fleiri stofnunum tölvupóst og bréf reglulega þar sem minnt er á vefslóðina og tilkynnt um nýtt og áhugavert efni. Sérstakur ritstjóri sem starfar í nánu samstarfi við verkefnisstjórn hefur annast uppfærslur og skipulag vefsins.

Á vefnum er að finna niðurstöður könnunarinnar *Ung 97*, efni og skýrslur verkefnisstjórnar og fjölmargt fleira. Sveitarfélög hafa verið hvött til að koma þar á framfæri efni um áhugaverð

forvarnaverkefni og vímuvarnaáætlanir sveitarfélaga. Vefurinn er í stöðugri mótun og verður lögð áhersla á að uppfæra hann enn örar þannig að alltaf sé hægt að ganga að nýjustu upplýsingum um forvarnamál þar vísum.

C. Veggspjald og kort gegn áfengisneyslu unglinga.

Neysla áfengis gerir þig að skotmarki. Útgáfa á kortum og veggspjaldi á vegum áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* sumarið 1998.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um áfengisneyslu unglinga á Íslandi og hætturnar sem þeim fylgja ákvað verkefnisstjórnin að láta útbúa og dreifa veggspjaldi með áróðri gegn áfengisneyslu ungs fólks. Veggspjöldum þar sem m.a. stóð ***Neysla áfengis gerir þig að skotmarki*** var dreift víða. Það var sent forsvarsmönnum félags- og tómstundamála um land allt og m.a. dreift í alla vinnuskúra Vinnuskólans í Reykjavík. Jafnframt voru gefin út og dreift kortum þar sem fram komu nánari ábendingar um skaðsemi áfengisneyslu fyrir börn og unglinga.

D. Auglýsingar um skaðsemi hass.

Ertu með hass á heilanum. Varðveittu minnið – gleymdu hassinu. Auglýsingar á vegum áætluninar *Ísland án eiturlyfja* vorið 1998.

Ungt fólk, og raunar eldra fólk einnig, virðist í auknum mæli telja að ýmis ólögleg fíkniefni séu ekki ýkja skaðleg og benda gjarnan á skaðsemi áfengis til réttlætingar á umburðarlyndum viðhorfum gagnvart ólöglegum efnum. Í fyrstu niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal unglinga í grunnskólum sl. vor undir handleiðslu dr. Þórólfs Þórlindssonar kemur fram að um **60% nemenda** í 10. bekk álíta hass mjög skaðlegt.

Verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* hefur talið brýnt að leita nýrra leiða til að upplýsa ungt fólk með raunsönnum og faglegum hætti um skaðsemi fíkniefna. Í því skyni var leitað eftir samkomulagi við HEA – Health Education Authority í Bretlandi um afnot af auglýsingum sem notaðar hafa verið í baráttunni gegn eiturlyfjaneyslu ungs fólks í Bretlandi. Auglýsingarnar eru liður í stefnu bresku ríkisstjórnarinnar *Tackling Drugs Together*. Átakið beinist að ungu fólki og er lögð áhersla á faglega og upplýsandi fræðslu um skaðsemi eiturlyfja. Kynningarátakið byggist á auglýsingum í blöðum sem unglingar lesa, fjölmiðlakynningu og útgáfu bæklinga. Í tilraunaskyni lét verkefnisstjórnin þýða og staðfæra eina auglýsingu og hefur hún birst með tvennum hætti, annars vegar í blöðum fyrir aldurshópinn 16–20 ára undir slagorðinu ***Ertu með hass á heilanum*** og hins vegar fyrir 13–15 ára undir slagorðinu ***Varðveittu minnið – gleymdu hassinu***. Sú síðarnefnda hefur birst alloft í unglingablaðinu Smelli og víðar.

E. Útgáfa upplýsingabæklingsins Sókn er besta vörnin.

Sókn er besta vörnin. Verkefnisstjórn áætlunarinnar gaf út bæklinginn *Sókn er besta vörnin.* Mál og menning styrkti útgáfu bæklingsins. Útgefinn í mars 1998.

Í kjölfar útgáfu bókarinnar *Ung 97* sem áður hefur verið getið var ákveðið að gefa út bækling með nokkrum staðreyndum um vímuefnaneyslu unglinga í efstu bekkjum grunnskólans. Bæklingurinn er fyrir fullorðna og var dreift víða. Tilgangur útgáfunnar var að vekja foreldra og aðra til vitundar um þann vanda sem vímuefnaneysla er meðal unglinga. Í bæklingnum er einnig yfirlit yfir alla þá aðila sem starfa að vímuvörnum. Bæklingurinn var

m.a. sendur félögum, klúbbum, stofnunum, samtökum og sveitarfélögum, auk þess sem honum var dreift á ráðstefnum verkefnisstjórnar um land allt.

F. Fræðsla fyrir félög og klúbba.

Fyrirlestrar og fræðsla. Framkvæmd annaðist verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* í samvinnu við fag- og áhugafólk á sviði vímuvarna. Hófst í mars 1998.

Lögð hefur verið áhersla á að koma á framfæri upplýsingum um vímuefnamál sem víðast og með því móti efla virka umræðu og fræðslu um málið. Meðal þess sem gert var í því sambandi var skipulögð fræðsla fyrir klúbba og félög. Lions, Rotary og fleiri klúbbum var sent bréf og upplýsingabæklingur um fíkniefnaneyslu barna og unglinga og þeim boðin nánari fræðsla um vímuefnaneyslu unglinga. Fyrirlesari á vegum verkefnisstjórnar mætti á allmarga fundi hjá klúbbum og félögum.

G. Kynning á nýjum forvarna- og meðferðarstefnum.

Nýjungar í forvörnum og meðferð. Verkefnisstjórn í samstarfi við SAF – samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir, FRÆ – Fræðslumiðstöð í fíknivörnum o.fl. Hófst 1998.

Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu um vanda þeirra sem verst eru staddir vegna fíkniefnaneyslu. Tölulegar upplýsingar gefa til kynna aukna fíkniefnaneyslu meðal ungs fólks og að árangur af meðferð og endurhæfingu hafi ekki verið sem skyldi. Bent hefur verið á nauðsyn þess að skapa ný meðferðarúrræði og leita nýrra leiða í meðferð. Sérstaklega hefur verið bent á að veita þurfi ungum neytendum lengri meðferð og ekki fari vel saman að hafa mjög ungt fólk með fullorðnum áfengis- og fíkniefnaneytendum. Í ljósi þessa beitti verkefnisstjórnin sér fyrir því að fá hingað til lands sérfræðinga á sviði meðferðarmála til að kynna nýjar hugmyndir og árangursríkar leiðir á þessu sviði.

Jafnframt stóð verkefnisstjórnin í samvinnu við aðra að kynningu á sænsku forvarnaverkefni og að fundi með bandarískum sérfræðingum um árangursríkar leiðir í forvörnum innan skólans, á heimilum og í frítímanum.

Eftirtaldir erlendir sérfræðingar kynntu nýjar leiðir í forvörnum og meðferð á vegum *Íslands án eiturlyfja:*

- Torgny Petterson, framkvæmdastjóri ECAD og Hassela Nordic Network, kynnti starfsemi Hassela-hreyfingarinnar í Svíþjóð á opnum fundi á Hótel Sögu í febrúar 1998. Um 50 manns mættu á fundinn. Hassela-hreyfingin rekur m.a. þrjú meðferðarheimili í Svíþjóð. Um er að ræða 1–2 ára meðferð fyrir ungt fólk 17–20 ára.
- Andrea Muccioli, forstöðumanni meðferðarsamfélagsins San Patrigano á Ítalíu, var boðið hingað til lands í samstarfi Reykjavíkurborgar og verkefnisstjórnar í mars 1998. Haldinn var fjölmennur fundur, yfir 100 manns, í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem hann kynnti starfsemi San Patrigano og fulltrúar helstu meðferðarstofnana á Íslandi sátu í panel. Andrea Muccioli dvaldi hér í fjóra daga og hitti ráðherra og aðra ráðamenn auk þess sem hann heimsótti stofnanir og meðferðarheimili.
- Anders Wedelin, hverfisstjóri í Stokkhólmi, og Thomas Shelin, fræðslustjóri Hassela-hreyfingarinnar, kynntu nýjungar í forvarnastarfi á opnum fundi í Gerðubergi í maí 1998. Kynnt var verkefnið *Skólavinir* sem hefur reynst mjög árangursríkt forvarnaverkefni í grunnskólum í Svíþjóð. Um 80 manns mættu á fundinn víða af landinu. Fundurinn var haldinn í samvinnu við SAF.

- Dr. Gail Gleason Milgram og dr. Thomas Griffin voru með opinn fund um forvarnamál í Ráðhúsi Reykjavíkur í nóv. 1998. Fundurinn var á vegum verkefnisstjórnar í samvinnu við FRÆ.

III.3. Samstarf við sveitarfélög.

Í upphafi ársins gerðist Samband íslenskra sveitarfélaga formlegur aðili að áætluninni *Ísland án eiturlyfja* og tilnefndi fulltrúa sinn í verkefnisstjórn. Styrkti aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga mjög starf og framkvæmd verkefnisstjórnar. Upplýsingamiðlun og ráðgjöf fyrir sveitarfélög hefur verið snar þáttur í starfsemi verkefnisstjórnar. Föst umfjöllun um vímuvarnamál í *Sveitarstjórnarmál* blaði Sambands íslenskra sveitarfélaga, er til þess fallin að vekja athygli á mikilvægi þess að sveitarfélögin vinni markvisst að málinu og miðli upplýsingum sín á milli.

Margvísleg verkefni hafa verið unnin í samvinnu við sveitarfélögin á árinum og er þar fyrst að nefna ráðstefnuröðina *Við getum betur.*

A. Ráðstefnur um forvarnir í öllum landshlutum.

Við getum betur. Ráðstefnur í öllum landshlutum í samvinnu við sveitarfélög, Landshlutasamtök sveitarfélaga, Heimili og skóla, Tóbaksvarnanefnd, SÁÁ, unglingablaðið Smell o.fl.

Á árinu skipulagði verkefnisstjórnin í samvinnu við fjölmarga aðila um land allt, ráðstefnur um forvarnamál. Á ráðstefnunum var fjallað um áfengis- og fíkniefnaneyslu ungs fólks og náið samstarf haft við þá sem starfa að barna- og unglingamálum í viðkomandi landshluta. Þátttaka á ráðstefnunum var mjög góð, á bilinu 100 til 200 manns sóttu hana á hverjum stað.

Þegar hafa verið ráðstefnur á Vesturlandi, haldin í Stykkishólmi, á norðanverðum Vestfjörðum, haldin á Ísafirði, Norðurlandi eystra, haldin á Húsavík, á Austfjörðum, haldin á Reyðarfirði, og á Norðurlandi vestra, haldin á Sauðárkróki. Ráðstefnurnar hafa oftast verið kynntar undir heitinu *Við getum betur* nema á Sauðárkróki þar sem hún var kynnt undir heitinu *Á réttri leið*. Upphafið að þessari ráðstefnuröð var ráðstefnan *Frá foreldrum til foreldra* sem haldin var á Hótel Sögu í október 1997.

Meginmarkmið ráðstefnu af þessum toga er að efla umræðu um forvarnir um land allt, miðla upplýsingum og þekkingu, hvetja sveitarfélög til frekari aðgerða og virkja samfélagið í heild til aðgerða í forvarnamálum. Nánast fastir liðir á ráðstefnunum hefur verið framsaga dr. Þórólfs Þórlindssonar prófessors um vímuefnaneyslu unglinga og tengsl áhættuhegðunar unglinga við fjölskylduaðstæður, skóla og tómstundir. Á ráðstefnunni á Sauðárkróki fjallaði Einar G. Jónsson sálfræðingur um sambærilegt efni. Landssamtökin Heimili og skóli hafa verið með innlegg og/eða stjórnað málstofum á öllum ráðstefnunum. Kynnt hafa verið áhugaverð forvarnaverkefni á vegum sveitarfélaga eða samtaka og að jafnaði skipulagðar málstofur um slík efni. Framkvæmdastjóri Tóbaksvarnanefndar hefur komið með virkum hætti að framkvæmd þeirra og einnig ritstjóri unglingablaðsins Smells. Á bilinu 40–60 unglingar úr efstu bekkjum grunnskólanna og nemendur úr framhaldsskólum hafa verið virkir þátttakendur og að jafnaði verið skipulagðar málstofur þar sem ungt fólk fjallar um árangursríkar leiðir í vímuvörnum. Þá hafa ráðherrar, alþingismenn og sveitarstjórnarmenn lagt ráðstefnunum lið með þátttöku. Ótaldir eru enn fjölmargir aðilar sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera þessar ráðstefnur áhugaverðar og fræðandi.

B. Forvarna- og heilsubær.

Forvarna- og heilsubær. Samstarfsverkefni verkefnisstjórnar áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja*, vímuvarnanefndar Seltjarnarnesbæjar og stjórnar Heilsueflingar. Hófst vorið 1998.

Verkefnisstjórn hefur ásamt stjórn Heilsueflingar, verkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, komið að undirbúningi og framkvæmd forvarnaáætlunar Seltjarnarnesbæjar. Áætlað var að heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi tæki virkan þátt í verkefninu. Forvarnaáætlun Seltjarnarnesbæjar var kynnt sem framlag til áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja*.

C. Vímuvarnaáætlanir.

Vímuvarnaáætlanir í öllum sveitarfélögum og grunnskólum landsins. Framkvæmd á vegum sveitarstjórna, fræðsluskrifstofa og skóla.

Verkefnisstjórn hefur í samvinnu við félagsmálaráðuneyti sent öllum bæjar- og sveitarstjórnum bréf og hvatt til þess að unnar séu forvarna- eða vímuvarnaáætlanir fyrir öll bæjar- og sveitarfélög. Verkefnisstjórnin hyggst safna áætlunum saman og hafa þær aðgengilegar á vefnum.

Félagsmiðstöðvar ÍTR, Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur, hafa unnið að gerð vímuvarnaáætlana og verða þær aðgengilegar á vefnum. Vímuvarnaáætlanirnar hafa verið kynntar sem framlag til áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja*.

Grunnskólar víða um land hafa unnið að gerð forvarna- eða vímuvarnaáætlana og hafa t.d. flestir grunnskólar í Reykjavík lokið þeirri vinnu.

Framhaldsskólarnir hafa einnig unnið að stefnumörkun í vímuvörnum og hafa margir skólar lokið þeirri vinnu. Stefnumörkunin er liður í forvarnaverkefni menntamálaráðuneytisins í framhaldsskólum sem hófst 1997.

III.4. Samstarf við foreldrasamtök.

Foreldrar gegna lykilhlutverki í forvarnastarfi og því er mikilvægt að leggja rækt við verkefni sem hafa þann tilgang að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Í þeim tilgangi hefur verkefnisstjórnin lagt áherslu á samstarf við samtök foreldra.

A. Útivistarátak.

Átak í útivistarmálum barna og unglinga. Áætlunin *Ísland án eiturlyfja*, Reykjavíkurborg ásamt sveitarfélögum um land allt, forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík, foreldrasamtökin Vímulaus æska og embætti ríkislögreglustjóra höfðu með sér samstarf um átak í útivistarmálum barna og unglinga.

Meginmarkmið átaksins var að styðja og hvetja foreldra til að virða og framfylgja reglum um útivistartíma og voru auglýsingar í fjölmiðlum þungamiðja átaksins. Í Gallup-könnuninni frá 1998 sem nefnd er hér að framan kom m.a. fram að um 90% foreldra segjast virða reglur um útivistartíma barna og unglinga og var sú staðreynd rækilega auglýst. Tilgangurinn var að efla samstöðu foreldra og undirstrika að nánast allir foreldrar eru sammála um að fara að þessum reglum.

Liður í útivistarátakinu var útgáfa á 8000 segulspjöldum með áletruðum reglum um útivistartímann sem framleidd voru m.a. með styrk úr Forvarnasjóði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Segulspjaldið var hannað með það í huga að hægt væri að hafa það á ís-

skáp og var til ráðstöfunar fyrir öll sveitarfélög meðan birgðir entust. Auk þess voru prentuð 500 eintök af veggspjöldum með reglum um útivistartíma og þeim komið fyrir á heilbrigðisstofnunum, sundstöðum og víðar um land allt. Í Reykjavík sendu lögreglustjóri og borgarstjóri foreldrum allra barna sem fædd eru 1984, 1985 og 1986 bréf ásamt segulspjöldunum þar sem foreldrar voru hvattir til að virða og framfylgja reglum um útivistartíma. Viðbrögð við þessu átaki hafa verið mjög góð og er fyrirhugað að halda þessu starfi áfram. Til umræðu er að senda sambærilegar upplýsingar árlega til foreldra allra barna í 7. bekk.

B. Hvatningarátak í fjölmiðlum fyrir verslunarmannahelgi.

Hvatningarátak til stuðnings foreldrum gegn eftirlitslausum ferðum unglinga á útihátíðir og gegn áfengisneyslu unglinga. SAF – samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíkniefnavarnir, í samvinnu við fjölmörg sveitarfélög. Sumarið 1998.

Með sama hætti og sumarið 1997 hafði Reykjavíkurborg í samstarfi við fjölmörg sveitarfélög frumkvæði að hvatningarátaki í fjölmiðlum. Átakið beindist að foreldrum og voru þeir hvattir til að sporna við eftirlitslausum ferðum unglinga á útihátíðir um verslunarmannahelgina. Jafnframt var markviss áróður gegn áfengisneyslu unglinga og brýnt fyrir foreldrum og öðrum að kaupa ekki áfengi fyrir þá. Átakið byggðist m.a. á upplýsingum úr Gallup-könnuninni sem áður er getið. Átakið var liður í áætluninni *Ísland án eiturlyfja* og kom áætlunin með virkum hætti að framkvæmd þess.

C. Auglýsingaskilti í áfengisverslanir.

Átak gegn áfengiskaupum fyrir ungt fólk – auglýsingaskiltum eða sk. talbólum komið fyrir í öllum áfengisverslunum. Samstarfsverkefni verkefnisstjórnar, ÁTVR og Heimilis og skóla. Hófst í desember 1998.

Að frumkvæði verkefnisstjórnar og í samstarfi við ÁTVR og Heimili og skóla voru hannaðar sérstakar auglýsingar/talbólur sem komið var fyrir í áfengisverslunum um land allt. Þar var fólk var hvatt til að „Gera ekki slæm kaup“ og kaupa ekki áfengi fyrir börn og unglinga. Texti talbólanna var þrenns konar:

GERÐU EKKI SLÆM KAUP !
Áfengiskaup fyrir unglinga eru lögbrot!

GERÐU EKKI SLÆM KAUP !
Unglingar vilja skýr skilaboð – kaupum ekki áfengi fyrir þá!

GERÐU EKKI SLÆM KAUP !
Unglingar undir áhrifum eru í hættu!

Fjöldi 15 ára unglinga sem hafa neytt áfengis hefur lítið breyst á síðustu 10 árum. Á sama tíma hefur dregið úr tóbaksreykingum þessa aldurshóps.[1] Skýringar á þessu er m.a. talið vera andvaraleysi almennings gagnvart áfengisneyslu ungs fólks. Í áðurnefndri könnun sem ÍM

[1] Þórólfur Þórlindsson o.fl. (1998) *Vímuefnaneysla ungs fólks – umhverfi og aðstæður.* Rannsóknastofnun uppeldis-og menntamála.

Gallup gerði fyrir verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* o.fl. í júní 1998 meðal einstaklinga 23–54 ára, kemur fram að einungis 57% aðspurðra töldu það mjög alvarlegt að 60% 15 ára unglinga hafa orðið ölvuð en 75% töldu það mjög alvarlegt að 21% 15 ára unglinga reykir daglega. Í sömu könnun var spurt hvort foreldrar hefðu keypt áfengi fyrir börn sín á unglingsaldri, nei svöruðu 88%.

D. Framtak foreldra í forvörnum.

Samstarfshópar foreldra um aðgerðir í fíkniefnamálum. Samstarfsverkefni verkefnisstjórnar, landssamtakana Heimili og skóla og foreldrahóps Vímulausrar æsku. Hófst í febrúar 1998.

Í kjölfar ráðstefnunnar *Frá foreldrum til foreldra* var stofnaður samstarfshópurinn „Foreldrar gegn fíkniefnum“ í byrjun árs 1998. Verkefni hópsins voru aðgerðir gegn duldum auglýsingum á fíkniefnum, aðgerðir gegn áfengisneyslu unglinga við lok samræmdra prófa o.fl. Verkefnisstjórn greiddi laun verkefnisstjóra í þrjá mánuði sem hafði það hlutverk að vinna að áætlunargerð til lengir tíma, leiða starf hópsins og halda utanum framkvæmdir. Tveir hópar eru nú starfandi í kjölfar þessa undirbúnings, annar hópurinn starfar á vegum Heimilis og skóla og hinn á vegum foreldrasamtakanna Vímulausrar æsku.

E. Fyrirmyndarforeldrar.

Verkefnið Fyrirmyndarforeldrar. Framlag Heimilis og skóla til áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja*. Hófst 1997.

Á vegum Heimilis og skóla hefur verið í gangi verkefnið *Fyrirmyndarforeldrar*. Verkefnið hófst haustið 1997 og er því ætlað að leiða og styðja við foreldra í uppeldishlutverkinu. Þar er tekið á ýmsum viðkvæmum málum er varða unglingsárin, útivistartíma, partí, vímuefni, samstöðu foreldra o.fl. Verkefnið er kynnt sem framlag til áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja*.

III.5. Ungt fólk og vímuefni.

Viðhorf til fíkniefna eru háð tískusveiflum og fyrirmyndum. Á undanförnum árum hafa umburðarlynd og frjálslynd viðhorf gagnvart fíkniefnum aukist meðal ungs fólks. Ný fíkniefni sem tengjast ákveðinni tísku ná útbreiðslu og áróður þeirra sem eru að markaðssetja fíkniefni og þeirra sem vilja sem mest frjálsræði í þessum málum nær oft eyrum unglinga. Áróðri um að hass sé ekki skaðlegra en áfengi er víða haldið á loft, í stað þess að undirstrika að bæði áfengi og hass er skaðlegt börnum og unglingum. Samkvæmt rannsóknum og öðrum vísbendingum er ungt fólk hlutfallslega stærstu neytendur á hassi. Í könnun Þórólfs Þórlindssonar o.fl. frá 1998 eru nemendur m.a. spurðir um skoðun sína á skaðsemi hass. Kemur í ljós að 30% nemenda í 10. bekk telja hass ekki skaðlegt. Þetta hljóta að teljast váleg tíðindi og undirstrikar mikilvægi þess að réttum upplýsingum um skaðsemi fíkniefna sé komið á framfæri við börn og unglinga. Hér verður gerð grein fyrir verkefnum sem hafa að markmiði að virkja unglingana til aðgerða gegn fíkniefnum.

A. 20,02 hugmyndir um eiturlyf.

Verkefni á vegum ungs fólks, með stuðningi verkefnisstjórnar. Markmiðið er að virkja ungt fólk til þátttöku í baráttu gegn vímuefnum og nýrra viðhorfa í því sambandi. Samstarf við Hitt húsið, Jafningjafræðslu og önnur samtök ungs fólks, Ríkissjónvarpið og Stöð 2. Styrkt af Eimskip. Hófst 1997, lýkur 1999.

Í samvinnu við Hitt húsið hefur verið unnið að verkefni sem hafði þann tilgang að virkja ólíka hópa ungs fólks í samfélaginu til umræðu og aðgerða gegn fíkniefnum. Öll framkvæmd var í höndum ungs fólks.

Rannsóknir, upplýsingar frá meðferðarstofnunum og vísbendingar úr framhaldsskólum benda til aukinnar neyslu fíkniefna meðal ungs fólks 16–20 ára. Þessi staðreynd er áhyggjuefni og kallar á aðgerðir. Hin síðari ár hefur margt verið gert og leitað hefur verið nýrra leiða til að ná til ungs fólks með fræðslu og upplýsingar um skaðsemi fíkniefna. Hér á landi hefur m.a. starf Jafningjafræðslunnar vakið verðskuldaða athygli og unnið hefur verið að gerð vímuvarnaáætlana innan framhaldsskólanna. Áætlunin *Ísland án eiturlyfja* leitaði ráðgjafar og upplýsinga hjá fjölmörgum aðilum varðandi vænlegar leiðir til árangurs í vímuvörnum fyrir þennan aldurshóp. Niðurstaðan varð sú að leitað var samstarfs við Hitt húsið um framkvæmd verkefnis á þessu sviði. Útkoman varð verkefnið *20,02 hugmyndir um eiturlyf.*

Hugmyndir að verkefninu *20,02 hugmyndir um eiturlyf* komu frá ungu fólki og voru framkvæmdar af því. Markmiðið var að vekja áhuga og hvetja til skoðanaskipta og laða fram hugmyndir ungs fólks um forvarnir og eiturlyf á Íslandi í dag. Við framkvæmdina var gerð tilraun til að fara nýjar leiðir í baráttunni og í stað þess að einblína á hina dökku mynd sem svo oft er dregin upp var leitað í smiðju ungs athafnafólks og reynt að fá jákvæða mynd af því sem ungt fólk tekur sér fyrir hendur í dag. 21 hugmynd eða viðburði var hrundið í framkvæmd. Lögð var áhersla á að þátttakendur í hverju verkefni hefðu svigrúm og frelsi til að þróa sínar eigin hugmyndir og framkvæma þær.

Allir viðburðirnir voru myndaðir og síðan framleidd 21 stuttmynd og þær sýndar í Ríkissjónvarpinu fyrir fréttir á laugardagskvöldum. Sýningar hófust í haust og eru stuttmyndirnar endursýndar 1–2 sinnum í hverri viku. Stöð 2 mun taka myndirnar til sýninga eftir áramót.

Markmiðið með gerð myndanna var m.a. að vekja athygli á heilbrigðum viðfangsefnum ungs fólks og afstöðu og sjónarmiðum þeirra til eiturlyfja. Vonir voru einnig bundnar við að myndirnar yrðu til þess að hvetja til skoðanaskipta og laða fram hugmyndir ungs fólks um forvarnir og eiturlyf á Íslandi í dag. Allir viðburðirnir tengjast þemanu eiturlyf með einum eða öðrum hætti. Dæmi um viðfangsefni stuttmyndanna er:

- Hátíð í Þjóðleikhúskjallaranum þar sem ungir listamenn komu fram.
- Spjarir 2000 – fatahönnunarsýning sjö nemenda í textíldeild MHÍ.
- Listdans ungra stúlkna í Kringlunni.
- Dreifiljóð – ljóð ungrar stúlku gefið út í 300 eintökum og dreift á kaffihús og víðar.
- Úr fókus – sýning á veitingastaðnum Nelly's bar.
- Fimleikar drengja úr Gerplu, sýning í Kringlunni.
- Bakaranemar úr Menntaskólanum í Kópavogi bökuðu brauð og skreyttu undir þemanu eiturlyf.
- Málþingið *Ungt fólk og forvarnir* fór fram í Hinu húsinu.

Fjölmargir aðilar komu að framkvæmd þessara margvíslegu verkefna og ýmsir styrktaraðilar lögðu einstaka verkefni lið. Kostnaður við verkefnið var þó að stærstum hluta greiddur af styrk Eimskips til áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja*. Sjá nánar yfirlit yfir listviðburði í fylgiskjali.

B. Pallas Athena – Thor.

Pallas Athena – Thor. Samstarfsverkefni í Evrópu um lestarferð ungs fólks að íslensku frumkvæði. Undirbúningur hófst árið 1997.

PA-T – Pallas Athena – Thor – er afar metnaðarfullt verkefni ungs fólks. Markmið verkefnisins er að virkja ungt fólk til aðgerða í vímuvörnum og í þeim tilgangi er verið að skipuleggja lestarferð ungs fólks í Evrópu gegn eiturlyfjum. Auk þess er stefnt að ráðstefnu hér á landi um vímuvarnir og stofnun evrópskra samtaka, *Ungt fólk í Evrópu gegn eiturlyfjum*. Hugmyndin er íslensk og hefur verkefninu verið skipuð sérstök verkefnisstjórn.

Verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* hefur stutt aðstandendur Pallas Athena – Thor með margvíslegum hætti, m.a. með kynningu á verkefninu í ræðu og riti erlendis og aðstoðað starfsmenn PA-T við að komast í tengsl við erlenda aðila. Formaður verkefnisstjórnar PA-T kynnti verkefnið ásamt verkefnisstjóra áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* á stjórnarfundi ECAD í Lugano sl. vor. Var þar samþykkt að styðja PA-T með markvissum hætti. Framkvæmdastjórn ECAD hefur m.a. skrifað öllum aðildarborgum og hvatt þær til þátttöku í verkefninu. Verkefnisstjóri áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* situr í stjórn PA-T.

C. Forvarnasíða í unglingablaðinu Smelli.

***Ísland án eiturlyfja* með fasta síðu í unglingablaðinu Smelli.** Samstarfsverkefni ritstjórnar Smells og *Íslands án eiturlyfja*. Hófst vorið 1998.

Opna í unglingablaðinu Smelli ber nafn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* og er þar fjallað um málefni sem hafa skírskotun til vímuvarnamála. Lögð er áhersla á viðtöl við unglinga um vímuvarnir, frásagnir ungs fólks sem lent hefur í vanda vegna fíkniefna og rætt við unglinga sem tekið hafa skýra afstöðu gegn fíkniefnum. Efnið er margvíslegt og lögð áhersla á efnistök sem talin eru geta haft áhrif á ungt fólk og fyrirbyggt neyslu á fíkniefnum. Auglýsingar verkefnisstjórnar *Varðveittu minnið — gleymdu hassinu* hafa einnig verið fastur liður í blaðinu.

III.6. Stofnanir og félög.

Starf áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* grundvallast á nánu og öflugu samstarfi við stofnanir, félög og samtök. Skólarnir gegna lykilhlutverki í vímuvörnum og að foreldrum frátöldum eru kennarar og aðrir starfsmenn skólans í mikilvægu hlutverki. Þekking og skýr stefna í vímuvörnum þarf að vera til staðar hjá kennurum, tómstundafulltrúum, meðferðarfulltrúum, þjálfurum og öðum sem starfa með börnum og unglingum. Á árinu 1998 kom verkefnisstjórnin að eftirtöldum verkefnum í þessu sambandi:

A. Skólavinir *– forvarnir í grunnskólum.*

***Skólavinir* tilraunaverkefni** á vegum Reykjavíkurborgar í tveim grunnskólum. Kynnt sem liður í áætluninni *Ísland án eiturlyfja*. Hófst haustið 1998.

Skólavinir er tilraunaverkefni í tveimur grunnskólum í Reykjavík, Austurbæjarskóla og Árbæjarskóla. Skólarnir hafa nána samvinnu um verkefnið við félagsmiðstöðvarnar Tónabæ og Ársel. Verkefnið er kynnt sem liður í áætluninni *Ísland án eiturlyfja* og var því upphaflega hrundið í framkvæmd af vímuvarnanefnd Reykjavíkur og er nú m.a. styrkt af SAF – samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíkniefnavarnir. Verkefninu er stýrt af sérstakri verkefnisstjórn undir forystu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Verður árangur þess

metinn af óháðum aðila og niðurstöður matsins látnar ráða um áframhaldandi starf af þessum toga.

Markmið verkefnisins er að draga úr einelti, ofbeldi, vímuefnaneyslu, skrópi og slæmri mætingu nemenda. Ráðnir hafa verið tveir starfsmenn á aldrinum 20–25 ára, svokallaðir skólavinir, við hvorn skóla og er þeim ætlað að aðstoða nemendur í efri bekkjum, bæði innan og utan skóla. Þeim er ætlað að vera með nemendum í frímínútum, í tímum og víðar og bregðast við atvikum sem stuðlað geta að árekstrum og ofangreindum vandamálum hjá nemendum. Aðrir starfsmenn skólanna og félagsmiðstöðvanna fá markvissa fræðslu um verkefnið og skólavinirnir hafa sérstaka leiðbeinendur meðal kennara. Utanaðkomandi starfsmenn sem hafa sótt sérstaka þjálfun m.a. til Sviþjóðar annast fræðslu fyrir skólavinina, kennara og foreldra. Thomas Schelin, fræðslustjóri Hassela-hreyfingarinnar, er ráðgjafi við tilraunaverkefnið og kemur til landsins tvisvar á ári þau tvö ár sem það stendur yfir.

Verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* hefur beitt sér fyrir kynningu á verkefninu í skólum úti á landi, bæði með því að senda áhugasömum gögn og upplýsingar og með því að miðla upplýsingum um verkefnið á vefsíðum áætlunarinnar.

B. Samráð við aðila sem starfa að vímuvörnum.

Samráð við aðila sem starfa að vímuvörnum. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar og að frumkvæði Jafningjafræðslunnar og verkefnisstjórnar *Íslands án eiturlyfja*. Hófst 1998.

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá mars 1998 var að frumkvæði *Íslands án eiturlyfja* og Jafningjafræðslunnar var um 15 aðilum sem starfa að vímuvörnum og aðsetur hafa í Reykjavík boðið til samráðsfundar í Hinu húsinu í des. 1998. Þessir aðilar eru: Áfengis- og vímuvarnaráð ríkisins, *Ísland án eiturlyfja*, Jafningjafræðslan, forvarnadeild SÁÁ, Vímulaus æska, landssamtökin Heimili og skóli, FRÆ – fræðslumiðstöð í fíkniefnavörnum, forvarnadeild Lögreglunnar í Reykjavík, Rauðakross húsið, ÍUT – íslenskir ungtemplarar, SAMFOK, forvarnasvið Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar, SAF – samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir, ÍTR – íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur, miðbæjarstarf þjóðkirkjunnar, Tóbaksvarnanefnd og fræðsludeild Krabbameinsfélags Íslands.

Tilgangur fundarins var að efla samvinnu, upplýsingamiðlun og samræma aðgerðir á þessu sviði. Mikill áhugi var á að þróa þetta starf áfram. Áætlað er að Áfengis- og vímuvarnaráð annist umsjón með samstarfinu til framtíðar.

C. Forvarnaverkefni í grunnskóla.

Forvarnir í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði. Samstarfsverkefni Hvaleyrarskóla, ritstjóra unglingablaðsins Smells, verkefnisstjórnar og Jafningjafræðslunnar. Hófst vorið 1998.

Í samvinnu við skólastjóra Hvaleyrarskóla, forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar í hverfinu, ritstjóra unglingablaðsins Smells og Jafningjafræðsluna kom verkefnisstjórn að undirbúningi forvarnaverkefnis í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði. Verkefnið fólst m.a. í því að nemendur í 10. bekk önnuðust fræðslu fyrir yngri bekkjardeildir um skaðsemi fíkniefna. Með aðstoð og undir handleiðslu Jafningjafræðslunnar önnuðust fimm nemendur í 10. bekk fræðsluna. Fóru þeir á milli bekkja og ræddu við nemendur. Reynslan af verkefninu var talin góð og var sérstök umfjöllun um það í Smelli.

D. Körfuboltadómarafélagið.

Áletrunin *Ísland án eiturlyfja* á baki búninga dómara í Körfuboltadómarafélaginu. Samstarf verkefnisstjórnar og Körfuboltadómarafélagsins. Hófst 1997.

Í september 1997 var undirritaður samningur við Körfuboltadómarafélag Íslands um að áletrunin *Ísland án eiturlyfja* sé á baki búningum þeirra. Samningurinn gildir til haustsins 1999.

E. ÍUT – æskulýðssamtök.

Hugmyndasamkeppni – *góð ráð til jafnaldra gegn áfengisneyslu.* Framkvæmt af ÍUT – æskulýðssamtökum og kynnt sem framlag til áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja.* Hófst haustið 1998.

Haustið 1998 efndu ÍUT – æskulýðssamtök til hugmyndasamkeppni meðal nemenda í 8. bekkjum allra grunnskóla landsins. Verkefnið var alfarið unnið og undirbúið af ÍUT en kynnt sem framlag til áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja.* Nemendur fengu sendar upplýsingar tengdar vímuefnaneyslu ungs fólks og út frá þeim unnu þeir hugmyndir að góðum ráðum til jafnaldra sinna um það hvernig maður fær einhvern, sem er að velta fyrir sér að taka fyrsta sopann, til að hætta við eða fresta því um sinn. Þátttaka var mjög góð en alls bárust um 2000 tillögur frá rúmlega 1000 nemendum. Dómnefnd mun fara yfir allar innsendar tillögur og velja úr þeim fimm bestu hugmyndirnar og láta prenta þær á veggspjald, sem dreift verður í alla grunnskóla og á fleiri staði sem ungt fólk sækir.

F. Samstarf við útgáfufélag Æskunnar.

Samstarf við útgáfufélag Æskunnar. Samstarfsverkefni Æskunnar og *Íslands án eiturlyfja.* Hófst vorið 1998.

Forsvarsmenn útgáfufélagsins Æskunnar og verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* gerðu með sér samkomulag um samstarf á árinu 1998. Samstarfið fólst m.a. í reglulegri umfjöllun í unglingablaðinu Smelli undir nafni *Íslands án eiturlyfja* um áleitin málefni er varða ungt fólk og neyslu vímuefna. Í samkomulaginu fólst einnig að verkefnisstjórn ábyrgðist fastar heilsíðuauglýsingar í blaðinu. Af því tilefni m.a. lét verkefnisstjórn útbúa auglýsingu um skaðsemi hass undir fyrirsögninni: *Varðveittu minnið – gleymdu hassinu.*

Ritstjórn Smells og verkefnisstjórn hafa átt gott samstarf á árinu og unnið að undirbúningi og framkvæmd ýmissa verkefna. Má nefna undirbúning sjónvarpsþátta fyrir unglinga. Ekki náðist samkomulag við sjónvarpið um framleiðslu á þáttunum á síðasta ári. Forvarnaverkefnið í Hvaleyrarskóli í Hafnarfirði og þátttaka í ráðstefnunum *Við getum betur* eru dæmi um samstarfsverkefni.

G. Náms- og kynnisferðir á Hassela-meðferðarheimilið.

Ný meðferðarúrræði. Samstarf Barnaverndarstofu, verkefnisstjórnar og Hassela um kynningu á nýjum meðferðarleiðum fyrir starfsmenn Barnaverndarstofu. Sumarið 1998.

Verkefnisstjórn hafði milligöngu um að koma á samstarfi Barnaverndarstofu og Hassela-meðferðarheimilisins í Svíþjóð. Verkefnisstjóri áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* og

forstjóri og deildarstjóri Barnaverndarstofu fóru í kynnisferð til Hassela sumarið 1998. Í kjölfarið fóru á annan tug starfsmanna meðferðarheimila Barnaverndarstofu í náms- og kynnisferðir þangað.

IV. Drög að framkvæmdaáætlun ársins 1999.

Í þessum kafla verður farið yfir helstu verkefni sem verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* áformar að hrinda í framkvæmd á árinu 1999. Umfang ræðst af fjármögnun og samstarfsaðilum.

1. Sveitarfélög hvött til framkvæmda.

Unnið verður áfram á árinu 1999 að því að hvetja og styðja sveitarfélögin til aðgerða á sviði vímuvarna. Meðal verkefna sem unnið verður að í því sambandi eru:

- **Vímuvarnaáætlanir:** Sveitarfélög verða hvött til framkvæmda á sviði forvarna og áfram verður safnað upplýsingum um forvarna- og vímuvarnaáætlanir sveitarfélaga. Verður lögð áhersla á að kynna vímuvarnaáætlanir og forvarnaverkefni sveitarfélaga bæði á vefsíðum áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja*, í blaði Sambands íslenskra sveitarfélaga og víðar.
- **Kortlagning:** Sérhæfð þjónusta á sviði vímuvarna sem sveitarfélög geta nýtt sér verður kortlögð. Þarna er m.a. átt við ráðgjafar- og meðferðarþjónustu, árangursrík forvarnaverkefni o.fl. Verkefnisstjórn mun beita sér fyrir útgáfu bæklings með þessum upplýsingum.
- **Ráðstefnur:** Ráðstefnuröðinni *Við getum betur* sem haldin var í flestum landshlutum á sl. ári verði lokið.
- **Málþing:** Haldið verði málþing með lykilaðilum úr kjördæmum sem tekið hafa þátt í framkvæmd ráðstefnanna *Við getum betur*. Á málþinginu verði m.a. fjallað um fyrirkomulag samstarfs milli sveitarfélaga, upplýsingamiðlun, árangursrík verkefni og nýjar áherslur.
- **Sveitarstjórnamál:** Tryggja áframhaldandi umræðu og umfjöllun um vímuvarnir í blaði Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- **Útivistar- og hvatningarátak:** Fyrirhugað er að halda áfram áróðri fyrir útivistartíma. Áætlar forvarnadeild Lögreglunnar í Reykjavík, Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög að senda foreldrum allra barna í 7. bekk bréf ásamt upplýsingum um útivistartíma barna og unglinga. Stefnt verður að því að halda áfram, í samvinnu við sveitarfélög, að styðja foreldra gegn áfengisneyslu unglinga og eftirlitslausum ferðum þeirra á útihátíðir.

2. Samstarf við foreldrasamtök.

Þátttaka foreldrasamtaka er grundvallaratriði í forvörnum. Verkefnisstjórnin leggur mikla áherslu á að virkja foreldra til aukinna afskipta af áfengisneyslu barna og unglinga. Flest verkefni sem verkefnisstjórnin beitir sér fyrir hafa beinst að foreldrum með einum eða öðrum hætti.

- **Ráðgjafarhópur foreldra – jafningjafræðsla foreldra.** Unnið verði áfram í samvinnu við foreldra hjá Heimili og skóla, Vímulausri æsku og aðra að markvissum aðgerðum og úrræðum í forvarnamálum.
- **Málþing** verði haldið um árangursríkt starf foreldra á sviði forvarna. Kynnt verði verkefni sem foreldrar hafa beitt sér fyrir. Dæmi um verkefni er foreldraröltið, fyrirmyndarforeldrar, verkefnið Tilvera sem er starf mæðra í Grundarfirði o.fl.

3. Heilsuefling og heilsugæslustöðvar.

Mikið hefur verið rætt og ritað um nauðsyn þess að heilsugæslustöðvar stundi virkara forvarnastarf og ýmislegt hefur verið gert í því sambandi. Hér eru lagðar til frekari aðgerðir í því sambandi og þá fyrst og fremst á sviði vímuvarna. Leitað verði samvinnu við Áfengis- og vímuvarnaráð og fleiri við framkvæmd þessara verkefna:

- **Fræðsluátak fyrir starfsmenn heilsugæslustöðva.** Skipulagt verði í samvinnu við rannsóknaraðila og starfsfólk heilsugæslunnar fræðsluefni um fíkniefnaneyslu ungs fólks og úrræði í því sambandi. Haldnir verði fræðslufundir fyrir starfsfólk heilsugæslustöðva þ.m.t. skólahjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum um land allt. Sótt verði um styrk til forvarnasjóðs til að fjármagna þetta verkefni.
- **Fíkniefnavarnir á heilsugæslustöðvum.** Ráðist verður í sérstakt tilraunaverkefni í tveim til þrem heilsugæslustöðvum. Verkefnið felst í því að viðkomandi heilsugæslustöðvum verður gert kleift að veita sérhæfða ráðgjöf varðandi fíkniefnavandann og skipuleggja í samstarfi við fleiri forvarnastarf á því sviði. Við undirbúning verkefnisins verði haft samráð við foreldrasamtök, Tóbaksvarnanefnd og fleiri aðila.

4. Rannsóknir.

Undirstaða áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* byggist á að hægt sé að meta árangur af aðgerðum og verkefnum, auk þess sem brýnt er að til séu aðgengilegar og samanburðarhæfar upplýsingar um fíkniefnaneyslu í landinu. Verkefnisstjórnin mun leggja áhersla á framkvæmd eftirtalinna kannana á árinu:

- Útgáfa skýrslu með niðurstöðum um vímuefnaneyslu grunnskólanema 1998. Skýrslan verður m.a. send öllum sveitarfélögum.
- Könnun á neyslu vímuefna meðal ungs fólks á aldrinum 16–20 ára.
- Safna saman upplýsingum um fjölda virkra fíkniefnaneytenda.
- Gerð ESPAD-könnunar.

5. Aðgerðir gegn áfengisneyslu unglinga.

Grundvallaratriði í vímuefnavörnum er að draga úr áfengisneyslu unglinga. Mikilvægt er að leita nýrra leiða í því sambandi.

- **Nei, ekki strax.** Leitað verði samstarfs við Samfés – samtök félagsmiðstöðva – um aðgerðir gegn áfengisneyslu ungs fólks. Lögð verði áhersla á að vinna að beinskeyttum áróðri og leita hugmynda unglinga í því sambandi. Verkefnisstjórn mun leggja áherslu á að koma á framfæri skoðunum og hugmyndum unglinga sem valið hafa að segja: *Nei, ekki strax* við boði um áfengi. Hugmyndir eru um veggspjöld, kort og auglýsingar í fjölmiðlum.

6. Kynning á skaðsemi eiturlyfja.

Niðurstöður kannana og aðrar upplýsingar benda til þess að allstór hópur ungs fólks telji að fíkniefni, t.d. hass, sé ekki mjög skaðlegt. Í könnun meðal grunnskólanema vorið 1998 kemur fram að tæp 30% drengja í 10. bekk telja hass **ekki** mjög skaðlegt og 25% drengja í 8. bekk telja sniffefni **ekki** mjög skaðleg. Þessi staðreynd undirstrikar mikilvægi þess að koma á framfæri vönduðum og réttum upplýsingum um skaðsemi allra vímuefna fyrir börn og unglinga. Leitað verður eftir samvinnu við Áfengis- og vímuvarnaráð við framkvæmd þessa verkefnis:

- **Kynningarátak:** Skipaður verður vinnuhópur fagfólks til að undirbúa og skipuleggja átak til kynningar á skaðsemi áfengis og annarra fíkniefna fyrir börn og unglinga. Lögð

verður m.a. áhersla á vandaða og faglega umfjöllun í fjölmiðlum sem tengist auglýsingaátaki um málið. Leitað til erlendra sérfræðinga um upplýsinga- og fræðsluefni sem skilað hefur árangri í þessu sambandi.

7. Vímuefnavarnir fyrir 16–18 ára.

Áherslur í vímuvörnum hafa að mestu beinst að börnum og unglingum á grunnskólaaldri. Með hækkun sjálfræðisaldurs og með tilliti til þeirra upplýsinga sem til eru um neyslu vímuefna meðal unglinga á framhaldsskólaaldri er mikilvægt að efla fræðslu og annað forvarnastarf meðal aldurshópsins 16–20 ára. Í þessu sambandi mun áætlunin *Ísland án eiturlyfja* beita sér fyrir eftirfarandi:

- **Vímuvarnir fyrir ungt fólk 16–20 ára:** Skipaður verður starfshópur með þátttöku fulltrúa Félags framhaldsskólanema, Æskulýðssambands Íslands, Jafningjafræðslunnar, fulltrúa sveitarfélaga, fulltrúa starfsmanna framhaldsskólanna, foreldrasamtaka, verkefnisstjórnar *Íslands án eiturlyfja* o.fl. Starfshópnum verði m.a. falið að afla upplýsinga um stöðu mála, árangursrík forvarnaverkefni og vinna að tillögum um aðgerðir sem hafa að markmiði að draga úr vímuefnaneyslu þessa aldurshóps. Starfshópurinn verði ráðgefandi við framkvæmd verkefna. Verkefnisstjórn *Íslands án eiturlyfja* styðji m.a. við framkvæmdina með greiðslu launa starfsmanns, tímabundið, til aðstoðar starfshópnum ef þörf er talin á.

8. Vímuefnalaus grunnskóli.

Unnið verði áfram að áætluninni *Vímuefnalaus grunnskóli*. Lögð verði áhersla á eftirfarandi:

- **Vímuvarnaáætlanir:** Skólar um land allt verða hvattir til að vinna að gerð vímuvarnaáætlana. Lögð verður áhersla á að safna saman öllum áætlunum og verkefnum sem tengjast framkvæmd þeirra og koma þeim fyrir á vefnum.
- **Viðurkenning:** Fíkniefnalausum (tóbaks-, áfengis- og eiturlyfjalausum) bekkjum í þremur efstu árgöngum grunnskólans verður veitt sérstök viðurkenning og framlagt þeirra kynnt í fjölmiðlum. Samstarf við skóla, Tóbaksvarnanefnd, Áfengis- og vímuvarnaráð og Heimili og skóla.
- **Skólavinir:** Kynna tilraunastarf Austurbæjar- og Árbæjarskóla og hvetja fleiri skóla til að hefja slíka starfsemi.

9. Virkja frjáls félagasamtök til aðgerða í vímuvörnum.

Frjáls félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki í mótun æskunnar og því er mikilvægt að þau móti sér skýra og afdráttarlausa stefnu í vímuvörnum. Í þessu sambandi mun verkefnisstjórnin beita sér fyrir eftirfarandi:

- **Vímuvarnaáætlanir frjálsra félaga:** Forsvarsmönnum allra æskulýðsfélaga á landinu verði skrifað bréf og þeir hvattir til að vinna að gerð vímuvarnaáætlana fyrir starf viðkomandi félags.
- **Málþing fulltrúa æskulýðsfélaga:** Haustið 1999 verði haldið málþing með fulltrúum allra stærri æskulýðsfélaga á landinu þar sem niðurstöður rannsókna verða kynntar og fjallað um vímuvarnaáætlanir félaga og starf á sviði forvarna. Leitað verði eftir samvinnu við æskulýðsfulltrúa ríkisins um samvinnu um þessar framkvæmdir.

10. Virkja almenning til þátttöku í vímuvörnum.

Undirstaðan í öllu starfi áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* er að virkja almenning til virkrar þátttöku og aðgerða í vímuefnavörnum. Lögð verði áhersla á eftirtalin verkefni í því sambandi:

- **Hugmyndasamkeppni:** Auglýst verður eftir hugmyndum að verkefnum til að draga úr áfengisneyslu barna og unglinga á Íslandi. Höfundum þeirra hugmynda sem valdar verða úr til framkvæmda verður veitt viðurkenning. Samstarf við framkvæmd þessa verkefnis við Eimskip.
- **Auglýsingaátak:** Líkt og á liðnum árum verði stuðlað að auglýsingaátaki fyrir verslunarmannahelgi, í samstarfi við sveitarfélög, þar sem foreldrar verða hvattir til að senda börn ekki ein og eftirlitslaus á útihátíðir.
- **Föst greinaskrif:** Skipuleggja greinaskrif í fjölmiðla um vímuvarnastarf með jákvæðum formerkjum. Mikilvægt að gefa almenningi von um að unnt sé að vinna gegn vaxandi vímuefnaneyslu ungs fólks.

11. Ungt fólk gegn fíkniefnum.

Mikilvægt er að virkja ungt fólk til aðgerða gegn fíkniefnum. Lögð verður áhersla á eftirfarandi:

- **Ung og öflug – gegn fíkniefnum:** Skipuleggja menningarsamkomu í samráði við félög ungs fólks, starfshóp um samstarf milli ungra og aldraðra o.fl.
- **Hassela-leikhópurinn:** Vinna að því að fá Hassela-leikhópinn til Íslands. Kanna möguleika á ungmennaskiptum á vegum Ung í Evrópu. Athuga möguleika á að tengja atburðinn Reykjavík menningarborg Evrópu 2000.
- **Pallas Athena – Thor:** Áætlunin *Ísland án eiturlyfja* styður og starfar að undirbúningi verkefnisins PA-T, Pallas Athena – Thor.
- **Málþing æskulýðssamtaka:** Skipuleggja í samstarfi við æskulýðsfulltrúa ríkisins málþing æskulýðssamtaka. Á málþinginu verður starfsemi *Íslands án eiturlyfja* og hinna mismunandi æskulýðssamtaka á sviði forvarna kynnt, auk þess sem fjallað verður um niðurstöður nýjustu rannsókna á fíkniefnaneyslu ungs fólks.
- **20,02 hugmyndir um eiturlyf:** Áframhaldandi sýningar á sjónvarpsstöðvum á stuttmyndunum *20,02 hugmyndir um eiturlyf.*

12. Toll- og löggæsla.

Á árinu 1998 var skipuð sérstök samstarfsnefnd toll- og löggæslu. Nefndinni er ætlað að skila niðurstöðum á vormánuðum 1999 og munu þær verða leiðarvísir um aðgerðir toll- og löggæslu á þessu sviði.

Verkefnisstjórn *Íslands án eiturlyfja* mun hvetja til þess að safnað verði saman upplýsingum frá landinu öllu um fíkniefnabrot og brot sem rekja má til fíkniefnaneyslu. Nánar er átt við að innbrot, þjófnaði, umferðarlagabrot o.fl. sem rekja má til þess að viðkomandi sé undir áhrifum fíkniefna eða hafi framið brotið til að fjármagna fíkniefnaneyslu. Skýrsla með þessum upplýsingum væri um margt gagnleg, t.d. sem viðmiðun um markmiðasetningu og árangursmat aðgerða.

13. Kynningar- og upplýsingastarf.

Lögð verður áhersla á eftirfarandi verkefni á sviði kynningar- og upplýsingastarfs:

- **http//www.islandaneiturlyfja.is:** Tilgangur vefsins er að miðla upplýsingum um baráttumál þeirra sem vinna gegn eiturlyfjum og að kynna forvarnaverkefni. Á síðunni eru

tengingar við innlenda og erlenda aðila sem starfa að forvörnum og verður stefnt að því að fjölga þeim á árinu. Efni heimasíðunnar hefur verið uppfært reglulega en fyrirhugað að gera það örar þannig að hægt sé að ganga að nýjustu upplýsingum um forvarnamál þar vísum. Ætlunin er að safna vímuvarnaáætlunum sveitarfélaga og skóla inn á síðuna svo og öðrum forvarnaverkefnum sem unnin eru um allt land. Á árinu 1999 er áætlað að setja inn á vefinn síðu sem ætluð er ungu fólki, tekur mið af áhugamálum þeirra og útfærð og unnin í samvinnu við það. Markmiðið er að gera vefsíðuna aðgengilegri og fýsilegri fyrir unglinga.

- **Unglingablaðið Smellur.** Unnið verður áfram að samstarfsverkefnum sbr kafla 6.6 í Ársskýrslu *Íslands án eiturlyfja* 1998.
- **Fréttapunktar** áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* verða gefnir út og lögð áhersla á að auka dreifingu þeirra og miðla upplýsingum um það sem aðrir eru að fást við á sviði forvarna.

14. Aldraðir og forvarnir í þágu ungs fólks.

Í framkvæmdaáætlun verkefnisstjórnar til fimm ára er lögð áhersla á að virkja sem flesta í þjóðfélaginu til þátttöku í vímuvörnum. Í þeim tilgangi verður leitað samstarfs við framkvæmdastjórn um ár aldraðra og samtök aldraðra um aðgerðir í forvörnum fyrir ungt fólk.

- **Auglýsingar og veggspjöld:** Láta útbúa auglýsingar og veggspjöld þar sem afar og ömmur leiðbeina börnum og unglingum. Nota fyrirmynd af auglýsingum frá Bandaríkjunum.
- **Fræðslufundir:** Í kjölfar ofangreinds verði skipulagðir fræðslufundir í félagsmiðstöðvum aldraðra. Þar yrðu kynntar niðurstöður rannsókna og málefni ungs fólks á Íslandi yrðu til umfjöllunar.
- **Samstarf kynslóða:** Samvinna milli ungra og aldinna um sameiginleg verkefni. Samstarf við samtök aldraðra, framkvæmdastjórn um ár aldraðra, útvarpsstöðvar o.fl.
- **Framkvæmdahópur:** Áhugahópur aldraðra, lögreglu, Jafningjafræðslunnar og *Íslands án eiturlyfja* kæmi að framkvæmd, fjáröflun og fleira varðandi framkvæmd ofangreinds.

15. Fræðsla á vinnustöðum.

Verkefnisstjórn áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* skipuleggi fræðslu- og kynningarátak á vinnustöðum. Kynntar verði nýjustu niðurstöður um vímuefnaneyslu barna og unglinga, og áhættuþættir í því sambandi. Fræðslan byggist á niðurstöðum rannsókna dr. Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og dr. Þórólfs Þórlindssonar en þau hafa stundað aðskildar rannsóknir á þessu sviði. Bæði leggja áherslu á að fullorðnir, fjölskyldan, skólinn og vinnustaðir axli aukna ábyrgð á þessu sviði. Kynningarátakið hefjist hjá Eimskip og verði styrk fyrirtækisins að hluta varið til þessa starfs. Áætlaður kostnaður miðað við 10–12 fyrirlestra er um hálf r[illegible]n.

VERKEFNI UNDIR MERKI ÁÆTLUNARINNAR *ÍSLAND ÁN EITURLYFJA* Á ÁRUNUM 1997 og 1998

VIRKJA ÞJÓÐFÉLAGIÐ Í HEILD Í BARÁTTUNNI GEGN VÍMUEFNUM

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Vímulaus grunnskóli	Reykjavíkurborg, félagsmála-ráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og Reykjavíkurdeild RKÍ	Fræðslumiðstöð í fiknivörnum (FRÆ)	Vor 1997 - haust 1998
Könnun á viðhorfum foreldra	*Ísland án eiturlyfja,* Vímuvarnanefnd Reykjavíkur og Tóbaksvarnanefnd	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og ÍM Gallup	Sumar 1997
Hvatningarátak - Foreldrar hafa forræðið	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur Akureyrarbær, Starfsmannafélög ríkisins og Reykjavíkurborgar	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur	Sumar 1997
Sérblað um vímuvarnamál með Morgunblaðinu 13.09.97	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur *Ísland án eiturlyfja* og fjölmargir styrktaraðila	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur	Sumar 1997
20,02 hugmyndir um eiturlyf	*Ísland án eiturlyfja*, Hitt húsið og Jafningjafræðslan	Hitt húsið	Vetur 1997 - 1998
Merkið *Ísland án eiturlyfja 2002* á baki dómarabúninga	Körfuboltadómarafélagið og *Ísland án eiturlyfja*	Körfuboltadómarar	Haust 1997 - haust 1999
Fræðsla fyrir þjálfar og foreldra	Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) SÁÁ og Vímuvarnanefnd Reykjavíkur	ÍBR og SÁÁ	1997 og 1998

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Vígorðasamkeppni	RÚV-Rás 2 og *Ísland án eiturlyfja*	RÚV- Rás 2	Sumar 1997
Fjárstuðningur til verkefna	Eimskip og *Ísland án eiturlyfja*	Eimskip	3 ár - 1997- 2000
Fjárstuðningur vegna auglýsinga á strætisvagna	Starfsmannafélög Reykjavíkur og ríkisins	Starfsmannafélög Reykjavíkur og ríkisins og Vímuvarnanefnd	Sumar 1997
Fréttapunktar verkefnisstjórnar	*Ísland án eiturlyfja*	*Ísland án eiturlyfja*	1997-2002
Könnun á viðhorfum foreldra	*Ísland án eiturlyfja,* Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir	ÍM Gallup	Sumar 1998
Hvatningarátak í fjölmiðlum fyrir verslunarmannahelgi	*Ísland án eiturlyfja,* SAF-Samstarfsnefnd Reykjavíkur-borgar um afbrota- og fíkniefnavarnir, fjölmörg sveitarfélög	SAF og *Ísland án eiturlyfja.*	Sumar 1998
Útivistarátak	*Ísland án eiturlyfja,* SAF, fjölmörg sveitarfélög, Vímulaus æska, forvarnardeild Lögreglunnar í Reykjavík og embætti Ríkislögreglustjóra	Starfshópur samstarfsaðila	Haust 1998
Auglýsingaskilti í verslanir ÁTVR	*Ísland án eiturlyfja,* Heimili og skóli, ÁTVR	*Ísland án eiturlyfja*	Hófst í desember 1998
Ung 97 Útgáfa bókar með niðurstöðum könnunarinnar Ung '97 um fíkniefnaneyslu unglinga	RUM, *Ísland án eiturlyfja,* Tóbaksvarnanefnd með stuðningi Eimskips og forvarnasjóðs.	RUM	Útgefin í janúar/febrúar 1998

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Vímuefnakönnun	*Ísland án eiturlyfja*, dr. Þórólfur Þórlindsson	*Ísland án eiturlyfja* dr. Þórólfur Þórlindsson	Mars 1998
Pallas Athena/Thor	Evrópskt samstarfsverkefni að íslensku frumkvæði	Verkefnisstjórn Pallas Athena/Thor þar sem fulltrúi *Íslands án eiturlyfja* á sæti meðal annarra.	Formlegur undirbúningur hófst 1998.
Hugmyndasamkeppni í grunnskólum. Kynnt sem framlag til *Íslands án eiturlyfja*	Íslenskir ungtemplarar	Íslenskir ungtemplarar	Hófst haust 1998
20,02 hugmyndir um eiturlyf Ungt fólk gegn vímuefnum	*Ísland án eiturlyfja* og Hitt húsið	Hitt húsið	Sýningar í sjónvarpi 1998-1999
Föst síða í Unglingablaðinu Smelli	Ritstjórn Smells og *Ísland án eiturlyfja*	Ritstjóri Smells og *Ísland án eiturlyfja*	Hófst vor 1998
Fréttapunktar, 3 tbl. útgefin	*Ísland án eiturlyfja*	*Ísland án eiturlyfja*	1998

FORVARNIR OG FRÆÐSLA

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Vímuvarnaskólinn	Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ), Rauði kross Íslands (RKÍ) og SÁÁ með stuðningi Menntamálaráðuneytisins	FRÆ, SÁÁ og RKÍ	Hófst haustið 1997
Grafarvogur í góðum málum.	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur Miðgarður, SÁÁ og fjölmargir aðilar sem vinna að forvarna-málum í Grafarvogi	Miðgarður fjölskylduþjónustu Grafarvogs og forvarnadeild SÁÁ	Hófst vorið 1997

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Fræðsla um vímuvarnir fyrir nemendur og starfsmenn Vinnuskóla Reykjavíkur	Vinnuskóli Reykjavíkur Jafningjafræðslan og forvarnadeild SÁÁ	Stjórn Vinnuskóla Reykjavíkur	Hófst sumarið 1997
Forvarnastarf í skólum, stefnumörkun o.fl.	Menntamálaráðuneytið - starfshópur á þess vegum	FRÆ	Undirbúningur hófst vorið 1997
Stuðningsstarf - Jafningjafræðsla í grunnskólum	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur	Fræðslumiðstöð	Undirbúningur hófst haustið 1997
Samstarf við tóbaksvarnanefnd - ýmis verkefni og aðgerðir	*Ísland án eiturlyfja* og Tóbaksvarnanefnd	*Ísland án eiturlyfja* og Tóbaksvarnanefnd	Hófst 1997
Heilsuefling - Heilsubæir	Heilsuefling, verkefni heilbrigðisráðuneytis og *Íslands án eiturlyfja*	Starfshópur samstarfsaðila	Undirbúningur hófst í nóv. 1997
Við getum betur Ráðstefnur í öllum landshlutum um forvarnamál	*Ísland án eiturlyfja*, sveitarfélög, Landssamtökin Heimili og skóli, Tóbaksvarnarnefnd og SÁÁ.	Starfshópur samstarfsaðila	Hófst í febrúar 1998
www.islandaneiturlyfja.is Heimasíða með fræðslu og upplýsingum.	*Ísland án eiturlyfja*, Skíma-Miðgarður, ofl.	Ritstjóri og *Ísland án eiturlyfja*	Febrúar/mars 1998
Neysla áfengis gerir þig að skotmarki. Veggspjald gegn áfengisneyslu unglinga	*Ísland án eiturlyfja*	*Ísland án eiturlyfja*	Sumar 1998
Póstkort gegn áfengisneyslu unglinga.	*Ísland án eiturlyfja*	*Ísland án eiturlyfja*	Sumar 1998
Skaðsemi eiturlyfja. Kynningar- og fræðsluátak í fjölmiðlum	*Ísland án eiturlyfja*, unglingablaðið Smellur o.fl.	*Ísland án eiturlyfja*	Hefst vorið 1998
Sókn er besta vörnin. Upplýsingabæklingur	*Ísland án eiturlyfja.* Mál og menning	*Ísland án eiturlyfja*	Vor 1998
Gerum betur. Fræðslu- og kynningarfundir fyrir klúbba, félög og fyrirtæki	*Ísland án eiturlyfja*, klúbbar, félög og fyrirtæki.	*Ísland án eiturlyfja*	Hófst í febrúar '98

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Forvarnarverkefni í grunnskóla	*Ísland án eiturlyfja,* Hvaleyrarskóli, Unglingablaðið Smellur, Jafningjafræðslan	Stýrihópur samstarfsaðila	Vor 1998
Forvarnasíða í unglingablaðinu Smelli	*Ísland án eiturlyfja,* ritstjórn Smells	*Ísland án eiturlyfja,* ritstjórn Smells	Hófst vor 1998
Kynning á starfsemi Hassela.	*Ísland án eiturlyfja,* Barnaverndarstofa	Barnaverndarstofa	Febrúar 1998
Kynning á starfsemi meðferðarheimilisins San Patrigano.	*Ísland án eiturlyfja,* Reykjavíkurborg, Barnaverndarstofa	*Ísland án eiturlyfja,* Barnaverndarstofa	Mars 1998
"Skólavinir" Anders Wedelin og Thomas Selin kynntu nýjungar í forvarnastarfi	*Ísland án eiturlyfja,* SAF-Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíkniefnavarnir	*Ísland án eiturlyfja,* SAF	Maí 1998
Opin fundur um forvarnamál í Ráðhúsi Reykjavíkur. Gail Gleason og Thomas Griffin	*Ísland án eiturlyfja,* FRÆ	*Ísland án eiturlyfja*	Nóvember 1998
Skólavinir stuðningsstarf í grunnskólum. Tilraunaverkefni til stuðnings nemendum	Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, ÍTR, SAF, o.fl.	Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og ÍTR	Haust 1998- vor 2000.
Átak gegn sölu tóbaks og áfengis til barna og unglinga	*Ísland án eiturlyfja,* Tóbaksvarnanefnd, Vímulaus æska, Reiðir foreldrar o.fl.	Stýrihópur samstarfsaðila	Haust 1998-1999

SAMSTARF VIÐ FORELDRASAMTÖK

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Ráðstefna - Frá foreldrum til foreldra.	*Ísland án eiturlyfja,* Heimili og skóli og Vímulaus æska. Eimskip styrkti verkefnið.	*Ísland án eiturlyfja* í samvinnu við Heimili og skóla.	Haustið 1997
Fyrirmyndarforeldrar.	Landssamtökin Heimili og skóli	Landssamtökin Heimili og skóli	Hófst haustið 1997
Reiðir foreldrar Aðgerðarhópur foreldra gegn útbreiðslu vímuefna	*Ísland án eiturlyfja,* Heimili og skóli, foreldrahópur Vímulausrar æsku o.fl.	Vímulaus æska og samstarfsaðilar undir handleiðslu bandarísku samtakanna *Families in action.*	Stofnað í febrúar 1998

UNGT FÓLK Í ÁHÆTTU

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Fjölskyldumiðstöð	Reykjavíkurborg, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og RKÍ	FRÆ	Hófst vorið 1997
Sérfræðiráðgjöf við framhaldsskóla	Menntamálaráðuneytið	Starfshópur undir leiðsögn FRÆ	Hófst vorið 1997
Náms-og kynnisferðir á Hassela	*Ísland án eiturlyfja,* Barnaverndarstofa, Hassela	Samstarfsaðilar	Sumar 1998

SAMSTARFSHÓPAR Á LANDSVÍSU OG Í SVEITARFÉLÖGUM GEGN EITURLYFJUM

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Heilsubær -vímuvarnir	Seltjarnarnes í samstarfi við Heilsueflingu, *Ísland án eiturlyfja*, SÁÁ o.fl.	Seltjarnarnes	Hefst vorið 1998
Sveitarfélög gegn eiturlyfjum	*Ísland án eiturlyfja*, Samband íslenskra sveitarfélaga o.fl.	Starfshópur	Undirbúningur hefst í mars 1998
Samráðshópur	15 aðilar sem starfa að vímuvörnum á Reykjavíkursvæðinu	*Ísland án eiturlyfja*, Jafningjafræðslan	Hófst desember 1998

TOLL OG LÖGGÆSLA

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Samstarfsnefnd toll- og löggæslu	Toll- og löggæsla.	Starfshópur	Mars 1998

Fskj. 2

YFIRLIT YFIR ÁÆTLUÐ VERKEFNI UNDIR MERKI ÁÆTLUNARINNAR *ÍSLAND ÁN EITURLYFJA* Á ÁRINU 1999

VIRKJA ÞJÓÐFÉLAGIÐ Í HEILD Í BARÁTTUNNI GEGN VÍMUEFNUM

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Sveitarfélög gegn vímuefnum Sveitarfélög hvött til framkvæmda	*Ísland án eiturlyfja,* Samband íslenskra sveitarfélaga o.fl.	*Ísland án eiturlyfja* og samstarfsaðilar	Hefst 1998 Framhaldið 1999
Kortlagning sérhæfðrar þjónustu á sviði vímuvarna.	*Ísland án eiturlyfja,* Samband íslenskra sveitarfélaga o.fl.	Stýrihópur samstarfsaðila	Hefst 1999
Ráðstefnur. Ljúka ráðstefnuröðinni *"Við getum betur"*	*Ísland án eiturlyfja* og samstarfsaðilar	Stýrihópur samstarfsaðila	Vor 1999
Málþing. Formleg lok ráðstefnanna *"Við getum betur"*	*Ísland án eiturlyfja,* Samband íslenskra sveitarfélaga o.fl.	Stýrihópur samstarfsaðila	1999
Útivistarátak	*Ísland án eiturlyfja,* SAF- Samstarfsnefnd Reykjavíkur-borgar um afbrota- og fíkniefnavarnir, Ríkislögreglustjóri, sveitarfélög, forvarnadeild lögreglunnar	Stýrihópur samstarfsaðila	Framhaldið frá fyrri árum
Ráðgjafarhópur foreldra – Jafningjafræðsla foreldra	Heimili og skóli, Vímulaus æska, *Ísland án eiturlyfja*	Stýrihópur samstarfsaðila	1999
Málþing um árangursríkt starf foreldra í forvörnum	*Ísland án eiturlyfja,* Heimili og skóli, Samfok	*Ísland án eiturlyfja,* Heimili og skóli, Samfok	1999
Fræðsluátak fyrir starfsmenn heilsugæslustöðva.	*Ísland án eiturlyfja,* Áfengis- og vímuvarnaráð, o.fl.	Stýrihópur samstarfsaðila	1999
Fíkniefnavarnir á heilsugæslustöðvum	*Ísland án eiturlyfja,* Áfengis- og vímuvarnaráð, o.fl.	Stýrihópur samstarfsaðila	1999

Fræðsluátak á vinnustöðum	*Ísland án eiturlyfja,*, Eimskip, o.fl.	Starfshópur	1999
Aldraðir og forvarnir í þágu ungs fólks.	*Ísland án eiturlyfja,* Framkvæmdastjórn um ár aldraða, o.fl.	Stýrihópur samstarfsaðila.	1999
Hreint og klárt - *Ísland án eiturlyfja*	*Ísland án eiturlyfja* og aðilar í ferðaþjónustu	Starfshópur	1999

FORVARNIR, FRÆÐSLA OG RANNSÓKNIR

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Útgáfa skýrslu um vímuefnaneyslu grunnskólanema 1998	*Ísland án eiturlyfja*, Samstarfsnefnd ráðuneyta og rannsóknaraðilar	*Ísland án eiturlyfja* og rannsóknaraðilar	1999
Stuðlað að gerð kannana á neyslu vímuefna.	Áfengis- og vímuvarnaráð, *Ísland án eiturlyfja* o.fl.	Starfshópur	1999
Fjöldi virkra fíkniefnaneytanda	SAF- Samstarfsnefnd Reykjavíkur-borgar um afbrota- og fíkniefnavarnir, o.fl.	SAF	1999
Pössum börnin okkar - átak til kynningar á útivistatímum barna og unglinga	*Ísland án eiturlyfja,* SAF- og forvarnardeild lögreglunnar í Reykjavík	Starfshópur	Hefst vorið 1999
Nei takk- ekki strax	SAMFÉS, *Ísland án eiturlyfja*	Stýrihópur samstarfsaðila	1999
Kynningarátak um skaðsemi eiturlyfja	*Ísland án eiturlyfja* og vinnuhópur fagfólks	Vinnuhópur fagfólks	1999

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Vímuvarnir fyrir 16-20 ára	Félag framhaldsskólanema, Æskulýðssamband Íslands, Jafningjafræðslan, fulltrúar starfsmanna framhaldsskólanna, sveitarfélög, *Ísland án eiturlyfja*, o.fl.	Stýrihópur samstarfsaðila	1999
Viðurkenning til fíkniefnalausra bekkja	*Ísland án eiturlyfja*, Tóbaksvarna-nefnd, Heimili og skóli, Áfengis og vímuvarnaráð	Stýrihópur samstarfsaðila	1999
Málþing fulltrúa æskulýðsfélaga.	*Ísland án eiturlyfja*, forsvarsmenn æskulýðsfélaga	Stýrihópur samstarfsaðila	1999
Hugmyndasamkeppni meðal almennings	*Ísland án eiturlyfja*, Heimili og skóli, o.fl.	Stýrihópur samstarfsaðila	1999
Hvatningarátak í fjölmiðlum fyrir verslunarmannahelgi	*Ísland án eiturlyfja*, SAF-Samstarfsnefnd Reykjavíkur-borgar um afbrota- og fíkniefnavarnir, fjölmörg sveitarfélög	SAF og *Ísland án eiturlyfja*	Sumar 1999
Ung og öflug gegn fíkniefnum	*Ísland án eiturlyfja*,, félög ungs fólks o.fl.	Stýrihópur samstarfsaðila	1999
20,02 hugmyndir um eiturlyf	*Ísland án eiturlyfja*, Hitt húsið og Jafningjafræðslan	Hitt húsið	Framhald frá fyrri árum
www.islandaneiturlyfja.is. Nýjungar á heimsíðu áætlunarinnar	*Ísland án eiturlyfja*, Skíma-Miðgarður, ofl.	Ritstjóri og *Ísland án eiturlyfja*	Framhald frá fyrri árum
Unglingablaðið Smellur	*Ísland án eiturlyfja*,, ritstjórn Smells	*Ísland án eiturlyfja*, ritstjóri Smells	Framhald frá fyrri árum
Fréttapunktar Íslands án eiturlyfja	*Ísland án eiturlyfja*,		Framhald frá fyrri árum

Fskj. 3.

Eftirtaldir aðilar styrktu áætlunina Ísland án eiturlyfja með fjárframlögum árið 1998.

Eimskipafélag Íslands hf.
VISA Ísland
Japis
Opin kerfi
Landssíminn
Búnaðarbanki Íslands
Mál og menning
Skíma – Miðheimar hf.
Hið opinbera!
Domino's Pissa
Húsaskóli
Austurbakki hf.
Allianz-söluumboð ehf.
Fjölbrautaskólinn Ármúla
Ártúnsskóli
Breiðagerðisskóli
Fossvogsskóli
Tjarnarskóli ehf.
Melaskóli
Selásskóli
Austurbæjarskóli
Rimaskóli
Fræðslu- og menningarráð Reykjavíkur
Engjaskóli
Hamraskóli
Hagaskóli
Bæjarskrifstofur Seltjarnarness
Borgarholtsskóli
Eskimó módels
Kvennaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn í Reykjavík
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Einholtsskóli
Menntaskólinn við Sund
Skífan
Vatnsleysustrandarhreppur
Snælandsskóli
Digranesskóli
Grunnskólar Kópavogs
Grunnskólar Garðabæjar
Víðistaðaskóli
Hvaleyrarskóli
Öldutúnsskóli
Setbergsskóli
Engidalsskóli
Lækjarskóli
Álftanesskóli
Reykjanesbær
Gerðahreppur
Gagnfræðaskóli Mosfellsbæjar
Varmárskóli
Klébergsskóli
Barbro-hótel
Fjölbrautaskóli Vesturlands
Haraldur Böðvarsson hf.
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónss.
Íslenska járnblendifélagið
Vírnet hf.
Samvinnuháskólinn Bifröst
Leirár- og Melahreppur
Bændaskólinn Hvanneyri
Bæjarskrifstofan Stykkishólmi
Dalabyggð
Vesturbyggð
Blönduósbær
Höfðahreppur
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Hofshreppur
Siglufjarðarkaupstaður
Sandblástur og málmhúðun hf.
Samherji hf.
Menntaskólinn á Akureyri
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Reykdælahreppur
Reykjahreppur
Raufarhafnarhreppur
Skeggjastaðahreppur
Breiðdalshreppur
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Ölfushreppur
Stokkseyrarhreppur
Selfosskaupstaður
Menntaskólinn Laugarvatni
Vestmannaeyjabær
Hlíðarhreppur
Jökuldalshreppur
Tunguhreppur

1228. Svar [579. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um verðlagningu sauðfjárafurða og kjör sauðfjárbænda.

1. Hvert var skilaverð á dilkakjöti til bænda árin 1995–98?

Tegund. Kr./kg	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**
Skilaverð á dilkakjöti til bænda; innanlandssala	212	212	232	237
Skilaverð, útflutningur*	100	130	155	**

* Meðalverð til allra markaða.

** Ekki fyrirliggjandi.

2. Hvernig hefur verð á dilkakjöti til neytenda þróast árin 1995–98?

Hámarkssmásöluverð samkvæmt ákvörðun fimmmannanefndar* kr./kg

Tegund		**1995**	**1996**	**1997**	**1998**
Heilir skrokkar óniðurhlutaðir	DIA**	469	469	460	
Heilir skrokkar óniðurhlutaðir	3. verðflokkur				483

* Frjálst verð frá 1. september 1998.

** DIA er sambærilegur við 3. verðflokk, nýtt mat.

Áætlað smásöluverð dilkakjöts samkvæmt vísitölu neysluverðs árin 1995–98, kr./kg

Tegund	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**
Dilkakjöt, súpukjöt	501	490	498	497
Lambakótilettur	778	776	799	820
Dilkakjöt, læri	716	750	802	847
Dilkakjöt, lærissneiðar	1.064	1.087	1.034	1.061
Dilkakjöt, hryggir	739	752	794	804

3. Hver var hlutur milliliða í verði dilkakjöts árin 1995–98 og hvernig skiptist sá hlutur milli þeirra innbyrðis, annars vegar á innanlandsmarkaði og hins vegar á erlendum markaði?

Upplýsingar um hlut milliliða og skiptingu hans milli aðila innbyrðis er ekki til. Eftirfarandi tölur sýna slátur- og heildsölukostnað eins og hann hefur verið ákveðinn af fimmmannanefnd. Um frávik frá þeim tölum getur verið að ræða í formi afsláttar og því eru þessar upplýsingar settar fram með fyrirvara.

		1. janúar 1994	**19. september 1995**	**1. júlí 1997**	**2. mars 1998**
Slátur- og heildsölukostnaður*	kg	136,3	136,3	136,3	136,3

* Frjálst verð frá 1. september 1998.

Heimild: Verðlistar fimmmannanefndar.

Úttekt á hlut millilíða og skipting hans innbyrðis liggur ekki fyrir. Með því að bera saman verð einstakra skrokkhluta og verð til bænda má fá hugmynd um þessar stærðir. Til frekari upplýsingar eru hér enn fremur birtar tölur um þróun verðs á frystu dilkakjöti í heilum skrokkum á Færeyjamarkað. Verð á útflutningi til Færeyja er með því hæsta sem fæst á erlendum mörkuðum, sem gerir þessar tölur ekki sambærilegar við svar sem gefið er við 1. lið. Það á einkum við um árin 1995 og 1996 þar sem verið var að draga úr birgðauppsöfnum, sbr. ákvæði samings um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995.

	1995	**1996**	**1997**	**1998**
Meðal fob-verð kr./kg á frystu dilkakjöti í heilum skrokkum á Færeyjamarkað, tollfl. 0204.3000	268,87	266,59	245,42	256,95

4. *Hvaða áform liggja fyrir um fækkun sláturhúsa og mjólkursamlaga og hverjir eru eigendur þeirra, skipt eftir kjördæmum?*

Hvað varðar fækkun sláturhúsa er unnið eftir reglum um veitingu hagræðingar- og vöruþróunarstyrkja samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995. Styrkt eru skilgreind hagræðingarverkefni sem fela í sér lækkun sláturkostnaðar. Úrelding samkvæmt þessum ákvæðum hefur farið fram á sláturhúsi Sláturfélags Suðurlands í Vík, sláturhúsi Norðvesturbandalagsins á Borðeyri og sláturhúsi Höfn-Þríhyrnings á Selfossi. Frekari áætlanir um hagræðingu eru í undirbúningi en umsóknarfrestur árið 1999 er til 1. júní nk. og því er ekki vitað um væntanleg áform sláturleyfishafa um úreldinguna. Hvað varðar fækkun mjólkurbúa lauk skipulögðu átaki til hagræðingar í mjólkuriðnaði á seinni hluta árs 1997 samkvæmt reglum um ráðstöfun á verðmiðlunarfé til hagræðingar í mjólkuriðnaði og mjólkurframleiðslu frá 18. mars 1996.

1229. Svar [609. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Ólafs Arnar Haraldssonar um breytingar á vélarstærð skipa.

1. *Hvaða vinnureglur liggja til grundvallar þegar veitt er heimild til breytingar á skráðri vélarstærð skipa samkvæmt reglugerð nr. 143/1984?*

Siglingastofnun Íslands hefur miðað við eftirfarandi vinnureglur varðandi breytingar á skráðri vélarstærð skipa samkvæmt reglugerð nr. 143/1984:

a. að fyrir liggi skrifleg beiðni útgerðar um að færa niður afl aðalvélar,
b. að fyrir liggi yfirlýsing vélarframleiðanda um hvernig þetta skuli framkvæmt,
c. að um varanlega breytingu á vél sé að ræða, t.d. með því að sjóða hólk á tannstöng olíugjafar og
d. að viðurkennt vélaverkstæði framkvæmi breytinguna.

Framleiðendur hafa varað við því að færa niður vélarafl á annan hátt, en að takmarka færslu á tannstöng með því að sjóða í tennur, slípa tennur burt eða setja hólka á tannstöngina. Þegar olíugjöf er takmörkuð með því eingöngu að innsigla tannstöng við ákveðna stillingu hefur verið litið svo á að um sé að ræða breytingu á afli vélar sem ekki hafi áhrif á skráningu þess. Siglingastofnun Íslands hefur unnið eftir þessum vinnureglum síðan reglugerð um skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa nr. 143/1984 var sett án athugasemda þar til á síðasta ári þegar Vélstjórafélag Íslands gerði athugasemd.

2. *Hvaða skip (nafngreind) hafa fengið heimild til breytingar á vélarstærð frá því að reglugerðin tók gildi, hvenær fengu þau heimild (dagsetningar) og hver var vélarstærð þeirra (kW) fyrir og eftir breytingu?*

Með hliðsjón af því að ekki er óskað upplýsinga um tiltekin skip er það mat Siglingastofnunar Íslands að umbeðnar upplýsingar séu ekki aðgengilegar þar sem þær liggja ekki fyrir í tölvutæku formi og það mun kosta mjög mikla vinnu að afla þeirra.

3. *Hve mörgum og hvaða skipum (nafngreindum) hefur verið synjað um breytingu á skráðu afli aðalvéla skipa, hvenær var þeim synjað (dagsetningar) og hvaða forsendur og vinnureglur hafa legið að baki synjuninni?*

Vísað til svars við 2. lið.

1230. Skýrsla [618. mál]

samgönguráðherra um rannsóknir sjóslysa.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

Samgönguráðherra skipar rannsóknarnefnd sjóslysa í samræmi við 230 gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

Nefndina skipa nú:

Haraldur Blöndal hrl., formaður,
Emil Ragnarsson skipaverkfræðingur,
Árni Árnason vélfræðingur,
Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnarskólans,
Ólafur M. Kristinsson, hafnarstjóri í Vestmannaeyjum.

Kristján Guðmundsson skipstjóri er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Nefndin hefur undanfarin ár starfað með svipuðum hætti. Á árinu 1998 flutti nefndin í betra húsnæði á annarri hæð í Hafnarhúsinu. Er starfsumhverfi allt annað og í samræmi við áætlanir um að efla starf nefndarinnar og jafnframt að styrkja sjóslysarannsóknir. Heimild er á fjárlögum til þess að bæta við starfsfólki. Á því þingi sem nú er að ljúka var lagt fram frumvarp til laga um rannsóknir sjóslysa. Ekki náðist að afgreiða það á þessu þingi. Er rétt að ítreka að brýnt er að setja nýjan lagaramma um rannsóknir sjóslysa, ekki síst í ljósi þess að Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt ályktun um rannsóknir sjóslysa og má vænta þess að einstök aðildarríki stofnunarinnar muni fara eftir henni í framtíðinni. Þá er þess einnig að geta að rannsóknir á sjóslysum taka of langan tíma vegna núverandi skipulags. Nauðsynlegt er að rannsóknaraðilar sjóslysa geti tafarlaust haft samband við aðila þegar sjóslys verða, bæði með tilliti til þess að ná glöggum framburði vitna og eins til þess að koma að vettvangi áður en hann spillist, ef hægt er vegna aðstæðna.

Skýrslur nefndarinnar eru gefnar út. Er útgáfa þeirra fjármögnuð þannig að safnað er auglýsingum í þær og þeim síðan dreift meðal sjómanna. Skýrsla fyrir árið 1995 kom út í febrúar sl. Skýrsla fyrir árið 1996 er farin í prentun og kemur væntanlega út í maí nk. Eftir er að ljúka rannsókn á sjö málum af málum ársins 1997 og má vænta þeirrar skýrslu í ágúst/september nk. Af málum ársins 1998 er eftir að ljúka rannsókn á 61 máli. Ætlunin er að í framtíðinni verði hægt að nálgast skýrslur nefndarinnar á netinu.

Tala þeirra mála er nefndin hefur tekið til rannsóknar er svipuð frá ári til árs. Er um það vísað í eftirgreinda töflu til samanburðar.

Eðli mála	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**
Skip sekkur	8	18	14	10	17	6	8	8
Skip strandar	22	15	27	28	19	17	10	14
Árekstur	11	3	7	5	7	11	11	2
Eldur um borð	8	6	4	14	12	11	6	6
Leki að skipi	5	6	3	3	1	1	1	0
Annað	15	11	13	6	3	12	9	10
Slys á mönnum	64	38	41	69	56	65	55	63
Dauðaslys	13	12	9	4	2	9	5	3
Samtals	**146**	**109**	**118**	**139**	**117**	**132**	**105**	**106**
Mál tekin til umfjöllunar	146	104	113	113	108	140	99	106

Slysin skiptast þannig í flokka. Það skal tekið fram að tölur um slys eru fengnar frá Tryggingastofnun ríkisins og eru tölur fyrir árin 1997 og 1998 ekki tilbúnar.

Atburður	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**
Dauðaslys:						
Þegar skip ferst eða strandar	7	7	5	1	0	5
Maður fellur fyrir borð	0	4	1	1	1	2
Við vindur	0	0	0	1	0	0
Af öðrum orsökum	4	1	3	1	1	2
Brunaslys:						
Eldur um borð	1	2	0	0	3	0
Af völdum sýru eða annarra efna	0	2	0	0	3	0
Af völdum sjóðandi vökva	2	0	1	1	3	2
Af öðrum orsökum	3	5	0	3	1	1
Verður fyrir skurði eða stungu	57	54	58	48	43	39
Slys vegna brotsjóa	19	15	9	12	5	9
Slys við vindur:						
Lendir inni á vindu	7	6	3	8	0	1
Klemmist af völdum hífinga	12	17	18	26	24	29
Eitthvað slæst til við hífingu	64	75	73	67	62	73
Festingar á blökkum o.fl. bilar	2	1	14	11	10	2
Varð á milli, klemmdist	48	55	58	39	27	35
Rann til á þilfari og féll	66	114	112	82	101	90
Slasaðist við störf í vélarrúmi	2	2	14	5	1	6
Slasaðist við störf í lest	25	32	17	29	18	26
Slasaðist við löndun afla	9	7	10	8	6	5
Slasaðist við losun/lestun/sjóbúnað á flutningaskipi	0	0	3	2	0	5
Slasaðist við að fara að eða frá borði	11	11	9	13	7	0
Slasaðist við landfestar	7	2	6	4	6	8
Slasaðist við fall í stiga	23	22	6	18	16	18
Önnur slys ekki áður tilgreind	90	60	68	67	50	62
Tognun í baki	23	23	13	21	17	9
Tognun á útlim	9	7	4	5	12	7
Samtals	**491**	**524**	**505**	**473**	**417**	**436**

Á þessum árum hefur kostnaður vegna starfsemi nefndarinnar verið sem hér segir, í kr.:

1991	6.230.204
1992	5.858.538
1993	6.621.823
1994	7.705.328
1995	8.707.209
1996	8.756.513
1997	11.555.170
1998	16.183.985

Á þessu ári eru veittar 16,9 millj. kr. til nefndarinnar.

Umfangsmestu rannsóknir á orsökum slysa sem gerðar hafa verið á síðustu þremur árum eru án efa rannsóknir á orsökum þess að skelfiskbáturinn Æsa ÍS-87 fórst í júlí 1996, að m.s. Vikartindur strandaði og að ms. Dísarfell fórst, hvort tveggja í mars 1997.

Æsuslysið varð til þess að fjárveitingar hafa mjög verið auknar til sjóslysarannsókna. Rannsókn þess slyss lauk sumarið 1998.

Vikartindsstrandið olli miklu umhverfistjóni. Skipið var þýskt en eigi að síður var talið eðlilegt að rannsaka tildrög slyssins hér. Rannsókn slyssins lauk haustið 1998. Skömmu síðar hófust sjópróf í Þýskalandi um orsakir slyssins og voru þær taldar hinar sömu og rannsóknarnefndin hafði komist að.

M.s. Dísarfell var skráð á Antigua-Barbuda. Þar sem það hafði íslenska áhöfn var talið eðlilegt að kanna orsakir slyssins hér á landi. Rétt er að taka fram að samkvæmt upplýsingum frá útgerð skipsins hafa yfirvöld á Antigua-Barbuda ekki óskað eftir skýrslum eða upplýsingum um afdrif m.s. Dísarfells. Gert er ráð fyrir að rannsókn málsins ljúki í apríl.

Sífellt fleiri farskip undir erlendum fána eru í siglingum til Íslands. Sum þessara skipa eru með íslenskar áhafnir, en önnur sigla með vörur að eða frá landinu. Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur eins og fyrr segir samþykkt ályktun um rannsóknir sjóslysa þar sem meðal annars er fjallað um hvernig fara eigi með rannsóknir á slysum sem verða í lögsögu annars ríkis en fánaríkisins. Er þar talið rétt að það ríki þar sem slysið varð eigi slíkra hagsmuna að gæta að það geti látið rannsaka slík slys.

Ljóst er að ekki næst að ræða þessa skýrslu á þessu þingi sem nú er að ljúka. Eigi að síður er talið eðlilegt að leggja skýrsluna fram til þess að sjá megi hvernig farið hefur um sjóslysarannsóknir á kjörtímabilinu, bæði hvað varðar fjölda mála og fjárveitinga til þessa mikilvæga málaflokks.

1231. Svar [567. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um aðild að alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum frá síðustu árum.

1. *Hvað á Ísland aðild að mörgum alþjóðlegum og fjölþjóðlegum stofnunum og samtökum? Hve margar stofnanir og samtök hafa bæst við eftir að utanríkisráðherra svaraði fyrirspurn um sama efni á 118. löggjafarþingi (þskj. 807), hverjar eru þær stofnanir eða samtök og hvenær varð Ísland aðili að þeim?*

Stofnanirnar og samtökin eru 56 miðað við 15. mars 1999 og eru talin upp hér á eftir. Þær stofnanir sem bæst hafa við eftir að utanríkisráðherra svaraði áðurnefndri fyrirspurn, fimm að tölu, eru skáletraðar.

Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra:

Sameinuðu þjóðirnar/United Nations, UN, aðild 1946.
Alþjóðafjarskiptasambandið/International Telecommunication Union, ITU, aðild 1947.
Alþjóðaflóttamannastofnunin/International Refugees Organization, IRO, aðild 1955.
Alþjóðaflugmálastofnunin/International Civil Aviation Organization, ICAO, aðild 1947.
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn/International Monetary Fund, IMF, aðild 1945.
Alþjóðaheilbrigðisstofnunin/World Health Organization, WHO, aðild 1948.
Alþjóðahugverkastofnunin/World Intellectual Property Organization, WIPO, aðild 1986.
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin/International Atomic Energy Agency, IAEA, aðild 1957.
Alþjóðapóstsambandið/Universal Postal Union, UPU, 1874.
Alþjóðasiglingamálastofnunin/International Maritime Organization, IMO, aðild 1960.
Alþjóðaveðurfræðistofnunin/World Meteorological Organization, WMO, aðild 1950.
Alþjóðavinnumálastofnunin/International Labour Organization, ILO, aðild 1948.
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna/Food and Agriculture Organization of the United Nations, FAO, aðild 1945.
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna/United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, UNESCO, aðild 1969.

Alþjóðabankinn og skyldar stofnanir:

Alþjóðabanki til endurbyggingar og nýbyggingar (Alþjóðabankinn)/International Bank for Reconstruction and Development (World Bank), aðild 1945.
Alþjóðalánastofnunin, Inernational Finance Corporation, IFC, aðild 1956.
Alþjóðaframfarastofnunin, International Development Association, IDA, aðild 1961.
Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin/Multilateral Investment Guarantee Agency, MIGA, aðild 1998.

Aðrar alþjóðastofnanir:

Afvopnunarmál:

Stofnun um bann við efnavopnum/Organization for the Prohibition of Chemical Weapons, aðild 1997.

Almennt:

Evrópuráðið/Council of Europe, aðild 1950.
Eystrasaltsráðið/Council of the Baltic Sea States, aðild 1995.

Efnahags- og viðskiptamál:

Alþjóðastofnun til að gefa út tollalög/International Union for the Publication of Customs Tariffs, aðild 1891.
Alþjóðaviðskiptastofnunin/World Trade Organization, WTO, aðild 1995.
Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunin/Organisation for Economic Co-operation and Development, OECD, aðild 1961.
Eftirlitsstofnun EFTA/EFTA Surveillance Authority, ESA, aðild 1994.

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu/European Bank for Reconstruction and Development, EBRD, aðild 1991.

Fríverslunarsamtök Evrópu/European Free Trade Association, EFTA, aðild 1970.

Heimssýningasamtökin/International Bureau of Expositions, BEI, aðild 1999.

Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal/EFTA Industrial Development Fund for Portugal, aðild 1977.

Tollasamvinnuráðið/Customs Co-operation Council, aðild 1950.

Fjarskiptamál:

Alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti/International Telecommunications Satellite Organization, INTELSAT, aðild 1975.

Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum/International Maritime Satellite Organization, INMARSAT, aðild 1991.

Evrópustofnun fjarskipta um gervitungl/European Telecommunications Satellite Organization, EUTELSAT, aðild 1987.

Norðurlandaráð og norrænar stofnanir:

Norðurlandaráð/Nordisk råd, aðild 1962.

Ráðherranefnd Norðurlandaráðs/Nordisk ministerråd, aðild 1973.

Menningarsjóður Norðurlanda/Den Nordiske kulturfond, aðild 1976.

Norræni fjárfestingarbankinn/Den Nordiske investering bank, NIB, aðild 1976.

Norræni tækni- og iðnþróunarsjóðurinn/Den Nordiske fond for teknologi og industriel udvikling, aðild 1974.

Norræni þróunarsjóðurinn/Den Nordiske udviklingsfond, NDF, aðild 1989.

Norrænn iðnþróunarsjóður fyrir Ísland/Industrialiseringsfond for Island, aðild 1970.

Norrænn þróunarsjóður fyrir hin vestlægu Norðurlönd/Den Nordiske udviklingsfond for Vestnorden, aðild 1987.

Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar/Det Nordiske miljøfinanseringsselskab, NEFCO, aðild 1990.

Sjávarútvegsmál:

Alþjóðahafrannsóknaráðið/International Council for the Exploration of the Sea, ICES, aðild 1968.

Alþjóðasjómælingastofnunin/International Hydrographic Organization, IHB, aðild 1970.

Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin/North-East Atlantic Fisheries Commission, NEAFC, aðild 1982.

Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin/North Atlantic Salmon Conservation Organization, NASCO, aðild 1983.

Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið/North Atlantic Marine Mammal Commission, NAMMCO, aðild 1992.

Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin/Northwest Atlantic Fisheries Organization, NAFO, aðild 1979.

Varnar- og öryggismál:

Alþjóðasamband sakamálalögreglu/International Criminal Police Organization, INTERPOL, aðild 1971.

Atlantshafsbandalagið/North Atlantic Treaty Organisation, NATO, aðild 1949.

Vestur-Evrópusambandið/Western European Union, WEU, aukaaðild 1993.
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu/Organization on Security and Cooperation in Europe, OSCE, aðild 1972.

Umhverfismál:
Alþjóðasjóður til að bæta tjón af völdum olíumengunar/International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, aðild 1980.
Barentsráðið/Barents Euro-Arctic Council, BEAC, aðild 1991.
Norðurskautsráðið/Arctic Council, aðild 1996.

Vísindamál:
Sameindalíffræðiþing Evrópu/European Molecular Biology Conference, EMBC, aðild 1978.

2. *Hvað á Ísland aðild að mörgum fjölþjóðlegum samningum og tvíhliða samningum? Hve margir slíkir samningar hafa bæst við síðan á 118. löggjafarþingi, hverjir eru þeir og hvenær varð Ísland aðili að hverjum samningi fyrir sig?*

Fjöldi fjölþjóðlegra samninga er 304 og fjöldi tvíhliða samninga 337 miðað við 15. mars 1999. Samningarnir eru taldir upp hér á eftir. Þeir fjölþjóðasamningar, 44 talsins, og tvíhliða samningar, 28 talsins, sem bæst hafa við eftir að utanríkisráðherra svaraði áðurnefndri fyrirspurn, eru skáletraðir.

Fjölþjóðasamningar.

16.4.**1856** Yfirlýsing um nokkur undirstöðuatriði sjóréttar á stríðstímum/Declaration with respect to Certain Fundamental Rules of Maritime Law in Time of War, aðild 25. júní 1856, SÍ[1] 1.

20.3.**1883** Samningur um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar/Convention for the Protection of Industrial Property, öðlaðist gildi 5. maí 1962, SÍ 2.

14.3.**1884** Samningur um vernd á hraðfréttaþráðum er lagðir eru neðansævar/Convention on the Protection of Submarine Cables, öðlaðist gildi 1. maí 1888, SÍ 3.

5.7.**1890** Samningur um alþjóðastofnun til að gefa út tollalög/Convention for the Creation of an International Union for the Publication of Customs Tariffs, staðfestur 7. nóvember 1890, öðlaðist gildi 1. apríl 1891, SÍ 5.
Bókun/Protocol 16.12.1949, aðild 10. febrúar 1956, öðlaðist gildi 1. apríl 1956, SÍ 6.

18.5.**1904** Samkomulag um ráðstafanir til að koma í veg fyrir svonefnda hvíta þrælasölu/Agreement on the Suppression of the White Slave Traffic, aðild 29. ágúst 1904, öðlaðist gildi 18. janúar 1905, SÍ 8.

17.7.**1905** Samningur um einkamálaréttarfarsákvæði/International Convention on Civil Procedure, staðfestur 7. apríl 1909, öðlaðist gildi 24. apríl 1909, SÍ 9.

18.10.**1907** Sáttmáli um friðsamlega lausn deilumála milli ríkja/Convention for the Pacific Settlement of International Disputes, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 11.

---

[1] Samningar Íslands við erlend ríki, Helgi P. Briem ritstjóri, Reykjavík 1963.

18.10.1907 Sáttmáli um takmarkanir á valdbeitingu til að innheimta samningsbundnar skuldir/Convention respecting the Limitation of the Employment of Force for the Recovery of Contract Debts, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 12.

18.10.1907 Sáttmáli um upphaf stríðs/Convention relative to the Opening of Hostilities, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 13.

18.10.1907 Sáttmáli um reglur og venjur stríðs á landi/Convention respecting the Laws and Customs of War on Land, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 14.

18.10.1907 Sáttmáli um réttindi og skyldur hlutlausra ríkja og ríkisborgara þeirra í stríði á landi/Convention respecting the Rights and Duties of Neutral Powers and Persons in Case of War on Land, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 15.

18.10.1907 Sáttmáli um hverja deild skal gera kaupskipum óvinaríkis er stríð hefst/Convention relative to the Conversion of Enemy Merchant Ships at the Outbreak of Hostilities, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 16.

18.10.1907 Sáttmáli varðandi breytingu á kaupskipum í herskip/Convention relative to the Conversion of Merchant Ships into Warships, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 17.

18.10.1907 Sáttmáli um lagningu neðansjávardufla er springa við árekstur/Convention relative to the Laying of Automatic Submarine Contact Mines, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 18.

18.10.1907 Sáttmáli um stórskotaárás frá herskipum í stríði/Convention concerning the Bombardment by Naval Forces in Time of War, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 19.

18.10.1907 Sáttmáli um að nota reglur Genfar-sáttmálans í sjóhernaði/Convention for the Adaptation of the Principles of the Geneva Convention to Naval War, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 20.

18.10.1907 Sáttmáli um vissar takmarkanir á framkvæmd hertökuréttarins í sjóhernaði/Convention relative to Certain Restrictions with regard to the Exercise of the Right of Capture in Naval War, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 21.

18.10.1907 Sáttmáli um réttindi og skyldur hlutlausra ríkja þegar stríð er háð til sjós/Convention concerning the Rights and Duties of Neutral Powers in Naval War, aðild 27. nóvember 1909, staðfest 8. desember 1955, SÍ 22.

4.5.**1910** Samkomulag um ráðstafanir gegn birtingu klámsmíða/Agreement for the Suppression of the Circulation of Obscene Publications, aðild 28. janúar 1913, öðlaðist gildi 28. júlí 1913, SÍ 23.

Bókun/Protocol 4.5.1949, aðild 23. nóvember 1950, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 24.

23.1.**1912** Samningur um ópíum/International Opium Convention, undirritaður 17. desember 1912, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 25.

28.11.**1919** Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 2 varðandi atvinnuleysi/ILO Convention (No. 2) concerning Unemployment, fullgilt 17. febrúar 1958, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 26.

9.2.**1920** Samningur um Svalbarða/Treaty concerning Spitsbergen, aðild 30. maí 1994, öðlaðist gildi 31. maí 1994, C[1] 31/1995.

11.11.**1921** Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 15 um lágmarksaldur kyndara og kolamokara/ILO Convention (No. 15) Fixing the Minimum Age for the Admission of Young Persons to Employment as Trimmers or Stokers, staðfest 21. ágúst 1956, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 27.

12.11.1921 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 11 um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks/ILO Convention (No. 11) concerning the Rights of Association and Combination of Agricultural Workers, staðfest 21. ágúst 1956, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 28.

1.12.**1924** Samningur um aðstöðu sjómanna á kaupskipum til að fá læknishjálp við kynsjúkdómum/Agreement concerning Facilities to be given to Merchant Seamen for the Treatment of Venereal Disease, aðild 1. nóvember 1928, öðlaðist gildi 1. febrúar 1929, SÍ 29.

17.6.**1925** Genfarsamningur um bann við notkun eiturefna, gass og sýkla í hernaði/Geneva Protocol for the Prohibition of the Use in War of Asphyxiating, Poisonous or Other Gases and of Bacteriological Methods of Warfare, fullgiltur 19. desember 1966, öðlaðist gildi sama dag, C 19/1966.

28.1.**1926** Norðurlandasamningur um haffæri skipa og skipsbúnað/Nordisk konvention angaaende Skibes Södygtighed og Udrustning, staðfestur 15. júní 1928, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 30.

Breyting/Deklaration 11.6.1928, öðlaðist gildi 15. júní 1928, SÍ 31.

24.4.1926 Alþjóðasamningur um bifreiðaumferð/International Convention on Motor Traffic, öðlaðist gildi 1. mars 1936, SÍ 32.

2.6.**1928** Alþjóðasáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum/Convention for the International Protection of Literary and Artistic Works, öðlaðist gildi 7. september 1947, SÍ 33.

27.8.1928 Sáttmáli um að fyrirdæma stríð til að skera úr deilum milli ríkja/Treaty providing for the Renunciation of War as an Instrument of National Policy, staðfestur 14. maí 1929, öðlaðist gildi 10. júní 1929, SÍ 34.

22.11.1928 *Samningur um heimssýningar/Convention relating to International Exhibitions, aðild 22. janúar 1999, öðlaðist gildi sama dag.*

Bókun/Protocol 10.5.1948, aðild 22. janúar 1999, öðlaðist gildi sama dag.

Bókun/Protocol 16.11.1966, aðild 22. janúar 1999, öðlaðist gildi sama dag.

Bókun/Protocol 30.11.1972, aðild 22. janúar 1999, öðlaðist gildi sama dag.

Breytingar/Amendments 24.6.1982, aðild 22. janúar 1999, öðluðust gildi sama dag.

Breytingar/Amendments 31.5.1988, aðild 22. janúar 1999, öðluðust gildi sama dag.

12.10.**1929** Samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa/Convention for the Unification of Certain Rules regarding International Carriage by Air, aðild 21. ágúst 1948, öðlaðist gildi 19. nóvember 1948, SÍ 35.

Bókun/Protocol 28.9.1955, SÍ 36, fullgilt 3. maí 1963, öðlaðist gildi 1. ágúst 1963, C 9/1963.

---

[1] C-deild Stjórnartíðinda.

28.6.**1930** Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu/ILO Convention (No. 29) concerning Forced or Compulsory Labour, staðfest 17. febrúar 1958, öðlaðist gildi 17. febrúar 1959, SÍ 37.

6.2.**1931** Samningur Norðurlanda um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð; með lokabókun/Nordisk konvention indeholdende international — privatretslige Betingelser om Ægteskab, Adoption og Værgemaal, med tilhörende Slutprotokol, öðlaðist gildi 1. janúar 1932, SÍ 39.

Breyting/Ændring 26.3.1953, öðlaðist gildi 4. maí 1954, SÍ 40.

Breyting/Ændring 3.11.1969, fullgilt 23. desember 1969, öðlaðist gildi 1. janúar 1970, C 22/1969.

Breyting/Ændring 20.11.1973, fullgilt 28. desember 1973, C 26/1973, öðlaðist gildi 1. janúar 1974, C 3/1974.

16.3.**1932** Samningur Norðurlanda um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra/Nordisk Konvention om Anerkendelse af og Fuldbyrdelse af Domme, öðlaðist gildi 1. júlí 1933, SÍ 44.

7.11.**1933** Samningur Norðurlanda um gjaldþrotaskipti/Nordisk Konvention om konkurs, staðfestur 29. júní 1934, öðlaðist gildi 1. janúar 1935, SÍ 45.

19.11.**1934** Samningur Norðurlanda um erfðir og skipti á dánarbúum/Nordisk konvention om Arv og Dödsboskifte, staðfestur 14. júní 1935, öðlaðist gildi 1. janúar 1936, SÍ 46.

Breytingar/Ændring 9.12.1975, undirritaðar 9. desember 1975, öðluðust gildi 1. júlí 1976, C 13/1976.

24.10.**1936** Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 58 um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936)/ILO Convention (No. 58) fixing the Minimum Age for Admission of Children to the Employment at Sea (Revised 1936), staðfest 21. ágúst 1956, öðlaðist gildi 21. ágúst 1957, SÍ 47.

27.5. **1938** Yfirlýsing Norðurlanda um samstæð hlutleysisákvæði/Déclaration entre l'Islande, le Danemark, la Finlande, la Norvége et la Sùede concernant les règles, similaires de neutralité, birt 14. júní 1938, SÍ 48.

7.12.**1944** Samþykkt um alþjóðaflugmál/Convention on International Civil Aviation, staðfest 21. mars 1947, öðlaðist gildi 20. apríl 1947, SÍ 49.

Bókun/Protocol 14.6.1954, staðfest 5. júlí 1955, SÍ 50, öðlaðist gildi 12. desember 1956 og 16. maí 1958.

Bókun/Protocol 15.9.1962, fullgilt 9. maí 1990, öðlaðist gildi sama dag, C 10/1990.

Bókun/Protocol 12.3.1971, fullgilt 17. maí 1971, öðlaðist gildi 16. janúar 1973, C 1/1988.

Bókun/Protocol 7.7.1971, fullgilt 27. september 1971, öðlaðist gildi 19. desember 1974, C 1/1988.

Bókun/Protocol 16.10.1974, fullgilt 19. ágúst 1975, C 18/1975, öðlaðist gildi 15. febrúar 1980, C 1/1981.

Bókun um gildan texta samþykktarinnar á fjórum tungumálum/Protocol on the Authentic Quadrilingual Text of the Convention 30.9.1977, staðfest 7. júní 1979, C 8/1979.[1]

---

[1] Ekki enn í gildi.

Bókun/Protocol 30.9.1977, fullgilt 11. júní 1979, C 8/1979.[1]

Bókun/Protocol 6.10.1980, fullgilt 9. maí 1990, C 10/1990, öðlaðist gildi 20. júní 1997.

Bókun/Protocol 6.10.1989, fullgilt 9. maí 1990, C 10/1990.[2]

Bókun/Protocol 26.10.1990, fullgilt 4. nóvember 1992, C 21/1992.[3]

7.12.1944 Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi flugfara/International Air Services Transit Agreement, staðfestur 21. mars 1947, öðlaðist gildi 21. mars 1947, SÍ 51.

26.6.**1945** Sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða og samþykktir milliríkjadómstólsins/Charter of the United Nations and Statute of the International Court of Justice, staðfestur 19. nóvember 1946, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 52.

Breytingar/Amendments 17.12.1963, fullgiltar 6. nóvember 1964, öðluðust gildi 31. ágúst 1965, C 9/1965.

Breyting/Amendment 20.12.1965, fullgilt 21. júní 1966, C 10/1966, öðlaðist gildi 12. júní 1968.

Breyting/Amendment 20.12.1971, staðfest 6. mars 1973, C 7/1973, öðlaðist gildi 24. september 1973, C 22/1973.

16.10.1945 Stofnskrá Matvæla- og landbúnaðarstofnunar hinna Sameinuðu þjóða/Constitution of the Food and Agriculture Organization of the United Nations, undirrituð 16. október 1945, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 53.

16.11.1945 Stofnskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna/Constitution of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, aðild 8. júní 1969, öðlaðist gildi sama dag, C 5/1964.

27.12.1945 Samkomulag um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins/Articles of Agreement of the International Monetary Fund, undirritað 21. desember 1945, öðlaðist gildi 27. desember 1945, SÍ 54.

Breyting/Amendment 31.5.1968, öðlaðist gildi 28. júlí 1969, C 1/1971.

Önnur breyting/Second Amendment 30.4.1976, staðfest 6. júní 1977, öðlaðist gildi 1. apríl 1978, C 18/1978.

27.12.1945 Samkomulag um samþykktir Alþjóðabanka til endurbyggingar og nýbygginga/Articles of Agreement of the International Bank for Reconstruction and Development, undirritað 21. desember 1945, öðlaðist gildi 27. desember 1945, SÍ 55.

13.2.**1946** Samningur um réttindi og griðhelgi Sameinuðu þjóðanna/Convention on the Privileges and Immunities of the United Nations, staðfestur 10. mars 1948, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 56.

22.7.1946 Stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar/Constitution of the World Health Organization, staðfest 17. júní 1948, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 59.

Breytingar/Amendments 22.5.1973, fullgiltar 5. september 1975, C 28/1975, öðluðust gildi 3. febrúar 1979, C 13/1982.

Breytingar/Amendments 17.5.1976, staðfestar 22. júlí 1993, C 8/1983, öðluðust gildi 20. janúar 1984, C 24/1989.

---

[1] Ekki enn í gildi.

[2] Ekki enn í gildi.

[3] Ekki enn í gildi.

Breytingar/Amendments 18.5.1978, staðfestar 22. júlí 1983, C 8/1983.[1]

Breytingar/Amendments 12.5.1986, staðfestar 2. apríl 1991, C 12/1991, öðluðust gildi 11. júlí 1994.

9.10.1946 Gerð um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar/Instrument for the Amendment of the Constitution of the International Labour Organization, öðlaðist gildi 20. apríl 1948, SÍ 60.

Breyting/Amendment 25.6.1953, öðlaðist gildi 20. maí 1954, SÍ 61.

Breyting/Amendment 22.6.1962, samþykkt 17. desember 1962, C 2/1963, öðlaðist gildi 22. maí 1963.

Breyting/Amendment 22.6.1972, samþykkt 29. nóvember 1972, C 21/1972, öðlaðist gildi 1. nóvember 1974.

Breyting/Amendment 24.6.1986, fullgilt 28. júlí 1987, C 12/1987.[2]

10.6.**1947** Samningur um samræmda aðferð við skipamælingar/Convention on a Uniform System of Tonnage Measurements of Ships, staðfestur 23. september 1948, öðlaðist gildi 30. desember 1954, SÍ 65.

Breytingar/Amendments 21.5.1965, staðfestar 20. maí 1966, C 18/1967.[3]

11.10.1947 Samningur um Alþjóðaveðurfræðistofnunina/Convention of the World Meteorological Organization, staðfestur 16. janúar 1948, öðlaðist gildi 23. mars 1950, SÍ 66.

30.10.1947 Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT), ásamt Genfarbókun frá 30. júní 1967/General Agreement on Tariffs and Trade (GATT) and Geneva Protocol of 30th June of 1967, staðfest 22. mars 1968, öðlaðist gildi 21. apríl 1968, C 8/1968.

Genfarbókun 1979/Geneva (1979) Protocol 30.6.1979, fullgilt 15. apríl 1980, öðlaðist gildi sama dag, C 7/1980.

6.3.**1948** Samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina/Convention on the International Maritime Organization, aðild 8. nóvember 1960, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 67.

Breytingar/Amendments 15.9.1964, staðfestar 10. september 1965, öðluðust gildi 6. október 1967, C 20/1969.

Breytingar/Amendments 28.9.1965, staðfestar 8. mars 1967, öðluðust gildi 3. nóvember 1968, C 20/1969.

Breytingar/Amendments 17.10.1974, staðfestar 3. maí 1976, C 10/1976, öðluðust gildi 1. apríl 1978, C 3/1979.

Breytingar/Amendments 9.11./14.11.1977, staðfestar 17. júlí 1980, C 15/1980, öðluðust gildi 22. maí 1982, C 9/1982.

Breytingar/Amendments 17.11.1977, staðfestar 17. júlí 1980, C 15/1980, öðluðust gildi 10. nóvember 1984, C 2/1988.

Breytingar/Amendments 15.11.1979, staðfestar 17. júlí 1980, C 15/1980, öðluðust gildi 10. nóvember 1984, C 2/1988.

Breytingar/Amendments 7.11.1991, staðfestar 17. febrúar 1998.[4]

---

[1] Ekki enn í gildi.

[2] Ekki enn í gildi.

[3] Ekki enn í gildi.

[4] Ekki enn í gildi.

Breytingar/Amendments 4.11.1993, staðfestar 17. febrúar 1998.[1]

19.6.1948 Samningur um alþjóðaviðurkenningu réttinda í loftförum/Convention on the International Recognition of Rights in Aircraft, fullgiltur 6. febrúar 1967, öðlaðist gildi 7. maí 1967, C 5/1967.

9.7.1948 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess/ILO Convention (No. 87) concerning Freedom of Association and Protection of the Right to Organize, staðfest 4. október 1950, öðlaðist gildi 4. október 1951, SÍ 70.

9.12.1948 Sáttmáli um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð/Convention on the Prevention and Punishment of the Crime of Genocide, staðfestur 29. ágúst 1949, öðlaðist gildi 12. janúar 1951, SÍ 72.

4.4.**1949** Norður-Atlantshafssamningur/North Atlantic Treaty, aðild 1. ágúst 1949, öðlaðist gildi 24. ágúst 1949, SÍ 75.

Bókun varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands/Protocol on the Accession of Greece and Turkey 22.10.1951, aðild 29. janúar 1952, öðlaðist gildi 15. febrúar 1952, SÍ 76.

Bókun um aðild Sambandslýðveldisins Þýskalands/Protocol on the Accession of the Federal Republic of Germany 23.10.1954, aðild 16. mars 1955, öðlaðist gildi 5. maí 1955, SÍ 77.

Viðbótarsamningur um aðild Spánar/Protocol on the Accession of Spain 10.12.1981, staðfestur 26. febrúar 1982, öðlaðist gildi 29. maí 1982, C 10/1982.

Viðbótarsamningur um aðild lýðveldisins Póllands/Protocol on the Accession of the Republic of Poland 16.12.1997, staðfestur 25. ágúst 1998, öðlaðist gildi 4. desember 1998.

Viðbótarsamningur um aðild lýðveldisins Tékklands/Protocol on the Accession of the Czech Republic 16.12.1997, staðfestur 25. ágúst 1998, öðlaðist gildi 4. desember 1998.

Viðbótarsamningur um aðild lýðveldisins Ungverjalands/Protocol on the Accession of the Republic of Hungary 16.12.1997, staðfestur 25. ágúst 1998, öðlaðist gildi 4. desember 1998.

5.5.1949 Stofnskrá Evrópuráðsins/Statute of the Council of Europe, aðild 7. mars 1950, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 79.

Breytingar/Amendments 22.5.1951, öðluðust gildi 18. desember 1951, SÍ 80.

Breyting/Amendment 4.5.1953, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 82.

Breytingar/Amendments 14.10.1970, öðluðust gildi 14. október 1970 og 17. febrúar 1971, C 9/1971.

Breyting/Amendment 26.11.1991, öðlaðist gildi sama dag, C 30/1991.

Breyting/Amendment 7.5.1992, öðlaðist gildi sama dag, C 9/1972.

Breyting/Amendment 10.12.1992, öðlaðist gildi 5. febrúar 1993, C 2/1993.

Breyting/Amendment 14.5.1993, öðlaðist gildi sama dag, C 7/1993.

Breyting/Amendment 30.6.1993, öðlaðist gildi sama dag, C 18/1993.

Breyting/Amendment 7.10.1993, öðlaðist gildi sama dag, C 24/1995.

---

[1] Ekki enn í gildi.

Breyting/Amendment 10.11.1994, öðlaðist gildi sama dag, C 24/1995.
Breyting/Amendment 10.2.1995, öðlaðist gildi sama dag, C 24/1995.
Breyting/Amendment 13.7.1995, öðlaðist gildi sama dag, C 24/1995.
Breyting/Amendment 9.11.1995, öðlaðist gildi sama dag, C 24/1995.

18.6.1949 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 91 um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949)/ILO Convention (No. 91) concerning Vacation Holidays with Pay for Seafarers (Revised 1949), aðild 15. júlí 1952, A[1] 63/1952, öðlaðist gildi 14. september 1967.

1.7.1949 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98 um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega/ILO Convention (No. 98) concerning the Application of the Principles of the Right to Organise and to Bargain Collectively, aðild 15. júlí 1952, öðlaðist gildi 15. júlí 1953, SÍ 86.

12.8.1949 Genfarsamningur um bætta meðferð særðra og sjúkra hermanna á vígvelli/ Geneva Convention for the Amelioration of the Condition of the Wounded and Sick in Armed Forces in the Field, aðild og fullgiltur 10. ágúst 1965, öðlaðist gildi 10. febrúar 1966, C 16/1965.

12.8.1949 Genfarsamningur um bætta meðferð særðra, sjúkra og skipreika sjólíða á hafi/ Geneva Convention for the Amelioration of the Condition of the Wounded, Sick and Shipwrecked Members of Armed Forces at Sea, aðild og fullgiltur 10. ágúst 1965, öðlaðist gildi 10. febrúar 1966, C 16/1965.

12.8.1949 Genfarsamningur um meðferð stríðsfanga/Geneva Convention relative to the Treatment of Prisoners of War, aðild og fullgiltur 10. ágúst 1965, öðlaðist gildi 10. febrúar 1966, C 16/1965.

12.8.1949 Genfarsamningur um vernd almennra borgara á stríðstímum/Geneva Convention relative to the Protection of Civilian Persons in Time of War, aðild og fullgiltur 10. ágúst 1965, öðlaðist gildi 10. febrúar 1966, C 16/1965.

2.9.1949 Samningur um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins/General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe, aðild 11. mars 1955, öðlaðist gildi 11. júlí 1956, SÍ 83.

Bókun/Protocol 6.11.1952, aðild 11. mars 1955, öðlaðist gildi 11. júlí 1956, SÍ 84.

Bókun nr. 2/Second Protocol 15.12.1956, undirrituð 15. desember 1956, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 85.

Bókun nr. 3/Third Protocol 6.3.1959, fullgilt 16. febrúar 1971, C 8/1971.

Bókun nr. 4/Fourth Protocol 16.12.1961, fullgilt 29. júní 1995, öðlaðist gildi sama dag, C 23/1995.

Bókun nr. 5/Fifth Protocol 18.6.1990, fullgilt 29. júní 1995, öðlaðist gildi 1. október 1995, C 23/1995.

Bókun nr. 6/Sixth Protocol 5.3.1996, fullgilt 4. nóvember 1998, öðlaðist gildi 5. desember 1998.

19.9.1949 Samningur um umferð á vegum/Convention on Road Traffic, aðild 22. júlí 1983, öðlaðist gildi 21. ágúst 1983, C 9/1983.

---

[1] A-deild Stjórnartíðinda.

18.10.**1950** Samþykkt um fuglaverndun/International Convention for the Protection of Birds, aðild 28. janúar 1956, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 87.

4.11.1950 Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis/Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, aðild 29. júní 1953, öðlaðist gildi 3. september 1953, SÍ 88.

Viðbótarsamningur/Protocol 20.3.1952, aðild 29. júní 1953, öðlaðist gildi 18. maí 1954, SÍ 88.

Viðbótarsamningur nr. 2 um rétt Mannréttindadómstóls Evrópu til álitsgerða/Protocol No. 2 conferring upon the European Court of Human Rights competence to give advisory opinions 6.5.1963, fullgiltur 16. nóvember 1967, C 17/1967, öðlaðist gildi 21. september 1970, C 39/1991.

Viðbótarsamningur nr. 3 um breytingu á 29., 30. og 34. gr. sáttmálans/ Protocol No. 3 amending Articles 29, 30 and 34 of the Convention 6.5.1963, fullgiltur 16. nóvember 1967, C 17/1967, öðlaðist gildi 21. september 1970, C 39/1991.

Viðbótarsamningur nr. 4 um tiltekin mannréttindi og mannfrelsi, önnur en þau sem greinir í sáttmálanum og fyrsta viðbótarsamningi við hann/ Protocol No. 4 securing Certain Rights and Freedoms other than those already included in the Convention and in the first Protocol thereto 16.9.1963, fullgiltur 14. nóvember 1967, C 17/1967, öðlaðist gildi 2. maí 1968, C 7/1968.

Viðbótarsamningur nr. 5 um breytingar á 22. og 40. gr. sáttmálans/Protocol No. 5 amending Articles 22 and 40 of the Convention 20.1.1966, fullgiltur 16. nóvember 1967, C 17/1967, öðlaðist gildi 20. desember 1971, C 39/1991.

Viðbótarsamningur nr. 6 varðandi afnám dauðarefsingar/Protocol No. 6 concerning the Abolition of the Death Penalty 28.4.1983, fullgiltur 22. maí 1987, öðlaðist gildi 1. júní 1987, C 6/1987.

Viðbótarsamningur nr. 7/Protocol No. 7 22.11.1984, fullgiltur 22. maí 1987, C 6/1987, öðlaðist gildi 1. janúar 1988, C 9/1988.

Viðbótarsamningur nr. 8/Protocol No. 8 19.3.1985, fullgiltur 22. maí 1987, C 6/1987, öðlaðist gildi 1. janúar 1990, C 21/1989.

Yfirlýsing um viðurkenningu á lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu/ Declaration on recognition of the jurisdiction of the European Court of Human Rights, gildir ótímabundið frá 2. september 1994, C 19/1995.

Viðbótarsamningur nr. 11 varðandi endurskipulagningu á eftirlitskerfi samningsins/Protocol No. 11 to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, restructuring the control machinery established thereby 11.5.1994, fullgiltur 29. júní 1995, C 20/1995, öðlaðist gildi 1. nóvember 1998.

15.12.1950 Samningur um tollasamvinnuráð/Convention establishing a Customs Co-operation Council, undirritaður 15. desember 1950, öðlaðist gildi sama dag, C 2/1971.

20.9.**1951** Samkomulag varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfsliðs þess/Agreement on the Status of the North Atlantic Treaty Organization, National Representatives and International Staff, aðild 11. maí 1953, öðlaðist gildi 18. maí 1954, SÍ 78.

29.6.1951 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf/ILO Convention (No. 100) concerning Equal

Remuneration for Men and Women Workers for Work of Equal Value, aðild 17. febrúar 1958, öðlaðist gildi 17. febrúar 1959, SÍ 89.

28.7.1951 Samningur um réttarstöðu flóttamanna/Convention relating to the Status of Refugees, staðfestur 30. nóvember 1955, öðlaðist gildi 1. mars 1956, SÍ 90.
Breytingar/Protocol 31.1.1967, fullgiltar 31. janúar 1967, öðluðust gildi sama dag, C 5/1968.

28.6.**1952** Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 102 um lágmark félagslegs öryggis/ILO Convention (No. 102) concerning Minimum Standards of Social Security, staðfest 20. febrúar 1961, öðlaðist gildi 20. febrúar 1962, SÍ 94.

28.8.1952 Bókun varðandi aðstöðu alþjóðlegra hernaðarbækistöðva sem stofnað hefur verið til samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum/Protocol on the Status of International Military Headquarters set up pursuant to the North Atlantic Treaty, aðild 11. maí 1953, öðlaðist gildi 10. apríl 1954, SÍ 97.

6.9.1952 Samningur um höfundarrétt/Universal Copyright Convention, aðild 18. september 1956, öðlaðist gildi 18. desember 1956, SÍ 98.

7.11.1952 Alþjóðasamningur um auðveldun innflutnings á vörusýnishornum og auglýsingaefni/International Convention to Facilitate the Importation of Commercial Samples and Advertising Material, aðild 28. apríl 1977, öðlaðist gildi 28. maí 1977, C 10/1977.

31.3.**1953** Samningur um pólitíska réttarstöðu kvenna/Convention on the Political Rights of Women, aðild 30. júní 1954, öðlaðist gildi 28. september 1954, SÍ 99.

11.12.1953 Samþykkt Evrópuríkja um framfærslu- og læknishjálp, ásamt viðbótarsamningi/European Convention on Social and Medical Assistance, with Protocol, fullgilt 4. desember 1964, öðlaðist gildi 1. janúar 1965, C 11/1964.

11.12.1953 Bráðabirgðasamningur Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur, ásamt viðbótarsamningi/European Interim Agreement on Social Security Schemes relating to Old Age, Invalidity and Survivors, with Protocol, fullgiltur 4. desember 1964, öðlaðist gildi 1. janúar 1965, C 12/1964.

11.12.1953 Bráðabirgðasamningur Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög önnur en þau er varða elli, örorku og eftirlifendur, ásamt viðbótarsamningi/European Interim Agreement on Social Security other than Schemes for Old Age, Invalidity and Survivors, with Protocol, fullgiltur 4. desember, öðlaðist gildi 1. janúar 1965, C 13/1964.

11.12.1953 Samningur Evrópuráðsríkja um jafngildi prófskírteina til aðgangs að háskólum/European Convention on the Equivalence of Diplomas Leading to Admission to Universities, aðild 5. ágúst 1954, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 100.

11.12.1953 Samningur Evróðuráðsríkja um formsatriði við umsóknir um einkaleyfi/European Convention relating to the Formalities required for Patent Applications, fullgiltur 24. mars 1966, öðlaðist gildi 1. apríl 1966, C 5/1966.

11.12.1953 Stofnskrá Evrópunefndar til varnar gin- og klaufaveiki/Constitution of the European Commission for the Control of Foot-and-Mouth Disease, aðild 12. júní 1954, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 101.

12.5.**1954** Alþjóðasamningur um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu/International Convention for the Prevention of Pollution of the Sea by Oil, fullgiltur 23. maí 1962, öðlaðist gildi sama dag, C 4/1962.

Breytingar/Amendments 13.4.1962, fullgiltar 13. apríl 1963, öðluðust gildi 18. maí 1967, C 6/1966.

Breytingar/Amendments 21.10.1969, C 17/1970, öðluðust gildi 20. janúar 1978, C 23/1977.

22.5.1954 Bókun um að leysa ríkisborgara Norðurlanda undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu/Protokol vedrörende fritagelse for Nordiske statsborgere, for at være i besiddelse af pas og opholdstilladelse under ophold i et andet nordisk land end hjemlandet, aðild með erindisskiptum milli Íslands og Danmerkur 11. og 20. október 1955, milli Íslands og Finnlands 3. og 9. nóvember 1955, milli Íslands og Noregs 14. nóvember 1955, milli Íslands og Svíþjóðar 3. nóvember 1955, öðlaðist gildi 1. desember 1955, SÍ 102.

19.12.1954 Menningarsáttmáli Evrópu/European Cultural Convention, fullgiltur 1. mars 1956, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 103.

25.5.**1955** Samkomulag um Alþjóðalánastofnun/Articles of Agreement of the International Finance Corporation, undirritaður 18. ágúst 1955, öðlaðist gildi 20. júlí 1956, SÍ 104.

5.8.1955 Gjaldeyrissamningur Evrópu/European Monetary Agreement, öðlaðist gildi 27. desember 1958, SÍ 106.

30.4.**1956** Samningur um viðskiptaréttindi óreglubundinnar flugþjónustu í Evrópu/Multilateral Agreement on Commercial Rights of Non-Scheduled Air Services in Europe, fullgiltur 25. sepember 1961, öðlaðist gildi 25. desember 1961, SÍ 108.

7.9.1956 Samningur um afnám þrælahalds og þrælasölu/Supplementary Convention on the Abolition of Slavery, the Slave Trade, and Institutions and Practices Similar to Slavery, fullgiltur 17. nóvember 1965, öðlaðist gildi sama dag, C 17/1965.

25.9.1956 Samkomulag um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi/Agreement on the Joint Financing of Certain Air Navigation Services in Iceland, staðfest 18. febrúar 1957, öðlaðist gildi 6. júní 1958, SÍ 109.

Bókun/Protocol 3.11.1982, samþykkt 10. ágúst 1987, öðlaðist gildi til bráðabirgða sama dag, C 14/1987, öðlaðist endanlegt gildi 17. nóvember 1989, C 2/1992.

25.9.1956 Samkomulag um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og Færeyjum/Agreement on the Joint Financing of Certain Air Navigation Services in Greenland and the Faroe Islands, fullgilt 18. febrúar 1957, öðlaðist gildi 6. júní 1958, SÍ 110.

Bókun/Protocol 3.11.1982, samþykkt 10. ágúst 1987, öðlaðist gildi til bráðabirgða sama dag, C 15/1987, öðlaðist endanlegt gildi 17. nóvember 1989, C 3/1992.

26.10.1956 Stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar/Statute of the International Atomic Energy Agency, staðfest 6. ágúst 1957, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 111.

Breyting/Amendment 28.9.1970, staðfest 6. júlí 1972, C 11/1972, öðlaðist gildi 1. júní 1973, C 38/1991.

Breyting/Amendment 27.9.1984, staðfest 15. apríl 1987, C 4/1987, öðlaðist gildi 28. desember 1989, C 38/1991.

21.11.1956 Samningur um tæknilega aðstoð milli Íslands og Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra/Agreement concerning Technical Assistance between Iceland and the United Nations and its Organizations, undirritaður 21. nóvember, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 112.

15.12.1956 Samningur Evrópuríkja um jafngildi námsdvalar í háskólum/European Convention on the Equivalence of Periods of University Study, fullgiltur 5. apríl 1963, öðlaðist gildi sama dag, C 7/1963.

20.2.**1957** Samþykkt um ríkisfang giftra kvenna/Convention on the Nationality of Married Women, aðild 18. október 1977, öðlaðist gildi 16. janúar 1978, C 17/1977.

25.6.1957 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 105 um afnám nauðungarvinnu/ILO Convention (No. 105) concerning the Abolition of Forced Labour, staðfest 29. nóvember 1960, öðlaðist gildi 29. nóvember 1961, SÍ 114.

12.7.1957 Samningur Norðurlanda um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna/Nordisk overenskomst om ophævelse af paskontrollen ved de fællesnordiske grænser, öðlaðist gildi 1. janúar 1966, C 19/1965.

Viðauki/Supplementary Protocol 20.5.1963, aðild 24. september 1965, öðlaðist gildi 1. janúar 1966, C 19/1965.

Viðauki/Supplementary Protocol 2.4.1973, fullgiltur 1. janúar 1973, öðlaðist gildi sama dag, C 9/1973.

Breytingar/Amendments 27.7.1979, undirritaðar 27. júlí 1979, öðluðust gildi 26. ágúst 1979, C 9/1979.

10.10.1957 Alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð eigenda skipa sem á sjó sigla/International Convention relating to the Limitation of the Liability of Owners of Seagoing Ships, fullgilt 16. apríl 1968, öðlaðist gildi 16. apríl 1969, C 16/1968.

13.12.1957 Evrópusamningur um framsal sakamanna/European Convention on Extradition, fullgiltur 20. júní 1984, öðlaðist gildi 18. september 1984, C 8/1984.

Viðbótarsamningur/Additional Protocol 15.10.1975, fullgiltur 20. júní 1984, öðlaðist gildi 18. september 1984, C 8/1984.

Annar viðbótarsamningur/Second Additional Protocol 17.3.1978, fullgiltur 20. júní 1984, öðlaðist gildi 18. september 1984, C 8/1984.

13.5.**1958** Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 108 um persónuskilríki sjómanna/ILO Convention (No. 108) concerning Seafarers National Identity Documents, fullgilt 26. október 1970, öðlaðist gildi 26. október 1971, C 27/1970.

25.6.1958 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111 varðandi misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa/ILO Convention (No. 111) concerning Discrimination in respect of Employment and Occupation, fullgilt 29. júlí 1963, öðlaðist gildi 29. júlí 1964, C 14/1963.

20.4.**1959** Evrópusamningur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum/European Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters, fullgiltur 20. júní 1984, öðlaðist gildi 18. september 1984, C 9/1984.

Viðbótarsamningur/Additional Protocol 17.3.1978, fullgiltur 20. júní 1984, öðlaðist gildi 18. september 1984, C 9/1984.

20.4.1959 Samningur Evrópuríkja um afnám vegabréfsáritana fyrir flóttamenn/European Agreement on the Abolition of Visas for Refugees, fullgiltur 8. september 1966, öðlaðist gildi 8. október 1966, C 15/1966.

14.12.1959 Samningur Evrópuríkja um viðurkenningu á háskólaprófum/European Convention on the Academic Recognition of University Qualifications, fullgiltur 5. apríl 1963, öðlaðist gildi 5. maí 1963, C 6/1963.

4.1.**1960** Samningur um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA)/Convention Establishing the European Free Trade Association, aðild 22. janúar 1970, öðlaðist gildi 1. mars 1970, C 7/1970.

Bókun varðandi úrsögn Bretlands og Danmerkur/Protocol relating to the Withdrawal of Denmark and the United Kingdom 21.12.1972, úrsögn miðaðist við 31. desember 1972, C 23/1971.

Bókun um löghæfi, sérréttindi og friðhelgi Fríverslunarsamtaka Evrópu/ Protocol on the Legal Capacity, Privileges and Immunities of the European Free Trade Association 28.7.1960, aðild 22. janúar 1970, öðlaðist gildi 1. mars 1970, C 7/1970.

Bókun um samkomulag varðandi aðild Íslands að samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu/Record of Understandings relating to the accession of Iceland to the Convention Establishing the European Free Trade Association 27.1.1970, aðild 20. janúar 1970, öðlaðist gildi 1. mars 1970, C 7/1970.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 17/1969 um aðild Íslands/Decision of the Council No. 17/1969 relating to the Accession of Iceland 4.12.1969, aðild 20. janúar 1970, öðlaðist gildi 1. mars 1970, C 7/1970.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 8/1975 um breytingu á viðauka G/Decision of the Council No. 8/1975 on an Amendment to Annex G 6.11.1975, fullgilt 31. ágúst 1976, öðlaðist gildi sama dag, C 20/1976.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 4/1976 um stofnun Iðnþróunarsjóðs EFTA fyrir Portúgal/Decision of the Council No. 4/1976 on the Establishment of the EFTA Industrialization Fund for Portugal 7.4.1976, staðfest 2. júní 1976, C 17/1976, öðlaðist gildi 1. febrúar 1977, C 6/1977.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 15/1976 um breytingu á viðauka G/Decision of the Council No. 15/1976 on an Amendment to Annex G 16.12.1976, fullgilt 14. október 1977, C 19/1977, öðlaðist gildi 2. maí 1978, C 6/1978.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 7/1982 um breytingu á viðauka G/Decision of the Council No. 7/1982 on an Amendment to Annex G 1.7.1982, öðlaðist gildi 23. desember 1982, C 22/1982.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 15/1987 um breytingar á samningnum/Decision of the Council No. 15/1987 on Amendments of the Convention 14.12.1987, staðfest 1. júlí 1988, öðlaðist gildi sama dag, C 7/1988.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 6/1989 um breytingar á samningnum/Decision of the Council No. 6/1989 on Amendments of the Convention 14.6.1989, staðfest 27. júní 1990, öðlaðist gildi 1. júlí 1990, C 22/1990.

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 2/1991 um aðild Liechtenstein/Decision of the Council No. 2/1991 relating to the Accession of Liechtenstein 22.5.1991, aðild 30. ágúst 1991, öðlaðist gildi 1. september 1991, C 1/1992.

26.1.1960 Samningur um Hina alþjóðlegu framfarastofnun/Articles of Agreement of the International Development Association, aðild 19. maí 1961, öðlaðist gildi sama dag, SÍ 122.

Breyting/Amendment 5.11.1971, öðlaðist gildi 5. nóvember 1971, C 24/1971.

28.4.1960 Samningur Evrópuríkja um tímabundinn tollfrjálsan innflutning lækningatækja o.fl./Agreement on the Temporary Importation, Free of Duty, of Medical, Surgical and Laboratory Equipment, etc., fullgiltur 26. janúar 1967, öðlaðist gildi 7. apríl 1967, C 1/1967.

Viðbótarbókun/Additional Protocol 1.1.1983, öðlaðist gildi 1. janúar 1985, C 3/1988.

17.6.1960 Samningur um öryggi mannslífa á hafinu/International Convention for the Safety of Life at Sea, fullgiltur 11. desember 1964, öðlaðist gildi 26. maí 1965, C 8/1965.

14.12.1960 Samningur um Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunina/Convention on the Organisation for Economic Co-operation and Development, fullgiltur 28. apríl 1961, öðlaðist gildi 30. september 1961, SÍ 124.

30.3.**1961** Alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni, 1961/Single Convention on Narcotic Drugs, 1961, aðild 18. desember 1974, öðlaðist gildi 17. janúar 1975, C 22/1974.

Bókun um breytingar/Protocol amending the Single Convention 25.3.1972, fullgilt 18. desember 1974, C 22/1974, öðlaðist gildi 8. ágúst 1975, C 16/1975.

18.4.1961 Vínarsamningur um stjórnmálasamband/Vienna Convention on Diplomatic Relations, aðild 18. maí 1971, öðlaðist gildi 17. júní 1971, C 14/1971.

Kjörfrjáls bókun varðandi öflun ríkisborgararéttar/Optional Protocol concerning Acquisition of Nationality 18.4.1961, aðild 18. maí 1971, öðlaðist gildi 17. júní 1971, C 14/1971.

Kjörfrjáls bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála/Optional Protocol concerning the Compulsory Settlement of Disputes 18.4.1961, aðild 18. maí 1971, öðlaðist gildi 17. júní 1971, C 14/1971.

8.6.1961 Tollasamningur varðandi hlunnindi vegna innflutnings á vörum til kynningar eða notkunar á sýningum o.fl./Customs Convention concerning Facilities for the Importation of Goods for Display or use at Exhibitions, Fairs, Meetings or Similar Events, aðild 6. desember 1970, öðlaðist gildi 6. mars 1971, C 24/1970.

8.6.1961 Tollasamningur varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum/Customs Convention on the Temporary Importation of Professional Equipment, aðild 6. desember 1970, öðlaðist gildi 6. mars 1971, C 25/1970.

18.10.1961 Félagsmálasáttmáli Evrópu/European Social Charter, fullgiltur 15. janúar 1976, öðlaðist gildi 14. febrúar 1976, C 3/1976.

26.10.1961 Alþjóðasamningur um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana/International Convention for the Protection of Performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organisations, fullgiltur 15. mars 1994, öðlaðist gildi 15. júní 1994, C 2/1994.

6.12.1961 Tollasamningur um ATA-ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir/Customs Convention on the ATA Carnet for the Temporary Admission

of Goods (ATA Convention), aðild 16. júní 1970, öðlaðist gildi 16. september 1970, C 23/1970.

16.12.1961 Evrópusamningur um ferðalög æskufólks á sameiginlegum vegabréfum/ European Agreement on Travel by Young Persons on Collective Passports between the Member Countries of the Council of Europe, fullgiltur 13. janúar 1969, öðlaðist gildi 13. febrúar 1969, C 1/1969.

23.3.**1962** Samstarfssamningur Norðurlanda/Nordisk samarbejdsoverenskomst, staðfestur 11. apríl 1962, öðlaðist gildi 1. júlí 1962, C 7/1962.

Breyting/Ændring 13.2.1971, fullgilt 1. júní 1971, öðlaðist gildi 1. júlí 1971, C 16/1971.

Breyting/Ændring 1.3.1974, fullgilt 16. ágúst 1976, öðlaðist gildi 5. september 1976, C 17/1975.

Breyting/Ændring 15.6.1983, fullgilt 23. desember 1983, öðlaðist gildi 28. janúar 1984, C 13/1983.

Breyting/Ændring 21.8.1991, staðfest 23. desember 1991, öðlaðist gildi 29. janúar 1992, C 33/1991.

Breyting/Ændring 18.3.1993, staðfest 7. október 1993, öðlaðist gildi 7. nóvember 1993, C 27/1993.

Breyting/Ændring 29.9.1995, staðfest 15. desember 1995, öðlaðist gildi 2. janúar 1996, C 28/1995.

23.3.1962 Norðurlandasamningur um innheimtu meðlaga/Nordisk konvention om inndriving av underholdsbidrag, fullgiltur 6. febrúar 1963, öðlaðist gildi 1. júlí 1963, C 1/1963.

10.12.1962 Samningur um samþykki og lágmarksaldur til hjúskapar og um skráningu hjónabanda/Convention on Consent to Marriage, Minimum Age for Marriage and Registration of Marriages, aðild 18. október 1977, öðlaðist gildi 16. janúar 1978, C 18/1977.

24.4.**1963** Vínarsamningur um ræðissamband/Vienna Convention on Consular Relations, aðild 1. júní 1978, öðlaðist gildi 1. júlí 1978, C 8/1978.

Kjörfrjáls bókun varðandi ríkisborgararétt/Optional Protocol concerning Acquisition of Nationality 24.4.1963, aðild 1. júní 1978, öðlaðist gildi 1. júlí 1978, C 8/1978.

Kjörfrjáls bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála/Optional Protocol concerning the Compulsory Settlement of Disputes 24.4.1963, aðild 1. júní 1978, öðlaðist gildi 1. júlí 1978, C 8/1978.

5.8.1963 Samningur um bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðan sjávar/Treaty Banning Nuclear Weapon Tests in the Atmosphere, in Outer Space and Under Water, fullgiltur 29. apríl 1964, öðlaðist gildi sama dag, C 3/1964.

14.9.1963 Samningur varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum/Convention on Offences and Certain Other Acts Committed on Board Aircraft, aðild 16. mars 1970, öðlaðist gildi 14. júní 1970, C 11/1970.

18.6.**1964** Samningur milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins um kjarnorkuupplýsingar/Agreement between the Parties to the North Atlantic Treaty for Co-operation regarding Atomic Information, öðlaðist gildi 12. mars 1965, C 3/1965.

9.7.1964 Samþykkt nr. 122 um stefnu í atvinnumálum/Convention No. 122 Concerning Employment Policy, fullgilt 22. júní 1990, öðlaðist gildi 22. júní 1991, C 20/1990.

22.7.1964 Samningur um lyfjaskrá Evrópu/Convention on the Elaboration of a European Pharmacopoeia, aðild 10. júní 1975, öðlaðist gildi 11. september 1975, C 15/1975.

Viðbótarbókun/Protocol 16.11.1989, undirrituð án fyrirvara um fullgildingu 19. júní 1990, C 17/1990, öðlaðist gildi 1. nóvember 1992.

12.9.1964 Samningur um Alþjóðahafrannsóknaráðið/Convention for the International Council for the Exploration of the Sea, fullgiltur 4. desember 1964, C 2/1965, öðlaðist gildi 22. júlí 1968, C 10/1968.

Bókun/Protocol 13.8.1970, undirrituð 28. september 1970, C 26/1970, öðlaðist gildi 12. nóvember 1975, C 2/1976.

18.3.**1965** Samningur um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja/Convention on the Settlement of Investment Disputes between States and Nationals of Other States, fullgiltur 25. júlí 1966, öðlaðist gildi 14. október 1966, C 13/1966.

9.4.1965 Alþjóðasamningur um auðveldun flutninga á sjó/Convention on Facilitation of International Maritime Traffic, aðild 24. janúar 1967, öðlaðist gildi 5. mars 1967, C 2/1967.

Breyting/Amendment 26.4.1965, samþykkt 21. október 1972, öðlaðist gildi sama dag, C 20/1972.

12.11.1965 Alþjóðafjarskiptasamningur/International Telecommunications Convention, fullgiltur 8. mars 1967, öðlaðist gildi sama dag, C 7/1967.

19.10./30.11.1965 Samkomulag í formi orðsendingaskipta við Benelux-löndin um gagnkvæma niðurfellingu tolla af tækjum sem notuð eru til afgreiðslu á flugvélum/Agreement with the Benelux Countries on the Abolition of Customs Duties on Aviation Equipment, öðlaðist gildi 30. nóvember 1965, C 23/1965.

3.12.1965 Samningur Norðurlanda um gegnumflutning manna sem vísað hefur verið úr landi/Nordisk overenskomst om transistering af udviste personer, undirritaður 3. desember 1965, C 21/1965, öðlaðist gildi 21. apríl 1966, C 8/1966.

7.3.**1966** Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis/International Convention on the Elimination of All Forms of Racial Discrimination, fullgiltur 13. mars 1967, C 14/1968, öðlaðist gildi 4. janúar 1969, C 17/1969.

Yfirlýsing Íslands um viðurkenningu á valdi nefndar um afnám kynþáttamisréttis, afhent 10. ágúst 1981, C 20/1981, öðlaðist gildi 3. desember 1982, C 24/1982.

5.4.1966 Alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa/International Load Line Convention, aðild 24. júní 1970, öðlaðist gildi 24. september 1970, C 19/1970.

19.12.1966 Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi/International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights, fullgiltur 22. ágúst 1979, öðlaðist gildi 22. nóvember 1980, C 10/1979.

19.12.1966 Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi/International Covenant on Civil and Political Rights, fullgiltur 22. ágúst 1979, öðlaðist gildi 22. nóvember 1980, C 10/1979.

Valfrjáls bókun/Optional Protocol 19.12.1966, aðild 22. ágúst 1979, öðlaðist gildi 22. nóvember 1980, C 10/1979.

Önnur valfrjáls bókun um afnám dauðarefsingar/Second Optional Protocol, Aiming at the Abolition of the Death Penalty 15.12.1989, fullgilt 2. apríl 1991, öðlaðist gildi 11. júlí 1991, C 11/1991.

Afturköllun á fyrirvara/Withdrawal of a reservation 18.10.1993, C 28/1993.

27.1.**1967** Samningur um rannsóknir og not ríkja af himingeimnum, tungli og stjörnum/Treaty on Principles Governing the Activities of States in the Exploration and Use of Outer Space, including the Moon and other Celestial Bodies, fullgiltur 5. febrúar 1968, öðlaðist gildi 10. október 1968, C 1/1968.

3.5.1967 Samningur um Alþjóðasjómælingastofnunina/Convention on the International Hydrographic Organization, fullgiltur 6. maí 1968, C 6/1968, öðlaðist gildi 22. september 1970, C 16/1970.

Breyting/Amendment 6.5.1987, samþykkt 28. júní 1989, C 4/1989.[1]

1.6.1967 Samningur um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi/Convention on Conduct of Fishing Operations in the North Atlantic, fullgiltur 12. maí 1969, C 6/1969, öðlaðist gildi 26. september 1976, C 1/1977.

14.7.1967 Samningur um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar/Convention Establishing the World Intellectual Property Organisation, fullgiltur 13. júní 1986, öðlaðist gildi 13. september 1986, C 11/1986.

14.7.1967 Parísarsamningur um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, 13.–30. gr./Paris Convention for the Protection of Industrial Property, Articles 13–30, fullgiltur 28. september 1984, öðlaðist gildi 28. desember 1984, C 17/1984.

1.–12. gr./Articles 1–12, fullgiltar 23. desember 1994, öðluðust gildi 9. apríl 1995, C 6/1995.

22.4.**1968** Samningur um björgun geimfara, framsal geimfara og skil á hlutum sem skotið hefur verið út í himingeiminn/Agreement on the Rescue of Astronauts, the Return of Astronauts and the Return of Objects Launched into Outer Space, fullgiltur 4. desember 1969, öðlaðist gildi sama dag, C 21/1969.

7.6.1968 Evrópusamningur um upplýsingar um erlenda löggjöf/European Convention on Information on Foreign Law, fullgiltur 2. október 1969, öðlaðist gildi 3. janúar 1970, C 16/1969.

Viðbótarsamningur/Additional Protocol 15.3.1978, fullgiltur 19. september 1989, öðlaðist gildi 20. desember 1989, C 16/1989.

1.7.1968 Samningur um að dreifa ekki kjarnavopnum/Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons, fullgiltur 18. júlí 1969, C 15/1969, öðlaðist gildi 5. mars 1970, C 5/1970.

8.10.1968 Locarnosamningur um alþjóðlega flokkun hönnunar/Locarno Agreement Establishing an International Classification for Industrial Designs, aðild 23. desember 1994, öðlaðist gildi 9. apríl 1995, C 10/1995.

13.12.1968 Evrópusamningur um vernd dýra í millilandaflutningum/European Convention for the Protection of Animals during International Transport, fullgiltur 1. maí 1969, C 8/1969, öðlaðist gildi 20. febrúar 1971, C 28/1992.

Viðbótarbókun/Additional Protocol 10.5.1979, undirrituð án fyrirvara um fullgildingu, C 8/1986, öðlaðist gildi 7. nóvember 1989, C 36/1991.

---

[1] Ekki enn í gildi.

13.2.**1969** Samningur um stofnun Sameindalíffræðiþings Evrópu/Agreement Establishing the European Molecular Biology Conference, aðild 20. febrúar 1978, öðlaðist gildi sama dag, C 4/1978.

6.5.1969 Evrópusamningur um vernd fornleifaarfsins/European Convention on the Protection of the Archeological Heritage, fullgiltur 19. september 1989, öðlaðist gildi 20. desember 1989, C 15/1989.

6.5.1969 *Evrópusamningur um málefni þátttakenda í málflutningi fyrir mannréttindanefnd og mannréttindadómstóli Evrópu/European Agreement relating to Persons Participating in Proceedings of the European Commission and Court of Human Rights, fullgiltur 29. júní 1995, öðlaðist gildi 30. júlí 1995, C 21/1995.*

23.6.1969 Alþjóðasamningur um mælingar skipa/International Convention on Tonnage Measurement of Ships, aðild 24. júní 1970, C 18/1970, öðlaðist gildi 18. júlí 1982.

29.11.1969 Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda, eða geta valdið, olíumengun/International Convention relating to Intervention on the High Seas in Cases of Oil Pollution Casualties, staðfestur 17. júlí 1980, öðlaðist gildi 15. október 1980, C 10/1980.

29.11.1969 Alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar/International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, staðfestur 17. júlí 1980, öðlaðist gildi 15. október 1980, C 10/1980.

Bókun/Protocol 19.11.1976, staðfest 24. mars 1994, öðlaðist gildi 22. júní 1994, C 15/1995.

Bókun/Protocol 27.11.1992, aðild 13. nóvember 1998, öðlast gildi 13. nóvember 1999.

12.12.1969 Evrópusamningur um greiðslu námsstyrkja til námsmanna erlendis/European Agreement on continued Payment of Scholarships to Students studying abroad, fullgiltur 16. febrúar 1971, öðlaðist gildi 17. mars 1971, C 12/1971.

12.12.1969 Samningur um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland/Aftale om en Industrialiseringsfond for Island, öðlaðist gildi 9. mars 1970, C 8/1970.

Viðbótarsamningur/Tillægsaftale 29.4.1980, öðlaðist gildi 14. júlí 1980, C 13/1980.

Viðbótarsamningur/Tillægsaftale 21.3.1986, öðlaðist gildi 30. maí 1986, C 7/1986.

28.5.**1970** Evrópusamningur um alþjóðlegt gildi refsidóma/European Convention on the International Validity of Criminal Judgements, fullgiltur 6. ágúst 1993, öðlaðist gildi 7. nóvember 1993, C 22/1993.

19.6.1970 Samstarfssamningur um einkaleyfi/Patent Cooperation Treaty, aðild 23. desember 1994, öðlaðist gildi 23. mars 1995, C 7/1995.

8.10.1970 Samningur um gagnkvæma viðurkenningu á eftirliti með framleiðslu lyfja/Convention for the Mutual Recognition of Inspections in respect of the Manufacture of Pharmaceutical Products, öðlaðist gildi 25. maí 1971, C 6/1971.

16.12.1970 Samningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara (Haag-samningur)/Convention for the Suppression of Unlawful Seizure of Aircraft (Hague), aðild 29. júní 1973, öðlaðist gildi 30. júlí 1973, C 12/1973.

2.2.**1971** Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf/Convention on Wetlands of International Importance, Especially as Waterfowl Habitat, aðild 2. desember 1977, öðlaðist gildi 2. apríl 1978, C 1/1978.

Bókun/Protocol 3.12.1982, undirrituð án fyrirvara um fullgildingu 11. júní 1986, öðlaðist gildi 1. október 1986, C 10/1986.

Breyting/Amendment 28.5.1987, staðfest 18. júní 1993, C 19/1993, öðlaðist gildi 1. maí 1994.

11.2.1971 Samningur um bann við staðsetningu gjöreyðingarvopna á hafsbotni/Treaty on the Prohibition of the Emplacement of Nuclear Weapons and other Weapons of Mass Destruction on the Sea-Bed and the Ocean Floor and in the Subsoil Thereof, undirritaður 11. febrúar 1971, C 11/1971, fullgiltur 30. maí 1972, öðlaðist gildi sama dag, C 6/1972.

21.2.1971 Alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni, 1971/Convention on Psychotropic Substances, 1971, aðild 18. desember 1974, C 23/1974, öðlaðist gildi 16. ágúst 1976, C 19/1976.

15.3.1971 Norðurlandasamningur um samstarf á sviði menningarmála/Nordisk Aftale om kulturelt samarbejde, fullgiltur 8. desember 1971, öðlaðist gildi 1. janúar 1972, C 2/1972.

Breyting/Amendment 13.6.1983, fullgilt 23. desember 1983, C 18/1983, öðlaðist gildi 1. febrúar 1984, C 2/1984.

Breyting/Amendment 6.5.1985, staðfest 30. nóvember 1985, C 15/1985, öðlaðist gildi 12. febrúar 1986, C 5/1986.

Breyting/Amendment 15.9.1989, staðfest 2. maí 1990, öðlaðist gildi 1. júní 1990, C 12/1990.

24.7.1971 Bernarsáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum, 22.–38. gr./Berne Convention for the Protection of Literary and Artistic Works, Articles 22–38, aðild 28. september 1984, öðlaðist gildi 28. desember 1984, C 18/1984.

20.8.1971 Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti, „INTELSAT“, ásamt rekstrarsamkomulagi/Agreement relating to the International Telcommunications Satellite Organization, „INTELSAT“, with Operating Agreement, fullgiltur 7. febrúar 1975, öðlaðist gildi sama dag, C 3/1975.

23.9.1971 Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna/Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, aðild 29. júní 1973, öðlaðist gildi 30. júlí 1973, C 13/1973.

Bókun til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð/Protocol for the Suppression of Unlawful Acts of Violence at Airports Serving International Civil Aviation 23.2.1988, fullgilt 9. maí 1990, öðlaðist gildi 8. júní 1990, C 9/1990.

18.12.1971 Alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar/International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, staðfestur 17. júlí 1980, öðlaðist gildi 15. október 1980, C 10/1980.

Bókun/Protocol 19.11.1976, staðfest 24. mars 1994, öðlaðist gildi 22. nóvember 1994, C 16/1995.

Bókun/Protocol 27.11.1992, aðild 13. nóvember 1998, öðlast gildi 13. nóvember 1999.

10.4.**1972** Samningur um bann við sýkla- og eiturvopnum/Convention on the Prohibition and Stockpiling of Bacteriological (Biological) and Toxin Weapons and on their Destruction, undirritaður 10. apríl 1972, C 8/1972, fullgiltur 15. febrúar 1973, C 5/1973, öðlaðist gildi 26. mars 1975, C 8/1975.

20.10.1972 Samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972/Convention on the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972, fullgilt 21. apríl 1975, C 6/1975, öðlaðist gildi 15. júlí 1977, C 4/1977.
Breytingar/Amendment 19.11.1981, öðlaðist gildi 1. júní 1983, C 4/1983.
Breytingar/Amendment 19.11.1987, öðlaðist gildi 19. nóvember 1989.
Breytingar/Amendment 19.10.1989, öðlaðist gildi 19. apríl 1991.

16.11.1972 *Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins/ Convention for the Protection of the World Cultural and Natural Heritage, fullgiltur 19. desember 1995, öðlaðist gildi 19. mars 1996, C 42/1995.*

2.12.1972 Alþjóðaamningur um gáma, 1972/International Convention for Safe Containers, 1972, aðild 25. október 1994, öðlaðist gildi 25. október 1995, C 12/1995.

29.12.1972 Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningur)/Convention on the Prevention of Marine Pollution by Dumping of Wastes and Other Matter (London), staðfestur 24. maí 1973, C 17/1973, öðlaðist gildi 30. ágúst 1975, C 1/1976.

20.2.**1973** Norðurlandasamningur um tækni- og iðnþróunarsjóð/Nordisk overenskomst om en nordisk fond for teknologi og industriel udvikling, undirritaður 20. febrúar 1973, C 18/1973, öðlaðist gildi 17. apríl 1974, C 7/1974.

25.10.1973 Alþjóðafjarskiptasamningur (Malaga-Torremolinos, 1973)/International Telecommunications Convention (Malaga-Torremolinos, 1973), fullgiltur 6. janúar 1977, öðlaðist gildi sama dag, C 5/1977.

26.10.1973 Samningur um flutning líka/Agreement on the Transfer of Corpses, undirritaður án fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu 10. október 1975, öðlaðist gildi 11. nóvember 1975, C 20/1975.

2.11.1973 Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, 1973/International Convention for the Prevention of Pollution from Ships, 1973, aðild 25. júní 1985, C 9/1985, öðlaðist gildi 25. september 1985, C 5/1989.
Bókun/Protocol 17.2.1978, aðild 25. júní 1985, öðlaðist gildi 25. september 1985, C 9/1985.
Bókun/Protocol 17.2.1978, öðlaðist gildi 1. júlí 1992, C 13/1992.

14.12.1973 Samningur um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum/Convention on the Prevention and Punishment of Crimes against Internationally Protected Persons, including Diplomatic Agents, fullgiltur 2. ágúst 1977, öðlaðist gildi 1. september 1977, C 15/1977.

26.4.**1974** Norðurlandasamningur um gagnkvæma dómsmálaaðstoð/Nordisk overenskomst om gensidig retshjælp, fullgiltur 22. maí 1975, öðlaðist gildi 22. júlí 1975, C 11/1975.

24.6.1974 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini/ILO Convention No. 139, concerning Prevention and Control of Occupational Hazards caused by Carcinogenic Substances and Agents, fullgilt 21. júní 1991, öðlaðist gildi 21. júní 1992, C 20/1991.

5.7.1974 Alþjóðapóstsamningar (Lausanne)/Universal Postal Convention and Related Agreements (Lausanne), fullgiltir 8. október 1975, öðluðust gildi sama dag, C 21/1975.

1.11.1974 Alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu, 1974/International Convention for the Safety of Life at Sea, 1974, fullgiltur 16. júlí 1983, öðlaðist gildi 16. október 1983, C 7/1983.

Bókun 1978/Protocol of 1978 17.2.1978, fullgilt 16. júlí 1983, öðlaðist gildi 16. október 1983, C 7/1983.

15.11.1974 Samkomulag um rekstur veðurathugunarstöðva á Norður-Atlantshafi/Agreement for Joint Financing of North Atlantic Ocean Stations, fullgilt 21. maí 1975, C 12/1975, öðlaðist gildi 1. desember 1976, C 24/1976.

Lagfæringar/Amendments 13.–16.12.1976, samþykktar 13.–16. desember 1976, C 8/1977.

12.6.**1975** Samningur um Menningarsjóð Norðurlanda/Overenskomst om nordisk kulturfond, fullgiltur 28. júní 1976, C 16/1976, öðlaðist gildi 1. desember 1976, C 23/1976.

Breyting/Amendment 3.12.1990, staðfest 4. apríl 1991, C 9/1991, öðlaðist gildi 3. maí 1991, C 15/1991.

4.12.1975 Samningur um stofnun Norræna fjárfestingarbankans/Aftale om etablering af Den Nordiske investering bank, fullgiltur 31. maí 1976, öðlaðist gildi 1. júní 1976, C 12/1976.

10.3.**1976** Evrópusamningur um vernd dýra í landbúnaði/European Convention for the Protection of Animals Kept for Farming Purposes, fullgiltur 19. september 1989, öðlaðist gildi 20. mars 1990, C 17/1989.

21.6.1976 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála/ILO Convention (No. 144) concerning Tripartite Consultations to Promote the Implementation of International Labour Standards, staðfest 30. júní 1981, öðlaðist gildi 30. júní 1982, C 14/1981.

28.6.1976 Norðurlandasamningur um reglur varðandi viðurkenningu á rétthæfingarskeiði o.fl. vegna réttar til dagpeninga fyrir þá sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi/Nordisk overenskomst om regler for godskrivning af kvalifikationsperioder m.m. i forbindelse med ret til dagpenge for arbejdslöshedsforsikrede, öðlaðist gildi 1. júlí 1976, C 15/1976.

3.9.1976 Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT)/Convention on the International Maritime Satellite Organization (INMARSAT), aðild 26. mars 1991, öðlaðist gildi sama dag, C 8/1991.

27.1.**1977** Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum/European Agreement on the Suppression of Terrorism, fullgiltur 11. júlí 1980, öðlaðist gildi 12. október 1980, C 14/1980.

2.4.1977 Torremolinos-alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa, 1977/Torremolinos International Convention for the Safety of Fishing Vessels, 1977, fullgilt 12. júní 1986, C 9/1986.[1]

---

[1] Ekki enn í gildi.

Torremolinos-bókun frá 1993/Torremolinos Protocol of 1993 2.4.1993, fullgilt 11. febrúar 1998.[1]

28.4.1977 Búdapestsamningur um alþjóðlega viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfamála/Budapest Treaty on the International Recognition of the Deposit of Microorganisms for the Purposes of Patent Procedure, aðild 23. desember 1994, öðlaðist gildi 23. mars 1995, C 9/1995.

13.5.1977 *Nicesamningur um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja/Nice Agreement Concerning the International Classification of Goods and Services for the Purposes of the Registration of Marks, aðild 23. desember 1994, öðlaðist gildi 9. apríl 1995, C 8/1995.*

8.6.1977 Viðbótarbókun I við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949 um vernd stríðshrjáðra aðila að alþjóðlegum vopnaviðskiptum/Additional Protocol I to the Geneva Conventions of 12 August 1949, and relating to the Protection of Victims of International Armed Conflicts, fullgilt 10. apríl 1987, öðlaðist gildi 10. október 1987, C 3/1987.

8.6.1977 Viðbótarbókun II við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949 um vernd stríðshrjáðra aðila að vopnaviðskiptum sem ekki eru alþjóðleg/Additional Protocol II to the Geneva Conventions of 12 August 1949, and relating to the Protection of Victims of Non-International Armed Conflicts, fullgilt 10. apríl 1987, öðlaðist gildi 10. október 1987, C 3/1987.

28.6.**1978** Evrópusamningur um eftirlit með umráðum einstaklinga á skotvopnum og með því hvernig þeir afla þeirra/European Convention on the Control of the Acquisition and Possession of Firearms by Individuals, fullgiltur 20. júní 1984, öðlaðist gildi 1. október 1984, C 10/1984.

7.7.1978 *Alþjóðasamþykkt um viðmiðanir að því er varðar menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, 1978/International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, 1978, aðild 21. mars 1995, öðlaðist gildi 21. júní 1995, C 38/1995.*

24.10.1978 Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi/Convention on Future Multilateral Cooperation in the Northwest Atlantic Fisheries, fullgiltur 29. desember 1978, öðlaðist gildi 1. janúar 1979, C 17/1978.

*27.4.**1979*** *Alþjóðasamningur um leit og björgun á sjó, 1979/International Convention on Maritime Search and Rescue, 1979, aðild 21. mars 1995, öðlaðist gildi 20. apríl 1995, C 37/1995.*

26.6.1979 Samningur milli EFTA-landanna og Spánar/Agreement between the EFTA Countries and Spain, fullgiltur 28. desember 1979, C 13/1979.

Samningur um gildi samningsins gagnvart furstadæminu Liechtenstein/Agreement on the Validity of the Agreement for the Principality of Liechtenstein 26.6.1979, fullgiltur 28. desember 1979, C 13/1979.

26.10.1979 Alþjóðapóstsamningar (Ríó de Janeiró)/Universal Postal Convention and Related Agreements (Rio de Janeiro), fullgiltir 9. júlí 1985, öðluðust gildi sama dag, C 6/1985.

---

[1] Ekki enn í gildi.

3.11.1979 Samningur um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa/Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution, fullgiltur 5. maí 1983, öðlaðist gildi 3. ágúst 1983, C 1/1983.

19.9.1979 Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu/Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats, fullgiltur 17. júní 1993, öðlaðist gildi 1. október 1993, C 17/1993.

18.12.1979 Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum/Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women, fullgiltur 18. júní 1985, öðlaðist gildi 18. júlí 1985, C 5/1985.

18.12.1979 Alþjóðasamningur um varnir gegn töku gísla/International Convention against the Taking of Hostages, aðild 6. júlí 1981, C 17/1981, öðlaðist gildi 3. júní 1983, C 3/1983.

*20.5.**1980*** *Evrópusamningur um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna/European Convention on Recognition and Enforcement of Decisions Concerning Custody of Children and on Restoration of Custody of Children, fullgiltur 22. júlí 1996, öðlaðist gildi 1. nóvember 1996.*

25.10.1980 *Samningur um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa/Convention on the Civil Aspects of International Child Abduction, aðild 14. ágúst 1996, öðlaðist gildi 1. nóvember 1996.*

18.11.1980 Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi/Convention on Future Multilateral Co-operation in North-East Atlantic Fisheries, fullgiltur 6. júlí 1981, C 15/1981, öðlaðist gildi 17. mars 1982, C 14/1982.

28.1.**1981** Samningur um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga/Convention for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data, fullgiltur 25. mars 1991, öðlaðist gildi 1. júlí 1991, C 5/1991.

5.3.1981 Samningur um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar/Convention on Nordic Co-operation in Development Assistance, undirritaður 5. mars 1981, tók gildi til bráðabirgða sama dag, C 5/1981, öðlaðist endanlegt gildi 1. júní 1982, C 15/1982.

Bókun/Protocol 13.5.1951, staðfest 20. febrúar 1992, öðlaðist gildi 21. mars 1992, C 6/1992.

5.3.1981 Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi/Nordisk konvention om social tryghed, fullgiltur 7. júlí 1981, C 16/1981, öðlaðist gildi 1. janúar 1982, C 23/1981.

Breyting/Ændring 29.8./28.9.1984, öðlaðist gildi 28. október 1984, C 19/1984.

Breyting/Ændring 7.2.1989/24.1.1990, öðlaðist gildi 24. febrúar 1990, C 2/1990.

Breyting samkvæmt Norðurlandasamningi um almannatryggingar 15.6. 1992, öðlaðist gildi 1. janúar 1994, C 29/1993.

17.6.1981 Norðurlandasamningur um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi/Nordisk konvention om nordiske statsborgeres ret til at anvende deres eget sprog i et andet nordisk land, fullgiltur 21. maí 1987, öðlaðist gildi 25. júlí 1987, C 5/1987.

22.6.1981 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi/ILO Convention No. 155 concerning Occupational Safety and Health and the Working Environment, fullgilt 21. júní 1991, öðlaðist gildi 21. júní 1992, C 19/1991.

11.9.1981 Norðurlandasamningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum/Nordisk aftale om gjensidig bistand i toldsager, fullgiltur 29. september 1982, C 19/1981, öðlaðist gildi 26. ágúst 1982, C 12/1982.

Breyting/Amendment 3.8.1989, öðlaðist gildi sama dag, C 6/1989.

1.12.1981 *Bókun um fríðindi og friðhelgi Alþjóðastofnunarinnar um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), aðild 26. október 1998, öðlaðist gildi 25. nóvember 1998.*

2.3.**1982** Samningur um verndun lax í Norður-Atlantshafi/Convention for the Conservation of Salmon in the North Atlantic Ocean, fullgiltur 21. júní 1982, C 5/1982, öðlaðist gildi 1. október 1983, C 12/1983.

3.3.1982 Samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum/Nordisk overenskomst om et fælles nordisk arbejdsmarked for lærere i folkeskolen, fullgilt 22. júní 1982, C 11/1982, öðlaðist gildi 29. maí 1984, C 5/1984.

6.3.1982 Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað/Overenskomst om fælles nordisk arbejdsmarked, fullgiltur 22. júní 1982, C 6/1982, öðlaðist gildi 1. ágúst 1983, C 5/1983.

6.3.1982 Norðurlandasamningur um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar/Nordisk overenskomst om samarbejde mellem myndigheder og institutioner inden for erhvervsmæssig revalidering og arbejdsmarkedsuddannelserne, fullgiltur 22. júní 1982, C 8/1982, öðlaðist gildi 1. júní 1983, C 2/1983.

15.7.1982 Stofnsamningur Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT/Convention Establishing the European Telecommunications Satellite Organization, EUTELSAT, fullgiltur 12. júní 1987, öðlaðist gildi sama dag, C 7/1987.

6.11.1982 Alþjóðafjarskiptasamningurinn (Nairobi)/International Telecommunications Convention (Nairobi), fullgiltur 3. júlí 1986, öðlaðist gildi sama dag, C 13/1986.

10.12.1982 Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna/United Nations Convention on the Law of the Sea, fullgiltur 21. júní 1985, C 7/1985, öðlaðist gildi 16. nóvember 1994, C 40/1993.

21.3.**1983** Samningur um flutning dæmdra manna/Convention on the Transfer of Sentenced Persons, fullgiltur 6. ágúst 1993, öðlaðist gildi 1. desember 1993, C 21/1993.

14.6.1983 Alþjóðlegur samningur um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá/International Convention on the Harmonized Commodity Description and Coding System, aðild 28. október 1987, öðlaðist gildi 1. janúar 1988, C 25/1987.

Bókun um breytingu/Protocol of Amendment 24.6.1986, aðild 28. október 1987, öðlaðist gildi 1. janúar 1988, C 25/1987.

20.6.1983 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra/ILO Convention No. 159 concerning Vocational Rehabilitation and Employment (Disabled Persons), fullgilt 22. júní 1990, öðlaðist gildi 22. júní 1991, C 21/1990.

27.7.**1984** Alþjóðapóstsamningar (Hamborg)/Universal Postal Convention and Related Agreements (Hamburg), fullgiltir 1. júlí 1986, öðluðust gildi sama dag, C 12/1986.

10.9.1984 *Samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu/Convention against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, fullgiltur 23. október 1996, öðlaðist gildi 22. nóvember 1996.*

Breyting/Amendment 9.9.1992, staðfest 23. október 1996.[1]

Yfirlýsing Íslands um viðurkenningu á bærni nefndar gegn pyndingum, afhent 23. október 1996.

22.3.**1985** Vínarsamningur um vernd ósónlagsins/Vienna Convention for the Protection of the Ozone Layer, aðild 29. ágúst 1989, öðlaðist gildi 27. nóvember 1989, C 9/1989.

Montrealbókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins/Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer 16.9.1987, aðild 29. ágúst 1989, öðlaðist gildi 27. nóvember 1989, C 9/1989.

Breyting/Amendment 29.6.1990, fullgilt 16. júní 1993, öðlaðist gildi 14. september 1993, C 15/1993.

Lagfæringar/Adjustments 29.6.1990, öðluðust gildi 7. mars 1991, C 15/1993.

Breyting/Amendment 25.11.1992, fullgilt 15. mars 1994, öðlaðist gildi 14. júní 1994, C 1/1994.

Lagfæringar/Adjustments 25.11.1992, öðluðust gildi 22. september 1993, C 1/1994.

19.8.1985 Evrópusamningur um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum, einkum á knattspyrnuleikjum/European Convention on Spectator Violence and Misbehavior at Sports Events and in particular at Football Matches, fullgiltur 23. janúar 1986, öðlaðist gildi 1. mars 1986, C 3/1986.

11.10.1985 *Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar/Convention Establishing the Multilateral Investment Guarantee Agency, fullgiltur 24. júlí 1998, öðlaðist gildi sama dag.*

15.10.1985 Evrópusáttmáli um sjálfsstjórn sveitarfélaga/European Charter of Local Self-Government, fullgiltur 25. mars 1991, öðlaðist gildi 1. júlí 1991, C 7/1991.

16.10.1985 *Alþjóðasamningur um notkun INMARSAT skipajarðstöðva innan landhelgi og í höfnum, aðild 26. október 1998, öðlaðist gildi sama dag.*

21.11.1985 Samningur um að koma á fót í tilraunaskyni evrópsku kerfi hafstöðva (COST 43)/Agreement on the Setting up of an Experimental European Network of Ocean Stations (COST 43), fullgiltur 21. mars 1985, öðlaðist gildi sama dag, C 2/1985.

19.8.**1986** Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd/Overenskomst om oprettelse af den nordiske udviklingsfond for Vestnorden, staðfestur 31. mars 1987, C 2/1987, öðlaðist gildi 17. september 1987, C 17/1987.

---

[1] Ekki enn í gildi.

26.9.1986 Samningur um að tilkynna án tafar um kjarnorkuslys/Convention on Early Notification of a Nuclear Accident, fullgiltur 29. september 1989, öðlaðist gildi 28. október 1989, C 14/1989.

29.9.1986 Norðurlandasamningur um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum/Nordisk overenskomst om fælles arbejdsmarked for faglærere, lærere i praktisk-æstetisk fag og speciallærere i grundskolen, öðlaðist gildi 30. janúar 1989, C 13/1988.

29.9.1986 Norðurlandasamningur um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum/Nordisk overenskomst om fælles arbejdsmarked for faglærere og lærere i praktisk-æstetisk fag i gymnasieskolen (gymnasiet og erhvervsskolene), öðlaðist gildi 30. janúar 1989, C 14/1988.

13.5.**1987** Samningur um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs/Aftale om den retlige stilling for Nordisk Ministerråds Sekretariat og Nordisk Råds Præsidiesekretariat, staðfestur 13. september 1989, öðlaðist gildi 13. október 1989, C 12/1989.

20.5.1987 Samningur um einföldun formsatriða í vöruviðskiptum/Convention on the Simplification of Formalities in Trade in Goods, samþykktur 28. október 1987, öðlaðist gildi 1. janúar 1988, C 23/1987.

20.5.1987 Samningur um sameiginlegar umflutningsreglur/Convention on a Common Transit Procedure, samþykktur 28. október 1987, öðlaðist gildi 1. janúar 1988, C 24/1987.

26.11.1987 Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu/European Convention for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, fullgiltur 19. júní 1990, öðlaðist gildi 1. október 1990, C 19/1990.

Bókun nr. 1/Protocol No. 1 4.11.1993, fullgilt 29. júní 1995, C 22/1995.[1]

Bókun nr. 2/Protocol No. 2 4.11.1993, fullgilt 29. júní 1995, C 22/1995.[2]

*25.1.**1988*** *Evrópusamningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum/European Convention on Mutual Administrative Assistance in Tax Matters, fullgiltur 22. júlí 1996, öðlaðist gildi 1. nóvember 1996.*

15.6.1988 Samningur um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi/Convention on the Mututal Recognition of Test Results and Proofs of Conformity, staðfestur 8. júní 1990, C 14/1990, öðlaðist gildi 1. október 1990, C 27/1990.

Bókun um beitingu samningsins gagnvart furstadæminu Liechtenstein/ Protocol relating to the Application of the Convention to the Principality of Liechtenstein 15.6.1988, fullgilt 8. júní 1990, C 14/1990, öðlaðist gildi 1. október 1990, C 27/1990.

16.9.1988 Samningur um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum/Convention on Jurisdiction and the Enforcement of Judgements in Civil and Commercial Matters, fullgiltur 11. september 1995, öðlaðist gildi 1. desember 1995, C 36/1995.

---

[1] Ekki enn í gildi.

[2] Ekki enn í gildi.

3.11.1988 Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs/Overenskomst om opprettelse af Nordisk Udviklingsfond, staðfestur 31. desember 1988, öðlaðist gildi 30. janúar 1989, C 15/1988.

9.12.1988 Norðurlandasamningur um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra/Nordisk aftale om retslig stilling af nordiske instututioner og deres ansatte, staðfestur 10. ágúst 1989, C 7/1989, öðlaðist gildi 21. desember 1989, C 20/1989.

20.12.1988 Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni/United Nations Convention Against Illicit Traffic in Narcotic Drugs and Psychotropic Substances, aðild 2. september 1997, öðlaðist gildi 1. desember 1997.

*22.3.**1989** Baselsamningur um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra/Basel Convention on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and their Disposal, aðild 28. júní 1995, öðlaðist gildi 26. september 1995, C 13/1995.*

8.5.1989 Norðurlandasamningur um almannaskráningu/Nordisk overenskomst om Folkeregistrering, staðfestur 19. maí 1990, öðlaðist gildi 1. október 1990, C 13/1990.

28.6.1989 Bókun við Madridsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja/Protocol Relating to the Madrid Agreement Concerning the International Registration of Marks, fullgilt 15. janúar 1997, öðlaðist gildi 15. apríl 1997.

29.6.1989 Norðurlandasamningur um vinnuvernd/Nordisk overenskomst om arbejdsmiljö, staðfestur 22. febrúar, öðlaðist gildi 24. mars 1990, C 3/1990.

12.9.1989 Norðurlandasamningur til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár/Nordisk overenskomst til undgåelse af dobbelbeskatning for så vidt angår skatter af arv og gaver, staðfestur 2. maí 1990, C 11/1990, öðlaðist gildi 19. ágúst 1992, C 14/1992.

Breyting/Ændring 15.4.–20.11.1993, gildir frá 19. ágúst 1992, C 30/1993.

16.11.1989 Evrópusamningur gegn misnotkun lyfja í íþróttum/Anti-Doping Convention, undirritaður án fyrirvara um fullgildingu 25. mars 1991, öðlaðist gildi 1. maí 1991, C 6/1991.

20.11.1989 Samningur um réttindi barnsins/Convention on the Rights of the Child, fullgiltur 28. október 1992, öðlaðist gildi 27. nóvember 1992, C 18/1992.

7.12.1989 Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum/Aftale mellom de nordiske lande om bistand í skattesager, staðfestur 11. júní 1990, C 16/1990, öðlaðist gildi 8. maí 1991, C 10/1991.

14.12.1989 Alþjóðapóstsamningar (Washington)/Universal Postal Convention and Related Agreements (Washington), fullgiltir 2. nóvember 1995, öðluðust gildi sama dag, C 35/1995.

19.12.1989 Samningur milli EFTA-ríkjanna, annars vegar, og Efnahagsbandalags Evrópu, hins vegar, um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða/Agreement between the EFTA Countries, on the one hand, and the European Economic Community, on the other hand, laying down a Procedure for the Exchange of Information in the Field of Technical Regulations, staðfestur 20. júní 1990, C 18/1990, öðlaðist gildi 1. nóvember 1990, C 30/1990.

2.3.**1990** Samningur um stofnun Norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar/Overenskomst om opprettelse af det nordiske miljöfinanseringsselskab, staðfestur 1. ágúst 1990, C 26/1990, öðlaðist gildi 27. október 1990, C 29/1990.

29.5.1990 Stofnsamningur Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu/Agreement Establishing the European Bank for Reconstruction and Development, fullgiltur 6. febrúar 1991, C 2/1991, öðlaðist gildi 15. apríl 1991, C 4/1991.

24.10.1990 *Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi, staðfestur 3. júlí 1995, C 26/1995, öðlaðist gildi 9. maí 1998.*

8.11.1990 *Samningur um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum/ Convention on Laundering, Search, Seizure and Confiscation of the Proceeds from Crime, fullgiltur 21. október 1997, öðlaðist gildi 1. febrúar 1998.*

19.11.1990 Samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu/Treaty on Conventional Armed Forces in Europe, fullgiltur 24. desember 1991, C 34/1991, öðlaðist gildi 9. nóvember 1992, C 19/1992.

30.11.1990 Alþjóðasamningur um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990/International Convention on Oil Pollution Preparedness, Response and Co-operation, 1990, fullgiltur 21. júní 1993, C 16/1993, öðlaðist gildi 13. maí 1995.

10.12.**1991** Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Tyrklands/Agreement between EFTA States and Turkey, fullgiltur 13. júlí 1992, öðlaðist gildi 1. október 1992, C 15/1992.

19.2.**1992** Sérsviðasamningur um mælitæki/Sectoral Agreement Concerning Measuring Instruments, staðfestur 22. apríl 1994, öðlaðist gildi 1. júní 1994, C 30/1995.

4.3.1992 Norðurlandasamningur um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi, staðfestur 17. desember 1992, öðlaðist gildi 16. janúar 1993, C 24/1992.

20.3.1992 Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins/Agreement between the EFTA States and the Czech and Slovak Federal Republic, fullgiltur 27. nóvember 1992, öðlaðist gildi 1. janúar 1993, C 22/1992.

Samþykkt/Decision 8.12.1992, öðlaðist gildi 1. janúar 1993, C 1/1993.

Bókun/Protocol 19. apríl 1993, öðlaðist gildi sama dag, C 5/1993.

Bókun/Protocol 19. apríl 1993, öðlaðist gildi sama dag, C 6/1993.

24.3.1992 *Samningur um opna lofthelgi/Treaty on Open Skies, fullgiltur 25. ágúst 1994, C 33/1995.*[1]

2.5.1992 Samningur um Evrópska efnahagssvæðið/Agreement on the European Economic Area, fullgiltur 4. febrúar 1993, öðlaðist gildi 1. janúar 1994, C 31/1993.

Bókun 17.3.1993, fullgilt 28. maí 1993, öðlaðist gildi 1. janúar 1994, C 31/1993.

2.5.1992 Samningur milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls/Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance

[1] Ekki enn í gildi.

Authority and a Court of Justice, fullgiltur 2. febrúar 1993, öðlaðist gildi 1. janúar 1994, C 32/1993.

Bókun/Protocol 17.3.1993, fullgilt 9. júní 1993, öðlaðist gildi 1. janúar 1994, C 32/1993.

Bókun/Protocol 24.11.1993, fullgilt 27. desember 1993, C 38/1993, öðlaðist gildi 28. september 1994.

Samningur um breytingu á bókun 4/Agreement Amending Protocol 4 7.3. 1994, öðlaðist gildi 1. janúar 1995.

Samningur um breytingu á bókunum 2 og 3/Agreement Amending Protocols 2 and 3 21.3.1994, öðlaðist gildi 1. janúar 1995.

Samningur um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna/Agreement Adjusting Certain Agreements Between the EFTA States 13.12.1994, fullgiltur 29. desember 1994, öðlaðist gildi 1. janúar 1995, C 40/1995.

2.5.1992 Samningur um fastanefnd EFTA-ríkjanna/Agreement on a Standing Committee of the EFTA States, fullgiltur 2. febrúar 1993, öðlaðist gildi 1. janúar 1994, C 33/1993.

Bókun/Protocol 17.3.1993, fullgilt 9. júní 1993, öðlaðist gildi 1. janúar 1994, C 33/1993.

Samningur um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna/Agreement Adjusting Certain Agreements Between the EFTA States 13.12.1994, fullgiltur 29. desember 1994, öðlaðist gildi 1. janúar 1995, C 40/1995.

9.5.1992 Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar/United Nations Framework Convention on Climate Change, fullgiltur 16. júní 1993, C 14/ 1993, öðlaðist gildi 21. mars 1994, C 39/1993.

20.5.1992 Samningur um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna, fullgiltur 27. desember 1993, öðlaðist gildi 1. janúar 1994, C 37/1993.

Bókun/Protocol 17.3.1993, fullgilt 27. desember 1993, öðlaðist gildi 1. janúar 1994, C 37/1993.

Samningur um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna/Agreement Adjusting Certain Agreements Between the EFTA States 13.12.1994, fullgiltur 29. desember 1994, öðlaðist gildi 1. janúar 1995, C 40/1995.

5.6.1992 Samningur um líffræðilega fjölbreytni/Convention on Biological Diversity, fullgiltur 12. september 1994, öðlaðist gildi 11. desember 1994, C 11/1995.

15.6.1992 Norðurlandasamningur um almannatryggingar, samþykktur 2. júní 1993, öðlaðist gildi 1. janúar 1994, C 29/1993.

Breyting samkvæmt Norðurlandasamningi um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu 14.6.1994, öðlaðist gildi 1. október 1996.

17.9.1992 Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels/Agreement between the EFTA States and Israel, fullgiltur 16. júní 1993, öðlaðist gildi 1. ágúst 1993, C 10/1993.

22.9.1992 Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins/Convention for the Protection of the Marine Environment of the North East Atlantic, fullgiltur 2. júní 1997, öðlaðist gildi 25. mars 1998.

2.10.1992 Evrópusamningur um samframleiðslu kvikmyndaverka/European Convention on Cinematographic Co-production, undirritaður án fyrirvara um fullgildingu 30. maí 1997, öðlaðist gildi 1. september 1997.

10.12.1992 Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands/Agreement between the EFTA States and Poland, fullgiltur 16. júní 1993, C 8/1993, tók gildi til bráðabirgða 15. nóvember 1993, C 25/1993, öðlaðist gildi 1. september 1994.

10.12.1992 Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu/Agreement between the EFTA States and Romenia, fullgiltur 29. apríl 1994, öðlaðist gildi 1. júní 1994, C 3/1995.

22.12.1992 *Stofnskrá og samningur Alþjóðafjarskiptasambandsins og valfrjáls bókun um skyldubundna lausn deilumála/Constitution and Convention of the International Telecommunication Union and the Optional Protocol on the Compulsory Settlement of Disputes, fullgilt 17. nóvember 1997, öðluðust gildi sama dag.*

*13.1.**1993*** *Samningur um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra/Convention on the Prohibition of the Development, Production, Stockpiling and Use of Chemical Weapons and on Their Destruction, fullgiltur 28. apríl 1997, öðlaðist gildi 29. apríl 1997.*

29.3.1993 Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Búlgaríu/Agreement between the EFTA States and the Republic of Bulgaria, fullgiltur 29. apríl 1994, öðlaðist gildi 1. júní 1994, C 2/1995.

29.3.1993 Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Ungverjalands/Agreement between the EFTA States and the Republic of Hungary, fullgiltur 29. apríl 1994, öðlaðist gildi 1. júní 1994, C 1/1995.

29.3.1993 *Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna, staðfestur 3. júlí 1995, C 27/1995.*[1]

14.6.1993 Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna, staðfestur 23. desember 1993, öðlaðist gildi 1. janúar 1994, C 36/1993.

15.4.**1994** Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar/Agreement Establishing the World Trade Organization, fullgiltur 30. desember 1994, öðlaðist gildi 1. janúar 1995.

Bókun 4 við hinn almenna samning um þjónustuviðskipti/Fourth Protocol to the General Agreement on Trade in Services 15.4.1997, samþykkt 25. nóvember 1997, öðlaðist gildi 16. desember 1997.

Bókun 5 við hinn almenna samning um þjónustuviðskipti/Fifth Protocol to the General Agreement on Trade in Services 27.2.1998, samþykkt 12. janúar 1999, öðlaðist gildi 1. mars 1999.

14.6.1994 *Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, staðfestur 30. júlí 1996, öðlaðist gildi 1. október 1996.*

17.6.1994 *Samningur Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar/United Nations Convention to Combat Desertification in Those Countries Experiencing Serious Drought*

---

[1] Ekki enn í gildi.

and/or Desertification, Particularly in Africa, aðild 3. júní 1997, öðlaðist gildi 1. september 1997.

28.7.1994 *Samningur um framkvæmd XI. hluta hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982/Agreement relating to the Implementation of Part XI of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982, tók gildi til bráðabirgða 16. nóvember 1994, öðlaðist gildi 28. júlí 1995.*

28.9.1994 *Samningur um bráðabirgðafyrirkomulag fyrir tímabilið eftir að tiltekin EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu/Agreement on Transitional Arrangements for a Period After the Accession of Certain EFTA States to the European Union, fullgiltur 27. desember 1994, öðlaðist gildi 1. mars 1995, C 41/1995.*

13.6.**1995** *Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Slóveníu/Agreement between the EFTA States and the Republic of Slovenia, fullgiltur 29. febrúar 1996, öðlaðist gildi 1. september 1998.*

4.8.1995 *Samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim/Agreement for the Implementation of the Provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982 relating to the Conservation and Management of Straddling Fish Stocks and Highly Migratory Fish Stocks, fullgiltur 14. febrúar 1997.*[1]

7.12.1995 *Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Eistlands/Agreement between the EFTA States and the Republic of Estonia, fullgiltur 29. febrúar 1996, öðlaðist gildi 1. október 1997.*

7.12.1995 *Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Lettlands/Agreement between the EFTA States and the Republic of Latvia, fullgiltur 29. febrúar 1996, öðlaðist gildi 1. júní 1996.*

7.12.1995 *Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Litháens/Agreement between the EFTA States and the Republic of Lithuania, fullgiltur 29. febrúar 1996, öðlaðist gildi 1. janúar 1997.*

5.3.**1996** *Evrópusamningur um málefni þáttakenda í málflutningi fyrir Mannréttindadómstól Evrópu/European Agreement relating to Persons Participating in Proceedings of the European Court of Human Rights, fullgiltur 4. nóvember 1998.*[2]

6.5.1996 *Bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi/Protocol on the Conservation, Rational Utilization and Management of Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) in the Northeast Atlantic, staðfest 30. júlí 1996, öðlaðist gildi til bráðabirgða 6. maí 1996.*

3.9.1996 *Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að æðri menntun, staðfestur 9. apríl 1997, öðlaðist gildi 31. október 1997.*

Breyting, staðfest 30. júní 1997, öðlaðist gildi 7. nóvember 1997.

---

[1] Ekki enn í gildi.

[2] Ekki enn í gildi.

23.9.1996 *Samningur milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, staðfestur 29. nóvember 1996, öðlaðist gildi 11. maí 1997.*

*19.6.**1997*** *Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og konungsríkisins Marokkós/Agreement between the EFTA States and the Kingdom of Morocco, fullgiltur 4. júní 1998.*[1]

17.12.1997 *Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum/Convention on Combating Bribery of Foreign Public Officials in International Business Transactions, fullgiltur 17. ágúst 1998, öðlaðist gildi 15. febrúar 1999.*

*7.10.**1998*** *Sameiginleg bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1999, öðlaðist gildi til bráðabirgða 1. janúar 1999.*

Bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999 7.10.1998, öðlaðist gildi til bráðabirgða 1. janúar 1999.

23.10.1998 *Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt, samþykktur 12. janúar 1999, öðlaðist gildi 26. febrúar 1999.*

23.10.1998 *Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann, fullgiltur 22. janúar 1999.*[2]

Samningar við einstök ríki og stofnanir.

Nr.	Dags.	
		Alþjóðakjarnorkumálastofnunin.
12/1972	12.7.1972	Samningur um öryggisreglur í samræmi við samninginn um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum, gildistaka 12. júlí 1972.
		Austurríki.
128	30.4./2.6.1830	Yfirlýsingar um afnám frádráttarréttar, gildistaka 2. júní 1830.
127	6.4.1928	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 15. mars 1929.
129	1.5.1954	Yfirlýsingar um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 23. mars 1959.
18/1995	*18.11.1993*	*Samningur um almannatryggingar, gildistaka 1. febrúar 1996.*
		Ástralía.
179	14.6.1869	Yfirlýsing um undanþágu frá nauðungarlánum og herþjónustu, gildistaka 14. júní 1869.

[1] Ekki enn í gildi.

[2] Ekki enn í gildi.

184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
188	22.3.1937	Sáttmáli um gerðardóm, gildistaka 22. mars 1937.
126	13.11.1952	Samningur um bestu kjör, gildistaka 13. nóvember 1952.
5/1969	29.4.1969	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. maí 1969.
		Bahamaeyjar.
9/1974	16.7.1973/ 4.4.1974	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 4. apríl 1974.
17/1980	7.3.1978/ 22.7.1980	Samningur um áframhaldandi gildi samnings um framsal sakamanna, gildistaka 22. júlí 1980.
		Bandaríki Norður-Ameríku.
130	6.1.1902	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 16. maí 1902.
131	6.11.1905	Viðbótarsamningur, gildistaka 9. febrúar 1906.
132	17.4.1914	Samningur um friðsamlega lausn deilumála, gildistaka 19. janúar 1915.
134	19.6./21.6.1926	Samkomulag um ókeypis áritanir á vegabréf ferðamanna, gildistaka 6. ágúst 1925.
135	23.6./5.7.1928	Samningur um póstávísanaviðskipti, gildistaka 1. október 1928.
136	15.5.1930	Gerðardómssamningur, gildistaka 2. október 1930.
137	11.10./31.10.1938	Samningur um póstbögglaviðskipti, gildistaka 4. mars 1939.
138	21.11.1941	Samningur um láns- og leiguhjálp vegna varna Íslands, gildistaka 21. nóvember 1941.
139	17.8.1942	Samningur um skipti á opinberum ritum, gildistaka 17. ágúst 1941.
144	3.7.1948	Samningur um efnahagssamvinnu, gildistaka 11. apríl 1945.
145	7.2.1950	Breytingar, gildistaka 7. febrúar 1950.
146	23.2.1951	Breytingar, gildistaka 23. febrúar 1951.
147	9.10.1952/ 1.10.1953	Breytingar, gildistaka 1. október 1953.
148	5.5.1951	Varnarsamningur á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, gildistaka 5. maí 1951.
149	8.5.1951	Viðbætir um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, gildistaka 24. maí 1951.
156	6.12.1956	Samningur um dvöl varnarliðs á Íslandi, um að umræður um endurskoðun á varnarsamningnum frá 1951 verði látnar niður falla o.fl., gildistaka 6. desember 1956.
2/1974	22.10.1974	Orðsendingaskipti og samkomulag ásamt bókun varðandi varnarsamninginn frá 1951, gildistaka 22. október 1974.

	4.1.1994	Bókun, gildistaka 4. janúar 1994
	9.4.1996	Bókun 1996, gildistaka 9. apríl 1996.
150	7.1./8.1.1952	Erindaskipti um gagnkvæmt öryggi, gildistaka 8. janúar 1952.
151	5.3./18.3.1952	Samningur um undanþágu frá opinberum gjöldum á greiðslur Bandaríkjanna vegna sameiginlegra varna, gildistaka 18. mars 1952.
152	4.10./10.12.1954	Samningur um að Ísland kaupi vissan herbúnað, tæki og þjónustu, gildistaka 10. desember 1954.
153	11.7./20.7.1955	Samningur um skráningu öldutíðni fyrir útvarp vegna varnarliðsins á Íslandi, gildistaka 20. júlí 1955.
154	4.6.1956	Samkomulag um að gildistími áritana á vegabréf vissra ferðamanna, sem ekki teljast útflytjendur, skuli verða framlengdur, gildistaka 4. júní 1956.
155	23.11.1956	Samningur um greiðslu á kröfum íslenskra vátryggingafélaga, gildistaka 23. nóvember 1956.
159	23.6.1959	Samningur um sérstaka efnahagsaðstoð, gildistaka 23. júní 1959.
160	30.12.1960	Samningur um fjárveitingu til styrktar verðfestingaráætlun Íslands, gildistaka 30. desember 1960.
162	3.5./14.9.1961	Samningur um að loka reikningi vegna samnings um kaup á umframbirgðum af landbúnaðarafurðum, dags. 11. apríl 1957, gildistaka 14. september 1961.
11/1962	21.12./27.12.1962	Samningur um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af rekstri flugvéla og skipa, gildistaka 27. desember 1962.
1/1964	13.2.1964	Samningur um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum, gildistaka 13. febrúar 1964.
12/1985	22.8./27.8.1985	Breyting, gildistaka 1. september 1985.
16/1967 & 2/1968	7.7./16.10.1967	Samningur um gagnkvæma niðurfellingu á gjöldum af flugvélaeldsneyti o.fl., gildistaka 16. október 1967.
9/1968	29.5.1968	Samningur um kaup á bandarískum landbúnaðarvörum, gildistaka 29. maí 1968.
7/1969	23.5.1969	Samningur um kaup á bandarískum landbúnaðarafurðum, gildistaka 23. maí 1969.
22/1970	4.8.1970	Samningur um kaup á bandarískum landbúnaðarafurðum, gildistaka 4. ágúst 1970.
21/1971	28.10.1971	Samningur um kaup á bandarískum landbúnaðarafurðum, gildistaka 28. október 1971.
22/1972	4.12.1972	Samningur um kaup á bandarískum landbúnaðarafurðum, gildistaka 4. desember 1972.
22/1975	7.5.1975	Samningur til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, gildistaka 1. janúar 1976.
5/1978	26.4.1978	Samkomulag varðandi útgáfu radíóáhugamannaleyfa, gildistaka 5. júlí 1983.
10/1983	5.7.1983	Erindaskipti um samvinnu um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, gildistaka 5. júlí 1983.

15/1986	24.9.1986	Samningur til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna, gildistaka 31. október 1986.
15/1986	24.9.1986	Samkomulag, gildistaka 31. október 1986.
19/1987	14.9./15.9.1987	Samningur um hvalamálefni, gildistaka 15. september 1987.
6/1988	22.6.1988	Samningur um hvalamálefni, gildistaka 22. júní 1988.
5/1992 & 20/1992	29.11.1991/ 23.1.1992	Samningur um framkvæmd eftirlits vegna samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu, gildistaka 9. nóvember 1992.
14/1995	*14.6.1995*	*Samningur um flutninga í lofti, gildistaka 12. október 1995.*
		Barbados.
17/1968	28.11./9.12.1968	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. janúar 1969.
		Belgía.
168	26.1./21.3.1834	Yfirlýsingar um afnám frádráttarréttar, gildistaka 21. mars 1834.
163	25.3.1876	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 25. mars 1876.
164	18.6.1895	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 26. júní 1895.
165	26.4.1905	Samningur um gerð, gildistaka 2. maí 1906.
166	26.8.1909	Samningur um ræðismenn, gildistaka 27. júní 1910.
167	21.12.1928	Samningur til að forðast tvísköttun á tekjum siglingafyrirtækja landanna, gildistaka 12. ágúst 1930.
169	20.11./5.12.1947	Samkomulag um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 5. desember 1947.
23/1965	19.10./30.11.1965	Samkomulag við Benelux-löndin um gagnkvæma niðurfellingu tolla af tækjum sem notuð eru til afgreiðslu á flugvélum, gildistaka 30. nóvember 1965.
21/1970	9.7.1970	Samningur til að komast hjá tvísköttun á tekjur loftferðafyrirtækja, gildistaka 9. júlí 1970.
24/1975	28.11.1975	Erindaskipti um fyrirkomulag varðandi fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda á hafsvæðinu umhverfis Ísland, gildistaka 28. nóvember 1975.
12/1981	11.6.1981	Breytingar, gildistaka 11. júní 1981.
		Botsvana.
8/1974	15.12.1972/ 26.4.1974	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. maí 1974.
		Bólivía.
170	9.11.1931	Verslunarsamningur, gildistaka 29. mars 1934.

Brasilía.

174	5.2.1839	Samningur um afnám frádráttarréttar, gildistaka 5. febrúar 1839.
171	27.11.1911	Samningur um gerðardóm, gildistaka 12. janúar 1916.
172	30.7.1936	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 30. júlí 1936.
173	10.5.1956	Viðskiptasamkomulag, gildistaka 10. maí 1956.
10/1969	28.8.1969	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 28. nóvember 1969.

Bretland.

175	13.2.1660–61	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 13. febrúar 1660–61.
176	11.7.1670	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 11. júlí 1670.
177	9.5.1912	Bókun varðandi breytingar á samningunum frá 13. febrúar 1660–61 og 11. júlí 1670, gildistaka 9. maí 1912.
178	7.2.1810	Yfirlýsing í ríkisráði um grið og réttarstöðu Íslendinga o.fl., gildistaka 7. febrúar 1810.
179	14.6.1869	Yfirlýsing um undanþágu frá nauðungarlánum og herþjónustu, gildistaka 14. júní 1869.
180	31.3.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
181	25.11.1937	Samkomulag um að samningurinn skuli ná til vissra nýlendna og landsvæða, gildistaka 25. nóvember 1937.
182	25.10.1938	Viðbótarsamningur, gildistaka 25. október 1938.
183	11.4.1877	Samkomulag um meðferð á eignum látinna sjómanna, gildistaka 11. apríl 1877.
184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
185	13.10./30.9.1921	Samningur um póstávísanaviðskipti, gildistaka 30. september 1921.
186	27.4.1928	Samningur um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af hagnaði af skipaútgerð, gildistaka 27. apríl 1928.
187	19.5.1933	Viðskiptasamkomulag, gildistaka 19. maí 1933.
18/1989	23.10.1989	Breyting, gildistaka 23. október 1989.
188	22.3.1937	Sáttmáli um gerðardóm, gildistaka 22. mars 1937.
190	12.10.1944	Samkomulag um afhendingu Reykjavíkurflugvallar til Íslendinga, gildistaka 12. október 1944.
195	20.6.1947	Samkomulag um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 20. júní 1947.
193	9.2.1961	Samkomulag um að viðurkenna bresk ferðamannaskilríki, gildistaka 9. febrúar 1961.
7/1972	14.6.1972	Samningur um flugþjónustu, gildistaka 14. júní 1972.
11/1974	11.6./13.6.1974	Erindaskipti um útgáfu radíóáhugamannaleyfa, gildistaka 13. júní 1974.

19/1982	22.9.1982	Samningur um heilbrigðisþjónustu, gildistaka 29. september 1982.
21/1982	1.12.1982	Samkomulag um greiðslur vegna flugþjónustu, gildistaka 1. janúar 1983.
26/1992	31.12.1992	Breyting, gildistaka 31. desember 1992.
11/1985	25.8.1983	Samningur um félagslegt öryggi, gildistaka 1. ágúst 1985.
32/1991	30.9.1991	Tvísköttunarsamningur, gildistaka 19. desember 1991.
		Búlgaría.
17/1963	29.10.1963	Viðskiptasamningur, gildistaka 29. október 1963.
4/1968	10.4.1968	Samningur um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. júlí 1968.
7/1990	24.4.1990	Uppsögn að hluta.
	29.3.1993	Erindaskipti um fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir, gildistaka 1. júní 1994.
		Chile.
196	4.2.1899	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 9. apríl 1907.
197	30.11.1905	Viðbótargreinar, gildistaka 9. apríl 1907.
10/1967	17.5.1967	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 17. maí 1967.
		Danmörk.
198	15.10.1927	Samningur um gagnkvæma afhendingu úr söfnum á bókum og skjölum, gildistaka 15. október 1927.
199	27.6.1930	Samningur um aðferðina við úrlausn deilumála, gildistaka 24. mars 1931.
200	18.5.1934	Samkomulag um hversu vissar ræðismannagerðir, er varða siglingar ríkjanna, skuli framkvæmdar, gildistaka 18. maí 1934.
202	9.9.1946	Bókun um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, gildistaka 9. sepember 1946.
204	22.3.1950	Loftferðasamningur, gildistaka 22. mars 1950.
24/1965	1.7.1965	Sáttmáli um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslur og umsjón Háskóla Íslands, gildistaka 1. apríl 1971.
20/1986	1.8.1986	Bókun, gildistaka 1. ágúst 1986.
19/1975	10.9.1975	Erindaskipti um flugumferðarþjónustu í hluta af loftrými Grænlands, gildistaka 1. janúar 1976.
9/1976	20.3.1976	Niðurstaða viðræðna við Færeyjar um aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland, gildistaka 20. mars 1976.
2/1979	10.1.1979	Bókun, gildistaka 10. janúar 1979.
3/1981	13.1.1981	Bókun, gildistaka 13. janúar 1981.
4/1984	9.3.1984	Bókun, gildistaka 9. mars 1984.

1/1985	31.1.1985	Samningur um viðskipti Íslands og Grænlands, gildistaka 1. febrúar 1985.
	11.11.1997	*Samningur við Danmörku/Grænland um afmörkun landgrunnsins og fiskveiðilögsögu á svæðinu milli Íslands og Grænlands, gildistaka 27. maí 1998.*
	9.7.1998	*Samningur við Grænland/Danmörku um samstarf á sviði sjávarútvegs, gildistaka til bráðabirgða 9. júlí 1998.*
		Dóminíka.
15/1978	23.10./11.12.1978	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 11. desember 1978.
		Efnahagsbandalag Evrópu.
2/1973	22.7.1972	Viðskiptasamningur, gildistaka 1. apríl 1973.
14/1975	29.5.1975	Viðbótarbókun, gildistaka 29. maí 1975.
22/1976	29.6.1976	Erindaskipti um breytingar á bókun nr. 6, gildistaka 1. júlí 1976.
2/1981	6.11.1980	Viðbótarbókun vegna aðildar Grikklands að bandalaginu, gildistaka 1. janúar 1981.
10/1985	28.8.1985	Samningur um sameiningu og breytingar á texta bókunar nr. 3, gildistaka 1. janúar 1985.
16/1986	14.7.1986	Viðbótarbókun vegna aðildar Spánar og Portúgals að bandalaginu, gildistaka 1. janúar 1987.
18/1986	14.7.1986	Samkomulag varðandi aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem samningurinn nær ekki til, gildistaka 14. júlí 1986.
	26.1.1996	Viðbótarbókun í kjölfar aðildar lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu, beitt frá 1. janúar 1995, gildistaka 27. janúar 1996.
10/1981	15.5.1981	Samningur um innflutning á kindakjöti, gildistaka miðast við 1. febrúar 1981.
28/1991	24.10.1991	Samningur til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar, gildistaka 1. nóvember 1991.
29/1991	24.10.1991	Samstarfssamningur um starfsáætlun til að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknum (SCIENCE), gildistaka 28. október 1991.
10/1992	16.3.1992	Samstarfssamningur um rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála: Vísindi og tækni til verndar umhverfinu (STEP) og Evrópsk áætlun um veðurfarsfræði og náttúruvá (EPOCH), gildistaka 18. maí 1992.
34/1993	2.5.1992	Samningur um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði, gildistaka 1. janúar 1994.

	12.1.1996	Samningur í formi bréfaskipta um tilteknar landbúnaðarafurðir, beitt frá 1. janúar 1995, gildistaka 12. janúar 1996.
35/1993	15.12.1993	Samningur um fiskveiðimál og lífríki hafsins, gildistaka 15. desember 1993.
		Eistland.
24/1991	26.8.1991	Viðskiptasamningur, gildistaka 26. ágúst 1991.
4/1995	*16.6.1994*	*Samningur til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, gildistaka 11. nóvember 1995.*
	6.5.1996	*Bókun um landbúnaðarmál, gildistaka 1. október 1997.*
	11.4./29.4.1997	*Samningur í formi orðsendingaskipta um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. maí 1997.*
	11.4./29.4.1997	*Endurviðtökusamningur í formi orðsendingaskipta, gildistaka 1. maí 1997.*
		Evrópumiðstöð fyrir meðallangdrægar veðurspár.
21/1981	15.5.1981	Samstarfssamningur, gildistaka 1. desember 1980.
		Filippseyjar.
18/1981	16.9./30.10.1981	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana gagnvart handhöfum diplómatískra og sérstakra vegabréfa og um niðurfellingu gjalda fyrir vissar áritanir, gildistaka 9. nóvember 1981.
		Finnland.
207	21.12.1923	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 4. júlí 1924.
208	27.6.1930	Samningur um lausn deilumála með friðsamlegum hætti, gildistaka 5. febrúar 1932.
209	10.3.1960	Loftferðasamningur, gildistaka 10. mars 1960.
7/1970	20.10.1970	Samkomulag um innflutning á kindakjöti til Finnlands, gildistaka 1. mars 1970.
		Frakkland.
211	23.8.1742	Samningur um verslun, siglingar og búsetu, gildistaka 23. ágúst 1742.
212	28.3.1877	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 3. apríl 1878.
213	1.4.1886	Samningur um framsöl á eftirlátnum fjármunum og ógoldnu kaupi sjómanna, gildistaka 1. maí 1886.
214	9.8.1911	Samningur um skuldbundna gerð, gildistaka 9. ágúst 1911.
215	14.4.1926	Samkomulag snertandi upprunaskírteini, gildistaka 1. júní 1926.
218	5.6./7.6.1947	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 7. júní 1947.

9/1972	10.5./17.5.1972	Samkomulag um vörumerkjavernd, gildistaka 17. maí 1972.
18/1982	8.5.1981	Samningur til þess að komast hjá tvísköttun á sviði loftflutninga, gildistaka 27. júlí 1982.
20/1984	12.4.1983	Samkomulag um menningar- og vísindasamvinnu, gildistaka 16. október 1984.
14/1991	29.8.1990	Samstarfssamningur um samstarfsverkefni á sviði kvikmyndagerðar, gildistaka 1. júní 1991.
7/1992	30.1.1992	Samningur um skilyrði fyrir viðskiptum með lifandi skelfisk, gildistaka 29. apríl 1992.
8/1992	29.8.1990	Tvísköttunarsamningur, gildistaka 1. júní 1992.
		Færeyjar.
12/1993	6.8.1992	Samningur um fríverslun, bráðabirgðagildistaka 1. september 1992, gildistaka 1. júlí 1993.
13/1993	28.8./31.8.1992	Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir, bráðabirgðagildistaka 1. september 1992, gildistaka 1. júlí 1993.
	7.10.1998	*Samningur um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999, gildistaka til bráðabirgða 1. janúar 1999.*
	21.1./12.2.1999	*Samningur um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1999, gildistaka til bráðabirgða 12. febrúar 1999.*
		Gambía.
13/1965	13.10./17.11.1965	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 17. nóvember 1965.
		Grenada.
20/1974	6.11./25.11.1947	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 25. nóvember 1947.
		Grikkland.
219	28.1.1930	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 29. maí 1931.
220	14.5.1955	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 14. maí 1955.
		Grænhöfðaeyjar.
28/1990	3.10.1990	Samningur um þróunarsamvinnu, gildistaka 3. október 1990.
	21.12.1995/ 13.9.1996	Erindaskipti um framlengingu samningsins.

Grænland.

	6.2.1998	*Samningur um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, gildistaka til bráðabirgða 6. febrúar 1998.*

Haítí.

221	21.10.1937	Verslunarsamningur, gildistaka 12. október 1938.

Holland.

222	15.6.1701	Samningur um vináttu, gott samlyndi og verslun, gildistaka 15. júní 1701.
223	10.7.1817	Yfirlýsing um að samningurinn haldist í gildi og nái nú einnig til suðurfylkja Hollands, gildistaka 10. júlí 1817.
229	11.4.1825	Samningur um afnám frádráttarréttar, gildistaka 11. apríl 1825.
224	24.12./27.12.1861	Samningur um undanþágu frá herþjónustu, gildistaka 27. desember 1861.
225	18.1.1894	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 18. janúar 1894.
226	2.7.1895	Viðaukasamningur um að samningurinn skuli einnig ná til hinna dönsku og hollensku nýlendna, gildistaka 2. júlí 1895.
227	12.2.1904	Samningur um skuldbundna gerð, gildistaka 8. mars 1906.
228	22.3.1950	Loftflutningasamningur, gildistaka 22. mars 1950.
23/1965	19.10./30.11.1965	Samkomulag við Benelux-löndin um gagnkvæma niðurfellingu tolla af tækjum sem notuð eru til afgreiðslu á flugvélum, gildistaka 30. nóvember 1965.
	25.9.1997	*Samningur til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, gildistaka 26. desember 1998.*

Indland.

175	13.2.1660–61	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 13. febrúar 1660–61.
180	31.3.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
182	25.10.1938	Viðbótarsamningur, gildistaka 25. október 1938.
184	21.6.1881	Samningur um framsal sakamanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
14/1974	15.5./25.6.1974	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. ágúst 1974.

Íran.

231	15.7.1950	Vináttusamningur, gildistaka 12. desember 1950.

Írland.

232	2.12.1950	Viðskiptasamningur, gildistaka 2. desember 1950.
233	19.5./20.5.1949	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 20. maí 1949.

Ísrael.

25/1976	15.6.1960	Orðsendingaskipti um samkomulag um gagnkvæma skráningu og vernd vörumerkja, gildistaka 15. júní 1960.
234	19.10.1960	Viðskiptasamningur og greiðslusamningur, gildistaka 1. janúar 1960.
235	29.12.1955	Samkomulag um afnám gjalds fyrir vegabréfsáritanir, gildistaka 29. desember 1955.
1/1966	23.2.1966	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. apríl 1966.
19/1980	10.10.1980	Erindaskipti um menningar- og vísindasamstarf, gildistaka 10. október 1980.
11/1993	16.9.1992	Samningur um landbúnaðarafurðir, gildistaka 1. ágúst 1983.

Ítalía.

236	1.5.1864	Orðsendingaskipti um samkomulag um gagnkvæma skráningu og vernd vörumerkja, gildistaka 1. maí 1864.
237	17.9.1902	Viðaukagrein, gildistaka 17. september 1902.
238	19.7.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 9. júlí 1873.
239	25.6.1883	Samningur um að veita fátækum þegnum gjafsókn í málum, gildistaka 25. júní 1883.
240	20.6.1889	Samningur um afhendingu dánarvottorða, gildistaka 20. júní 1889.
241	7.11.1891	Samningur um gagnkvæmt afnám frádráttarréttarins, gildistaka 7. nóvember 1891.
242	16.12.1905	Samningur um skuldbundna gerð, gildistaka 16. desember 1905.
243	18.7.1907	Yfirlýsing um gagnkvæma viðurkenningu á mælibréfum skipa, gildistaka 18. júlí 1907.
244	8.8./10.8.1950	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 10. ágúst 1950.
4/1976	30.1./6.2.1976	Erindaskipti um gagnkvæma skráningu vörumerkja, gildistaka 6. febrúar 1976.

Jamaíka.

9/1969	10.4./2.7.1969	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. ágúst 1969.

Japan.

17/1966	15.11.1966	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 20. nóvember 1966.

Júgóslavía.

5/1965	9.6.1965	Viðskiptasamningur, gildistaka 9. júní 1965.

Kanada.

175	13.2.1660–61	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 13. febrúar 1660–61.
176	11.7.1670	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 11. júlí 1670.
179	14.6.1869	Yfirlýsing um undanþágu frá nauðungarlánum og herþjónustu, gildistaka 14. júní 1869.
180	31.3.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
245	18.6./2.8.1928	Samningur um póstávísanaviðskipti, gildistaka 2. ágúst 1928.
188	22.3.1937	Sáttmáli um gerðardóm, gildistaka 22. mars 1937.
8/1962	17.10.1962	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 17. október 1962.
14/1973	22.5./13.6.1975	Erindaskipti um útgáfu radíóáhugamannaleyfa, gildistaka 13. júní 1975.
10/1989	25.6.1988	Samningur um félagslegt öryggi, gildistaka 1. október 1988.
	19.6.1997	*Samningur til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, gildistaka 30. janúar 1998.*
	15.10.1997	*Samningur um samframleiðslu á sviði hljóð- og myndverka, gildistaka 2. febrúar 1998.*
	24.3.1998	*Samkomulag um samvinnu í viðskiptum og efnahagsmálum, gildistaka 24. mars 1998.*

Kína.

21/1987	17.10.1987	Viðskiptasamningur, gildistaka 17. október 1987.
	31.3.1994	*Samningur um að hvetja til fjárfestinga og veita þeim gagnkvæma vernd, gildistaka 1. mars 1997.*
	27.11.1994	*Samningur um menningarsamstarf, gildistaka 23. september 1996.*
	3.6.1996	*Samningur til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, gildistaka 5. febrúar 1997.*

Kíribatí.

11/1980	10.7.1979/ 24.1.1980	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 24. janúar 1980.

Kola- og stálbandalag Evrópu.

3/1973	22.7.1972	Viðskiptasamningur við aðildarríki þess, gildistaka 1. apríl 1973.
17/1986	14.7.1986	Viðbótarbókun vegna aðilar Spánar og Portúgals að bandalaginu, gildistaka 4. júlí 1986.

Kóreulýðveldið.

10/1970	3.3./19.3.1970	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. apríl 1970.

Kúba.

27/1975	24.11.1975	Viðskiptasamningur, gildistaka 24. nóvember 1975.

Lesótó.

3/1970	29.1.1970	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. febrúar 1970.

Lettland.

25/1991	26.8.1991	Viðskiptasamningur, gildistaka 26. ágúst 1991.
5/1995	*19.10.1994*	*Samningur til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, gildistaka 27. desember 1995.*
	9.4./14.4.1997	*Samningur í formi orðsendingaskipta um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 21. apríl 1997.*
	9.4./14.4.1997	*Endurviðtökusamningur í formi orðsendingaskipta, gildistaka 21. apríl 1997.*

Litháen.

21/1991	5.8.1991	Viðskiptasamningur, gildistaka 5. ágúst 1991.
	23.8.1996	*Fyrirkomulag varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir, gildistaka 1. janúar 1997.*
	4.4.1997	*Samningur í formi orðsendingaskipta um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 24. apríl 1997.*
	4.4.1997	*Endurviðtökusamningur, gildistaka 24. apríl 1997.*

Líbería.

247	21.5.1860	Vináttu-, verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 21. maí 1860.

Lúxemborg.

248	8.4.1879	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 8. apríl 1879.
249	23.10.1952	Loftflutningasamningur, gildistaka 23. október 1952.

250	1.3.1951	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. mars 1951.
23/1965	19.10./30.11.1965	Samkomulag við Benelux-löndin um gagnkvæma niðurfellingu tolla af tækjum sem notuð eru til afgreiðslu á flugvélum, gildistaka 30. nóvember 1965.
27/1991	11.12.1989	Samningur um félagslegt öryggi, gildistaka 1. janúar 1992.
		Malasía.
251	15.4./16.4.1959	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 16. apríl 1959.
		Malaví.
9/1967	6.3./2.5.1967	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 2. maí 1967.
		Malta.
15/1967	1.9.1967	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. október 1967.
		Mexíkó.
22/1965	21.12.1965	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. mars 1966.
		Mónakó.
252	26.3.1952	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 26. mars 1952.
		Mósambík.
	18.7./21.8.1996	*Allsherjarsamningur um fyrirkomulag og starfshætti þróunarsamvinnu, gildistaka 21. ágúst 1996.*
		Namibía.
29/1995	22.9.1994	Allsherjarsamningur um fyrirkomulag og starfshætti þróunarsamvinnu, gildistaka 22. september 1994.
		Noregur.
253	2.11.1826	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 1. janúar 1827.
254	13.6.1856	Yfirlýsing um gagnkvæm réttindi skipa, gildistaka 13. júní 1856.
255	16.4.1858	Yfirlýsing varðandi strandferðir, gildistaka 16. apríl 1858.
256	23.5./24.6.1903	Erindaskipti um orðuveitingar, gildistaka 24. júní 1903.
258	30.11.1928	Samkomulag um að taka sjóferðaskýrslur og senda þær áfram, gildistaka 30. nóvember 1928.

259	27.6.1930	Samningur um lausn deilumála með friðsamlegum hætti, gildistaka 6. febrúar 1932.
260	14.7.1951	Loftferðasamningur, gildistaka 14. júlí 1951.
7/1970	28.10.1969	Samkomulag um innflutning á kindakjöti til Noregs, gildistaka 1. mars 1970.
3/1971	15.2.1971	Samkomulag um útgáfu radíóáhugamannaleyfa, gildistaka 15. febrúar 1971.
6/1976	10.3.1976	Orðsendingaskipti um raunhæfa tilhögun í sambandi við útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur, gildistaka 10. mars 1976.
9/1980	28.5.1980	Samkomulag um fiskveiði- og landgrunnsmál, gildistaka 13. júní 1980.
3/1982	22.10.1981	Samkomulag um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen, gildistaka 2. júní 1982.
	11.11.1997	Viðbótarbókun við samkomulag frá 28. maí 1980 milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál og samkomulag sem leitt er af því frá 22. október 1981 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen, gildistaka 27. maí 1998.
7/1984	8.6.1984	Fiskveiðisamningur, gildistaka 8. júní 1984.
	7.10.1998	*Samkomulag um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1999, gildistaka til bráðabirgða 1. janúar 1999.*
		Nýja-Sjáland.
179	14.6.1869	Yfirlýsing um undanþágu frá nauðungarlánum og herþjónustu, gildistaka 14. júní 1869.
180	31.3.1878	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
182	25.10.1938	Viðbótarsamningur, gildistaka 25. október 1938.
184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
188	22.3.1937	Sáttmáli um gerðardóm, gildistaka 22. mars 1937.
27/1973	12.12.1973	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. febrúar 1974.
		Pakistan.
15/1974	9.7./22.7.1974	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana.
7/1977	4.1./3.2.1977	Erindaskipti um afnám áritanaskyldu í diplómatísk og sérstök vegabréf og niðurfellingu gjalda fyrir vegabréfsáritanir, gildistaka 3. febrúar 1977.
		Portúgal.
266	14.3.1896	Yfirlýsing um verslunar- og siglingamál, gildistaka 14. mars 1896.

267	20.3.1907	Samningur um skuldbundna gerð, gildistaka 20. mars 1907.
268	9.4./9.5.1923	Erindaskipti um verslunarviðskipti, gildistaka 9. maí 1923.
16/1963	15.10.1963	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 15. desember 1963.
9/1966	14.7.1966	Samningur um afnám aukatolla, gildistaka 14. júlí 1964.
		Pólland.
262	22.3.1924	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 28. ágúst 1924.
13/1968	13.9.1968	Bókun um viðskipti, gildistaka 13. september 1968.
15/1970	23.5.1970	Erindaskipti um menningar-, vísinda- og tæknitengsl, gildistaka 23. maí 1970.
7/1975	30.4.1975	Viðskipta- og greiðslusamningur, gildistaka 30. apríl 1975.
16/1977	9.9.1977	Samningur um vísinda- og tæknisamvinnu á sviði sjávarútvegs, gildistaka 9. september 1977.
20/1980	24.10.1979	Samningur um samstarf og gagnkvæma aðstoð í tollamálum, gildistaka 29. september 1980.
12/1992	18.6./19.6.1992	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. júlí 1992.
9/1993, 26/1993 & 39/1995	10.12.1992	Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir, bráðabirgðagildistaka 15. nóvember 1993, gildistaka 1. september 1994.
		Rúmenía.
269	8.5.1931	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 28. október 1931.
4/1969	1.4.1969	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. maí 1969.
37/1991	25.5.1990	Niðurfelling að hluta.
9/1972 & 10/1972	16.6.1972	Viðskiptasamningur, gildistaka 6. september 1972.
	10.12.1992	Erindaskipti um fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir, gildistaka 1. júní 1994.
		Rússneska sambandsríkið.
274	25.5.1927	Samkomulag snertandi verslunar- og siglingaviðskipti, gildistaka 25. maí 1927.
275	1.8.1953	Viðskipta- og greiðslusamningur, gildistaka 1. ágúst 1953.
277	14.3.1960	Samkomulag um gagnkvæma niðurfellingu gjalda fyrir ræðismannsstörf, gildistaka 14. mars 1960.
278	25.4.1961	Samningur um menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu, gildistaka 25. apríl 1961.

9/1977	25.4.1977	Samningur um vísinda- og tæknisamvinnu og samráð á sviði sjávarútvegs og rannsókna á lifandi auðæfum hafsins, gildistaka 25. apríl 1977.
16/1982	2.7.1982	Samningur um efnahagssamvinnu, gildistaka 2. júlí 1982.
31/1991	4.12.1991	Viðskiptasamningur, gildistaka 4. desember 1991.
	7.10.1998	*Samkomulag um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1999, gildistaka til bráðabirgða 1. janúar 1999.*
	11.12.1998	*Loftferðasamningur, gildistaka 19. febrúar 1999.*
		Salómonseyjar.
14/1978	5.10./11.12.1978	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 11. desember 1978.
		San Marínó.
273	17.12./23.12.1953	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 23. desember 1953.
		Sankti Lúsía.
1/1979	21.2./27.2.1979	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 27. febrúar 1979.
		Sankti Vinsent og Grenadíneyjar.
12/1980	25.9.1979	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 24. janúar 1979.
		Seychelleseyjar.
12/1978	14.6.1976/ 3.2.1977	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 3. febrúar 1977.
		Slóvakía.
23/1992, 3/1993 & 20/1993	1.6.1992	Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir, bráðabirgðagildistaka 1. janúar 1993, gildistaka 12. ágúst 1993.
		Slóvenía.
17/1992	12.10./14.10.1992	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. desember 1992.
		Spánn.
279	12.10.1889	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 10. september 1889.
280	23.7.1923	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 23. júlí 1923.
281	26.8.1929	Samningur um sátt, dóms- og gerðarskipan, gildistaka 9. júlí 1930.
282	29.6./16.7.1934	Viðskiptasamningur, gildistaka 16. júlí 1934.

284	30.6.1959	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 30. júní 1959.
283	29.11.1960	Viðskiptasamkomulag, gildistaka 29. nóvember 1960.
18/1965	1.12.1965	Loftferðasamningur, gildistaka 1. desember 1965.
9/1981	7.5.1981	Samningur um gæslumenn á hvalveiðistöðvum á Norður-Atlantshafssvæðinu, gildistaka 7. maí 1981.
		Srí Lanka.
175	13.2.1660–61	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 13. febrúar 1660–61.
176	11.7.1670	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 11. júlí 1670.
180	31.3.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
182	25.10.1938	Viðbótarsamningur, gildistaka 25. október 1938.
184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
188	22.3.1937	Sáttmáli um gerðardóm, gildistaka 22. mars 1937.
		Suður-Afríka.
176	13.2.1660–61	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 13. febrúar 1660–61.
175	11.7.1670	Friðar- og verslunarsamningur, gildistaka 11. júlí 1670.
179	14.6.1869	Yfirlýsing um undanþágu frá nauðungarlánum og herþjónustu, gildistaka 14. júní 1869.
180	31.3.1873	Samningur um framsal sakamanna, gildistaka 31. mars 1873.
184	21.6.1881	Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, gildistaka 21. júní 1881.
		Svasíland.
1/1970	8.12./29.12.1969	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 1. janúar 1970.
		Sviss.
285	10.2.1875	Vináttu-, verslunar- og búsetusamningur, gildistaka 10. júlí 1875.
286	22.5.1875	Viðaukagrein, gildistaka 10. júlí 1875.
287	10.12.1877	Samningur um afnám frádráttarréttar, gildistaka 10. desember 1877.
288	23.2./25.2.1948	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 25. febrúar 1948.
15/1971	26.5.1971	Samkomulag um niðurfellingu tolls og söluskatts af flugvélaeldsneyti, gildistaka 26. maí 1971.
17/1982	26.11.1981	Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir, fisk og aðrar sjávarafurðir, gildistaka 21. júlí 1982.
3/1989	3.6.1988	Tvísköttunarsamningur, gildistaka 20. júní 1989.

		Svíþjóð.
253	2.11.1826	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 1. janúar 1827.
254	13.6.1856	Yfirlýsing um gagnkvæm réttindi skipa, gildistaka 13. júní 1856.
255	16.4.1858	Yfirlýsing varðandi strandferðir, gildistaka 16. apríl 1858.
256	23.5./24.6.1903	Erindaskipti um orðuveitingar, gildistaka 24. júní 1903.
289	24.2./26.7.1904	Erindaskipti um sendingu dánarvottorða og annarra vottorða, gildistaka 26. júlí 1904.
291	27.6.1930	Samningur um lausn deilumála með friðsamlegum hætti, gildistaka 10. febrúar 1932.
293	19.6.1947	Samkomulag um viðskipti, gildistaka 19. júní 1947.
295	12.5.1960	Loftferðasamningur, gildistaka 12. maí 1960.
4/1963	11.3.1963	Samkomulag um viðskipti, gildistaka 1. apríl 1962.
7/1970	22.12.1969	Samkomulag um innflutning á kindakjöti, gildistaka 1. mars 1970.
5/1972	10.4./26.4.1972	Samkomulag um útgáfu radíóáhugamannaleyfa, gildistaka 26. apríl 1972.
		Tékkland.
23/1992, 3/1993 & 24/1993	1.6.1992	Samningur um viðskipti með landbúnaðarvörur, bráðabirgðagildistaka 1. janúar 1993, gildistaka 9. september 1993.
		Tékkneska og slóvenska sambandslýðveldið.
23/1990	12.7./13.7.1990	Samningur um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 15. júlí 1990.
23/1992	1.6.1992	Samningur um viðskipti með landbúnaðarvörur, gildistaka 1. janúar 1993.
		Tékkóslóvakía.
297	8.5.1924	Samkomulag um afstöðu landanna í verslunar- og siglingamálum, gildistaka 8. maí 1924.
11/1979	17.9.1979	Erindaskipti um menningar- og vísindasamstarf, gildistaka 17. september 1979.
13/1985	22.8.1985	Viðskiptasamningur, gildistaka 7. nóvember 1985.
		Trínidad og Tóbagó.
15/1968	4.10.1968	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 15. október 1968.
		Túvalú.
13/1978	22.8./11.12.1978	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana (bráðabirgðasamkomulag), gildistaka 11. desember 1978.

		Tyrkland.
303	28.6.1955	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 28. júní 1955.
16/1992	4.12.1991	Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir, gildistaka 1. september 1992.
		Tæland.
301	22.1.1957	Loftferðasamningur, gildistaka 22. janúar 1957.
		Ungverjaland.
304	14.3.1887	Verslunar- og siglingasamningur, gildistaka 14. mars 1887.
14/1970	19.5.1970	Viðskipta- og greiðslusamningur, gildistaka 19. maí 1970.
25/1990	12.7./3.8.1990	Samningur um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 24. ágúst 1990.
	29.3.1993	Erindaskipti um fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir, gildistaka 1. júní 1994.
		Úrúgvæ.
22/1991	8.8.1991	Samningur um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 8. ágúst 1991.
		Vestur-Evrópusambandið.
	16.1.1996	Samningur um öryggismál, gildistaka 15. febrúar 1996.
		Þýskaland.
307	14.6.1881	Samningur viðvíkjandi framsali strokumanna af kaupskipum, gildistaka 1. september 1881.
308	5.2.1891	Samningur um afnám frádráttarréttar, gildistaka 5. febrúar 1891.
309	18.8./2.11.1891	Erindaskipti um kostnað við framsal sakamanna, gildistaka 2. nóvember 1891.
310	2.11./7.11.1912	Samkomulag um framsal manna sem viljandi hafa valdið meiðslum, gildistaka 7. nóvember 1912.
312	14.9.1951/ 25.4.1952	Erindaskipti um dánartilkynningar, gildistaka 25. apríl 1952.
314	12.8.1959	Loftferðasamningur, gildistaka 5. janúar 1961.
25/1992	5.11.1991/31.12.1992	Breyting, gildistaka 31. desember 1992.
316	29.5./14.9.1956	Samkomulag um að falla frá kröfu um að flugmenn hafi vegabréf, gildistaka 14. september 1956.
317	21.6./14.9.1956	Erindaskipti um afnám vegabréfsáritana, gildistaka 14. september 1956.
13/1971 & 21/1973	18.3.1971	Samningur til að koma í veg fyrir tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, gildistaka 2. nóvember 1973.

9/1978	11.10.1977	Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, gildistaka 11. október 1978.
21/1984	27.11.1984	Samkomulag um viðskiptamál, gildistaka 27. nóvember 1984.

3. *Hve margir slíkir samningar hafa verið staðfestir, hve margir undirritaðir og hve margir undirritaðir en ekki staðfestir síðan á 118. löggjafarþingi?*

Um staðfesta samninga vísast til svars við 2. lið hér að framan. Fjöldi samninga sem Ísland hefur undirritað en ekki staðfest er 46 miðað við 15. mars 1999 og eru þeir taldir upp hér á eftir. Þeir samningar, 29 talsins, sem bæst hafa í þann hóp eftir að utanríkisráðherra svaraði áðurnefndri fyrirspurn, eru skáletraðir.

12.4.1930	Convention on Certain Questions relating to the Conflict of Nationality Laws.
13.12.1955	European Convention on Establishment, undirritaður 13. desember 1955.
29.4.1957	European Convention for the Peaceful Settlement of Disputes, undirritaður 29. apríl 1957.
29.4.1958	Convention on the Territorial Sea and the Contiguous Zone, undrritaður 29. apríl 1958.
29.4.1958	Convention on the High Seas, undirritaður 29. apríl 1958.
29.4.1958	Convention on Fishing and Conservation of the Living Resources of the High Seas, undirritaður 29. apríl 1958.
29.4.1958	Convention on the Continental Shelf, undirritaður 29. apríl 1958.
26.10.1961	International Convention for the Protection of Performers, Producers or Phonograms and Broadcasting Organization, undirritaður 26. október 1961.
24.4.1967	European Convention on the Adoption of Children, undirritaður 27. september 1982.
11.12.1967	European Convention on Consular Functions, undirritaður 11. desember 1967.
15.5.1972	European Convention on the Transfer of Proceedings in Criminal Matters, undirritaður 19. september 1989.
15.10.1975	Europan Convention on the Legal Status of Children born out of Wedlock, undirritaður 27. janúar 1977.
10.12.1976	Convention on the Prohibition of Military or any other Hostile Use of Environmental Modification Technique, undirritaður 18. maí 1977.
10.10.1980	Convention or Restrictions on the Use of Certain Conventional Weapons which may be deemed to be excessively injurious or to have Indiscrimination Effects (Protocols), undirritaður 10. apríl 1981.
5.5.1988	Additional Protocol to the European Charter, undirrituð 5. maí 1988.
25.2.1991	Convention on Environmental Impact Assessment in a Transboundary Context, undirritaður 26. febrúar 1991.
21.6.1993	Convention on Civil Liability for Damage resulting from Activities Dangerous to the Environment, undirritaður 21. júní 1993.
1.2.1995	*Framework Convention for the Protection of National Minorities, undirritaður 1. febrúar 1995.*
25.1.1996	*European Convention on the Exercise of Children´s Rights, undirritaður 25. janúar 1996.*
3.5.1996	*European Social Charter (revised), undirritaður 4. nóvember 1998.*
10.9.1996	*Comprehensive Nuclear-Test-Ban-Treaty, undirritaður 24. september 1996.*

18.9.1996 *Agricultural Arrangement between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of Latvia, undirritað 18. september 1996.*

19.12.1996 *Samstarfssamningur milli Schengen-ríkjanna og Íslands og Noregs um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum, undirritaður 19. desember 1996.*

4.4.1997 *Convention for the Protection of Human Rights and Dignity of the Human Being with regard to the Application of Biology and Medicine: Convention on Human Rights and Biomedicine, undirritaður 4. apríl 1997.*

11.4.1997 *Convention on the Recognition of Qualifications Concerning Higher Education in the European Region, undirritaður 11. apríl 1997.*

18.9.1997 *Convention on the Prohibition of the Use, Stockpiling, Production and Transfer of Anti Personnel Mines and on Their Destruction, undirritaður 4. desember 1997.*

6.11.1997 *European Convention on Nationality, undirritaður 6. nóvember 1997.*

15.12.1997 *International Convention for the Suppression of Terrorists Bombings, undirritaður 28. september 1998.*

12.1.1998 *Additional Protocol to the Convention for the Protection of Human Rights and Dignity of the Human Being with regard to the Application of Biology and Medicine, on the Prohibition of Cloning Human Beings, undirritуð 12. janúar 1998.*

11.6.1998 *Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Lettlands um gagnkvæma eflingu og vernd fjárfestinga, undirritaður 11. júní 1998.*

13.6.1998 *Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Litháens til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, undirritaður 13. júní 1998.*

18.6.1998 *Samningar um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen: Samningur milli Íslands, Grænlands/ Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, samningur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands og tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs, undirritaðir 18. júní 1998.*

19.6.1998 *Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Póllands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, undirritaður 19. júní 1998.*

24.6.1998 *Protocol to the 1979 Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution on Heavy Metals, undirritуð 24. júní 1998.*

24.6.1998 *Protocol to the 1979 Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution on Persistent Organic Pollutants, undirritуð 24. júní 1998.*

25.6.1998 *Convention on Access to Information, Public Participation in Decision-Making and Access to Justice in Environmental Matters, undirritaður 25. júní 1998.*

17.7.1998 *Rome Statute of the International Criminal Court, undirritуð 26. ágúst 1998.*

21.8.1998 *Agreement between the Government of Iceland and the Government of the Republic of Malta on Co-operation in the Fields of Health and Medicine, undirritaður 21. ágúst 1998.*

4.11.1998 *Convention on the Protection of the Environment through Criminal Law, undirritaður 4. nóvember 1998.*

6.11.1998 *Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar (NEFCO), undirritaður 6. nóvember 1998.*

9.11.1998 *Samningur milli Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna þróunarsjóðinn, undirritaður 9. nóvember 1998.*

11.11.1998 *Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi frá 14. júní 1993 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna, undirritaður 11. nóvember 1998.*

30.11.1998 *Interim Agreement between the EFTA States and the PLO for the benefit of the Palestinian Authority, undirritaður 30. nóvember 1998.*

30.11.1998 *Agricultural Protocol between the Republic of Iceland and the PLO for the benefit of the Palestinian Authority, undirrituð 30. nóvember 1998.*

14.1.1999 *Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Ítalíu um samvinnu á sviði menningar, vísinda og tækni, undirritaður 14. janúar 1999.*

27.1.1999 *Criminal Law Convention on Corruption, undirritaður 27. janúar 1999.*

1232. Þingsályktun [615. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars.)

Samhljóða þskj. 1215.

1233. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [254. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

(Afgreitt frá Alþingi 25. mars.)

Samhljóða þskj. 845.

Athugasemd.

Fyrri hluti þskj. 1, frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999, stefna og horfur, er að þessu sinni prentaður hér aftast í árgangnum.

Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1999. Fyrri hluti: Stefna og horfur.

Inngangur.

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis, en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast fjárlagaafgreiðslu í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt undir lok haustþings, síðari hluta desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, auk töfluyfirlita um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær, auk sérstakra yfirlita.

Í fyrsta kafla er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum 1998. Í þriðja kafla er fjallað um framvindu efnahagsmála að undanförnu og horfur árið 1999. Í fjórða kafla er yfirlit yfir helstu þætti lánamála ríkissjóðs. Í fimmta kafla er lýst horfum í ríkisfjármálum fram yfir aldamót. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um efnahags- og ríkisfjármál.

Lagagreinar frumvarpsins (síðari hluti):

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Skerðingarákvæði.
7. gr. Heimildir.

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.


Vakin er athygli á því að fyrirhugað er að efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, verði birt á vef fjármálaráðuneytisins um miðjan október. Veffang fjármálaráðuneytisins er *www.stjr.is/fjr.*

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga.

Í þessum kafla koma fram megináherslur ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum með sérstöku tilliti til framvindunnar undanfarin misseri og markmiða fjárlagafrumvarpsins.

Staða efnahagsmála hér á landi hefur gjörbreyst á undanförnum árum og ríkir nú stöðugleiki á flestum sviðum efnahagslífsins. Allt frá miðjum síðasta áratug var mikill hallarekstur á ríkissjóði með tilheyrandi lántöku og skuldasöfnun. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs verði jákvæður þannig að unnt verði að greiða niður skuldir ríkissjóðs um allt að 30 milljarða króna á árunum 1998 og 1999. Hagvöxtur er einnig meiri en í flestum nálægum ríkjum. Atvinna hefur aukist og atvinnuleysi að sama skapi minnkað og er nú minna en í nær öllum aðildarríkjum OECD. Verðbólga hefur einnig verið með minnsta móti, eða á bilinu 1,5–2,5% síðustu fimm ár og jafnvel enn minni á þessu ári. Kaupmáttur heimilanna hefur jafnframt aukist verulega undanfarin ár, eða um meira en 20% frá árinu 1995, og gætir þar meðal annars áhrifa lækkunar tekjuskatts og skattfrelsis lífeyrisiðgjalda. Þá hafa vextir farið lækkandi undanfarin ár. Loks hefur gengi íslensku krónunnar verið stöðugt og jafnvel farið hækkandi undanfarin misseri. Þannig renna flestir, ef ekki allir, hagfræðilegir mælikvarðar stoðum undir þá kenningu að hér ríki sannkallað góðæri í efnahagsmálum.

Heildarskuldir ríkissjóðs.



Eitt helsta einkenni fjárlagafrumvarpsins er að hagstætt árferði er nýtt til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir tæplega 2 milljarða króna tekjuafgangi í fjárlögum ársins 1999 á rekstrargrunni. Hins vegar nemur tekjuafgangur á greiðslugrunni um 10 milljörðum króna og talið er að lánsfjárafgangur ríkissjóðs geti numið um 15 milljörðum króna. Gangi þessi áætlun eftir munu heildarskuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lækka úr 49% í lok árs 1996 í 34% í árslok 1999. Áframhaldandi hagvöxtur og aukin umsvif í efnahagslífinu skila sér í auknum tekjum ríkissjóðs á árinu 1999, jafnt af tekjusköttum sem veltusköttum. Á móti vegur fyrirhuguð lækkun tekjuskatts um næstu áramót um 1%. Enn fremur er gert ráð fyrir umtalsverðum tekjum af sölu eigna ríkisins sem gengur til lækkunar skulda. Í fjárlagafrumvarpinu er lögð sérstök áhersla á nokkra málaflokka og útgjöld til þeirra aukin. Framlög til samgöngumála eru stóraukin og einnig er gert ráð fyrir auknum útgjöldum til ýmissa þátta heilbrigðismála. Þá eru framlög til rannsóknar- og þróunarmála aukin verulega, meðal annars til verkefna tengdum upplýsingasamfélaginu. Sömu sögu er að segja af fram-

lögum til ýmissa menningarmála, meðal annars til undirbúnings fyrirhugaðra menningarviðburða á árinu 2000.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum í því skyni að bæta rekstrarskilyrði og samkeppnisstöðu atvinnulífsins, bæði með lækkun og niðurfellingu skatta og öðrum aðgerðum til að treysta stöðugleikann í efnahagslífinu, hafa skilað umtalsverðum árangri. Í kjölfarið hefur traust erlendra aðila á efnahagsstefnu stjórnvalda farið vaxandi sem meðal annars birtist í bættu lánshæfismati Íslands erlendis. Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld fengið afar jákvæða umfjöllun í skýrslum OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, bæði vegna þeirra áherslubreytinga sem orðið hafa í hagstjórn og ýmissa skipulagsbreytinga sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á mörgum sviðum efnahagslífsins, á fjármálamarkaði, í opinberum rekstri með aukinni áherslu á hagræðingu og markaðsvæðingu, í lífeyrismálum og víðar.

Það eru gömul sannindi og ný að oft er erfiðara að hafa stjórn á efnahagsmálum í góðæri líkt og nú ríkir á Íslandi en þegar erfiðleikar steðja að. Þess vegna er afar mikilvægt að varðveita þennan árangur og slaka hvergi á við stjórn efnahagsmála. Þetta á ekki síst við um ríkisfjármálin því þau gegna nú lykilhlutverki í hagstjórn hér á landi. Sem fyrr segir hillir undir það í fyrsta skipti í einn og hálfan áratug að traust staða ríkisfjármála geri kleift að greiða niður skuldir ríkisins og um leið draga úr miklum vaxtakostnaði. En traust staða ríkissjóðs er ekki síður mikilvæg frá öðru sjónarhorni, þ.e. til þess að auka sparnað í þjóðfélaginu og stuðla þannig að betra jafnvægi í efnahagslífinu með aðhaldi að innlendri eftirspurn.

Upp á síðkastið hafa komið fram vísbendingar um að hagsveiflan hér á landi sé komin á það stig að aukins aðhalds sé þörf til að halda aftur af miklum vexti þjóðarútgjalda. Þannig hefur innflutningur neysluvöru aukist mjög mikið að undanförnu, einkum heföbundins neysluvarnings svo sem bíla og heimilistækja. Í kjölfarið hefur vöruskiptajöfnuður versnað. Annar mælikvarði á umsvif í efnahagslífinu er þróun tekna ríkissjóðs. Innheimtan á fyrstu átta mánuðum ársins gefur greinilegar vísbendingar um aukna veltu og meiri launabreytingar en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum. Þá hefur verulega dregið úr atvinnuleysi upp á síðkastið. Loks má nefna að útlánaaukning bankanna það sem af er árinu hefur verið nokkuð mikil miðað við sama tíma í fyrra. Öll þessi atriði eru dæmigerð merki um mikil umsvif og eftirspurn í efnahagslífinu sem fyllsta ástæða er til að hafa góðar gætur á.

Þótt vöxtur þjóðarútgjalda sé vissulega mikill er ekki ástæða til að óttast að þróun efnahagsmála fari úr böndunum. Með þeim breytingum sem orðið hafa á skipulagi og umgjörð efnahagslífsins á undanförnum árum, til dæmis með opnun fjármagnsmarkaðarins gagnvart útlöndum og uppbyggingu verð- og hlutabréfamarkaðar, hefur verið búinn til svo traustur rammi að ekki verður aftur snúið til fyrri verðbólgutíma. Þessar breytingar gera vissulega auknar kröfur til opinberra aðila, en ekki síður til stjórnenda fyrirtækja um að auka hagræðingu í rekstri og treysta þannig samkeppnisstöðuna. Þá er mikilvægt að hafa í huga að það góðæri sem hér ríkir er byggt á traustum grunni og raunverulegum forsendum, ólíkt því sem stundum var áður. Þannig hafa komið til sögunnar nýjar atvinnugreinar sem hafa megnað að byggja upp öflugan útflutning, svo sem hugbúnaðarframleiðslu og ýmis hátæknifyrirtæki í framleiðslu- og þjónustugreinum. Útflutningsverð á flestum sjávarafurðum er einnig afar hagstætt og horfur á vaxandi afla á næstu árum. Loks má nefna að þær miklu fjárfestingar sem ráðist hefur verið í á undanförnum árum eru mun arðbærari en áður var.

Við ríkjandi aðstæður í efnahagslífinu skiptir samt miklu að stjórnvöld freisti þess að hamla gegn aukningu þjóðarútgjalda og komi þannig í veg fyrir að stöðugleikinn í verðlagsmálum raskist. Æskilegt er að grípa til aðhaldsaðgerða bæði í peninga- og ríkisfjármálum. Svigrúm til frekara aðhalds í peningamálum er hins vegar takmarkað þar sem nú þegar er

fylgt mjög aðhaldssamri peningamálastefnu. Þetta kemur meðal annars fram í mun hærri vöxtum hér á landi en í flestum nálægum ríkjum. Enn fremur hefur gengi íslensku krónunnar farið hækkandi síðustu misseri sem hefur þrengt að samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Við þessar aðstæður er mikilvægt að treysta stöðu ríkisfjármála enn frekar. Það stuðlar að auknum innlendum sparnaði og hamlar gegn aukningu þjóðarútgjalda. Í þessu felst ekki að það þurfi að draga úr útgjöldum til brýnna málaflokka eins og velferðar- og menntamála, en útgjöld til þeirra munu sem fyrr segir aukast á þessu og næsta ári líkt og undanfarin ár. Hins vegar þarf að beita ítrasta aðhaldi í opinberum rekstri, til dæmis með því að halda áfram að bjóða út ýmis verkefni á vegum ríkisins. Einnig mun áframhaldandi sala á eignum ríkisins til einkaaðila verða til þess að auka sparnað og draga úr innlendri eftirspurn.

Það er misskilningur að meginrökin fyrir því að selja eignarhlut ríkisins í atvinnufyrirtækjum séu að ná inn tekjum í ríkissjóð til þess að standa undir auknum útgjöldum. Vissulega eru það rök fyrir sölu ríkisfyrirtækja að hún skilar ríkissjóði og þar með landsmönnum öllum tekjum. En þessar tekjur eiga ekki að ganga til þess að fjármagna aukin útgjöld heldur til þess að lækka skuldir ríkisins. Þetta eru veigamikil rök enda verður það að teljast eitt brýnasta verkefni stjórnvalda um þessar mundir að lækka skuldir ríkisins eins hratt og unnt er þannig að skuldabagganum verði ekki velt yfir á kynslóðir framtíðarinnar. Enn fremur þarf að hafa í huga að við búum nú við einstakt góðæri hér á landi. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að reka ríkissjóð með afgangi til þess að búa í haginn fyrir framtíðina. Jafnframt næst með þessu móti það veigamikla markmið að lækka vaxtabyrði ríkissjóðs og þar með skapa svigrúm fyrir aukin útgjöld á öðrum sviðum eða frekari lækkun skatta. Áætlanir fyrir árið 1998 sýna að greiðslustaða ríkisins er afar hagstæð um þessar mundir og horfur á að lánsfjárafgangur geti orðið 14,7 milljarðar króna. Þetta er þrefalt meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Um helming þessarar fjárhæðar má rekja til sölu á eignum ríkisins, en hluti hennar hefur þegar komið til framkvæmda og frekari sala er áformuð síðar í haust. Af þessu má ráða hve eignasala getur verið mikilvæg í því skyni að greiða niður skuldir ríkisins.

Fróðlegt er að bera þessa hagstæðu greiðslustöðu saman við bókfærða afkomu ríkissjóðs á árinu 1998. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að á árinu 1998 verður grundvallarbreyting á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings frá því sem áður var. Meginfrávikið er að nú eru bæði fjárlög og ríkisreikningur færð á rekstrargrunni, en fjárlög voru áður eingöngu færð á greiðslugrunni. Í þessu felst meðal annars að nú ber að færa skuldbindingar sem falla á ríkissjóð á árinu til gjalda samtímis jafnvel þótt þær komi ekki til greiðslu fyrr en seinna. Þetta sést best á færslu lífeyrisskuldbindinga ríkisstarfsmanna, en hækkun þeirra vegna breytinga á launakerfi ríkisstarfsmanna á þessu ári er öll bókfærð á rekstur ársins 1998 þótt hún komi til greiðslu á mörgum árum og jafnvel áratugum. Það er mikil framför að birta fjárlög á sama grunni og ríkisreikningur er gerður upp á. Þannig er horfst í augu við og bókfærðar þær skuldbindingar sem kunna að falla á ríkissjóð vegna ákvarðana sem eru teknar á viðkomandi ári jafnvel þótt þær komi ekki til greiðslu fyrr en mörgum árum seinna. En hvaða áhrif hefur þetta á bókfærða afkomu ríkissjóðs? Afkomutölur ársins 1998 sýna glöggt áhrif þessara breytinga. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir lítils háttar rekstrarafgangi ríkissjóðs á árinu, miðað við rekstrargrunn. Í endurskoðaðri áætlun er nú gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs geti orðið rúmlega 9 milljörðum króna meiri en í fjárlagaáætlun. Hins vegar er talið að bókfærð útgjöld ríkissjóðs muni fara um 12 milljarða króna fram úr fjárlögum. Þar vegur fyrrnefnd hækkun lífeyrisskuldbindinga ríkisstarfsmanna þyngst, en þær eru taldar verða 9,4 milljörðum króna hærri en áætlað hafði verið. Samkvæmt þessu stefnir í tæplega 3 milljarða króna bókfærðan halla á ríkissjóði á árinu 1998.

Samanburður þessara tveggja mælikvarða, þ.e. annars vegar bókfærðrar afkomu á rekstrargrunni og hins vegar lánsfjárjöfnuðar ríkissjóðs, leiðir í ljós þá sérkennilegu niðurstöðu að miðað við fjárlög versnar afkoman á fyrri mælikvarðanum en batnar stórlega á hinum síðari. Báðir mælikvarðar eiga vissulega rétt á sér. Annar mælikvarðinn sýnir mat á afkomu ríkissjóðs að teknu tilliti til áfallinna, en ógreiddra, skuldbindinga. Hinn mælikvarðinn, lánsfjárjöfnuðurinn, sýnir hins vegar áhrif ríkisfjármála á efnahagslífið hverju sinni, til dæmis hvort fylgt er aðhaldssamri eða undanlátssamri stefnu. Sú staðreynd að horfur eru á allt að 30 milljarða króna lánsfjárafgangi á árunum 1998 og 1999 sýnir að ríkisstjórnin fylgir aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum sem meðal annars dregur úr neikvæðum áhrifum viðskiptahallans á þróun efnahagslífsins.

Flest bendir til að meginverkefni hagstjórnar hér á landi á næstu árum verði að leita leiða til að auka þjóðhagslegan sparnað og draga úr viðskiptahalla gagnvart útlöndum. Eins og nú horfir stefnir í umtalsverðan viðskiptahalla á árunum 1998 og 1999. Um þriðjung hallans má rekja til tímabundinnar fjárfestingar í stóriðju, sem mun skila sér í auknum útflutningstekjum þegar fram í sækir. Einnig hefur almenn fjárfesting atvinnufyrirtækja aukist verulega og má ætla að hún skili sér einnig í aukinni framleiðslu til lengri tíma litið. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að mikill vöxtur einkaneyslu á einnig nokkurn þátt í auknum viðskiptahalla og er þannig merki um að þjóðhagslegur sparnaður er of lítill. Þetta er óæskileg þróun sem brýnt er að bregðast við. Hér er þó rétt að ítreka að það er gert ráð fyrir lánsfjárafgangi hjá ríkissjóði árin 1998 og 1999 sem spornar við neikvæðum áhrifum viðskiptahalla á efnahagslífið. Þegar flest þjóðhagsleg skilyrði eru hagstæð, líkt og nú er, er æskilegt að afgangur sé á viðskiptajöfnuði og að erlendar skuldir fari lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu, að minnsta kosti ef litið er til viðskiptajöfnuðar án fjárfestingar í stóriðju. Einnig er rétt að hafa í huga að þótt grunnur íslensks efnahagslífs sé mun traustari nú en áður var, meðal annars vegna opnunar hagkerfisins út á við og aukinnar markaðsvæðingar á mörgum sviðum, geta veður skipast skjótt í lofti. Þar nægir að nefna að aflabrögð geta brugðist og viðskiptakjör versnað, en hvoru tveggja eru nú með hagstæðasta móti samanborið við það sem verið hefur undanfarin ár. Viðvarandi viðskiptahalli sem rekja má til neyslu- og fjárfestingarútgjalda umfram verðmætasköpun í þjóðarbúskapnum er ávísun á þenslu sem grefur undan stöðugleika í efnahagslífinu þegar fram í sækir.

Alþjóðlegar athuganir sýna ótvírætt að aukinn sparnaður hins opinbera, þ.e. afgangur á rekstri hins opinbera, er öruggasta og fljótvirkasta leiðin til þess að auka þjóðhagslegan sparnað. Tvennt rennir stoðum undir þessa kenningu. Annars vegar bendir margt til að sparnaðarvitund almennings sé ekki jafn sterk hér á landi og annars staðar. Hins vegar er erfitt að auka sparnað einkageirans með stjórnvaldsaðgerðum nægilega mikið til að treysta þjóðhagslegan sparnað, að minnsta kosti til skamms tíma litið. Loks er rétt að benda á að við ríkjandi aðstæður er erfitt að beita peningamálunum í því skyni að auka sparnað. Nægir þar að nefna að vextir hér á landi eru þegar mun hærri en í flestum nágrannaríkjunum og líklegt að frekari vaxtahækkun muni annað hvort leiða til aukinnar lántöku erlendis til að fjármagna fjárfestingu eða draga úr hagvexti þegar fram í sækir. Það er þó ótvírætt að efnahagslegar umbætur af ýmsu tagi gætu leitt til aukins sparnaðar og enginn vafi er á að sala ríkisfyrirtækja getur stuðlað að auknum sparnaði, hvort sem litið er til skamms eða langs tíma. Sama máli gegnir um umbætur í lífeyrismálum sem gætu stuðlað að auknum lífeyrissparnaði. Loks má nefna aðgerðir sem fælu í sér að tiltekin sparnaðarform leiddu til tímabundinna skattaívilnana. Hér ber þó að gæta þess að aukinn sparnaður einkageirans vegna skattalegs hagræðis minnkar sparnað ríkisins nema á móti komi aðgerðir til þess að fjármagna slíkar ívilnanir.

Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eins og hún birtist í þessu fjárlagafrumvarpi miðar að því að treysta stöðugleikann í sessi og stuðla að áframhaldandi hagvexti og batnandi lífskjörum heimilanna í landinu. Það er lykilatriði í þessu samhengi að nýta góðærið til að treysta stöðu ríkisfjármála enn frekar en orðið er og halda áfram að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Lækkun skulda ríkisins er forgangsatriði í ríkisfjármálum og eitt brýnasta verkefni sem við stöndum frammi fyrir í efnahagsmálum. Með þessu móti er í senn búið í haginn fyrir framtíðina og styrkum stoðum rennt undir áframhaldandi góðæri í efnahagsmálum. Það er meginmarkmið þessa frumvarps.

2 Helstu þættir ríkisfjármála.

Í þessum kafla eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps fyrir árið 1999. Jafnframt er gerð grein fyrir horfum í ríkisfjármálum á yfirstandandi ári með samanburði við áform fjárlaga. Einnig er stiklað á meginatriðunum, en nánar er fjallað um einstaka þætti síðar í greinargerðinni, bæði í fyrri og síðari hluta frumvarpsins.

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 1998.

Fjárlög ársins 1998 eru hin fyrstu sem eru sett fram á rekstrargrunni og hafa að geyma áætlaðar skuldbindingar ríkissjóðs á fjárlagaárinu ásamt greiðsluhreyfingum. Þá sýna fjárlögin í fyrsta sinn heildarumfang ríkisrekstursins, þ.e. ekki einungis ríkissjóðs heldur ýmissa stofnana og sjóða sem ekki hafa verið með í þessu uppgjöri.

Fjárlög ársins 1998 voru afgreidd með lítilsháttar tekjuafgangi. Heildartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 165,8 milljarðar króna, en heildarútgjöld 165,7 milljarðar. Þá var gert ráð fyrir að lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs skilaði 4,8 milljarða króna afgangi sem færi til að lækka skuldir ríkissjóðs.

Afkomuhorfur ríkissjóðs á yfirstandandi ári hafa nú verið endurskoðaðar, meðal annars á grundvelli afkomunnar fyrstu átta mánuði ársins og endurskoðaðrar þjóðhagsspár. Nú er talið að staðan í árslok geti orðið talsvert önnur en fjárlög gerðu ráð fyrir, eða um 6,6 milljarða króna tekjuafgangur, ef frá er talin 9,3 milljarða króna gjaldfærsla vegna endurmats á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs. Að lífeyrisskuldbindingum meðtöldum stefnir hins vegar í um 2,8 milljarða króna halla í árslok.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun eru heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1998 taldar geta orðið tæplega 175 milljarðar króna, eða 9,1 milljarði króna hærri en í fjárlögum. Tekjuaukann má að stærstum hluta rekja til meiri umsvifa í efnahagslífinu en gengið var út frá við afgreiðslu fjárlaga. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna, þ.e. heildartekjur að teknu tilliti til verðlagsþróunar og skattbreytinga, er talinn aukast um tæplega 9% á árinu, eða 4% meira en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að einkaneysla heimilanna aukist mun meira en áður var spáð, eða um 10% í stað 5%.

Talið er að tekjuskattar einstaklinga skili 2,1 milljarði króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Enn fremur er talið að tekjur af tryggingagjaldi verði um 0,7 milljörðum meiri en í fjárlagaáætlun. Að svo stöddu er ekki tilefni til að endurskoða áætlun um tekjuskatt lögaðila fyrr en álagningu verður lokið í október.

Aukin neysluútgjöld heimilanna, einkum kaup á varanlegum neysluvörum eins og bifreiðum og heimilistækjum, skila sér í auknum tekjum af virðisaukaskatti, vörugjöldum, bifreiðagjöldum o.fl. Talið er að tekjur af veltusköttum verði tæplega 6,5 milljarða króna umfram forsendur fjárlaga. Þar af aukast tekjur af virðisaukaskatti um 5,8 milljarða króna.

Gert er ráð fyrir að tekjur af sölu eigna ríkisins verði sem næst á áætlun fjárlaga, en þar vegur þyngst fyrirhuguð sala á tæplega helmings hlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, sala á hlut ríkisins í Járnblendifélaginu á Grundartanga, sem þegar hefur farið fram, og sala á hlut eigna ríkisins í Íslenskum aðalverktökum. Áætlaður hagnaður af sölu þessara eigna, þ.e. mismunur söluverðs og nafnverðs, er talinn verða um 2,6 milljarðar króna. Hins vegar má ætla að heildarsöluverðmæti eignanna nemi 6,7 milljörðum króna, heldur minna en áformað var.

Útgjaldahorfur ríkissjóðs fyrir árið 1998 hafa einnig verið endurmetnar. Samtals er talið að útgjöld ríkissjóðs verði um 177,7 milljarðar króna, eða um 12 milljörðum umfram fjárlög. Þar af má rekja 9,3 milljarða króna til aukinna lífeyrisskuldbindinga og um 0,9 milljarða króna til kjarasamninga og launaúrskurða eftir að fjárlög voru afgreidd.

Lífeyrisskuldbindingar sem falla á ríkissjóð á árinu eru nú gjaldfærðar í fjárlögum og ríkisreikningi þótt þær komi til greiðslu á mörgun árum. Á síðasta ári voru gerðir kjarasamningar við nær alla ríkisstarfsmenn. Flestir samninganna fólu í sér umfangsmiklar breytingar og uppstokkun á launakerfinu, meðal annars verða ýmsar aukagreiðslur felldar inn í dagvinnulaun í áföngum. Með þessari breytingu hækka lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs verulega þar sem stór hluti ríkisstarfsmanna á rétt á lífeyrisgreiðslum sem taka mið af dagvinnulaunum en ekki heildarlaunum, ólíkt því sem mun gilda í framtíðinni, sbr. breytingar á lögum um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Við afgreiðslu fjárlaga var vinnu við gerð aðlögunarsamninga ekki lokið og því óvissa um endanlega niðurstöðu. Að auki hafa ákvarðanir Kjaradóms og kjaranefndar um laun ýmissa stétta áhrif til hækkunar á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs. Nú liggur fyrir bráðabirgðamat á áhrifum þessara breytinga á lífeyrisskuldbindingar ríkisins. Samkvæmt því er talið að gjaldfærðar skuldbindingar nemi 13,3 milljörðum króna á árinu 1998, eða 9,3 milljörðum umfram forsendur fjárlaga.

Frá því að fjárlög 1998 voru afgreidd á Alþingi hafa Kjaradómur og kjaranefnd úrskurðað um laun nokkurra stétta. Þar eru fjölmennastir heilsugæslulæknar og háskólaprófessorar. Þá lauk kjarasamningum við nokkur stéttarfélög sem leiddu til hækkunar launa umfram forsendur fjárlaga. Þar vega þyngst launahækkanir til lækna á sjúkrahúsum, sérfræðilækna og hjúkrunarfræðinga. Samtals er talið að úrskurðir þessir og samningar leiði til um 900 m.kr. útgjaldaauka umfram forsendur fjárlaga.

Önnur hækkun útgjalda vegna breyttra forsendna og veikleika í fjárlögum er talin nema um 2,7 milljörðum króna. Viðbótarútgjöld, sem ýmist eru bundin í kjarasamningum, lögum eða samþykkt af ríkisstjórn, nema um 1,6 milljörðum króna. Þar má nefna um 300 m.kr. til að flýta framkvæmdum við hafnir, 150 m.kr. framlag vegna hækkunar á grundvallarverði mjólkur í byrjun ársins og 150 m.kr. aukið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Til viðbótar má nefna nokkra veikleika í fjárlögum. Ætla má að útgjöld vegna heimilda í 7. grein fjárlaga hækki um 600 m.kr. og eru þá meðtalin lóða- og fasteignakaup vegna sendiráðanna í Berlín og París. Einnig er gert ráð fyrir 500 m.kr. viðbótarframlagi til að mæta veikleikum í rekstri heilbrigðisstofnana. Á móti vegur að vaxtagjöld ríkisins eru talin nema 15,8 milljörðum króna og lækka um 400 m.kr. frá forsendum fjárlaga. Enn fremur er talið að greiðslur barnabóta verði 100–200 m.kr. lægri en áætlað var í fjárlögum.

Nokkrar breytingar eru á lánahreyfingum ríkissjóðs og munu fjármunahreyfingar skila alls um 1 milljarði meira í ríkissjóð en talið var í fjárlögum. Veitt löng lán ríkissjóðs verða um 2,3 milljörðum lægri en ráðgert var. Lánveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins eru um 1 milljarði króna lægri en heimild í fjárlögum. Þá fer smíði nýs hafrannsóknaskips, sem Þróunarsjóður sjávarútvegsins fjármagnar, hægar af stað en ráðgert var. Einnig frestast fyrirhugaðar

framkvæmdir við Flugstöð Leifs Eiríkssonar um eitt ár. Á móti kemur að sala hlutabréfa og eignarhluta ríkisins mun skila 1 milljarðs króna lægri fjárhæð en áætlað var í fjárlögum og innheimtar afborganir veittra lána lækka um 0,3 milljarða króna.

Í fjárlögum var gert ráð fyrir lánsfjárafgangi, í fyrsta sinn síðan um miðjan síðasta áratug, og að hann gæti numið 4,8 milljörðum króna. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er hins vegar talið að lánsfjárafgangur verði mun meiri, eða um 14,7 milljarðar króna. Hagstæðari greiðslustaða ríkissjóðs gefur færi á að greiða niður skuldir ríkissjóðs hraðar en ella.

2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps 1999.

Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs haldi áfram að batna á árinu 1999. Tekjuafgangur ríkissjóðs, að teknu tilliti til bókfærðra lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs, er talinn nema 1,9 milljörðum króna. Afkoman á rekstrargrunni batnar því um tæplega 5 milljarða króna frá endurskoðaðri áætlun yfirstandandi árs. Þótt áfram sé gætt aðhalds í útgjöldum ríkisins skapast svigrúm til að efla nokkra málaflokka. Þannig er gert ráð fyrir verulegri aukningu á fjármagni til samgöngumála. Enn fremur er sett viðbótarfé til að tryggja rekstur heilbrigðisstofnana og fjölga hjúkrunarrýmum. Loks er gert ráð fyrir auknum framlögum til menningarmála, vísindarannsókna og þróunarmála.

Afkoma ríkissjóðs.


Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999	Breyting frá áætlun
Tekjur	165.810	174.900	181.075	6.175
Gjöld	165.677	177.700	179.170	1.470
Tekjujöfnuður	**133**	**-2.800**	**1.905**	**4.705**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi [1]	891	12.704	5.658	-7.046
Handbært fé frá rekstri	**1.024**	**9.904**	**7.563**	**-2.341**
Fjármunahreyfingar [2]	3.785	4.770	7.475	2.705
Hreinn fjármagnsjöfnuður	**4.809**	**14.674**	**15.038**	**364**

1) Til þess að fá mat á sjóðsstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

2) Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

Meginforsenda fjárlagafrumvarpsins er að hagstætt árferði verði nýtt til að greiða niður skuldir ríkissjóðs og er gert ráð fyrir að lánsfjárafgangur ríkissjóðs geti numið um 15 milljörðum króna á árinu 1999.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs.



Gangi þessi áætlun eftir munu heildarskuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lækka úr 49% í lok árs 1996 í 34% 1999. Endurgreiðsla skulda er í reynd meiri, eða sem nemur samanlögðum lánsfjárafgangi árin 1998 og 1999, þ.e. um 30 milljörðum króna, en á móti kemur hækkun skulda vegna áfallinna vaxta og endurmats. Með þessu móti munu ríkisfjármálin draga verulega úr áhrifum mikils viðskiptahalla á efnahagslífið og þannig stuðla að auknum stöðugleika.

Áætlað er að heildarlántökur ríkissjóðs, fyrirtækja ríkisins og sjóða muni alls nema 59 milljörðum króna árið 1999. Afborganir þessara aðila af eldri lánum eru einnig taldar verða um 57 milljarðar króna. Skuldsetning ríkisaðila mun því nánast standa í stað á árinu 1999 og gildir hið sama um yfirstandandi ár. Það eru merk tímamót þegar ríkisaðilar eru ekki lengur nettó lántakendur á fjármagnsmarkaði þrátt fyrir umfangsmiklar orkuframkvæmdir sem fjármagnaðar eru með lánum. Minni umsvif hins opinbera á lánamarkaði eykur svigrúm atvinnulífs og heimila og dregur úr þrýstingi á vaxtastigið.

Áframhaldandi hagvöxtur og aukin umsvif í efnahagslífinu skila sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Áætlað er að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1999 verði rúmlega 181 milljarður króna, eða um 6 milljörðum króna hærri en á árinu 1998. Þar af má rekja 2,7 milljarða króna til aukinna veltuskatta og 2,1 milljarð króna til aukinna tekna af tekjuskatti einstaklinga þrátt fyrir 1% lækkun á skatthlutfallinu um næstu áramót, en hún kostar um 1,5 milljarða króna. Loks skilar tryggingagjald um ½ milljarði í auknar tekjur.

Annað árið í röð er gert ráð fyrir umtalsverðum tekjum af sölu eigna. Eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum 1998 er stefnt að sölu á tæplega helmingi hlutabréfa ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Íslenskum aðalverktökum nú í haust. Á næsta ári er síðan áformað að ljúka sölu á hlutabréfum ríkisins í þessum fyrirtækjum. Auk þess er miðað við sölu á fjórðungshlut ríkisins í Sementsverksmiðju ríkisins en hún var upphaflega áformuð á þessu ári. Að svo stöddu er ekki ljóst hve miklum tekjum eignasalan getur skilað, en miðað er við að 2,4 milljarðar króna komi fram á tekjuhlið, en þar er einungis færður söluhagnaður hlutabréfanna, þ.e. tekjur umfram skráð nafnverð. Söluverðmæti hlutabréfanna að frátöldum söluhagnaði kemur fram sem fjármagnstilfærsla og skilar sér í lækkun skulda ríkissjóðs.

Heildarútgjöld á árinu 1999 eru áætluð 179,2 milljarðar króna á rekstrargrunni og hækka um 1,5 milljarða króna frá áætlun yfirstandandi árs, en um 13,5 milljarða króna frá fjárlögum 1998. Að frátöldum lífeyrissjóðsskuldbindingum hækka útgjöldin um 5,5 milljarða króna milli ára, eða um 3,3%. Til samanburðar má nefna að hagvöxtur er talinn verða um 5% og

verðmæti landsframleiðslunnar eykst um 7,5% á milli ára. Hlutfall útgjalda ríkisins af landsframleiðslu lækkar því um 1% milli ára.

Heildargreiðslur á árinu nema 164,7 milljörðum króna. Mismunur útgjalda og greiðslna, 14,5 milljarðar króna, færist á viðskiptareikninga til hækkunar skuldbindingum ríkissjóðs. Skýringin á þessum mun er í meginatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsmanna ríkisins um 7,2 milljarðar króna umfram það sem ríkissjóður greiðir til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Í öðru lagi eru áfallnir vextir tæplega 4 milljörðum króna hærri en greiddir vextir og í þriðja lagi er áætlað að afskrifaðar skattkröfur nemi tæplega 4 milljörðum króna.

Útgjöld til heilbrigðismála aukast um tæplega 4% að raungildi frá útgjaldaáætlun 1998 og um 9% frá fjárlögum 1998. Þrátt fyrir verulega aukið framlag til reksturs heilbrigðisstofnana á undanförnum árum hafa stjórnendur margra þeirra ekki náð að halda rekstri þeirra innan fjárlagaheimilda. Vandi stjórnenda stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík er hvað mestur. Í fjárlagafrumvarpi er framlag til þeirra enn aukið að raungildi. Einnig er í frumvarpinu sérstök áhersla lögð á fjölgun hjúkrunarrýma. Stefnt er að opnun allt að 120 nýrra hjúkrunarrýma á næsta ári í Reykjavík, Hveragerði, Garðabæ og víðar. Þá er áfram unnið að fjölgun vistunarúrræða fyrir fatlaða á svæðum þar sem þörfin er brýnust.

Útgjöld til rannsókna og þróunarmála aukast um 520 m.kr. Til verkefna tengdum íslenska upplýsingasamfélaginu er sérstaklega varið 320 m.kr. Um er að ræða fyrsta skrefið í að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar á þessu sviði. Þá er 65 m.kr. framlag til rannsókna á sviði upplýsinga- og umhverfismála og 50 m.kr. til virkjanarannsókna. Í báðum tilvikum er um áætlanir til langs tíma að ræða og mun fast að 1 milljarði króna verða varið til þeirra á næstu sjö árum.

Framlög úr ríkissjóði sem varið verður til undirbúnings fyrirhugaðra menningarviðburða á árinu 2000, nema alls um 260 m.kr. á næsta ári og er það 160 m.kr. hækkun frá því sem verður á yfirstandandi ári. Viðburðirnir sem hér um ræðir eru 1000 ára kristnitökuhátíð, 1000 ára afmæli landafunda Íslendinga í Vesturheimi og verkefnið Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000.

Útgjöld ríkisins til samgöngumannvirkja aukast um tæplega 1 milljarð króna milli ára, þar af um 800 m.kr. til vegamála. Í fyrsta sinn í langan tíma er gengið út frá óskertum framkvæmdaáætlunum í vegamálum, hafnamálum og flugmálum. Til framkvæmda í menntamálum og heilbrigðismálum verður varið um 2 milljörðum króna á næsta ári, sem er svipuð fjárhæð og á yfirstandandi ári.

Ný lög um húsnæðismál voru afgreidd á Alþingi sl. vor. Ný stofnun, Íbúðalánasjóður, tekur við af Húsnæðisstofnun ríkisins og er gert ráð fyrir að sjóðurinn standi undir útlánum án framlags úr ríkissjóði. Stuðningur ríkisins við húseigendur verður með greiðslu vaxtabóta og er gert ráð fyrir að þær hækki þegar á næsta ári um 300 m.kr. Á árinu 1999 mun ríkissjóður að auki samkvæmt bráðabirgðaákvæði veita Íbúðalánasjóði 180 m.kr. framlag til að standa undir vaxtamun á útlánum og teknum lánum til leiguíbúða.

3 Framvinda og horfur í efnahagsmálum.

Framvinda efnahagsmála undanfarin ár hefur öðru fremur einkennst af örum hagvexti, minnkandi atvinnuleysi og vaxandi kaupmætti heimilanna. Jafnframt hefur fjárfesting í atvinnulífinu aukist, meðal annars vegna ýmissa aðgerða stjórnvalda sem hafa treyst stöðugleika í þjóðarbúskapnum, og í kjölfarið hafa útflutningstekjur aukist, ekki síst í ýmsum greinum hugbúnaðar og hátækniiðnaðar. Jafnframt hefur verið ráðist í umfangsmiklar stóriðju-

framkvæmdir sem munu leiða til aukinna útflutningstekna á komandi árum. Verðbólga hefur einnig haldist á svipuðu stigi og í helstu nágrannalöndum Íslendinga. Helstu hættumerkin eru þau að viðskiptahalli hefur aukist, ekki einungis vegna stóriðjuframkvæmda og fjárfestingar í atvinnulífinu, heldur einnig vegna vaxandi neyslu heimilanna. Mikilvægt er að hamla gegn þessari þróun með því að örva sparnað, jafnt opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, sem einkaaðila.

3.1 Alþjóðlegar efnahagshorfur.

Staða efnahagsmála á alþjóðavettvangi er nokkuð óviss um þessar mundir. Þar gætir fyrst og fremst óvissu um áhrif efnahagskreppunnar í Asíu og framvindu mála í Rússlandi. Kreppan hófst með hrinu gengisfellinga og verðfalli á hlutabréfamörkuðum í nokkrum ríkjum Suðaustur-Asíu á síðari hluta ársins 1997. Ástæðurnar voru einkum undanlátssöm stefna í peninga- og ríkisfjármálum ríkjanna sem ekki dugði til að styðja fastgengisstefnu þeirra. Þessir erfiðleikar urðu síðan til þess að veikja stöðu annarra ríkja í Asíu enn frekar, ekki síst Japans og Suður-Kóreu sem áttu mikil viðskipti við þessi ríki. Að undanförnu hafa bæst við áhyggjur af efnahagsástandinu í Kína og nú síðast í Rússlandi í kjölfar hruns rúblunnar.

Enn sem komið er hafa áhrif þessara erfiðleika fyrst og fremst verið bundin við Asíuríkin og helstu viðskiptalönd. Áhrifin á efnahagsframvindu á Vesturlöndum hafa aftur á móti verið takmörkuð. Engu að síður er ljóst að almennar efnahagshorfur hafa veikst sem sést best á því að nýjustu spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sýna aðeins 2,5% hagvöxt í heiminum á árinu 1998, 2% minna en í spám sem birtar voru fyrr á árinu. Hagvöxtur í stærstu iðnríkjum heims, að Japan frátöldu, er hins vegar áfram talinn verða á bilinu 2–3% á þessu ári og yfir 3% ef einungis er horft til Bandaríkjanna og Evrópu. Á næsta ári er spáð svipuðum hagvexti í Evrópu, en heldur hægari, eða um 2,5%, í Bandaríkjunum. Þessar spár eru hins vegar í endurskoðun, meðal annars í ljósi síðustu atburða í Rússlandi og óróleika á alþjóðafjármálamörkuðum undanfarnar vikur. Það má því búast við að þessar tölur eigi eftir að lækka, einkum spáin fyrir árið 1999.

Þrátt fyrir þá óvissu sem ríkir um áhrif Asíukreppunnar hafa flestir mælikvarðar um efnahagsþróun í Evrópu og Bandaríkjunum þokast í rétta átt að undanförnu. Verðbólga er áfram hófleg víðast hvar, eða rétt innan við 2% að meðaltali samkvæmt spám fyrir árið 1998, og svipaðar tölur er að finna í spám fyrir næsta ár. Heldur hefur dregið úr atvinnuleysi í Evrópu. Í aðildarríkjum Evrópusambandsins, en þar er atvinnuleysi hvað mest, er talið að hlutfall atvinnulausra af vinnuafli fari úr 11% í fyrra í 10,5% árið 1998 og 10% á næsta ári. Staða opinberra fjármála hefur enn fremur haldið áfram að styrkjast í flestum ríkjanna. Hagstæðari framvinda efnahagsmála endurspeglar í mörgum tilvikum jákvæð áhrif breytinga á ýmsum skipulagsþáttum efnahagslífsins, jafnt í opinberum rekstri, atvinnulífinu sem á vinnumarkaði.

Framvinda efnahagsmála utan iðnríkjanna er aftur á móti misjöfn og um leið á margan hátt óvissari þar sem líklegt er að áhrifa Asíukreppunnar kunni að gæta í ríkari mæli. Þetta á ekki síst við um ýmis ríki Suður-Ameríku og Mið- og Austur-Evrópu, en hin síðarnefndu eru sérstaklega viðkvæm fyrir áhrifum erfiðleikanna í Rússlandi. Þá hefur lækkun olíuverðs á árinu dregið úr hagvexti og eftirspurn í Miðausturlöndum og olíuframleiðsluríkjum Suður- og Mið-Ameríku.

3.2 Framvinda og horfur hér á landi.

Frá árinu 1995 hefur hagvöxtur verið með mesta móti, eða um 5% að jafnaði á ári. Búist er við áframhaldandi hagvexti á bilinu 2,5–3,5% á ári næstu árin. Á síðasta ári nam hagvöxt-

ur um 4½%. Gert er ráð fyrir heldur meiri hagvexti á þessu ári, eða rúmlega 5%, en á næsta ári er spáð 4½% hagvexti á nýjan leik. Meginskýring mikils hagvaxtar undanfarin ár er veruleg aukning þjóðarútgjalda, einkum einkaneyslu og fjárfestingar, en auknar útflutningstekjur hafa einnig átt hér hlut að máli. Á næstu árum er talið að nokkuð muni draga úr fjárfestingu, einkum til stóriðju, auk þess sem gert er ráð fyrir að neysluútgjöld aukist minna en verið hefur að undanförnu. Á móti kemur aukinn útflutningur vegna meiri framleiðslu stóriðju og annars iðnaðar.

Þjóðhagsyfirlit.

	Milljónir króna		Magnbreytingar, %[1]		
	Áætlun 1998	Spá 1999	Bráðab. 1997	Áætlun 1998	Spá 1999
Einkaneysla	358.115	383.526	6,0	10,0	5,0
Samneysla	119.548	128.996	2,6	3,0	3,0
Fjárfesting	129.279	119.214	11,2	27,3	-10,0
Birgðabreytingar	0	0	-0,9	0,8	0,0
Þjóðarútgjöld	606.942	631.737	5,4	12,8	1,5
Útflutningur vöru og þjónustu	200.214	221.085	5,6	1,5	8,5
Innflutningur vöru og þjónustu	226.479	231.310	8,5	22,6	0,0
Landsframleiðsla	**580.677**	**621.511**	**4,4**	**5,2**	**4,6**
Viðskiptajöfnuður	-38.583	-24.857	-1,6	-6,6	-4,0

[1] Viðskiptajöfnuður reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu.


Í kjölfar kjarasamninganna á síðasta ári hafa laun hækkað umtalsvert. Hér gætir í senn áhrifa samningsbundinna hækkana til þorra launafólks og áhrifa samninga við nokkrar stéttir launafólks sem fólu í sér meiri launahækkanir en almennt var samið um, oftar en ekki eftir langvinnar vinnudeilur og verkföll. Hér má nefna kennara, ýmsar heilbrigðisstéttir o.fl. Þá hefur nokkurs launaskriðs gætt í einstökum greinum þar sem mikil eftirspurn hefur verið eftir vinnuafli, einkum í byggingariðnaði og ýmsum þjónustugreinum svo sem hugbúnaðargerð og tölvuþjónustu. Að öllu samanlögðu er nú talið að atvinnutekjur hafi hækkað um 9% að jafnaði milli áranna 1997 og 1998. Þar sem meðalhækkun verðlags er áætluð um 1½% mun kaupmáttur atvinnutekna geta aukist um allt að 7½% á árinu 1998. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna er talinn hafa aukist enn meira, eða um tæplega 9%, og gætir þar einkum áhrifa tæplega 2% lækkunar tekjuskatts í upphafi ársins.

Í byrjun næsta árs hækka taxtalaun almennt um tæplega 4%. Meðalhækkun launa milli 1998 og 1999 er hins vegar talin verða heldur meiri, eða um 6%, og gætir þar meðal annars áhrifa áframhaldandi launaskriðs auk þess sem áhrif samninga á þessu ári koma ekki fram að fullu fyrr en á næsta ári. Þetta eru talsvert meiri hækkanir en gengur og gerist í helstu nágrannalöndum þannig að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs verður erfiðari en ella. Þar sem tekjuskattur einstaklinga lækkar enn frekar í byrjun næsta árs er búist við áframhaldandi aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna heimilanna á árinu 1999, eða um 4½%. Samkvæmt þessu mun kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna aukast um 22–23% á árunum 1995–

1999, eða um meira en 5% að jafnaði á ári sem er tvö- til þrefalt meiri kaupmáttaraukning en í aðildarríkjum OECD á þessu tímabili.


Þrátt fyrir verulegar launahækkanir og mikinn vöxt þjóðarútgjalda hefur verðbólga verið hófleg hér á landi að undanförnu. Reyndar hafa verðhækkanir það sem af er árinu verið minni en búist var við. Þannig er gert ráð fyrir að verðlag hækki að meðaltali um rúmlega 1½% milli áranna 1997 og 1998. Hér gætir ekki síst áhrifa hækkunar á gengi íslensku krónunnar sem nemur um 2% að meðaltali frá árinu 1997 sem aftur hefur haldið aftur af verðhækkun innfluttrar vöru. Innlend framleiðsla, og þó einkum þjónusta, hefur hins vegar hækkað meira. Þannig má nefna að samkvæmt verðmælingum Hagstofu Íslands lækkaði verð á innfluttum neysluvörum um rúmlega 4% frá september 1997 til september 1998. Á sama tíma hækkaði verð á innlendum vörum og þjónustu um tæplega 3% og í heild hækkaði neysluverðsvísitalan um 0,8% á þessu tólf mánaða tímabili. Auk áhrifa hækkunar gengis íslensku krónunnar gætir hér áhrifa mikillar samkeppni í mörgum atvinnugreinum, einkum í smásöluverslun. Loks er talið að framleiðniaukning hafi verið meiri hér á landi en víða erlendis. Öll þessi atriði skýra tiltölulega lága verðbólgu hér á landi á árinu 1998. Á næsta ári er gert ráð fyrir að verðlag hækki um 2% að meðaltali, sem er svipað eða ívið meira en í helstu samkeppnislöndum Íslendinga.

Verðbólga.



Samhliða vaxandi umsvifum í íslensku efnahagslífi hefur störfum fjölgað og atvinnuleysi minnkað. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og störfum fjölgi um 2% á þessu ári og 1½% á því næsta, eða um rúmlega 4000 störf á tveimur árum. Samkvæmt þessu má ætla að fjölgun starfa nemi um 12–13.000 á árunum 1995 til 1999. Skráð atvinnuleysi hefur að sama skapi farið lækkandi undanfarin misseri. Á árinu 1997 fór atvinnuleysi niður í 3,9% og á þessu ári er búist við að það fari niður í 3%. Á næsta ári er búist við að atvinnuleysi minnki enn frekar og fari í 2½%. Samkvæmt þessu mun atvinnuleysi hér á landi verða lægra en í flestum, ef ekki öllum, aðildarríkjum OECD.

Atvinnuleysi.



Þrátt fyrir aukinn þorskafla er gert ráð fyrir að aflaverðmæti á föstu verði minnki um 2% á árinu 1998 þar sem samdráttur í afla annarra tegunda vegur þyngra. Mestu munar um minni loðnuafla. Aftur á móti er spáð verulegri aukningu í útflutningi áls og annarrar iðnaðarvöru. Framleiðsla kísiljárns dregst á hinn bóginn nokkuð saman. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að útflutningsframleiðsla aukist um 4½% á árinu 1998. Vöruútflutningur er talinn verða tæplega 4% minni en í fyrra þar sem ekki er gert ráð fyrir að gengið verði á birgðir í sama mæli og í fyrra auk þess sem sala flugvéla og skipa verður lítil á árinu, en hún skilaði umtalsverðum tekjum í fyrra. Þjónustutekjur eru taldar munu aukast um tæplega 14% á árinu 1998. Þar gætir einkum áhrifa aukinna tekna af íslenskri ferðaþjónustu, en þær hækkuðu um nálægt fimmtung á fyrri hluta þessa árs frá sama tíma í fyrra. Heildarverðmæti útflutnings vöru og þjónustu er því talið verða 1½% meira en í fyrra.

Á árinu 1999 er gert ráð fyrir að heildaraflaverðmæti muni aukast um 3% á föstu verði, meðal annars vegna aukinna þorskveiðiheimilda. Enn fremur er talið að útflutningur áls og kísiljárns geti aukist um 25–30% og gætir þar ekki síst áhrifa nýs álvers á Grundartanga og aukinnar framleiðslugetu Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Annar útflutningur er talinn aukast um 2,5%. Heildarverðmæti vöruútflutnings er þannig talið geta aukist um 9% að raungildi milli ára, samanborið við tæplega 4% samdrátt á árinu 1998 sem fyrr segir. Þjónustutekjur eru taldar aukast um 7½% á árinu 1999 og heildarútflutningur vöru og þjónustu eykst því um 8,5% samkvæmt spánni.

Á árunum 1995–1997 jókst einkaneysla um meira en 5% að meðaltali á ári, eftir samdrátt á fyrri hluta áratugarins. Á þessu ári hefur vöxtur einkaneyslu hins vegar verið tvöfalt meiri, eða um 10% að raungildi. Meginskýring þessarar miklu aukningar er stóraukinn kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna. Önnur skýring felst í aukinni skuldsetningu heimilanna þar sem útlán til einstaklinga hafa aukist talsvert á þessu ári. Aukin einkaneysla kemur ekki síst fram í tæplega þriðjungs aukningu í innflutningi bifreiða frá því í fyrra. Enn fremur hefur innflutningur og sala heimilistækja aukist verulega á þessu ári. Gert er ráð fyrir að verulega hægi á vexti einkaneyslu á næsta ári og hún aukist um 5% að raungildi, eða svipað og kaupmáttur ráðstöfunartekna.

Gert er ráð fyrir að samneysluútgjöld ríkis og sveitarfélaga aukist um 3% á þessu ári og hinu næsta. Gætir hér fyrst og fremst áhrifa aukinna útgjalda til menningar-, heilbrigðis- og dómsmála. Útgjöld til flestra annarra málaflokka hækka minna. Einnig gætir hér áhrifa breytinga á launakerfi ríkisstarfsmanna samkvæmt síðustu kjarasamningum þar sem ákveðið

var að fella ýmiss konar aukagreiðslur inn í dagvinnulaunin. Þessi breyting, ein og sér, er ekki talin leiða til hærri launakostnaðar. Hins vegar veldur hún umtalsverðri hækkun á lífeyrisskuldbindingum þar sem greiðslur úr lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna miðast við dagvinnulaun (samkvæmt eldra kerfinu).

Á árunum 1991–1995 dróst fjárfesting saman um nálægt fjórðung á sama tíma og landsframleiðsla jókst um 2%. Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu náði lágmarki á árinu 1995 og nam þá tæplega 15%. Á árunum 1996 og 1997 snerist þessi þróun við, en þá jókst fjárfesting um meira en 40% að raungildi. Á árinu 1998 er enn fremur talið að fjárfesting muni aukast um ríflega fjórðung. Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu er nú talið verða nálægt 22%, ívið hærra en að meðaltali í OECD-ríkjunum.


Meginskýring mikillar fjárfestingar að undanförnu felst í umfangsmiklum stóriðjuframkvæmdum, meðal annars stækkun álversins í Straumsvík, byggingu álvers og stækkunar Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og virkjunarframkvæmda. Þá hafa fyrirtæki almennt fjárfest meira á allra síðustu árum sem ekki síst má rekja til bættrar fjárhagsstöðu þeirra. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur einnig tekið við sér að undanförnu auk þess sem fjárfesting opinberra aðila er talin aukast nokkuð, bæði á þessu ári og því næsta. Á næsta ári dregur verulega úr stóriðjuframkvæmdum og það skýrir alfarið þann 10% samdrátt í fjárfestingu sem nú er spáð.

Mikil aukning kaupmáttar heimilanna sem aftur hefur leitt til aukinnar einkaneyslu er, ásamt stórfelldum stóriðjuframkvæmdum, meginskýring mikils innflutnings það sem af er þessu ári. Á fyrstu átta mánuðum ársins jókst vöruinnflutningur um nálægt þriðjung að raungildi miðað við sama tíma í fyrra. Gert er ráð fyrir að heldur dragi úr vextinum á síðustu mánuðum ársins og áætlað að innflutningur í heild verði um fjórðungi meiri á árinu 1998 en í fyrra. Á næsta ári gætir áhrifa minnkandi stóriðjuframkvæmda auk þess sem spáð er minni aukningu einkaneyslu. Þess vegna er talið að heildarvöruinnflutningur dragist saman um 2% á milli áranna 1998 og 1999.

Innflutningur þjónustu jókst um 15% að jafnaði árin 1996 og 1997. Á þessu ári er gert ráð fyrir heldur meiri aukningu, eða rúmlega 17% að raungildi. Á næsta ári er þó spáð minni aukningu, eða um 5%. Heildarinnflutningur vöru og þjónustu er þannig talinn aukast um rúmlega 22% á árinu 1998, en talið er að hann standi í stað á árinu 1999.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið eykst hallinn á viðskiptum við útlönd verulega á milli áranna 1997 og 1998. Í fyrra nam viðskiptahallinn um 8 milljörðum króna, eða 1½% af landsframleiðslu. Í kjölfar mikilla stóriðjuframkvæmda og aukinna neysluútgjalda heimilanna er á hinn bóginn talið að viðskiptahallinn verði nær fimmfalt meiri á árinu 1998, eða um 38 milljarðar króna. Þetta svarar til 6,6% af landsframleiðslu. Stóraukinn viðskiptahalli stafar nær alfarið af versnandi stöðu á vöruskiptajöfnuði, um 28 milljarða króna, en þjónustujöfnuður er talinn verða svipaður eða ívið lakari en í fyrra. Á næsta ári er aftur á móti talið að verulega dragi úr viðskiptahallanum og hann verði tæplega 25 milljarðar króna, um 4% af landsframleiðslu. Hér gætir fyrst og fremst áhrifa minni stóriðjuframkvæmda og aukinna útflutningstekna auk þess sem einkaneysla eykst minna en í ár. Næstu ár þar á eftir dregur enn frekar úr viðskiptahallanum (eins og nánar er fjallað um síðar, í kafla um langtímahorfur) þegar miklar fjárfestingar að undanförnu taka að skila sér í aukinni framleiðslu og útflutningstekjum og er talið að hann verði kominn niður undir 2% af landsframleiðslu árið 2003. Engu að síður er mikilvægt að halda áfram að treysta þjóðhagslegan sparnað og halda aftur af innlendri eftirspurn.

Viðskiptajöfnuður.



Erlendar skuldir þjóðarbúsins voru í hámarki árið 1993 og námu þá rúmlega 54% af landsframleiðslu. Síðan hafa þær farið lækkandi og námu 45% í árslok 1997. Með auknum viðskiptahalla, meðal annars vegna stóriðjuframkvæmda og mikillar fjárfestingar í atvinnulífinu almennt, hefur skuldahlutfallið hækkað á árinu 1998, í tæplega 46% af landsframleiðslu. Á næsta ári er gert ráð fyrir lítils háttar hækkun hlutfallsins í tæplega 47%.

Rétt er að benda á að hér er fjallað um heildarskuldir Íslendinga erlendis, þ.e. jafnt einkaaðila sem opinberra aðila. Erlendar skuldir ríkisins hafa hins vegar lækkað að undanförnu og gera má ráð fyrir að sú þróun haldi áfram á næsta og næstu árum. Auknar erlendar skuldir þjóðarbúsins á þessu og næstu árum má því að mestu rekja til aukinnar skuldasöfnunar einkaaðila. Greiðslubyrði afborgana af erlendum lánum náði hámarki á árinu 1994, en þá nam hún rúmlega 34% af útflutningstekjum. Þetta hlutfall hefur lækkað hratt að undanförnu og fór í 15% árið 1997. Með aukinni skuldasöfnun á þessu ári og því næsta má gera ráð fyrir að greiðslubyrðin geti aukist um 1–2% af útflutningstekjum.

Frá síðasta ársfjórðungi ársins 1996 hefur þróunin á peningamarkaði öðru fremur einkennst af vaxandi aukningu útlána og peningamagns, einkum hjá innlánsstofnunum. Síðustu tólf mánuðina hefur aukning peningamagns og útlána verið um 15%. Ávöxtunarkrafa spariskírteina og húsbréfa hefur farið lækkandi að undanförnu og er nú lægri en nokkru sinni fyrr þótt hún sé enn talsvert hærri en í helstu nágrannalöndum. Skammtímavextir hafa verið nokkuð stöðugir það sem af er árinu á sama tíma og vextir erlendis hafa heldur farið hækkandi. Vaxtamunur gagnvart útlöndum hefur því farið minnkandi eftir því sem liðið hefur á árið. Í kjölfar minni vaxtamunar hefur dregið úr gjaldeyrisinnstreymi til landsins og gjaldeyrisstaðan hefur versnað. Jafnframt hefur gengi íslensku krónunnar lækkað nokkuð, en hún hafði um nokkurt skeið verið nálægt 3% yfir miðgildi. Seðlabankinn ákvað því að hækka vexti í byrjun september til að hamla gegn þessari þróun. Í kjölfar þess hækkuðu vextir á skammtímamarkaði og gengi krónunnar styrktist á nýjan leik.


Á þessu ári er gert ráð fyrir að tekjuafgangur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, geti numið rúmlega 3 milljörðum króna, eða um 0,6% af landsframleiðslu, reiknað á rekstrargrunni. Þetta er nokkru betri útkoma en í fyrra sem alfarið má rekja til ríkisins. Gert er ráð fyrir að halli á rekstri sveitarfélaga geti numið tæplega 1,5 milljörðum króna. Á næsta ári er gert ráð fyrir heldur meiri tekjuafgangi hjá hinu opinbera, eða tæplega 6 milljörðum króna sem aftur má alfarið rekja til ríkisins, en afkoma sveitarfélaga er aftur á móti talin geta orðið í járnum. Til samanburðar má nefna að þótt afkoma hins opinbera hafi batnað hjá flestum

OECD-ríkjanna að undanförnu er áfram gert ráð fyrir halla í kringum 1% af landsframleiðslu. Í ríkjum Evrópusambandsins er talið að hallinn geti numið um 2% af landsframleiðslu.

Skuldir hins opinbera hér á landi hafa farið lækkandi í hlutfalli við landsframleiðslu að undanförnu. Árið 1997 námu heildarskuldir opinberra aðila um 53% af landsframleiðslu og höfðu lækkað úr 59% árið 1995. Árið 1998 er talið að skuldahlutfallið lækki verulega, eða í tæplega 47%. Þessa lækkun má nær alfarið rekja til umtalsverðrar lækkunar á skuldum ríkissjóðs vegna batnandi greiðslustöðu á þessu ári, en lánsfjárjöfnuður hins opinbera er talinn verða jákvæður um 15 milljarða króna sem gengur til lækkunar skulda. Á næsta ári mun skuldahlutfallið lækka enn frekar, eða í rúmlega 41%, þar sem áformað er að 14,7 milljarða lánsfjárafgangur ríkissjóðs gangi til lækkunar á skuldum. Samkvæmt þessum áætlunum munu skuldir hins opinbera lækka um nær þriðjung á tímabilinu 1995–1999.

Samanburður við önnur lönd er Íslandi afar hagstæður þar sem heildarskuldir opinberra aðila í OECD-ríkjunum nema að meðaltali um 70% af landsframleiðslu og nálægt 75% í Evrópusambandsríkjunum. Í einstökum ríkjum, til dæmis Ítalíu og Belgíu, er skuldahlutfallið enn hærra eða um 120% af landsframleiðslu. Jafnframt lækka skuldir ríkisins mun hraðar hér á landi en víðast hvar annars staðar.

Skuldir hins opinbera.



Þjóðhagsforsendur frumvarps til fjárlaga 1999.

	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999
I. Helstu þjóðhagstærðir, magnbreytingar – %			
Einkaneysla	5,0	10,0	5,0
Samneysla	3,0	3,0	3,0
Fjárfesting	1,3	27,3	-10,0
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	3,9	11,9	1,5
Útflutningur vöru og þjónustu	4,6	1,5	8,5
Innflutningur vöru og þjónustu	5,9	22,6	0,0
Almennur vöruinnflutningur án olíu	4,4	26,0	-0,7
Verg landsframleiðsla	3,5	5,2	4,6
Þjóðartekjur	3,7	7,1	4,1

	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar – %			
Ráðstöfunartekjur á mann	8,0	9,0	6,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	4,9	8,9	4,4
Þjóðartekjur á mann	2,6	7,0	3,1
Vísitala neysluverðs	3,0	1,6	2,0
Byggingarvísitala	4,2	2,7	3,7
Innflutningsverðlag	1,0	2,0	2,0
Verðvísitala samneyslu	6,0	8,1	4,7
Verðvísitala landsframleiðslu	4,1	5,2	2,3
Viðskiptakjör, vörur	1,6	6,5	-0,3
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	3,6	3,0	2,6

4 Yfirlit lánsfjármála.


Í þessum kafla er fjallað um stöðu ríkissjóðs á lánamarkaði og áhrif ríkisfjármála á innlendan lánsfjármarkað. Gerð er grein fyrir lántökuáformum ríkissjóðs og lánshæfi og nýjungum í verðbréfaútgáfu og skuldstýringu. Loks er greint frá ráðstöfun lánsfjárins til nýrra endurlána og afborgana á eldri lánum.

Bætt afkoma ríkissjóðs hefur haft mikil og jákvæð áhrif á starfsemi og lánsfjármál ríkisins. Á þessu ári er unnt að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 15 milljarða króna og á árinu 1999 er áætlað að skuldir lækki um svipaða upphæð. Þessi lækkun skulda mun draga úr árlegum vaxtagreiðslum ríkissjóðs um liðlega einn milljarð króna þegar áhrifanna gætir að fullu. Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu lækka þannig í tæplega 34% í árslok 1999 og hefur ekki verið lægra síðan 1990 þegar áhrifa efnahagserfiðleikanna fór að gæta. Áfram verður lögð áhersla á að draga úr erlendum skuldum. Í árslok 1999 er áætlað að þær nemi um 96 milljörðum króna og hafi þá lækkað yfir 30 milljarða síðan 1996. Afborganir af skuldum ríkisins verða alls tæplega 27 milljarðar króna á árinu 1999. Vegna fyrirsjáanlegrar góðrar afkomu ríkissjóðs er áætlað að endurlántaka ríkissjóðs verði einungis 12 milljarðar króna á því ári.

Á undanförnum árum hefur hlutdeild ríkisbréfa og spariskírteina verið mjög mikil á verðbréfamarkaðnum. Síðustu misserin hefur aftur á móti dregið verulega úr vægi ríkisverðbréfa og mun sú þróun væntanlega halda áfram á árinu 1999. Engu að síður verður ríkissjóður áfram virkur lántakandi þar sem endurfjármagna þarf eldri lán í einhverjum mæli. Lántökur ríkissjóðs innan lands eru áætlaðar 16,5 milljarðar króna á yfirstandandi ári, en munu óhjákvæmilega minnka á árinu 1999 og er gert ráð fyrir þær verði tæplega 12 milljarðar króna á árinu 1999. Ríkissjóður mun þó tryggja áfram að stórir flokkar ríkisverðbréfa verði á markaðnum. Verðbréfaflokkum mun þó fækkað og væntanlega dregið úr tíðni útboða.

Að undanförnu hafa markvisst verið byggðir upp markflokkar fyrir spariskírteini, ríkisbréf og -víxla. Þetta fyrirkomulag felur í sér að á markaði verða fáir en stórir flokkar ríkisverðbréfa og ákveðnir viðskiptavakar tryggja að sífellt liggi fyrir kaup- og sölutilboð í viðkomandi flokka. Þetta hefur eflt eftirmarkað og stuðlað að hagstæðri þróun á fjármagnsmarkaði. Breytingin hefur enn fremur styrkt markaðsstöðu ríkisverðbréfa og átt þátt í því að lækka vexti á þeim

Staða markflokka spariskírteina í ágúst 1998.



Vextir á peningamarkaði hafa verið tiltölulega stöðugir á þessu ári. Ávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla var um 7% á eftirmarkaði í janúar og hélst nokkuð stöðug allt þar til í september, ef litið er framhjá lítils háttar hækkun í febrúar. Gengi krónunnar hefur styrkst nokkuð á árinu og þegar greina mátti lækkun gengis í byrjun september ákvað Seðlabanki Íslands 0,3% hækkun á ávöxtun í endurhverfum viðskiptum sínum til að hamla gegn gjaldeyrisútstreymi og treysta gengi íslensku krónunnar. Í kjölfar aðgerða Seðlabankans hækkaði ávöxtun ríkisvíxla í liðlega 7,6%. Vaxtamunur á peningamarkaði hér á landi og í helstu viðskiptalöndum minnkaði um 50 punkta, frá því í febrúar þar til í september, að bilið jókst að nýju í kjölfar aðgerða Seðlabankans og er nú um 3%. Vegna mikils viðskiptahalla og niðurgreiðslna á erlendum lánum mátti vænta þess að nokkuð gengi á gjaldeyrisforðann. Verulegt innstreymi erlends fjármagns hefur þó unnið gegn slíkri þróun.


Vextir á verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs hafa lækkað nokkuð það sem af er ári. Í janúar sl. voru vextir á 5 ára bréfum 5,2% en 4,8% í september. Sambærileg skuldabréf bera 3,1% vexti í Bretlandi, 3,5% í Svíþjóð og 3,9% í Bandaríkjunum. Vextir á 5 ára óverðtryggðum ríkisbréfum voru 8,4% í janúar en lækkuðu síðar í 7,6% fram eftir ári.

Vaxtamunur á ríkisbréfum og sambærilegum verðbréfum í helstu viðskiptalöndum hefur verið undir 3% megnið af árinu.

Afborganir af lánum ríkissjóðs á árinu 1998 verða um 30 milljarðar króna að meðtalinni lækkun erlendra víxillána. Ætla má að höfuðstóll skulda ríkissjóðs með áföllnum vöxtum og að teknu tilliti til verðlagsbreytinga verði um 233 milljarðar króna í árslok 1998. Lækkun skuldarinnar mun draga úr árlegum vaxtagjöldum ríkissjóðs sem nemur 350 milljónum króna á ári. Lögð hefur verið áhersla á að greiða niður erlendar skuldir. Engin ný löng erlend lán verða tekin á þessu ári en tvö erlend lán, samtals að upphæð 9,8 milljarðar króna, voru greidd upp á árinu. Auk þess verður staðan á erlendum skammtímalánum lækkuð þannig að í heildina er áætlað að höfuðstóll erlendra skulda ríkissjóðs lækki um 15 milljarða króna á árinu 1998.

Lántaka ríkissjóðs á innanlandsmarkaði er áætluð 16,5 milljarðar króna á árinu 1998 og hefur gengið vel það sem af er. Á fyrri hluta árs voru innleyst spariskírteini og ríkisbréf að upphæð 7 milljarðar króna og endurfjármögnum þeirra gekk greiðlega. Hlutdeild ríkisbréfa og spariskírteina á skuldabréfamarkaði heldur áfram að lækka. Á fyrstu sjö mánuðum þessa árs nam útgáfa ríkissjóðs um þriðjungi af heildarútgáfu skuldabréfa á markaðnum samanborið við tæplega helming á árinu 1997. Hlutdeild ríkisvíxla á víxlamarkaði var áþekk í lok júní á þessu ári og 1997.

Hlutdeild spariskírteina og ríkisbréfa í útgefnum skuldabréfum.



Útboð á spariskírteinum og ríkisbréfum fara fram mánaðarlega. Á fyrri hluta ársins seldust ríkisbréf og spariskírteini vel og tókst að mæta mest allri langtíma lánsfjárþörf ársins. Ríkisvíxlaútboðin fara nú fram þrisvar í mánuði og eru fyrst og fremst til þess ætluð að mæta árstíðabundnum sveiflum í tekjum og gjöldum ríkissjóðs, en ríkissjóður hefur ekki heimild til að fjármagna tímabundna fjárvöntun með yfirdrætti í Seðlabankanum. Þátttaka í útboðum ríkissjóðs hefur verið góð og niðurstöður útboða benda til þess að talsverð samkeppni sé á fjármagnsmarkaði.

Í maí hleypti ríkissjóður af stokkunum nýju fyrirkomulagi við sölu ríkisvíxla með útgáfu á sex markflokkum. Með þessum breytingum var stefnt að því að efla viðskipti á eftirmarkaði þannig að ríkisvíxlar yrðu eftirsóttir af fjárfestum á peningamarkaði. Árið 1997 var gerð tilsvarandi breyting á spariskírteinum og ríkisbréfum sem hefur haft mjög góð áhrif á þróun fjármagnsmarkaðar. Tilhögun á sölu ríkisverðbréfa hefur verið til enn frekari athugunar um nokkurt skeið með það að markmiði að auka skilvirkni útboðanna og stuðla að jákvæðri þróun á verðbréfamarkaði. M.a. er verið að athuga hvort ástæða sé til að fækka útboðum og að miða hvert útboð við hærri fjárhæð en nú er gert.

Mat á lánshæfi ríkissjóðs er óbreytt frá fyrra ári. Þess ber þó að geta að matsfyrirtækið Standard & Poor´s hefur boðað að útlit sé fyrir að lánshæfi Íslands eigi eftir að batna í náinni framtíð. Þótt ríkissjóður hafi ekki í hyggju að taka lán á erlendum markaði á næstu misserum þá skiptir gott lánshæfi verulegu máli bæði fyrir kjör á ECP-víxillánum ríkissjóðs (European Commercial Papers) og fyrir aðra íslenska aðila sem taka lán á erlendum fjármagnsmörkuðum.

Í gildi er samningur við þrjá banka um lántöku með sölu ECP-víxla sem getur numið allt að 500 milljónum Bandaríkjadala. Þessi lántökumöguleiki hefur verið nýttur reglulega á undanförnum árum til að mæta sveiflum í stöðu ríkissjóðs. Vegna minni fjárþarfar 1998 hafa viðskiptin á þessum markaði verið heldur minni en á undanförnum árum og um miðjan september voru útistandandi víxlar að upphæð 180 milljónir Bandaríkjadala. Lánskjör ríkissjóðs á ECP-markaðnum hafa sífellt verið að batna á síðustu árum og eru viðskiptavextir ríkissjóðs nú um 10 punktum undir Libor (viðmiðunarvextir á millibankamarkaði í London). Sviptingar á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum nú í september hafa ekki haft teljandi áhrif á þessi kjör og hafa viðmiðunarvextir verið undir 6%.

Lánveitingar ríkissjóðs til ríkisfyrirtækja, sjóða eða aðila utan ríkisins hafa farið ört minnkandi á síðustu árum. Fyrirtæki og sjóðir hafa verið seld eða gerð að hlutafélögum sem taka lán án ríkisábyrgðar. Á árinu 1999 er áætlað að endurlán ríkissjóðs nemi alls um 5,2 milljörðum króna samanborið við 7,3 milljarða króna í ár. Lækkunin stafar af því að láns-

fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins verður ekki mætt með lánveitingu úr ríkissjóði. Þess í stað mun Íbúðalánasjóður annast fjármögnunina með sölu á húsnæðisbréfum. Innheimtar afborganir af áður lánuðu fé nema 7 milljörðum króna og lánveitingar ríkissjóðs skila því í fyrsta sinn nettó innstreymi í ríkissjóð á árinu 1999.

Umfang ríkisábyrgða er meira en sem nemur beinum skuldum ríkissjóðs þar sem ríkissjóður ber einnig ábyrgð á skuldbindingum ríkisfyrirtækja og fjármálastofnana í ríkiseign. Mat Seðlabanka Íslands á ábyrgðum ríkissjóðs í árslok 1995 sýndi að heildarupphæð þeirra var um 570 milljarðar króna. Með sölu ríkisfyrirtækja og breyttu rekstrarformi hefur tekist að lækka ábyrgðirnar um liðlega 170 milljarða króna. Þá má geta þess að með nýrri löggjöf hafa heimildir til að veita ríkisábyrgð verið þrengdar.

Áætlað er að heildarlántökur ríkissjóðs, fyrirtækja ríkisins og sjóða muni alls nema 59 milljörðum króna árið 1999. Afborganir þessara aðila af eldri lánum eru taldar verða um 57 milljarðar króna. Skuldsetning ríkisaðila mun því nær ekkert aukast á árinu 1999 og gildir hið sama um yfirstandandi ár.

5 Horfur í ríkisfjármálum næstu ár.

Miklar breytingar hafa orðið í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi undanfarin tíu til fimmtán ár. Breytingarnar hafa öðru fremur einkennst af auknu frjálsræði í viðskiptum, jafnt milli ríkja sem innan þeirra. Þetta á ekki einungis við um vöruviðskipti, heldur einnig fjármagns- og þjónustuviðskipti. Þessar aðstæður hafa fært fram nýjar hugmyndir um orsakasamhengi mismunandi þátta efnahagslífsins, ekki síst áhrif aðgerða í ríkisfjármálum á almenna efnahagsþróun.

Áður var sú skoðun útbreidd að aðhaldsaðgerðir í ríkisútgjöldum leiddu óhjákvæmilega til samdráttar í efnahagslífinu. Nú er aftur á móti almenn samstaða um að jákvæð efnahagsleg áhrif af traustri stöðu ríkisfjármála í kjölfar aukins aðhalds í útgjöldum, geri meira en vega upp hugsanleg samdráttaráhrif aðgerða af þessu tagi til langs tíma. Væntingar markaðsaðila og trúverðugleiki efnahagsstefnunnar eru þannig talin hafa úrslitaáhrif á þróun vaxta og þar með hagvaxtarhorfur.

Í samræmi við þessi viðhorf er meginverkefni stjórnvalda í nær öllum iðnríkjum heims nú talið vera að ná tökum á útgjaldavexti ríkissjóðs, einkum tilfærslum til velferðarmála. Samhliða er talið brýnt að mæta fyrirsjáanlegum útgjaldavanda, vegna lífeyrisskuldbindinga hins opinbera og fjölgunar ellilífeyrisþega, með viðeigandi aðhaldsaðgerðum. Breytt viðhorf og horfur um vaxandi útgjöld ríkisins næstu áratugi hafa orðið til þess að beina sjónum stjórnvalda í ríkari mæli að áætlanagerð í ríkisfjármálum til langs tíma.

Í þessu samhengi hafa stjórnvöld víða lagt áherslu á nauðsyn þess að treysta stöðu ríkisfjármála og nýta uppsveiflu í efnahagsmálum til þess að reka ríkissjóð með afgangi og draga úr skuldasöfnun opinberra aðila. Sem dæmi má nefna að stjórnvöld í Danmörku hafa lagt fram áætlun um það hvernig megi greiða niður skuldir ríkissjóðs á næstu 7–10 árum og hvaða aðgerðir séu nauðsynlegar til að þessu markmiði verði náð. Svipuðum sjónarmiðum hefur verið hreyft hér á landi, meðal annars með samþykkt þingsályktunartillögu á síðasta þingi.

Í lögum um fjárreiður ríkisins sem samþykkt voru á árinu 1997 var, auk breyttrar framsetningar fjárlaga, kveðið á um að ríkisstjórnin kynnti í fjárlagafrumvarpi ár hvert niðurstöður framreikninga um horfur í ríkisfjármálum nokkur næstu ár. Slíkir framreikningar hafa reyndar verið kynntir um nokkurra ára skeið í fjárlagafrumvarpinu, en með nýju lögunum er lagður grunnur að auknu vægi langtímahugsunar og stefnumótunar til langs tíma í ríkisfjár-

málum. Í framhaldi af þessu þarf að huga að því hvernig unnt er að gera þessum þætti ríkisfjármálanna hærra undir höfði í umfjöllun á Alþingi.

Líkt og nokkur undanfarin ár hefur fjármálaráðuneytið, í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka, reynt að meta horfurnar í efnahags- og ríkisfjármálum á næstu árum. Eðli máls samkvæmt eru slíkir framreikningar óvissir og að verulegu leyti háðir þeim forsendum sem að baki liggja. Engu að síður eru þessir framreikningar gagnlegir, því þeir gefa mikilvæga vísbendingu um hvert stefnir í ríkisfjármálum á næstunni og hvort ástæða sé til að grípa til sérstakra aðgerða til að ná þeim efnahagsmarkmiðum sem stjórnvöld hafa sett sér.

Í dæmi sem hér er kynnt, er í meginatriðum gengið út frá ákvæðum gildandi laga og reglugerða hvað varðar tekju- og gjaldahlið fjárlaga. Í þessu felst meðal annars að ekki er gert ráð fyrir frekari aðgerðum í skattamálum en þegar hefur verið ákveðið. Að öðru leyti er tekið mið af spá Þjóðhagsstofnunar um efnahagshorfur fram til ársins 2003, hvað varðar almenna launa- og verðlagsþróun, hagvöxt og þjóðarútgjöld.

Spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir um 3% hagvexti að meðaltali á ári á tímabilinu 1999–2003. Þetta er heldur minna en verið hefur hér á landi að undanförnu en nokkru meiri vöxtur en almennt er spáð í nágrannaríkjunum. Gert er ráð fyrir að störfum haldi áfram að fjölga og kaupmáttur heimilanna aukist um 1–2% á ári. Útflutningur er talinn aukast um 3–4% á ári að jafnaði og gætir þar meðal annars áhrifa aukinnar sjávarafurðaframleiðslu og stóriðjuútflutnings. Innflutningur er talinn aukast minna, eða um 2% á ári að jafnaði. Samkvæmt spánni minnkar viðskiptahalli jafnt og þétt næstu ár og er búist við að hann verði kominn í 2,5% af landsframleiðslu í lok tímabilsins. Erlendar skuldir þjóðarbúsins aukast nokkuð vegna áhrifa mikilla fjárfestinga og aukinna neysluútgjalda heimilanna og er talið að hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu verði komið í 48,5%, eða liðlega 2% hærra en á árinu 1998. Verðbólga er talin verða svipuð og verið hefur að undanförnu, eða nálægt 2% að jafnaði á ári. Loks er gert ráð fyrir að langtímavextir lækki nokkuð og verði rétt um 4,5% að raungildi.

Efnahagsþróun 1999–2003.

Meðalbreyting á ári, %	1999	2000	2001	2002	2003
Hagvöxtur	4,6	2,8	3,5	2,4	2,5
Þjóðarútgjöld	1,5	1,9	2,6	2,6	2,5
Einkaneysla	5,0	1,9	2,5	2,2	2,2
Samneysla	3,0	2,3	2,2	2,3	2,3
Fjárfesting	-10,0	1,9	3,6	4,1	3,6
Útflutningur	8,5	3,8	4,1	3,3	3,0
Innflutningur	0,0	1,5	1,8	3,7	2,9
Laun	6,0	4,0	3,0	3,0	3,0
Verðlag	2,0	4,2	2,0	2,0	2,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	4,4	0,9	1,7	1,3	1,5
Atvinnuleysi, % af mannafla	2,6	2,5	2,5	2,7	2,7

Niðurstöður þessara framreikninga benda til þess að afkoma ríkissjóðs (tekjujöfnuður) styrkist smám saman eftir því sem líða tekur á tímabilið og í lokin, þ.e. árið 2003, er spáð um 10 milljarða króna afgangi, samanborið við tæplega 2 milljarða króna afgang samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999, hvort tveggja miðað við rekstrargrunn. Jákvæð afkoma í rekstri ríkissjóðs endurspeglast í afgangi á lánsfjárjöfnuði, sem talinn er geta numið að meðaltali um 15 milljörðum króna á ári. Samkvæmt þessum áætlunum verður unnt að lækka

heildarskuldir ríkissjóðs um nær helming frá því sem nú er, eða úr sem nemur 40% af landsframleiðslu á yfirstandandi ári í 20% árið 2003.

Þessar tölur sýna glöggt nauðsyn þess að fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum á næstu árum til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Enn fremur er rétt að hafa í huga að framreikningar af þessu tagi eru eðli máls óvissir. Til dæmis er gengið út frá því að staða efnahagsmála á alþjóðavettvangi verði áfram hagstæð, þ.e. að áhrif efnahagskreppunnar í Asíu og Rússlandi verði ekki langvinn. Jafnframt er gert ráð fyrir að viðskiptakjör okkar verði áfram hagstæð. Lakari staða alþjóðaefnahagsmála getur breytt niðurstöðum þessara framreikninga verulega til verri vegar.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998 voru birtar fyrstu niðurstöður svonefndra kynslóðareikninga fyrir Ísland. Þessum reikningum er ætlað að sýna hvað bíður komandi kynslóða í skattbyrði og ríkisútgjöldum, miðað við óbreyttar áherslur og stefnu í ríkisfjármálum. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hafði umsjón með útreikningunum í samvinnu við fjármálaráðuneytið og Þjóðhagsstofnun. Þessir reikningar munu seint leysa hefðbundnar uppgjörsaðferðir af hólmi, enda gefa þeir aðeins grófa vísbendingu um hvert stefnir í ríkisfjármálum á næstu áratugum, að gefnum tilteknum forsendum. Þeir sýna aftur á móti hvert horfir, að óbreyttri ríkisfjármálastefnu stjórnvalda, með því að draga saman í einni tölu hvað komandi kynslóðir þurfa að greiða miklu hærri skatta en núlifandi kynslóðir.

Ein helsta niðurstaða kynslóðareikninganna síðastliðið haust var að skattbyrði komandi kynslóða stefndi í að verða þriðjungi meiri en skattbyrði þeirrar kynslóðar sem fædd er árið 1995, en það var grunnár reikninganna. Til þess að jafna þennan mun milli kynslóða þyrfti að auka tekjur eða lækka útgjöld ríkisins um 4 milljarða króna. Þetta er svipuð niðurstaða og kynslóðareikningar sýndu fyrir Svíþjóð. Í Noregi er munurinn meiri, eða 53%, og sambærileg tala fyrir Bandaríkin er um 100%. Nú liggja fyrir fyrstu niðurstöður útreikninga fyrir þrjú ár í senn, þ.e. tímabilið 1994–1996. Samkvæmt þeim hefur jafnt og þétt dregið úr þessum mun. Þannig sýndu tölur fyrir árið 1996 að lítið vantaði upp á að jafnvægi ríkti milli kynslóða hvað varðar skattbyrði. Með skattalækkunum sem ákveðnar voru í tengslum við kjarasamningana á síðasta ári og koma til framkvæmda á árunum 1997–1999 má telja líklegt að jafnræði hafi náðst, þ.e. að komandi kynslóðir muni ekki þurfa að axla þyngri byrðar en þær kynslóðir sem fæddar eru á árunum 1996–1999.

Enn og aftur er ástæða til þess að ítreka að þessum niðurstöðum ber að taka með fyrirvara enda er þeim í besta falli ætlað að sýna hvert stefnir að óbreyttum áherslum í ríkisfjármálum. Engu að síður verður að telja líklegt að kynslóðareikningar sem gerðir eru með svipuðum hætti yfir tiltekið tímabil, í þessu tilviki þrjú ár, og á sömu grundvallarforsendum geti gefið vísbendingu um í hvaða átt þróunin stefnir.

Tafla 1. Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs.

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 [1]	1997 [1]	Áætlun 1998	Frumvarp 1999
Handbært fé frá rekstri[2]	**-5 996**	**-4 517**	**-12 891**	**-7 398**	**-9 698**	**-7 457**	**-9 040**	**-12 241**	**606**	**9 904**	**7 563**
Veitt stutt lán, nettó	- 889	-2 079	73	2 090	- 24	2 248	- 487	- 546	-1 249	- 400	- 400
Veitt löng lán, nettó	- 722	- 522	-1 954	-2 062	- 621	-9 477	-9 150	41	- 530	- 980	1 775
Hlutafé og stofnfjárframlög	70	- 123	- 233	- 43	- 410	- 158	- 75	- 208	- 83	- 550	- 900
Sala hlutabréfa og eignarhluta	38	71	357	238	55	73	109	246	631	6 700	7 000
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-7 499**	**-7 170**	**-14 648**	**-7 175**	**-10 698**	**-14 771**	**-18 643**	**-12 708**	**- 625**	**14 674**	**15 038**
Lántökur, nettó	**11 018**	**9 915**	**9 290**	**10 210**	**12 134**	**14 729**	**17 806**	**12 755**	**400**	**-14 700**	**-15 000**
Innlend lántaka	5 837	7 175	3 216	5 494	8 090	3 568	2 192	5 485	6 858	-	-
Ný lán	10 386	10 098	8 819	9 315	12 831	9 845	13 237	25 025	17 677	-	-
Afborganir	4 549	2 923	5 603	3 821	4 741	6 277	11 045	19 540	10 819	-	-
Erlend lántaka	5 181	2 740	6 074	4 716	4 044	11 161	15 614	7 270	-6 458	-	-
Ný lán	6 663	3 966	7 339	9 044	5 203	20 474	18 839	16 470	1 305	-	-
Afborganir	1 482	1 226	1 265	4 328	1 159	9 313	3 225	9 200	7 763	-	-
Seðlabanki Íslands	**-5 548**	**-2 031**	**- 755**	**- 776**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**- nettó**
Greiðsluafkoma	**-2 029**	**714**	**-6 113**	**2 259**	**1 436**	**- 42**	**- 837**	**47**	**- 225**	**- 26**	**38**
Hlutfall af VLF, %											
Handbært fé frá rekstri	-1,9	-1,2	-3,2	-1,9	-2,4	-1,7	-2,0	-2,5	0,1	1,7	1,2
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-2,4	-2,0	-3,7	-1,8	-2,6	-3,4	-4,1	-2,6	-0,1	2,6	2,5
Greiðsluafkoma	-0,7	0,2	-1,5	0,6	0,3	0,0	-0,2	0,0	0,0	0,0	0,0

1) Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.100 milljónir króna árið 1996 og 4.000 milljónir króna árið 1997.
2) Þessi stærð fer nálægt því að sýna afkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni eins og hann var skilgreindur í eldra uppgjöri.
Heimild: Þjóðhagsstofnun

Tafla 2. Fjármál hins opinbera árin 1989–1999.[1]

Milljónir króna á verðl. hvers árs	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Áætlun 1998	Áætlun 1999
Heildartekjur	**115 474**	**131 160**	**147 938**	**150 271**	**147 528**	**153 680**	**162 757**	**178 091**	**194 579**	**214 774**	**225 365**
1. Beinir skattar	34 475	42 966	53 151	55 112	59 584	62 690	68 040	76 319	87 213	96 311	100 195
2. Óbeinir skattar	72 152	79 152	83 943	83 714	77 009	79 004	82 373	89 811	94 878	107 204	113 637
3. Vaxtatekjur	6 727	5 728	7 324	6 827	6 794	7 014	6 803	6 784	6 621	6 598	6 631
4. Aðrar tekjur	2 120	3 313	3 518	4 619	4 141	4 973	5 541	5 177	5 867	4 661	4 902
Heildarútgjöld	**129 507**	**143 265**	**159 562**	**161 492**	**165 967**	**174 316**	**176 154**	**185 820**	**193 785**	**211 578**	**219 578**
1. Samneysla	60 341	69 989	78 157	80 375	84 818	89 424	94 080	100 358	107 303	119 548	128 996
— þar af afskriftir	1 680	2 029	2 319	2 454	2 600	2 705	2 843	3 049	3 263	3 456	3 691
2. Vaxtagjöld	11 207	12 903	14 716	14 508	15 381	16 804	18 673	17 913	17 871	18 180	17 988
3. Framleiðslustyrkir	12 835	12 953	12 320	13 225	10 504	9 607	9 492	10 054	10 194	10 329	10 474
4. Tekjutilfærslur	21 080	25 603	28 773	30 296	32 765	33 822	36 147	37 098	38 272	40 973	42 731
5. Fjármunamyndun	12 631	14 378	16 228	16 016	17 747	17 647	13 714	15 416	16 704	17 892	15 901
6. Fjármagnstilfærslur [2]	13 093	9 468	11 686	9 526	7 353	9 717	6 891	8 029	6 703	7 628	6 714
Tekjuafgangur / halli	**-14 032**	**-12 105**	**-11 624**	**-11 221**	**-18 439**	**-20 636**	**-13 396**	**-7 729**	**794**	**3 196**	**5 787**

1) Þessi tafla sýnir afkomu hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, miðað við rekstrargrunn í samræmi við þjóðhagsreikningauppgjör. Þessi uppgjörsaðferð víkur aðeins frá uppgjörsaðferð fjárlaga og ríkisreiknings. Annars vegar eru lífeyrisskuldbindingar opinberra starfsmanna ekki færðar á eitt tiltekið ár heldur dreift yfir lengri tíma. Hins vegar er hagnaður af sölu eigna ekki talinn til tekna.

2) Árið 1989 hækkuðu fjármagnstilfærslur ríkissjóðs verulega, eða um 3,5 milljarða króna, vegna yfirtöku lána orkuveitna.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 3. Hlutfallsleg skipting tekna og gjalda hins opinbera.[1]

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Áætlun 1998	Áætlun 1999
Heildartekjur	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
1. Beinir skattar	29,9	32,8	35,9	36,7	40,4	40,8	41,8	42,9	44,8	44,8	44,5
2. Óbeinir skattar	62,5	60,3	56,7	55,7	52,2	51,4	50,6	50,4	48,8	49,9	50,4
3. Vaxtatekjur	5,8	4,4	5,0	4,5	4,6	4,6	4,2	3,8	3,4	3,1	2,9
4. Aðrar tekjur	1,8	2,5	2,4	3,1	2,8	3,2	3,4	2,9	3,0	2,2	2,2
Heildarútgjöld	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
1. Samneysla	46,0	48,2	48,3	49,0	50,3	50,5	52,6	53,1	54,5	55,6	57,8
— þar af afskriftir	1,3	1,4	1,4	1,5	1,5	1,5	1,6	1,6	1,7	1,6	1,7
2. Vaxtagjöld	8,5	8,9	9,1	8,8	9,1	9,5	10,4	9,5	9,1	8,5	8,1
3. Framleiðslustyrkir	9,8	8,9	7,6	8,1	6,2	5,4	5,3	5,3	5,2	4,8	4,7
4. Tekjutilfærslur	16,1	17,6	17,8	18,5	19,4	19,1	20,2	19,6	19,4	19,1	19,1
5. Fjármunamyndun	9,6	9,9	10,0	9,8	10,5	10,0	7,7	8,2	8,5	8,3	7,1
6. Fjármagnstilfærslur [2]	10,0	6,5	7,2	5,8	4,4	5,5	3,8	4,3	3,4	3,5	3,0
Tekjuafgangur / halli	**-12,2**	**-9,2**	**-7,9**	**-7,5**	**-12,5**	**-13,4**	**-8,2**	**-4,3**	**0,4**	**1,5**	**2,6**

1) Þessi tafla sýnir afkomu hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, miðað við rekstrargrunn í samræmi við þjóðhagsreikningauppgjör. Þessi uppgjörsaðferð víkur aðeins frá uppgjörsaðferð fjárlaga og ríkisreiknings. Annars vegar eru lífeyrisskuldbindingar opinberra starfsmanna ekki færðar á eitt tiltekið ár heldur dreift yfir lengri tíma. Hins vegar er hagnaður af sölu eigna ekki talinn til tekna.

2) Árið 1989 hækkuðu fjármagnstilfærslur ríkissjóðs verulega, eða um 3,5 milljarða króna, vegna yfirtöku lána orkuveitna.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 4. Skipting ríkissjóðstekna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999	Breyting milli ára 1998–1999
1. Skatttekjur	**149.399**	**158.503**	**164.133**	**5.629**
Skattar á tekjur og hagnað	37.937	40.056	42.083	2.027
Þar af einstaklingar	30.581	32.700	34.820	2.120
Þar af lögaðilar	6.956	6.956	6.963	7
Tryggingagjöld og launaskattar	15.295	15.946	16.490	544
Eignarskattar	8.059	8.043	8.367	324
Skattar á vörur og þjónustu	87.803	94.153	96.863	2.710
Virðisaukaskattur	53.936	59.710	61.470	1.760
Vörugjöld	20.832	21.322	21.870	548
Aðrir sértækir veltuskattar	6.749	6.749	6.882	133
Bifreiðaskattar	5.360	5.445	5.720	275
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	926	926	920	-6
Aðrir skattar	305	305	330	25
2. Aðrar rekstrartekjur	**12.787**	**12.894**	**13.750**	**856**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.120	2.249	2.465	216
Vaxtatekjur	6.815	6.734	6.994	260
Neyslu- og leyfisgjöld	3.297	3.297	3.656	359
Annað	555	614	635	21
3. Sala eigna	**2.721**	**2.600**	**2.416**	**-184**
4. Fjármagnstilfærslur	**0**	**0**	**50**	**50**
5. Fjárframlög	**903**	**903**	**728**	**-175**
Heildartekjur ríkissjóðs	**165.810**	**174.900**	**181.075**	**6.176**

Tafla 5. Hagræn skipting gjalda í A-hluta.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1998	Áætlun 1998	Frumvarp 1999	Mismunur milli ára 1998–1999
Rekstrargjöld				
Laun [1]	48.070	58.970	57.997	-973
Önnur gjöld	24.625	24.885	26.183	1.298
Þjónustutekjur	-9.079	-9.055	-9.425	-370
Rekstrargjöld samtals	**63.616**	**74.800**	**74.755**	**-45**
Rekstrar- og neyslutilfærslur				
Lífeyristryggingar og félagsleg aðstoð	21.145	20.895	22.400	1.505
Sjúkratryggingar	8.643	8.743	9.040	297
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.200	5.350	5.541	191
Barnabætur	4.500	4.250	3.950	-300
Vaxtabætur	3.800	3.800	4.130	330
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.910	2.910	2.886	-24
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	2.869	3.015	3.165	150
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.727	1.677	1.810	133
Framlag til sókna og kirkjugarða	1.604	1.604	1.746	142
Ríkisútvarpið	1.530	1.530	1.545	15
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	15.203	15.226	15.439	213
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**69.131**	**69.000**	**71.652**	**2.652**
Fjármagnskostnaður	**16.200**	**15.800**	**15.300**	**-500**
Viðhald				
Vegagerðin	3.190	3.190	3.664	474
Annað	643	683	659	-24
Viðhald samtals	**3.833**	**3.873**	**4.323**	**450**
Fjárfesting				
Vegagerðin	4.199	4.199	4.494	295
Háskólar og framhaldsskólar	1.079	1.179	1.092	-87
Heilbrigðisstofnanir	1.058	1.082	883	-199
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	680	680	680	0
Hafnaframkvæmdir	536	822	659	-163
Ofanflóðasjóður	500	0	500	500
Flugvellir	433	0	485	485
Annað	4.412	6.265	4.347	-1.918
Fjárfesting samtals	**12.897**	**14.227**	**13.140**	**-1.087**
Gjöld samtals	**165.677**	**177.700**	**179.170**	**1.470**

1) Lífeyrisskuldbindingar eru hluti af launum og lækka um 4 milljarða króna á milli ára.

Tafla 6. Fjárfesting.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar [1] frá fyrra ári %		
		Áætlun	Spá		Áætlun	Spá
	1997	1998	1999	1997	1998	1999
Fjárfesting alls	**98 665**	**129 279**	**119 214**	**11,2**	**27,3**	**-10,0**
Atvinnuvegir	**62 000**	**89 000**	**75 700**	**15,6**	**40,8**	**-16,8**
Landbúnaður	2 911	2 950	3 000	9,8	-0,7	-0,5
Fiskveiðar [2]	1 764	3 700	3 500	-65,6	107,2	-6,5
Vinnsla sjávarafurða	4 181	5 200	4 500	-11,8	21,1	-14,9
Ál- og kísiljárnframleiðsla	11 120	9 500	4 000	74,5	-16,3	-58,7
Annar iðnaður	8 400	9 550	9 500	9,6	11,9	-1,6
Rafvirkjanir og rafveitur	7 785	15 500	9 000	124,9	94,0	-43,3
Hitaveitur	1 300	1 800	1 900	-0,6	32,9	2,5
Vatnsveitur	600	600	700	15,4	-4,0	13,3
Byggingarstarfsemi o.fl.	3 246	4 000	3 600	23,7	23,2	-10,9
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	5 800	8 300	9 600	20,1	37,3	12,3
Samgöngur	6 155	15 100	12 800	9,7	140,0	-18,4
Póstur, sími, útvarp og sjónvarp	2 730	4 700	5 000	-0,9	68,7	4,1
Tölvu- og skrifstofubúnaður	6 009	8 100	8 600	-0,7	34,8	5,1
Íbúðarhús	**20 780**	**22 734**	**25 014**	**5,1**	**5,0**	**7,0**
Opinberar framkvæmdir	**15 885**	**17 545**	**18 500**	**3,8**	**5,4**	**2,4**
Vegir og brýr	3 485	3 900	4 100	3,7	6,0	2,1
Götur og holræsi	3 300	3 645	3 900	11,2	4,7	3,9
Byggingar hins opinbera	9 100	10 000	10 500	1,4	5,5	2,0
Fjárfesting, sparnaður og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF, %						
Þjóðhagslegur sparnaður	16,2	15,7	15,2	-	-	-
Heildarfjárfesting	18,8	22,3	19,2	-	-	-
Birgðabreytingar	-1,0	-	-	-	-	-
Mismunur=viðskiptajöfnuður	**-1,6**	**-6,6**	**-4,0**	**-**	**-**	**-**

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar en þar er þó um óverulegar fjárhæðir að ræða á þessum árum.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 7. Opinberar framkvæmdir.

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Bráðab. 1998	Spá 1999
Opinberar framkvæmdir											
Vegir og brýr	1 728	2 290	2 602	2 641	4 442	3 982	3 546	3 268	3 485	3 900	4100
Götur og holræsi	2 221	2 565	3 373	3 156	3 290	3 548	2 690	2 700	3 300	3 645	3900
Skólar og íþróttamannvirki	2 723	2 720	2 950	3 220	4 085	4 200	3 900	4 100	4 500	5 000	5300
Sjúkrahús	1 336	1 490	1 920	1 680	1 559	1 540	1 450	1 250	1 200	1 250	1400
Félagsheimili og kirkjur	217	280	280	720	668	460	715	500	600	600	600
Aðrar byggingar hins opinbera	2 067	3 480	3 650	3 150	2 988	2 900	2 735	2 850	2 800	3 150	3200
Samtals	**10 292**	**12 825**	**14 775**	**14 567**	**17 032**	**16 630**	**15 036**	**14 668**	**15 885**	**17 545**	**18 500**
Verðlag 1998:											
Vegir og brýr	2 679	3 040	3 208	3 142	5 155	4 530	3 927	3 551	3 666	3 900	4 008
Götur og holræsi	3 443	3 406	4 158	3 755	3 818	4 037	2 979	2 934	3 472	3 645	3 812
Skólar og íþróttamannvirki	4 222	3 611	3 637	3 831	4 741	4 778	4 319	4 456	4 734	5 000	5 181
Sjúkrahús	2 071	1 978	2 367	1 999	1 809	1 752	1 606	1 358	1 262	1 250	1 369
Félagsheimili og kirkjur	336	372	345	857	775	523	792	543	631	600	587
Aðrar byggingar hins opinbera	3 205	4 620	4 500	3 748	3 468	3 299	3 029	3 097	2 946	3 150	3 128
Samtals	**15 956**	**17 028**	**18 215**	**17 331**	**19 767**	**18 920**	**16 650**	**15 940**	**16 711**	**17 545**	**18 084**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 8. Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Áætlun 1998	Spá 1999
Tekin lán	**101 662**	**119 344**	**137 530**	**166 116**	**195 569**	**213 924**	**232 585**	**239 246**	**241 168**	**233 035**	**217 858**
Seðlabanki Íslands	3 221	1 810	757	13	6	-	-	-	-	-	-
Spariskírteini	26 197	37 602	46 175	51 793	60 796	69 008	74 140	73 889	84 424	85 127	80 710
Ríkisbréf	-	76	1 257	2 487	6 012	5 563	5 768	8 366	11 258	15 968	20 368
Ríkisvíxlar	5 892	8 066	8 244	12 545	13 742	14 630	16 406	15 811	12 296	14 596	16 006
Aðrir innlendir aðilar	7 840	12 011	13 144	12 005	12 709	11 090	9 010	8 962	6 562	5 416	4 706
Erlend lán	58 512	59 779	67 953	87 273	102 304	113 633	127 261	132 218	126 628	111 928	96 068
Lánveitingar	**49 222**	**52 806**	**63 091**	**67 700**	**64 968**	**69 066**	**77 266**	**71 023**	**69 309**	**72 629**	**72 761**
Veitt lán	34 433	34 022	37 902	41 654	46 875	55 469	64 134	63 663	65 278	67 000	67 000
Lán tengd innlendu verðlagi	16 331	18 306	22 071	22 644	26 405	36 965	45 176	50 565	52 885	-	-
Gengisbundin lán	18 102	15 716	15 831	19 010	20 470	18 504	18 958	13 098	12 393	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	14 789	18 784	25 189	26 046	18 093	13 597	13 132	7 360	4 031	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**52 440**	**66 538**	**74 439**	**98 416**	**130 601**	**144 858**	**155 319**	**168 223**	**171 859**	**160 406**	**145 097**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	48,4	44,2	45,9	40,8	33,2	32,3	33,2	29,7	28,7	31,2	33,4
Hlutfall af VLF, % [2]											
Tekin lán	**31,8**	**32,4**	**34,1**	**41,6**	**47,2**	**49,0**	**51,3**	**49,1**	**45,7**	**39,1**	**33,6**
Þar af erlend lán	19,0	16,4	17,1	21,9	24,9	26,1	28,2	27,3	24,1	-	-
Veitt lán	**10,7**	**9,2**	**9,4**	**10,4**	**11,3**	**12,7**	**14,1**	**13,0**	**12,3**	**11,7**	**10,8**
Þar af gengisbundin lán	5,9	4,3	4,0	4,8	5,0	4,3	4,2	2,7	2,4	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	4,4	5,0	6,2	6,5	4,3	3,1	2,9	1,5	0,8	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**16,7**	**18,1**	**18,6**	**24,7**	**31,6**	**33,2**	**34,3**	**34,5**	**32,4**	**27,6**	**23,0**

1) Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

2) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með neysluverðsvísitölu og meðalgengi.

Tafla 9. Skuldir og kröfur opinberra aðila. [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Áætlun 1998	Spá 1999
Heildarskuldir hins opinbera	**114 734**	**134 542**	**154 183**	**185 639**	**220 084**	**245 071**	**267 611**	**274 447**	**279 130**	**272 484**	**258 214**
Innlendar skuldir	55 985	74 562	85 612	95 466	113 296	126 467	135 881	138 088	148 502	268 484	254 214
Erlendar skuldir	58 749	59 980	68 571	90 173	106 788	118 604	131 730	136 359	130 628	-	-
Kröfur hins opinbera	**59 647**	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**76 905**	**79 577**	**88 313**	**82 925**	**81 911**	**85 780**	**86 513**
Veitt lán	40 466	40 870	44 546	48 346	54 091	61 559	70 760	71 249	73 536	-	-
Skatta- og viðskiptakröfur	19 181	23 158	30 385	30 781	22 814	18 018	17 553	11 676	8 375	-	-
Hreinar skuldir hins opinbera	**55 087**	**70 514**	**79 252**	**106 512**	**143 180**	**165 494**	**179 298**	**191 522**	**197 219**	**186 704**	**171 701**
Ríkissjóður	52 440	66 537	74 439	98 417	130 602	144 858	155 390	168 224	172 256	160 406	145 097
Bæjar- og sveitarfélög	4 816	6 347	7 288	10 194	14 552	22 185	25 130	24 190	25 766	27 021	27 254
Almannatryggingar	**-2 169**	**-2 370**	**-2 475**	**-2 099**	**-1 974**	**-1 549**	**-1 222**	**- 892**	**- 803**	**- 723**	**- 650**
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1998 [2]											
Heildarskuldir hins opinbera	178 983	182 213	196 816	231 409	244 975	260 272	277 857	279 236	281 454	272 484	253 151
Hreinar skuldir hins opinbera	85 787	96 316	102 128	133 117	159 467	175 684	186 108	194 844	198 757	186 704	168 334
Hlutfall af VLF, %											
Skuldir hins opinbera	**37,2**	**36,9**	**38,8**	**46,7**	**53,5**	**56,3**	**59,3**	**56,5**	**53,2**	**46,9**	**41,5**
Innlendar skuldir	18,2	20,5	21,6	24,0	27,5	29,1	30,1	28,4	28,3	-	-
Erlendar skuldir	19,1	16,5	17,3	22,7	25,9	27,3	29,2	28,1	24,9	-	-
Kröfur hins opinbera	**19,4**	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,7**	**18,3**	**19,6**	**17,1**	**15,6**	**14,8**	**13,9**
Hreinar skuldir hins opinbera	**17,9**	**19,4**	**20,0**	**26,8**	**34,8**	**38,0**	**39,7**	**39,4**	**37,6**	**32,2**	**27,6**

1) Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar.
Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

2) Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu, en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 10. Verðlags- og launaþróun.

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Áætlun 1998	Spá 1999
Vísitölur (1980 = 100)											
Neysluvöruverðsvísitala	1 571	1 804	1 926	1 998	2 080	2 111	2 147	2 196	2 236	2 271	2 317
Byggingarvísitala	1 420	1 673	1 800	1 843	1 884	1 933	1 995	2 093	2 185	2 244	2 327
Meðalgengi	982	1 104	1 103	1 109	1 201	1 263	1 262	1 260	1 240	1 216	1 216
Verðvísitala samneyslu	1 440	1 601	1 734	1 798	1 854	1 885	1 958	2 066	2 150	2 325	2 434
Verðvísitala einkaneyslu	1 575	1 842	1 970	2 062	2 157	2 192	2 231	2 287	2 326	2 363	2 408
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	1 499	1 751	1 886	1 954	2 003	2 043	2 100	2 140	2 211	2 326	2 377
Ráðstöfunartekjur á mann	1 941	2 125	2 327	2 357	2 308	2 343	2 476	2 635	2 798	3 108	3 310
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	124	118	121	118	111	111	115	120	125	137	143
Breyting milli ára, %											
Neysluvöruverðsvísitala	21,1	14,8	6,8	3,7	4,1	1,5	1,7	2,3	1,8	1,6	2,0
Byggingarvísitala	23,1	17,8	7,6	2,4	2,2	2,6	3,2	4,9	4,4	2,7	3,7
Meðalgengi	25,7	12,4	-0,1	0,5	8,3	5,2	-0,1	-0,1	-1,6	-2,0	0,0
Verðvísitala samneyslu	15,9	11,2	8,3	3,7	3,1	1,7	3,9	5,5	4,1	8,1	4,7
Verðvísitala einkaneyslu	23,3	17,0	6,9	4,7	4,6	1,6	1,8	2,5	1,7	1,6	1,9
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	19,8	16,8	7,7	3,6	2,5	2,0	2,8	1,9	3,3	5,2	2,2
Ráðstöfunartekjur á mann	11,7	9,5	9,5	1,3	-2,1	1,5	5,7	6,4	6,2	11,1	6,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-7,8	-4,6	2,5	-2,3	-6,0	-	3,9	4,0	4,3	8,9	4,4

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 11. Þjóðhagsyfirlit.

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Bráðab. 1997	Áætlun 1998	Spá 1999
Einkaneysla	190 254	223 729	248 365	248 339	248 182	256 949	272 708	296 840	320 314	358 115	383 526
Samneysla	60 341	69 989	78 157	80 375	84 818	89 424	94 080	100 358	107 304	119 548	128 996
Fjárfesting	58 698	70 102	76 153	69 554	64 176	65 877	65 951	86 752	98 666	129 279	119 214
Neysla og fjárfesting alls	309 293	363 820	402 675	398 268	397 176	412 250	432 739	483 950	526 284	606 942	631 737
Birgðabreytingar	-8 143	-4 256	- 900	- 445	1 128	8	2 373	-1 202	-5 094	-	0
Þjóðarútgjöld alls	**301 150**	**359 564**	**401 775**	**397 823**	**398 304**	**412 258**	**435 112**	**482 748**	**521 190**	**606 942**	**631 737**
Útflutningur vöru og þjónustu	106 282	124 246	125 671	121 597	135 694	157 436	161 250	176 863	190 945	200 214	221 085
Innflutningur vöru og þjónustu	99 240	119 595	130 491	121 782	122 466	134 631	144 725	173 727	187 716	226 479	231 310
Verg landsframleiðsla	**308 192**	**364 215**	**396 955**	**397 638**	**411 532**	**435 063**	**451 637**	**485 884**	**524 419**	**580 677**	**621 511**
Verg þjóðarframleiðsla	**297 028**	**351 614**	**386 312**	**388 727**	**401 711**	**421 618**	**439 135**	**475 036**	**512 921**	**568 626**	**607 163**
Magnbreytingar milli ára, %											
Einkaneysla	-4,2	0,5	4,1	-4,5	-4,5	1,9	4,2	6,4	6,0	10,0	5,0
Samneysla	3,0	4,4	3,1	-0,8	2,3	3,7	1,3	1,4	2,6	3,0	3,0
Fjármunamyndun	-7,9	3,0	2,0	-11,3	-11,4	-1,1	-2,8	26,5	11,2	27,3	-10,0
Þjóðarútgjöld alls	-4,4	1,5	5,1	-5,3	-4,1	1,5	3,1	7,5	5,4	12,8	1,5
Útflutningur vöru og þjónustu	2,9	0,0	-5,9	-1,9	7,1	10,0	-2,1	10,0	5,6	1,5	8,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-10,3	1,0	5,7	-8,0	-8,6	4,2	3,8	16,6	8,5	22,6	0,0
Verg landsframleiðsla	**0,3**	**1,2**	**1,1**	**-3,4**	**1,0**	**3,7**	**1,0**	**5,6**	**4,4**	**5,2**	**4,6**
Verg þjóðarframleiðsla	**-0,1**	**1,2**	**1,6**	**-3,3**	**0,9**	**3,1**	**1,4**	**6,3**	**4,3**	**5,0**	**4,2**
Vergar þjóðartekjur	**-1,6**	**0,6**	**3,2**	**-4,2**	**-0,9**	**2,7**	**1,9**	**4,7**	**5,2**	**7,1**	**4,1**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 12. Greiðslujöfnuður við útlönd.

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Áætlun 1998	Spá 1999
Vöruskiptajöfnuður	**7 469**	**4 800**	**-3 079**	**-76**	**12 268**	**19 662**	**13 356**	**1 201**	**254**	**-28195**	**-13 834**
Útfluttar vörur	**80 072**	**92 452**	**91 560**	**87 833**	**94 658**	**112 655**	**116 607**	**125 690**	**131 213**	**131 687**	**145 989**
Sjávarafurðir	56 812	69 898	73 236	69 881	74 571	84 838	86 694	92 056	89 394	95 298	100 120
Ál og kísiljárn	13 317	12 017	9 841	9 710	10 619	13 523	15 746	16 468	19 066	21 651	27 584
Annað	9 943	10 537	8 483	8 242	9 468	14 294	14 167	17 166	22 753	14 738	18 285
Innfluttar vörur	**72 603**	**87 652**	**94 639**	**87 909**	**82 390**	**92 993**	**103 251**	**124 489**	**130 959**	**159 882**	**159 823**
Sérstakur vöruinnflutningur	10 828	14 047	13 107	12 237	7 086	9 441	10 219	12 609	15 392	17 801	15 292
Almennur innflutningur	61 775	73 605	81 532	75 672	75 304	83 552	93 032	111 880	115 567	142 081	144 531
Olía	5 990	8 343	7 406	7 088	7 357	7 237	6 949	9 260	9 896	9 036	9 555
Annað	55 785	65 262	74 126	68 584	67 947	76 315	86 083	102 620	105 671	133 045	134 976
Þjónustujöfnuður	**-427**	**-149**	**-2 283**	**-619**	**211**	**2 185**	**3 169**	**1 935**	**2 975**	**1 930**	**3 609**
Þjónustutekjur	26 210	31 794	33 383	33 415	40 314	43 824	44 643	51 173	59 732	68 527	75 096
Þjónustugjöld	26 637	31 943	35 666	34 034	40 103	41 639	41 474	49 238	56 757	66 597	71 487
Jöfnuður þáttatekna o.fl.	**-11 164**	**-12 401**	**-12 686**	**-11 305**	**-12 142**	**-13 462**	**-12 808**	**-11 312**	**-11 736**	**-12 317**	**-14 631**
Viðskiptajöfnuður	**-4 122**	**-7 750**	**-18 048**	**-12 000**	**337**	**8 385**	**3 717**	**-8 176**	**-8 507**	**-38 582**	**-24 856**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	-1,3	-2,1	-4,6	-3,0	0,1	1,9	0,8	-1,6	-1,6	-6,6	-4,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki Íslands.